



Mason.

No. 1.









**FORNALDAR SÖGUR**  
**NORÐRLANDA.**

**FYRSTA BINDI.**





# FORNALDAR SÖGUR NORDRLANDA


EPTIR

GÖMLUM HANDRITUM

UTGEFNAR

AF

C. C. RAFN.



---

FYRSTA BINDI.

---

---

---

KAUPMANNAHÖFN 1829.

PRENTADAR Í ENNI POPPSKU PRENTSMÍÐJU.



## F O R M Á L I.

SÖCVFLOKKR sá, af hverjum þetta it fyrsta bindi nú birtist, er tilætlað at innihalda skuli Íslenzku sögurnar, er greina frá atburðum þeim, er orðit hafa hér á Norðr- löndum, áðr enn Ísland byggist á 9du öld, eðr með öðrum orðum, fyrir tímabil það, er áreiðanligar sagnir eru frá hafðar. Hinar sögurnar, sem viðkoma seinni tímum, hefir HÍÐ KONUNGLIGA NORRÆNA FORNFRÆDA FELAG tekizt á hendr að útgefa undir nafni FORNMANNA SÖGUR OG ÍSLENDINGA SÖGUR. Enar síðartöldu, eigi þær að meta sem sannar sagnabækur, eru hinum miklu mætari. Eiga þó hinar engu að síðr skilið, að fornfræðamenn og fornaldarvinir gefi að þeim stóran gaum. Þær eru og sín á milli af ýmsum toga spunnar, því sumar eiga upp- runa sinn að telja til enna gömlu norrænu þjóðarkvæða, og geyma þær lifandi mynd af forfeðra háttum, atbún- aði og trúar hugmyndum í fornöld; sumar á annann veg, sem færðar eru í letr þá fyrst, er Íslendingar höfðu gefið sig nokkuð við útlendum æfintýrum, bera óþurt skin af athöfnum forfeðrauna og venjum aldar þeirra. Enar síðasttöldu, sem þó eru minnstr hlutinn þessa sögnflokks, helzt þær sem verða í 3ðja bindinu, eru að diktunar fegrðinni til lítils metandi, og að frásögninni að mestu leiti óáreiðanligar, en eiga samt skilið að út- gefast málsins vegna og aldrsins, er flestar eru 5 eða 6 hundruð ára gamlar. Hinar fyrirtöldu þarómót eru agætar að diktunarandanum, líka hágnýttar og til grund- vallar lagðar við skrásetning mætra sagnabóka af Norðr-

## VI

landa merkustu sagnariturum, t. d. Þormóði Torfasyni (*Torfæus*), Súlm, Schöning og Geijer. Að sönnu eru frásagnirnar um svá gamla atburði í sérhverju atriði ekki með öllu fullvissar eðr áreiðanligar, en þó munu optast skírar menjar og vitni fyrir aðalefninu, að satt sé; og en ýkjuliga meðferð, sem opt er viðhöfð í frásögninni, er samkvæm fornaldar anda, ensagan leiðir-oss fyrir sjónir styrkustu dæmi um forfeðranna skrumlausu mannkosti, storráðan drengskap og bjargskorðaða trúfesti.

Tæð ágæti, er greindum sögum er eiginligt, sem og skín það, er frá þeim berr yfir eldri bókmentir gjörvalls nyrðra hluta vorrar heimsálfu, hefir og áunnið þeim í Utlöndum marga, þá er að þeim dást og stunda þær af kappi. Meðal þjóðverskra hafa enir lærou fornfræðayðkendr *Graeter*, *Grimm* og þó öllum fremr *F. H. von der Hagen* gjört löndum sínum kunn og þeim í skaut lagt tæð fornrit; hefir og hið fræga skáld *F. de la Motte Fouqué* látið ena norrænu frömugu andagipt ávarpa apr fjarlægjar þjóðir í kappakvæðum þeim euum merku; er hann ort hefir. I formála sínum fyrir *Altnordische Lieder und Sagen* kveðr enn nafnkunni *von der Hagen* svo að orði: „Auðsæð er, hversu þessar sögur eru mikilvægar, og að þær út af fyrir sig, vegna þess frásagnarháttar, sem auðkennir þær, eru ágæt og snillilig rit, munu einkanliga Völsunga og Ragnars loðbrókar sögur sanna; báðar þær eiga saman, og eru ásamt með Hervarar sögu einhverr hinn frægasti og mætasti af norrænum kappadiktum.” I formálanum fyrir *Nordische Heldenromane*, sem innibinda þýzkar útlekkingar af sögum þessum, kveðr ennsami þýzki fræðimaðr svo að: „Gömlu fræðin föðurlands vors hafa nú algjörlega snúð stefnu sinni norðr á við, og benda með djúpsærri þýðing, eins og segulnálin, að uppruna sínum. Báðar Eddur og margar sögur eru hjá oss nýútgefnar, !og !það bæði aðaltexti og útlekking; mun og það jafnan meir og fram-

ar verða viðurkennt og kunnugt! látið, hversu nákominn en gamla norræna og en|fornþýzka kvæðasmíði er frá rötum, og það á margan hátt.” Metandi og dæmandi atkvæði um söguflokk þenna gjörvallan má finna í *P. E. Müllers Sagabibliothek, 2 Bindi*.

Utgefarinn hefir áður látið mikinn hluta þessa sögu-flokks útganga á dönsku útlagðan og kallað *Nordiske Kæmpe-Historier, eller mythiske og romantiske Sagaer, efter islandske Haandskrifter fordanskede, 1-3 Bind, Kbhavn 1821-1826, 8blf.* Utleggíngunni var bæði hér á Norðrlöndum og í Utlöndum með velvild tekið, og vann hún sér álit þeirra, er skyn báru á; hún var metin í *Dansk Literaturtidende, 1821, bls. 395-400, 1822, bls. 753-756, 1824, bls. 337-347, Literatur- og Kunstblad, 1821, bls. 1-4, 6-8, 11-12, 14-16, Tilskueren, 1821, bls. 681-694, Tilskuerne, 1822, bls. 174, Revue encyclopédique 1827, Maii, Ergänzungsblätter zur Allgemeinen Literatur-Zeitung, 1823, bls. 301-306, og í Götting. gelehrte Anzeigen, 1826, bls. 1540-1544; endar þessi enn síðastnefndi bókarðómur á þann hátt, at hvetja utgefarann til að láta aðaltexta allra þeirra sagna útgefinn, og hefir nú verið viðleitað að láta þessu framkvæmt, eins og fyrri hafði ásett verið. Ný útgáfa á dönsku útgengr nú undir nafni *NORDISKE FORTIDS SAGAER, EFTER DEN UDGIVNE ISLANDSKE ELLER GAMLE NORDISKE GRUNDSKRIFT OVERSATTE.**

I broddi fylkingar ganga hér í bindi þessu enar snotru og inndælu frásagnir um enn fræga Danakonung Hrólf kraka og ena hraustu kappa hans. Því næst fylgir sá sagnabálkr, er á fyrri öld hefir víðast gengið, og meðal vorra daga fornfræðavina er helzt að undrum hafðr, eru það frásagnirnar af Sigurði Fáfnisbana og ættmönnum hans. Í þessum menjum ennar hinnstu fornaldar lýsir sér bezt lið inndæla háleiti ennar norrænu goðafræði í hugfángandi enn þótt ógnarligum myndum. Því er svá varið, sem einhverr enn mesti listavitríngur þýzka-

## VIII

lands *J. P. F. Richter* með tilliti til *Sigurd der Sklangentödter* (Sigurðar Fáfnisbana) *de la Motte Fouqués* ferr orðum um: „Það er veldi, sem fullt er með ísaslot, frerahöf og jökla, mannfólkið þar er eikiskógr í stormviðri“; eðr einsog Síra *Gründtvig* kveðr at í formálanum fyrir ritling sínum *Opþrin af Norneris og Asers Kamp*: „Ískappar, sem ganga fram, og þegar þeir bráðna, er það sem skýafall.“ Sigurðr Fáfnisbani, er í kvennlegginn átti ætt sína til Danmerkr að rekja, er og enn frægasti meðal Þýskalands fornaldarkappa, sem um er kveðið þar ásamt hetjum þeim, er honum fylgðu, og kalláðr *Sigfrid*, í því fegrsta af Þýskalands fornkvæðum *Nibelungenlied*, sem þó er miklu ýngra og að innri umvöndun og ásigkomulagi langt á eptir Eddukvæðum vorum, sem saga þessi er upprunnin af; svo kemst og Síra *Gründtvig* að orðum á nefndum stað, til að sýna mismun á þeim og enum Þýzku diktum: „Er allt í þeim alvara, allt er dulmælt, hetjuligt og sem járnreifat; ýkja ekki skálding gömul æfintýr til skemtunar, heldr stara þeir með ógn og viðkvæmni á það eð mikla sjónarspil, er þeir afmála.“ Eptir Ragnars sögu ok sona hans, er á við þá ena, umgetnu sögu, einsog líka sögupátrinn af Norna gesti, kemr það merka brot um hinn viðfræga bardaga á Brávelli, og þá enar skáldligu fögru frásagnir um Hæðinn og Högna, ásamt Herverar sögu og Heiðreks konúngs.

Að þessu hér töldu í því skyni, að sýna mál það, er meta berr þessar sögur eptir, og þá kosti er þær að því móti hafa til að bera, skal nú greint frá reglum þeim, er við hafa verið hafðar við útgáfu þessa, og þar eptir skal geta enna eldri útgáfna og útleggínga af sögum þeim, er þetta bindi inniheldr, og loks hver handrita atfaung hafa hærvið hagnýtt verið.

Til grundvallar við útgáfuna hafa jafnan lagðar verið góðar skinnbækr, þar sem til voru, og að öðru leiti var jafnvel frá sögunni sagt í þeim og öðrum handritum;

en þegar hins vegar var, hafa beztu afskriftir á pappír, og sem hielzt báru menjar þess, að vera fyrstu afskriftir af góðum skinnbókum, til grundvallar lagðar verið. Orðamunurinn er víðast ýtarliga tekinn, þar sem fleiri góðar og gamlar skinnbækur voru til af nokkurri sögu, enn sú er prentuð var eptir, en síðr af pappírshandritunum, nema þar sem meining eða fágætu orði varðaði, eða til upplýsingar þótti um handritið; en allóvíða er þess getið, sem fjölorðara finnst stundum eða fáorðara og ómerkiligt, og ráða má víða viðbætt að vera af lágæði eðr ok vangá afskrifenda, nema stundum þar sem meiningin var eigi skýlaus; en allt er slíkt gjört með meiri umhyggju eptir því sem sögurnar eru merkari. Þar sem engin skinnbók var til, þótti réttast að taka orðamuninn nokkuð ýtarligar enn ella úr pappírshandritunum; en þegar ljósliga mátti sjá, að einhver þeirra var skrifuð eptir skinnbók eðr öðru handarriti því, er brúkað var, er þeirra að aungvu getið við samburðinn, nefnast þau samt í formálanum meðal handritanna. Helzt er lítt merktum orðamun, er finnst í eldri útgáfum sagauna, sleppt. Kapítula skiptum er haldið annathvort eptir prentuðu útgáfunum eðr handritunum, þó er þar út af brugðið, þegar ekki þótti hlýða við efnið, sem stundum var, að hafa kapítula skipti. Fyrirsögnum fyrir kapítulunum er sleppt í flestum sögum, því óvíðast eru þær í handritunum, og þegar svo berr til, sjaldan læsiligar í skinnbókunum, og eru opt ekki nema ítrekuð fyrstu orð í kap., sem seinna eru yfirmáluð. Þau einstök orð, sem stundum hafa úr gleymzt í þeim bókum, er til grundvallar hafa lagðar verið, eru án frekari athugasemda innskotið milli 2ggja strika ( ). Um rættitunina má þess geta, að hún er löguð eptir beztu skinnbókunum, þar sem þeim berr saman við aðrar góðar gamlar skinnbækur í rættitunar-mátanum og við sig sjálfar; að öðru leiti er rættitunar-

## X.

reglum þeim fylgt, er getið er í formálum Fornmanna saganna.

I þeirri uppskrift, er nú fylgir yfir handarrit þau, er hagnýtt hafa verið við útgáfu bindis þessa, er bókstafrinn, sem við sérhvert stendr meðal tveggja strika ( ), merki það, sem handritið er teiknað með í orðamuninum. Öll handritin, sem einskis annars er við getið, eru úr ARNA MAGNÚSSONAR HANDRITA SAFNI (*Bibliotheca Arna-Magnæana*) á sívala turni í Kaupmannahöfn. Eru það og allt pappírs handrit, sem ekki er annars, við getið.

1. SAGAN AF HROLFI KONUNGI KRAKA OK KÖPPUM HANS, bls. 1 - 109. Saga þessi er áðr prentuð með svenskri og látinskri útleggingu í *Björners Nordiska Kämpadater, Stockholm, 1737., Fol.*; frásögnin er og færð í letr á látínu af þormóði *Torfasyni (Torfæus)* í hans *Historia Hrolfi Krakii, Hafniæ 1705. 8*; efnið til *Öehlenschlägers Helge og Hroars Saga, Kbhavn. 1814, 1817* og til *Hrolf Krake, et Helledigt* í hans *Nye poetiske Skrifter, Kbhavn 1828, 12*, er og tekið af þessari sögu að miklu leiti.

Bækrnar, sem hagnýttar hafa verið við þessa útgáfu eru:

1. Til grundvallar er lagt pappírshandarritið Nr. 9 í arkarf. (A), sem Síra Jón Erlendsson í Villíngaholti, er ritaði fyrir Biskup Mag. *Brynjúlf Sveinsson* í Skálholti sögubækr lengstum, hefir skrifað; má þess geta hér, að handarrit, svo mörg sem hans eru, munu einhver hin áreiðanligustu og vel skrifuð, flestöll með hálfsettri skírri hendi, má það og ráða af ýmsu, að flest munu þau skrifuð eptir skinnbókum; tæð handrit mun og vera elzt þeirra er við hönd voru.

2. Nr. 41 í arkarf. (D) með fljótaskrift og hendi Síra Jóns *Gissurssonar*.

3. Nr. 12a í arkarf.; endar með Svipdagsþætti,



og tekr Nr. 12b í arkarf. þar við, sem hitt endar, bæði með látinu letri (*E*).

4. Nr. 591e í 4blf (*F*) með fljótaskrifti úr bók sem *Arni Magnússon* hefir fengið frá *Síra Olafi Gíslasyni* á *Vopnafirði*.

5. Nr. 283 í 4blf. (*G*) með settlettri.

6. Nr. 284 í 4blf. (*H*).

7. Nr. 285 í 4blf. (*I*) með hálfsettu lettri.

8. Nr. 109 í 8blf. (*K*) með hálfsettu lettri.

9. Nr. 4 í arkarf. úr *Viðbætirnum* (*Additamentis*) (*M*). Tæð handarit frá 2 til 9 líkjast mjög svo *A*, þó eru *I* og *K* helzt frábrugðin.

10. Nr. 10 í arkarf. (*C*), víkr helzt útaf með að sleppa stöku greinum, er sjá má merki til í byrjun sögunnar, hvar þess er getið, en mest mun því af gáleysi skrifarans úr sleppt.

11. *Kálfskinnsbók* í *Konungsins stóra bókasafni* (*L*), rituð af *Birni* prófasti og presti *Þorleifssyni* að *Odda* 1692, og tileinkuð *Konungi*; sleppr ýmsum atriðum, er af vangá má sjá að hafa úrfallið; nýgjörvings orð eru líka sett fyrir önnur betri, t. d. s e l s k a b f. f ö r u n e y t i, svö bókin er flestum hinum lakligri.

12. Þaraðauki var *Björners* útgáfa viðhöfð (*B*); hún ernokkuð fjölorðari sumstaðar, en það, sem er umfram hin handritin, er að öllu ómerkt og ósnjallt.

*Sögunni* þótti réttast að skipta í 7 þætti, sem og er gjört, þó *A* ekki hefði skipt nema við suma, en nú er þeim háttað einsog í *B* og *L* og fl. og fyrirsögnin er tekin úr *L*. Þess má hér og geta, að æfi *Böðvars* bjarka er líka serílagi færð í frásögn, og er svonefnd *Saga Böðvarsars bjarka* til í 2 pappírs handritum í *Arna M. handritasafni* Nr. 286 í 4blf. en hún er lítills metáudi, og mun vera daktuð eigi fyrr enn á 15du öld, bera og eigi annars merki 2 vísur, sem í henni finnast. *Björner* hefir útgefið ágríp honnar í *Kämpadátérne*.

2. BROT BJARKAMALA ENNA FORNU, bls. 110-112. Þau eru áðr prentuð með látinskri útlegg-  
 ingu í *Bartholini Antiquit. Dan., Hafniæ 1689 4to*, bls.  
 178-182, og á dönsku útlögð í *Sandvigs Danske Sange  
 af det ældste Tidsrum, Kbhavn, 1779, 8*, bls. 11, líka  
 á þýzku í *Volckslieder*, bls. 175 og flg. og í *Sämtliche  
 Werke der schönen Literat., 8 Th.*, bls. 421 af *Herder*: hefir  
 og *Stephanus* í nóttunum við *Saxa* útlagt þau. Fyrsta brotið  
 er auk þess útgefið og útlagt í öllum útgáfum Olafs sögu  
 helga í Heimskringlu, og það annað er prentað í *Resens*  
 og *Rasks* útgáfum af Snorra eddu; á látínu má það  
 kemna í *Saxa 2 bók*, og enn er útleggning á dönsku af fyrsta  
 brotinu í *Syvs Kæmpeviser, 4 Deel*, bls. 392.

Fyrstu 2 vísurnar eru úr Olafs sögu ens helga, og  
 eru teknar úr skinnbókarbroti góðu og gömlu, líkl. rituðu á  
 öndverðri 14 öld, af sögunni í Nr. 325 (7) í 4blf. (O); þar-  
 við eru samanbornar tæðar vísur úr sögunni, Kap. 220,  
 í Heimskringlu (H); ok orðamunrinn *D* og *F* er tekinn  
 þaðan. Hinar 3 vísurnar eru úr Snorra Edduskáldskapar-  
 málum; og eru teknar úr Eddu-kálfskinnsbókinni (*K*)  
 í Konungins stóra bókasafni á 32 blaði; hún er allra  
 Eddubóka ágætust; en orðamunrinn er tekinn eptir *Rasks*  
 útgáfu af *Snorra Eddu ásamt Skáldu* og þar með fylg-  
 andi ritgjörðum, *Stökkh.* 1818. 8blf. bls. 154 - 5;  
 þýðir *O Orms Eddu* í A. M. handritasafni, en *U* Upp-  
 sala Eddubók. Síðustu tvö vísubrotin eru tekin úr  
*Bartholini Ant. Dan.* á fyrirn. st., því þó hann kveði svo  
 að orði, að þau séu úr Eddu, eru þau þar nú eigi að finna,  
 að vísu eigi í þeirri enni prentuðu.

3. VÖLSUNGA SAGA, bls. 118-234. Saga  
 þessi er áðr prentuð með svenskri og látinskri útlegg-  
 ingu í *Björners Nordiska Kämpadater, Stockholm 1737*,  
 í arkarf. Texti *Björners* er aþtr prentaðr með nokkrum

agizkuðum leiðréttingum í Prof. *F. H. von der Hagens Altnordische Lieder und Sagen, welche zum Fabelkreis des Heldenbuchs und der Niebelungen gehören; Zweite Sammlung, Breslau 1814-1815, 8 blf.* 4ða bindið af hans *Nordische Heldenromane* inniheldr líka þýzka útlekking af sögunni, og hún er þar kölluð: *Volsunga Saga oder Sigurd der Fasfurstödter und die Niflungen*. Rúna-kvæði Brynhildar er á dönsku útlagt af *Abrahamson (eldra)*, og er prentað sem viðbætur aptan við *Nyerups Udsigt over Nordens ældste Poesie og dens Literatur, Kbhavn 1798, 8 blf.*; það er líka einsög allar vísurnar í sögunni prentað og útlagt í öllum útgáfunum og útlekkingunum af *Sæmundar Eddu*, og má það bæta upp með greinum úr sögunni, sem við kvæðin þar vantar, til þess efni þeirra verði skiljanligt og nái saman, einsog *Próf. Rask* hefir aðfarið í *Sæmundar Eddu*, er *Afzelius* hefir útgefið í Stokkhólmi 1818. Sjá og þá dönsku útlekking af *Prof. Finni Magnússyni: Den ældre Edda, en Samling af de nordiske Folks ældste Sagn og Sange ved Sæmund Sigfusson, 4 B., bls. 54 og flg.* Efni sögunnar hefir *Sira N. F. S. Grundtvig* farið yfir í ljóðmælum í hans *Optrin af Norners og Asers Kamp*, og *Baron de la Motte Fouqué* í hans *der Held des Nordens*.

Hagnýttar bækur við útgáfuna:

1. Til grundvallar er lögð kálfskinnsbók úr handritasafni ens konúngl. stóra bókasafns (A), skirt og allvell rituð, og að því sem ráða má af réttritun og útliti skrifuð ofarlíga á 14du eðr í byrjun 15 aldar. Biskup *Mag. Br. Sveinsson* sendi *FRIDREK DANAKONUNGI ÞRIDJA* tæða bók fyrrum, en hún týndist skömmu síðar, og fannst fyrst aptr í króki á Konstakammerinu arið 1821; er hennar ýtarligar getið í *Krákumála* útgáfu, bls. 83-84. Fylgir og þar með einsög bindi þessu eyrgráfin líking (FACSIMILE) af einni blaðsíðu bókinni, sem hefir niðrlag *Ragnars sögu loðbrókar* og upplaf *Krákumála*.

Bókin inniheldr Völsunga sögu og söguna af Ragnari Loðbrók og sonum hans, ásamt Krákumálum; Völsunga endar þar við kap. 43, og tekr Ragnars saga við með þeim kapítula, þó hann megi eptir efninu eigi viðskila verða við Völsunga sögu; má vera að þetta sé af því orðið í skinnbókinni, að þegar sá, er ritaði, bætti fyrir-sögnum kapítulanna við á eptir, hafi honum yfirsézt, hvernin ástóð efninu, þegar ekkert auðkenni var meira við söguskriptin, enn ella við hina kapítulana, er þetta þá leiðrætt í útgáfunni. Flest hin handritin, er brúkuð hafa verið, binda líka báðar sögurnar saman, og kalla strax upphaflega sögu af Ragnari Loðbrók og mörgum öðrum konúngum merkiligum, (og sonum hans, sum), og merki eru til, að öll handrit, þau sem við hafa verið höfð, séu upprunnin af skinnbókinni, því bæði er það að fyrsta blaðs innihaldið í henni, sem máð hefir verið, og líkliga einsog enn er að miklu leiti öldungis ólæsiligt, er afbakað í öllum og styttra, þó handarritin framvegis víðast fylgi skinnbókinni nákvæmliga, og líka er sumstaðar eyða í þeim fyrir því, er óglöggt var í bókfellinu, ok það hið þriðja, að orð, sem óskir eða ógreinilig eru og hafa verið í því, standa afbökud og meiníngarlaus í handritunum, t. d. í 2 kap. goðin fyrir Frigg; í 9 kap. meiníngarlaus, ok mann er heitir í liðinu fyrir ok mán hér hittast í liðinu, í 27 kap. vantar frumver; í 23 kap. í öllum hlaupa fyrir hnípa; í 35 kap. vantar fóru ok, til þess meiníng verði í, er það dauft og bundið í skinnbókinni; þessu og mörgu fleira hefir nú við ýtarligri gætni, er við var höfð, betr tekizt að lesa í bókfellinu. Mörg slík einstök, einkum þau síðast nefndu orð, er á hefir verið vilzt, eru í sjálfri skinnbókinni ógreiniliga skrifuð, og lítr svo út, sem sá, er ritaði hana, hafi sjálfir eigi getað lesið þau, og myndað þau því eptir öðrum, er fyrir honum voru; þaraf

ma því leiða, að þessi skinnbók sé afskrift af eldra bók-  
felli; er það enn því til staðfestingar, að í 32 Kap., þar  
sem þess er getið, að Guðrún fór á skóga og til Hálf-  
konungs, er á tveim stöðum í stað nafns hennar skrifað  
Grani, en það er í öðru sinni aptr leiðrétt, en í hin-  
num staðnum er því gleymt; hefir afskrifariinn þar orðið  
að lesa rángt úr G fyrst, en síðan ráðið í, hvornin lesa  
átti, af efninu, því annars gat honum eigi í hug komið,  
að láta Grana þar viðgetið. Eigi hefir leikr maðr skrif-  
að bókina, því yfir blaðsíðu einni í 30 kap. stendr  
með sömu hendi og rauðum stöfum: *dextra scriptoris be-  
nedita sit omnibus horis*. Í réttritun bókarinnar er  
það helzt afbrugðið, að víða er *h* ofaukið eptirsamhljóð-  
endr, einkum eptir *g* og *t*, t. d. Sighe, vargh, gerfi-  
lighr, hríng h, úth o. s. frv., *ea* stendr víða fyrir *ja*  
orðum, t. d. sea f. sjá og sá, seálfr. f. sjálfr; *x* stendr  
víða fyrir *ks*, t. d. í lox, Hjálprex, þó þetta, eins-  
og *z* í líðanda orðfalls endinguinni megi eigi álíta öðru-  
vis enn skammstöfun; *fu* er opt brúkað fyrir *f*, t. d.  
gerfuiligr, æfui, lifua; *æ* opt f. *e* elligar *ð*, t.  
d. bæð, f. beð, bæzt f. bezt, ræðu f. ræðu;  
*ei* opt f. *é*, t. d. leikflæk, heit f. hêt; er og víðast  
sett *g* á millum, þar sem *ja* kem eptir *y* í orði, t. d. flygja,  
deygja, meygjar, frygja, f. flýa, deyja, meyjar,  
frýa. Fyrirsagnir kap. eru skrifaðar með rauðu, en  
eru víðast máðar og ank þess ómerkar.

2. Pappírs handarritið Nr. 6 í arkarf. (H), sem  
Síra Jón Erlendsson hefir skrifað, gengr A næst, og  
er líkliga' ritað eptir henni. Ur þessu handarriti er það  
tekið í byrjun sögunnar, sem ekki varð lesið af fyrsta  
skinnbókarblaðinu.

3. Nr. 7 í arkarf. (C), með hendi Asgeirs Jóns-  
sonar, skrifara Þormóðar Torfasonar sagnaritara.

4. Nr. 1006 í arkarf. (D), úr eldra handritasafni-  
inu á Konungsins stóra bókasafni.

## XVI

5. Nr. 2 í arkarf. (E).

6. Nr. 3 í arkarf. (F).

7. Nr. 8 í arkarf. (G), með settlettri; er þar útá spáziunni orðamunr ýtarliga tekinn úr handarriti í 4blf. með hendi *Sigurðar Jónssonar á Knör*, mun það vera Nr. 281 í 4blf., þarsem orðamunrinn er því öldungis samhljóða.

8. *Björners* útgáfa (B), sem víða sleppir greinum, og er afbökun helzt að því sem óvalin og ósvinnu orð eru sett víða í stað meir vandaðra í hinum handritunum, og það mest eptir því sem á söguna líðr; en vísurnar eru allar teknar úr *Sæmundar Eddu*, og að vísu eigi úr sjálfri sögunni. Tæðri útgáfu líkjast helzt, þó lítt merk senu,

9-10 Nr. 281 í 4blf. (D) og Nr. 5 í arkarf. (K).

4. SAGA AF RAGNARI KONUNGI LODBROK OK SONUM HANS, bls. 235-299. Saga þessi er áðr prentuð og útlögð í *Björners Nordiska Kämpadater* eins og sú undanfarna; *Björners* höfuðtexti er aptr prentaðr í Prof. *F. H. von der Hagens Altnordische Sagen und Lieder, Zweite Sammlung*, og útlögð af honum í ritsafninu *Nordische Heldenromane, 5 B. Breslau 1828*. Áðr er sagan útlögð á þýzku af *Karl Viktor v. Bonstetten*, og stendr í hans *Neue Schriften, 2 Th. Kopenhagen 1800* frá bls. 201. Í *Bibliothèque universelle des Romans, à Paris 1784, 2 Vol. bls, 43* og flg. stendr æfintýri, er kallast *Regner Lodbrok*, en kemr óvíða saman við söguna. En það er þó athuganda, sem fyrir framan stendr umgetið, að það sé samhljóða handriti, er geymist í Konungsins bókasafni þar, og nefnist *Ragnars saga loðbrókar*. Nokkrum hluta sögunnar, er viðkemr *Aslaugu*, er skáldliga fyrirkomið af *de la Motte Fouqué*, og er þriði

bálkrinn í hans ágætu þrípættu *Sigurd der Schlangentödter*, *Sigurds Rache* und *Aslauga*, tilsamans kallaðri *Der Held des Nordens*. Visurnar úr sögu þessari eru áður útgefnar í *Nordiske Kæmpe-Historier*, Ic. bls. 177-252, aptan við sjálfa söguna eptir bókfellinu *A* með fleirum orðamunum, enn nú þótti þörf á aptr að ítreka; hefir nú og sumstaðar lesizt betr skinnbókin; þar voru þá hagnýttar við orðamun afskrift úr *Etatsráðs Thorlaciusar* handritasafni í 4blf. og önnur úr *Etatsráðs Kalls* safni líka í 4blf., sem nú finnast meðal handrita hans í því konúngl. stóra bókasafni, var og brúkuð *Magni Olavii Enodatio cantilenarum quarundam*, Nr. 762 í 4blf., hvarí standa 1sta, 3ðja, 4ða og 5ta vísan, sem hann með mikilri yfirlegu hefir skrifað eptir handriti, er af sliti og blettum var lítt læsiligt orðið, en sé eitthvað nýtt í orðamun þeim, er úr tölum handritum er tekinn, og ekki er hær getið, má hann sjá á greindum stað.

Bækrnar, sem hagnýttar hafa verið við útgáfuna, eru:

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin, en sama og við Völsúnga sögu, sem þar var lýst.

2-10. Bækrnar, sem um var getið við Völsúnga sögu, og þar var lýst, en engin af þeim nema *B* greina Ragnars frá Völsúnga sögu.

11. Nr. 282 í 4blf. (*L*), sem ekki inniheldr nema Ragnars sögu; bók þessi ferr mjök nærri *B*, og fremr enn nokkur önnur, en er ógreiniliga skrifuð, og *Arni Magnússon* hefir þannig lýst henni framaná: „þetta exemplar er hið versta grei.“

5. KRAKUMAL, bls. 300-310. Ekkert af enum gömlu norrænu sögukvæðum hefir jafnopt verið útgefið og prentað sem þetta, því að öllu með töldu eru til af því 30 ýmisligar prentaðar útgáfur og útleggningar á danska, látínska, þýzka, hollenzka, enska,

## XVIII

franska og ítalienska tungu. Helztu útgáfurnar eru: í *Worms Danica Litteraturā antiquissima, Hafniæ* 1636, 4blf., og aprtr 1651 í arkarf. og *Johnstones Lodbrókar Qviða, or the Deathsong of Lodbroc*, 1782, 8blf., báðar með látinskri útlekkingu og en síðari þarðauki með enskri; enn fremr útlekkingar *Sandvigs á-dönsku* í *Danske Sange af det ældste Tidsrum, Kbhvn.* 1779, 8blf. líka *F. D. Graeters* á þýzku í *Nordische Blumen* 1789, og 2ur útgáfa 1812, líka í hans *Gedichten*, bls. 291-314; og loks *W. Herberts* á ensku í *Miscellaneous Poetry*, Vol. 2. Af því ný aprtfundna skinnbókin, sem fyrr var getit, líka ýmislig handrit gáfu efni ýmissrá leiðréttinga í nýrri útgáfu kvæðisins, tók sér þessa sagnaflokks útgefari fyrir hendr að búa hana, og er hún prentuð með þessum titli: *KRAKUMÁL, sive epicedium Ragnaris Lodbroci, Regis Daniæ; Krakas Maal, eller Kvad om Kong Ragnar Lodbroks Krigsbedrifter og Heltedöd, efter en gammel Skindbog og flere hidtil ubenyttede Haandskrifter med dansk, latinsk og fransk Ouersættelse, forskjellige Læsemaader, samt kritiske og philologiske Anmærninger, Kbhvn og London* 1826, 8. Við tæða útgáfu voru vandliga hagnýtt öll handrit og útgáfur, er fengist gátu, og skal því þeim vísað þartil, er ýtarligar vilja kynna sér þetta merka kvæði; en í þessari útgáfu er eigi tekin nema helztí orðamunrinn, sem nokkurs þótti varða, og eru til þess viðhafðar auk:

1. Skinnbókarinnar, (A) sem endar í 22 vísunni, 2-7. áðrildar bækr B, C, D, E, F, H, sem kvæðið stendr í, og er niðrlagið, sem við skinnbókina vantar, tekið úr (H); þarðauki sérilagi:

8. Nr. 761 í 4blf. (M), afskrift af kvæðinu með hendi *Arna Magnússonar*.

9. Nr. 738 í 4blf., er inniheldr Eddu, eða samtök fornra æflintýra og dæmisagna, eru þarí einnig rúm-  
ar 16 fyrstu vísur kvæðisins.



10. Utgáfa kvæðisins áðrgreind af *Worm (W)*; mun hún vera einasta bókin af kvæðinu, sem við var höfð, er ekki sé kannsike upprunnin af bókfellinu *A*. Þess má hér geta, að í *B* og *W* stendr 8da vísan (eptir niðrriðuninni hér) á undan enni 7du, líka 20asta í *H*, *C*, *E*, *F*, *M*, *U*, *B*, *W* á undan enni 19du, ennfremr að bæði niðrlags stefin í 14du vísunni eru slutt í ena 20ustu í *W* og *B*, og þau tilsvarendi úr henni þángat; og loka, að 16du vísuna vantar í *A*, er henni líkliga annaðhvort gleymt, því þar stóð á blaðaskiptum, elligar hún hefir staðið í því, er farizt hefir aptanaf.

6. SÖGUPATTRAF NORNA-GESTI, bls. 311-342. Þátrr þessi er áðr prentaðr með svenskri og látínskrí útleggingu í *Björners Nordiska Kämpadater*, er og útgefinn í *Sögu Olafs konungs Tryggvasonar*, Skalh. 1689, 4blf., 2 p. bls. 132-146. Höfuðtexti *Björners* er aptr prentaðr í Prof. Fr. H. von der Hagens *Altnordische Sagen und Lieder, Zweite Sammlung*, Breslau 1815, og útlagt á þýzku í hans *Nordische Heldenromane*, 5 B., Breslau 1828. Síra *Grúndtvig* hefir snúid honum á dönsku í *Heimdal, en Nyaarsgave for 1816*.

Hagnýttar bækr við útgáfuna:

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 2845 í litlu 4rablf., úr handritasafninu á enu konungliga stóra bókasafni (*A*); hún inniheldr þaraðauki fleiri sögur af flokki þeim, er hér útgefst, sem á sínum stöðum mun við getið, og þaraðauk Bandamanna sögu, Orms þátt Stórolfs sonar og Rauðúlfs þátt. Bókin er allvel skrifuð og regluliga, en þó með skjálfandi hendi. Réttritunin er hvorki mjög gömul né heldr nýgjörvingslig, og er ekkert við hana sérligtað athuga hér, nema ef vera skyldi þat, að stundum tvöfaldast hljóðið í orðum, þótt það annars sé einfaldt, t. d. útti og útt f.úti og út. Eptir útliti bókarinnar og öðrum

rökum þikkir hún vel vera mega frá byrjun 15du aldar. Norna-Gests þáttur byrjar á fyrri síðu 15da blaðs, og endar á 21 blaðs aptari síðu; Nr. 348 í 4blf. er afskrift af þættinum eptir hér taldri bók.

2. Flateyjarbókin á enu stóra konungliga bókasafni, á 177-183 dálki (*F*), ferr nærri *A*; eptir henni eru afskriftirnar Nr. 57 og 65 í arkarf. og 567 (9) í 4blf. ritaðar.

3. Skinnbókin Nr. 309 í 4blf. (*p*), er lítt merk; þar byrjar þátturinn á 23 bls. 4ða dálki, og endar á 25 bls. 2. d., hún fylgir *F* nærri orðrætt.

4. Skinnbókin Nr. 62 í arkarf. (*S*); er brot af Olafs Tryggvasonar sögu; í henni hefst þátturinn á 29 blaðs 2ðrum dálki, og endar á 31 blaðs 3ðja dálki; og er helzt í henni nokkur merkr orðamunr, sem hinar bækrnar ekki hafa; hún er smátt, enn allvel skrifuð, og mun rituð seint á 15du öld. Í enum þrem síðast töldu bókum er þátturinn bálkr úr Olafs sögu Tryggvasonar, mun hann og svo í fyrstu ritadr, en eigi innskotið seinna, sem mörgum öðrum þáttum, í sögu hans.

5. *Björners* útgáfa (*B*); berr að mestu saman við *A*, *F* og *p*.

6. Nr. 202 *ia*, pappírshandrit með rithönd *Jóns Gissurssonar* (*G*); að líkendum er hún þó skrifuð eptir *A*, því í 6ta kap. er þar eyða í henni, sem í *A* er mjög máð, og sumar skrifvillurnar úr *A*, t. d. *Indíafjalli*, í. *Mundíafjalli* standa í henni. Af nútaldri bók er Nr. 202ið aptr afskrift.

7. ÞÁTTUR AF RAGNARS SONUM, bls. 343-360. Þátturinn er áður útgelinn ásamt þættinum af Uppléningakonungum í *Langebeks Scriptores rerum Danicarum medii ævi*, T. 2, bls. 266-286, og er þar nefndr *Fragmentum Islandicum de Regibus Dano-Norvegicis*

af *Ivare Vidfadme ad Haraldum Blaatand*; með lát-  
 inskri útleggingu af *Jóni Olafssyni* frá Svefneyjum.  
 Samg skinnbókin, Nr. 544 í 4blf. (A), sem *Langebek*  
 hefir farið eptir [og látið meðfylgja eyrgrafið prentað sýn-  
 ihorn af, er og lögð til grundvallar við þessa útgáfu  
 þáttanna; en af því þeir ekki eiga saman, sem bæði efnið  
 sýnir, og líka eru glöggar menjar um í bókfellinu, er hér  
 ætlað hinum þættinum af *Upplendinga konungum* stað í  
 2ðru bindinu, er viðvíkr fremr Noregi. Bókfellið  
 er eitthvert hið ágætasta og í eldra lagi, og er útlit og stafa-  
 setning hennar nóg rök til, að eigi sé ýngra enn frá  
 byrjun 14du aldar, þat er greiniliga og hvervetna regl-  
 uliga skrifað, og fylgir beztu bókfella rættitun, en þessa  
 má þó geta, sem helzt er afbrugðið: *æ* er brúkað fyrir *æ*  
 þar sem hljóðið er leidd af *ó*, t. d. *brœðrum*; *or*, *hon* f.  
*úr*, *hún*, endingin *o* f. *u*, *om* f. *um*; *ν* er hvervetna við-  
 haft f. *u*; fyrir *ss* er víðast skrifað *rs*, t. d. *þer si*, *ors* f.  
 þessi, *oss*; *j* er opt skotið inn milli *g* og *a*, þar sem ekkert  
 aðblástrs hljóð nú heyrir, t. d. *úvígjan* f. *úwigan*;  
*s* er brúkað í niðrlagi orða fyrir *st*, t. d. *kveðs*, *stóðs*,  
*ræðs*, *tíðs*, *f.kveðst* o. s. frv.; líka *x* fyrir *gs* og stund-  
 um *ks*, t. d. *dax*, *rixtr* f. *dags*, *rikstr*. Bókfellið er víða  
 máð af ellí, og hefir sumstaðar verið uppskirt aptr. Hjá  
*Langebek* (L) eru ýmislig orð skakkt lesin, er þeirra helztu  
 í orðamuninum viðgetið, og í niðrlagin eru púnktar  
 settir fyrir nokkur, sem eigi hefir hann framúr komizt,  
 og þó farið lengra en afskriftin, sem til er Nr. 307 í 4blf.  
 Við seinasta orðið, sem hann lesið hefir *Noregs* fyrir  
 Noregi, er við sett: *Cetera vix legi possunt*, má þar af  
 ráða, að hann einsog fleiri síðan, hafa ætlað nokkuð  
 vantaði aptan við þátt þenna; nú er það eigi, og varð  
 hvert orð loks lesið með yfirlegu, og til merkis um, að  
 þátrinn sé þar úti, má það tilfæra, að með annarri, en  
 þó jafn gamallí hendi koma strax á ofan nokkrar spár  
 á látinu um veðrlag af ársins fyrstu dögum: þannig: *Sí*

*prima feria fuerit kalendas januarii hiems bonus, ver ventuosus, estas siocca et vindemia bona, boves crescunt, et mel abundat, et vituli moriuntur. Si secunda, o. s. frv. Mitt á blaðsiðunni kemr þaræofan nokkuð um túnglkomu á íslenzku; þarnæst aptr á látínu um veðrafar.*

8. SÖGUBROT AF NOKKRUM FORNKONUNGUM I DANA OK SVIAVELDI, bls. 361-388. Brot þetta er áðr útgefið með svenskri útlekkingu af *I. F. Peringskjöld*, og kallast: *Sögubrot af nokkorum fornköngum i Dana ok Svíaveldi, eller Sagabrott handlande om några forna konungar i Sverige och Danmark samt om Brävalla-Slaget, Stockholm 1719 4blf.* Mest-an hluta brots þessa hefir Síra *N. F. S. Grúndtvig* snúið á dönsku, og kallað *Saga om Halfdans Sønner og Harald Hildetand i Dannevirke, 1 B.*, bls. 356-392. Frá-sögnin af Brávallabardaga er sérilagi prentuð með látinskri útlekkingu og skírningargreinum af *C. E. Norman* í ma-gísterdispútazíu, *Gripsvaldæ* 1815. Af sögunni er og efni dregið til ennar snotru sögu af *Samsøe*, er nefnist *Halfdans Sønner, en Fortælling i hans Efterladte digteriske Skrifter, udg. ved Rahbek 3. Opl. Kbhavn 1805 8blf., 1 B.* bls. 71-130.

Bækr þær, sem hagnýttar hafa verið, eru:

1. Til grundvallar eru lögð 6 bókfella blöð í 4blf., sem geymast meðal handritanna í arkarformi Nr. 1eß (A); eru þau brot af ágætri kálfskiunsbók, sem eigi mun seinna skrifuð enn í byrjun 14du aldar eða kannske á ofan verðri 13du öld, eptir því sem útlit og réttitun tilbenda; hún er einhver snotrlegast, greiniligast og regluligast skrifuð skinnbók af þeim, sem fyrir hafa borið á íslenzku. Til þess þykkir merki sjá mega, að hún sé eptir annarri eldri skrifuð, er það helzt á því byggt, að í 9ða kap. er eyða fyrir 2 eða 3 orðum, sem í vanta meininguna, en

skírt skrifað fyrir framan og aptan, verður þetta eigi ráðið öðruvis, enn að sá, er reit, hafi þar eigi getað lesið orð, er fyrir báru í bókinni, er eptir var skrifað, og látið því auðt standa; svo þikkir og í öðrum stað, sem hafi hann myndað eptir orð, er eigi gati hann lesið til vissu, því þar eru stafirnir ógreiniligir, er aldrei berr við ella; talið orð er Sögja, sem kannske hefir verið Kögja í eldri bókinni. Hvað mikið vantar framan við eða aptan við blöð þessi, má eigi vita; hitt er líkligt, að í miðjuna vanti eigi meir enn 2 blöð eða opnu, því bæði eru líkendi til þess af einnu, og líka eru sjaldan fleiri en 8 blöð í einu lagi samfösti skinnbókum í 4r. blf. Hjá skinnbókarblöðunum ligja nokkurjar athugasemdir með *Arna Magnussonar* hendi, sem virðast að benda til þess, að hann hefir haldið þetta brot af Skjöldunga sögu; sú er helzt merkust, að þar getr, að „Skjöldunga saga stendr í Möðruvalla klaustrs máldaga í visitatiubók Olafs Hóla biskups circa 147.” Skinnbókarbrotið hefir *Arni Magnússon* allt með eigin hendi afskrifað (Nr. 1 dá í arkarf.) svo vandliga, að aungvum bókstaf í skinnbókinni er brjáláð í handriti hans; hefir því og þessi útgáfa verið samanborin við það til ýtarligri vissu um, að bókfellið rétt væri lesið, var þess og einkum þörf á fyrri síðu fyrsta blaðs og enni síðari þess efsta, því þau eru nú bæði mjög svá leit og dauf orðin; en þar sem efi var um réttan lestur stöku orðs, er þessi í athugasemdunum viðgetið. Í réttiritun bókfells þessa er eigi allfátt nokkuð frábrugðið: t. d. æ. optast f. æ í orðum, þar sem undirstöðuorðið hefir óhljóðið, t. d. brœðr, bæði í gjaffalli í eintíli og í föllunum í fleirtíli, dœma, hœgr, kœfa, kœmi, mœtir, nafnbœtr, óhœft, sœmdar, vápnfœrr, ennfremr: fœz (fœðst) frœknir, hrœddastr, œrit, œzti (œðsti) œrnar, œrendi, og nöfnin Blœngr, Hrcœrskr slœngvandbaugi, Hrokkell, hœkja og Kœnugarðr; æ fyrir eigi; ck brúkast hvervetna f, k; hon f. lún, og ekki bundið, þoptast

## XXIV

f. ð (stúngið); líka kemr það stundum eptir *l. m. n.*, t. d. dulþu, dreymþi, ynþi, vanþi, sæmþar. Af þessu broti eru og til nokkrar aðrar afskriftir, en allar eru nokkuð umhverfðar, og þar meir, sem bókfellið er dauft: eru það:

2. Nr. 1a meðal arkarf. bóka (*B*), handrit Síra *Jóns Erlendssonar* í Villingaholti, og því frá miðri 17du öld; það ferr nokkuð næst.

3. Nr. 1b í arkarf. (*C*).

4. Nr. 1c í arkarf. (*D*).

5. Nr. 1dβ í arkarf. (*E*).

6. Nr. 1eð í arkarf. (*F*).

7. *Peringskjölds* útgáfa (*P*); mest víkr þó *P* frá orðum bókfellsins, og það einsog hinar helzt á fyrstu og síðustu máðu síðunum, og það bæði í einstöku orðum og frásögninni, þó atburðirnir séu jafnan hinir sömu; sleppa þó *P* og sum taldra handrita stundum greinum úr og afbaka nöfn gjörsamliga, t. d. *Ursína* í *P*, *E*, fyrir *Visma*, o. s. frv. En þó nú svo sé, má eigi annað vera, enn allar þessar bækur séu upprunnar af bókfelliinu *A*, þar sem allar byrja á sama stað og það, enda því nær og einnig; hafa líka allar sömu eyðu í miðri frásögninni, þar sem blöðin vanta í bókfellið. Það er eigi ætlanda, að allar þær séu afskriftir í 1sta lið af *A*, sízt sú er Síra *Jón Erlendsson* skrifað hefir, þó næst gangi hún; heldr mun það að brotið hefir opt gálausliga verið afskrifað af slíkum, er eigi hafa gefið gaum að öðru enn efninu; handrit þessi og *P* eru því einskis virði hjá *A*, og óþarfi virðtist að hruga saman öllum orðamun þeirra og því ef við einstöku vandskilin orð einungis tilfærð orðamun þeirra, sem eigi má álíta öðruvís enn tilraunar getgátur þeirra, er viðáttu, að greiða úr því, er flókið var eða vandskilið. En það má læra af þessum afbökunum, að þeir villast ærið mjög, er hefja skóggangs

sök á hendr sjálfum sögunum; af því nýgjörvings orð eða still berzt fyrir á millum í þeim.

9. SÖRLA - ÞATTR, bls. 389-407. Þáttur þessi er áður útgefinn af Rudbeck, og nefnist: *Historia duorum Regum Hedini et Hugonis, ex antiqua lingua Norvegica per D. Jonam Gudmundi in Latinam translata; opera et studio Ol. Rudbeckii, Upsal. 1697* arkarf.; er og prentaðr í Skálholts útgáfunni af Olafs sögu Tryggvasonar, 2 p. bls. 49-58. Fyrstu 2 kapit. eru einnig prentaðir, og nefnast: *Um Þrisingamen* aptan við *Rasks* útgáfu af Snorra Eddu ásamt Skáldu. Efnið til Sam-söes *Hildur, en Fortælling* í hans *Saml. Skr. 1 D. bls. 35-70*, er líka tekið úr þessum þætti.

Bækr þær, er hagnýttar hafa verið, eru:

1. Til grundvallar er lögð Flateyjarbókin (F), hvar þáttur þessi er bálkr í Olafs sögu Tryggvasonar (á 140-144 dálki), og nefnist *Sörla þáttir*; er honum þar í hnýtt, af því sagan kemr þar við Olaf konung, er einn manna hans, Ivar ljómi, gerði enda á áldögum Hæðins og Högna. Handritin Nr. 56, arkarf., og Nr. 587e í 4rblf. eru upprunnin af Flateyjarbók, og voru því eigi viðhöfð.

2. *Rudbecks* útgáfa (R), líkliga eptir ýngra handriti og litt merku, í henni eru og margar prentvillur.

10. HERVARAR SAGA OK HEIDREKS KONUNGS, bls. 409-512. og bls. 513-533. Sagan er áður útgefin með svenskri útlekkingu og mörgum skiringargreinum á látínu af O. Verelius, Upsala 1672 í arkarf.; og þárnæst með látinskri útlekkingu af *Stepháni Björnseyni* á Kammerherra *Súhms* kostnað, *Hafnia* 1785 í 4blf. Tæðrar útgáfu texti er saman settur eptir hugþotta úr mörgum handritum, sem hvert hefir sína meðferð á sögunni, þó felzt sé handritinu (A), sem síðar

nefnist, fylgt; en útgefandinn hefir auk þess umbreytt mörgu á þann hátt, sem í aungvum finnst handritanna. Eptir *Verellusar* texta hefir hófprestrinn *Afzellus* útlagt söguna að nýu á svensku, og útgefið með því, er merkast var af skiringargreinum *Verellusar* í *Stokkholm* 1811, 8blf. Prof. *Graeter* hefir fært aðalefni sögunnar í letr og kallað: *Tyrffing oder das Zwergengeschmeide i Bragur 1, 2 og 7 B.*; og Síra *Gründtvig* hefir snúið efninu á dönsku í *Idunna, en Nyaarsgave for 1811*, 8blf. Í enni svensku *Idunna 9da deild, Stakkh.* 1822 bls. 38-418, er ritlingr nokkur sögu þessari viðkomandi, er kallast: *Om Krigen på Samsö, et historiskt geographiskt Bidrag til Nordens Fornskundskab i Anledning af Hersörs sagan.* Sögukvæðin eru héraðauk utlögð á dönsku þýzku, frönsku og ítaliensku, og prentuð í ýmsum ritsöfnum.

Þækr þessar hafa hagnýttar verið við útgáfuna:

1. Til grundvallar er lagt pappírshandritið Nr. 345 í 4blf. (*A*), skrifað 1694 og með hálfsettri hendi og hvorki regluliga né greiniliga; en því var það brúkað hér, að það er fyllst allra handritanna, og eigi að málinu hinum lakara, en þó er eigi ólíklegt, að sú meðferð sögunnar, sem það inniheldr, sé af þeim eldri, sem hinar munu vera, upprunnin. Gáturarnar eru teknar úr Kaupmannafafnar útgáfunni, en í henni voru þær prentaðar eptir handriti, sem Conferentzráð *Erichsen* þá átti (*E*), en nú fekkst ekkert handrit, sem þær hafði þannig; en því voru þær hér heldr prentaðar á þann hátt, að líkendi þikkja til, að eins spúrsmáls gáturarnar enn eru víðast hvervetua í ljóðum, muni og andsvörin þannig verið hafa, mundi og traudliga ella eptir svo lánga tíma bera saman ráðningar orðunum, sem enn gerir, en ráðningar ljóðin mega eins hafa afbakast og með sum hinna hefir tilborið. Orðamunrinn, sem *A* hefir við tæðar gátur, er greiniliga tilfærðr.



2. Skinnbókin Nr. 2845 í litlu 4blf. (*M.*) í handritasafninu á enu stóra kgl. bókasafni, sem áður er lýst við Norna-Gests sögupátt. Sagan er þar á 12 síðustu bókarblöðunum, eptan við í hana vantar nokkuð, og endar hún ofarlíga í 16da kap. Inngágrinn til sögunnar, eða 4 fyrstu kap. í *A* eru í stuttu ágripi í henni, og víðast ferr hún styttra yfir enn *A*, þó bregðr og útaf því sumstaðar, holzt í 14da kap., er *M* þar fyllri að orðum og frásögn. Af þessari meðferð sögunnar eru sprottin pappírshandritin Nr. 202k og 193a í arkarf., líka 355, 359a, og 591k í 4rablf., og líkligast öll eptir tæðri skinnbók rituð, þó víða séu þau úr stað færð og afbökuð, þar sem öll enda undir eius og hún, og þóttu því eigi hér hagnýtandi.

3. Nr. 192 í arkarf. (*J*). Handarrit þetta, ritað af Síra *Jóni Erlendsyni* í Villíngaholti með settaskrift, byrjar á inngangi sama og *A* að 4ða kap., en þeirri meðferð sögunnar, sem hann er úr tekinn, hefir eigi lengra fylgt verið; þó líkligt sé að þessi meðferð sögunnar hafi öll verið *A* samhljóða, er það þó eina kannske til mótsagnar, að fyrirsögn handritsþessa er: Her varar þá t r e n n g a m l i, svo þar af mætti ráða, að Heiðreks saga hefði eigi verið þar ásamt, en líkara er að fyrirsögnin sé seinna smíðuð, og án þess að þartil sé litið. Þar sem inngangs brot þetta dettr niðr í *J*, byrjar sagan aþr með inngangi þeim, sem *M* hefir, og haldast þau handrit í hendr frameptir þángað sem *M* nær, og eru að meiníngu hvervetna og að orðum allvíðast samhljóða. En því hefir sá, er ritaði *J*, og líkliga hafði bæði *A* og *M* meðferðina af sögunni fyrir sér, sleppt *A* meðferðinni þegar inngáginum var lokið í henni, en *M* byrjuð, að sú en síðar nefnda ber með sér, að hún eldri væri, þar sem hún eigi var jafnfjölyrdt, var og kannske betra handrit fyrir af enni síðari. Orðamunarins millum *A* og *J* og *M* er helzt í byrjunni ýtarlíga getið, að lesandinn geti

gjört sér skíra hugmynd um handritin, en úr því er hans eigi getið nema þar sem miklu varðaði í atburða frásögninni. Samhljóða *J* eru handritin Nr. 203 í ark-arf. og 359b, líka 582 í 4rablf.

5. *Vereljusar* útgáfa, mun vera skyldust *J* og *M* meðferðsögunnar, en víkr þó víða frá, einkum í þeim bálkinum, er frá Örvar-Oddi segir, og virðist hún þar vera löguð eptir Örvar-Odds sögu. Orðamunrinn er víðast ómerkr, þó nógr sé. Þess má geta, að í Kaupmannahafnar útgáfunni er víða orðamunar og viðbættis í frásögninni getið af *V*, sem eigi stendr í henni.

Sú elzta og að öllu en bezta meðferð á sögunni er til í broti hennar í skinnbókinni Nr. 544 í 4blf. (*Stb.*), sem við þáttinn af Ragnars sonum var frásagt. Af því þessi meðferð sögunnar er hinum svo ólík, en skinnbókin ágæt, þótti vel verðugt, að láta brot þetta fylgja sjálfri sögunni, og er það því aptast í bindi þessu prentað orðrætt eptir skinnbókinni með smám bókstöfum. Bókfellið er mjög máð og helzt á síðustu blaðsíðunni, en þó tókst að lesa það allt. Nr. 354 í 4blf. er afskrift af tæðu sögu broti, en mörg orð eru þar ólesin.

Við útgefning þessa gjörvalla söguflökks, er einkum vegna fjölda handritanna hefir krafist mikinn og erviðissaman starfa, hefir útgefarinn notið góðrar liðveizlu af innfæddum Íslendingi, Cand. Phil. ÞORSTEINI HELGASYN. Hefir hann einnig af fyrsta bindi lagfært þau tvö próförk, en Cand. Theol. ÞORGEIR GUDMUNDSSON þá einu af öðru bindi.

Loks skal þess hér getið, að aptan við þriðja bindi söguflökks þessa, mun samið registr yfir manna og staða nöfn, er fyrir verða í öllum þrem bindum.

KAUFMANNABÖFN, þann 28da Jan. 1829.

S A G A

A F

HRÓLFI KONÚNGI KRAKA

OK

KÖPPUM HANS.



---

Hér byrjar sögu Hrólfs konúgs kraka  
ok kappá hans.

---

Fróða þátr.

---

**M**ADR hét Hálfán<sup>1</sup>, en annar Fróði, bræðr  
tveir ok konúgasynir, ok stýrði sínu ríki hvörr  
þeirra; [Hálfán konúgr var hýrr ok hægr ok  
góðlyndr, en Fróði konúgr var enn mesti rif-  
baldi<sup>2</sup>. Hálfán konúgr átti þrjú börn, tvo syni  
ok eina dóttur, hét hún Signý; hún var elzt ok  
gipt Sævil jarli<sup>3</sup>. Þetta bar til tíðinda, er synir  
hans voru þá úngir, hét annar Hróar, en annar  
Helgi; Reginn hét fóstri þeirra, ok unni hann  
sveinunum mikit. Ein ey lá þarskamt frá borg-  
inni, bjó þar í einu karl, er Vífill<sup>4</sup> hét, hann var  
aldavinr Hálfánar konúgs; hunda tvo átti  
Vífill karl, hét annar Hopp<sup>5</sup>, en annar Hó. Karl  
var gagnauðgr, ok kunni margt í fornum kvæð-  
um<sup>6</sup>, ef á hann var leitát. Nú er þar til at taka,

<sup>1</sup>) Hálfán, B, L allstaðar. <sup>2</sup>) Fróði var hýrr ok hægr, gæfr  
ok góðlyndr, þó var Hálfán enn betr skapi farinn, C. <sup>3</sup>) leiðrætt,  
þannig sem flest handritin hafa framvegis, þó öll hafi hér Sævar.  
<sup>4</sup>) þannig hvervetna B og hin; Vífill, líkligar ángt lesið úr Vífill,  
A allstaðar. <sup>5</sup>) Hopp, C, L. <sup>6</sup>) þannig, A, G; fræðum, H, J,  
B, K, L; brögðum, E; listum, C.

at Fróði konúgr sitr í ríki sínu, ok öfundar hann fastliga bróður sinn, Hálfðán konúgr<sup>1</sup>, at hann skyldi stýra Danmörk einn, en þótti sinn hluti ekki hafa orðit svá góðr; því safnar hann saman múg ok margmenn, ok heldr til Danmerkr, ok kemr þar<sup>2</sup> á [náttar þeli<sup>3</sup>, brennir þar allt ok brælr. Hálfðán konúgr kemr lítilli vörn við, er hann höndum tekinn ok drepinn, en þeir flýja, sem því viðkoma; en allr borgarmúgrinn varð at sverja trúnaðareiða Fróða konúngi, elligar [lèt hann þína þá<sup>4</sup> ýmisligum þíníngum. Reginn, fóstri Helga ok Hróars, kom þeim undán ok út í ey til Vífills karls, hörmuðu þeir mjök skaðann; sagði Reginn þá mundi fœkit í flest skjól, ef Vífill gæti eigi geymt þá fyrir Fróða konúngi. Vífill segir: hær er við ramman<sup>5</sup> reip at draga, en kvað skylda mikil til, at hjálpa sveinunum; svá tók hann við þeim, ok lèt í eitt jarðhús, ok voru þar optarst [á nætr<sup>6</sup>, en á daginn viðruðu þeir út um skógarrunna karls, því eyin var hálf skógi vaxin, [ok skiljast þeir svá við Reginn<sup>7</sup>. Reginn átti miklar eignir í Danmörk, börn ok konu, ok sá Reginn sèr eigi annat sýna, enn gánga til handa Fróða konúngi, ok sverja honum trúnaðareiða. Lagði Fróði konúgr nú allt Danmerkr ríki undir sik með sköttum ok skyldum, [gengu þar flestir.

<sup>1</sup>) sakir vinsælda ok, bætir við C. <sup>2</sup>) á mánaðar fresti ok, b. v. B. <sup>3</sup>) óvart, C. <sup>4</sup>) hótar hann þeim, C. <sup>5</sup>) róm, L. <sup>6</sup>) b. v. C. <sup>7</sup>) vantar í C.

nauðugir til, því Fróði konúgr var allra manna óvinsælastr<sup>1</sup>, ok svá líka skattgildi hann Sævil<sup>2</sup> jarl. Eptir allt þetta unnit hægist Fróða konúgr lítt, at hann finnrekkir sveinana Helga ok Hróar; setr hann nú geislung<sup>3</sup> fyrir þá á allar síður, nærri ok fjærri, [norðr ok suðr, austr ok vestr<sup>4</sup>, heitir þeim stórgjöfum, sem sér kann nokkut segja til þeirra, en þeim, sem þeim leyna, ýmisligum þíningum, ef þat verðr uppvíst, ok þikist enginn kunna at segja konúgr til þeirra. Þá lætr hann sækja völvur ok vísindamenn um allt landit, [ok lætr þá kanna landit upp ok ofan, eyjar ok útsker, ok finnast þeir eigi; ok nú lætr hann sækja galdramenn, sem eptir öllu geta rýnt því, sem þeir vilja<sup>5</sup> en þeir segja honum, at eigi munu þeir á landi<sup>6</sup> fæddir, en þó muni þeir eigi fjærri konúgrinum. Fróði konúgr segir: víða höfum vér þeirra leitast, ok þiki mér þat sízt von, at þeir séu hér nærri, en ey er [hér nálægt<sup>7</sup>, [þar er vér höfum ekki þrátt<sup>8</sup> um leitast, ok nærri engin byggð í, nema einn fátækr karl býr þar<sup>9</sup>. Leitið<sup>10</sup> þá gangat fyrst, sögðu galdramenninnir<sup>11</sup> því mikil þoka ok hulda liggur yfir eyju þeirri, ok verðr oss ekki þá gangat auðsæt um hýbýli karls þess, ok ætlum vér hann forvitra<sup>12</sup>, ok eigi

<sup>1</sup>) v. í C. <sup>2</sup>) þannig B, J, K; Sævar, A og hin. <sup>3</sup>) gistingar C, E, L; gyslingar, K. <sup>4</sup>) v. í C. <sup>5</sup>) ok kunna þeir ekki neitt til þeirra at fréttu, C. <sup>6</sup>) meginlandi, C. <sup>7</sup>) b. v. C. <sup>8</sup>) v. í C. <sup>9</sup>) sem rær til fiski, b. v. C. <sup>10</sup>) leitum, C. <sup>11</sup>) vísindameanninnir C. <sup>12</sup>) v. í C.

allan þar, hann er sèn. Konúgr sagði: þá gat skal þá enn leita, ok þiki mèt undr, at fiskikarl<sup>1</sup> einn fátækr skal halda sveina þessa, ok þora svá at halda mönnum fyrir oss.

2. Þat var einn morgin snemma, at karlinn Vífill vaknar við ok mælir: margt er kynligt á ferð [ok flug<sup>2</sup>, ok miklar fylgjur ok máttugar eru hingat komnar í eyna; standið upp Hálfðánar synir, Hróar ok Helgi, ok haldið ykkir í skógarrunnum mínum í dag! Þeir hlupu í skóginn. Nú fór þetta eptir því, sem karl gat til, at sendimenn Fróða konúgs komu á eyna, ok leita þeirra hvervetna, sem [þeim kemr í hug<sup>3</sup>, ok finna hvergi sveinana. Þeim sýnist karl vera heldr skuggaligr; fara þó í burt við svá búit, ok segja konúgi, at þeir kunni þá ekki at finna. Illa munu þer leitat hafa, segir konúgr, ok er karl þessi margkunnugr, ok farið nú í stað aptr sömu leið, svá at karl verði sízt viðbúinn [til at bregða þeim undan, ef þeir eru þar<sup>4</sup>. Þeir verða nú at gjöra svá, sem konúgr bauð, fara nú aptr í annat sinn til eyjarinnar. Karl mælti við sveinana: ekki er ykkir til setu búit, haldið til skógar semskjótast; sveinarnir gjörðu svá. Eptir þat þustu konúgsmenn at, ok báðust ransóknar, ok lætr karl allt opit fyrir þeim standa, ok finna þá hvergi um eyna, [hvar sem þeir leita<sup>5</sup>, ok fara svá aptr við svá búit, ok

1) karl, C. 2) v. í. C. 3) þeir kunna, C. 4) v. í. C. 5) né í hýbýlum karls, C.



segja konungi. Fróði konungr segir<sup>1</sup>: nú skal ekki [með laufsegli lengr fara at<sup>2</sup> við þenna karl, skal ek fara sjálf til eyjarinnar þegar á morgin; ok svá var nú gjört, at konungr fór sjálf. Karl vaknar ok heldr mæðiliga, ok sér nú enn, at skjótt muni verða til ráða at taka; hann mælti við þá bræðr: þið skuluð kánast við, ef ek kalla hátt Hopp ok Hó, hunda mína, hlaupið þá til jarðarhúss ykkar, ok hafið þat at marki, at þá mun ekki friðr kominn í eyrna, ok forðið þið ykkar þar, því Fróði, frændi ykkar, er nú sjálf í leitinni, en hann leitar eptir lífi ykkar með allskyns vígvælum ok brögðum, ok sé ek nú ekki, hvert ek mun geta haldið ykkar. Karl ferr þá til strandar, ok er þá komit konungsskipit; hann lætr sem hann sjái þat eigi, ok læzt [skima at fè sínu svá hvatliga<sup>3</sup>, at hann lítr aldrei til konungs nè manna hans. Konungr býðr mönnum sínum at handtaka karl, ok svá var gjört, ok var hann leiddr fyrir konung. Konungr mælti: þú ert mikill bragðakarl, ok mjök slæglig; segðu mér, hvar konungssynir eru, því þat veistu. Karl segir: heilir svá, herra! haldið mér ekki, því vargrinn vill rífa í sundr fè mitt. Karl kallar þá hátt: Hoppr ok Hó! hjálpið fènu, fyrst ek má ekki forða því. Konungr mælti: hvat kallar þú nú? karl segir:

<sup>1</sup>) ok lætr þá heyra hörð orð af sér, at þeir leita ekki hit glöggligasta, *b. v. B.* <sup>2</sup>) með dauðleika, i. f. at, *C*; senda sveina lengr til, *L.* <sup>3</sup>) skunda svá hart, *C.*

hundar mínir heita svá, en leiti þér nú, herra! sem yðr líkar, en ekki vænti ek þess, at konúngssynir finnist hér, ok mjök undrar mik, at þér ætlið, ek muni halda mönnum fyrir. yðr. Konúnggr sagði: þú ert víst bragðakarí, en ekki munu þeir þó í öðru hirðast mega uppfrá þessu, þótt þeir hafi hér áðr verit, ok væri makligt, at þú værir af lífi tekinn. Karl segir: þér egið [þat nú undir yðr<sup>1</sup>, hafi þér þá heldr eyrindi átt í eyrna, heldr enn at fara svá búnir. Konúnggr sagði: eigi kann<sup>2</sup> ek at láta drepa þik, en þó ætla ek, at þat sè misráðit<sup>3</sup>; ferr konúnggr nú heim við svá búit. Karl hittir nú sveinana, ok segir nú, at þeir megi eigi lengr þar vera: vil ek senda ykkir til Sævils<sup>4</sup>, mágs ykkar, ok münüð þið verða frægir menn, ef þið lifið lengi.

3. Hróar var þá 12 vetra, en Helgi 10, hann var þó þeirra meiri ok fræknari. Þeir fara nú í burt, ok nefndist annar þeirra Hamr, en annar Hraní, hvar sem þeir komu, eða fundu menn at máli. Sveinar þessir komu til Sævils jarls, ok voru þar viku, áðr enn þeir ræddu um þarvist sína við jarl; hann sagði: lítit manna-kaup ætla ek í ykkir vera, en ekki spara ek mat við ykkir um stundarsakir. Þar eru þeir um hríð, ok eru heldr ódælir; ekki verðr þat vit-at, hvaða mönnum þeir eru, eða ætt þeirra; ekki

<sup>1</sup>) nú ráð á því, C. <sup>2</sup>) nenni, B, C og hin. <sup>3</sup>) víst ráðit, at þú munir af þeim víta, C. <sup>4</sup>) þannig A, B, D, E, F, G, J, K, *hæðan af*; Sævars, C, H, *hér og framvegis*.

grunar jarl þá, enda gjöra þeir honum aung-  
 an kunnúgleika um hagi sína. Þat segja  
 sumir menn, at þeir muni með geitum vera  
 fæddir, ok dára þá, því þeir voru jafnan í kuff-  
 um, ok tóku aldrei ofan kuffshöttuna, ok ætl-  
 uðu þat margir, at þeir mundu hafa geitr; þeir  
 eru þar uppá þriðja vetr. Ok eitthvört sinn býðr  
 Fróði konúngr Sævil jarli til veizlu, ok er hon-  
 um þar helzt grunr á, at hann muni halda  
 sveinana fyrir tengda sakir. Jarl býst nú til  
 ferðar, ok er fjölmennr; sveinarnir bjóðast til  
 at fara með honum; jarl kvað þá eigi fara skyldu;  
 Signý, kona jarls, var ok íferðinni. Hamr fær  
 sér eitt ótamit [trippi at ríða<sup>1</sup>, er Helgi var  
 reyndar, hleypir nú eptir liðinu, ok horfir aptr  
 til hala, ok lætr sér alla vega heimskliga.  
 Hrani, bróðir hans, fær sér reiðskjóta annann  
 eins, ok horfir réttleiðis. Jarlinn sá nú til, at  
 þeir fara eptir sér, ok fá eigi ráðit við reiðskjót-  
 ana, hlupu flókatrippin aptr ok fram undir  
 þeim, ok rékr ofan kuffhöttinn af Hrana. Þetta  
 getr at líta Signý, systir þeirra, ok kennir hún  
 þá þegar, ok grætr mjök sárt. Jarl spyr því  
 hún gráti; hún kvað þá vísu:

Ö er orðin  
 ætt skjöldunga  
 lofðungs lundar  
 at limum<sup>2</sup> einum;  
 bræðr sá ek mína

<sup>1</sup>) hross til reiðar, D, E.    <sup>2</sup>) lytum, L.

á berum sitja,  
en Sævils rekka  
á söðluðum.

Jarl sagði: mikil tíðindi<sup>1</sup> ok lát eigi upp koma; hann reið þá aptr til þeirra, ok bað þá aptr dragast, segir mikla smán at þeim í góðra manna föruneysi<sup>2</sup>; voru þá sveinarnir báðir gángandi. En því mælti hann svá, at hann sá við, svá eigi mátti af hans orðum ráða, hvaða sveinar þeir væri. Þeir skotta nú við utan, ok vilja ekki aptr snúa at heldr, ok ríða nú í síðara lagi; koma þeir nú til veizlunnar, ok hlaupa aptr ok fram eptir höllinni; ok eitt sinn berr þá þar at, sem Signý, systir þeirra, var; hún mælti til þeirra heldr lágt: verið ekki í höllinni, því lítill er þroski (ykkarr); þeir gefa ekki gaum at því. Fróði konúgr hefr uppi þat mál, at hann vill láta leita at sonum Hálfðánar konúgs, ok segist þeim muni mikinn sóma veita, sem sèr kann at segja til þeirra. Völva ein var þar komin, sem Heiðr hèt; hana bað Fróði konúgr at neyta listar sinnar ok vita, hvat hún kynni at segja til sveinanna; gjörði hann þá gilda<sup>3</sup> veizlu í móti henni, ok setti hana á seiðhjall einn háan. Konúgr spyrr þá, hvat hún sæi til tíðinda<sup>4</sup>, því ek veit, sagði hann, at nú mun margt fyrir þik bera, ok sè ek nú mikla gæfu á þèr, ok svara mèr sem skjótast, seiðkona! Hún

<sup>1</sup>) eru þetta, *b. v. C.* <sup>2</sup>) selskap, *L.* <sup>3</sup>) mikla, *C.* <sup>4</sup>) sveinanna; *C.*

slær þá í sundr kjöptunum ok geispar mjök, ok varð henni þá ljóð á munni:

Tveir eru inni,  
trúi ek hvorugum,  
þeir er við elda  
ýtrir sitja.

Konúngr mælti: hvort eru þat sveinarnir, eða þeir, sem þeim hafa bjargat? Hún svarar:

Þeir er í Vífilsey  
voru lengi,  
ok hetu þar  
hunda nöfnum,  
Hoppr ok Hó.

Ok í því kastaði Signý til hennar gullhringi; hún varð glöð við sendinguna, ok vill nú afbregða; því varð nú svá? sagði hún, ok er þetta lygð ein, er ek segi, ok villist nú mjök spádómr minn allr. Konúngr mælti: þik skal þína til sagna<sup>1</sup>, ef þú vilt eigi þiggja hit bezta, ok veit ek nú eigi gjörr enn áðr í svá miklu fjölmenni, hvat þú segir, eða því er Signý ekki í sæti sínu, ok kann vera, at hær ráði vargar með úlfum. Konúngi var sagt, at Signý væri sjúk orðin af reyk þeim, sem af ofninum legði. Sævill jarl biðr hana sitja upp ok bera sik hraustliga, því margt kann at verða sveinunum til lífs, ef þat á til at vilja, ok láttu sem sízt finna á þær, hvat sem þær þikir, því vër megum ekki athafast at svá búnu at hjálpa þeim. Fróði

<sup>1</sup>) menn, B, C; nú, L. <sup>2</sup>) hin arma, b. v., G.

konúngr herðir nú at seiðkonu fast, ok biðr hana segja et sanna, ef hún skuli ekki þínd verða; hún gapir þá mjök, ok verðr erfiðr seiðrinn, ok nú kvað hún vísu:

Sè ek hvar sitja  
synir Hálfðánar,  
Hróar ok Helgi,  
heilir báðir;  
þeir munu Fróða  
fjörvi ræna;

- nema þeim sè fljótt fyrirfarit, en þat mun eigi verða, sagði hún; ok eptir þetta stiklar hún ofan af seiðhjallinum, ok kvað:

Ötul eru augu  
Hams ok Hrana,  
eru<sup>1</sup> öðlingar  
undra djarfir.

Eptir þat hlupu sveinarnir út, ok til skógar með mikilli hræðslu; kendi Reginn, fóstri þeirra, þá, ok þótti mikit um. En þat heilræði kendi völvan þeim, at þeir skyldu forða sér, þá hún hljóp utar eptir höllinni; ok nú biðr konúngr menn uppspretta<sup>2</sup>, ok leita eptir<sup>3</sup> þeim. Reginn slókkur nú öll ljósín í höllinni, ok heldr nú maðr á manni, því at sumir vildu, at þeir kæmust undan, ok með þetta komust þeir til skógar. Konúngr mælti: nærri gengu þeir nú, ok munu hér vera margir í ráðum [ok brögðum<sup>4</sup> með þeim, ok grimm-

<sup>1</sup>) þeir, *b. v. C.* <sup>2</sup>) uppstanda, *C.* <sup>3</sup>) at, *C.* <sup>4</sup>) *v. i. C.*

liga skal þessa hefna, þegar tóm er til; en drekka munum vér nú mega kveldlángt, því þeir munu því hafa fegnir orðit, at þeir hafa í burt komist, ok munu nú fyrst leita at forða sér. Reginn gengr at byrlamönnum, ok bar á þá ölit með ákafa ok margir aðrir með honum, vinir hans, svá at þar féll hverr um þveran annann niðr sofandi.

4. Þeir bræðr sitja nú í skóginum, sem áðr er sagt, ok er þeir höfðu verit þar um hríð, gjöra þeir at líta, at maðr ríðr þángat at þeim heiman frá höllinni; þat kenna þeir allglöggt, at þar er kominn Reginn fóstri þeirra, verða þeir honum fegnir, ok heilsa honum vel. Hann tekr ekki kveðju þeirra, en víkr hesti sínum heim aptr þaðan at höllinni; þeir undra þetta, ok ræða um með sér, hvörju þetta muni gegna. Nú snýr Reginn til þeirra hestinum í annat sinn, ok lætr ófrýnliga<sup>1)</sup>, sem þá ok þá muni hann at þeim vinna. Helgi segir: skynja þikist ek, hvat er hann vill; fór hann nú heim til hallar, en þeir eptir. Því lætr fóstri minn svá, segir Helgi, at hann vill ekki rjúfa eiða sína við Fróða konúng, ok vill því ekki við okkr mæla, en þó vill hann gjarnan hjálpa okkr. Lundr einn stóð nærri höllinni, er konúngr átti, ok sem þeir komu þar, þá mælti Reginn við sjálfan sik: ef ek ætti stórar sakir við Fróða konúng, skylda ek brenna upp lundinn; ekki mælti hann fleira.

<sup>1)</sup> ófríðliga, C, L.

Hróar mælti: hvat mun þetta? Þat vill hann, segir Helgi, at við förum heim til hallarinnar, ok berum at eld nema at einni útgaungu. Hvat munum við þat mega, úngmenni tvö, (segir Hróar), slíkt ofrefli sem fyrir er. Svá skal vera þó, sagði Helgi, ok munum við eitt-hvert sinn verða til at hætta, ef við skulum hefnt geta harma okkra; ok svá gjöra þeir. Þessu nærst er Sævill jarl útkominn ok allir hansmenn; hann mælti þá: aukum nú eldana, ok veitum lið sveinum þessum; er mér engi vandi við Fróða konúng. Fróði konúgr átti tvo smiði, er völundar voru at hagleik, ok hētu báðir Var. Reginn heimti út lið sitt at hallardyrum, vini sína ok tengdamenn.

5. Fróði konúgr vaknar nú í höllinni, ok blès við hátt ok mælti: draum hefir mik dreymdan, sveinar! ok ekki byrligan, mun ek segja yðr hann: mik dreymdi þat, at mér þótti vera kallat á oss, ok var mælt svá: nú ertú kominn heim, konúgr! ok þínir menn; ek þóttist svara ok heldr styggt<sup>2</sup>: heim hvert? þá [bar kalli<sup>3</sup> svá nærri mér, at ek hafða veðrit<sup>4</sup> af þeim, sem kallaði; heim til heljar! heim til heljar! sagði sá, sem kallaði, ok við þat vaknaði ek; ok í þessu heyra þeir utar til hallardyra, at Reginn fóstri kvað vísu:

1) þýða, b. v. C, L; skraf at skilja, b. v. B; ega, b. v. J.  
2) stutt, C. 3) var kallat, C. 4) vindstæðit.



Reginn er úti  
 ok rekkar Hálfðánar,  
 snæfir<sup>1</sup> andskotar<sup>2</sup>,  
 segið þat Fróða!  
 Var sló nagla,  
 ok Var höfðaði,  
 en var<sup>3</sup> vörum  
 varnagla sló.

Þá mæltu konungsmenn, sem inni voru, at þetta væri lítil tíðindi, þó at Reginn væri úti, eða konungssmiðir smíðuðu, hvert sem þeir gjörðu nagla eða annat smíði. Konúgr mælti: þikir yðr þetta engin tíðindi? eigi mun oss at því verða, nú mun Reginn hafa sagt oss fyrir nokkurn ótta, ok hefir hann gjört mér varúðar bendíng, ok mun hann oss slægvitr ok brögð-ótr; gengr konúgr þá til hallardyra ok sér, at ófriðr er úti fyrir, tekr þá höllin öll at loga. Fróði konúgr spyr, hverr fyrir eldinum reði. Þeir sögðu, at honum reði fyrir Helgi ok Hróar, bróðir hans. Konúgr býðr þeim sætt fyrir sik, ok bað þá eina ráða þeirra í milli, ok ferr þetta óskapliga í millum vor frænda, at hverr skal vilja vera banamaðr annars. Helgi segir: enginn má þer trúa, ok muntu okkr stór svíkja enn Hálfðán, föður minn? ok nú skaltu þess gjalda. Fróði konúgr snèri þá frá hallardyrum ok til jarðhúss munna síns, ok ætlaði svá til skógar at forða sér; ok sem hann kemr

<sup>1</sup>) snæfir, C; snæ fyrir, L. <sup>2</sup>) andskota, L. <sup>3</sup>) vær, C.

í jarðhúsit, er þar Reginn fyrir ok ekki mjök friðligr; snýr konúngr þá aptr<sup>1</sup>, ok brennr þar inni, ok margt lið með honum. Þar brann inni Sigríðr, móðir þeirra bræðra Helga ok Hróars, því hún vildi ekki útganga. Þeir bræðr þökkuðu góða liðveizlu Sævil jarli, mági sínum, ok Reginn fósttra sínum ok öllum lýð, ok gáfu mörgum góðar gjafir, ok tóku svá ríkit undir sik ok alla fjárhluti, sem Fróði konúngr hafði átt, lönd ok lausafè. Þeir voru ólíkt skapi farnir bræðr; Hróar var maðr hýrr ok hægr, en Helgi hermaðr mikill, ok þótti allt meira til hans koma, ok leið nú svá fram um hríð; ok endar hér nú Fróða þátt, en uppbyrjast frá Hróari ok Helga, Hálfðánar sonum<sup>2</sup>.

### Helga þátt.

6. KONÚNGR hét Norðri, hann ræð fyrir nokkrum<sup>3</sup> hluta Énglands, hans dóttir hét Ögn. Hróar var löngum með Norðra konúngi, honum til landvarnar ok styrktar, ok var með þeim en mesta vinátta, ok um síðir gekk Hróar at eiga Ögn, ok settist þar at ríki með Norðra konúngi, mági sínum; en Helgi ræði fyrir Danmörk á föðurleifð þeirra. Sævill jarl ræði fyrir ríki sínu ok þau Signý; Hrókr hét son þeirra. Helgi konúngr Hálfðánarsson í<sup>4</sup> Danmörk

<sup>1</sup>) ok í höllina, b. v. C. <sup>2</sup>) Illt fylgir ákafa raungun, en heill fylgir hlýðninni laungum, b. v. B. <sup>3</sup>) miklum, C. <sup>4</sup>) ræði fyrir, C.

var<sup>1</sup> ókvæntur. Reginn tók sótt ok deyr; þat þótti mönnum mikill skaði, því hann var vinsæll.

7. Fyrir Saxlandi ræð í þann tíma ein drottning, er Ólöf hét; hún var á þá leið, sem herrkonungar, fór hún með skjöld ok brynju, ok girð sverði ok hjálm á höfði; þannin var henni háttat: væn at yfirliti, en grimm í skapi ok stórmannlig; þat var mál manna, at sú væri beztr kostr í þann tíma á Norðrlöndum, er menn höfðu spurn af, en hún vildi þó öngan mann eiga. Helgi konungr frættir nú til drottningar þeirrar enu stórlátu, ok þótti sér mikill frami í aukast, at fá þessarar konu, hvort sem henni væri þat [viljugt vel eða miðr<sup>2</sup>; ok einhvörju sinni fór hann þangat með miklu herliði. Hann kom þar við land, er þessi hin ríska drottning ræði fyrir, ok kemr þar á óvart; hann sendi menn sína heim til hallar, ok biðr at láta segja Ólufu drottningu, at hann vill þar veizlu þiggja með sínu liði. Sendimenn segja þetta drottningu, ok kom þetta á hana óvart, ok var enginn kostr liði at safna; tók hún [þá þennan af, sem betr var<sup>3</sup>, at hún býðr Helga konungi til veizlu með öllu liði sínu. Helgi konungr kemr nú til veizlunnar, ok skipar háseti hjá drottningu; drekka nú bæði samt um kveldit, ok skortar þar ekki neitt, ok fann enginn ógleði á

<sup>1</sup>) mjök mikill afreksmaðr, en þá þó, *b. v. B.* <sup>2</sup>) með eða móti, *C*; v. eða ei, *J.* <sup>3</sup>) þat ráð, *C*; þ. þann einn af s. b. mátti gegna, *D*; þat til bragðs, *E.*

Olufu drottningu. Helgi konungur mælti til drottningar: svá er háttat, sagði hann, at ek vil, at við drekkum brullaup okkart í kveld, er hér nú ærit fjölmenni til þess, ok skulu við bæði byggja eina rekkju í nótt. Hún sagði: ofbrátt, herra!, þikir mér at þessu farit, en eigi þikir mér annar maðr kurteisligri enn þú, ef ekskal þat verða upp at taka, at þýðast karlmann, enda vænti ek, at þer vilit þat eigi með svívirðingu gjöra; konungur sagði, at henni væri þat makligt fyrir drámb læti sitt ok stórlæti, at við búum nú bæði saman slíka stund, sem mér líkar; hún sagði: kjósa munu' vér hér fleiri vora vini, ok get ek nú ekki atgjört, ok munu þer hljóta at ráða, ok munu þer sæmiliga til vor gjöra. Var þá drukkit fast um kveldit, ok lengi á nótt fram, ok er drottning allkát, ok finnr enginn annat á henni, enn hún hyggi allgott til ráðahagsins; ok um síðir er honum fylgt til sængr, ok var hún þar fyrir. Konungur hafði drukkit svá fast, at hann féll þegar sofandi niðr í hviluna; drottningin neytir nú þessa, ok stings honum svefnþorn; ok sem allir menn eru í burtu gengnir, þá stendr drottning upp; hún rakaði þá af honum hárit allt ok neri í tjöru, síðan tók hún eitt húðfat, ok lét þar í koma nokkr klæði; eptir þat tekr hún konunginn, ok reifar hann innanní þessu húðfati; síðan fær hún til menn, ok lætr flytja hann til

1) mundum, *hin*.

sinna skipa; hún vekr þá upp menn hans, ok segir, at konúngr þeirra sè til skipa kominn, ok vill sigla, því nú sè kominn góðr byr. Þeir hlupu upp, hverr sem skjótast mátti, ok voru ólóðir; ok vissu ógjörla, hvat þeir höfðust at; svá komu þeir til skipa, ok sáu hvergi konúnginn, en eitt húðfat sáu þeir þar komit ógurligt; vilja þeir nú forvitnast; hvat í er, ok bíða svá konúngsins, ætla hann muni koma nokkut síðarr; en þá þeir hafa leyst, finna þeir þar í konúng sinn svívirðiliga leikinn; hrytr þá í burtu svefnþorninn, ok vaknar konúngr eigi við góðan draum, ok er nú í illu skapi til drottníngar. En í annann stað er þat at segja, at Ólöf drottníng safnar liði um nóttina, ok skortar ekki fjölmenni, ok sèr Helgi konúngr sèr nú ekkert færi á [hana at leita'. Þeir heyra nú lúðragáng ok herblástr<sup>2</sup> á landit upp; sèr konúngr, at sá muni vera vænstr, at halda í burt sem skjótast, er þá ok góðr byrr; siglir Helgi konúngr nú heim í sitt ríki með þessa sneipu ok svívirðing, ok unir nú stórilla, ok hugsar opt, hvörsu hann megi fá á drottníngu hefnt.

8. Ólöf drottníng sitr nú í ríki sínu um hríð, ok hefir hennar ofsi ok ójafnaðr<sup>3</sup> aldrei verit meiri enn nú; hefir hún nú á sèr varðhöld sterka eptir veizluna, sem hún gjörði Helga konúngi. Þetta spyrst nú víða um lönd; þikir öllum hin mestu ódæmi, er hún skyldi hafa

<sup>1</sup>) sin at hefna, C. <sup>2</sup>) vopnaþrak, C. <sup>3</sup>) höfnóðr, C.

spottat slíkan konúng, Ok eigi miklu síðarr heldr Helgi [skipi sínu<sup>1</sup> úr landi, ok í þessari ferð kemr hann [skipi sínu<sup>2</sup> við Saxland, þar sem Ólöf drottning á atsetu, hefir hún þar mikit fjölmenni fyrir; hann leggur skipi sínu í einn leynivog, ok mælti síðan við lið sitt, at þeir skyldu hans þar bíða til hinnar þriðju sólar, en fara þá leið sína, ef hann kæmí þá eigi apr. Hann hafði með sér kistur tvær, fullar af gulli ok silfri; hann fær sér vandan búning yztan klæða; síðan ferr hann leið sína til skógar, ok varðveitir þar fét, gekk síðan í buft, ok í nánd við höll drottningar; hann hittir einn þræl hennar<sup>3</sup> fyrir sér, ok spyr hann tíðinda [burt úr landi. Hann segir frið góðan þrællinn<sup>4</sup>, ok spyr hverr hann væri; hann læt vera einn stafkarl, en þó hefir mér til handa borit mikill fjárfundr<sup>5</sup> í mörkinni, ok læt mér ráðligt, at sýna þér, hvar fét er; gánga nú apr til skógar, ok sýnir honum fét, ok þikir þrælnum mikils vert, hvort happ hann hefir sókt. Hvörsu fægjörn er drottning? segir stafkarl; þræll segir, hún væri kvenna fægjörnust. Þá mun henni líka, segir stafkarl, ok mun hún þikjast þetta fè eiga, er ek hefi hér fundit, því þetta mun land hennar; skal nú ekki gjöra happ sitt at óhappi, ok skal eigi

<sup>1</sup>) skipum sínum, D, E. <sup>2</sup>) v. í B, C, D. <sup>3</sup>) v. í C; er henni þjónar, B. <sup>4</sup>) úr landinu. Þrællinn segir þar frið góðan, B. <sup>5</sup>) fjársjóðr, C.

leyna fè þessu, ok skal drottning skapa mèt af þann hlut, sem hún vill, ok mun mèt þat bezt gegna, eða hvört mun hún vilja þat tilvinna, at sækja hingat fèt? þat ætla ek, segir þrællinn, ef með leynd er at farit. Hér er men ok hríngur, er ek vil gefa þér, segir karl, ef þú kemr henni einni hingat í skóginn, en ek skal setja þar ráð við, ef henni mislíkar<sup>1</sup> til þín. Þessu ráða þeir ok kaup; ferr hann nú heim, ok segir drottningu, at hann hafi fundit fè mikit í skógi, svá þat er margra manna sæla, ok biðr hana skyndiliga fara með sér eptir fènu. Hún segir: ef þetta er satt, sem þú segir, þá mun þér verða at þessari sögn gæfa, ella höfuðbani<sup>2</sup>; en þó áðr at ek hefi reynt þik at trúlyndum manni, þá mun ek trúa þessu, er þú segir. Hún sýnir nú þat, at hún sè fægjörn, ok ferr með honum á launungu á náttarþeli, svá enginn maðr veit, nema þau tvö. Ok er þau koma í skóginn, er Helgi þar fyrir, ok grípr hana höndum, ok segir þá vera skapligan fund þeirra at hefna sinnar svívirðingar. Drottning sagðist hafa illá breytt við hann, ok vil ek þat nú allt bæta við þik, ok gjörðu til mín brúðkaup sæmiligt! Nei! sagði hann, eigi skal þér þess kostur, skaltu fara til skipa með mèt, ok vera þar þá stund, sem mèt líkar, því ek nenni eigi fyrir metnaðar sakir at hefna þér öngu, svá illa sem ek var leikinn ok háðugliga. Þér

<sup>1</sup>) kann at mislíka, B.    <sup>2</sup>) höfuðskömm ok bani, B.

munuð nú ráða verða at sinni, sagði hún. Konúgr hvíldi hjá drottningu margar nætr; ok eptir þat ferr drottning heim, ok er henni nú þvílíkt hefnt, sem nú var sagt, ok unir hún stórilla við hag sinn.

9. Eptir þat heldr Helgi konúgr í her-nað, ok var ágætr maðr. Ok er stundir liðu fram fæðir Ólöf barn, þat var mæ; hún leggr á barn þat alla óstund. Hún atti hund þann, er Yrsa hét, ok þar eptir kallaði hún meyna, ok skyldi hún heita Yrsa; hún var væn at álit; ok sem hún var 12 vetra gömul, skyldi hún gæta hjarðar ok aldrei annat vitast, enn hún væri karls dóttir ok kellingar, því drottningin hafði svá leynt með þessu farit, at fáir menn vissu, at hún hafði barn átt ok fætt. Svá ferr nú fram, þartil at mærin er 13 yetra; þá varð sá atburðr, at Helgi konúgr kom (þar) við land, ok forvitnar at hafa tíðindi af landinu; hann hefir eina stafkarls gjörfi; hann sèr við skóg eimn marga hjörð, ok þar gætti ein kona úng at aldri, ok svá fríð, at hann þikist ekki hafa sèt fríðari konu; hann spýrr, hvat hún heiti, eða hverrar ættar hún sè. Hún segir: eg em karlsdóttir, ok heiti ek Yrsa. Óþræslig augu hefir þú, sagði hann, ok rennir hann þegar ástarhug til hennar, ok sagði, at þat væri makligt, at stafkarl ætti hana, fyrst hún er karls dóttir. Hún bað hann þat eigi gjöra, en

<sup>1)</sup> ok skyldi hann eiga hana, *b. v. B.*



hann tekr hana [sem áðr<sup>1</sup>, ok hefr sik<sup>2</sup> til skipa, ok siglir síðan heim í sitt ríki. Ólöf drottning varð flaráð<sup>3</sup> við þetta, ok eigi heilbrjóstuð, þá er hún vissi; lét hún sem hún vissi<sup>4</sup> hvat um var, ok gjörði þat í hug sér, at þetta mundi [Helga konungi vera<sup>5</sup> til harms ok svivirðingar, en til einskis frama nè yndis. Helgi konungr gjörir nú brullaup til Yrsu, ok ann henni mikit.

10. Helgi konungr átti hríng, er mikil ágæti fylgdi, ok þeir bræðr vildu hann báðir eiga, ok Signý, systir þeirra. Hróar konungr kom eitt sinn í ríki Helga konungs, bróður síns; gjörir Helgi konungr prýðiliga veizlu í móti honum. Hróar konungr mælti: þú munt vera okkarr meiri maðr, en fyrir þá sök, at ek hefi staðfest mik í Nordimbralandi<sup>6</sup>, þá ann ek þer vel þessa ríkis, er við egum báðir, ef þú vilt miðla mér nokkru lausafè; vil ek fá hrínginn þann, sem beztr gripr er í þinni eigu, ok við vildum báðir eiga. Helgi sagði: eigi sómir annat, frændi! enn þú egir hrínginn víst. Við þessi ummæli [þeirra gleðjast báðir, fèkk Helgi konungr Hróar konungi, bróður sínum, nú hrínginn<sup>7</sup>; ferr nú Hróar konungr á burt ok heim í ríki sitt, ok sezt um kyrt.

11. Þat bar til tíðinda, at Sævill, mágr

<sup>1</sup>) þó, B. <sup>2</sup>) hana, B; með sér, C. <sup>3</sup>) þannig hin; flaráð, A. <sup>4</sup>) ekki, b. v. B, C, D, F, J. <sup>5</sup>) Helgi konungr verit hafa, B, D; Helgi k. v. hafa henni; F. <sup>6</sup>) Norðumbralandi, hér og framvegi C; Norðrlöndum, L. <sup>7</sup>) þannig B; þá A og hin.

þeirra andaðist, ok tók Hrókr, sonr hans, ríki eptir hann; hann var grimmr maðr ok harðla ágjarn. Móðir hans segir honum mikit frá hríngnum, er þeir bræðr áttu, ok þótti mæ, sagði hún, ekki ósannligt, at þeir bræðr minntust okkarr um nokkut ríki, því vèr studdum þá í hefndum eptir föður vorn, ok hafa þeir ekki minnst þess við föður þinn nè mik. Hrókr sagði: þú segir dagsanna, ok er slíkt fyrnafullt, ok nú skal ek eptirleita við þá, hvörn sóma vorn þeir vilja gjöra þar fyrir. Ferr hann síðan á fund Helga konúngs, ok krefr hann þriðjúng ríkis í Danmörk eða hríngsins góða, því hann vissi þá ekki, at Hróar átti hann. Konúngr sagði: þèr mælið allfrekliga til ok geisistórliga; unnu vèr ríkit með hetjuskap, svá at vèr lögðum vort líf í veð, með atstuðning föður þíns ok Regins fóstra míns, ok annarra góðra manna, er oss vildu lið veita; nú viljum vèr þèr víst laun á gjöra, ef þú kannt at þekkjast, vegna frændsemi okkrar, en svá mikit hefir mik kostat ríki þetta, at þat vil ek fyrir öngan mun missa; en Hróar konúngr hefir nú tekit við hríngnum, ok vænti ek, at hann sè ekki lauss fyrir þèr. Við þetta ferr Hrókr í burt, ok unir allilla við, sækir nú á fund Hróars konúngs; hann tók við honum vel ok sæmiliga, ok er hann með honum um hríð. Ok eitt sinn, er þeir fara fyrir land fram, ok láu á firði einum, þá mælti Hrókr: þat þætti mæ þèr sómi, frændi! at þú gæfir í

mitt vald hrínginn góða, ok minntist svá vorrar frændsemi. Konúgr sagði: svá hef ek mikit tilgefit, at fá hríng þenna, at ek vil hann fyrir öngan mun láta. Hrókr segir: þá munt þú lofa mér at sjá hrínginn, ok er mér á honum en mesta forvitni, at vita, hvort hann er slik gerssemi, sem sagt er. Þat er þer lítil veizla, segir Hróar, ok skal þat víst láta eptir þer, ok fèkk honum hrínginn. Nú hugði Hrókr at hríngnum um stund, ok kallaði ekki mega ofsögn frásegja, ok hef ek önga gerssemi sèna slíka, ok er þat en mesta vorkunn, at ykk þiki allgóðr hrínginn; mun þat nú bezt ráð, at hvörgi okkarr njóti, ok enginn annarra; fleygir síðan af hendi hríngnum ok útá sjóinn, sem lengst mátti hann. Hróar konúgr mælti: þú ert allillr maðr; hann lét síðan fóthögga Hrók, ok flytja svá til ríkis síns; varð hann skjótt heill maðr, svá at grèri fyrir stúfinn; þá safnar hann sèr liði, ok vill hefna sinnar skammar; hann fær mikit lið ok kemr við Norðimbraland' á óvart, þar sem Hróar konúgr var á veizlu, heldr fámenntr. Hrókr leggr þegar at, ok tókst þar harðr bardagi, ok er mikill liðsmunr, fellr þar Hróar konúgr, en Hrókr leggr undir sik landit; hann lætr gefa sèr konúgsnafn; síðan bað hann Agnar, dóttur Norðra konúgs, er áðr hafði átt Hróar konúgr, frændi hans. Norðra konúgi þótti nú fallit til sín mikit vankvæði, því hann var

1) land, L.

Þá maðr gamall, ok lítt [fallinn til at vera í baráttu'; sagði nú Ögn, dóttur sinni, hvar kom-  
it var, ok læzt eigi vilja teljast undan at halda  
uppi bardaga, þótt hann væri gamall, ef þetta  
væri eigi á móti hennar skapi. Hún sagði með  
harmi miklum: víst er þetta í móti mínum vilja,  
en þó ek sè, at líf þitt liggr við, þá vil ek  
honum eigi frávísa með því móti, at frest sè gjört  
nokkurt, því ek er með barni, ok verðr þat  
mál fyrst at greiðast, ok á þat barn með mēr  
Hróar konúgr. Nú er þetta mál borit fyrir  
Hrók, en hann vill frestit tilgefa, ef hann  
skal þá auðvellingar komast at ríki ok ráðahagn-  
um; þikist Hrókr hafa mjök frámast í þessari  
ferð, er hann hefði feldan svá frægan konúgr,  
ok ríkan unnit<sup>2</sup>. En í þessum svifum sendi  
Ögn menn á fund Helga konúngs, ok bað svá  
at láta segja honum, at hún mundi eigi koma í  
rekkju Hróks, ef hún væri sjálfráð ok ónauðug,  
fyrir þá sök, at ek er með barni Hróars kon-  
úngs. Sendimenn fóru, ok sögðu svá, sem boðit  
var. Helgi konúgr sagði: þetta er vitrliga sagt  
hennar vegna, því hefna mun ek Hróars bróð-  
ur míns; en Hrók grunar þetta ekki.

12. Ögn drottning fæðir nú son þann, er  
Agnar hét, hann var snemma mikill ok efni-  
ligr. En er Helgi konúgr spurði þetta, safn-

<sup>1</sup>) fær til bardaga, C; fallinn eðr fær til at vera í bardaga,  
eðr baráttu, B. <sup>2</sup>) v. í B, C, K.

ar hann liði, ok ferr á fund Hróars; tekst þar bardagi, ok svá lýkr, at Hrókr verðr handtekinn. Þá mælti Helgi konúgr: Þú ert allillr höfðingi! en því [mun ek eigi drepa þik, at þer er meiri skömm at lifa við harmkvæli<sup>2</sup>; síðan lét hann brjóta fótleggi hans ok handleggi, ok sendi hann svá aptr í ríki sitt, at hann var til einskis færr. En er Agnar Hróarsson var 12 vetra, þóttust menn ekki hafa sèt þvílíkan mann, ok um alla atgjörfi var hann fram yfir aðra menn; hann gjörðist hermaðr svá mikill ok frægr, at hans er víða getit í fornum sögum, at hann hafi mestr kappi verit at fornu ok nýu. Hann spurðist eptir, hvar fjörðr sá væri, sem Hrókr hafði slengt hríngnum utanborðs; margir höfðu eptir honum leitast með allskonar vígvælum ok náðu honum eigi. Ok svá er sagt, at Agnar kemr skipi sínu á þenna fjörð, ok mælti: Þat væri nú snarræði at sækja eptir hríngnum, ef menn hafa hér glögg mið á; menn sögðu honum þá, hvar honum hefði verit á sjóinn kastat. Síðan býr Agnar sik til, ok [kafar í djúpit<sup>3</sup>, ok kemr upp ok hefir eigi hrínginn; ofan fór hann (annat sinn, ok hefir eigi náð honum, [er hann kemr upp<sup>4</sup>; nú mælti hann: slagliga<sup>5</sup> er nú eptirsókt, ok fór svá niðr í þriðja sinn, ok kom þá upp með hrínginn; af þessu varð hann ágætliga frægr, ok

<sup>1</sup>) nenni ek ekki at, B. <sup>2</sup>) ok örkumsl, enn at deya, b. v. B.

<sup>3</sup>) sækir í djúpit, eðr kafaði, B. <sup>4</sup>) b. v. B. <sup>5</sup>) slægliga, C; slæmliga, B; slæmliga, D, E, L.

frægri enn hans faðir, Hróar konúgr; sátr nú í ríki sínu um vetrum, en í víkingu á sumrin, ok gjörðist frægr maðr, ok meiri enn hans faðir. Þau (Helgi konúgr ok) Yrsa unnust mikit, ok áttu einn son, þann er Hrólfur hét, er mikill mætamaðr varð síðan.

13. Ólöf drottning spyr, at þau Helgi ok Yrsa unntust mikit, ok una vel ráði sínu; þat líkar henni ekki vel<sup>1</sup>, ok ferr á fund þeirra; ok sem hún kom þar við land, sendir hún orð Yrsu drottningu; ok sem þær hittast, býðr Yrsa henni heim til hallar með sér; hún kveðst þat eigi vilja, kveðst öngan sóma eiga at launa Helga konúgi. Yrsa mælti: óvirðugliga gjörðir þú til mín, er ek var með þær, eða kanntu nokkut at segja mér frá ætt minni, hvör hún er? Því mik grunar, at eigi sé svá, sem mér er tilkennt, at ek væri ein karls dóttir ok kellingar. Ólöf sagði: ekki er þess örvænt, at ek kunni<sup>2</sup> at segja þær nokkut þar af, var þat mitt mesta erindi hingat, at ek vildi kunn-gjöra þær þat, eða unir þú vel við ráðahaginn? Já, segir hún, ok má ek vel viðuna, því ek á enn ágætasta konúg ok enn frægasta. Ekki er svá gott við at una, sem þær þikir, segir Ólöf, því hann er faðir þinn, en þú ert dóttir mín. Yrsa mælti: mína ætla ek móðurina versta vera ok grimmasta, því þetta eru þau ódæmi, er eigi munu fyrnast um aldr. Helga hefir þú goldit

<sup>1</sup>) stórálla, C. <sup>2</sup>) eigi, b. v. C.

at í þessu, segir Ólöf, ok reiði minnar, en nú vil ek bjóða þér til mín með sæmd og virðingu, ok gjöra til þín í alla staði eptir því, sem ek kann bezt. Yrsa segir: eigi veit ek hvornin þat gefst, en eigi mun ek hér vera, þegar ek veit þessi ódæmi sem áliggja; hún hittir síðan Helga konúng, ok segir honum, hvörsu þungliga er tilkomit. Konúngur sagði: ærit grimma áttu móðurina, en þat vilda ek, at svá búit væri; hún kvað ekki svá búit vera mega, at þau sèu samvistum þaðan ífrá. Ferr Yrsa nú með Ólufu drottníngu, ok er í Saxlandi um hríð. Svá bítr þetta á Helga konúng, at hann lagðist í rekkju, ok var allókátr. Ekki þótti þá annar kostur betri enn þat, sem Yrsa var, en þó gjörðust konúngar seint til at biðja hennar, ok bar þat mest til, at aldrei þótti örvænt, (at) Helgi kæmi eptir henni, ok lèti sèr misþóknast, ef hún væri gipt öðrum.

14. Aðels hét konúngur, ríkr ok ágjarn, hann reði fyrir Svíaríki, ok sat at höfuðborginni Uppsölum; hann spyr til þessarar konu Yrsu, ok býr síðan skip sín; hann ferr á fund þeirra Ólufar ok Yrsu. Ólöf gjörir veizlu í móti Aðels konúngi, ok tekr við honum með allri list ok kurteisi<sup>1</sup>; hann biðr Yrsu drottníngar sèr til eginkonu. Ólöf svarar: spurt muntu hafa slíkan málavöxt, sem er á hag hennar, en ekki [setjum vèr hér syn<sup>2</sup> fyrir, með hennar ráði. Er nú mál-

<sup>1</sup>) blíðu, C. <sup>2</sup>) sitjum vèr hér nú, C; setjum v. h. nei, E.

it borit upp fyrir Yrsu; hún sagði svá: kallaði [eigi góðu<sup>1</sup> at skipta, því þú ert óvinsæll<sup>2</sup> konúngr. Þetta gengr þó fram, hvort sem hún hefir haft þar um orð fleiri eða færri, ok ferr Aðels í burt með hana, ok er ekki at þessu kvaddr Helgi konúngr, því Aðels þóttist þeirra meiri konúngr. Ekki varð Helgi konúngr varr við þetta, fyrr enn þau koma heim til Svíþjóðar; gjörir þá Aðels konúngr virðugligt brullaup til hennar. Ok nú spyr Helgi konúngr þetta, ok verðr nú við hálfu verr, enn áðr; hann hvílir í einni útskemmu ok ekki fleiri manna; Ólöf er nú burt úr sögunni; þannin ferr nú fram um hrið.

15. En einn jólaaptan er þess getit, þá Helgi konúngr er kominn í rekkju, ok var veðr illt úti, at komit var við hurðina, ok heldr ómátuliga; honum kom nú í hug, at þat væri ókonúngligt, at hann lèti þat úti, sem vesalt var, en hann má bjarga því; ferr hann nú ok lýkr upp dyrunum; hann sèr, at þar er komit eitt-hvat, fátækt ok tötrugt; þat mælti: vel hefir þú nú gjört, konúngr! ok ferr þat síðan inní skemmu. Konúngr mælti: ber á þik hálm ok bjarnfeldi<sup>3</sup>, svá at þik kali eigi. Þat mælti: veittu mér rekkju þína, herra! ok vil ek hjá þèr hvíla, því líf mitt [er í veði<sup>4</sup>. Konúngr segir: rís mér hugr við þèr, en ef svá er, sem þú segir, þá ligðu hér við stökkinn í klæðum þínum,

<sup>1</sup>) þá góðum, C. <sup>2</sup>) þannig hin; óvins, A. <sup>3</sup>) hey, C; ok hey, b. v. B. <sup>4</sup>) liggr við, C.



ok mun mik ekki saka; hún gjörir nú svá; kon-  
 ungr snýr sér frá henni. Ljós brá<sup>1</sup> í húsi; ok  
 er stund leið, varð honum litit um öxl til henn-  
 ar; þá sér hann, at þar hvílir kona svá væn, at  
 eigi þikist hann aðra konu fríðari set hafa; hún  
 var í silkikyrtli; hann snýr sér þá skjótt at  
 henni með blíðu. Hún mælti: nú vil ek fara  
 í burt, segir hún, ok hefir þú leyst mik úr  
 miklum nauðum, því þetta var mér stjúp-  
 móður sköp, ok hefi ek marga konunga heim-  
 sótta<sup>2</sup>, enda [lægðu nú eigi með lýtum<sup>3</sup>; vil  
 ek nú hér ekki lengr vera. Nei; sagði kon-  
 ungr, enginn er þess kostr, at þú farir svá  
 skjótt, ok munu við eigi svá skilja; skal nú  
 gjöra til þín skyndibrullaup, því mér lízt vel á  
 þik. Þer hljótið at ráða herra! sagði hún, ok  
 svá hvíldu þau þá nótt; en um morguninn  
 tekr hún til orða: meðr lostum hefir þú nú til  
 mín gjört, en þat skaltu vita, at við munum  
 bara eiga; gjör nú, sem ek mæli, konúngr! vit-  
 jaðu barns okkar annann vetr í þetta mund at  
 naustum þínum, eða muntu gjalda, ef þú gjör-  
 ir eigi svá; eptir þetta fór hún í burt. Helgi  
 konúngr er nú nokkut kátari enn áðr; líða nú  
 stundir fram, ok gefr hann at þessu öngan  
 gaum. Ok á þriggja vetra fresti verðr þat til  
 tíðinda, at þar ríða 3 menn at því sama húsi,  
 sem konúngr sefr í, þat var um miðnætti; þeir

<sup>1</sup>) brann, C, B, L. <sup>2</sup>) ok hefir enginn við mér orðit, b. v. B.

<sup>3</sup>) legðu mér nú eigi þetta til lýta, B; ligðu eigi hjá mér með lýtum,  
 C; legðu n. e. m. l., J; legðu nú eigi með lýtum á mik, D, L.

fóru með meybarn, ok settu þat þar niðr hjá húsínu. Kona sú tók til orða, er með barnit fór : þat skaltu vita, konúngr! sagði hún, at ættmenn þínir munu þess gjalda, er þú hafðir þat at öngu; sem ek bauð þér, en þú nýtr þess, er þú leystir mik úr nauðum, ok vittu þat, at mæ'r þessi heitir Skuld, hún er okkar dóttir; eptir þetta riðu þessir menn í burt. Þetta hafði verit ein álfkona; aldrei varð konúngr varr við þessa konu síðan. Skuld vex þar upp, ok er brátt grimmúðug' í skaplyndi. Þat er sagt eitthvert sinn, at Helgi konúngr býr ferð sína úr landi, ok ætlar svá at hyggja af harmi sínum; Hrólfr, sonr hans, er eptir; hann herjar nú víða, ok vann mörg stórvirki.

16. Aðels konúngr sitr nú at Uppsölum; hann átti 12 berserki, ok voru þeir honum til landvarnar ok við öllum háska ok ófriði. Helgi konúngr býr nú ferð sína til Uppsala, at ná í burtu Yrsu; hann kemr þar við land; ok sem Aðels konúngr spyr þetta, at Helgi konúngr er þar kominn við land, þá spyr hann Yrsu drottningu, hvörsu hún vill láta fagna Helga konúngi; hún segir: þú sèr þar ráð fyrir, en þú veizt þat áðr, at enginn er sá maðr, at mæ'r sè meiri vandi við heldr enn hann; ok þat sýnist Aðels konúngi af, at bjóða honum til veizlu, en ekki ætlar hann, at þetta skuli prettalaust vera. Helgi konúngr þekkist þetta, ferr til veizlu með 100 manna, en fjöldin er við skip niðri; Aðels

<sup>1)</sup> þannig F; grimmi, I; grammauðug, A og hin.

konúgr tekr við honum báðum höndum. Yrsa drottning ætlar at sætta konúngana, ok gjörir hún allt sæmiliga til Helga konúgs. Helgi konúgr verðr svá feginn drottningu, at hann lætr hjá sér líða allt annat, vill hann við hana tala allar þær stundir, sem hann má nýta, ok sitja svá at veizlu. Þat bar til tíðinda, at berserkir Aðels konúgs komu heim; ok þegar þeir voru við land komnir, ferr Aðels konúgr at finna þá, svá ekki verða aðrir vísir; hann biðr þá, at fara á skóg þann, sem í millum borgar er ok skipa Helga konúgs, ok bað þá þaðan hlaupa at Helga konúgi, er hann færi til skipa sinna: mun ek ok senda lið til fulltíngs við yðr, ok skal þat koma á bak þeim, svá þeir verði í klofanum, því ek vil nú um trútt vinna, at Helga konúgr reki eigi undan, því ek skil, at hann hefir þá ást á drottningu, at ek vil eigi hætta á tiltæki hans. Helgi konúgr sitrnú at veizlunni, ok er vandliga leyndr þessu vélræði ok svá drottningin. Yrsa drottning segir Aðels konúgi, at hún vill, hann gefi Helga konúgi stórmannligar gjafir, [gull ok gersemar; hann heitir því<sup>1</sup>, en ætláði sjálfum sér reyndar. Ferr Helgi konúgr í burt við þetta, ok fylgir Aðels konúgr ok drottningin honum á götu, ok skiljast þau nú drottningin ok konúgrarnir heldr líkliga. Ok eigi miklu síðarr, enn Aðels konúgr hafði aptr horfit, urðu þeir Helgi

<sup>1</sup>) ok svá gjörir Aðels konúgr, at hann gefr Helga konúgi gull ok gersemar, B.

konúngr varir við ófrið, ok brestr þegar bardagi. Helgi konúngr gekk vel fram, ok barðist hraustliga, en fyrir ofrefli því, sem í móti var, þá féll þar Helgi konúngr með góðan orðstýr með mörgum sárum ok stórum, [ok kom sumt liðit á bak þeim Aðels konúngs, ok urðu svá á milli steins ok sleggju'. Yrsa drottning varð ekki fyrr vör við, enn Helgi konúngr var fallinn, ok lokit var bardaganum; þar féll með Helga allt þat lið, sem upp hafði gengit, en hitt flýði heim undan í Danmörk<sup>2</sup>; ok lýkr hær þætti Helga konúngs.

17. Aðels konúngr hrósaði nú sigri, ok þóttist mjök hafa framast, er hann vann konúng svá ágætan, sem Helgi var, ok svá víðfrægr. Yrsa drottning mælti: eigi er einsætt at hælast svá mjök, þótt þú hafir svikit þann mann, sem mér er mestr vandi við, ok ek unna mest, ok fyrir þetta hit sama verð ek þær aldrei holl, ef þú átt við venslamenn Helga konúngs: berserkjum þínum ræð ek þegar bana, er ek má, ef nokkrir eru svá vaskir, at þat vill gjöra fyrir mínar sakir ok sinnar snildar. Aðels konúngr bað hana, at heitast ekki við sik nè berserki sína, því þat skal þær eigi duga: en ek vil bæta þær föðurdaudann stórmannligum gjöfum, með miklum fjárhlutum ok góðum gersemum, ef þú kannt at þekkjast. Drottning sefast við þetta, ok þiggr sæmdir af konúngi; hún er þó óhæg síðan í

<sup>1</sup>) v. i C.    <sup>2</sup>) með harni miklum, ok tóku landsmenn Hrólf, son hans, til konúngs yfir sik, b. v. F.

skapsmunum; ok opt sat hún um þat, at gjöra berserkjunum mein ok svívirðu; aldrei finna menn, at drottníng yrði allkát síðan, eða í góðu skapi eptir fall Helga konúngs, ok meira varð ósamþykki í höllinni, enn áðr hafði verit, ok ekki vildi drottníng sæma við Aðels konúng, ef hún skyldi ráða. Aðels konúngr þóttist nú stórum frægr gjörast, ok þikir nú sá mestr maðr vera, er með honum er ok hans köppum; sitr hann nú um hríð í sínu ríki, ok hugsar enginn muni reisa rönd við sèr ok sínum berserkjum. Aðels konúngr var hinn mesti blótmaðr ok fullr af fjölkýngi<sup>1</sup>.

### Svipdags þátr.

18. EINN bóndi er nefndr Svipr; hann bjó í Svíþjóð fjærri öðrum mönnum; hann var ríkr at fè, ok hafði verit hinn mesti kappi ok eigi í öllu þar hann var sèðr, ok kunni hann margt fyrir sèr; þrjá átti hann syni, sem hær eru nefndir, hèt einn Svipdagr, annar Beigaðr<sup>2</sup>, þriði<sup>3</sup> Hvítserkr, hann var þeirra elztr; allir voru þeir miklir fyrir sèr, sterkir, ok vænir at álitu. Ok er Svipdagr var 18 vetra gamall, sagði hann svá til föður síns einn dag: dauflig er vor æfi, at vera hær við fjöll uppi í afdölum ok

<sup>1</sup>) ok göldrum. Ok endar hær nú annann part eðr þátt þessarar historíu, sem kallast Bræðra þátr, af þeim Helga ok Hróar Hálfðánar sonum, b. v. B. <sup>2</sup>) þannig fleirst; Beigurðr, hær A, E, G; Beiguðr, D. <sup>3</sup>) Serkr eðr, b. v. B.

óbygðum, ok koma aldrei til annarra manna ne aðrir til vor, væri hitt meira snarræði, at fara til Aðels konúngs, ok ráðast í sveit með honum ok hans köppum, ef hann vildi við oss taka. Svipr karl svarar: ekki sýnist mér þetta ráðligt, því Aðels konúngr er grimmligr maðr, ok ekki heill, þótt hann láti fagrt, en menn hans öfundarfullir ok þó miklir fyrir sèr, en víst er Aðels konúngr ríkr maðr ok frægr. Svipdagr segir: hætta verðr á nokkut, ef menn skulu fá frama, ok má þat eigi vita, fyrr enn reynt er, hvar gipta vill til snúast, ok víst vil ek hær eigi sitja lengr, hvat sem annat fyrir liggr. Ok sem hann var í þessu ráðinn, þá fékk faðir hans honum öxi mikla, væna ok bitrliga; hann mælti þá við son sinn: vertu óágjarn við aðra, láttu eigi stórliga, því þat er illt til orðs, en ver hendr þínar, ef á þik er leitat, því þat er mikilmannligt, at dramba lítit yfir sèr, en gjöra mikil afdrif, ef hann kemr í nokkra raun; hann fær honum öll herklæði vöndut, ok góðan hest. Svipdagr ríðr nú í burt, ok at kveldi kemr hann at borg Aðels konúngs; hann sèr, at leikar eru úti fyrir höllinni, ok sitr Aðels konúngr á miklum gullstóli, ok berserkir hans hjá honum. Ok seín Svipdagr kemr at skíðgarði var borgarhliðum læst, því þat var þá siðr, at biðja leyfis inn at ríða; Svipdagr hefir ekki stárf fyrir því, brýtr þegar upp hliðit, ok ríðr svá í garðinn. Konúngr mælti: þessi maðr ferr ógætliga, ok

hefir þess aldrei fyrr verit freistat, kann vera, at hann eigi mikit undir sér, ok varðaði eigi þótt hann reyndi þat; berserkir ýgldust þegar mjök, ok þótti þeim hann láta heldr stórliga. Svipdagr ríðr fyrir konúng, ok kveðr hann vel, kunni hann á því góða list. Aðels konúngr spýrr, hverr hann væri; hann segir til sín<sup>1</sup>; konúngr kannast skjótt við hann, ok [ætluðu allir hann mundi vera [hin mesta<sup>2</sup> kempa<sup>3</sup>, ok mikils háttar<sup>4</sup>. Leikrinn var eigi at síðr drifinn; sezt Svipdagr á trè eitt, ok horfir á leikinn; berserkir líta illa til hans; ok nú mæla þeir til konúngs, at þeir muni freista hans; konúngr segir: þat hygg ek, at hann sé ekki lítill fyrir sér, en vel þiki mér, þótt þið reynið, hvort hann er slíkr, sem hann þikist. Síðan drífa menn inn í höllina. Berserkir gánga til Svipdags, ok spyrja, hvort hann sé kappi nokkr, er hann lætr svástórliga; hann sagðist vera slíkr, sem nokkrr þeirra einn; ok við þessi orð hans óx þeim móðr ok kapp, en konúngr bað þá vera kyrra um kveldit. Berserkir ýgldust, ok grenjuðu hátt, ok mæltu til Svipdags: þorir þú at berjast við oss? ok þarftu þá fleira í frammi at hafa, enn stórríði ein ok dramblát, ok vilju vèr reyna, hvorsu mikit þar er fyrir, sem þú ert. Hann segir: því vil ek játa, at berjast við einn í senn,

<sup>1</sup>) ok svá til föður síns, b. v. hin. <sup>2</sup>) lítill, L. <sup>3</sup>) kappi, B; F. <sup>4</sup>) v. í L; F hefir í stað þess frá fyrra [: kvað hann mundi enn næsti kappi, sem hann ætti kyn til.

ok vita svá, ef meira vildi, atvinnast. Konungi þótti allvel, þótt þeir reyndu með sér. Yrsa drottning mælti: Þessi maðr skal hér velkominn! Berserkir svöruðu henni: vissu við þat fyrir, at þú vilt oss alla í helju, en heldr erum vèr máta meiri, enn vèr föllum við orð ein, eða illan vilja. Drottning sagði, at ekki yrði<sup>1</sup> at því, at<sup>2</sup> konúgr reyndi þat, hvat hann ætti, þar sem þèr eruð, er hann trúir svá mjök á yðr. Sá berserkr, sem fyrir þeim var, mælti: ek skal setja þik ok semja dramb þitt, svá at vèr skulum óhræddir vera fyrir honum.

19. Ok um morguninn tókst þar hörð hólm-ganga, ok skorti þar eigi stór högg; sáu þat allir, at þessi hinn komni kunni sverði at beita með miklu afli, ok hrökk berserkrinn allr undan fyrir honum, ok drepr (Svipdagr) hann þar; ok þegar vill annar drepa hann ok hefna hans, ok fær hann slíka för; ok eigi lettir hann fyrr, enn hann hefir drepit þá fjóra. Þá mælti Aðels konúgr: mikinn skaða hefir þú mèr gjört, ok þess skaltu nú gjalda, ok bað menn uppstanda ok drepa hann; í annann stað fær drottning sér lið, ok vill veita honum, ok kvað konúng mega þat sjá, at miklu meira ágæti væri at honum einum, enn öllum þeim berserkjum; kemr nú drottning griðum á með þeim, ok þikir öllum Svipdagr vera mikill afreksmaðr. Sitr hann nú á þekk annann, gagnvart konúngi, með ráði Yrsu drottningar; ok sem náttar, litast hann

<sup>1</sup>) mundi, C. <sup>2</sup>) þótt, B.



um, ok þikist enn oflítt hafa atgjört við berserki, ok vill egna til fundar við þá, ok þikir honum þat líkligt, ef þeir sjá hann einn-saman, at þeir muni snúa<sup>1</sup> at honum; ok þat gekk eptir því, sem hann ætlaði, því þegar berjast þeir; ok þá kemr konúgr at, er þeir höfðu barist um hríð, ok skilr þá. Eptir þat gjörir konúgr berserki útlæga, þá sem eptir voru, er þeir báru eigi af einum manni allir, ok læzt eigi fyrr vitat hafa, at þeir væri svá litlir fyrir sèr nema í orðum einum drembiligum. Þeir verða nú í burt at fara, en heitast nú at herja á ríki Aðels konúgs; konúgr læzt aldrei hirða um heitingar þeirra, ok kvað önga dáð í bykkjum þeim; fara þeir nú í burt með skömm ok svívirðing. Aðels konúgr hafði þó eggjat þá raunar í fyrstunni, at gánga at honum ok drepa hann, þá þeir sæi Svipdag einn gánga úr höllinni, ok hefna sín svá, at drottning yrði ekki vör við; Svipdagr hafði þó drepit einn, þá konúgr kom til at skilja þá. Aðels konúgr biðr nú Svipdag veita sèr eigi minna lið nú, enn áðr, er honum veittu allir berserkir, allra helst at drottning vill, at þú sèrt í staðinn berserkjanna; þar er nú Svipdagr nokkra hríð.

20. Nokkru síðarr er konúginum sögð hersaga, at berserkir hafa þá fengit sèr lið miklit, ok herja á land hans. Aðels konúgr biðr nú Svipdag at rísa<sup>2</sup> í móti berserkjum, ok kallar þat vera hans skyldu, ok kveðst skyldi fá honum

<sup>1</sup>) reitast, C. <sup>2</sup>) fara, C; riða, B.

svá mikit lið, sem hann þyrfti. Ekki er honum um þat, at vera fyrirmaðr hersins, en vill fara með konúngi þánga, sem hann vildi. Konúngur vildi ekki annat, enn hann sè fyrirmaðr. Svipdagr segir: þá vil ek þiggja 12 manna líf af yðr, þá ek vil; konúngur segir: því vil ek játa þer. Eptir þat ferr Svipdagr til orrostu þessarar, en konúngur sitr heima; hann hefir mikit lið. Svipdagr lét gjöra herspora ok kasta niðr, þar sem orrostustaðrinn var markaðr, ok með mörgum öðrum brögðum lét hann þar umbúa. Þar tekst orrosta ok harðr bardagi, ok hrökk fyrir mjök lið víkinga, ok fá þeir illt af, er þeir kenna hersporanna. Þar var drepinn berserkr einn ok fjöldi liðs, en þat flýði til skipa, sem eptir lifði, ok svá í burt. Svipdagr kemr nú heim til Aðels konúngs, ok á nú sigri at hrósa; Aðels konúngur þakkar honum vel sinn framgáang ok landvörn. Yrsa drottning mælti: víst er þat rúm betr skipat, er slíkr drengur sitr í, sem Svipdagr er, enn þá berserkir þínir skipuðu þat; konúngur sannar þat. Berserkir safna nú liði aptr, þeir sem undan komust, ok herja enn á ríki Aðels konúngs; ok enn skorar konúngur á Svipdag at gánga í móti þeim, ok kvaðst mundu fá honum frítt lið. Svipdagr ferr til orrostu, ok hefir nú þriðjungs minna lið enn berserkir; Aðels konúngur hèt at koma til móts við hann með hirðina. Svipdagr hafði þá enn skjótara brugðit við, enn berserkir hugðu; ok nú hittast þeir, ok

tekst þar hörð orrosta. Aðels konúgr safnar liði, ok hafði ætlat at koma' í opna skjöldu berserkja.

21. Þar ernú til at taka, at Svipr karl er; hann vaknar einn tíma af svefni sínum, ok blæs mæðiliga, ok mælti til sona sinna: þurfa þikist nú Svipdagr liðs við, bróðir ykkarr, því hann heldr bardaga ekki langt hëðan, ok á við mikinn liðsmun, ok mist hefir hann auga sitt annat, ok hefir þó mörg sár önnr, en fellt hefir hann 3 berserki, ok nú eru eptir aðrir 3. Þeir bræðr bregða við skjótt, ok vopna sik, fara síðan þangat, sem orrostan er, ok höfðu víkingar lið hálfu fleira. Svipdagr hafði mikit af sèr gjört, ok er þó þá sárr mjök, ok úr honum annat augat; er þá drepit lið hans at handamáli, en konúgr kemr ekki til liðs við hann. Ok sem þeir bræðr hans koma til orrostu, þá gánga þeir vel fram, ok þar at, sem berserkir eru fyrir; svá fór leikr með þeim, at berserkir falla þar allir fyrir þeim bræðrum; snýr nú skjótt mannfall í lið víkinga, ok þeir, sem lífit þágu, gengu á hendr þeim bræðrum. Ok eptir þetta fara þeir á fund Aðels konúngs, ok sögðu honum þessi tíðindi; konúgr þakkar þeim vel þrekvirki þetta. Svipdagr hafði fengit tvö sár á höndum; hann hafði mikil sár á höfði, ok var einsýnn alla æfi síðan; liggr hann um hríð í sárum þessum, ok græddi Yrsa drottning hann. Eñ þá hann var orðinn

<sup>1)</sup> ok hjálpa þeim, ef þörf gjörðist, ok vildi svá koma, *b. v. B.*

vel heill, þá sagði hann konungi, at hann vildi í burtu þaðan: vil ek sækja heim þann konung, er meiri sóma vill til vorr gjöra, enn þú, konúgr! illa hefir þú launat mér landvörn, ok slíkan sigr, sem vèr höfum yðr unnit. Aðels konúgr bað hann heima<sup>1</sup> vera, ok læzt mundu gjöra allvel til þeirra bræðra, ok kvaðst aunga skyldu meta fram yfir þá. Svipdagr vill ekki annat, enn ríða burt, ok mest fyrir þat, at Aðels konúgr kom eigi fyrr til bardagans, enn lokit var, því hann var tvískiptr í, hvern sigrinn hlyti, Svipdagr eða berserkir, þvíat konúgr var þar í skógi einum, ok horfði þaðan á leik þeirra, ok átti kost at fara, þegar hann vildi, en honum þótti raunar ekki máli skipta, þótt Svipdagr fengi ósigr ok stýngi niðr nösum.

22. Nú búast þeir bræðr í burt, ok stoðar ekki at hamla þeim. Aðels konúgrs pyrr<sup>2</sup> eptir, hvört þeir ætli at fara; þeir kvaðust ekki svá ráð hafa gjört fyrir því: en skilja munum vèr at sinni: vil ek nú kynna mér annarra manna siðu ok konunga, en öldast eigi hér í Svíþjóð. Þeir gánga nú til hesta sinna, ok þakka drottningu vel þann sóma, sem hún hafði gjört til Svipdags<sup>3</sup>; stíga nú á hesta sína ok ríða alla sína leið, þartil er þeir koma til föður síns, ok spyrja hann ráða, hvat upp skal taka: eða hvat skulum vèr afsnúa? hann kallaði þat mestan frama,

<sup>1</sup>) kyrran, C. <sup>2</sup>) opt, b. v. B. <sup>3</sup>) þakkar drottningu ok þeim fyrir liðveizluna, b. v. B.

at vera með Hrólfi konungi í Danmörk ok köppum hans, ok þar er yðr vænast til nokkrs frama, til at stöðva yðvarn ofsa, því ek hefi þat sannspurt, at þangat seú komnir enu mestu kappar á Norðrlöndum. Hvörninn er honum háttat? segir Svipdagr. Faðir hans segir: svá er mér sagt frá Hrólfi konungi, at hann se örr ok stórgjöffull, trúfastr ok vinavandr, svá at hans jafningi mun eigi finnast; hann sparar eigi gull nè gersemar nær við alla, er þiggja vilja; hann er lágligr at líta, en mikill at reyna ok torveldr, manna fríðastr, stórlátr við ómilda, en ljúfr ok hógværr við vesæla, ok við alla þá, sem ekki brjóta bág í móti honum; manna lítilástr, svá at jafn blítt svarar hann fátækum sem ríku; svá er hann mikill ágætismaðr, at hans nafn mun<sup>1</sup> eigi fynast á meðan veröldin er byggð<sup>2</sup>; hann hefir ok skattgildt alla konunga þá, sem at eru í nánd honum, því allir vilja honum fúsir þjóna. Svipdagr segir: hér hefr þú þá sögu at segja, at ek em ráðinn í, at fara á fund Hrólfs konungs ok allir vèr bræðr, ef hann vill taka við oss. Svipr bóndi mælti: þèr munuð ráða ferðum yðar ok athöfnum, en bezt þætti mér, at þèr væruð heima með mér; þeir kváðu, at ekki mundi þess tjá at leita<sup>3</sup>; síðan báðu þeir föður sinn vel lifa ok svá móður, en þeir fara leið sína áburt, ok allt þar til, er þeir komu á fund Hrólfs konungs

<sup>1</sup>) uppi ok, b. v. C.    <sup>2</sup>) varir, C.    <sup>3</sup>) letja, B, C, L.

Svipdagr gekk þegar fyrir konúng, ok kvaddi hann; konúngur spyrr, hverr hann væri; Svipdagr segir honum nafn sitt, ok svá allra þeirra, ok kveðst hafa verit með Aðels konúngi um hríð. Hrólfr konúngur mælti: hvar fyrir fórstu hingat, því ekki er mikil vinátta á milli Aðels [ok vorra manna<sup>1</sup>. Svipdagr sagði: veit ek þat, herrá! þó vil ek leitast við at gjörast yðarr maðr, ef kostur er á, ok vèr bræðr allir, en þó mun yðr þikja lítit koma til vor. Konúngur segir: ekki hafða ek þat ætlat, at gjöra mér vini af mönnum Aðels konúngs, en fyrst þér hafið sókt á minn fund, þá mun ek taka við ykkur, þvíat ek hygg, at sá hafi betr, er ykkur vísar ekki frá, þvíat ek sé, at þið eruð gildir garpar<sup>2</sup>; hef ek spurt at þið hafið mikla frægð unnit, drepit berserki Aðels konúngs, ok unnit mörg þrekvirki önnr. Hvar vísar þú mér til sætis? sagði Svipdagr; konúngur segir: sitað hjá þeim manni, er Bjálki heitir, ok látið liggja<sup>3</sup> 12 manna rúm innar fyrir<sup>4</sup> ykkur. Heitit hafði Svipdagr Aðels konúngi at koma til hans, áðr hann færi í búrt. Nú gánga þeir bræðr til rúms þess, sem konúngur hafði vísat þeim. Svipdagr spurði Bjálka, því þau rúm skyldi auð liggja innar frá þeim. Bjálki segir, at þeir sita þar berserkir 12 konúngsins, þá þeir kæmi heim; þeir voru þá í hernaði: Skúr heitir dóttir Hrólfs konúngs, en önnr Drífa. Drífa var heima með

<sup>1</sup>) ok mín, B. <sup>2</sup>) kappar, C. <sup>3</sup>) vera autt, B. <sup>4</sup>) upp frá, B.

konúnginum, ok allra kvenna kurteisust<sup>1</sup>; Drífu var vel til þeirra bræðra, ok þokkaði allt heldr vel fyrir þeim. Svá fór nú fram um sumarit, ok allt þar til berserkir komu heim um haustit til hirðarinnar; ok eptir síðum sínum þá gengu þeir fyrir hvern mann, þá þeir komu í höllina, ok spurði sá, er fyrir þeim gekk<sup>2</sup>, hvert sá teldist jafnsnjallr honum, sem fyrir sat, ok leituðu menn sèr þar ýmsra atkvæða um þat, sem þeim þótti bezt sóma, ok mátti þat þó heyrast á orðum hvörs, at þá þótti sik mikit vanta á, at vera jafnsnjalla; ok nú gengr hann fyrir Svipdag, ok spyrr, hvort hann þættist<sup>3</sup> jafnsnjallr. Svipdagr sprettr upp, ok bregðr sverði, ok kveðst í öngan stað ósnjallari enn hann. Berserkr mælti: högðu þá í hjálminn; Svipdagr gjörði svá, ok beit ekki á, ok síðan vildu þeir berjast; Hrólfr konúgr hljóp í milli þeirra, ok sagði þeim skyldi þat ekki hlífast, ok skyldu þeir heita jafnir þaðan í frá, ok báðir mínir vinir; ok eptir þat settust þeir, ok eru jafnan á einu ráði, liggja í hernaði ok hafa sigr, hvar sem þeir komu. Hrólfr konúgr sendi nú menn til Svíþjóðar á fund Yrsu drottningar, móður sinnar, ok bað hana atsenda sèr fè þat, sem Helgi konúgr hafði átt, faðir hans, ok Aðels konúgr hefði tekit til sín, þá er Helgi konúgr var drepinn. Yrsa kvað þat makligt, þó hún kæmi því til áleiðis, ef hienni væri þat möguligt: en ef þú leitar sjálfr

<sup>1</sup>) fríðust, C.    <sup>2</sup>) var, B.    <sup>3</sup>) teldist, C.

eptir fœnu, þá skal ek þær holl í ráðum, son minn! en Aðels konúgr er maðr svá feágjarn, at hann hirðir aldrei, hvat hann vinnr til þess, ok svá bað hún segja Hrólfi konúngi, ok sendi honum þarmeð sæmiligar gjafir.

23. Hrólfr konúgr liggr nú í hernaði, ok dvelst nú fyrir þat, [at hann fari<sup>1</sup> til fundar við Aðels konúng; hann kemr nú undir sik miklum afla, ok alla konúnga, sem hann finnr<sup>2</sup>, þá gjörir hann<sup>3</sup> skattgilda undir sik, ok bar þat mest til, at allir enu mestu kappar vildu með honum vera ok aungum öðrum þjóna, því hann var miklu mildari at fê, enn nokkrir konúngar aðrir. Hrólfr konúgr setti þar höfuðstað sinn, sem Hleiðargarðr heitir, þat er í Danmörk, ok er mikil borg ok sterk, ok meiri rausn ok hoffrakt<sup>4</sup> var þar, enn nokkrs staðar, ok í öllu því, sem til stórlætiskom, eða nokkr hafði spurn af. Hjörvarðr hét einn ríkr konúgr, hann fékk Skuldar, dóttur Helga konúngs, en systur Hrólfs konúngs; þat var gjört með ráði Aðels konúngs ok Yrsu drottníngar ok Hrólfs, bróður hennar. Ok eitthvert sinn bauð Hrólfr konúgr Hjörvarði mági sínum til veizlu; þat var einn dag, er hann var at veizlunni, at svá bar til, at þeir voru úti staddir konúngarnir, at Hrólfr konúgr brá brókabeltisínu, ok fékk Hjörvarði konúngi á meðan sverð sitt; ok sem Hrólfr konúgr hafði

<sup>1</sup>) til sumars; kvelst hann í huganum fyrir þat, at hann vill sem snarast, B. <sup>2</sup>) ok þar nálægir voru, b. v. B. <sup>3</sup>) pliktuga ok, b. v. B. <sup>4</sup>) hoffphract, C.



brugðit um sik aptr brókabeltinu, tók hann aptr við sverðinu, ok mælti til Hjörvarðs konúngs: Þat vitu við báðir, sagði hann, at þat hefir lengi verit mælt, at sá skal vera undirmaðr annars jafnan síðan, er tekr við sverði annars, á meðan hann bregðr brókabelti; skaltu nú vera undirkonúngr minn, ok þola þat vel, sem aðrir. Hjörvarðr varð þessu ákafliga reiðr, ok verðr þó at láta svá standa; ferr heim við svá búit, ok unír illa við sinn hlut, seldi þó skatt Hrólfi konúngi eptir því, sem aðrir hans undirkonúngar, þeir sem honum áttu hlýðni at veita; ok endar hér Svipdags þátt.

### Böðvars þátt.

24. ÞAR er nú til máls at taka, at norðr í Noregi fyrir Uppdölum ræð sá konúngr, er Hríngr hêt; hann átti þann son, er Björn hêt; þat er nú sagt, at drottning andaðist, ok þótti þat mikill skaði konungi ok mörgum öðrum útífrá. Landsmenn<sup>1</sup>, ráðuneyti hans<sup>2</sup>, báðu hann kvongast aptr, ok þat verðr, at hann sendir menn suðr í lönd at biðja sér konu; en á móti þeim komu andviðri mikil ok stórir stórmarr, ok verðanú at snúa stöfnum ok halda undan veðrinu; ok þar kemr máli, at þá rekr norðr á Finn-mörk, ok voru þar um vetrinn. Þeir fóru einn dag á land upp, ok komu at húsi einu, þar sátu inni tvær konur, vænar at álitu; þær fögnuðu þeim vel, ok spurðu, hvaðan þeir væri atkomnir? Þeir sögðu allt um ferðir sínar, ok hvat at er-

<sup>1</sup>) ok, b, v. B, D; J; v. i. E; landsins C. <sup>2</sup>) v. i. C.

endum var; þeir spurðu, hvaða konum þær væri, eða fyrir hvörja sök þær væri komnar þar einmana ok svá langt frá öðrum mönnum, svá fríðar konur ok vænar. Sú eldri sagði: til alls berr nokkut, sveinar! vèr erum; hèr fyrir þær sakir, at einn ríkr konúgr bað dóttur minnar, en hún vildi ekki eiga hann, en hann hèt henni afarkostum aptr ímót, ok því hef ek hana hèr í leyni, á meðan faðir hennar kemr ekki heim, því hann liggr í hernaði. Þeir spurðu, hverr hennar faðir væri; móðir hennar sagði: hún er dóttir Finna konúgs. Þeir spurðu, hvat þær hèti; sú eldri sagði: ek heiti Íngibjörg, en Hvít heitir dóttir mín, er ek frilla Finna konúgs; ein mæ'r var þar at þjóna þeim. Konúgs mönnum leizt vel á þær, ok þat er ráðagjörð þeirra; at leitast eptir, ef Hvít vildi fara með þeim ok giptast Hríngi konúgi; þar sá þetta mál upp fyrir hana, sem fyrir konúgs erendum var. Hún svaraði þessu ekki fljótt, en veik þó til forsjá móður sinnar. Svá er, sem mælt er, at úr hvörju vandræði verðr nokkut at ráða, sagði móðir hennar, ok þiki mæ'r illa, at faðir hennar er gjörðr fornspurðr at þessu, en þó verðr á þetta at hætta, ef hún skal at nokkoru nær vera; eptir þetta býst hún til ferðar með þeim. Síðan fóru þeir leið sína, ok fundu Hríng konúg, ok þegar frèttu sendimenn eptir, hvort konúgr vildi eiga þessa kvinnu, eða færi hún aptr sömu leið. Konúgi leizt vel á vífit, ok gjörði þegar brullaup til

hennar, vill hann ekki gefa gaum at, þótt at hún sè eigi rík<sup>1</sup>; er konúgr nokkut við aldr, ok fanst þat brátt á dróttningu.

25. Karl einn átti bú þar skammt frá konúngi; hann átti sèr konu ok dóttur eina barna, er Bera hèt, hún var á úngum aldri ok væn at áliti. Björn konúngsson ok Bera karlsdóttir lèku barnleikum saman, ok fèlst vel á með þeim. Karl var auðugr at fè, ok hafði lengi legit í hernaði á unga aldri, ok var enn mesti kappi. Þau Bera ok Björn unnu hvort öðru mikit, ok hittust þau jafnan; liðu nú svá stundir fram, at ekki verðr til tíðinda; þroskast Björn konúngsson mikit, ok gjörist hann bæði mikill ok sterkr; hann var vel mannaðr um allar íþróttir. Hríngr konúgr var löngum úr landi ok í hernaði, en Hvít var heima, ok stjórnaði landi; ekki var hún vinsæl af alþýðu, en við Björn lét hún allblitt, en hann þektist<sup>2</sup> þat lítt. Ok eitt sinn, er konúgr fór heiman, ræddi drottníng við Hríng konúng, at Björn, sonr hans, skyldi heima vera með henni til landstjórnar<sup>3</sup>; konúngi þótti þat ráðligt; gjörðist drottníng nú ríklunduð ok drambsöm<sup>4</sup>. Konúgr sagði syni sínum Birni, at hann skuli vera heima, ok gæta lands með drottníngu; Björn sagði sèr lítit um þat vera,

<sup>1</sup>) síðan er leitat þessa málstaðar við konuna, en hún var til þess fullráðin, b. v. B. <sup>2</sup>) þáði, C. <sup>3</sup>) landvarnar, C. <sup>4</sup>) drambgjörn, C.

ok sagði, at sèr sé stórilla til drottningar; kon-  
 úngr sagði, at hann skyldi eptir vera; ferr kon-  
 úngr nú úr landi með miklu fjölmenni. Björn  
 gengr nú heim eptir viðtal þeirra föður hans,  
 ok þótti mjök sinn veg hvorum þeirra; hann  
 gekk til rúms síns, ok var heldr fákátr<sup>1</sup>, ok var  
 rauðr sem blóð; drottning gengr til tals við hann  
 ok vill gleðja hann; ok mælti til vináttu við  
 Björn; hann bað hana í burtu fara; hún gjörir  
 svá at sinni. Opt kom hún þó at máli við hann,  
 ok sagði, at þat væri vel fallit, at þau bygði  
 eina rekkju, á meðan konúngr væri í burtu, ok  
 kallaði miklu betri þeirra samvistu, enn þat hún  
 ætti svá gamlan mann, sem Hríngr konúngr  
 var. Björn tekr þessu máli þungliga, ok sló  
 hana kinnhest mikinn, ok bað hana dragast í  
 burt, ok hratt henni frá sèr. Hún kvaðst þessu  
 óvön, at hún væri hrökt eða barin: ok þiki þer  
 betra, Björn! at spenna heldr karlsdóttur, ok  
 er þer þat makligt, sem von er á, ok svívirðiligra,  
 enn njóta minnar ástar ok blíðu, ok væri þat  
 ekki fjærri, þótt nokkut kæmi ímót þrá þinni  
 ok heimsku; hún lýstr nú til hans með úlf-  
 handska<sup>1</sup>, ok segir, at hann skyldi verða at  
 einum hýðbirni ólmum ok grimmum: ok  
 nýta þer þó önga fæðslu aðra, enn fè föður þíns;  
 skaltu drepa þat þer til matar, meirr enn dæmi  
 sèu til, ok aldrei skaltu úr þessum álögum fara,  
 ok skal þer þessi minning verri enn engin.

26. Eptir þat hverfr Björn í burt, ok veit

<sup>1</sup>) skapþíngt, F.

enginn, hvat af honum verður; ok er menn sakna Björns, þá er hans farit at leita<sup>1</sup>; ok finst hann hvergi, sem líkligt er. Frá því er nú at segja, at fé konúngs er drepit niðr at handamáli, ok einn grábjörn legst á þat, bæði mikill ok grimmligr. Eitt kveld berr þat til, at karlsdóttir sér þenna enn grimma björn; björn ferr at henni, ok lætr allblítt við hana; í þessum bírni þikist hún kenna augu Björns konúngssonar, ok forðast hún þat lítt; dýrit gengr þá frá henni, en hún ferr eptir því, ok allt til þess þat kemr at helli nokkrum; ok sem hún kemr at hellinum, þá er þar maðr fyrir, ok heilsar Beru karlsdóttur; hún kennir, at þetta er Björn Hríngsson, ok verður þar mikill fagnaðarfundr. Þar eru þau í hellinum um hríð, því hún vildi ekki skiljast við hann, á meðan hún á kost; hann kallar henni þat ósæmiligt, at vera þar hjá honum, því hann sè dýr um daga, en maðr um nætr. Hrangr konúngr kemr nú heim úr hernaðinum, ok<sup>2</sup> er honum sagt, hver tíðindi at til hafa borit, á meðan hann hefir verit í burt: hvarf Björns, sonar hans, ok þat annat, um þat mikla dýr, sem komit væri í landit, ok mest legðist á sjálfs hans fè. Drottning eggjaði fast at láta drepa dýrit, en þó frestaðist þat um hríð; lætr konúngr sèr fátt um þetta finnast, ok þikir með undarligu móti vera. Einhvorja

<sup>1</sup>) nærri ok fjærri, b. v. C. <sup>2</sup>) er hann hefir sagt, hvör tíðindi við hafa borit í hans ferð, b. v. C.

nótt, er þau Bera voru í rekkju sinni ok Björn konungsson, tók Björn til orða ok mælti: svâ grunar mik, at banadagr minn mun vera á morgun, ok munu þeir fá mik veiddan, enda þiki mér ekki gaman at lífinu fyrir ósköpum þeim, sem á mér liggja, þó þat eina sè mér til yndis, sem við erum bæði, en þó mun því nú bregða; hríng þenna mun ek gefa þér, er undir vinstri hendi mér er; þú munt sjá liðit á morgin, sem at mér sækir, ok þá ek er dauðr, farðu til konungsins, ok biðtu hann at gefa þér þat, sem er undir bóg dýrsins vinstramegin, en hann mun því játa þér; drottningu<sup>1</sup> mun gruna þik, þá er þú ætlar í burt, ok mun hún gefa þér at eta af dýrs slátrinu, en þat skyldir þú eigi eta, því þú ert kona eigi heil, sem þú veizt, ok muntu fæða sveina 3, er við munum eiga, ok á þeim mun þat sjá, ef þú etr af dýrs slátrinu, en drottning þessi er hit mesta tröll; síðan far þú heim til föður þíns, ok þar muntu fæða sveinana; einn mun þér þó vestr þikja; ok ef þú mátt eigi annast þá heima fyrir ósköpum þeirra ok ófyrirleitni, leiðtu þá í burtu, ok farðu hín gat til hellisins með þá, hær muntu sjá kistu með þremr gólfum; þat munu segja rúnir þær, sem þar eru hjá, hvat hverr þeirra skal eignast; vopn 3 eru í berginu, ok skal þat hverr hafa, sem honum er ætlat; sá sem fyrst kemr til, sonr okkar, skal þórir heita, annar Elg-

<sup>1</sup>) drottningar greyit; B.

fróði, þriðri Böðvar, ok þiki mér þess líkara, at þeir verði eigi litlir fyrir sér, ok þeirra nöfn munu lengi uppi vera. Hann segir henni fyrir marga hluti<sup>2</sup>, ok steypist síðan bjarnarhamrinn yfir hann, ok gengr björninn svá út, ok hún eptir honum<sup>3</sup>, ok litast um, ok þá sér hún koma mikit lið fram fyrir fjállsöxliná, ok fara margir hundar ok stórir fyrir liðinu. Björninn rennr nú frá hellinum ok með fjallinu fram; koma hundarnir ok konungsmenninnir í móti honum, ok varð hann þeim torsókr, meiddi hann marga menn fyrir þeim, áðr hann yrði sókr, ok alla hunda deyddi hann. Þar kom, at þeir slóu hring um hann, ok sveimaði hann þá innan um hringinn<sup>4</sup>, ok sér, í hvert efni komit er, at hann fær eigi undan komist<sup>5</sup>; snýr hann þá þángat, sem konúgr stendr, ok þrífir þann mann, sem nærstr stóð honum, ok reif hann kvikan í sundr; þá var björninn svá móðr, at hann kastaði sér flötum niðr; hlaupa þeir þá skjótt at, ok drepa hann. Þetta sér karlsdóttir; hún gengr at konúngi, ok mælti: villt þér, herra! gefa mér þat, sem undir vinstra bóg dýrsins er? konúgr játaði því, sagði þat eitt mundi þar vera, at honum mundi vel sóma at veita henni þat. Konungsmenn höfðu þá flegit björninn mjök; Bera gekk þá at, ok tók í burt hringinn ok varð-

<sup>1</sup>) óorðna, þ. v. C.    <sup>2</sup>) eptir þetta fór hann út, þ. v. B.  
<sup>3</sup>) mjök sorgandi, þ. v. B.    <sup>4</sup>) mannhringinn, B.    <sup>5</sup>) kemst hann þá eun út úr fylkingunni, ok, þ. v. B.

veitti, en eigi sáu menn, hvat hún tók, enda var þar ekki eptir leitat; konúgr spyr, hver hún væri, því hann kendi hana eigi; hún sagði til sín, sem henni sýndist, ok annat enn var.

27. Konúgr ferr nú heim ok Bera í ferð með konúngi; drottníng var allkát, ok tók vel við henni, ok frètti, hver hún væri; hún sagði, sem fyrr, eigi hit sanna til. Drottníng gjörir nú veizlu mikla, ok lætr búa bjarnarslátrit til fagnaðar mönnum. Karlsdóttir er í skemmu drottníngar, ok náir eigi burt at fara, því drottníngu grunar, hver hún muni vera; ok þar kemr drottníng með disk vonum bráðara, var þar á bjarnarholdit, ok bað Beru neyta; hún vildi eigi eta; þetta eru fyrr mikil, segir drottníng, at þú trunsar<sup>1</sup> við fagnaði þessum, er drottníng sjálf virðist at bjóða þær, ok tak við skjótt, ellegar skal þær annar verri; hún bitar fyrir hana, ok þat verðr af leiknum, at hún etr þann bita; drottníng skerr þá annann, ok lætr í munn henni, ok þar kemr lítit korn niðr af þeim bita, ok sló þá<sup>2</sup> úr munni sèr, ok kveðst eigi meir mundu eta, þó hún þíndi hana eða deyddi; drottníng mælti: vera kann, at nú dugi nokkut, ok hló at. Síðan fór Bera í burt ok heim til föður síns; hún hefir óhæga höfn meðferðar; hún sagði nú föður sínum alla málavöxtu um sitt ráð, hvernin háttat er; ok litlu síðarr tók hún sótt, ok fæddi sveinbarn, þó nokkut með undarligum hætti; þat var maðr upp, en elgr niðr

<sup>1</sup>) þannig A, F, G; trunsar, hin. <sup>2</sup>) þó, B, C, D, J.



frá nafla; hann er nefndr Elgfróði<sup>1</sup>. Annar sveinn kemr þar til, ok er kallaðr Þórir; hunds-fætr voru á honum frá rist, ok því var hann kallaðr Þórir hundsfótr, hann var maðr fríðastr sýnum fyrir annat. Hinn þriðli sveinn kom til, ok var sá allra vænstr, sá er kallaðr Böðvar, ok var honum ekki neitt til lýta; Böðvari ann hún mest; þeir renna nú upp sem gras; ok þá þeir eru at leikum með öðrum mönnum, eru þeir grimmir ok óvægir um allt, fá menn harðleikit af þeim; meiðir Fróði marga menn fyrir konungi, en deyddi suma með öllu.

28. Svá fór fram um hríð, þartil at þeir eru 12 vetra gamlir; þeir eru þá svá sterkir, at öngir konungsmenn stóðust fyrir þeim, ok mega þá ekki at leikum vera. Þá sagði Fróði móður sinni, at hann vill fara í burt, ok má ek ekki við menn eiga, því þeir eru ölmussur<sup>2</sup> einar, ok meiðast strax, þá við er komit; hún sagði honum ekki hent í fjölmenni fyrir óvægi sína. Móðir hans ferr nú með honum til hellisins, ok vísar honum til þess fjár, sem faðir hans hafði honum ætlat, því Björn hafði þat allt ákveðit, hvat hværr skyldi hafa. Fróði vildi taka meira, ok náði ekki, því þat var minst fét, sem honum var ætlat; ok nú sèr hann, hvar vopnin taka fram úr berginu, tekr hann fyrst til hjaltanna, ok er sverðit fast, svá hann nájir því eigi; þá þrífir hann til öxarskapsins

<sup>1</sup>) Elgfróðr, D, E, J. <sup>2</sup>) ölmíslur, C; ölmusur, D, H, J; míslur, F.

ok er eigi lausara; þá mælti Elgfróði: má vera, at sá einn hafi ætlat, er gripum þessum hefir hér komit, at vopnaskipti skuli fara eptir fjárskiptum öðrum; þrífir nú til heptisins, ok var þat þegar laust; þar fylgdi ein skálm heptinu; hann leit á skálmina um hríð, ok mælti síðan: ójafngjarn hefir sá verit, er þessum gripum hefir átt at skipta; leggr nú skálminni tveim höndum í bergit, ok vill brjóta hana sundr, en skálminn hljóp inn í bergit, svá at skellist við heftit, en þó brotnaði hún ekki at heldr. Þá mælti Elgfróði: hvat mun varða, hvörninn ek férr með óþokkagrip þenna, því ekki er örvænt, at bíta kunni; eptir þat kvaddi hann<sup>1</sup> móður sína<sup>2</sup> at skilnaði. Fróði ferr nú á kjalveg einn, ok gjörist þar illvirkr<sup>3</sup> ok drepr menn til fjár sèr, ok smíðar sèr skála ok býst þar um.

29. Hríngur konungur þikist nú vita, hvörjum kynstrum þetta muni gegna alltsaman, ok hefir ekki um þat<sup>4</sup> fyrir alþýðu, ok lætr þó vera kyrt jafnt sem áðr. Litlu síðarr beiðist Þórir hundsfótr at fara í burt, en móðir hans vísar honum til hellisins, ok svá til þess fjár, sem honum var ætlat, ok segir honum til vopnanna, ok bað hann taka öxina, ok kvað hún svá föður hans hafa fyrir mælt; síðan fór Þórir í burt, ok bað móður sína vel lifa. Hann þrífir fyrst til hjaltanna, ok er sverðit fast, þá tekr hann í heftit,

<sup>1</sup>) ekki, b. v. F, J. <sup>2</sup>) ferr hann burt, er hér ofaukið í A, E, G. <sup>3</sup>) stigamaðr, B. <sup>4</sup>) orð, b. v. F, J.

ok er öxin laus, því hún var honum ætluð; síðan tekr hann fét, ok ferr leið sína; hann leggur svá leið, at hann ferr fyrst á fund Elgfróða, bróður síns; hann ferr inní skála hans, ok sezt niðr í sætit, ok lætr síga höttinn. Litlu síðarr kemr Fróði heim, ok lítr ekki hýrliga til hins komna manns, bregðr nú skálminni ok mælti:

Grenjar<sup>1</sup> skálm,  
gengr úr skórum,  
minnist hönd  
hildar verka<sup>2</sup>.

ok keirir niðr á stokkinn hjá sér, ok gjörist mjök ólmr ok illiligr. Þórir kvað þá:

En ek læt víðs<sup>3</sup>  
á vegi öðrum<sup>4</sup>  
öxi mína  
jafnt hljóð bera.

Ok þá duldist Þórir ekki lengr, ok kendi þá Fróða bróður sinn, ok bauð honum allt at helmíngi við sik, þat sem þá hafði hann samandregit, því þar skortí eigi auð mikinn; Þórir vill þat eigi þiggja; dvelst hann þar um hríð, ok fór í burt síðan. Elgfróði vísaði honum til Gautlands, ok sagði honum, at nýðauðr se konúgr þeirra Gautanna, ok bað hann koma íríki þeirra; hann sagði honum fyrir marga hluti: þat eru lög þeirra Gautanna, at þar er stefnt fjölmenntmót<sup>5</sup>, ok stefnt þángat öllum Gautum; einn stór stóll

<sup>1</sup>) grunar, L. <sup>2</sup>) þannig B, D, E, F, H, J, L; verki, A og hin. <sup>3</sup>) vígs, F. <sup>4</sup>) þannig A og hin; v. í. B, F. <sup>5</sup>) þíng, B, C, L.

er settr á mótit, svá sitja mega í rúmliga tveir menn, en sá skal konúngr vera, er þat rúm fyllir, en mér þikir, sem þú munir þat rúm ótæpt fylla; eptir þat skiljast þeir, ok mælið hvorr vel fyrir öðrum. Fór Þórir nú leið sína, þar til er hann kemr til Gautlands, til jarls eins, ok tók jarlinn honum vel, ok var þar um nóttina. Þat sagði hverr maðr, sem Þórir sá, at hann mætti vel vera yfir Gautum konúngr fyrir vaxtar sakir, ok sögðu, at færri mundu þar slíkir; ok þá komit er at þingstaðnum, þá ferr þetta eptir því, sem Fróði, bróðir hans, hafði sagt honum fyrir. Höfundr einn var þar tilsettr, at skora þetta mál með sannindum; settust margir í þetta sæti, ok kallaði höfundr aungum sæma. Þórir gengr seinastr, ok sezt hann þegar í stólinn; höfundr mælti: þer er sætit hæfiligast, ok muntu dæmdr til þessarar stjórnar; síðan gefa landsmenn honum konúngsnafn, ok er hann kallaðr Þórir konúngr hundsfótr, ok eru miklar sögur frá honum; hann var vinsæll, ok háði margar orrostur, ok hafði optarst sigr; sitr hann nú í ríki sínu um hríð.

30. Böðvar er heima með móður sinni; hún unni honum mikit; allra manna var hann gjörfugligastr ok fríðastr sýnum, ekki var hann mjök málkunnugr mönnum. Hann spýrr móður sína eitt sinn, hverr faðir hans væri; hún sagði honum liflát hans ok allan atburð, ok hvorsu hann varð fyrir ósköpum af stjúpmóður sinni.

Böðvar sagði: illt egu vèr þessu flagði at launa. Þá sagði hún honum, hvornin hún var neydd af drottníngu, at eta af bjarnarholdinu, ok þat sèr nú á bræðrum þínum, Þórir ok Elgfróða. Böðvar mælti: eigi þætti mér Fróða óskyldarr at hefna föður vors á þessu blauða<sup>1</sup> flagði, enn at drepa menn saklausa til fjár sèr ok gjöra illvirki, ok svá þótti mér Þórir fara undarliga í burt, at hann gjörði eigi skessu þessari nokkra áminning, ok vænti ek þat se bezt ráð, at ek [seti henni nokkra áminning<sup>2</sup> fyrir vora hönd. Bera mælti: stiltu svá til, at hún megi eigi fjölkýngi viðkoma, svá þik megi skaða; hann kvað svá vera skyldu. Eptir þat fara þau Bera ok Böðvar á konúngs fund, ok nú segir hún konúngi allt, hvornin háttat er, með ráði Böðvars, ok sýnir honum hrínginn, hvörn hún hafi tekit undan bógnum dýrsins, ok Björn sonr hans hafi áttan. Konúngr læzt at vísu kenna hrínginn: hefir mik nærsta grunat, at þetta mundi afhennar ráðum vera um kynstr þessi öll saman, sem hér hafa viðborit, en fyrir ástar sakir við drottníngu hefi ek látit kyrt vera. Böðvar mælti: lát hana nú í burt fara, ella munu vèr hefna á henni; konúngr kvaðst vilja bæta honum fe, eptir því, sem hann vildi, ok væri enn kyrt, ok gefa honum ríki til forráða ok jarlsnafn nú strax, en eptir sinn dauða konúngdóm, ok væri henni ekki gjört

<sup>1</sup>) v. í. L. <sup>2</sup>) gjöri henni minningar kost, L; s. h. nokkrar skriptir, B.

til meins. Böðvar kveðst ekki konúgr vilja vera, heldr kvaðst hann vilja með konúgi vera ok honum þjóna : ertu svá fánginn fyrir þessum óvætti, at þú heldr varla viti þínu nè réttum konúgdómi, ok skal hún hér aldrei þrifast uppfrá þessu. Böðvar var þá svá ólmr við at eiga, at konúgr þorði ekki at fást við hann. Böðvar gengr til skemmu drottníngar, ok hefir í hendi skreppu nokkra; konúgr fór á eptir ok móðir hans; en er Böðvar kom í skemmuna, snýr hann at Hvít drottníngu, ok setr belg skorpinn<sup>1</sup> á höfuð henni, ok dregr at hálsinum fyrir neðan; setti hann henni síðan vánhög, ok barði hana til heljar með ýmisligum þíngum, ok dró hana svá um öll stræti; þótti mörgum eða flestum þar innan hallar þetta ekki verra enn hálfneitt, en konúgi stórilla, ok gat ekki atgjört; lét Hvít drottníng svá sittarma líf; var Böðvar þá 18 vetra, er þetta var tíðinda. Litlu síðarr tekr Hríngr konúgr sótt, ok andast. Eptir þat tekr Böðvar þar við ríki, ok unír þar litla hríð; síðan stefnir hann þíng við landsmenn, ok talar þar á þínginu, at hann vill burtu fara, en hann gipti móður sína manni þeim, sem Val-sleitr<sup>2</sup> hét, hann var þar áðr jarl, ok sitr Böðvar í veizlunni, áðr enn hann ríðr.

31. Eptir þetta ríðr hann í burt einnsaman, ok ekki hefir hann með sér mikit gull nè silfr, nè aðra fjárhloti, nema hann er vel búinn at

<sup>1</sup>) skroppinn, C; stóran, L. <sup>2</sup>) UlHeitr, B; Valgautr, F.

vopnum ok klæðum; hann ríðr nú sínum góða hesti fyrst til hellisins eptir vísan móður sinnar; verðr sverðit laust, þá hann tekr til hjaltanna; þat fylgdi því sverði, at aldrei mátti því bregða utan þat væri mansbani; þat skyldi eigi undir höfuð leggja, ok eigi á hjalt reisa; eggjar<sup>1</sup> skyldi þrisvarsinum á allri, æfi sinni brýna<sup>2</sup>, [ok eigi mátti bregða annat skeið, svá var þat torsótt<sup>3</sup>; þenna mæta grip vildu þeir bræðr allir eiga. Böðvar sótti á fund Elgfróða, bróður síns; hann gjörði umgjörð at sverðinu af björk; ekki verðr tíðinda í ferð hans, fyrr enn hann kemr aptann dags at skála miklum, þar ræð fyrir Elgfróði. Böðvar leiðir inn hest sinn, ok þikist eiga at heimilu þat allt, er hann þikist þurfa. Fróði kemr heim um kveldit, ok rennir illa augum á hann; Böðvar ferr ekki at því, ok lætr hefjast við, svá hestarnir eigast ok illt við, ok vill hvorr reka annann af stallinum. Fróði tekr þá til orða: þetta er ofsamaðr mikill, er þorir at setjast hér inn at ólofi mínu; Böðvar lét slúta<sup>4</sup> höttinn, ok svarar öngu. Elgfróði stendr upp, ok bregðr skálminni, ok skellir síðan upp at heftinu, ok ferr svá tvisvarsinum; Böðvar bregðr sér ekki við; í þriðja sinn bregðr hann skálminni, ok stefnir nú at honum, ok hyggr hann, at sá maðr kunni ekki at hræðast, er kominn var; ætlar [nú hann skuli undir sér taka<sup>5</sup>; ok sem Böðvar sér, í hvört efni komit er, vill hann eigi lengr

<sup>1</sup>) eggja, F, J. <sup>2</sup>) þannig B, C, D; v. í A og hin. <sup>3</sup>) þat hét Laufr, F. <sup>4</sup>) síga, C, L. <sup>5</sup>) at kljúfa hann í herðar niðr, F.

bifa, stendr nú upp ok rennr undir hönd honum. Elgfróði var þess harðari undir höndum, ok eigast þeir við miklar sviptingar, ok þá ferr ofan hattr Böðvars, ok þá kennir Fróði hann, ok mælti: velkominn frændi! ok höfum við helzt lengi þessar sviptingar haft; ekki sakar enn til, segir Böðvar. - Elgfróði mælti: varligar mun þér þó enn, frændi! við mik at eiga, ef við skulum þat þreyta<sup>1</sup>, ok muntu hér enn aflsmunar kenna, ef við skulum eigast við, ok ekki hlífast við. Fróði bauð honum þar at vera, ok eiga allt hálf til við sik; Böðvar vill þat eigi, ok þótti honum þat íllt, at drepa menn til fjár sèr; hann ferr nú á burt eptir þetta. Fróði fór á leið með honum, ok segir honum þat, (at hann) hafi mörgum manni grið gefit, þeim er litlir voru fyrir sèr, ok við þat gladdist Böðvar, ok sagði, hann gjörði þat vel: ok flesta skyldir þú í friði láta fara, [þó þér þætti nokkut við þá<sup>2</sup>. Elgfróði segir: mér eru allir hlutir illa gefnir, en þat er þér eitt til<sup>3</sup>, at fara á fund Hrólf's konungs, því þar vilja allir vera hinir mestu kappar með honum, [því at stórlæti hans er miklu meira, rausn ok hugprýði, enn allra konunga annarra. Síðan tók Fróði ok stjakaði honum<sup>4</sup>; þá mælti Fróði: ekki ertu svá stærkr, frændi! sem þér hæfir; Fróði nam sèr blóð í kálfanum, ok bað hann drekka, ok svá gjörir Böðvar;

1) til lengðar, b. v. C. 2) ef ek reði, C. 3) frama, b. v. C.  
 4) v. i. C.



þá tók Fróði til hans í annat sinn, ok þá stóð Böðvar í sömu sporum; helzt ertu nú sterkr, frændi! sagði Elgfróði, ok vænti ek, at þér hafi komit at haldi drukkrinn, ok þú munt verða fyrirmaðr flestra um afl ok hreysti, ok um alla harðfengi ok drengskap, ok þess ann ek þér vel. Eptir þetta stó Fróði í bergit, er var hjá honum, allt til lagklaufa. Þá mælti Fróði: til þessa spors mun ek koma hvern dag, ok vita, hvat í sporinu er; mold mun verða, ef þú verðr sótt-dauðr, vatn, ef þú verðr sjódauðr, blóð, ef þú verðr vopndauðr, ok mun ek þá hefna þín, því ek ann þér mest allra minna<sup>1)</sup>.

32. Skiljast þeir nú, ok ferr Böðvar leið sína, til þess at hann kom til Gautlands, ok var Þórir konúngr hundsfótr eigi heima; þeir voru menn svá líkir, at hvorugan mátti þekkja frá öðrum, ok ætluðu landsmenn, at Þórir mundi heimkominn, ok er hann þar settr í háseti, ok þjónat jafnt sem konúngi at öllum hlutum, ok skipat í rekkju hjá dróttningu, því Þórir var kvongaðr. Böðvar vill eigi liggja undir þeirri blæju, sem hún hefir; þetta þótti henni undarligt, því hún hugði þat sannliga bónda sinn, en Böðvar sagði henni allt; hvornin háttat er; hún lét þá ekki á sér finna; ok svá breyttu þau hvörja nótt, ok skröfudust svá við, fram til þess Þórir kom heim, ok verða menn þá at þekkja, hverr maðrinn er. Verðr þá fagnaðarfundr með þeim bræðrum; segir Þórir, at öngum mundi hann

<sup>1)</sup> Þunng A, G; manna, lin.

svá öðrum trúa, at byggjanærri drottningusinni. Þórir bauð honum þar at vera, ok hafa til helminga við hann allt lausafé; Böðvar kveðst eigi vilja þat; Þórir bauð honum þá at fara með, sem hann vildi, eða fá honum lið; eigi vildi hann þat. Reið Böðvar á búrt, ok fór Þórir á leið með honum, ok skilja þeir bræðr með vináttu ok þó með leynd nokkri; ok er ekki sagt af ferðum hans, fyrr enn hann kemr fram í Danmörk, ok þartil hann á skamt til Hleiðargarðs.

33. Einn dag var væta mikil, ok verðr Böðvar votr mjök, ok mæðist fast hestrinn, ok gjörðist móðr undir honum, er hann reið mikit, en gjörðist geisiliga blautt ok þúngreitt; gjörðist mikit myrkr ok ofanfall á nóttinni; ok eigi finnr hann fyrr, enn hestrinn drepr fótum í hæð nokkra. Böðvar stígr af baki, ok leitast fyrir, ok skilr hann, at þar muni vera hús nokkut, ok finnr hann, at þar eru dyr á; hann lýstr á hurðina; þar gengr maðr út; Böðvar beiðist þar vistar um nóttina; húsbondinn sagðist ekki vísa honum burt á náttarþeli, [en hann væri ókunnugr<sup>2</sup>. Bóna þikir maðrinn vera mikilúðligr allt þat, er hann má ásjá. Þar er Böðvar um nóttina í góðum beinleika; hann spurði margt frá afreksverkum Hrólfs konungs eða kappa hans, eða hvorsu langt væri þángat. Nei, sagði karl, þángat er

<sup>1</sup>) ok má hér endast þessi þátr, b. v. B. <sup>2</sup>) einkanliga ef honum eru vegir ókunnugir, B.

nú allskamt, eða ætlar þú þáingat? já, sagði Böðvar, þat er ætlun mín; karl sagði, honum mundi þat vel hent, því ek sé þú ert mikill maðr ok sterkr, en þeir þikjast vera garpar miklir; ok við þetta grætr kelling hástöfum, þá þeir geta Hrólfs konúgs ok kappa hans í Hleiðargarði<sup>1</sup>. Hvat grætr þú fáráð kelling? segir Böðvar; kelling mælti: við karl minn áttum einn son, þann Hötrr hèt, ok einn dag fór hann til borgarinnar at skemta sér, en þeir glettust við hann konúgsmenninnir, ok þat stóðst hann illa; síðan tóku þeir hann ok settu í beina sorp; en þat er háttr þeirra um matmál<sup>2</sup>, ok svá sem af er ètit hvörju beini, þá kasta þeir til hans, fær hann af því stundum stór mein, ef á hann kemr, ok ekki veit ek, hvort hann er lífs eða dauðr; en þau laun vilda ek af þèr hafa fyrir minn beinleika, at þú kastaðir til hans minna beini heldr enn meira, ef hann er ekki dauðr útaf. Böðvar segir: ek skal gjöra eptir því, sem þú beiðir, ok ekki þikir mèr þat svá garpligt, at berja menn beinum eða hata börn eðr smámennti; þá gjörir þú vel, sagði kelling, því þín hönd sýnist mèr [sterklig, ok veit ek<sup>3</sup> víst, hann á öngan stað fyrir þínum höggum, ef þú vilt ekki hlífast við.

34. Síðan fór Böðvar leið sína til Hleiðargarðs, hann kemr til konúgs atsetu; Böðvar

<sup>1</sup>) þannig B, D, H, J, K, L; v. í F; Hleiðargarði, hér A og hin. <sup>2</sup>) máltíð, B. <sup>3</sup>) svá sterklig, at ek v., C.

leiðir síðan hest sinn á stall hjá konungs hestum hinum beztu, ok spyrr öngan at, gekk síðan inní höllina, ok var þar fátt manna; hann sezt utarlíga, ok sem hann hefir verit þar litla hríð, heyrir hann þrösk nokkut utar í hornit í einhvörjum stað; Böðvar lítr þángat, ok sèr, at mannshönd kemr upp úr mikilli beinahrúgu, er þar lá, höndin var svört mjök; Böðvar gengr þángat til, ok spyrr, hverr þar væri í beinahrúgunni; þá var honum svarat ok heldr óframlíga: Höttr heiti ek, Bökki<sup>1</sup> sæll<sup>2</sup>! Þvíertu hèr? segir Böðvar, eða hvat gjörir þú? Höttr segir: ek gjöri mèr skjaldborg, Bökki sæll! Böðvar sagði: vesall ertu þinnar skjaldborgar; Böðvar þrífr til hans, ok hnökkir honum burt úr beinahrúgunni. Höttr kvað þá hátt við, ok mælti: nú viltu mèr bana, gjör eigi þetta! svá sem ek hefi nú vel umbúist áðr, en þú hefir nú rótat sundrskjaldborg minni, ok hafða ek nú svá gjört hana háfa utan at mèr<sup>3</sup>, at hún hefir hlíft mèr við öllum höggum ykkar, svá ekkert högg hefir komit á mik lengi, en ekki var hún enn svá búin, sem ek ætlaði hún skyldi verða. Böðvar mælti: ekki muntu fá skjaldborgina gjörða lengr. Höttr mælti ok grèt: skaltu nú bana mèr, Bökki? Böðvar bað hann ekki hafa hátt, tók hann upp síðan, ok bar hann út úr höllinni ok til vatns nokkrs, sem þar var í nánd, ok gáfu fáir at þessu gæum,

<sup>1</sup>) hokki og Bökki, *smist, í C.* <sup>2</sup>) minn, *jafnan í L.* <sup>3</sup>) ok sterka, at ek var þar óhultr inni, *b. v. B.*

ok þvoði hann upp allan. Síðan gekk Böðvar til rúms, sem hann hafði áðr tekit, ok leiddi eptir sér Hött, ok þar setr hann Hött hjá sér, en hann er svá hræddr, at skelfr á honum leggr ok liðr, en þó þikist hann skilja, at þessi maðr vill hjálpa sér. Eptir þat kveldar, ok drífa menn í höllina, ok sjá Hrólfs kappar, at Hött er settr á bekk úpp, ok þikir þeim sá maðr hafa gjört sik ærit djarfan, er þetta hefir tiltekit. Íllt tillit hefir Hött, þá hann sér kunníngja sína, því hann hefir íllt eitt af þeim reynt; hann vill lifa gjarnan, ok fara aptr í beinahrúgu sína, en Böðvar heldr honum, svá hann náir ekki í burtu at fara, því hann þóttist ekki jafnberr fyrir höggum þeirra, ef hann næði þángat at komast, sem hann er nú. Hirðmenn hafa nú sama vanda, ok kasta fyrst beinum smám um þvert gólfít til Böðvars ok Hattar; Böðvar lætr, sem hann sjái eigi þetta. Hött er svá hræddr, at hann tekr eigi mat nè drukk, ok þikir honum þá ok þá, sem hann muni vera lostinn; ok nú mælti Hött til Böðvars: Bökki sæll! nú ferr at þer stór hnúta; ok mun þetta ætlat okkr til nauða<sup>1)</sup>; Böðvar bað hann þegja; hann setr við holan lófann, ok tekr svá við hnútunni, þar fylgir leggrinn með. Böðvar sendir aptr hnútuna, ok setr á þann, sem kastaði, ok rétt framan í hann með svá harðri svipan, at hann fékk bana; sló þá miklum ótta

<sup>1)</sup> bana, C.

yfir hirðmennina. Kemr nú þessi fregn fyrir Hrólf konúng ok kappa hans upp í kastalann, at maðr mikilúðligr sè kominn til hállarinnar, ok hafi drepit einn hirðmann hans, ok vildu þeir láta drepa manninn. Hrólfr konúgr spurðist eptir, hvort hirðmaðrinn hefði verit saklauss drepinn. Því var nærsta, sögðu þeir; komust þá fyrir Hrólf konúng öll sannindi hér um. Hrólfr konúgr sagði þat skyldi fjærri, at drepa skyldi manninn: hafi þið hér illan vanda upptekit, at berja saklausa menn beinum; er mér í því óvirðing, en yðr stór skömm, at gjöra slíkt; hefi ek jafnan ræðt um þetta áðr, ok hafi þið at þessu öngan gaum gefit, ok hygg ek, at þessi maðr muni ekki allítill fyrir sèr, er þèr hafi nú áleitit, ok kallið hann til mín, svá ek viti hverr hann er. Böðvar gengr fyrir konúng, ok kveðr hann listiliga. Konúgr spyr hann at nafni; Hattargriða kalla mik hirðmenn yðar, en Böðvar heiti ek. Konúgr mælti: hvörjar bætr viltu bjóða mér fyrir hirðmann minn? Böðvar segir: til þess gjörði hann, sem hann fèkk. Konúgr mælti: viltu vera minn maðr, ok skipa rúm hans; Böðvar segir: ekki neita ek, at vera yðarr maðr, ok munu við ekki skiljast svá búit, við Höttr, ok dveljast nærr þèr báðir, heldr enn þessi hefir setit<sup>1)</sup>, ellegar við förum burt báðir; konúgr sagði: eigi sè ek at honum sæmd, en ek spara ekki mat við hann. Böðvar gengr nú

<sup>1)</sup> er hnútan drap, b. v. B.

til þess rúms, sem honum líkaði<sup>1</sup>, en ekki vill hann þat skipa, sem hinn hafði áðr; hann kippir upp í einhvörjum stað 3 mönnum, ok síðan settust þeir Hött þar niðr, ok innarr í höllinni enn þeim var skipat. Heldr þótti mönnum ódælt við Böðvar, ok er þeim enn mesti þugi at honum.

35. Ok sem leið at jólum, gjörðust menn ókátir. Böðvar spyr Hött, hvörju þetta sætti; hann segir honum, at dýr eitt hafi þar komit tvo vetr í samt, mikit ok ógrligt, ok hefir vængi á bakinu, ok flýgr þat jafnan; tvö haust hefir þat nú hingat vitjat ok gjört mikinn skaða, á þat bita ekki vopn, en kappar konúngs koma ekki heim, þeir sem at eru einna mestir. Böðvar mælti: ekki er höllin svá vel skipuð, sem ek ætlaði, ef eitt dýr skal hér eyða ríki ok fè konúngsins; Hött sagði: þat er ekki dýr, heldr er þat mesta tröll. Nú kemr jólaaptann; þá mælti konúngr: nú vil ek, at menn seú kyrrir ok hljóðir í nótt, ok banna ek öllum mínum mönnum at ganga í nokkurn háska við dýrit, en fè ferr eptir því, sem auðnar, menn mína vil ek ekki missa; allir heita hér góðu um, at gjöra eptir því, sem konúngr bauð. Böðvar leyndist í burt um nóttina; hann lætr Hött fara með sér, ok gjörir hann þat nauðugr, ok kallaði hann sér stýrt í bana; Böðvar segir, at betr mundi takast. Þeir ganga í burt frá höllinni, ok verðr Böðvar at

<sup>1</sup>) ok var ætlat, b. v. C.

bera hann, svá er hann hræddr. Nú sjá þeir dýrit; ok því nærst æpir Höttr' slíkt, sem hann má, ok kvað dýrit mundu gleipa hann; Böðvar bað bykkjuna hans þegja, ok kastar honum niðr í mosann, ok þar liggr hann, ok eigi með öllu óhræddr; eigi þorir hann heim at fara heldr. Nú gengr Böðvar móti dýrinu; þat hæfir honum, at sverðit er fast í umgjörðinni, [ok nú fær hann brugðit umgjörðinni<sup>2</sup>, svá sverðit gengr úr slíðrunum, ok leggr þegar undir bægi dýrsins, ok svá fast, at stóð í hjartanu, ok datt þá dýrit til jarðar dauðt niðr. Eptir þat ferr hann þángat, sem Höttr liggr; Böðvar tekr hann upp, ok berr þángat, sem dýrit liggr dauðt; Höttr skelfr ákaft; Böðvar mælti: nú skaltu drekka blóð dýrsins; hann er lengi tregr, en þó þorir hann víst eigi annat; Böðvar lætr hann drekka tvo sopa stóra, hann lét hann ok èta nokkut af dýrs hjartanu; eptir þetta tekr Böðvar til hans, ok áttust þeir við lengi. Böðvar mælti; helzt ertu nú stærkr orðinn, ok ekki vænti ek, at þú hrædist nú hirðmenn Hrólfs konúngs; Höttr sagði: eigi mun ek þá hræðast, ok eigi þik upprá þessu; vel er þá orðit, Höttr félagi! (segir Böðvar), föru við nú til, ok reisum upp dýrit ok búum svá um, at aðrir ætli kvikt muni vera; þeir gjöra nú svá. Eptir þat fara þeir heim, ok

<sup>1</sup>) hástöfum, b. v. C. <sup>2</sup>) er hann vildi bregða því; Böðvar eggjar nú fast sverðit, ok þá brakar (bragðar) í umgjörðinni, B, C; b. v. D, E, J.



hafakyrnt um sik, ok veit enginn maðr, hvat þeir hafa iðjat.

36. Konúgr spyrr um morgunina, hvat þeir viti til dýrsins, hvort þat hafi nokkut þangat vitjat um nóttina; honum var sagt, at sè allt væri' heilt í grindum ok ósakat. Konúgr bað menn forvitnast, hvort enginn sæi líkindi til, at þat hefði heim komit; varðmenn gjörðu svá, ok komu skjótt aptr, ok sögðu konúngi, at dýrit færi þar, ok heldr geist, at borginni. Konúgr bað hirðmenn vera hrausta, ok duga nú hvörn eptir því, sem hann hefði hug til, ok ráða af óvætt þenna; ok svá var gjört, sem konúgr bauð, at þeir bjuggu sik til þess. Konúgr horfði á dýrit, ok mælti síðan: aunga sè ek för á dýrinu, en hverr vill nú taka kaup einn, ok ganga í móti því? Böðvar mælti: þat væri nærsta hrausts manns forvitnisbót?; Höttur félagi! rektu nú af þér illmælit þat, at menn láta, sem enginn krellr nè dugr muni í þér vera; far nú ok drep þú dýrit! máttu sjá, at enginn er allfúss til þess annarra; já! sagði Höttur, ek mun til þessa ráðast. Konúgr mælti: ekki veit ek, hvaðan þessi hreysti er at þér kominn, Höttur! ok mikit hefir um þik skipast á skamri stundu. Höttur mælti: gef mér til sverðit Gullinhjalta, er þú heldr á, ok skal ek þá fella dýrit, eða fá bana. Hrólfr konúgr mælti: þetta sverð er ekki berandi [nema þeim manni, sem bæði er góðr drengur

<sup>1</sup>) í kyrðum ok; *b. v. C.* <sup>2</sup>) ok segir þat sè stórhugaðr maðr, sem þat þorir at gjöra, *b. v. B.*

ok hraustr<sup>1</sup>; Hötrr sagði: svá skaltu til ætla, at mér sè svá háttat; konúngr mælti: hvat má vita, nema fleira hafi skipst um hagi þína, [enn sjá þikir<sup>2</sup>? en færstir menn þikjast þik kenna, at þú sèrt hinn sami maðr; nú tak við sverðinu, ok njót manna bezt, ef þetta er vel unnit! Síðan gengr Hötrr at dýrinu alldjarfliga, ok höggr til þess, þá hann kemr í höggfæri, ok fellr dýrit niðr dauðt. Böðvar mælti: sjáið nú, herra! hvat hann hefir tilunnit; konúngr segir: víst hefir hann mikit skipast, en ekki hefir Hötrr einn dýrit drepit, heldr hefir þú þat gjört; Böðvar segir: vera má, at svá sè; konúngr segir: víska ek, þá þú komst hér, at fáir mundu þínir jafningjar vera, en þat þiki mér þó þitt verk frækligast, at þú hefir gjört hér ahhann kappa, þar Hötrr er, ok óvænligr þótti til mikillar giptu; ok nú vil ek hann heiti eigi Hötrr lengr, ok skal hann heita Hjalti uppfrá þessu; skaltu heita eptir sverðinu Gullinhjalta; [ok endar hér þenna þátt af Böðvari ok bræðrum hans<sup>3</sup>.

### Hjalta þáttur.

37. Nú líðr á vetrinn ok þartil, sem berserkja Hrólfs konúngs er heim von. Böðvar spyrr Hjaltu um háttu berserkja; hann segir, at þat sè vandi þeirra, at gánga fyrir sérhvörn mann, er þeir koma heim til hirðarinnar, ok fyrst fyrir konúnginn, ok spyrja, ef hann teldist jafnsnjall þeim, en þá segir konúngurinn svá: vant er þat

<sup>1</sup>) nokkrum amlóða, L. <sup>2</sup>) þannig D, J; e. s. er, G; e. sjást má, F; er s. þ., A, E; G. <sup>3</sup>) v. í. B.

at segja, jafnhraustir menn sem þær eruð, þar sem þær hafid framit yðr í bardögum<sup>1</sup> ok blóðsúthellingum við ýmsar þjóðir svâvel í Suðrálfu heimsins, sem Norðrálfunni, ok svarar konúngr þessu þeim meirr af hugprýði, enn lítilmennsku, því hann þekkir sinni þeirra, (ok) þeir vinna konúnginum mikinn sigr ok mikit fê; þá gánga þeir þaðan, ok spyrja ens sama hvern mann, sem í höllinni er, en enginn þikist jafnsnjallr þeim. Böðvar segir: þat er lítit drengjaval hér er með Hrólfi konúngi, at ællir skuli bera bleyðiorð fyrir berserkjum. Nú hætta þeir þessu tali, ok hefir Böðvar nú verit eitt ár með Hrólfi konúngi, ok svâ kemr nú annar jólaaptann, at eitt sinn, at Hrólfr konúngr sat undir borðum, at spruttu upp dyr hallarinnar, ok gengu þar inn 12 berserkir, allir gráir af járnum<sup>2</sup>, svâ sem á eina<sup>3</sup> ísmöl sæi. Böðvar spyr Hjalta í hljóði, hvort hann þorir at reyna við einhvörn þeirra; já! sagði Hjalti, ekki við einn, heldr við alla, því ek kann ekki at hræðast, þótt ofrefli mitt sê mër á móti, ok ekki skal einn þeirra skelfa mik. Nú gánga berserkir fyrst innar eptir höllinni, ok sjá þeir<sup>4</sup>, at fjölgat hefir kapp Hrólfs konúngs, síðan þeir fóru heiman, ok hyggja vandliga at þeim komumönnum, ok [lízt þeim hann ekki lítill fyrir sér<sup>4</sup> annar þeirra, ok er

<sup>1</sup>) at hárum, B.    <sup>2</sup>) aðra, B.    <sup>3</sup>) at fólkit horfir á þá ok b. v. B.    <sup>4</sup>) lítast þeir þeim ekki litil fyrir sér vera, sérdeilis, B.

sagt, at þeim hafi brugðit nokkut undarliga við, þeim, sem fyrir þeim gekk. Nú gánga þeir eptir vanda innar fyrir Hrólfr konúng, ok spyrja hann sömu orða, sem þeir eru vanir; en konúngur svarar, sem honum þikur þar til horfa eptir vanda, ok gánga svá fyrir hvörn mann í höllinni, en seinast gánga þeir fyrir þá fèlaga, ok spyr sá, sem fyrir þeim er, Böðvar, hvort hann teldist jafnsnjallr horum. Böðvar segir, at hann teldist ekki jafnsnjallr, heldr<sup>1</sup> sniallari, hvat sem þeir reyndu, ok þyrfti hann ekki at jaga sik, sem aðra gyltu<sup>2</sup>, sá fúll merarson, ok stökkr fram á berserkinn ok undir hann, [þar hann var<sup>3</sup> í öllum herklæðunum, ok rekr hann niðr bölvat<sup>4</sup> fall, svá honum lá við beinbrot; Hjalti í annann stað leikr slíkt hit sama. Þá varð mikit óhljóð í höllinni, ok þótti Hrólfi konúngi horfast til stórs voða<sup>5</sup>, ef sínir menn dræpist niðr; hleypr hann úr hásetinu ok at Böðvari, ok biðr, at láta allt vera kyrt [ok í góðan máta<sup>6</sup>, en Böðvar segir, hann skuli lífit missa, nema hann telist sèr minni maðr; Hrólfr konúngur sagði, þat væri auðgjört, ok lét hann berserkinn svá upp standa; ok svá gjörði Hjalti eptir konúngs skipan. Settust menn síðan hvörr í sitt sæti, en berserkir í sín með þúngri áhyggju; taldi Hrólfr konúngur fyrir þeim miklar fortölur, at þeir mætti nú sjá þat, at eigi væri neitt svá

1) miklu, b. v. B. 2) bykkju, C; geit, L. 3) ok grípr hann þar, B. 4) mikit, C. 5) vandræðis, C. 6) v. í C.

ágætt, sterkt eða stórt, at ekki mætti þvílíkt finna : fyrirbýð ek ykk, at vekja nokkr vandræði í minni höllu, en ef þið bregðið út af þessu, þá skal þat gilda ykkar líf, en verið sem ólmastir, þá ek á við óvini mína at skipta, ok vinnið svá til heiðrs ok sæmdar ; hefi ek nú þat kappaval, at ek þarf ekki uppá yðr at synjast. Allir gjörðu góðan róm á máli konúngs, ok sættust svá allir heilum sáttum, ok var svá skipat mönnum í höllinni, at Böðvar var mest metinn ok haldinn, ok sat hann upp á hægri hönd konúnginum ok honum nærst, þá Hialti enn hugprúði, ok gaf konúngr honum þat nafn ; því mátti hann hugprúðr heita, at hann gekk hvern dag með hirðmönnum konúngs, sem hann lèku svá út, sem fyrr var frá sagt, ok gjörði þeim ekkert grand, en var nú orðinn miklu meiri maðr, enn þeir, en konúngi þótti vorkunn, þótt hann hefði gjört þeim nokkra minning, eða drepit einhvern þeirra ; en til vinstri handar konúngi sátu þeir bræðr þrír : Svipdagr, Hvítserkr ok Beigaðr<sup>1)</sup>, svá voru þeir orðnir mikilsháttar, ok þa 12 berserkir ok annat drengjaval svá, á báðar síður um allan kastalann, sem hér eru eigi nefndir. Lèt konúngrinn þessa sína menn fremja allskyns leika ok listir, með allra handa gamni ok skemtun, ok reyndist Böðvar allra mestr hans kappa, hvat sem<sup>2)</sup> reyna þurfti, ok

<sup>1)</sup> þannig B, F, J ; Beigaðr eða Beigaldi, D ; Beigaldi, hér A, E, G, H ; Beigaldr, C. <sup>2)</sup> prófat var ok, b. v. B.

í svá miklar virðingar komst hann hjá Hrólfi konungi, at hann eignaðist hans einkadóttur, Drífu; ok leið nú svá fram um stund, [at þeir sitja at sínu ríki, ok eru allra manna frægastir].

At Aðels Uppsala konungi, ok Svíþjóðar ferð Hrólfs konungs ok kappa hans<sup>2</sup>.

38. Þat er nú sagt einhvern dag, at Hrólfr konúgr sat í sínum konúngliga sal, ok allir hans kappar ok stórmenni hjá honum, ok at hann hêlt eina kostuliga veizlu. Nú sêr Hrólfr konúgr á báðar hendr, ok mælti: mikit ofrefli er hêr saman komit í eina höll; þá spurði Hrólfr konúgr Böðvar, hvort hann vissi nokkurn konúng slíkan sem hann, ok stýri slíkum köppum. Böðvar segist eigi vita: en einn hlutr er sá, at mér þikirk hnekkja yðar konúngligri tign; Hrólfr konúgr spurði, hvörr hann sê. Böðvar mælti: þat skortar yðr, herra! at þer heimtið ekki föðurarf yðar til Uppsala, er Aðels konúgr, mágr yðar, sitr yfir með röngu. Hrólfr konúgr segir, at torsókt muni eptir því at leita, því Aðels er ekki maðr einfaldr, heldr fjölkunnugr, slægvitr, kyndugr, klókr, grimmúðigr ok enn versti við at eiga. Böðvar segir: þó sómir yðr, herra! at leita eptir yðrum hlut, ok finna Aðels konúng eitthvert sinn, ok vita, hvörninn hann svarar þessu máli. Hrólfr konúgr sagði: mikill

1) at ekki bar til tíðinda, C; ok endast hêr öldúngis frá Böðvari, vá ok líka þátr Iljalta hins hugprúða, b. v. D. 2) þannig, B.

málstaðr er þetta, sem þú vekr upp, því þar egum vèr eptir föðurhefndum at leita, [er Aðels konúgr enn ágjarni ok prettvísi er, ok skulum vèr' á hætta; ekki mun ek þat lasta, segir Bödvar, at reyna um sinn, hvat þar er fyrir, er Aðels konúgr er.

39. Hrólfr konúgr býst nú til ferðar sinnar með 100 manna, ok auk kappar hans 12, ok berserkir 12. Ekki er sagt frá ferðum þeirra, fyrr enn þeir koma til eins bónda; hann stóð úti, er þeir komu, ok bauð þeim öllum þar at vera. Konúgr sagði: þú ert hraustr maðr, eða hefir þú nokkr efni til þess, því vèr erum eigi svá fáir saman, ok er þat ekki smábónda at taka við oss öllum; hann hló ok mælti: -já, herra! sagði hann, sèt hefi ek menn stundum ekki færri koma, þar sem ek hefi verit, ok ekki skal yðr skorta drykk, nè svá annat, nætrlangt, eða þat, sem þer þurfið at hafa; konúgr segir: þá munum vèr á þetta hætta. Varð bóndi glaðr við þetta; eru nú teknir hestar þeirra, ok unninn þeim beinleiki. Hvert er nafn þitt, bóndi? sagði konúgr; Hrana kalla mik sumir menn, sagði hann. Þar er svá beint, at varla þikjast þeir hafa komit í beinnra stað, ok er bóndi allkáttr, ok þess spyrja þeir hann einskis, at hann kynni eigi úr öllu at leysa, ok

<sup>1)</sup> ok er þat vor sæmd, at heinta þenna arf með stríði ok manndrápi; er Aðels k. hinn ágjarnasti, drámsamasti ok prettvísasti, ok skulum vèr þó, B,

þikir honum hann vera enn óheimskasti; tóku nú á sik svefn; ok er þeir vöknudú, kól þá svá, at þeim hristust tennr í höfði, ok hrukku upp allir saman; ok báru á sik klæði ok allt þat, sem til fækst, nema kappar Hrólfs konúngs, þeir hlíttu þeim klæðum, sem áðr höfðu þeir; alla kól þá um nóttina. Þá spurði bóndi: hvorsu hefir ykkur sofnast? Böðvar svarar: vel, segir hann<sup>1</sup>. Þá mælti bóndi við konúng: veit ek, at hirðmönnum þínum þikir heldr svalt<sup>2</sup> hafa verit í skálanum í nótt, ok þat var svá, ok ekki mega þeir ætla sér at standast þær þrautir, er Aðels konúngr at Uppsölum muð reyna við yðr, er þeim þótti þetta svá erfiðt, ok sendtu heim, herra! hálf t lið þitt, ef þú vilt halda lífinu, því ekki muntu með fjölmenni sigrazt á Aðels konúngi. Mikill ertu fyrir þær, bóndi! sagði konúngr, ok þetta skal ráð hafa, sem þú leggr til. Fara nú leið sína, þá þeir eru búnir, ok biðja bónda vel lifa, en konúngr sendir aptr helmíng liðs síns; ríða nú leið sína, ok þegar<sup>3</sup> verðr annar bær fyrir þeim lítill; hér þikjast þeir kenna enn sama bónda, sem þeir höfðu áðr hjá gist; þeim þikir nú undarlíga við bregða; tekr bóndi enn vel við þeim, ok spyr, því þeir komi svá opt. Konúngr svarar: vèr vitum varla, hvörjum brögðum vèr erum beittir, ok máttu heita rættir bragðakarlar. Bóndi segir: eigi skal enn

<sup>1</sup>) Bóndi spyr konúnginn, hvörmin hann hefði sofit; konúngr segir: vel, *b. v. B.* <sup>2</sup>) vindsvalt, *C.* <sup>3</sup>) sem kvöldaði, *B.*



illa við yðr taka. Þar eru þeir þá nótt aðra í góðum beina, ok tóku svefn á sik, ok vögnuðu við þat, at þorsti var svá mikill kominn á þá, at þeim þótti nálíga óbæriligr, svá þeir gátu varla hrært tunguna í höfði sér; þeir stóðu upp, ok fóru þángat til, sem skaptker eitt stóð með vín, ok drukku þar úr. Um morguninn mælti Hrani bóndi: enn er svá komit, herra! at þér hlýði mér, ok þikir mér lítil þol í þeim mönnum, sem drekka verða um nætr; meiri raun munu þér verða at þola, þá þér komið til Aðels konúngs. Lusti þá á miklu illviðri, ok sitja þeir þar þann dag, ok kemr nóttin þriðja; en um kveldit var gjörðr eldr fyrir þeim, ok þótti þeim helzt heitt um hönd, sem við eldin sátu; flestir flúðu úr því rúmi, sem Hrani bóndi hafði skipat þeim, ok stukku allir frá eldinum út, utan Hrólfr konúngr ok kappar hans. Bóndi mælti: velja megi þér, herra! úr liðinu enn, ok er þat mitt ráð, at ekki fari nema þér, ok kappar yðar 12, ok er þá nokkr von, at þér komið aptr, en engin ellegar; svá lízt mér á þik, bóndi! sagði Hrólfr konúngr, sem vèr munum hafa ráð þín. Eru þeir þar 3 nætr; ríðr konúngr þaðan við enn tólfta mann, en sendi aptr allt sitt lið annat. Aðels konúngr hefir njósn af þessu, ok kallaði þat vel, at Hrólfr konúngr vildi hann heim sækja, því hann skal hínгат víst erindi hafa, svá frásagnar skal þíkja vert, áðr enn við skiljum.

40. Eftir þetta ríðr Hrólfr konúgr ok kappar hans til hallar Aðels konúgs, ok flykkist<sup>1</sup> allr borgarmúgr upp í hina hærstu turna borgarinnar, at sjá prýði Hrólfs konúgs ok kapp hans, því þeir voru búnir skartsamliga, ok þikir mörgum mikils um vert um svá kurteisa riddara; þeir ríða fyrst seint ok ríkmannliga, en þá er þeir áttu skamt til hallárinna, þá létu þeir hestana kenna spora, ok hleyptu þeim at höllinni, svá at allt stökk undan þeim, sem fyrir þeim varð. Aðels konúgr lætr fagna þeim vel með allri blíðu, ok bauð, at láta taka hesta þeirra. Bøðvarmælti: hyggið svá til, sveinar! at hvorki bregði lagi sínu toppr nè tagl í hestunum, ok gætið þeirra vel, ok geymið hugalt, at eigisaurgist þeir! Þetta var þegar sagt Aðels konúgi, hvat vandliga þeir hefði fyrirmælt um hestageymsluna; hann sagði: harla mikit er um ofstopa þeirra ok dramb; hafið nú mitt ráð, gjörið sem ek býð: höggið úr rófurnar nær föllum við rass<sup>2</sup> upp, ok skerið úr toppana, svá þar fylgi með ennileðrit, ok leikið þá út sem háðugligast í öllu þið getið, nema látið þá tóra at eins. Þá er þeim fylgt at hallardyrum, en eigi kemr Aðels konúgr í augljós. Þá mælti Svipdagr: mér er kurnugt hér fyrir, ok mun ek gánga inn fyrstr, því mér er hinn mesti grunr á, hvörn in við oss mun tekit, eða fyrir mun búit; gjörum ekki orð á, hverr Hrólfr konúgr er, svá Aðels

<sup>1</sup>) fylkist, C.    <sup>2</sup>) lend, C.

konúngr þekki hann ekki úr flokki vorum; gekk þá Svipdagr undan öllum, ok þeir bræðr hans eptir honum, Hvítserkr ok Beigaðr<sup>1</sup>, ok þá Hrólfr konúngr ok Böðvar<sup>2</sup>, ok svá hverr eptir öðrum, var þá ekki við sveina at metast, því horfnir voru þeir, sem þeim buðu til hallarinnar. Þeir höfðu hauka sína sèr á öxlum, ok þótti þat mikil prýði í þær mundir; en Hrólfr konúngr átti þann hauk, er Hábrók hét. Svipdagr gengr nú undan, ok gætir vandliga at öllum hlutum; hann sèr mikla umbreytíng á víða; komust þeir yfir svá marga ófæru, sem fyrir þá var sett, at eigi er hægt at greina, ok var þess erfíðar, sem innarr dró í höllina. Ok nú komast þeir svá langt í höllina allt þángat til þeir sjá, hvar Aðels konúngr rembist<sup>3</sup> í hásetinu, ok þikir hvorutveggjum mikils umvert, at hvorir sjá aðra, þó sjá þeir, at ekki er auðvelt enn, at ganga fyrir Aðels konúng, en þó eru þeir komnir hvorr svá nær öðrum, at skiljast má tal þeirra. Þá tók Aðels konúngr til orða: ok þú ert nú kominn hér, Svipdagr, fèlagi! eða hvert mun erindit kappans? eða mun ekki vera sem mér sýnist:

Dalr er í hnakka,

auga er úr höfði,

ör er í enni,

[högg eru á hendi tvö<sup>4</sup>;

<sup>1</sup>) þannig fleirst; Beigaði, A, E, G.    <sup>2</sup>) ok Hjalti, b. v. C.

<sup>3</sup>) rundist, B.    <sup>4</sup>) högg eru tvö á höndum, L.

ok svá er Beigaðr, bróðir hans, allr hnýttr. Svipdagr mælti svá hátt, at allir máttu heyra: nú vil ek þau grið af þér þiggja, Aðels konúngr! eptir því, sem ek átti skilit af yðr, fyrir þá 12 menn, sem hér eru samankomnir. Aðelskonúngr svarar: ek vil játa þessu, ok gáangið inni höllina skjótt ok skörugliga með öruggu hjarta. Þat þikjast þeir skilja, at tálgrafir eru gjörðar um höllina fyrir innan þá, [ok mun eigi frítt at reyna, hvörninn fyrir er búit, en svá mikil dimma var yfir Aðels konúngi, at þeir sáu óglögt í andlit honum; þat sjá þeir ok, at tjöldin, sem í kríngum höllina eru innan henni til prýðis, eru frambrotin, ok muni þar menn vera undir með vopnum; þetta var orða<sup>1)</sup> sannara, at þar þusti brynjaðr maðr undan hvörju skauti, þá þeir höfðu komist yfir grafirnar, ok gjörði Hrólfr konúngr ok kappar hans þar ena hörðustu hríð, ok klufu fólkit í tennr niðr; fór svá um stund, ok kennist ekki Hrólfr konúngr, hvar hann er, en fólkit féll niðr öndvörpum<sup>2)</sup>. Aðels konúngr þrútnar nú í hásetinu, þá hann sèr, at Hrólfs kappar brytja niðr sitt lið, sem aðra hunda, ok sèr hann, at ekki mun duga svá leikit, stendr upp ok mælti: hvörju gegnir þetta hit mikla hark? ok eru þetta enu mestu mannfýlur, hvat þér takið til bragðs, at þér látizt leita á þvílíka afburðamenn, sem oss hafa heimsókt, ok

1) v. i. C. 2) orðum, C, D; orði, hin. 3) hrönum, B.

hættið skjótt, ok setlzt niðr, ok tókum á oss fagnað, Hrólfr mágr! allirsamt. Svipdagr mælti: lítt haldi þér enn gríðin, Aðels konúgr! ok fremdarlauss ertu í þessu. Setjast þeir síðan niðr eptir þat, Svipdagr inst, þá Hjalti hinn hugprúði, en Böðvar sitr saman ok konúgr, því þeir vildu eigi, at hann væri kendr. Aðels konúgr sagði: þat sè ek, at þið farið ekki at mannvirðingu í ókunnu landi, eða því hefir Hrólfr mágr ekki fleira lið? Svipdagr sagði: þat sè ek, at þú sparir ekki at sitja á svikráðum við Hrólfr konúng ok menn hans, ok eru þar lítil undr, hvort hann riðr hringat fámennr eða fjölmennr, ok skildu þeir svá tal sitt.

41. Eptir þat lét Aðels konúgr ræsta höllina; voru þá í burtu bornir hinir dauðu, því margr var drepinn af Aðels konúngs mönnum, en fjöldi sárr orðinn. Aðels konúgr mælti: gjörum nú lánghelda fyrir vinum vorum, ok veitum af alvöru<sup>1</sup> slíkum mönnum, svá at oss líki öllum vel; eru nú menn fengnir til at kinda upp eldinn fyrir þeim. Hrólfs kappar sátu ávalt með vopnum sínum, ok vildu aldrei þau af höndum láta. Eldrinn tundraði skjótt, því þar var ekki tilsparat biki<sup>2</sup> ok þurrum skíðum. Aðels konúgr skipar öðrumegin eldsins sér sjálfum ok hirðmönnum sínum, en Hrólfi konúngi ok

<sup>1</sup>) alúð, C. <sup>2</sup>) leini, B.

köppum hans öðrumegin, ok sitja á lánstólum. hvorutveggju, ok talast við alllíkliga sín á millum. Aðels konúgr mælti: ekki er ofsögum sagt af hreysti ykkar Hrólfs kappa ok harðfengi, enda þikist þér hvörjum meiri, ok er ekki logit af mætti yðar; aukið nú eldana! sagði Aðels konúgr, því ek skil eigi glögt, hvat konúgrinn er, ok munu þér eigi flýja eldinn, þótt ykkur megi nokkut volgna; ok svá var nú gjört, sem hann sagði fyrir, ok vildi svá verða vís, hvar et Hrólfr konúgr væri, því hann þóttist vita, at hann mundi eigi geta staðist hitann<sup>1</sup>, svá sem kapparnir, ok þótti sér þá mundu verða auðveldara at ná honum, er hann vissi, hvar hann var, því hann vildi Hrólfr konúgr sannliga feigan. Bóðvar skildi þetta, ok svá þeir fleiri, ok hlífðu honum nokkut við hitanum, sem þeir máttu, en eigi svá, at hann yrði kendr at heldr. Ok sem eldrinn gekk at þeim fastast, þá ætlar Hrólfr konúgr þat fyrir sér, at minnst þess, er hann hafði áðr heitit, at flýja hvorki eld né járn, ok sér hann nú, at Aðels konúgr vill raun til þess gjöra, at þeir brenni þar, eða ella [efni eigi<sup>2</sup> heitstrenging sína. Þat sjá þeir, at stóll Aðels konúgs er komint [allt útúr hallar veggnum<sup>3</sup>, ok svá manna hans; nú gengr<sup>4</sup> fast at eldsneytit, ok sjá þeir, at bruninn fellr á þá, nema nokkut sé viðgjört; eru nú bruninn mjök á

<sup>1</sup>) brunann, *F.*   <sup>2</sup>) gjöri, *B.*   <sup>3</sup>) utar at hallar dyrunum, *B.*  
<sup>4</sup>) eldrinn mjök nærri þeim, ok gengr, *b. v. B.*

þeim klæðin, ok kasta þeir þá skjöldunum á eldinn; þá mæltu þeir Böðvar ok Svipdagr:

Aukum nú eldana

at Aðels borg<sup>1</sup>.

Þreif þá sinn mann hvorr þeirra, þá sem haldit höfðu upp eldunum, ok fleygðu þeim út á eldana, ok mæltu: njótið nú verms af eldinum fyrir handaverk ykkar ok erfiði, því vèr erum nú fullbakaðir, bakið ykkur nú, því þið voruð svá iðnir<sup>2</sup> at um stund, at elda fyrir oss; Hjalti þrifr hinn þriðja, ok fleygir honum á eldinn á sinum enda, ok svá hvörjum þeirra, sem eldana æstu, þar brunnu þeir til ösku, ok varð þeim ekki bjargat, því enginn þorði svá nær at koma. Eptir þetta unnit, tekr Hrólfr konúgr til orða:

Ei flýr sá eldinn,

sem yfir<sup>3</sup> hleypr.

Ok eptir þetta stikla þeir allir yfir eldinn, ok ætla nú at Aðels konúgi ok taka hann höndum; ok sem Aðels konúgr sèr þetta, forðaði hann sèr, ok hljóp at trènu, sem stóð í höllinni, ok var þat holt innan, ok svá komst hann úr höllinni með fjölkýngi sinni ok göldrum; ok svá kemr hann í sal Yrsu drottningar, ok finnr hana at máli, ok tekr hún á honum hrakliga, ok mælir mörgum stórum orðum við hann: þú læzt fyrst drepa bónda minn, Helga konúg, sagði hún, ok níddist á honum, ok heldr fènu fyrir þeim, sem átti, ok nú á svá gjört ofan

<sup>1</sup>) konúgi, B, C; mönnum, F. <sup>2</sup>) ólmir, C. <sup>3</sup>) stökkr eðr, b. v. B.

viltu drepa son minn, ok ertu maðr miklu verri ok grimvari, enn nokkrir aðrir; nú skal ek alls viðleita, at Hrólfr konúgr nái fenu, ok muntu hljóta af óvirðing, sem makligt er. Aðels konúgr sagði: þann veg mun hér fara, at hvorugir munu trúa öðrum, mun ek ekki koma í augsyn þeirra hëðan ífrá; eptir þat skilja þau talit.

42. Gengr Yrsa drottning þá á fund Hrólfs konúgs, ok fagnar honum afarvel; hann tekr ok vel kveðju hennar; hún fær til mann<sup>1)</sup> at þjóna þeim, ok gjöra þeim góðan beina; ok sem þessi maðr kom fyrir Hrólfr konúgr, þá mælti hann: Þunnleitr<sup>2)</sup> er þessi maðr, ok nokkr kraki í andlitinu, eða er þetta konúgr yðarr? Hrólfr konúgr mælti: nafn hefir þú gefit mér, þat sem við mik mun festast, eða hvat gefr þú mér at nafnfesti? Vöggr svaraði: alls ekki hefí ek til, þvfat ek em félauß. Konúgr mælti: sá hlýtr þá at gefa öðrum, sem til á; hann dregr þá gullhring af hendi sér, ok gefr þessum manni. Vöggr mælti: gef þú allra manna heilastr, ok er þetta hin mesta gersemi; ok sem konúgr fann, at honum þótti mikils umvert, mælti hann: litlu verðr Vöggr feginn. Vöggr mælti, ok sté uppá stökk öðrum fæti: þess strengi ek heit, at ek skal þín hefna, ef ek lifi lengr, ef þú verðr af mönnum sigraðr. Konúgr svarar: vel ferr þèr, segir hann, en þó væri ekki til aðrir óvænni, enn þú. Þat skilja þeir, at þessi maðr muni

<sup>1)</sup> þannig hin, menn, A. <sup>2)</sup> þungleitr, B.



vera hollr ok trúr í því hinu litla, sem hann má, en lítills hyggja þeir hann muni orka mega, því maðrinn var auðvirðiligr; nú leynast þeir ekki fyrir honom; síðan ætluðu þeir at sofa, ok þóttust þeir vita, at þeir mundu mega liggja óhræddir í þeim herbergjum, sem drottning hafði fengit þeim. Böðvar mælti: veler hér fyrir oss búit, ok vill drottning oss vel, en Aðels konúngr vill oss svá mikit illt, sem hann má, þiki mér mikit, ef vèr verðum at hafa svá búit. Vöggr segir þeim, at Aðels konúngr sè enn mesti blótmaðr, svá ekki finst dæmi til, blótar hann einum gölt, ok skil ek ekki, at slíkr óvinr megí verða, ok veri þèr varir um yðr, því hann leggr þar allt kapp á, at fyrirkoma ykk með einhvörju móti. Meiri von þiki mér, segir Böðvar, at hann muni muna oss þat, hvörninn hann stökk úr höllinni fyrir oss í kveld; svá skulu þèr tilætla, segir Vöggr, at hann muni slægr ok grimmúðigr.

43. Þeir sofna eptir þat, ok vakna við, at gnýr svá mikill er úti at heyra, at undir allt tekr, ok skjálfa þótti húsit, sem þeir láu í, svá sem alsolla<sup>1</sup> léki. Vöggr tók þá til orða: nú mun galtinn<sup>2</sup> kominn á gáang, ok mun sendr til hefnda við ykk af Aðels konúngi, ok er þat svá mikit tröll, at öngir mega þat standast. Hrólfr konúngr átti einn hund mikinn, er Gramr hét, hann

<sup>1</sup>) þannig A, E, F, G; á sollu, B.; á þræði, C, D, H; á hjóli, J; á als oddi, L. <sup>2</sup>) gúltrinn, hin.

var með þeim, hann var mjök frábærr at hreysti ok sterkleik. Því nærst kemr þar inn tröll í galtarlíki, ok lætraumlíga í þvílla trölli. Böðvar sigarhundinum á göltinn, ok lætr hann sér ekki bilt verða, ok ræðst í móti geltinum; þar verðr nú atgánger harðfengr. Böðvar veitir hundinum lið, ok höggr til galta, en aldrei bítr á hans hrygg; svá er hundrinn Gramr harðr, at hann rífr hlustirnar af galtaum, ok þar með alla kinnfylluna, ok er þat allt í senn, at göltrinn<sup>1</sup> ferr þar niðr, sem hann er kominn; ok þá kemr Aðels konúgr at húsinu með mikit fjölmenni, ok slær þegar eld í húsit; ok við þetta verða þeir Hrólfir konúgr varir, at eigi mun þá enn<sup>2</sup> skorta eldneytit. Böðvar mælti: illr dauðdagi er þetta, ef vèr skulum hær inni brenna, ok kjöra ek heldr at falla fyrir vopnum á slöttum velli, ok ill verða þá æfilok Hrólfis konúgs, ef svá skal tilgánga; sè ek nú ekki annat ráð vænna, enn gánga svá fast á, at undan gáangi þilin, ok brjótumst vèr svá burt úr húsinu, ef þat má leikast, en þat var þó ekki barnaspil, húsit var rammyggilíga smíðat, ok hafi svá hverr mann fyrir sér, er vèr komum út, ok munu þeir þá enn skjótt blotna; þetta er þjóðráð, segir Hrólfir konúgr, ok þetta mun oss fullvel duga.

44. Nú taka þeir þetta til ráðs, at þeir hlaupa á þilin svá hart ok heimslíga<sup>3</sup>, at þau brotna í sundr, ok komast svá út; er þá al-

1) féll ok, b. v. B. 2) skemta nð, b. v. B. 3) hraustlíga, J.

þakit stræti borgarinnar af brynjuðu-fólki; tekst þar þá enn harðasti bardagi með þeim, ok gengr Hrólfr konúgr ok kappar hans grimmliga fram; verðr mjök rírt fyrir þeim liðit, mæta þeir aldrei neinum svá stoltum nè dramblátum, at ekki verði at krjúpa fyrir þeirra stórum höggum. Ok í þessum harða bardaga kemr haukr Hrólfs konúgs fljúgandi úr borginni, ok sezt á öxl Hrólfs konúgs, svá látandi, svá sem hann egi miklum sigri at hrósa; Böðvar mælti: svá lætr hann nú, sem hann hafi nokkurn frama unnit. Sá maðrskundaði til eins lopts, sem haukana átti at annast, ok þeir voru ígeymdir, ok þikir honum undarligt, at haukr (Hrólfs) konúgs er í burtu, en hann finnr dauða alla hauka Aðels konúgs. Lýkr með því bardaganum, at þeir drepa þarfjölda manna, ok stendst eigi neitt fyrir þeim; en Aðels konúgr [er þá horfinn<sup>1</sup>, ok eigi þikjast þeir vita, hvat af honum er orðit<sup>2</sup>. Þeir biðja sér griða, sem uppi standa af mönnum Aðels konúgs, ok veita þeir þeim þat. Eptir þetta ganga þeir til hallar, ok inn í höllina djarfliga; þá spyrr Böðvar, á hvorn bekk Hrólfr konúgr vill sitja; Hrólfr konúgr svarar: á konúgpallinn sjálfan skulum vèr setjast, ok mun ek setjast í öndvegi. Aðels konúgr kom eigi í höllina, ok þóttist hann þúngt af biða, ok mikla smán hafa fengit, hvorra bragða sem hann leitaði. Þeir

<sup>1</sup>) stenzt ekki, ok flýr þá í burtu, B. <sup>2</sup>) ok lyktar nú með því bardaganum, b. v. B.

sátu nú um hrifð með hvíld ok ró. Þá mælti Hjalti hinn hugprúði: mun ekki ráð, at einhverr vitli hesta vorra, ok vita, hvort þær kortir eigi þat, sem þeir þurfa við; ok nú var svá gjört; en þegar sá kom aptr, sagði hann hestana háð-ugliga útleikna ok skammfæra<sup>1</sup>, ok sagði frá, hvörnir þeir voru útleiknir, svá sem fyrr var sagt; ekki gaf Hrólfr konúgr sik at þessu, nema hann sagði, at allt færi á einn veg fyrir Aðels konúgi. Nú kemr Yrsa drottning í höllina, ok gengr fyrir Hrólfr konúng, ok kvaddi hann með list ok prýði; hann tók vel kveðju hennar. Hún mælti: eigi er þér svá fagnat, frændi! sem ek vildi, ok vera ætti, ok eigi skaltu hær lengr dveljast, son minn! í slíkum ófagnaði, þvíat liðsdráttur er mikill um allt Svíaveldi, ok ætlar Aðels konúgr at drepa yðr alla, sem hann hefir viljat fyrir löngu, hefði hann því fram komit, ok hefir nú meira mátt auðna þín, enn tröllskapr hans; ok nú er hær eitt silfrhorn, sem ek vil fá þér, ok varðveittir eru í allir hinir beztu hríngar Aðels konúngs, ok sá einn, er Svíagrís heitir, ok honum þikir betri enn allir aðrir, ok þar með fær hún honum mikit gull ok silfr í öðru lagi; þetta fé var svá mikit allt saman, at varla kunri einn<sup>2</sup> at virða. Vöggr var þar viðstaðdr, ok þiggr mikit gull at Hrólfi konúgi fyrir sína dygduga þjónustu. Drottning lætr leiða fram hesta 12, alla rauða at lit, nema

<sup>1</sup>) skammfærða, J; v. i C, F. <sup>2</sup>) v. i C.

einn, sá var hvítr sem snjór, þeim skyldi Hrólfr konúgr ríða; þessir voru þeir, sem beztr eyndust af öllum Aðels konúgs hestum; allir albrynjaðir; hún fékk þeim skjöldu ok hjálma ok herklæði, ok önnr góð klæði, sem beztr fundust, því eldrinn hafði áðr spilt þeirra klæðum ok vopnum; alla hluti fékk hún þeim stórkostuliga, þá sem þeir þurftu at hafa. Hrólfr konúgr mælti: hvort hefr þú fengit mér þvílíkt<sup>1)</sup> fè, sem ek átti at rétta, ok faðir minn hafði átt? hún segir: mörgum hlutum er þetta meira, enn þú áttir at heimta, ok hafi þer hér mikinn frama unnit ok þinir menn; búið yðr nú sem beztr, svá eigi megí á yðr gánga, því þer munuð enn reyndir verða. Eptir þetta stigu þeir á hesta sína. Hrólfr konúgr mælir ástsamliga til móður sinnar, ok skilja þau með hlíðu.

45. Hrólfr konúgr ok kappar hans ríða nú leið sína ofan frá Uppsölum, ok þar um, sem heitir á Fýrisvöllum, ok sá Hrólfr konúgr, at gullhríngr mikill glóaði í götunni fyrir þeim, ok glumraði við, er þeir ríða yfir hann; því gellr hann svá hátt, sagði Hrólfr konúgr, at honum þikir íllt<sup>2)</sup> einsömlum, ok rennir hann af sér gullhríngnum ok í götuna til hins, ok mælti: þat skal fyrirberast, at ek taki ekki upp gull, þótt á götu liggi, ok sé enginn minna manna svá djarfr, at hann taki upp; því er honum hér kastat, at hann skuli hepta ferð vora; þeir

<sup>1)</sup> annat þvílíkt, eðr þat, B. <sup>2)</sup> langt, C.

hétu honum því, ok í því heyra þeir lúðragang<sup>1</sup> um allar áttir; þeir sjá ógrynni liðs fara eptir sèr; þetta lið ferr svá geist, at hverr hleypir slíkt allt, er hans hestr má aftaka. Þeir Hrólfur konúgr ríða rétt áfram et sama. Böðvar mælti: Þessir sækja hart eptir, ok víst vilda ek, at nokkrir hefði erindi, ok þeir vilja víst oss finna. Konúgr mælti: gefum oss lítit at, þeir munu sjálfir dveljast; réttir hann nú höndina til hornsins<sup>2</sup>, þess sem gullit var í, ok Beigaðr reið með ok hæld í hendi sèr; hann sáir nú gullinu víða í götuna, þar sem þeir ríða um alla Fýrisvöllu<sup>3</sup>, svá at göturnar glóa sem gull; en er liðit sèr þat, sem eptir ferr, at gullit glóir víða í götunni, þá hlaupa flestir af baki, ok þikist sá bezt leika, sem skjótastr verðr til upp at taka, ok verða þar enu mestu hrífsingar<sup>4</sup> ok áhöld<sup>5</sup>, ok hefir sá helzt, sem sterkastr er, ok sóktist því seint eptirferðin. Ok er þetta sèr Aðels konúgr, liggur honum við at gánga af vitinu, ok ávítar þá með hörðum orðum, ok segir, þeir taki upp et minna, en láti sleppa hjá sèr et meira, ok muni þessi fúla skömm á hvört land spyrjast, at þær skuluð láta eina 12 menn rekast hér undan oss svá ótölu-  
ligum fjölda, sem ek hefi nú samandregit af öllum hëruðum Svíaveldis. Aðels konúgr hleypir nú undan öllum, því hann var reiðastr, en

<sup>1</sup>) um allt Svíaveldi ok, *b. v. C.* <sup>2</sup>) þúngsins; *B.* <sup>3</sup>) Fýrisvöllu, *C*; Fýrisvöllu, *L.* <sup>4</sup>) hnippingar, hríspingar, *B*; sviptingar, *L.* <sup>5</sup>) hrípsingar, *L.*

múga<sup>1</sup> manns eptir honum. Nú sem Hrólfr konúgr sèr Aðels konúgr þeyta nærst sèr, þá tekr hannhringinn Svíagrís, ok kastar á götuna; ok sem Aðels konúgr sèr hrínginn, mælti hann: hollari hefir sá verit Hrólfi konúgr (enn mèr), sem honum hefir fengit þessa gersemi, ok eigi at síðr skal ek nú njóta hans, en eigi Hrólfr konúgr; réttir nú til spjótskapt sitt, þar sem hrínginn lá, ok vildi fyrir hvern mun ná honum; beygist nú mjök á hestinum, er hann stakk niðr spjótinu í buginn á hríngnum. Hrólfr konúgr sèr nú þetta, þá snýr hann aptr hestinum ok mælti: [svín-beygða ek nú þann, sem Svíanna er ríkastr<sup>2</sup>; en er Aðels konúgr ætlar at draga at sèr spjót-skaptit ok þarmeð hrínginn, þá hleypir þar at honum Hrólfr konúgr, ok hjó af honum báða þjóhnappana allt niðr at beini<sup>3</sup> með sverðinu Sköfnúng, er allra sverða bezt hefir verit borit á Norðrlöndum. Hrólfr konúgr mælti þá til Aðels konúgrs, ok bað hann halda þessari skömm um hríð: ok máttu nú kenna Hrólfr kraka, hvar hann er, sem þú hefir lengi eptirsókt. Aðels konúgr sækir þá mikil blóðrás, svá hann ómættir af, ok verðr nú at snúa aptr við vert búit, en Hrólfr konúgr tók aptr Svíagrís; skilr þar með þeim at sinni, er þat ok ekki sagt, at þeir hafi fundizt síðan; drepa þeir ok alla þá menn, sem mest höfðu fram riðit, ok mest höfðu hætt í, því

<sup>1</sup>) þannig A, D, E, F, G, J; múgr, C og hin. <sup>2</sup>) svín-beygða nú þann, sem svinum var ríkari, L. <sup>3</sup>) svá allr rassinn hángði við, b. v. B.

ekki þurftu þeir lengi at bíða Hrólfs konúngs ok kappa hans, ok þóttist enginn þeirra ofgóðr at embætta þeim, ok mattist enginn þeirra við annann, þegar færir gafst.

46. Þeir Hrólfr konúngr ok hans menn fóru nú veg sinn, ok ríða þann dag nær allan; ok sem náttu tók, finna þeir bæ einn, ok komu til dyra; er þar fyrir Hrani bóndi, ok býar þeim allan greiðskap, ok kallaði, at ekki hefði farit fjærri eptir því, sem hann gat til um ferðir þeirra; konúngr sannar þat, ok kallar hann vera óreykblindan. Hér eru vopn, er ek vil gefa þér, segir Hrani bóndi; konúngr mælti: ferlig vopn eru þetta, karl! en þat var skjöldr ok sverð, ok brynja. Ekki vill Hrólfr konúngr þjuggja vopnin; Hrani bregzt við þetta nær reiðr, ok þikir gjörð til sín svívirðing mikil í þessu; ekki ertu þér svá hagfeldr í þessu, Hrólfr konúngr! sagði Hrani, sem þú munt ætla, ok eru þér jafnan eigi svá vitrir, sem þér þikist, ok tók bóndi á þessu hrakliga; varð nú eigi af nætrgreiðanum, ok vilja þeir nú ríða veg sinn, þó at nótt sé myrk. Hrani er óhýrligr undir brún at líta, ok þikist nú lítils virðtr, er þeir þágu eigi gjafir af honum, letr hann nú eigi at þeir ríði, sem þeim líkar; riðu þeir nú á burt við svá búit, ok varð ekki af kveðjum. Ok sem þeir eru ekki langt komnir, nemr Böðvar bjarki staðar; hann tók svá til orða: eptir koma ósvinnum ráð í hug, ok svá mun mér nú fara; þat



grunar mik, oss muni ekki allsvinnliga tiltekizt hafa, at vèr höfum því neitat, sem vèr áttum at játa, ok munu vèr sigri hafaneitat. Hrólfr konúngr segir: þat et sama grunar mik, því þetta mun Óðinn gamli verit hafa, ok at vísu var maðrinn einsýnn; snúum nú aptr sem hvatast, segir Svipdagr, ok reynnum þetta! Þeir koma nú aptr, ok er þá horfinn bærinn ok karlinn; eigi stoðar hans at leita, segir Hrólfr konúngr, því þat er illr andi. Þeir fara nú leið sná, ok er ekki sagt af ferðum þeirra, fyrr enn þeir koma í Danmörk í ríki sitt, ok setjast nú um kyrt. Þat ráð gaf Böðvar konúnginum, at hann sè lítt í orróstum þaðan í frá, lízt þeim þá líkara, at lítt mundi á þá leitat, ef þeir væri kyrrir, en læzt hræddr vera um þat, hvorsu konúngrinn mundi sigrsæll uppfrá þessu, ef hann treysti nokkut á þat; Hrólfr konúngr segir: auðna ræðr hvörs manns lífi, en ekki sá illi andi; Böðvar sagði: þik vildum vèr sízt láta, ef vèr ættum at ráða, en þó hefi ek meiri grun, at skamt muni til stórra tíoinda fyrir oss öllum; hættu þeir svá þessu tali, ok urðu þeir stórliga frægir af þessari ferð<sup>1</sup>.

Af Skuldar bardaga ok æfilokum Hrólfs konúngs kraka ok kappa hans<sup>2</sup>.

47. Nú leið svá lángar stundir, at Hrólfr konúngr ok kappar hans sátu með friði í Dan-

<sup>1</sup>) ok lýkr hér þessum þætti, af Aðels konúngi, b. v. B. <sup>2</sup>) fyrirögninni b. v. B.

mörk, leitaði enginn á þá; stóðu allir hans skattkonungar í hlýðni við hann, ok guldu honum sína skatta, ok svá gjörði Hjörvarðr, mágr hans. Nú var þat eitthvort sinn, at Skuld drottning mælti við Hjörvarð konúng, bónda sinn, með þúngum anda: þat fellr mēr lítt, at við skulum gjalda skatt Hrólfi konúngi, ok vera nauðþínd undir hann, ok skal þat ekki vera lengr, at þú sèrt undirmaðr hans; Hjörvarðr segir: þat mun oss bezt gegna sem öðrum, at líða þat, ok láta allt vera kyrt. Þat er lítill<sup>1</sup> þú ert fyrir þèr, sagði hún, at þú vilt þola hvörskyns skammir, er þèr eru gjörðar; hann sagði: þat er ekki möguligt, at fást við Hrólfr konúng<sup>2</sup>, því enginn þorir móti honum rönd at reisa. Því eru þèr svá litlir fyrir yðr, sagði hún, at enginn krellr er í yðr, ok hefir sá eigi jafnan, sem ekki hættir; nú má slíkt eigi vita fyrr, enn reynt er, hvort Hrólfi konúngi má ekki bella<sup>3</sup>, nè köppum hans; en nú er svá komit, sagði hún, at ek ætla hann muni með öllu sigrlauss, ok eigi þætti mēr fjærri at reyna þat, ok þótt hann sè mēr skyldr, þá skal ek honum ekki hlífa, ok því er hann einatt heima, at sjálfan hann grunar<sup>4</sup>, at hann muni missa sigriinn; skal ek nú setja ráð til, ef bíta vildi, ok skal nú ekki afdraga allra bragða í at leita at yfirtaki; var Skuld en mesta galdrakynd, ok var út af álfum komin í móðurætt sína, ok þess

1) lítillfjörligr, C. 2) ok kappá hans, b. v. C. 3) fella, D; bella, F. 4) sjálfkrasa, b. v. C.

galdt Hrólfr konúgr ok kappar hans; skal nú fyrst senda menn til Hrólfs konúgs ok biðja hann þess, at hann unni mér at gjalda eigi skattinná þremr árum hinum nærstu, ok þá mun ek gjalda hann allan í senn upp, eptir því sem hann á at réttu; nú þiki mér meiri von, at þetta bragð dugi, ok ef þetta gengst við, þá skulu vér kyrru fyrir halda. Nú fara sendimenn í milli eptir því, sem drotníng beiddi; Hrólfr konúgr játar þessu um skattinn, sem beðit var.

48. Á þessari stundu safnar Skuld saman öllum þeim mönnum, sem mestir voru fyrir sér, [ok öllu illþýði af öllum nærstu hærudum. Þessum svikum er þó leynt, svá Hrólfr konúgr verðr ekki varr við, ok eigi grunar kappana neitt um þetta, þvíat þetta voru mest galdrar ok gjörníngar; setr Skuld hér til enn mesta seið, at vinna Hrólfr konúgr, bróður sinn, svá at í fylgd er með henni álfar ok nornir ok [annat ótöluligt<sup>1</sup> illþýði, svá mannlig náttúra má eigi slíkt standast. En Hrólfr konúgr ok kappar hans hafa gleði mikla ok skemtun í Hleiðargarði, ok allskyns leika, þá er menn kunnu skyn á, þá frömdu þeir með list ok kurteisi; hverr þeirra hafði frillu til skemtunar sér. Ok nú er frá því at segja, at albúit er liðit Hjörvarðs konúgs ok Skuldar, at þau fara til Hleiðargarðs með þenna [ótöluliga lýð<sup>2</sup>, ok komu þar at jólum. Hrólfr

<sup>1</sup>) v. i. C. <sup>2</sup>) allt, C. <sup>3</sup>) mikla her, C.

konúgr hefir látit hafa mikinn viðrbúnað ímóti jólnunum, ok drukku menn hans fast jólakveldit. Þau Hjörvarðr ok Skuld reisa tjöld sín utanborgar, þau voru bæði stór ok löng, ok með unðarligum búnaði; þar voru margir vagnar, ok allir skipaðir at vopnum ok herklæðum. Eigi gaf Hrólfr konúgr gaum at þessu, huxar hann nú meira á stórlæti sitt ok rausn ok hugprýði, ok alla þá hreysti, sem honum bjó í brjósti, at veita þeim öllum, sem þar voru tilkomnir, ok hans vegr færi sem víðarst, ok allt hafði hann þat til, sem einn veraldligan konúgs heiðr mátti prýða. En ekki er þess getit, at Hrólfr konúgr ok kappar hans hafi nokkurn tíma blótat goð, heldr trúðu (þeir) á mátt sinn ok megin, því þá var ekki boðuð sú heilaga trú hér á norðrlöndum, ok höfðu þeir því lítit skyn á skapara sínum, sem bjuggu í Norðrálfunni.

49. Þessu nærst er þat at segja, at Hjalti hinn hugprúði gengr til húss þess, sem frilla hans er inni; hann sér þá glöggliga, at eigi mun vera friðsamligt undir tjöldum þeirra Hjörvarðar ok Skuldar; lætr hann þó kyrt vera, ok lætr sér ekki í brún bregða; legst nú með frillunni, hún var kvenna fríðust; ok sem hann hefir verit þar um hríð, sprettr hann upp, ok mælti til frillunnar: hvort þiki þer betri tveir tvíelleftir eða einn áttæðr? hún svarar: tveir tvíelleftir þiki mætr betri, heldr enn áttæðir kallar. Þessara orða skaltu gjalda, sagði Hjalti, þín

hóra! ok gekk at henni, ok beit af henni nefit: kendu mér um, ef nokkrir fljúgast á um þik, ok vænti ek, at flestum þiki lítil gersemi at þér uppfrá þessu; illa gjörðir þú til mín ok ómakliga, sagði hún; ekki verðr við öllu sèt, sagði Hjalti. Hann þríftr síðan vopn sín, því hann sèr, at alþakit er í kríngum borgina af brynjuðu fólki, ok merki eru uppsett, skilr hann nú, at ekki þurfi at dyljast við lengr, at ófriðr sè fyrir höndum; hann leitar til hallarinnar, ok þángat, sem Hrólfr konúgr sat ok kapparnir. Hjalti mælti<sup>1</sup>: vakið, herrá konúgr! því ófriðr er í garðinum, ok er meiri þörf at berjast, enn at spenna konur, ok þat hygg ek, at lítt aukist gull í höllinni við skattinn Skuldar, systur þinnar, ok hefir hún grimd Skjöldunga, ok þat kann ek þér at segja, at þetta er ólítill herr með hörðum sverðum ok hervopnum, ok þeir gánga í kríngum borgina með reiddum sverðum, ok mun Hjörvarðr konúgr óvingjarnlígt erendi við þik eiga, ok eigi mun hann optarr hêðan ífrá ætla at krefja þik ríkis; þat er nú til, sagði Hjalti, at vèr munum stýra liði konúgs vors, er ekki neitt sparir við oss; efnum nú vel heitstrengingar vorar<sup>2</sup>, at vèr verjum vel enn frægasta konúng, sem nú er á öllum Norðrlöndum, ok látum þat<sup>3</sup> á hvört land spyrjast mega, ok launum honum nú vopn ok herklæði ok

<sup>1</sup>) hér stendr skrifuð útá síðunni í D: Bjarkamál en fornu í sundrlausum orðum útlögð. <sup>2</sup>) at flýja hvorki eld né járn, ok b. v. F. <sup>3</sup>) hvört laufblað uppritast mega ok, b. v. B.

margt eptirlæti annat, því vèr munum þetta eigi forverkum gjöra; hafa hèr ok stórar bendíngar fyrir borit, þótt vèr höfum dulizt við lánga tíma, ok er mér meiri grunn á, at hèr munu stórir tilbúðir eptir koma, svá at í minni munu verða, ok munu sumir þat kalla, at ek mæli nokkut af æðru, en vera kann, at Hrólfr konúgr drekki nú hit síðarsta sinn með sínum köppum ok hirðmönnum; upp nú allir kapparnir! segir Hjalti, ok gjörið skjótt at skilja við frillur yðar, því annat liggur nú brýnnra<sup>1</sup> fyrir, at búast við því, sem eptir ferr; upp allir kappar með harðri svipan, ok vopnist allir! Þá stökk upp Hrómundr harði ok Hrólfr skjóthendti, Svipdagr ok Beigaðr ok [Hvítserkr enn hvati, Haklánggr enn sjótti, Harðrefill<sup>2</sup> enn sjöundi, Haki enn frækni enn áttundi, Vöttr enn mikliaflaði<sup>3</sup> enn níundi, Starólfr<sup>4</sup> hèt enn tíundi, Hjalti enn hugprúði enn ellefti<sup>5</sup>, Böðvar bjarki enn tólfti, ok var hann því svá kallaðr, at hann rýmdi á burt öllum berserkjum Hrólfs konúgs vegna þeirra ofsa ok ójafnaðar<sup>6</sup>, en drap suma, svá enginn þeirra þreifst fyrir honum, því þeir voru svá sem konur hjá honum, þá á átti at reyna, ok þóttust þó honum ávalt meiri, ok sátu ávalt á svikráðum við hann. Böðvar bjarki stóð strax

<sup>1</sup>) beinna, *B, C.* <sup>2</sup>) Hvítserkr enn hvati haklánggr, enn sjótti Harðrefill, *o. s. fru., D.* <sup>3</sup>) mikli, *C, F;* mikli ofláti, *J, L.* <sup>4</sup>) Stórolfr, *C;* enn rammi, *b. v. F;* harði, *b. v. D.* <sup>5</sup>) ellefti Ulfur enn rammi, *D.* <sup>6</sup>) burðar, *L.*

upp ok herklæddist, ok mælti, at nú væri Hrólf konúngi þörf á stoltum drengjum, ok mun þeim öllum duga hjarta ok hugr, sem eigi standa á baki Hrólfs konúngs. Hrólfr konúngr sprettr þá upp, ok tekr til orða með öngum ótta: takið oss þann drukk, sem beztr er til, ok skulum vèr drekka áðr ok gjörast kátir, ok sýnum svá, hvaðamenn þetta eru, Hrólfs kappar! ok stúndum þat eina, at í minni sè vor hreysti, því hingat hafa sókt enu mestu kappar af öllum löndum, sem í nánd eru, ok enu fræknustu; segið þat Hjörvarði ok Skuld ok þeirra görpum, at vèr munum drekka oss gláða, áðr enn vèr tökum við skattinum. Svá vør gjört, sem konúngrinn mælti; Skuld svarar: ólíkr er Hrólfr konúngr, bróðir minn, öllum öðrum, ok er at slíkum helzt skaði, en þó skal til skarar skrifa allt at einu. Svá mikit fanst um Hrólf konúng, athann var lofaðr bæði af vinum sínum ok óvinum.

50. Hrólfr konúngr sprettr nú úr hásetinu, er hann hafði áðr drukkit um hrfð, ok allir hans kappar, skilja nú við drukkinn góða at sinni, ok eru úti því nærst, nema Böðvar bjarki, hann sjá þeir hvergi, ok undrast þat mjök, ok þikir þeim ekki örvænt, at hann sè annathvort hetekinn eða drepinn; ok þegar sem þeir eru út-komnir, brestr í ógrligr bardagi. Hrólfr konúngr fylgir sjálfr fram merkjunum ok kappar hans þar með á báðar síður, ok allr annar borgarmúgr, hverr eigi var fár at telja, þó þeir kæmi

til lítils; þar mátti sjá stór högg í hjálmum ok brynjum, sverð ok spjót mátti þar mörg á lopti sjá [ok svá margr hræfardalr, at þaktar voru allar grundir'. Hjalti hinn hugprúði mælti: mörg brynja er nú slitin ok mörg vopn brotin ok margr hjálmr spiltr, ok margr hraustr riddari af baki stúnginn, ok hefir konúgr vor gott skap, því nú er hann svá glaðr, sem þá hann drakk öl fastast<sup>2</sup>, ok vegr jafnt með báðum höndum, ok er hann mjök ólíkr öðrum konúngum í bardögum, því svá lízt mér, sem hann hafi 12 konúnga<sup>3</sup> afl<sup>4</sup>, ok margan hraustan mann hefir hann drepit, ok nú má Hjörvarðr konúgr sjá þat, at sverðit Sköfnúgr bítr, ok gnestr<sup>5</sup> hann nú hátt í þeirra<sup>6</sup> hausum; en náttúra Sköfnúngs var sú, at hann kvað við hátt, þá hann kændi beinanna. Lýstr nú í bardaga allákafan, svá ekki neitt stendr við Hrólfi konúgi ok köppum hans. Hrólfr konúgr vegr svá með Sköfnúng, at undrum þótti gegna, ok orka nú mjök á liðit Hjörvarðs konúngs, ok fellr þat at handamáli. Þat sjá þeir Hjörvarðr ok menn hans, at björn einn mikill ferr fyrir Hrólfs konúngs mönnum, ok jafnan þar nærst, sem konúgrinn var, hann drepr fleiri menn með sínum hrammi, enn fimm aðrir kappar konúngs, hrjóta af honum högg ok skotvopn<sup>7</sup>, en hann brýtr undir sik bæði menn ok hesta af liði Hjörvarðs konúngs, ok

<sup>1</sup>) v. í C. <sup>2</sup>) í kveld, b. v. C; í höll sinni, b. v. F. <sup>3</sup>) karla, D, F, J. <sup>4</sup>) magn, C. <sup>5</sup>) gnístr, C, D, J; gellr, F. <sup>6</sup>) andans, b. v. D; adamas, b. v. I. <sup>7</sup>) örskot, C.



allt þat, sem í nánd er, mylr hann með sínum tönnum, svá at illr kurr kemr í lið Hjörvarðs konúngs. Hjalti litast nú um, ok sér eigi Böðvar félaga sinn, ok mælti til Hrólfs konúngs: hvörju mun þetta gegna, at Böðvar hlífir sér svá, ok kemr eigi nærri konúnginum, þvílíkan kappá sem vèr hugðum hann vera, ok hann-opt reynzt hefir. Hrólfr konúngr segir: þar nokkrstaðar mun hann vera, sem oss bezt gegnir, ef hann er sjálfráðr, haltu þinni þrýði ok framgaungu, en hallmæl honum ekki, því enginn yðar er hans jafníngr, ok áfrí ek þó öngan yðar, því þér eruð allir hinir hraustustu kappar. Hjalti hefr nú á rás, ok heim til konúngsins herbergja, ok sér, hvar hann sitr ok hefst ekki at. Hjalti mælti: hvorsu lengi skulu vèr bíða ens frægasta kappá, ok er þetta mikil ódæmi, at þú stendr ekki á þína réttu fætr, ok reynir nú þína styrku armleggi, sem svá eru sterkir sem alibirnir; upp nú Böðvar bjarki, ok minn yfirmann! ella mun ek brenna húsit ok sjálfan þik, ok er þetta höfuðskömm, [þvílíkr kappi sem þú ert, at konúngrinn skuli leggja sik í háska fyrir oss', ok týnir þú svá þínu miklu lofi, sem þú hefir um stund haft. Böðvar stóð þá upp, ok blés við<sup>e</sup>, ok mælti: ekki þarftu, Hjalti! at hræða mik, því ekki er ek enn hræddr, ok nú em ek alþúinn at fara; þá ek var úngr, flýða ek hvorki eld nè

1) v. i C. 2) stórmannliga, b. v. B; mæðiliga, b. v. C; þúngt, b. v. F, L.

járn, en eld hefi ek sjaldan reynt, en járn-gang hefi ek stundum þolat, ok fyrir hvörugu gengit hín-gattil, ok skaltu at sönnu segja, at ek vil fullvel berjast, ok jafnan hefir Hrólfr konúng-r kallat mik kappa [fyrir sínum mönnum<sup>1</sup>, á ek honum ok margt at launa, fyrst mægð ok 12 bú, [er hann gaf mér, þar með margá<sup>2</sup> dýrgripi; ek drap Angar<sup>3</sup> berserk [ok eigi síðr konúng, ok er þat verk haft í minnum<sup>4</sup>; telr nú upp fyrir honum mörg stórvirki, er hann hafði unnit [ok banamaðr orðit margra manna<sup>5</sup>, ok bað hann svá tilætla, at hann mundi óhræddr til bardaga-ganga: en þó hygg ek hér við miklu meiri undr at eiga, enn hvervetna þar, sem ver höfum áðr komit, en ekki hefir þú konúnginum verit svá hagfeldr í þessu tilbragði, sem þer þikir, því nærri mundi nú lagt hafa áðr, hvorir sigrazt hefði, en þer hefir nú orðit meirr vitfátt, enn hitt, at þú mundir ekki vel vilja konúnginum, ok öngum skyldi öðrum hans kappa endzt hafa þetta, nema þer, at kalla mik út, nema konúnginum, en hvörn annann skylda ek drepit hafa, ok vill nú dragast til þess, sem verða vill, at engin ráð skuli duga; ek seigi þer at sönnu, at nú má ek mörgum hlutum minna lið veita konúnginum, enn áðr þú kallaðir mik upp hëð-an. Hjalti sagði: þat er ljóst, at mér er vandast við þik ok Hrólfr konúng, en þó er vandt úr at ráða, þá svá fellr.

<sup>1</sup>) sinn, C. <sup>2</sup>) gull ok, C. <sup>3</sup>) þannig A, E, G; Angan-týr, C; Angan, L; Agnar, hin. <sup>4</sup>) v. í C. <sup>5</sup>) v. í C.

51. Eptir þessa eggjan Hjalta stendr Böðvar upp, ok gengr út til bardagans, er þá björninn horfinn burt úr liðinu, ok tekr nú bardaginn at þýngjast fyrir; hafði Skuld drottning öngum brögðum viðkomit, á meðan björninn var í liði Hrólfs konúgs, þar sem hún sat í sfnu svarta tjaldi á seiðhjalli sínum. Skiptir nú svá um, sem dimm nótt komi eptir bjartan dag; sjá nú menn Hrólfs konúgs, hvar kemr fram úr liði Hjörvarðs konúgs einn ögrligr galti, hann var eigi minni tilsýndar, enn þrèvett naut, ok var álfgrár at lit, ok flýgr ör af hvörju hans bustarhári, ok drepr hann hirðmenn Hrólfs konúgs hrönnum niðr með fádæmum. Böðvar bjarki ruddist nú um fast, ok hjó á tvær hendr, ok huxaði nú ekki annat, enn vinna sem mest, áðr hann félli, ok fellr nú hverr um þveran annann fyrir honum, ok blóðugar hefir hann báðar sínar axlir<sup>1)</sup>, ok hlóð valköstum á alla vega í kríngum sik, lét hann likt, sem hann væri óðr; en svá margan mann, sem hann drepr, ok fleiri aðrir Hrólfs kappar af liði þeirra Hjörvarðar ok Skuldar, eru þau ódæmi at, at aldrei þverrar lið þeirra at heldr, ok er sem þeir hafist ekki at, ok aldrei þikjast þeir hafa komit í slík undr. Böðvar mælti: drjúgt er liðit Skuldar, ok grunar mik nú, at þeir dauðu sveimi hær, ok risi upp aþr ok berist í móti oss, ok mun þat verða torsókt at

<sup>1)</sup> hendr til axla upp, B, C, F; armleggi upp undir axlir, L.

berjast við drauga, ok svâ [margr leggr, sem hær er klofinn ok skjöldt rifinn, hjálmr ok brynja í smátt sundr högginn, ok margr höfðingi í sundr bolaðr<sup>1</sup>, þá eru þeir nú grimmastir hinir dauðu viðreignar, ok ekki höfum vèr mátt við þessu, enda hvar er sá kappi Hrólf's konúngs, sem mèr frúði mest hugar, ok mik kvaddi optarst útgaungu, áðr enn ek svaraði honum? [ok eigi sé ek hann nú, ok em ek þó eigi vanr at hallmæla mönnum<sup>2</sup>. Þá sagði Hjalti: Þú segir satt, eigi ertu hallmælasamr, hær stendr sá, sem Hjalti heitir, ok hefi ek nú nokkut verkaefni fyrir höndum, ok er eigi alllángt ímillum okkar, ok þarf ek við góðra drengja, því af mèr eru höggvar allar hlífar, fóstbróðir! ok þikist ek þó allákraft vega, ok get ek nú eigi hefnt allra minna högga<sup>3</sup>, en eigi skal nú viðhlífast, ef vèr skulum í Valhöll gista í kveld, ok víst höfum vèr aldrei hitt slík undr fyrir, sem hær eru nú, ok hefir oss lengi fyrirboðat þessum tíðindum, sem nú eru framkomin. Böðvar bjarki mælti: nem hvat ek segi! ek hefi barizt í 12 flokkorrostum<sup>4</sup>, ok jafnan verit kallaðr fullhugi, ok hliðat fyrir öngum berserk, ek hvatta Hrólf konúng at sækja heim Aðels konúng, ok mættum vèr þar nokkrum brögðum, ok var þat lítils verðt hjá þessum ófagnaði, en nú er svâ lagt til míns hjarta, at mèr er ekki jafnglaðt

<sup>1</sup>) margir, sem hær hafa fallit, C.    <sup>2</sup>) v. 2 C.    <sup>3</sup>) sára, C.  
<sup>4</sup>) þannig öll.

at vega, sem áðr; ek mætta Hjörvarði konungi áðan í fyrri hríðinni, svá okkar fund bar saman, ok kastaði hvorgi okkarr löstum<sup>1</sup> á aðra, áttu við vopna viðskipti um stund, sændi hann mér lag, hvar ek kenda heljarför<sup>2</sup>, en ek hjó af honum hönd ok fót, ok kom annat höggit á öxl honum, ok klauf ek svá ofan með síðuinni ok með hryggnum, en svá brá hann sér við, at hann andvarpaði eigi, ok svá sem hann sofnaði um stund, én ek hugða hann dauðan, ok fáir munu slíkir finnst, ok eigi barðist hann síðarr óðjarfligarr enn áðr, ok aldrei kann ek at segja, hvat hann eflir; hér er nú margt manna saman komit á móti oss, ríkra ok tíginna, er úr öllum áttum atdrífr, svá eigi má rönd við reisa, en Óðinn kann ek ekki at kenna hér enn, mér er þó mesti grunr á, at hann muni hér sveima ímóti oss, herjans<sup>3</sup> sonrinn enn fúli ok enn ótrúi, ok ef nokkr kynni mér til hans at segja, skylda ek kreista hann sem annann versta ok minsta mýsling<sup>4</sup>, [ok þat illa eitrvikindi skyldi verða svívirðiliga leikit, ef ek mætti hann höndum taka<sup>5</sup>, ok hvörjum mundi vera meiri heipt í hug, ef hann sæi sinn lánardrottinn svá útleikinn, sem vèrsjáum nú<sup>6</sup>? Hjalti mælti: ekki er forlögin hægt at beygja, nè á móti náttúrunni at standa, ok hættu þeir svá sínu tali.

52. Hrólfr konungr varðist vel ok drengi-

<sup>1</sup>) lastorðum, C.    <sup>2</sup>) v. í B; harða för, D, J.    <sup>3</sup>) glucku, L.    <sup>4</sup>) níðing, L.    <sup>5</sup>) v. í C.    <sup>6</sup>) Hrólfr konung, b. v. C.

liga, ok af meiri hugþrýði, enn nokkr maðr vissi dæmi til, sóktu þeir at honum fast, ok varð sleginn hríngur um hann af einvalaliði Hjörvarðs konúngs ok Skuldar. Skuld er nú komin til bardagans, ok eggjar í ákafa sitt illþýði at sækja at Hrólfi konúngi, því hún sèr, at kapparnir eru ekki allnær honum, ok þetta var þat, sem Böðvar bjarka ángraði stórliga, at hann gat ekki veitt lið sínum herra, ok svá fleiri kappanna, því þeir voru nú svá fúsir at deyja með honum, svá sem at lifa með honum, þá þeir voru í blóma æsku sinnar. Var nú gjörvöll hirð konúngsins fallin, svá ekki stóð einn upp, en kapparnir flestir særðir til ólífis, ok fór þetta eptir líkindum, [sagði meistarinn Galterus<sup>1</sup>, at mannligr kraptar máttu ekki standast við slíkum fjanda krapti, utan máttur guðs hefði á móti komit, ok stóð þær þat eitt fyrir sigrinum, Hrólfr konúngr<sup>2</sup>! at þú hafðir ekki skyn á skapara þínum. Kom nú á sú galdrahríð, at kapparnir tóku at falla, hverr um þveran annann, ok Hrólfr komst úr skjaldborginni, ok var svá sem fallinn af mæði; þarf þat ekki [með orðum at lengja<sup>3</sup>, at þar féll Hrólfr konúngr ok allir hans kappar<sup>4</sup> með góðum lofstýr, en hvat mikit slag þeir veittu þar, þat verðr ekki með orðum skírt. Þar féll Hjörvarðr konúngr ok allt hans lið, nema fáir niðingar stóðu upp eptir með Skuld; tók hún

<sup>1</sup>) segir, *m. G, B; v. í F. L.* <sup>2</sup>) sagði meistarinn, *b. v. B, D, F, J, L; s. sögumeistarinn, M.* <sup>3</sup>) til lángrættis atleggja, *L.* <sup>4</sup>) ok hirð, *b. v. C.*

svá ríkin Hrólfs konúngs undir sik, ok stýrði þeim illa ok skamma stund, ok hefndi Elgfróði Böövars bjarka, bróður síns, sem hann hét honum, ok Þórir konúngr hundsótr, sem segir í Fróða þætti, ok fengu mikinn styrk úr Svíaríki frá Yrsu drottningu, ok segja menn, at Vöggr hefði þar verit flokksforingi fyrir; hældu þeir öllum her til Danmerkr á óvart Skuld drottningu, gátu þeir náð hana höndum, svá hún kom öngum gjörnóngum við, ok allt hennar illþýði drápu þeir, en kvöldu hana ýmisligum pínóngum, ok komu svá ríkjunum aptr undir dætr Hrólfs konúngs, ok hældt svá hverr heim til sinna heimkynna. Var haugr orpinn eptir Hrólfr konúng, ok lagt hjá honum sverðit Sköfnógr, [ok sinn haugr handa hvörjum kapp<sup>1</sup>, ok nokkurt vopn hjá<sup>2</sup>; ok endar hér sögu Hrólfs konúngs kraka ok kappa hans.

<sup>1</sup>) Því náði síðarr Skeggi Skinnabjarnarson ok færði til Íslands; haugar voru ok orpnir eptir kapp konúngs, *F.* <sup>2</sup>) hvörjum, *b. v. F.*; sérhverjum þeirra; skrifa sumir, at kapparnir hafi í haug hjá konúnginum settir verit eptir gamalli síðvenju, sérhverr með sínu vopni, *b. v. D.*

B r o t

Bjarkamála enna fornu.

---

**D**AGR er uppkominn,  
dýnja hana fjaðrar,  
mál er vilmágum<sup>1</sup>  
at vekja<sup>2</sup> erfiði;  
vaki<sup>3</sup> ok vaki<sup>4</sup>  
vinahöfuð!  
allir hinir æztu<sup>5</sup>  
Aðels of<sup>6</sup> sinna<sup>7</sup>.

Hár hinn harðgreipi!  
Hrólfur skjótandi!  
ættgóðir<sup>8</sup> menn,  
þeir<sup>9</sup> er ekki flýja;  
vekjat<sup>10</sup> ek yðr at víni,  
nè at vífs<sup>11</sup> rúnum,  
heldr vek ek yðr at hörðum  
hildarleiki.

---

<sup>1</sup>) vilmögum, *H, D*; víkingum, *F*. <sup>2</sup>) vinna, *H, D, F*. <sup>3</sup>) æ, *b. v. H, D*. <sup>4</sup>) vaka, *F*. <sup>5</sup>) öztu, *H*; ágæztu, *D*. <sup>6</sup>) ok, *D, F*. <sup>7</sup>) sinnar, *H, D*; Sviar, *F*. <sup>8</sup>) ættum góðir, *H*; hættum góðir, *D*; hættgóðir, *F*. <sup>9</sup>) þeim, *H, D, F*. <sup>10</sup>) vekkat, *H, D, F*. <sup>11</sup>) þannig *H, D, F*; Vífils, *Ø*.



\* \* \*  
 Gramr hinn gjöflasti  
 gæddi hirð sína  
 Fenju forverki,  
 Fáfnis miðgarði,  
 Glasis glóbarri,  
 Grana fagrbyrði,  
 Dröpnis dýrsveita,  
 dúni grafvitnis.

Ytti' örr hilmir,  
 aldir viðtóku,  
 Sifjar<sup>2</sup> svarðfestum,  
 svelli dalnauðar<sup>3</sup>,  
 tregum Otrsgjöldum,  
 tárurum Mardallar,  
 eldi Oránnar<sup>4</sup>,  
 Iðja glismálum.

Gladdi gunnveiti,  
 gengum fagrbúnir,  
 Þjassa' þingskilum  
 Þjóðir hermargar,  
 Rínar rauðmálmi,  
 rógi Niflúnga,  
 vísi hinn vígdjarfi  
 vakti<sup>6</sup> hann Baldr þægi<sup>7</sup>.

<sup>1</sup>) þannig O; veitti, K. <sup>2</sup>) Svíar, líkl. rángt í K. <sup>3</sup>) dalnavnar, K. <sup>4</sup>) þannig O; óronar, K, U. <sup>5</sup>) Þjaza, K. <sup>6</sup>) þannig O, U; varði, K. <sup>7</sup>) þæygi, O, U; þögli, K; varði mannbaldr, Rask's tilgáta.

\*

\*

\*

Svá skal ek hann kyrkja,  
sem hinn kámleita  
væli viðbjarnar  
veggja aldina.

\*

\*

\*

Hníginn er í hadd jarðar  
Hrólfur hinn stórláti.

---

VÖLSÚNGA SAGA.

FORNALDAR SÖGUR NORÐRLANDA, 1 BINDI.

H



## Völsúnga Saga<sup>1</sup>.

**H**ER hefr upp, ok segir frá þeim manni, er Sigi er nefndr, ok kallaðr at hēti son Oðins<sup>2</sup>. Annar maðr er nefndr til sögunnar, er Skaði hēt, hann var ríkr ok mikill fyrir sér, en þó var Sigi þeirra enn [ríkari ok<sup>3</sup> ættstærni<sup>4</sup>, at því er menn mæltu<sup>5</sup> í þann tíma. Skaði-átti þræl þann, er nokkut verðr at geta við söguna, hann hēt Breði; hann var kendr<sup>6</sup> við þat, er hann skyldi athafast; hann hafði íþróttir ok atgerfi jafnframt hinum, er meira þóttu verðir, eða umfram nokkra. Þat er nú at segja eitthvert sinn, at Sigi ferr at dýraveiði, ok með honum þrællinn, ok veiða dýr um daginn allt til aptans. Ok er þeir bera saman veið sína um aptaninn, þá hafði Breði<sup>7</sup> veiðt miklu meira ok fleira [enn Sigi, hvat honum líkaði stórilla, ok segir, at sik undri, at einn þræll skuli sik yfirbuga í dýraveiði, hleypr því at honum ok drepr hann, dysjar síðan líkit í snjófönn<sup>8</sup>. Nú ferr hann heim

<sup>1</sup>) *séxt ekki í A*; eðr sagan af Sigurði Fáfnisbana, *b. v. B*; Saga af Ragnari Loðbrók ok mörgum konungum merkiligum, *hin. 2) v. í hin*; *daufi í A*. <sup>3</sup>) *v. í hin*. <sup>4</sup>) því hann var kominn frá goðunum, ok kallaðr son Oðins, *b. v. hér hin*. <sup>5</sup>) *daufi í A*; *mundu, hin*. <sup>6</sup>) *eða*; *hendr, daufi í A*; *ókendr, rúngt, hin*. <sup>7</sup>) *þrællinn, hin*. <sup>8</sup>) *Hér eru 9 neðstu líturnar á 1stu bláde. í A, sem samsvara 12 prentuðum, múðar og ólæsiligar, en það frá merkinu [ , sem hin handritin hafa öll, er tekið hér í staðinn.*

um kveldit ok segir, at Breði hafi riðit frá honum á skóginn, ok var hann senn or augliti<sup>1</sup> mér, ok veit ek ekki til hans. Skaði grunar sögn Siga, ok getr, at vera mun svik hans, ok mun Sigi hafa drepit hann, fær mann til at leita hans, ok lýkr svá leitinni, at þeir fundu hann í skafli einum, ok mælti Skaði, at þann skafli skyldi kalla Breðafönn<sup>2</sup> heðan af, ok hafa menn nú þat eptir síðan, ok kalla svá hverja<sup>3</sup> fönn, er mikil er. Þá kemr upp, at Sigi hefir drepit þrælinn [ok myrðan<sup>4</sup>; þá kalla þeir hann varg í veum<sup>5</sup>, ok má hann nú eigi heima vera með feðr sínum. Óðinn fylgir honum nú af landi brott, svá lánga leið, at stóru bar, ok eigi létti hann fyrr, enn hann kom honum til herskipa. Nú tekr Sigi at leggjast í hernað með þat lið, er faðir hans fékk honum áðr þeir skildu, ok varð hann sigrsæll í hernaðinum; ok svá kemr hans máli, at hann fékk herjat sèr land<sup>6</sup> ok ríki umsíðir; ok því næst fékk hann sèr göfugt kvonfáng, ok gerist hann ríkr konúgr ok mikill fyrir sèr, ok reð fyrir Húnalandi, ok er hinn mesti hermaðr. Hann á son við konu sinni, er hèt Rerir<sup>7</sup>; hann vex þar upp með feðr sínum, ok gjörist brátt mikill vexti ok gerfiligr<sup>8</sup>.

2. Nú gerist Sigi gamall maðr at aldri; hann átti sèr marga öfundarmenn, svá at um

<sup>1</sup>) augskýn, B, G, J, K. <sup>2</sup>) Breðaskafli, hin öll. <sup>3</sup>) vetrar, hin. <sup>4</sup>) v. í hin, <sup>5</sup>) þannig hin; væium, A. <sup>6</sup>) lönd, hin. <sup>7</sup>) Rerir, B, C; Berir, H, J, K; Beirir, E hvervetna. <sup>8</sup>) göfugr, J, K; göfugligr, hin.

síðir réðu þeir á hendr honum, er hann trúði bezt, en þat voru bræðr konu hans; þeir gera þá til hans, er hann varir sízt ok hann var fálíðr<sup>1</sup> fyrir, [ok bera hann ofrlíði<sup>2</sup>, ok á þeim fundi féll Sigi með hirð sinni allri. Son hans Rerir var ekki í þeim háska, ok fær hann svá mikit lið af vinum sínum<sup>3</sup> ok landshöfðingjum; svá at hann eignaðist bæði land ok konungdóm eptir Siga feðr sinn; ok nú er hann þíkkist hafa fótum [undir komizt í ríki sínu<sup>4</sup>, þá minnist hann á þær sakir, er hann átti við móðurbræðr sína, er drepit höfðu föður hans, ok safnar konungr sèr nú liði miklu, ok ferr nú á hendr frændum sínum með þenna her, ok þíkkja þeir fyrir gert hafa sakar við sik, þó at hann [mætti lítils<sup>5</sup> frændsemi þeirra, ok svá gerir hann<sup>6</sup>, fyrir því at eigi skilst hann fyrri við, enn hann hafði drepit alla feðrbana sína, þó at úskapliga væri fyrir allar sakir; nú eignast hann lönd<sup>7</sup> ok ríki ok fè, gerist hann nú meiri fyrir sèr, enn faðir hans. Rerir fèkk sèr nú herfáng mikit, ok konu þá, er honum þótti við sitt hæfi, ok eru þau mjök lengi ásamt, ok eiga þau aungan erfingja, ok ekki barn; þat hugnar þeim báðum illa, ok biðja þau goðin með miklum áhuga, at þau gæti<sup>8</sup> sèr barn. Þat er nú sagt, at Frigg<sup>9</sup> heyrir bæn þeirra, ok svá Óðinn, hvers þau biðja hann, verðr eigi

<sup>1</sup>) fálíðaðr, *hin.*    <sup>2</sup>) *v. í B.*    <sup>3</sup>) ok frændum, *b. v. hin.*  
<sup>4</sup>) komit undir ríki sitt, *J, K.*    <sup>5</sup>) mætti lítill<sup>1</sup>, *hin.*    <sup>6</sup>) frá merkinu [*v. í J, K.*    <sup>7</sup>) land, *J, K.*    <sup>8</sup>) gæfi, *hin.*    <sup>9</sup>) goðin, *hin.*

örþrifráða, ok tekr óskmey<sup>1</sup> sína, dóttur Hrímniss<sup>2</sup> jötuns, ok fær í hönd henni eitt epli, ok biðr hana færa konungi; hún tók við eplinu, ok brá á sik kráku ham, ok flýgr til þess, er hún kemr þar, sem konungrinn er, ok sat á haugi; hún lét falla eplit í knè konunginum; hann tók þat epli, ok þóttist vita, hverju gegna mundi; gengr nú heim af hauginum ok til sinna manna, ok kom á fund drottningar, ok etr<sup>3</sup> þat epli sumt. Þat er nú at segja, at drottning finnr þat brátt, at hún mundi vera með barni, ok ferr þessu fram lángrar stundir, at hún má eigi ala barnit. Þá kemr at því, at Rerir skal fara í leiðánger, sem siðvenja er til konunga, at friða land sitt; í þessi ferð varð þat til tíðenda, at Rerir tók sótt ok því næst bana, ok ætlaði at sækja heim Óðin, ok þótti þat mörgum fýsiligt í þann tíma. Nú ferr enu sama fram um vanheilsu drottningar, at hún fær eigi alit barnit, ok þessu ferr fram 6 vetr, at hún hefir þessa sótt; nú finnr hún þat, at hún mun eigi lengi lifa<sup>4</sup>, ok bað nú, at hana skyldi særa<sup>5</sup> til barnsins, ok svá var gert, sem hún bað; þat var sveinbarn, ok sá sveinn var mikill vexti, þá er hann kom til, sem von var at. Svá er sagt, at sjá sveinn kysti móður sína, áðr hún dæi; þessum er nú nafn gefit, ok er kallaðr Völsúngr<sup>6</sup>; hann var

<sup>1</sup>) tvö orð í *A.* <sup>2</sup>) Alhimins, *G*; Hinnirs, *K.* <sup>3</sup>) hún, *b. v.* *J.* <sup>4</sup>) eptir sína barnsfæðing, *b. v. J.* <sup>5</sup>) æra, *J.* <sup>6</sup>) Vaulsúngr, *A.*



konúgr yfir Húnalandi eptir feðr sinn; hann var snemma mikill ok sterkr, ok áræðisfullr um þat, er mannaun þótti í ok karlmennska; hann gerist hinn mesti hermaðr ok sigrsæll í orrostum þeim, sem hann átti í herförum. Nú þá er hann var alroskinn at aldri, þá sendir Hrímnir<sup>1</sup> honum Ljóð<sup>2</sup> dóttur sína, er fyrr er getit, þá er hún fór með eplit til Reris, feðr Völsúngs; nú gengr hann at eiga hana, ok eru þau lengi ásamt, ok eru góðar samfarar þeirra. Þau áttu 10 sonu ok eina dóttur; enn elzti son þeirra hét Sigmundr, en Signý dóttir, þau voru tvíburar, ok voru þau fremst ok vænst um alla hluti barna Völsúngs konúngs, ok voru þó allir miklir fyrir sér, sem lengi hefir uppi verit haft, ok at ágætum gert verit, hversu Völsúngar hafa verit ofrkappsmenn miklir, ok hafa verit fyrir flestum mönnum, sem getit er í forn-sögum, [bæði um fróðleik ok íþróttir ok allsháttar kappgirn<sup>3</sup>. Svá er sagt, at Völsúngr konúgr lét gera höll eina ágæta ok með þeim hætti, at ein eyk mikil stóð í<sup>4</sup> höllinni, ok limar<sup>5</sup> træsins með fögrum blómum stóðu út um ræfr hallarinnar, en leggrinn stóð niðr í höllina, ok kölluðu þeir þat branstokk<sup>6</sup>.

3. Siggeir<sup>7</sup> hefir konúgr heitit, hann reð fyrir Gautlandi, hann vat ríkr<sup>8</sup> konúgr ok fjölmennr; hann fór á fund Völsúngs konúngs,

<sup>1</sup>) Hímnir, G, H. <sup>2</sup>) þannig, eða: Boð, A; v. þín. <sup>3</sup>) v. í C, J. <sup>4</sup>) miðri, b. v. J, K. <sup>5</sup>) greinir, J, K. <sup>6</sup>) barnstokk, hin. <sup>7</sup>) Sigger, J, K. <sup>8</sup>) frægr, hin.

ok bað hann Signýar til handa sèr; þessu tali tekr konúgr vel ok svá synir hans, en hún sjálf var þessa ófús, biðr þó feðr sinn ráða þessu<sup>1</sup> sem öðru því, sem til hennar<sup>2</sup> tæki; en konúgrinn tók þat ráð at gipta hana, ok var hún föstnuð Siggeiri konúgi. En þá þessi veizla ok ráðahagr skal takast, skal<sup>3</sup> Siggeir konúgrsækja veizluna til Völsúngs konúngs. Konúgr bjóst við veizlunni eptir enum beztum faungum; ok þá er þessi veizla var albúin, komu þar boðsmenn Völsúngs konúngs ok svá Siggeirs konúngs at nefndum degi, ok hefir Siggeir konúgr marga virðuliga<sup>4</sup> menn með sèr. Svá er sagt, at þar voru miklir eldar gerðir eptir endilángri höllinni, en nú stendr sjá hinn mikli apaldr<sup>5</sup> í miðri höllinni, sem fyrr var nefndr. Nú er þess viðgetit, at þá er menn sátu við eldana um kveldit, at maðr einn gekk inní höllina, sá maðr er mönnum úkunnigr<sup>6</sup> at sýn; sjá maðr hefir þessháttar búning, at hann hefir heflu flekkótta yfir sèr; sá maðr var berfætt, ok hafði knýtt línbrókum at beini; sá maðr hafði sverð í hendi, ok gengr at branstokkinum<sup>7</sup>, ok (hafði) hatt síðan á höfði; hann var hár mjök ok eldlig<sup>8</sup> ok einsýnn; hann bregðr sverðinu, ok stíngr því í stokkinn, svá at sverðit sökkr at hjöltum upp; öllum mönnum fellust kveðjur við þenna mann; þá tekr hann til orða ok mælti: sá er

<sup>1</sup>) v. í. A. <sup>2</sup>) hans, *hin.* <sup>3</sup>) áttl, *J, K.* <sup>4</sup>) v. í *J, K.* <sup>5</sup>) ap-haldr, *J, K.* <sup>6</sup>) ókendr, *hin.* <sup>7</sup>) barnstokkinum, *hin.* <sup>8</sup>) elli-ligr, *hin.*

Þessu sverði bregðr or stokkinum, þá skal sá þat þiggja at mēr at gjöf, ok skal hann þat sjálfir sanna, at aldri bar hann betra sverð sēr í hendi, enn þetta er. Eptir þetta gengr sjá enn gamli maðr út or höllinni, ok veit enginn, hverr hann er, eða hvert hann gengr. Nú standa þeir upp, ok metast ekki við<sup>1)</sup> at taka sverðit, þikkist sá bezt hafa, ér fyrst náir<sup>2)</sup>; síðan gengu til enir göfgustu menn fyrst, en þá hverr at öðrum; engi kemr sá til, er náir; þvíat engan veg bifast, er þeir taka til. Nú kom til Sigmundr, son Völsúngs konúngs, ok tók ok brá sverðinu or stokkinum, ok var sem laust lægi fyrir honum. Þetta vopn sýndist öllum svá gott, at engi þóttist sèt hafa jafngott sverð, ok býðr Siggeir<sup>3)</sup> honum at vega þrjú<sup>4)</sup> jafnvægi gulls. Sigmundr segir: þú máttir taka þetta sverð eigi síðr enn ek, þar sem þat stóð, ef þer sæmdi at bera, en nú fær þú þat aldri, er þat kom áðr í mína hönd, þótt þú bjóðir við allt þat gull, er þú átt. Siggeir konúngr reiddist við þessi orð, ok þótti sēr háðuliga svarat vera; en fyrir því at honum var svá varit, at hann var undirhyggjumaðr mikill, þá lætr hann nú sem hann hirðti ekki um þetta mál, en þat sama kveld hugði hann laun fyrir þetta, þau er síðarr komu fram.

4. Nú er þat at segja, at Siggeir gengr í rekkju hjá Signýu þenna aptan; en næsta dag

<sup>1)</sup> um, B, C, D, II. <sup>2)</sup> nær, hin. <sup>3)</sup> v. í A. <sup>4)</sup> v. í hin.

eptir, þá var veðr gott; þá segir Siggeir kon-  
 ungr, at hann vill heim fara ok bláa eigi þess,  
 er vindr<sup>1</sup> yxi<sup>2</sup>, eða sjá gerir úfæran. Eigi er  
 þess getit, at Völsungr konungr letti hann eða  
 synir hans, allra helzt er hann sá, at hann vildi  
 ekki annat, enn fara frá veizlunni. Nú mælti  
 Signý við feðr sinn: eigi vilda ek á brott fara  
 með Siggeiri, ok eigi gerir hugr minn hlægja  
 við honum, ok veit ek af framvísi minni ok af  
 kynfylgju vorri, at af þessu ráði stendr oss mik-  
 ill úfagnaðr, ef eigi er skjótt brugðit þessum  
 ráðahag. Eigi skaltu þetta mæla, dóttir! sagði  
 hann, [þvíat þat er skömm mikil bæði honum  
 ok svá oss, at briggja þessu<sup>3</sup> við hann at sak-  
 lausu, ok egum ver þá engan trúnað undir  
 honum nè vingan, ef þessu er brugðit, ok man  
 hann gjalda illu oss, slíkt er hann<sup>4</sup> má, ok  
 samir þat eina at halda af vorri hendi. Nú býst  
 Siggeir konungr til heimferðar; ok áðr þeir  
 fóru frá boðinu, þá bauð hann Völsungi kon-  
 ungi, mági sínum, til sín á Gautland, ok sonum  
 hans öllum með honum<sup>5</sup>, á þriggja mánaða fresti,  
 ok því öllu liði, sem hann vildi með sér hafa ok  
 honum væri til vegsemdar. Vill nú Siggeir kon-  
 ungr gjalda í því, þat er áskorti brudlaups gerð-  
 ina<sup>6</sup> fyrir þess sakir, er hann vildi eigi meirr  
 vera, enn eina nótt, [ok er ekki þat siðr manna

<sup>1</sup>) veðr, *hin.* <sup>2</sup>) vesni, *B.* <sup>3</sup>) vor orð, *hin.* <sup>4</sup>) frá [*v. i. B.*  
<sup>5</sup>) til ágætrar veizlu, *B, H, J.* <sup>6</sup>) gleðina, *hin.*

at gera svá<sup>1</sup>. Nú heitr Völsúngr konúngr ferðinni, ok koma á nefndum degi. Þá skiljast þeir mágar, ok ferr Siggeir konúngr heim með konu sína.

5. Nú er at segja frá Völsúngi konúngi ok sonum hans, at þeir fara at ákveðinni stundu til Gautlands at boði Siggeirs konúngs, mágs síns, ok [hafa þrjú<sup>2</sup> skip or landi ok öll vel skiput, ok verða vel reiðfara<sup>3</sup>, ok koma skipum sínum við Gautland, en þat var síð um aptan. En þann sama aptan kom Signý, dóttir Völsúngs konúngs, ok kallar feðr sinn á einmæli ok bræðr sína, segir nú ætlan sína ok Siggeirs konúngs, at hann hefir dregit saman úvígán hér, ok ætlar at svíkja yðr; nú bið ek yðr, segir hún, at þèr farið þegar aptr í yðart ríki ok fáid yðr lið sem mest, ok farið hingat síðan ok hefnið yðar sjálfir, ok gangið eigi í úfæru, þvíat eigi missi þèr svika af honum, ef eigi taki þèr þetta bragð, sem ek beiði yðr. Þá mælti Völsúngr konúngr: þat munu allar þjóðir at orðum gera, at ek mæltá eitt orð úborinn, ok strengda ek þess heit, at ek skylda hvárki flýja eld nè járn fyrir hrædslu sakir, ok svá hefi ek enn gjört hér til, ok hví munda ek eigi efna þat á gamalsaldri? ok eigi skulu meyjar því bregða sonum mínum í leikum, at þeir hræðist bana sinn, þvíat eitt sinn skal hverr deyja, en engi má undan kómast at

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) fóru þeirra, hin. <sup>3</sup>) hraðfarir, C, D, E, F, G, H, J, K; síðfarir, B.

deyja um sinn<sup>1</sup>; er þat mitt ráð, at vér flyjum hvergi, ok gerum af vorri hendi sem hreystiligast; ek hefi barizt 100 sinnum, ok hefi ek haft stundum meira lið, en stundum minna, ok hefi ek jafnan sigr haft, ok eigi skal þat spyrjast, at ek flýja nè friðar biðja. Nú grætr Signý sárliga, ok bað, at hún skyldi eigi koma til Siggeirs konungs. Völsúngr konúngr svarar: þú skalt at vísu fara heim til bónda þíns ok vera samt með honum, hversu sem með oss ferr. Nú gengr Signý heim, en þeir búa eptir um nóttina. Ok um myrgininn þegar er dagar, þá biðr Völsúngr konúngr upp standa sína menn alla, ok gánga á land upp, ok búast við bardaga. Nú gánga þeir á land upp allir alvopnaðir, ok er eigi langt at biða, áðr þar kemr Siggeir konúngr með allan sinn her, ok verðr þar in harðasta orrosta með þeim, ok eggjar konúngr lið sitt til framgaungu sem harðligast, ok er svá sagt, at Völsúngr konúngr ok synir hans gengu áttasinnum í gegnum fylkingar [Siggeirs konungs<sup>2</sup> um daginn, ok höggva á tvær hendr; ok er þeir ætla enn svá at fara, þá fellr Völsúngr konúngr í miðri fylkingu sinni, ok þar allt lið hans með honum, [nema synir hans 10, því at miklu meira ofrefli var í móti, enn þeir mætti viðstanda<sup>3</sup>. Nú eru sýnir hans allir teknir ok í bönd reknir, ok á brott leiddir. Signý varð vör við, at faðir hennar var drepinn, en bræðr

<sup>1</sup>) í senn, hin.    <sup>2</sup>) v. í hin.    <sup>3</sup>) v. í hin.

hennar höndum teknir, ok til bana ráðnir; nú kallar hún Siggeir konung á einmæli. Nú mælti Signý: þess vil ek biðja þik, at þú látir eigi svá skjótt drepa bræðr mína, ok látið þá heldr setja í stokk, ok kemr mér at því, sem mælt er, at unir auga, meðan á sér, ok því bið ek þeim<sup>1</sup> eigi lengra, at ek ætla, at mér muni ekki tjóa<sup>2</sup>. Þá svarar Siggeir: ær ertu ok örvita<sup>3</sup>, er þú biðr bræðrum þínum meira böls, enn þeir sè höggnir, en þó skal þat veita þér, þvíat þess betr þikki mér, er þeir þola verra, ok hafa lengri kvöl<sup>4</sup> til bana. Nú lætr hann svá gerá, sem hún bauð, ok var tekinn einn mikill stokkr, ok feldr á færtr þeim 10 bræðrum í skógi einshversstaðar, ok sitja þeir nú þar þann dag allan til nætr; en at miðri nótt, þá kom þar ylgr<sup>5</sup> ein<sup>6</sup> or skógi gömul at þeim, er þeir sátu í stokkinum, hún var bæði mikil ok illilig; henni varð þat fyrir, at hún býtr einn þeirra til bana, síðan át hún þann upp allan; eptir þat fór hún í brott. En eptir um morgininn, þá sendi Signý mann til bræðra sinna, [þann er hún trúði beztr<sup>7</sup>, ok vita<sup>8</sup>, hvat tíðt sè; ok er hann kemr aptr, segir hann henni, at dauðr sè einn þeirra; henni þótti þetta mikit, ef þeir skulu svá fara allir, en hún mátti ekki dyga<sup>9</sup> þeim. Skjótt er þar frá at segja, nú nær í

<sup>1</sup>) þik, J, K. <sup>2</sup>) tjá, hin. <sup>3</sup>) óvita, B; vitstola, J, K. <sup>4</sup>) þannig hin; kaul, A. <sup>5</sup>) ylgi, C, E, F, G, H. <sup>6</sup>) einn, B. <sup>7</sup>) v. C, D, E, F, G, H, J, K. <sup>8</sup>) v. í A. <sup>9</sup>) hjálpa, B; duga, hin.

samt<sup>1</sup> kom sjá en sama ylgr um miðnætti, ok etr einn þeirra senn til bana, unst allir eru dauðir, nema Sigmundur einn er eptir. Ok nú áðr tíunda nótt kemr, sendir Signý trúnaðarmann sinn til Sigmundar, bróður síns, ok seldi í hönd honum hunáng, ok mælti, at hann skyldi rýða á andlit Sigmundar ok leggja í munn honum sumt. Nú ferr hann til Sigmundar, ok gerir sem honum var boðit, ok fór heim síðan. Um nóttina eptir þá kemr sú in sama ylgr at vanda sínum, ok ætlaði at bíta hann til bana sem bræðr hans; en nú dregr hún veðrit af honum, þar sem hunángit var áriðit, ok sleikir andlit hans allt með tungu sèr, ok rættir síðan tunguna í munn honum; hann lætr sèr verða úbilt, ok beit í tunguna ylginni; hún bregðr við fast, ok hnykkir at sèr hart, ok rak fætrnar í stökkinn, svá at hann klofnaði allr í sundr, en hann hældt svá fast, at tungan gekk or ylginni upplí tungurótunium, ok fékk af því bana. En þat er sögn sumra manna, at sú hin sama ylgr væri móðir Siggeirs konúngs, ok hafi hún brugðit á sik þessu líki fyrir tröllskapar sakir ok fjölkýngi.

6. Nú er Sigmundur lauss orðinn, en brotinn er stokkrinn, ok hefst Sigmundur þar nú við í skóginum. Enn sendir Signý at vita, hvat tíðt er, eða hvert Sigmundur lifir; en er þeir koma, þá segir hann þeim allan atburð, hve farit hafði með þeim ok ylginni. Nú [fara þeir

<sup>1</sup>) samfleytt, J, K.



heim ok<sup>1</sup> segja Signýu, hvat tíð er; fór hún nú ok hittir bróður sinn, ok taka þau þat ráð, at hann gerir þar jarðhús í skóginum, ok ferr nú því fram um hríð, at Signý leynir honum þar, ok fær honum þat, er hann þyrfti at hafa; en Siggeir konúgr ætlar, at þeir sè állir dauðir Völsungar. Siggeir konúgr átti 2 sonu við konu sinni, ok er frá þeim sagt, þá er enn ellri son hans er 10<sup>2</sup> vetra, at Signý sendir hann til móts við Sigmund<sup>3</sup>, at hann skyldi veita honum lið, ef hann vildi nokkut leita við at hefna feðr síns. Nú ferr sveinninn [til skógarins, ok kemr síð um aptaninn<sup>4</sup> til jarðhúss Sigmundar, ok tekr hann við honum vel [at hófi<sup>5</sup>, ok mælti, at hann skyldi gera til brauð þeirra, en ek man sækja<sup>6</sup> eldivið, ok selr í hönd honum einn mjölbelg, en hann ferr sjálf at sækja viðinn; ok er hann kemr aptr, þá hefir sveinninn ekki atgert um brauðgerðina. Nú spyr Sigmundr, hvert búit sè brauðit; hann segir: eigi þorða ek at taka mjölbelginn, fyrir því at þar lá nokkut kvikt í mjölinu<sup>7</sup>. Nú þikkist Sigmundr vita, at þessi sveinn mun eigi svá vel hugaðr, at hann vil hann með sèr hafa. Nú er þau syskin finnast, segir Sigmundr, [at hann þótti ekki manni at nærr<sup>8</sup>, þótt sveinninn væri hjá honum; Signý mælti: tak þú hann þá ok drep hann; eigi þarf hann þá

1) v. í hin. 2) 13, hin. 3) Simba, B. 4) v. í lín. 5) v. í hin. 6) vatn ok, b. v. G. 7) v. í hin. 8) engu hafa verit nærr, hin.

lengr at lifa; ok svâ gerði hann. Nú líðr sjá vetr; [ok einum vetri síðarr<sup>1</sup>, þá sendir Signý enn yngri son sinn á fund Sigmundar, ok þarf þar eigi sögu um at lengja, [ok fór sem samt se<sup>2</sup>, at hann drap þenna svein at ráði Signýar.

7. Þess er nú viðgetit eitthvert sinn, þá er Signý sat í skemmu sinni, at þar kom til hennar ein seiðkona fjölkunnig harla mjök; þá talar Signý við hana: þat vilda ek, segir hún, at við skiptum hömum<sup>3</sup>; hún segir<sup>4</sup>: þú skalt fyrir ráða; ok nú gerir hún svâ af sínum brögðum, at þær skipta litum, ok sezt seiðkonan nú í rúm Signýjar [at ráði hennar<sup>5</sup>, ok ferr í rekkju hjá konungi um kveldit, ok ekki finnr hann at eigi se Signý hjá honum. Nú er þat frá Signýju at segja, at hún ferr til jarðhúss bróður sins, ok biðr hann veita sér herbergi um nóttina, þvíat ek hefi vilzt á skóginum úti, ok veit ek eigi, hvar ek fer. Hann mælti, at hún skyldi þar vera, ok vildi eigi synja henni vistar einni konu, ok þóttist vita, at eigi mundi hún svâ launa honum góðan beina at segja til hans; nú [ferr hún í herbergi til hans<sup>6</sup>, ok setjast til matar; honum varð opt litit til hennar, ok lízt konan væn ok fríð. En er þau eru mett, þá segir hann henni, at hann vill at þau hafi eina rekkju um nóttina, en hún brýzt ekki við því, ok leggr hann hana

<sup>1</sup>) síðan, B; nokkoru síðarr, G. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) litum. B, E. <sup>4</sup>) seiðkonan, b. v. A. <sup>5</sup>) v. í hin. <sup>6</sup>) fara þau til herbergis, G, J, K.

hjá sér 3 nætr samt. Eptir þat ferr hún heim, ok hittir seiðkonuna, [ok bað, at þær skipti aptr litum, ok svá gerir hún<sup>1</sup>. Ok er framliðu stundir, fæðir Signý sveinbarn, sjá sveinn var Sinfjötli kallaðr; ok er hann vex upp, er hann bæði mikill ok sterkr ok vænn at áliti, ok mjök í ætt Völsunga, ok er eigi allra 10 vetra, er hún sendir hann í jarðhúsit til Sigmundar. Hún hafði þá raun gert við ena fyrri sonu sína, áðr hún sendi þá til Sigmundar, at hún saumaði at höndum þeim með holdi ok skinni; þeir þoldu illa ok kriktu<sup>2</sup> um; ok svá gerði hún Sinfjötla; hann brást ekki við; hún fló hann þá af kyrtlinum, svá at skinnit fylgdi ermum; hún kvað honum munðu sárt við verða; hann segir: lítit mundi slíkt sárt þikkja Völsungi. Ok nú kemr sveinninn til Sigmundar; þá bað Sigmundr hann knoða or mjöli þeirra, en hann vill sækja þeim eldivið<sup>3</sup>, fær í hönd honum einn belg; síðan ferr hann at viðinum; ok er hann kom aptr, þá hafði Sinfjötli lokit at baka. Þá spurði Sigmundr, ef hann hafi nokkut fundit<sup>4</sup> í mjölinu; eigi er mér grunlaust<sup>5</sup>, sagði hann, at eigi hafi í verit nokkut kykt<sup>6</sup> í mjölinu fyrst er ek tók at knoða, ok hér hefi ek meðknoðat þat, er í var. Þá mælti Sigmundr, ok hló við: eigi get ek þik hafa mat af þessu brauði í kveld, þvát þar hefir

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) þannig A; krittum, B; krettum, hin. <sup>3</sup>) eldinn, J, K. <sup>4</sup>) kvikt, b. v. J, K. <sup>5</sup>) gruns, hin. <sup>6</sup>) kvikt, hin.

Þú knoðat með enn meſta eitrorm. Sigmundur var svá mikill fyrir sér, at hann mátti eta eitr svá at hann skaðaði ekki, en Sinfjötla hlýddi<sup>1</sup> þat, at eitr kæmi utan á hann, en eigi hlýddi honum at eta þat nè drekka.

8. Þat er nú at segja, at Sigmundi þikkir Sinfjötli of úngr til hefnda með sér, ok vill nú fyrst venja hann með nokkut harðræði; fara nú um sumrum víða um skóga, ok drepa menn til fjár sér. Sigmundi þikkir hann mjök í ætt Völsunga, [ok þó hyggr hann, at hann sé son Siggeirs konúngs, ok hyggr hann hafa ilsku feðr síns, en kapp Völsunga<sup>2</sup>, ok ætlar hann eigi mjök frændrækin<sup>3</sup> mann, því hann minnir opt Sigmund á sína harma<sup>4</sup>, ok eggjar mjök at drepa Siggeirkonung. Nú er þat eithvertsinn, at þeir fara út á skóginn at afla sér fjár, en þeir finna eitt hús, ok tvá<sup>5</sup> menn sofandi<sup>7</sup> í húsinu með digrum gullhringum; þeir hafa orðit fyrir úsköpum, þvíat úlfahamir hengu yfir húsinu yfir þeim; it tíunda [hvert dægr<sup>8</sup> máttu þeir komast or hömunum; þeir voru konungasynir. Þeir Sigmundur fóru í hamina ok máttu eigi or komast, ok fylgdi sú náttúra sem áðr var, létu<sup>9</sup> ok<sup>10</sup> vargsröddu; þeir skildu báðir röddina. Nú leggjast þeir ok á merkr, ok ferr sína leið hverr þeirra; þeir gera þann mála með sér,

<sup>1</sup>) þoldi, *hin.* <sup>2</sup>) *v. í J, K.* <sup>3</sup>) dáðlausan, *hin.* <sup>4</sup>) hefnd, *hin.* <sup>5</sup>) hann, *hin.* <sup>6</sup>) *v. í hin.* <sup>7</sup>) sitjandi, *B.* <sup>8</sup>) hverja nótt, *J, K.* <sup>9</sup>) sæti, *B, C, F, H; sæn, E, G.* <sup>10</sup>) með, *J, K.*

at þeir skuli tilhætta, þótt 7' menn sè, en eigi framarr, en sá láti úlfs rödd, er fyrir úfriði yrði. Bregðum nú eigi af þessu, segir Sigmundur, því at þú ert úngr ok áræðisfullr, munu menn gott<sup>2</sup> hyggja til at veiða þik. Nú ferr sína leið-hvárr þeirra; ok er þeir voru skildir, finnr Sigmundur<sup>3</sup> menn, ok lét úlfs röddu; ok er Sinfjötli heyrir þat, ferr hann til þegar ok drepr alla; þeir skiljast enn. Ok er Sinfjötli hefir eigi<sup>4</sup> lengi<sup>5</sup> farit um skóginn, finnr hann [11 menn; ferr<sup>6</sup> svá, at hann drepr þá alla; hann verðr ok<sup>7</sup> lúinn<sup>8</sup>, ok ferr undir eina eyk, hvílist þar. [Þá kemr Sigmundur þar ok mælti: Því kallaðir þú ekki? Sinfjötli sagði: eigi vilda ek kveðja þik til liðs<sup>9</sup> at drepa 11 menn; Sigmundur hleypr at honum svá hart, at hann stakar<sup>10</sup> við ok fellr; Sigmundur bítr í barkann framan. Þann dag máttu þeir eigi komast or úlfahömunum. Sigmundur leggrr hann nú á bak sèr ok berr heim í skálann, ok sat hann yfir honum, en það tröll taka úlfhamina. Sigmundur sèr einn dag, hvar hreisikettir 2 voru, ok bítr annar í barkann öðrum, ok raðn sá til

1) 8, hin. 2) skjótt, hin. 3) v. eitt orð, sem ekki verðr lesið í A. 4) nú, hin; v. í B. 5) lengra, B, C, H. 6) er máð í A, og er tekið úr hinum, en hér vanta 3 eða 4 orð, sem ekki verða lesin í A. 7) nú, hin. 8) þetta orð verðr eigi lesið í A, en þykir sem standi: la . . . 9) frá merkinu [ er tekið úr hinum, og það, sem ekki verðr lesið í A, svarar hðrum 6 prentuðum línun; þó má lesa þessi einstöku orð . . . ok fara . . . hann mælti til . . . lið til at drepa 7 menn, en ek em barn at aldri hjá þer ok kvadda ek eigi liðs. 10) skrikar, B; stjakar, G, J, K.

skógar, ok hefir eitt blað, ok færir yfir sárit, ok sprettr upp hreisiköttrinn heill. Sigmundr gengr út, ok sèr, hvar hrafn flýgr með blaðitok færði honum; hann dregr þetta yfir sárit Sinfjötla, en hann sprettr upp [þegar heill<sup>1</sup>, sem hann hefði aldri sárr verit. Eptir þat fara þeir til jarðhúss, ok eru þar, til þess er þeir skyldu fara or úlfhömunum; þá taka þeir þá ok brenna í eldi, ok báðu engum at meini verða; [ok í þeim úsköpum unnu þeir<sup>2</sup> mörg frægðarverk í ríki Siggeirs konúngs. Ok er Sinfjötli er frumvaxti, þá þikkist Sigmundr hafa reynt hann mjök. Nú líðr eigi langt, áðr Sigmundr vill leita til föðurhefnda, ef svá vildi takast; ok nú fara þeir í brott frá jarðhúsinu einhvern dag, ok koma at bæ Siggeirs konúngs síð um aptan, ok ganga inni forstofuna þá, er var fyrir höllinni, en þar voru inni ölker, ok leynast þar. Drottning veit nú, hvar þeir eru, ok vill hitta þá; ok er þau finnast, gera þau þat ráð, at þeir leitaði til föðurhefnda, er náttaði. Þau Signý ok konúngr eigu 2 börn úng at aldri, þau leika sèr á gólfinu at gulli, ok renna því eptir gólfinu hallarinnar ok hlaupa þar eptir; ok einn gullhríngur hrýtr utar í húsit, þar sem þeir Sigmundr eru, en sveinninn hleypr eptir at leita hringsins. Nú sèr hann, hvar sitja 2 menn miklir ok grimmligir, ok hafa síða hjálma ok hvítar brynjur. Nú hleypr hann í höllina innarr fyrir feðr

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) þeir unnu nú, hin; úsköpum, er dauða í A.

sinn, ok segir honum; hvat hann hefir sèt. Nú grunar konúgr, at vera muni svik við hann: Signý heyrir nú; hvat þeir segja; hún stendr upp, tekr börnin bæði, ok fór utar í forstofuna til þeirra ok mælti, at þeir skyldu þat vita, at þau hefði sagt til þeirra: ok ræð ek ykk; at þið drepið þau. Sigmundur segir: eigi vil ek drepa börn þín, þótt þau hafi sagt til mín; en Sinfjötli lét sér ekki feilast<sup>1</sup>, ok bregðr sverði, ok drepr hvártveggja barnit, ok kastar þeim innarr í höllina fyrir Siggeir konúng. Konúgr stendr nú upp, ok heitr á menn at taka þá menn, er leynst höfðu í forstofunni um kveldit. Nú hlaupa menn utar þángat ok vilja höndla<sup>2</sup> þá, en þeir verja sik vel ok drengiliga, ok þikkist þá sá verst hafa [lengi, er næst er<sup>3</sup>; ok um síðir verða þeir ofrliði bornir ok verða handteknir, ok því næst í bönd reknir ok í fjötra settir, ok sitja þeir þar þá nótt alla. Nú hyggr konúgr at fyrir sér, hvern dauða hann skal fá þeim, þann er kendi lengst; ok er morginn kom, þá lætr konúgr haug mikinn gera af grjóti ok torfi; ok er þessi haugr er gjörr, þá lét hann setja hellu mikla í miðjan hauginn, svá at annar jaðarr hellunnar horfði upp, en annar niðr; hún var svá mikil, at hún tók tveggjavegna, svá at eigi mátti komast hjá henni. Nú lætr hann taka þá Sigmund ok Sinfjötla, ok setja í hauginn sínu megin hvern

1) bilt við verða, *hin*. 2) drepa, *J, K*; grípa, *hin*. 3) er þeim er næstr, *hin*.

Þeirra, fyrir því, at honum þótti þeim þat verra at vera eigi báðum saman, en þó mátti heyra hvárr til annars. Ok er þeir voru at tyrfa hauginn, þá kemr Signý þar at ok hefir [hálm í fangi sér', ok kastar í hauginn til Sinfjötla, ok biðr þrælana leyna konúnginn þessu; þeir já því, ok er þá lokit aptr hauginum. Ok er náttu tekr, þá mælti Sinfjötli til Sigmundar: ekki ætla ek okkr mat skorta um hríð, hær hefir drottníngin kastat fleski inní hauginn ok vafit um utan hálmí'; ok enn þreifar' hann um fleskit, ok finnr at þar var stúngit í sverði Sigmundar, ok kendi at hjöltunum, er myrkt var í hauginum, ok segir Sigmundi; þeir fagna því báðir. Nú skýtr Sinfjötli blóðrefliñum fyrir ofan<sup>4</sup> helluna, ok dregr fast; sverðið býtr helluna. Sigmundr tekr nú blóðrefilinn, ok ristu nú í milli sín helluna', ok létu eigi fyrr, enn lokit er at rista, sem kveðit er:

Ristu af magni<sup>6</sup>  
mikla hellu  
Sigmundr hjörfi  
ok Sinfjötli.

Ok nú eru þeir lausir báðir saman í hauginum, ok rista bæði grjót ok járn, [ok komast svá út or hauginum<sup>7</sup>. Þeir gánga nú heim til hallarinnar, eru menn þá í svefni allir; þeir

<sup>1</sup>) hjálm í hendi, B, J. <sup>2</sup>) hjálmí, B, J. <sup>3</sup>) þreifr, B, G; hrifr, J, K. <sup>4</sup>) v. í hin. <sup>5</sup>) v. í J, K. <sup>6</sup>) megni, hin. <sup>7</sup>) v. í hin.



bera við at höllinni, ok leggja eld í viðinn; en þeir vakna við gufuna, er iani eru, ok þat, at höllin logar yfir þeim. Konúngr spyr, hverlr eldana gerði? Hér eru við Sinfjötli, systurson minn, sagði Sigmundr, ok ætlan við nú, at þat skulir þú vita, at eigi eru allir Völsungar dauðir; hann biðr systur sína út at gánga, ok þiggja afhonum góð metorð [ok mikinn sóma<sup>1</sup>, ok vill svá bæta henni sína harma. Hún svarar: nú skaltu vita, hvárt ek hefi múnat [Siggeiri konungi<sup>2</sup> dráp Völsúngs konúngs; ek lét drepa börn okkr, er mér þóttu of sein til föðurhefnda, ok ek fór í skóg til þín í völvulki, ok er Sinfjötli okkarr son, [hefir hann af því mikit kapp, at hann er bæði sonarson ok dótturson Völsúngs konúngs<sup>3</sup>; hefi ek þartil unnit alla luti, at Siggeir konúngr skyldi bana fá, hefi ek ok svá mikit tilunnit at framkæmist hefndin, at mér er [með aungum kosti<sup>4</sup> líft; skal ek nú deyja með Siggeiri konungi lostig, er ek átta hann nauðig. Síðan kysti hún Sigmund bróður sinn ok Sinfjötla, ok gekk inni eldinn, ok bað þá vel fara; síðan fékk hún þar bana með Siggeiri konungi ok allri hirð sinni. Þeir frændr fá sér lið ok skipa, ok heldr Sigmundr til ættleifðar sinnar, ok rekr or landi þann konúng, er þar hafði í sezt [eptir Völsúng konúng<sup>5</sup>. Sigmundr gerist nú

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) ok systurson þinn, en dótturson Völsúngs konúngs, J, K. <sup>4</sup>) eigi lengr, J, K; eigi, hin. <sup>5</sup>) úr því, J, K. <sup>6</sup>) v. í hin.

ríkr konúgr ok ágætr, vitr ok stórráðr; hann átti þá konu, er Borghildr hét; þau áttu 2 sonu, hét Helgi annar, en annar Hámuðr; ok er Helgi var fæddr, komu til nornir ok veittu honum formála, ok mæltu, at hann skyldi verða allra [konunga frægastr. Sigmundr var þá kominn frá orrostu, ok gekk með einum lauk inót syni sínum, ok hér með gefr hann honum Helga nafn ok þetta at nafnfesti: Hríngstaði ok Sól-fjöll, ok sverð, ok bað hann vel fremjast<sup>3</sup> ok verða í ætt Völsúngs; hann gerist stórlýndr ok vinsæll, ok fyrir flestum mönnum öðrum at allri atgerfi. Þat er sagt, at hann réðst<sup>4</sup> í hernað þá er hann var fimtán vetra gamall; var Helgi konúgr yfir liðinu<sup>5</sup>, en Sinfjötli var fenginn til með honum, ok réðu báðir liði.

9. Þat er sagt, at Helgi finnr þann konúng í hernaði, er Hundíngr hét; hann var ríkr konúgr ok fjölmennr, ok réð fyrir löndum; þar tekst orrosta með þeim, ok gengr Helgi fast fram, ok lýkst með því sjá bardagi, at Helgi fær sigr, en Hundíngr konúgr fellr ok mikill luti liðs hans. Nú þíkkir Helgi hafa vaxit<sup>6</sup> mikit, er hann hefir felt svá ríkan konúng. Synir Hundíngs bjóða<sup>6</sup> nú út her inót Helga, ok vilja hefna föður síns; þeir eiga harða orrostu, ok gengr Helgi í gegnum fylkingar þeirra bræðra, ok sækir at merkjum sona Hundíngs konúngs,

1) vitr, *hiz.* 2) manna ágjætastr, *J, K.* 3) framast, *J, K.*  
4) fór, *hin.* 5) landinu, *hin.* 6) húa, *J, K.*

ok feldi þessa Hundíngs sonu: Álf ok Eyólf, Her-  
 varð<sup>1</sup> ok Hagbarð<sup>2</sup>, ok fèkk hær ágætan sigr.  
 Ok er Helgi fór frá orrostu, þá fann hann  
 [við skóg einn<sup>3</sup> konur margar ok virðuligar sýn-  
 um, ok bar þó ein af öllum, þær riðu með ágæt-  
 ligum búningi. Helgi spyrr þá at nafni, er fyrir  
 þeim var; en hún nefndist Sigrún, ok kveðst vera  
 dóttir Högna konúngs. Helgi mælti: farið heim  
 með oss, ok verið velkomnar! Þá segir konúngs  
 dóttir: annat starf liggr fyrir oss, enn drekka  
 með þær. Helgi svarar: hvat er þat, konúngs-  
 dóttir? Hún svarar: Högni konúngr hefir heitit  
 mik Höddbroddi<sup>4</sup>, syni Granmars<sup>5</sup> konúngs, en  
 ek hef því heitit, at ek vil eigi eiga hanu, heldr  
 enn, einn krákuúnga; en þó mun þetta fram-  
 fara, nema þú bannir honum ok komir ímót  
 honum með her, ok nemir mik á brott, þvíat  
 með engum konúngi vildi ek heldr sætr<sup>6</sup> búa,  
 enn með þær! Ver kát, konúngsdóttir! sagði  
 hann, fyrri skulum við reyna hreysti okkra, enn  
 þú sèrt honum gipt, [ok reyna skulum við áðr,  
 hvárr af öðrum berr<sup>7</sup>, ok hær skal lífit á leggja.  
 Eptir þetta sendir Helgi menn með fægjöfum  
 at stefna at sèr mönnum, ok stefnir öllu liðinu  
 til Rauðabjarga<sup>8</sup>; beið Helgi þar til þess, er  
 mikill flokkur kom til hans or Hæðinsey<sup>9</sup>, ok þá

1) Hávarð, *hin*. 2) Hákvarð, *J, K*. 3) í skógi einum, *hin*.  
 4) Hauddbroddi, *F, H*; Hoddbroddi, *A og hin*. 5) Grann-  
 marga, *J, K*. 6) sæti, *B*. 7) *v. í hin*. 8) Rauðbjarga, *B*.  
 9) Hefnisey, *J, K*.

kóm til hans mikit lið or Nörfasundum<sup>1</sup> með fögrum skipum ok stórum. Helgi konúgr kallar til sín skipstjórnarmann sinn, er Leifr hét, ok spurði, ef hann hefði talit lið þeirra; [en hann svarar<sup>2</sup>: eigi er hægt at telja, herra! skip þau, er komin eru or Nörfasundum, eru á 12 þúsundir manna, ok er þó hálfu fleira annat. Þá mælti Helgi konúgr, at þeir skyldu snúa á þann fjörð, er heitir Varinsfjörð<sup>3</sup>, ok svá gerðu þeir. Nú gerði at þeim storm mikinn ok svá stóran sjó, (at því var líkast at heyra, er bylgjur gnúðu<sup>4</sup> á borðunum, sem þá er björgum lysti saman. Helgi bað þá ekki óttast, ok eigi svipta seglunum, heldr setja hvert hærra enn áðr; þá var við sjálf, at yfir mundi gánga, áðr þeir kæmi at landi. Þá kom þar Sigrún, dóttir Höгна konúgs, af landi ofan með miklu liði, ok snýr þeim í góða höfn, er heitir at Gnípalundi. Þessi tífíndi sá landsmenn, ok komu af landi ofan. Bróðir<sup>5</sup> Höddbrodds konúgs, er þar ræð fyrir, er heitir at Svarinshaugi<sup>6</sup>, hann kallar á þá ok spyrr, hverr stýrði enu mikla liði? Sinfjötli stendr upp, ok hefir hjálm á höfði skygðan sem gler, ok brynju hvíta sem snjó, spjót í hendi með ágætligu merki ok gullrendan skjöld fyrir sér; sá kunní at mæla við konúnga: seg svá, at<sup>7</sup> þú hefir<sup>8</sup>

<sup>1</sup>) Naurfasundum, þannig A; Nörfasundum, hin. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) Warmisfjörðr, B; Varmonsfjörðr, J, K. <sup>4</sup>) knúðu, hin. <sup>5</sup>) bræðr, hin. <sup>6</sup>) Svarinshaugi, B; Svaringshaugi, J, K. <sup>7</sup>) þá, J. <sup>8</sup>) hafir, B, F, H, K.

gefit svínum ok hundum, ok þú finnr konu þína, at hær eru komnir Völsungar, [ok man hær hittast í liðinu<sup>1</sup> Helgi konúgr, ef Höddbroddr vill finna hann, ok er þat hans gaman, at berjast með frama, meðan þú kyssir ambáttir við eld. Granmar svarar: eigi mantu kunna margt virðuligt mæla, ok forð minni at segja, er þú lýgr á höfðingja, mun hitt sannara, at þú munt lengi hafa fæðst á mörkum úti við vargamat ok drepit bræðr þína, ok er kynligt, er þú þorir at koma í her með góðum mönnum, er margt kalt hræ hefir sogit til blóðs. Sinfjötli svarar: eigi muntu glöggt muna nú, er þú var völvæn í Varinsey<sup>2</sup>, ok kvaðst vilja mann eiga, ok kaust mik til þess embættis at vera þinn maðr; en síðan vartu valkyrja í Ásgarði, ok var við sjálf, at allir mundu berjast fyrir þínar sakar, ok ek gat við þær 9 varga á Láganesi<sup>3</sup>, ok var ek faðir allra. Granmar svarar: margt kantu ljúga; ek hygg at engis faðir mættir þú vera, síðan þú vart geldr af dætrum jötunsins á Þrasnesi<sup>4</sup>, ok ertu stjúpson Siggeirs konúngs, ok látt á mörkum úti með vörgum, ok komu þær öll úhöpp senn at hendi, þú drapt bræðr þína, ok gerðir þik at illu kunnan. Sinfjötli svarar: hvárt mantu þat, er þú vart merin með hestinum Grana, ok reið ek þær á skeið á Brávelli<sup>5</sup>; síðan vartu geita-

<sup>1</sup>) er, F. <sup>2</sup>) ok mann, er heitir í liðinu, B, C, D, E, F, H, K; mann er heitir fyrir liði, J. <sup>3</sup>) Varmsey, C, D, E, F, G, H, J, K. <sup>4</sup>) J, K. <sup>5</sup>) Þórsnesi, hin. <sup>6</sup>) Granvelli, B.

sveinn Göltnis<sup>1</sup> jötuns. Granmar segir: fyrri vilda ek [seðja fugla<sup>2</sup> á hræi þínu, enn deila við þik lengr. Þá mælti Helgi konúgr: betra væri ykkur ok meira snjallræði at berjast, enn mæla slíkt, er skömm er at heyra, ok ekki eru Granmars synir vinir mínir, en þó eru þeir harðir menn. Granmar ríðr nú í brott ok til fundar við Höddbrodd konung, þar sem heita Sólfjöll; hestar þeirra heita Sveipuðr<sup>3</sup> ok Sveggjuðr<sup>4</sup>; þeir mættust í borgarhlíði ok segja honum hersögu. Höddbroddr konúgr var í brynju, ok hafði hjálm á höfði; hann spyrr, hverlr þar væri: eða hví eru þær svá reiðuligir? Granmar segir: hér eru komnir Völsungar, ok hafa 12 þúsundir [manna við land, ok 7<sup>5</sup> þúsundir<sup>6</sup> við ey þá, er Sök<sup>7</sup> heitir, en þar sem heitir fyrir Grindum er þó mestr fjöldi, ok hygg ek nú, at Helgi muni nú berjast vilja. Konúgr segir: gerum þá boð um allt vort ríki, ok sækjum ímót þeim; sitl sá engi heima, er berjast vill; sendum orð Hríngs<sup>8</sup> sonum [ok Högna konúngi, ok<sup>9</sup> Álfi enum gamla, þeir eru bardagamenn miklir. Fundust þeir þar, er heitir Frekasteinn, ok tókst þar hörð orrosta. Helgi gengr fram í gegnum fylkingar; þar varð mikit mannfall. Þá sá þeir skjaldmeyja flokk mikinn, svá sem í loga

<sup>1</sup>) Gaulnis, A, F, H; Göltnis, B, C, G; Golvers, J, K.  
<sup>2</sup>) seiða, B. <sup>3</sup>) Svipuðr, J, K. <sup>4</sup>) Sneggjuðr, B; Sveggjuðr, J, K. <sup>5</sup>) 8, C, D, E, F, G, H, J, K. <sup>6</sup>) frá [ v. í B. <sup>7</sup>) þannig F, J, K; Sak, B; Sok, A og hin. <sup>8</sup>) Grims, B; Hríms, C, D, E, F, G, H; Hírnirs, J, K. <sup>9</sup>) Ali, Ingi (Hogna), b. B.

sæi, þar var Sigrún konungsdóttir. Helgi konungur sókti ímót Höddbroddi konungi, ok fellir hann undir merkjum. Þá mælti Sigrún: haf þökk fyrir þetta þrekvirki! [skiptman' nú löndum, er mér þetta mikill tímadagr, ok muntu fá af þessu veg ok ágæti, er þú hefir svá ríkan konung feldan. Þat ríki tók Helgi konungur ok dvaldist þar lengi, ok fékk Sigrúnar, ok gerðist frægr konungur ok ágætr, ok er hann hér ekki síðan við þessa sögu.

10. Völsungar fara nú heim, ok hafa enn mikit aukit sitt ágæti. Sinfjötli legst nú í hernað af nýju; hann sèr eina fagra konu, ok girnist mjök at fá hennar; þeirrar konu það ok bróðir Borghildar, er átti Sigmundur konungur. Þeir þreyta þetta mál með orrostu, ok fellir Sinfjötli þenna konung; hann herjar nú víða, ok á margar orrostur ok hefir ávalt sigr, gerist hann maðna frægstr ok ágætastr, ok kemr heim um haustit með mörgum skipum ok miklu fè. Hann segir feðr sínum tíðindin, en hann segir drottníngu; hún biðr Sinfjötla fara brott or ríkinu, ok læzt eigi vilja sjá hann. Sigmundur kveðst eigi láta hann í brott fara, ok býðr at bætá henni með gulli ok miklu fè, þótt hann hefði aungum fyrri bætt mann, kvað engi frama at sakast við konur. Hún mátti þessu eigi á leið koma; hún mælti: þèr skuluð ráða, herra! Þat sómir. Hún gerir nú erfi bróður síns með ráði konungs, býr nú þessa veizlu með enum beztum faungum, ok

1) skipta má, hin.

bauð þá gat mörgu stórmenni. Borghildr bar  
 mönnum drykk; hún kemr fyrir Sinfjötla með  
 miklu horni; hún mælti: drekk nú, stjúpson!  
 Hann tók við ok sá í hornit, ok mælti: gjörótt<sup>1</sup>  
 er drykkinn. Sigmundr mælti: fá mæ'r þá!  
 hann drakk af; drotningin mælti: hví skulu  
 aðrir menn drekka fyrir þik öl? Hún kom í ann-  
 at sinn með hornit: drekk<sup>2</sup> nú! ok frúði<sup>3</sup> hon-  
 um með mörgum orðum; hann tekr við horn-  
 inu ok mælti: flærðr er drykkinn. Sig-  
 mundr mælti: fá mæ'r þá! It þriðja sinn  
 kom hún ok bauð hann drekka af, ef hann  
 hefði hug Völsunga. Sinfjötli tók við horninu,  
 ok mælti: eit er í drykknum! Sigmundr svar-  
 ar: lát grön sí<sup>4</sup>, sonr! sagði hann; þá var kon-  
 úngr drukkinn mjök, ok því sagði hann svá.  
 Sinfjötli drekk, ok fellr þegar niðr. Sigmundr  
 rís upp, ok gekk harmr sinn' nær bana, ok tók  
 likit í fangser, ok ferr<sup>6</sup> til skógar, ok kom loks<sup>7</sup>  
 at einum firði; þar sá hann mann á einum báti  
 litlum; sá maðr spyrr, ef hann vildi þiggja at  
 honum far yfir fjörðinn; hann játtar því; skipit  
 var svá lítit, at þat bar þá eigi, ok var líkit fyrst  
 flutt, en Sigmundr gekk með firðinum. Ok því  
 næst hvarf [Sigmundi skipit ok svá maðrinn; ok  
 eptir þat snýr<sup>8</sup> Sigmundr heim, rekr nú í brott  
 drotninguna, ok<sup>9</sup> litlu síðarr [dó hún<sup>10</sup>. Sigmundr

<sup>1</sup>) gruggótt, B, J, K. <sup>2</sup>) drekk, J, K. <sup>3</sup>) frýaði, J, K.  
<sup>4</sup>) síga, K. <sup>5</sup>) sem, C, F, H; þessi, J, K. <sup>6</sup>) bar, J, K.  
<sup>7</sup>) þar, B. <sup>8</sup>) v. í J, K. <sup>9</sup>) v. í J, K. <sup>10</sup>) v. í J, K.



konúgr ræðr nú enn ríki sínu, ok þíkkir verit hafa inn mesti kappi ok konúgr í fornum síð<sup>1</sup>.

11. Eylimí hefir konúgr heitit, ríkr ok ágætr; dóttir hans hét Hjördís, allra kvenna vænst ok vitrust; ok þat spyrr Sigmundr konúgr, at hún var við hans æði<sup>2</sup>, [eða engi ella<sup>3</sup>. Sigmundr sækir heim Eylíma konúgr; hann gerir veizlu ímót honum mikla, ef hann hefði eigi herferð þáगत; fara nú boð þeirra í milli, at með vinsemd var nú farit, en eigi með herskap; veizla þessi var gjör með hinum beztum faungum ok með miklu fjölmenni. [Sigmundi konúgrí var hvervetna sett torg ok annar farargreiði; koma<sup>4</sup> nú til veizlu, ok skipa báðir konúgrar eina höll. Þar var ok kominn Lýngi konúgr<sup>5</sup>, son [Hundíngs konúngs<sup>6</sup>, ok vill hann ok mægjast við Eylíma konúgr; hann þíkkist sjá, at þeir munu eigi<sup>7</sup> hafa eitt erendi, þíkkist ok vita, at úfriðar mun af þeim vâ, er eigi fær. Nú mælti konúgr við dóttur sína: þú ert vitr kona, en ek hefi þat mælt, at þú skalt þer mann kjósa; kjós nú um tvâ konúnga, ok er þat mitt ráð hér um, sem þitt er. Hún svarar: vandt sýnist mér þetta mál, en þó kýs ek þann konúgr, er frægstr er, en þat er Sigmundr konúgr, þótt hann sè mjök aldri orpinn, ok var hún honum gefin, en Lýngi konúgr fór í brott. Sigmundr kvângaðist, ok fékk Hjördísar; var þar

<sup>1</sup>) sögum, E. <sup>2</sup>) geð, J, K. <sup>3</sup>) v. í J, K. <sup>4</sup>) Sigmundr konúgr kom, hín. <sup>5</sup>) Lýngi konúngs, B, C, D, E, F, H, J, K. <sup>6</sup>) v. í B, C, D, E, F, H, J, K. <sup>7</sup>) báðir, B, G; v. í J, K.

annann dag öðrum betr veitt eða með meira kappi. Eptir þat fór Sigmundur konúgr heim í Húnaland, ok Eylimi konúgr mágr hans við honum, ok gætir nú ríkis síns. En Lýngi konúgr ok bræðr hans safna nú her at sèr, ok fara nú á hendr Sigmundi konúgi, þvíat þeir höfðu jafnan minna lut or málum, þótt þetta biti nú fyrir; vilja þeir nú fyrir koma kappi Völsunga; koma nú í Húnaland ok senda Sigmundi konúgi orð, [ok vilja eigi<sup>a</sup> stelast á hann, en þikkjast vita, at hann mun eigi flýja. Sigmundur konúgr kveðst koma mundi til orrostu; hann dró saman her, en Hjördísi var ekit til skógar við eina ambátt, ok mikit fè fór með þeim; hún var þar, meðan þeir börðust. Víkingar hljópu frá skipum við úvígan her. Sigmundur konúgr ok Eylimi settu upp merki sín, ok var þá blásit í lúðra. Sigmundur konúgr lét nú við kveða sitt horn, er faðir hans hafði átt, ok eggjar sína menn; hafði Sigmundur lið miklu minna; tekst þar nú hörð orrosta, ok þótt Sigmundur væri gamall, þá barðist hann nú hart, ok var jafnan fremstr sinna manna; hëlzt hvárki við honum skjöldr nè brynja, ok gekk hann jafnan í gegnum lið úvina sinna á þeim degi, ok engi mátti sjá, hversu fara mundi þeirra í millum; margt spjót var þar á lopti ok örvar; en svá hlífðu honum hans spádísir, at hann varð ekki sárr, ok engi kunni töl, hversu margr maðr fèll fyrir honum; hann hafði báðar hendr blóð-

<sup>a</sup>) at þeir vilja ekki, J, K.

gar til axlar; ok er orrostan hafði staðit um hríð, þá kom maðr í bardagann með síðan hatt ok heklu blá; hann hafði eitt auga ok geir í hendi; þessi maðr kom á mótt Sigmundi konúngi, ok brá upp geirnum fyrir honum; ok er Sigmundr konúngur hjó fast, kom sverðit í geirinn, ok brast í sundr í tvá luti; síðan snèri mannfallinu, ok var Sigmundi konúngi horfin heill, ok fèll mjök liðit [fyrir honum. Konúnggrinn lífði sèr ekki, ok eggjar mjök liðit<sup>1</sup>. Nú er sem mælt, at eigi má við margnum; í þessi orrostu fèll Sigmundr konúngur ok Eylimi konúngur mágr hans í öndverðri fylkingu, ok mestr luti liðs hans.

12. Lýngi konúngur sækir nú til konúngs bæarins, ok ætlar at taka þar kónungsdóttur, en þat brást honum; fèkk hann þar hvorki konu nè fè; hann ferr nú yfir landit, ok skipar þar sínum mönnum ríkit, þikkist nú hafa drepit alla ætt Völsunga, ok ætlar þá eigi munu þurfa at óttast hëðan frá. Hjördís gekk í valinn eptir orrostuna um nóttina, ok kom at þar, sem Sigmundr konúngur lá, ok spyrr, ef hann væri græðandi; en hann svarar: [margr lifnar<sup>2</sup> or litlum vânum, en horfin er mér heill, svâ at ek vil (eigi) láta græða mik; vill Óðinn ekki, at vèr bregðum sverði, síðan er nú brotnaði; hefi ek háð<sup>3</sup> orrostur, meðan honum líkaði. Hún mælti: einkis þætti mér ávant, ef þú yrðir græddr; ok hefndir feðr míns. Kon-

<sup>1</sup>) v. í J, K. <sup>2</sup>) margr raknar, B; at lifna mundi, J, K.

<sup>3</sup>) þannig hin; haft, A.

úngr segir: öðrum er þat ætlat; þú ferr með sveinbarn, ok fæðir þat vel ok vandliga, ok mun sá sveinn ágætr ok fremstr af vorri ætt; varðveit ok vel sverðsbrotin, þar af má gera gott sverð, er heita mun Gramr ok sonr okkarr mun bera, ok þar mörg stórverk með vinna, þau er aldrí munu fyrnast<sup>1</sup>, [ok hans nafn mun uppi, meðan veröldin stendr<sup>2</sup>. Un<sup>3</sup> nú við þat<sup>4</sup>, en mik mæða sár, ok ek mun nú vitja frænda várra framgenginna. Hjördís sitr nú yfir honum unstr hann deyr, ok þá lýsir af degi. Hún sér at mörg skip eru komin við land; hún mælti til ambáttarinnar: við skulum skipta klæðum, ok skaltu nefnast nafni mínu, ok segst konúngsdóttir; ok þær gera svá. Víkingar geta at líta mikit mannfall, ok sjá hvar konurnar fóru til skógar, skilja at stórtíðendum mun gegna, ok hlaupa af skipum; en fyrir þessu liði<sup>5</sup> réð Álfr, sonr Hjalpreks<sup>6</sup> konúngs af Danmörk; hann hafði farit [fyrir land<sup>7</sup> framt með her sínum; koma nú í valinn, þar sjá þeir mikit mannfall. Konúngurinn biðr nú at leita at konunum, ok svá gerðu þeir; hann spyr, hverjar þær væri, en þat skiptir eigi at líkendum til; ambáttin hefir svör fyrir þeim, ok segir fall Sigmundar konúngs ok Eylima konúngs ok margs annars stórmennis, ok

<sup>1</sup>) þannig G; meðan veröldin stendr, b. v. A og hin. <sup>2</sup>) v. i B. <sup>3</sup>) þannig hin; uni, A. <sup>4</sup>) hann, J, K. <sup>5</sup>) skipum, B; skipi, C, D, E, H, J, K. <sup>6</sup>) Hálpreks, hin, hér, og framvegis. <sup>7</sup>) um lönd, J, K.

svá hverir gert hafa. Konúgr spurði: hvert þær vissi, hvar fè konúgs væri fólgit; ambáttin svarar: meiri von (er) at vèr vitim, ok vísar til fjárins; ok finna þeir auð mikinn, svá at eigi þóttust menn sèt hafa jafnmikit samankoma í einn stað, eða fleiri gersimar; bera til skipa<sup>1</sup> Álfs konúgs; Hjördís fylgdi honum, ok svá ambáttin. Hann ferr nú heim í ríki sitt<sup>2</sup>, en lætr, at þar sè fallnir þeir konúgar, er frægstir eru. Konúgr sezt við stjórn, en þær sátu í fyrirrúmi á skipinu; hann á tal við þær, ok leggr virðing á ræður þeirra. Konúgr kom heim í ríki sitt við miklu fè; Álfr var manna gerfeligastr. Ok er þau hafa skamma stund heima verit, spyr drotningin Álf son sinn: hví hefir en fegri<sup>3</sup> kona færri hrínga eða verra búnað, ok virðist mér, at sú muni æðri, er þær hafið minna yfir látit. Hann svarar: grunat hefir mik þat, at eigi sè ambáttarmót á henni, ok þá er vèrfundumst, þá tókst henni vel at fagna tignum mönnum, ok hèr til skal gera eina ráun. Þat er nú eitt sinn við drykkju, at konúgr sezt á tal við þær ok mælti: hvat hafið þær at marki<sup>4</sup> [um dægfar<sup>5</sup>, þá er nótt eldir, ef þær sjáið eigi himintúngl? Hún svarar: þat mark<sup>6</sup> höfum vèr hèr til, at ek var því vön í æsku, at drekka mjök

<sup>1</sup>) skips, J, K. <sup>2</sup>) með miklit fè, b. v. J, K. <sup>3</sup>) frægri, hin. <sup>4</sup>) v. í B. <sup>5</sup>) frú! um dæg, G, J, K; um dæg, hin. <sup>6</sup>) v. í J, K.

í óttu, ok er ek lét af því, vöknudú vèr eptir því síðan, ok er þat mitt mark. Konúngr brosti at ok mælti: illa var konúngsdóttir vönd. Hann hittir<sup>1</sup> þá Hjördísi, ok spyrr hana slíks ens sama; hún svarar honum: faðir minn gaf mér eitt gull lítit við<sup>2</sup> náttúru; þat kólnar<sup>3</sup> [í óttu á fingri mér<sup>4</sup>, þat er mitt mark hér um. Konúngr svarar: gnótt var þar gulls, er ambáttir<sup>5</sup> báru, ok munu þèr ærit lengi leynzt hafa fyrir mér, ok svá munda ek til þín gert hafa, sem við værim eins konúngs börn bæði, þóttú hefðir<sup>6</sup> þetta sagt, ok enn skal gera verðleikum<sup>6</sup> betr við þik, þvíat þú skalt vera mín kona, ok skal ek gjalda mund við þèr, þá er þú hefir barn getit. Hún svarar, ok segir allt it sanna um sitt ráð; er hún þar nú í miklum sóma, ok þikkir hin virðuligasta kona.

13. Þat er nú sagt, at Hjördísfaðir sveinbarn, ok er sveinninn færðr Hjálpreki konúngi. Konúngrinn varð glaðr við, er hann sá þau in hvössu augu, er hann bar í höfði, ok sagði hann aungum mundu líkan verða eða samjafnan, ok var hann vatni ausinn með Sigurðar nafni; frá honum segja allir eitt, at um atferð ok vöxt var engi hans maki. Hann var þar fæddr með Hjálpreki konúngi af mikilli ást; ok þá er nefndir

<sup>1</sup>) fréttir, *hin*. <sup>2</sup>) þessari, *b. v. J, K*. <sup>3</sup>) klökknar, *G*. <sup>4</sup>) við fingri mér á nóttu, *hin*. <sup>5</sup>) eigi, *b. v. hin*. <sup>6</sup>) verðleikinn, *B*; verðleikan, *C, D, E, F, G, H*.

eru allir enir ágætu menn ok konungar í fornum sögum, þá skal Sigurðr fyrir ganga um afl ok atgerfi, kapp ok hreysti, er hann hefir haft um [hvern mann fram annarra<sup>1</sup> í Norðrálfu heimsins. Sigurðr óx þar upp með Hjálpreki, ok unni hvert barn honum; hann fastnaði Álfi konungi Hjördísi, ok mælti henni mund. Reginn hét fóstri Sigurðar, ok var Hreiðmars<sup>2</sup> son; hann kendi honum íþróttir, tabl ok rúnar, ok túngur margar at mæla, sem þá var tíðt konúngasonum, ok marga luti aðra. Eitt sinn spurði Reginn Sigurð, er þeir voru báðir saman, ef hann vissi, hversu mikit fê faðir hans hefði átt, eða hverir þat varðveittu. Sigurðr svarar ok segir, at konungar varðveittu. Reginn mælti: trúir þú þeim allvel? Sigurðr svarar: þat samir, at þeir varðveiti, [þar til er oss hallkvæmist<sup>3</sup>, þvíat þeir kunnu betr at gæta enn ek. Annat sinn kemr Reginn at máli við Sigurð ok mælti: kynligt er þat, er þú vilt vera hestasveinn konúnga, eða fara sem hlauparar. Sigurðr svarar: eigi er þat, þvíat vèr ráðum öllu með þeim, er oss ok heimilt<sup>4</sup> þat, er vèr viljum hafa. Reginn mælti: bið hann gefa þer einn hest! Sigurðr svarar: þegar mun<sup>5</sup> þat, er ek vil. Sigurðr hittir nú konúnga; þá mælti konúngr við Sigurð: hvat viltu af oss þiggja? Sigurðr svarar: einn hest viljum

<sup>1</sup>) fram aðra, *lin.* <sup>2</sup>) Hroðmargs, *J, K*; Hroðmars, *B, D, E, F, II.* <sup>3</sup>) sem til oss er hugkvæmast, *B*; og er oss þat hagkvæmast, *J, K*; er til oss hagkvæmast, *lin.* <sup>4</sup>) þannig *lin*; heimolt, *A.* <sup>5</sup>) ok fá, *b. v. lin.*

vér þiggja oss til skemtanar. Konúgrinn mælti: kjós þér sjálfir hest ok slíkt, er þú vill hafa af vorri eigu. Annann dag eptir fór Sigurðr til skógar, ok mætir einum gömlum manni með síðu skeggi; sá var honum úkunnigr; hann spyr, hvert Sigurðr skyldi fara. Hann svarar: hest skyldum vér kjósa; [ráð um með oss<sup>1</sup>! Hann mælti: förum ok rekum<sup>2</sup> til árinna, er Búsiltjörn heitir. Þeir reka hrossin útá djúp árinna, [ok leggjast<sup>3</sup> at landi, nema einn hestr, hann tók Sigurðr; hann var grár at lit ok úngr at aldri, mikill vexti ok vænn; engi hafði honum á bak komit. Skeggmaðrinn mælti: þessi hestr er kominn frá Sleipni, ok skal hann vandliga uppfæða, þvíat hann verðr hverjum hesti betri; maðrinn hverfr þá. Sigurðr kallar hestinn Grana, ok hefir sá hestr beztr verit<sup>4</sup>; Óðinn hafði hann<sup>5</sup> hittan. Enn mælti Reginn til Sigurðar: oflítit fè eigu þér; þat harmar oss, er þér hlaupið sem þorpara<sup>6</sup> sveinar, en ek veit mikla fèvon at segja þér, ok er þat meiri vån, at þat sè sómi at sækja ok virðing, ef þú næðir. Sigurðr spyr, hvar væri, eða hverr varðveitti. Reginn svarar: sá heitir Fáfnir, er hèr liggr skamt hèðan á brott, þat heitir Gnítaheiðr<sup>7</sup>; ok er þú kemr þar, þá muntu þat mæla: aldri sattu meira fè í gulli<sup>8</sup> í einum stað, ok eigi þarftu

<sup>1</sup>) ver í ráðum með mér, hin. <sup>2</sup>) hrossin, b. v. J, K. <sup>3</sup>) en þau leggjast, J, K; ei legst, hin. <sup>4</sup>) er, b. v. hin. <sup>5</sup>) honum, hin. <sup>6</sup>) tókra, J, K. <sup>7</sup>) Gnítaheiði, C. <sup>8</sup>) eðr gull, J, K.



meira, þóttú verðir allra konunga elztr ok frægstr. Sigurðr svarar: kann ek kyn þessa orms, þótt vèr sèr sèr úngir, ok hefi ek spurt, at engi þofir at koma ámót honum fyrir vaxtar sakir ok ilsku. Reginn svarar: þat er ekki; sá vöxtr er eptir hætti lýngorma<sup>1</sup>, ok er gert af miklu meira enn er, ok svá mundi þótt hafa hinum fyrrum frændum þínum; ok þótt Völsunga ætt sè at þèr, þá mun þú eigi hafa þeirra skaplyndi, er fyrst eru taldir til alls frama. Sigurðr svarar: véra má at eigi höfum vèr mikit af þeirra kappi eða snild, en eigi berr nauðsyn til at frýja oss, er vèr erum lítt af barnsaldri; eða hví eggjar þú þessa svá mjök? Reginn svarar: saga er til þess, ok mun ek segja þèr. Sigurðr mælti: lát mik heyra!

14. Þat er upphaf<sup>2</sup> sögu þessar, at Hreiðmar<sup>3</sup> hèt faðir minn, mikill ok auðigr; son hans hèt Fáfnir, en annar hèt Otr<sup>4</sup>, ok var ek enn þriðji, ok var ek minnstr fyrir mèr um atgerfi ok yfirlát; kunna ek afjárni gera, ok af silfri ok gulli ok hverjum lut gerði ek nokkut nýtt. Otr bróðir minn hafði aðra iðn ok náttúru; hann var veiðimaðr mikill ok umfram aðra menn, ok var [í otrs líki<sup>5</sup> um daga, ok var jafnan í ánni, ok bar upp fiska með munni sèr; veiðifaungin færði hann feðr sínum, ok var

<sup>1</sup>) sè, b. v. J, K. <sup>2</sup>) þannig hin; upp, A. <sup>3</sup>) Hreiðmar, J, K.  
<sup>4</sup>) þannig hin; Othtr eða Otr (ottrinn), A hèr og framvegis.  
<sup>5</sup>) jötunslíki, J, K.

honum þat mikill styrkr; mjök hefir hann otrs líki á sèr, kom'síðan heim, ok át blundandi<sup>1</sup> ok einnsaman, [þvíat hann mátti eigi sjá á þyrru. Fáfnir var<sup>2</sup> miklu mestr ok grimmastr, ok vildi sitt eitt kalla láta allt þat er var. Einn dvergr heitir Andvari, segir Reginn; hann var jafnan í fossinum, er Andvarafoss heitir, í geddu líki, ok fékk sèr þar matar, þvíat þar var fjöldi fiska í þeim fossi. Otr bróðir minn fór jafnan í þenna foss, ok bar upp fiska í munni sèr, ok lagði einn senn á land. Óðinn, Loki ok Hæmir fóru leiðar sinnar, ok komu til Andvarafoss. Otr hafði þá tekit einn lax, ok át blundandi<sup>3</sup> á árbakkanum. Loki tók einn stein, ok laust otrinn til bana. Æsir þóttust mjök heppnir af veiði sinni, ok flóu belg af otrinum. Þat kveld kvomu þeir til Hreiðmars ok sýndu honum veiðina; þá tóku vèr þá höndum, ok lögðum á þá gjald ok fjörlausn, at þeir fylði belginn af gulli ok hyldi hann utan með rauðu gulli. Þá sendu þeir Loka at afla gullsins; hann kom til Ránar, ok fékk net hennar, fór þá til Andvarafoss, ok kastaði netinu fyrir gedduna, en hún hljóp í netit; þá mælti Loki:

Hvat er þat fiska,  
er rennr flóði í?  
kannat sèr við<sup>4</sup> víti varast,  
höfuð þitt leystu

<sup>1</sup>) blyndandi, *H*; blindandi, *hin*. <sup>2</sup>) Þriði hét Fáfnir, hann var, *hin*. <sup>3</sup>) þannig *A*, *II*; blindandi, *hin*. <sup>4</sup>) með, *J*, *K*.

helju or,  
ok finn mèt ljónar<sup>1</sup> loga.

Andvari ek heiti,  
Óðinn hêt<sup>2</sup> minn faðir,  
margan hefi ek foss of farit;  
aumlig [norn  
sköp<sup>3</sup> oss í árdaga,  
at ek skylda í vatni vaða.

Loki sèr gull þat, er Andvari átti; en er hann hafði framreiðt gullit, þá hafði hann einn hring (eptir), ok tók Loki hann af honum. Dvergrinn gekk í steininn ok mælti, at hverjum skyldi at bana verða, er þann gullhring ætti, ok svá allt gullit. Æsirnir reiddu Hreiðmari fèit, ok tráðu upp otrbelginn, ok settu á fætr; þá skyldu Æsirnir hlaða upp hjá gullinu ok hylja utan; en er þat var gjört, þá gekk Hreiðmar fram, ok sá eitt granahár ok bað hylja. Þá dró Óðinn hringinn af hendi sèr, Andvaranaut, ok huldi hárit. Þá kvað Loki:

Gull er þer nú reiðt<sup>4</sup>,  
en þú gjöld hefir  
mikil mánns höfuðs;  
syni þínum  
verðrat sæla sköpuð,  
þat er ykkarr beggja bani.

Síðan drap Fáfnir föður sinn, [segir Reginn<sup>5</sup>,  
ok myrði hann, ok náða ek aungu af fènu. Hann

<sup>1</sup>) líknar, hin. <sup>2</sup>) heitir, J, K. <sup>3</sup>) norn skorpír, B; norn-sköp, hin. <sup>4</sup>) þannig hin; reitt, A. <sup>5</sup>) Hreiðmar, hin.

gerðist svá illr, at hann lagðist út, ok unni aungum at njóta fjárins nema sér, ok varð síðan at hinum vërsta ormi, ok liggr nú á því fè. Síðan fór ek til konúngs, ok gerðumst ek smiðr hans; ok er þessi ræða til minnar sögu, at ek missi<sup>1)</sup> föðurarfsins ok bróðurgjaldanna; gullit er síðan kallat otrsgjöld, ok hær dæmi af tekin. Sigurðr svarar: mikit hefir þú látit, ok stórrillir hafa þínir frændr verit. Gjör nú eitt sverð af þínum hagleik, þat er ekki sè jafngott gert, ok ek mega vinna stórverk, ef hugr dugir, ef þú vilt at ek drepi þenna enn mikla dreka. Reginn segir: þat geri ek með trausti, ok muntu mega drepa Fásni með því sverði.

15. Reginn gerir nú eitt sverð, ok fær í hönd Sigurði. Hann tók við sverðinu ok mælti: þetta er þitt smíði<sup>2)</sup>, Reginn! ok höggr í steðjann, ok brotnaði sverðit; hann kastar brandinum<sup>3)</sup>, ok bað hann smíða annat betra. Reginn gerir annat sverðit, ok fær Sigurði; hann leit á; þetta mun þér líka, en vandt mun yðr at smíða. Sigurðr reynir þetta sverð, ok brýtr sem it fyrra. Þá mælti Sigurðr til Regins: þú munt líkr vera inum fyrrum frændum þínum ok vera útrúr; gekk nú til móður sinnar; hún fagnar honum vel; talast nú við ok drekka. Þá mælti Sigurðr: hvárt höfum vèr rétt tilspurt, at Sigmundr konúngr seldi

1) misti, hin. 2) sverð, J, K. 3) brottunum, J, K.

yör sverðit Gram í tveim hlutum? Hún svarar: satt er þat. Sigurðr mælti: fá mér í hönd! ek vil hafa. Hún kvað hann líkligan til frama, ok fær honum sverðit. Sigurðr hittir nú Reginn, ok bað hann þar gera af sverð eptir efnum. Reginn reiddist, ok gekk til smiðju með sverðs brotin, ok þikkir Sigurðr framgjarn um smiðina. Reginn gerir nú eitt sverð; ok er hann bar or afinum, sýndist smiðjusveinum sem eldar brynni or eggjunum; biðr nú Sigurðr viðtaka sverðinu, ok kveðst eigi kunna sverð at gera, ef þetta bilar. Sigurðr hjó í steðjann ok klauf<sup>2</sup> niðr í fótinn, ok brast eigi nè brotnaði; hann lofaði sverðit mjök, ok fór til árinna með ullarlagð ok kastar í gegn straumi, ok tók í sundr, er hann brá við sverðinu; gekk Sigurðr þá glaðr heim. Reginn mælti: efna muni þer heit yör nú, er ek hefi gert sverðit, ok hitta Fáfni. Sigurðr svarar: efna munum vèr, ok þó annat fyrr, at hefna föður míns. Sigurðr var því ástsælli, sem hann var ellrir af öllu fólki, svá at hvert barn unni honum hugástum.

16. Grífir<sup>3</sup> hét maðr ok var móðurbróðir Sigurðar; [en litlu síðarr, enn<sup>4</sup> sverðit var gert, fór hann á fund Grifis<sup>5</sup>, þvíat hann var framviss ok vissi fyrir örlög manna. Sigurðr leitar

1) pörtum, J, K. 2) hljóp, J, K. 3) Grípir, F, H; Greifer, J, K. 4) en litlu áðr enn, B, C, D, E, F, G, H; en er hann vissi at, J, K. 5) Sigurðar, Greifer, J, K.

eptir, hversu gánga man æfi hans; en hann var þó lengi fyrir, ok sagði þó loksins við ákafliga bæn Sigurðar öll forlög hans, eptir því sem eptir gekk síðan. Ok þá er Grífir hafði þessa luti sagða, sem hann beiddi, þá reið hann heim. Ok brátt eptir þat finnast þeir Reginn; þá mælti hann: drep Fáfni, sem þér hétuð! Sigurðr svarar: gera skal þat, ok þó annat fyrr, at hefna Sigmundar konúngs ok annarra frænda vorra, er þar féllu í þeirri orrostu.

17. Nú hittir Sigurðr konúnga ok mælti til þeirra: hér höfum vér verit um hríð, ok egum vér yðr ástsemd<sup>1</sup> at launa ok mikla virðing; en nú viljum vér or landi fara ok finna Hundíngssonu, ok vildi ek at þeir vissi, at Völsúngar væri eigi allir dauðir; viljum vér hafa þartil yðarn styrk. Konúngar kváðust allt vilja tilfá, þat er hann beiddist. Er nú búit hið mikit, ok allt vandat sem mest, skip ok allr herbúnaðr, svá at hans ferð væri þá vegligri enn áðr. Sigurðr stýrir dreka þeim, er mestr var ok ágætligastr; segl þeirra voru mjök vöndut ok ítarlig at sjá. Sigla þeir nú góðan byr; ok er fá dægr voru liðin, þá kom á veðr mikit með stormi, en svá var sjárin, sem í roðru<sup>2</sup> sæi. Eigi bað Sigurðr svipta seglumum þótt rifnuðu, heldr bað hann hærri setja enn áðr. Ok er þeir sigldu framfyrir bergnös nokkura, þá kallaði maðr upp á skipit ok spýrr, hverr fyrir liðinu eigi at ráða. Honum var sagt, at þar var höfðingi Sigurðr

<sup>1</sup>) ást og sæmd, J, K.    <sup>2</sup>) roðu, B; róðum, J, K.

Sigmundarson, er nú er frægstr úngra manna. Maðrinn svarar: allir segja þar eitt frá honum, at eigi megi konúngasynir jafnast við hann; vildi ek at þér feldið seglin á nokkuru skipinu, ok tæki þér við mér. Þeir spurðu hann at nafni. Hann svarar:

Hnikar hētu mik,  
 þá er ek Huginn gladdi,  
 Völsúngr úngi!  
 ok vegat<sup>1</sup> hafði;  
 nú máttu kalla  
 karl af bjargi  
 Féng [eða Fjölni<sup>2</sup>,  
 far vil ek þiggja.

Þeir viku at landi ok tóku karl á skip sín; þá tók af veðrit, ok fara uns þeir koma at landi í ríki Hundíngs-sona; þá hvarf Fjölnir. Þeir láta þegar geysa eld ok járn, drepa menn, en brenna bygðina, ok eyða þar sem þeir fara; stökr<sup>3</sup> fjöldi undan á fund Lýnga konúngs, ok segja, at herr er kominn í landit ok ferr með meira geysíngi, enn dæmi finnast til; kváðu Hundíngs-sonu eigi lángsýna, þá er þeir sögðust eigi mundu hræðast Völsúnga, en nú stýrir þessum her Sigurðr Sigmundarson. Lýngi konúngr lætr nú fara um allt sitt ríki herboð, vill eigi á flótta leggjast, stefnir til sín öllum þeim mönnum, er honum vilja lið veita; kemr nú ámót Sigurði með allmikinn<sup>4</sup> her, ok bræðr hans með

<sup>1</sup>) vegit, B; vogat, J, K; vægat, A. <sup>2</sup>) í Fjalni, J, K. <sup>3</sup>) strýkr, hin. <sup>4</sup>) alskyns, hin.

honum; tekst þar in harðasta orrosta með þeim; mátti þar á lopti sjá margt spjót ok örvar margar<sup>1</sup>, öxi hart<sup>2</sup> reidda, skjöldu klofna ok brynjur slitnar, hjálmá skíðða, hausa klofna ok margan mann steypast til jarðar. Ok er orrostan hefir svá staðit mjök lánga hrið, sækir Sigurðr fram um merkin, ok hefir í hendi sverðit Gram; hann höggr bæði menn ok hesta, ok gengr í gegnum fylkingar, ok hefir báðar hendr blóðgar til axlar, ok stökkundan fólk, þar sem hann fór, ok hélzt hvárki við hjálmr nè brynja, ok engi maðr þóttist fyrr sèt hafa þvílíkan mann. Þessi orrosta stóð lengi með miklu mannfalli ok ákafri sókn; ferr þar, sem sjaldnarr kann henda, þá er landherrinn sækir til, at þat kom fyrir ekki<sup>3</sup>; fèll þar svá margt fyrir Hundíngssonum, at engi maðr vissi vól á. Ok (er) Sigurðr var framarla í fylkingu, þá koma ámót honum synir Hundíngs konúngs. Sigurðr höggr til Lýnga konúngs, ok klýfr hjálm hans ok höfuð ok brynjaðan búk, ok síðan höggr hann Hjörvarð, bróður hans, sundr í tvá luti, ok þá drap hann alla Hundíngssonu, er eptir lifðu, ok mestan luta liðs þeirra. Ferr Sigurðr nú heim með fögrum sigri ok miklu fè ok ágæti, er hann hafði fengit í þessi ferð; voru nú veizlur gervar ímót honum heima í ríkinu. Ok er Sigurðr hefir skamma stund heima verit, kemr Reginn at máli við Sigurð ok segir: nú munu þær vilja steypa hjálminum Fáfnis, svá sem þær hētuð, því-

<sup>1</sup>) miklar, J, K. <sup>2</sup>) hátt, J, K. <sup>3</sup>) v. í J, K.



at nú hefir þú hefnt föður þíns ok annarra frænda þinna'. Sigurðr svarar: efna munu vèr þat, sem vèr höfum þar um heitit, ok ekki fellr oss þat or minni.

18. Nú ríða þeir Sigurðr ok Reginn uppá heiðina á þann farveg, er Fáfnir var vanr atskriða, [er hann fór til vatns<sup>1</sup>, ok þat er sagt, at sá hamarr var þrítugr, er hann lá at vatni, þá er hann drakk. Þá mælti Sigurðr: þat sagðir þú, Reginn! at dreki sjá væri eigi meiri enn einn lýngormr, en mér sýnast vegar hans æfar miklir; Reginn mælti: gjör gröfeina ok sezt þar í; ok þá er ormrinn skriðr til vatns, legg þá til hjarta honum, ok vinn honum svá bana, þar fyrir fær þú mikinn frama. Sigurðr mælti: hversu man þá veita, ef ek verð fyrir sveita ormsins? Reginn svarar: eigi má þèr ráð ráða, er þú ert við hvártvetna hræddr, ok ertu úlíkr þínum frændum at hughreysti. Nú ríðr Sigurðr á heiðina, en Reginn hverfr í brott yfrit hræddr. Sigurðr gerði gröf eina; ok er hann er at þessu verki, kemr at honum einn gamall maðr [með síðu skeggi<sup>2</sup>, ok spyr, hvat hann gerir þar; hann segir; þá svarar inn gamli maðr: þetta er úráð; ger fleiri grafar, ok lát þar í renna sveitann, en þú sit í einni, ok legg til hjartans orminum! Þá hvarf sá maðr á brottu; en Sigurðr gerir grafar eptir því, sem fyrir var lagt. Ok er ormrinn skreið til vatns, varð svá mikill landskjálfti, svá at öll

<sup>1</sup>) þannig hin; sinna, A. <sup>2</sup>) v. i. hin. <sup>3</sup>) v. i. J, K.

jörð skalf í nánd; hann fnýsti<sup>1</sup> eitri alla leið fyrir sik fram, ok eigi hræddist Sigurðr nè óttast við þann gný. Ok er ormrinn skreið yfir gröfina, þá leggr Sigurðr sverðinu undir bæxlit vinstra, svá at við hjöltum nam; þá hleypr Sigurðr upp or gröfinni, ok kippir at sér sverðinu, ok hefir allar<sup>2</sup> hendr blóðgar upp til axlar. Ok er enn mikli ormr kendi síns banasárs, þá laust hann höfðinu ok sporðinum, svá at allt brast í sundr, er fyrir varð. Ok er Fáfnir fékk banasár, spurði hann: hverr ertu, eða hverr er þinn faðir, eða hver er ætt þín, er þú vart svá djarfr, at þú þorir at bera vopn á mik? Sigurðr svarar: ætt mín er mönnum úkunnig, ek heiti göfugt dýr, ok á ek engan föður nè móður, ok einnsaman hefi ek farit. Fáfnir svarar: ef þú átt engan feðr nè móður, af hverju undri ertu þá alinn? ok þótt þú segir mér eigi<sup>3</sup> þitt nafn á banaðægri mínu, þá veiztu, at þú lýgr nú. Hann svarar: ek heiti Sigurðr, en faðir minn Sigmundur. Fáfnir svarar: hverr eggjaði þik þessa verks, eða hví létstu ateggjast? hafðir þú eigi frètt þat, hversu allt fólk er hrædt við mik ok við minn ægishjálms? en, fráneygi<sup>4</sup> sveinn! þú áttir feðr snarpan. Sigurðr svarar: til þessa hvatti mik enn harði hugr, ok stoðaði til at gert yrði þessi en sterka hönd ok þetta it snarpa sverð, er nú kendir þú, ok fár er gamall harðr, ef hann er

<sup>1</sup>) frýsti, C, D, F, J, K; freysti, B, E, G, H. <sup>2</sup>) báðar, J, K. <sup>3</sup>) v. l. J, K. <sup>4</sup>) frækr ertu, B; frami, J, K.

í hernsku blautr<sup>1</sup>. Fáfnir segir: veit ek, ef þú vex upp með frændum þínum, at þú mundir kenna at vega reiðr, en þetta er meiri furða, er einnbandíngi hertekinn skal þorátt hafa [at vega<sup>2</sup> at mér, þvíat [fárr hernuminn er frækn<sup>3</sup> til vígs<sup>4</sup>. Sigurðr mælti: bregðr þú mér, at ek væra fjarri mínum frændum? en þótt ek væra hernum inn, þá var ek þó eigi heptr, ok þat fantu, at ek var lauss. Fáfnir svarar: heiptyrði tekr þú hvetvetna því, er ek mæli, en gull þetta mun þér at baða verða, er ek hefi átt. Sigurðr svarar: hverr vill fè hafa allt til [ens eina dags<sup>5</sup>, en eitt sinn skal hverr deyja. Fáfnir mælti: fátt vill þú at mínum dæmum gera, en drukna muntu, ef þú ferr um sjá úvarliga, ok bíð heldr á landi; unstlogn er. Sigurðr mælti: seg þú þat, Fáfnir! ef þú ert fróðr mjök: hverjar eru þær nornir, erkjósamögr frá mæðrum? Fáfnir svarar: margar eru þær (ok) sundrlausar, sumar eru Ása ættar, sumar eru Álfa ættar, sumar eru dætr<sup>6</sup> Dvalins. Sigurðr mælti: hve heitir sá hólmr, er blanda [hjörslægi<sup>7</sup> Surtr<sup>8</sup> ok Æsir saman? Fáfnir svarar: hann heitir Úskaptr. Ok enn mælti Fáfnir: Reginn bróðir minn veldr mínum dauða, ok þat hlæir mik, er hann veldr ok þínum dauða, ok ferr þá sem hann vildi. Enn mælti Fáfnir:

<sup>1</sup>) blautr, J, K. <sup>2</sup>) v. í J, K. <sup>3</sup>) frægir eru fáir, J, K. <sup>4</sup>) eðr hertekinn skal þorátt hafa at eiga at mér, b. v. J, K. <sup>5</sup>) endadags, J, K. <sup>6</sup>) ættar, hin. <sup>7</sup>) sárslægi, hin. <sup>8</sup>) þannig hin; Surtr, A.

ek bar ægishjálrm yfir öllu fólki, síðan ek lá á arfi míns bróðurs, ok svá fnýsta<sup>1)</sup> ek eitri alla vega frá mér í brott, at engi þorði at koma í nánd mér, ok engi vopn hræddumst ek, ok aldrí fann ek svá margan mann fyrir mér, at ek þættumst eigi miklu sterkari, en allir voru hræddir við mik. Sigurðr mælti: sá ægishjálmr, er þú sagðir frá, gefr fám sigr, þvíat hverr sá, er með mörgum kemr, má þat finna eitthvert sinn, at engi er einna hvatastr. Fáfñir svarar: þat ræð ek þèr, at þú takir hest þinn, ok ríðir á brott sem skjótast, þvíat þat hendir opt, at sá, er banasár fær, hefnir sín sjálfr. Sigurðr segir: þetta eru þín ráð, en annat mun ek gera; ek mun ríða til þíns bóls ok taka þar þat et mikla gull, er frændr þínir hafa átt. Fáfñir svarar: ríða muntu þartil, er þú finnr svá mikit gull at gert er um þína daga, ok þat sama gull verðr þinn bani ok hvers annars, er þat á. Sigurðr stóð upp, ok mælti: heim munda ek ríða, þótt ek mista þessa ens mikla fjár, ef ek víska, at ek skylda aldrí deyja, en hverr frækn maðr vill se ráða allt til ins [eina dags<sup>2)</sup>; en þú, Fáfñir! ligg í fjörbrotum, þar er þik Hel hafi; ok þá deyr Fáfñir.

19. Eptir þetta kom Reginn til Sigurðar ok mælti: heill, herra minn! mikinn sigr hefir þú unnit, er þú hefir drepit Fáfni, er engi varð fyrr svá djarfr, at á hans götu þorði sitja, ok þetta fremðarverk mun uppi, meðan veröldin stendr.

<sup>1)</sup> frýsta, C, D, E, F, G, J, K. <sup>2)</sup> endadags, J, K.

Nú stendr Reginn ok sèr niðr í jörðina lánga hríð; ok þegar eptir þetta mælti hann af miklum móði: bróður minn hefir þú drepit! ok varla má ek þessa verks saklauss vera. Nú tekr Sigurðr sitt sverð Gram ok þerrir á grasinu, ok mælti til Regins: fjærri gekk þú þá, er ek vann þetta verk, ok ek reynda þetta snarpa sverð með minni hendi ok mínu afli; átta ek við orms megin meðan þú látt í einum lýngrunni, ok vissir þú [eigi, hvárt<sup>1</sup> var himin eða jörð. Reginn svarar: þessi ormr [mætti lengi<sup>2</sup> liggja í sínu bóli, ef eigi hefðir þú notit sverðs þess, er ek gerða þér minni hendi, ok eigi hefðir (þú) þetta einn<sup>3</sup> unnit ok engi annarra. | Sigurðr svarar: þá er menn koma til vígs, þá er manni betra gott hjarta, enn hvast sverð. Þá mælti Reginn við Sigurð af áhyggju mikilli: þú drapt minn bróður, ok varla má ek þessa verks saklauss. Þá skar Sigurðr hjartat or orminum með því sverði, er Riðill hét. Þá drakk Reginn blóð Fáfnis, ok mælti: veit mér eina bæn, er þér er lítt fyrir: gakk til elds með hjartat ok steik, ok gef mér at eta. Sigurðr fór ok steikti á teini; ok er freyddi or, þá tók hann fingri sínum á, ok skynjaði, hvárt steikt væri; hann brá fingrinum í muunn sèr; ok er hjartablóð ormsins kom á tungu honum, þá skildī hann fuglarödd; hann

<sup>1</sup>) þannig hin; hvárt eð, A. <sup>2</sup>) hefði lengi mátt, hin. <sup>3</sup>) þannig B; enn, hin.

heyrði, at [igður klökuðu á húsínu<sup>1</sup> hjá honum : þar sitr þú, Sigurðr! ok steikir Fáfnið hjarta; þat skyldi hann sjálf eta, þá mundi hann verða hverjum manni vitrari. Önnr segir : þar liggir Reginn, ok vill vèla þann, sem honum trúir. Þá mælti en þriðja : höggvi hann þá höfuð af honum, ok má hann þá ráða gullinu [því enu mikla<sup>2</sup> einn. Þá mælti en fjórða : þá væri hann vitrari, ef hann hefði þat, sem þær höfðu ráðit honum, ok ríðr síðan til bóls Fáfnið, ok tæki þat et mikla gull, er þar er, ok riði síðan uppá Hindarfjall, þar sem Brynhildr sefr, ok mun hann nema þar mikla speki, ok þá væri hann vitrr, ef hann hefði yðr ráð, ok hygði hann um sína þyrft, ok þar er mér úlsins væn, er ek eyrun sá. Þá mælti en fimta : eigi er hann svá hoskr, sem ek ætla, ef hann<sup>3</sup> vægir honum, en drepit áðr bróður hans. Þá mælti en setta : þat væri snjallræði, ef hann dræpi hann, [ok reði einn fenu<sup>4</sup>. Þá mælti Sigurðr : eigi munu þau úsköp, at Reginn sé minn bani, ok heldr skulu þeir fara báðir bræðr einn veg; bregðr nú sverðinu Gram, ok höggr höfuð af Reginn; ok eptir þetta etr hann suman lut hjartans ormsins, en sumt hirtir hann; hleypr síðan á hest sinn, ok reið eptir slóð Fáfnið ok til hans herbergis, ok fann at þat var opit, ok af járnri hurðirnar allar ok þar með allr dyra umbúningrinn, ok af járnri allir stokkar

<sup>1</sup>) ilgjur kvökuðu á húsínu, J, K.    <sup>2</sup>) v. í J, K.    <sup>3</sup>) eigi, b. v. B.    <sup>4</sup>) v. í hin.

í húsinu ok grafit í fjörð niðr. Sigurðr fann þar stórmikit gull ok sverðit Hrotta, ok þar tók hann ægishjálms ok gullbrynjuna ok marga dýrgrip. Hann fann þar svá mikit gull, at honum þótti vãn, at eigi mundi meira bera 2 hestar eða 3; þat gull tekr hann allt ok berr í 2 kistur miklar, tekr nú í tauma hestinum Grana; hestrinn vill nú, eigi gánga, ok ekki tjár at keira. Sigurðr finnr nú, hvat hestrinn vill, hleypr hann á bak ok lýstr hann sporum, ok rennr sjá hestr sem lauss væri.

20. Sigurðr ríðr nú lángr leiðir, ok allt til þess, er hann kemr uppá Hindarfjall, ok stefndi á leið suðr til Frakklands; á fjallinu sá hann fyrir sér ljós mikit, sem eldr brynni, ok ljómaði af til himins; en er kom at, stóð þar fyrir honum skjaldborg ok uppá merki. Sigurðr gekk í skjaldborgina, ok sá at þar svaf maðr, ok lá með öllum hervopnum; hann tók fyrst hjálmsinn af höfði honum, ok sá at þat var kona; hún var í brynju, ok var svá föst, sem hún væri holdgróin; þá reist hann [ofan or höfuðsmátt ok í gegnum niðr, ok svá út í gögnum báðar erm- ar, ok beit sem klæði. Sigurðr kvað hana helzt í lengi sofit hafa. Hún spurði, hvat svá var máttugt, er beit brynjuna, ok brá mínum svefni: eða man hér kominn Sigurðr Sigmundarson, er hefir hjálms Fáfnis ok [hans bana<sup>4</sup> í hendi? Þá

<sup>1</sup>) allt, *lin.* <sup>2</sup>) uppá, *lin.* <sup>3</sup>) ofan úr höfði brynjunnar ok B; höfði ofan frá, *J, K*; ofan or höfuði smátt, *lin.* <sup>4</sup>) allbana, *J, K.*

svarar Sigurðr: sá er Völsunga ættar, er þetta verk hefir gert, ok þat hefi ek spurt, at þú ert ríks konungs dóttir, ok þat sama hefir oss sagt verit frá yðrum vænleik ok vitru<sup>1</sup>, ok þat skulu vèr reyna. Brynhildr segir, at tveir konungar börðust, hét annar Hjálmgunnarr; hann var gamall ok hinn mesti hermaðr, ok hafði Óðinn honum sigri heitit; en annar Agnar eða Auðabróðir<sup>2</sup>; ek felda Hjálmgunnar í orrostu, en Óðinn stakk mik svefnþorni í hefnd þess, ok kvað mik aldrí síðan skyldu sigr hafa, ok kvað mik giptast skulu; en ek strengda þess heit þar ímót, at giptast engum þeim, er hræðast kunni. Sigurðr mælti: kenn oss ráð til stórra luta! Hún svarar: þér munuð betr kunna, en með þökkum (vil ek) kenna yðr, ef þess er nökkut, er vèr kunnum, þat er yðr mætti líka, í rún-um eða öðrum lutum, er liggja til hvers lutar, ok drekkum bæði saman, ok gefi nú goðin okkr góðan dag, at þér verði [nyt ok frægð<sup>3</sup> at mín-um vitrleik ok þú munir eptir, þat er við ræðum. Brynhildr fylldi eitt ker ok færði Sigurði, ok mælti:

Bjór færi ek þér,  
 [brynþínga valdr<sup>4</sup>!  
 magni blandinn  
 ok meginu týri; þ  
 fullr er ljóna<sup>5</sup>  
 ok líknstafa

<sup>1</sup>) vitrleika, B. <sup>2</sup>) Auðbróðir; hin. <sup>3</sup>) vitrir, J, K; vit, hin.  
<sup>4</sup>) brynþíngs apaldr, hin. <sup>5</sup>) ljóða, B.



góðra galdra  
ok gamanræðna.

Sigrúnar skaltu kunna,  
ef þú vilt [snotr vera<sup>1</sup>,  
ok rist<sup>2</sup> á hjalti hjörs,  
[á vettrúnum  
ok á valbustum<sup>3</sup>,  
ok nefna tvisvar Tý.

Brimrúnar skaltu gera<sup>4</sup>,  
ef þú vilt bórgit hafa  
á sundi seglmörum;  
á stafni skal þær rista  
ok á stjórnarblaði,  
ok leggja eld í árfallat<sup>5</sup>;  
verðrat<sup>6</sup> svá brattr breki,  
nè blárr undir<sup>7</sup>,  
þó kemst<sup>8</sup> heill af hafi.

Málrúnar skaltu kunna,  
ef þú [átt mági<sup>9</sup> þær  
heiptum gjalda harm;  
þær<sup>10</sup> um vindr,  
þær um vefr,  
þær um setr allar saman,  
á því þíngi,  
er menn<sup>11</sup> skulu  
í fulla dóma fara.

<sup>1</sup>) sigr hafa, B. <sup>2</sup>) rista, *hin*. <sup>3</sup>) sumar á vetrinum, sumar á valbustum, B. <sup>4</sup>) kunna, B, J, K. <sup>5</sup>) orfal, B. árfallit, J, K. <sup>6</sup>) *v. í A*; erat, B. <sup>7</sup>) unnir, *hin*. <sup>8</sup>) kemr, B, C, D, E, F, G, H, J, K. <sup>9</sup>) vilt at mági (mángi), B. <sup>10</sup>) þær, *sum.* <sup>11</sup>) þjóðir, B.

Ölrúnar skaltu kunna,  
 ef þú vilt<sup>1</sup> annars<sup>2</sup> kvenn,  
 vèli þik eigi<sup>3</sup> trygð, ef þú trúir;  
 á horni skal þat rista  
 ok á handarbaki,  
 ok merkja á nagli Nauð.

Öl<sup>4</sup> skaltu signa  
 ok við fári sjá,  
 ok verpa lauk í lög;  
 þá ek þat veit,  
 at þer verðr aldri  
 meinblandinn mjöðr.

Bjargrúnar skaltu nema<sup>5</sup>,  
 ef þú [vilt borgit fá<sup>6</sup>,  
 ok leysa kind frá konu;  
 á lófa skal þær rista,  
 ok um liðu spenna,  
 ok biðja<sup>7</sup> dísir duga.

Limrúnar skaltu kunna,  
 ef þú vilt læknir vera  
 ok kunna sár at sjá;  
 á berki skal þær rista,  
 ok á barri viðar.  
 Þess<sup>8</sup>, er lúti austr limar.

Hugrúnar skaltu nema<sup>9</sup>,  
 ef þú vilt hverjum vera

<sup>1</sup>) þannig *A* og fleirst; vilt at, *C*. <sup>2</sup>) annast, *B*. <sup>3</sup>) eða:  
 engi, *A*; í, *B*. <sup>4</sup>) Full, *B*. <sup>5</sup>) kunna, *B*. <sup>6</sup>) hjarga vill, *B*.  
<sup>7</sup>) þá, *b. v. B*. <sup>8</sup>) þeim, *B*. <sup>9</sup>) kunna, *B*.

geðhoskari<sup>1</sup> guma<sup>2</sup>;  
 þær of reð,  
 þær of reist,  
 þær of hugði Hropr<sup>3</sup>.

Á skildi voru<sup>4</sup> ristnar,  
 þeim er stendr fyrir skínanda guði<sup>5</sup>,  
 (á)<sup>6</sup> Alsvinns höfði<sup>7</sup>,  
 ok á því hveli,  
 er stendr<sup>8</sup> undir reið Rögnis,  
 á Sleipnis taumum<sup>9</sup>  
 ok á sleða fjötrum.

Á bjarnarhrammi<sup>10</sup>  
 ok á Braga<sup>11</sup> túngu,  
 á úlfsklóm  
 ok á arnarnefju,  
 á blóðgum vængjum  
 ok á brúarsporði,  
 á lausnarlóía  
 ok líknarspori.

Á gleri ok á gulli,  
 ok á [góðu silfri<sup>12</sup>,  
 í víni ok í virtri<sup>13</sup>,

<sup>1</sup>) góðsvinnari (geðsvinnari), B. <sup>2</sup>) gunna, B; geyma, J, K.

<sup>3</sup>) af þeim legi, með brimis eggjar,  
 er lekit hafði hafði sér á höfði hjalm;   
 úr hautsi Heiðdraupnis þá mælti. Minni höfuð  
 ok or horni Hoddraupnis. fróðligt it fyrsta orð,  
 A bjargi stóð ok sagði sanna stafi. b. v. B.

<sup>4</sup>) kvað, B. <sup>5</sup>) goði, hin. <sup>6</sup>) á eyra Arvaks ok, b. v. B.

<sup>7</sup>) hófi, B. <sup>8</sup>) snýst, B. <sup>9</sup>) tönnum, B. <sup>10</sup>) hami, C, D,  
 E, F, G, H, J, K. <sup>11</sup>) brágða, J, K. <sup>12</sup>) gunna heillum, B.

<sup>13</sup>) virtu, C, D, E, F, G, H, J, K.

ok á völu sessi,  
 [í guma holdi<sup>1</sup>,  
 ok Gaupnis<sup>2</sup> oddi,  
 ok á gýgjar<sup>3</sup> brjósti,  
 á nornar nagli  
 ok á nefi uglu.

Allar voru afskafnar,  
 þær er á voru ristnar,  
 ok hræðar<sup>4</sup> við inn helga mjöð,  
 ok sendar á víða vegu;  
 þær eru með Álfum,  
 sumar með Ásum  
 ok með ylsúm Vánum,  
 sumar hafa mennskir menn.

Þat eru bókrúnar,  
 ok bjargrúnar,  
 ok allar alrúnar,  
 ok mærar ok meginrúnar,  
 hverjum, er þær kná  
 úviltar, [of viltar<sup>5</sup>,  
 sèr at heillum hafa.  
 Njóttu, ef þú namt,  
 uns rjúfa<sup>6</sup> regin!

Nú skaltu kjósa,  
 alls þer er kostur of boðinn,  
 hvassa vopna hlynr!  
 saung<sup>7</sup> eða þögn

1) v. í B. 2) Gúgnis (Gúngnis), B; Gaupnis, J, K. 3) Grana, B. 4) hverfðar, B; hræðar, C; hærðar, E. 5) ok óspiltar, B. 6) rjúfast, hin. 7) sögn, B.

haf þú þær sjálfr of hug!  
öll eru mál<sup>1</sup> of metin.

Sigurðr svarar:

Munkat ek fleyja<sup>2</sup>,  
þótt mik feigan vitir,  
emkat ek bleyði borinn;  
ástráð þín vil ek  
öll of hafa,  
svá lengi sem ek lifi.

21. Sigurðr mælti: aldri finst þær vitrari kona í veröldu, ok kenn enn fleiri spekiráð! Hún svarar: heimilt er þat at gera at yðrum vilja, ok gefa heilræði fyrir yðra eptirleitun ok vitrleik. Þá mælti hún: ver vel við frændr þína, ok hefðn lítt mótgerða við þá, ok ber við þol, ok tekr þú þar við lánægilt<sup>3</sup> lof. Sjá við illum lutum, bæði við meyjarást ok manns konu, þar stendr opt illt af. Verð lítt mishugi við úvittra menn á fjölmennum mótum; þeir mæla opt verra, enn þeir viti, ok ertu þegar bleyðimaðr kallaðr, ok ætlar, at þú sért sönnu sagðr; drep hann annars dags, ok gjaldt honum svá heiptyrði. Ef þú [ferð þann veg, er vondar<sup>4</sup> vættir byggja, ver varr um þik; tak þær ekki herbergi nær götu, þótt þik nátti, þvíat opt búa þar illar vættir, þær menn villa. Lát eigi tæla þik fagnar konur, þótt þú sjáir<sup>5</sup> at veizlum, svá at þat standi þær fyrir svefni, eða þú fáir af því hugarekka;

<sup>1</sup>) meni, B.    <sup>2</sup>) flýja, hin.    <sup>3</sup>) lánngæðiligt, hin.    <sup>4</sup>) átt við vondar, J, K.    <sup>5</sup>) sért, B, J, K.

teyg þær ekki at þær með kossum eða annari blíðu; ok ef þú heyrir heimslig orð drukk-inna manna, deil eigi við þá; er víndruknit eru ok tapa viti sínu; slíkir lutir verða mörg-um at miklum móttrega eða bana. Berst heldr við úvini þína, enn þú sér brendr<sup>1</sup>; ok sver eigi rángan eið, þvíat grimm hefnd fylgír grið-rofi. Gjör rækiliga við dauða menn, sótt dauða, eða sædauða, eða vopndauða; búðu vandliga um lík þeirra; ok trú<sup>2</sup> ekki þeim, er þú hefir feld-an fyrir föður eða bróður, eða annann náfrænda, þótt ungr sè; opt er úlfr í úngum syni. Sjá vandliga við vélráðum vina þinna; en lítt megu vèr sjá fyrir um yðart líf, en eigi skyldi mága hatr á þik koma. Sigurðr mælti: engi finst þær vitrari maðr<sup>3</sup>! ok þess sver ek, at þik skal ek eiga, ok þú ert við mitt æði. Hún svarar: þik vil ek helzt eiga, þótt ek kjósa um alla menn; ok þetta bundu þau eiðum með sér.

22. Nú ríðr Sigurðr á brott; hans skjöldr var svá margfaldr ok laugaðr í rauðu gulli, ok skrif-aðr<sup>4</sup> á einn dreki; hann var dökkbrúnaðr it efra, en fagrrauðr it neðra, ok þann veg var markaðr hans hjálmr ok söðull ok vopnrokk<sup>5</sup>; hann hafði gullbrynjuna, ok öll hans vopn voru gulli búinn; ok því var dreki markaðr á hans vopnum öllum, at [er hann er senn<sup>6</sup>, má vita, hverr þar

1) blauðr, B; brindum, J, K. 2) v. í öll, en er tekið úr Eddu. 3) kona, B, J, K. 4) málaðr, J, K. 5) vopn, B. 6) hverr, er hann sá, J, K.

ferr, af öllum þeim, er frètt hafa, at hann drap þann mikla dreka, er Væringar kalla Fáfni; ok fyrir því eru vopn hans öll gulli búin ok brún at lit, at hann er langt umfram aðra menn at kurteisí ok allri hæversku, ok nálíga at öllum lutum; ok þá er taldir eru allir inir stærstu kappar ok hinir ágæztu höfðingjar, þá mun hann jafnan fremstr taldr, ok hans nafn gengr í öllum tungum fyrir norðan Grikklands haf, ok sváman vera, meðan veröldin stendr. Hár hans varbrúnt at lit ok fagrt at líta, ok fór í stórlokka; skeggit var þykt ok skamt, ok með sama lit; hánefjaðr<sup>1</sup> var hann, ok hafði breiðt andlit ok stórbeinótt; augu hans voru svá snör, at fárr einn þorði at líta undir hans brún; herðar hans voru svá miklar, sem tveir menn væri á at sjá. Hans líkami var skapaðr allr við sik á hæð ok digrleik, ok þann veg, sem bezt má sama; ok er þat mark um hans hæð, at þá er hann girði sik sverðinu Gram, en þat var 7 spanna hátt, ok er hann óð rúgakrinn fullvaxinn, þá tók niðr döggskórinn<sup>2</sup> á sverðinu akrinn<sup>3</sup> uppstandanda; ok hans afl [er meira enn vöxtr<sup>4</sup>. Vel kann<sup>5</sup> hann sverði at beita ok spjóti at skjóta, ok skapti at verpa<sup>6</sup> ok skildi at halda, boga at spenna eða hesti at ríða, ok margskonar kurt-eisi nam hann í æsku. Hann var vitr maðr, svá

1) hjálmfagr, J, K. 2) dokkskórinn, eða: dökkskórinn, hin.

3) á kné, B; allmikinn, J, K. 4) ok vöxtr var mikill, hin.

5) kunní, B, J, K. 6) varpa, hin.

at hann vissi fyrir úorðna luti; hann skildi fuglsrödd; ok af slíkum lutum komu honum fáir lutir á úvart. Hann var lángtalaðr ok málsnjallr, svá at ekki tók hann þat erendi at mæla, at hann mundi fyrr hætta, enn svá sýnist öllum sem enga leið muni eiga at vera nema svá, sem hann segir; ok þat er hans skemtan, at veita lið sínum mönnum, ok reyna sjálfan sik í stórræðum, ok taka fè af sínum úvinum [ok gefa sínum vinum<sup>1</sup>. Eigi skorti hann hug, ok aldri varð hann hræddr.

23. Sigurðr ríðr nú, þartil er hann kemr at einum miklum bæ; þar ræð fyrir einn mikill höfðingi, sá er Heimir hèt; hann átti systur Brynhildar, er Bekkhildr hèt, þvíat hún hafði heima verit ok numit hannurði<sup>2</sup>, en Brynhildr fór með hjálm ok brynju, ok gekk á vígum, var hún því kölluð Brynhildr. Heimir ok Bekkhildr áttu einn son, er Alsviðr hèt, manna kurteisast. Þar léku menn úti; ok er þeir sjá reið mannsins at bænum, hætta þeir leiknum, ok undrast manninn, þvíat þeir höfðu engan slíkan sèt; gengu ímót honum ok fögnuðu honum vel. Alsviðr býðr honum með sèr at vera, ok af sèr at þiggja slíkt, er hann vill; hann þiggr þat; honum er ok skipat vegliga at þjóna; fjórir menn hófu gullit af hestinum, enn fimti tók við honum. Þar mátti sjá marga góða gripi ok fásèna; var þat at skemtan haft

<sup>1</sup>) v. i hin. <sup>2</sup>) handnirðir, B.



at sjá brynjur ok hjálma ok stóra hringa, ok undarlíga mikil gullstaup, ok allskonar hervopn. Sigurðr dvelst þar lengi í mikilli sæmd; spyrst nú þetta frægðarverk um öll lönd, er hann hafði drepit þann enn ógrlaga dreka. Þeir undu sér nú vel, ok var hvárr öðrum hollr. Þat höfðu þeir sér at skemtan, at búa vopn sín, ok [skepta örvar sínar<sup>1</sup>, ok beita haukum sínum.

24. Þá var heimkomin til Heimis Brynhildr, fóstira hans; hún sat í einni skemmu við meyjar sínar; hún kunni meira hagleik enn aðrar konur; hún lagði sinn borða með gulli, ok saumaði á þau stórmerki, er Sigurðr hafði gjört: dráp ormsins ok upptöku fjárins, ok dauða Regins. Ok einn dag er frá því sagt, at Sigurðr reið á skóg við hundum sínum ok haukum ok miklu fjölmenni; ok er hann kom heim, fló hans haukr á háfan turn, ok settist við einn glugg. Sigurðr fór eptir haukinum; þá sér hann eina fagra konu, ok kennir, at þar er Brynhildr; honum þíkkir umvert alltsaman fegurð hennar ok þat, er hún gerir, kemr í höllina ok vill aunga skemtan við menn eiga. Þá mælti Alsviðr: hví eru þér svá fálátir? Þessi skipan þín harmar oss ok þína vini; eða hví máttu eigi gleði halda? haukar þínir hnípa<sup>2</sup> ok svá hestrinn Grani, ok þessa fáum vèr seint bót. Sigurðr svarar: góðr vinr! heyr hvat ek hugsa! minn haukr fló á einn turn, ok er ek tók hann,

<sup>1</sup>) skjóta örvum sínum, *hin*. <sup>2</sup>) hlaupa, *hin*.

sá ek eina fagra konu; hún sat við einn [gulligan borða, ok las þar á' mín liðin ok framkomin verk. Alsviðr svarar: þú hefir sèt Brynhildi Buðladóttur, er mestr skörúngr er. Sigurðr svarar: [þat mun satt vera<sup>2</sup>; eða hversu kom hún hér? Alsviðr svarar: þess var skamt í milli ok þer kvomuð. Sigurðr segir: þat vissu vèr fyrir fám dögum; sú kona hefir oss bezt<sup>3</sup> sýnt í veröldu. Alsviðr mælti: gef ekki gaum at einni konu, þvílíkr maðr; er þat illt at sýta<sup>4</sup>, er maðr fær eigi. Hana skal ek hitta, sagði Sigurðr, ok gefa henni gull, ok ná hennar' jafnaðar þokka<sup>6</sup>. Alsviðr svarar: engi fanst sá enn um aldr, er hún ljæði rúms hjá sèr, eða gæfi öl at drekka; hún vill sik í her-skap hafa ok allskonar frægð at fremja. Sigurðr mælti: vèr vitum eigi, hvárt hún svarar oss eða eigi, eða ljær oss sess<sup>7</sup> hjá sèr. Ok annann dag eptir gekk Sigurðr til skemmunnar; en Alsviðr stóð hjá skemmummi úti ok skepti örvar slrar. Sigurðr mælti: sit heil frú! eða hversu megi þer? Hún svarar: vel megu vèr, frændr lifa ok vinir, en [háttúng er í<sup>8</sup>, hverja giptu<sup>9</sup> menn bera til síns endadags. Hann sezt hjá henni. Síðan gánga þár inn fjórar konur með stórum borðkerum af gulli ok með enu bezta víni, ok

<sup>1</sup>) glugga, ok las á einn borða gulligan, J, K. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) fríðust, J, K. <sup>4</sup>) syrgja, hin. <sup>5</sup>) gafé ok, b. v. A. <sup>6</sup>) þökk, hin. <sup>7</sup>) rúm, hin. <sup>8</sup>) í hættu hvörri er, B. <sup>9</sup>) eðr gjæfu, b. v. B.

standa fyrir þeim; þá mælti Brynhildr: þetta sæti man fám veitt vera, nema faðir minn komi. Hann svarar: nú er veitt<sup>1</sup> þeim, er oss líkár. Herbergit var tjaldat af inum dýrstum tjöldum, ok þakit klæðum<sup>2</sup> allt gólfít. Sigurðr mælti: nú er þat fram komit, er þer hétuð oss. Hún svarar: þer skuluð hér velkomnir! Síðan reis hún upp ok 4 meyar með henni, ok gekk fyrir hann með gullker, ok bað hann drekka. Hann réttir ímót höndina kerinu, ok tók hönd hennar með, ok setti hana hjá sér; hann tók um háls henni ok kysti hana, ok mælti: engi kona hef-ir þer fegri fæðst. Brynhildr mælti: vitr-  
ligra<sup>3</sup> ráð er þat<sup>4</sup>, at leggja eigi<sup>5</sup> trúnað sinn á konu vald, þvíat þær rjúfa jafnan sín heit. Hann mælti: sá kæmi beztr dagr yfir oss, at vér mættim njótast. Brynhildr svarar: eigi er þat skipat, at við búim saman, ek em skjald-  
mær, ok á ek með herkonúngum hjálm, ok þeim man ek at liði verða, ok ekki er mér leiðt at berjast. Sigurðr svarar: þá frjóumst<sup>6</sup> vér mest, ef vér búum saman, ok meira er at þola þann harm, er hér liggr á, enn hvöss vopn. Bryn-  
hildr svarar: ek man kanna lið hermanna, en þú munt eiga Guðrúnu Gjúkadóttur. Sigurðr svarar: ekki tælir mik eins konúngs dóttir, ok

1) unnt, *hin*. 2) *v. í hin*. 3) undarligt, *J, K*. 4) ok eigi vitrligt, *J, K*. 5) *v. í J, K*. 6) þannig *A*, máske frjó-  
umst; fröumst, *hin*.

ekki lær<sup>1</sup> mér tveggja huga um þetta, ok þess sver ek við guðin, at ek skal þik eiga, eða enga konu ella. Hún mælti slíkt. Sigurðr þakkar henni þessi ummæli, ok gaf henni gullhríng, ok sváðu nú eiða af nýu, ok gengr hann í brott til sinna manna, ok er þar um hrifð með miklum blóma.

25. Gjúki hét konúgr, hann hafði ríki fyrir sunnan Rín. Hann átti þrjá sonu, er svá hétu: Gunnarr, Högni, Guttormr; Guðrún hét dóttir hans; hún var frægst mæð; báru þau börn mjök af öðrum konúnga börnum um alla atgerfi, bæði um vænleik ok vöxt. Þeir voru jafnan í hernaði, ok unnu mörg ágætisverk. Gjúki átti Grímhildi ena fjölkunngu. Buðli hét konúgr, hann var ríkari enn Gjúki, ok þó báðir ríkir. Atli hét bróðir Brynhildar. Atli var grimmr maðr, mikill ok svartr ok þó tíguligr, ok inn mesti hermaðr. Grímhildr var grimmhuguð kona. Ráð Gjúkúnga stóð með miklum blóma, ok mest fyrir sakir barna hans, er mjök voru umfram flesta. Eitt sinn segir Guðrún meyjum sínum, at hún má eigi glöð vera. Ein kona spyr hana, hvat henni sè at úgleði? Hún svarar: eigi fengum vèr tíma í draumum, [er því harmr í hjarta mér (of) drauminn, þar er þú fréttir eptir<sup>2</sup>. Hún svarar: seg mér, ok lát þik eigi hryggja, því at jafnan dreymir fyrir veðrum. Guðrún svarar: þetta er ekki veðr<sup>3</sup>; þat

<sup>1</sup>) lær, B. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) fyrir veðrum, hin.

dreymdi mik; at ek sá einn fagran<sup>1</sup> hauk mér á hendi; fjaðrar hans voru með gulligum lit. Konan svarar: margir hafa spurt af yðrum vænleik, vizku ok kurteisi; nokkrs konungs son mun biðja þín. Guðrún svarar: engi hlutr þótti mér haukinum betri, ok allt mitt fè vilda ek heldr láta enn hann. Konan svarar: sá er þú fær man vera vel mennt, ok muntu unna honum mikit. Guðrún svarar: þat ángrar mik, at ek veit eigi, hvær hann er, ok skulum vèr hitta Brynhildi; hún mun vita. Þær bjuggust með gullí ok mikilli fegurð, ok fóru með meyjum sínum, unst þær komu at höll Brynhildar; sú höll var búin með gulli, ok stóð á einu bergi. Ok er sèn er ferð þeirra, þá er Brynhildi sagt, at margar konur óku at borginni með gyltum vagnum. Þar man vera Guðrún Gjúkadóttir (segir hún); mik dreymdi um hana í nótt, ok gaungum út ímót henni! [ekki sækja oss fríðari konur heim<sup>2</sup>. Þær gengu út í móti þeim ok fögnuðu vel; þær gengu inní þá ina fögru höll; salrinn var [skrifaðr innan ok mjök<sup>3</sup> sílfri búinn; klæði voru breidd undir færtr þeim, ok þjónuðu allir þeim; þær höfðu margskonar leika. Guðrún var fáorð. Brynhildr mælti: hér<sup>4</sup> megi þær eigi gleði bella<sup>5</sup>; [ger eigi þat<sup>6</sup>! skemtum oss allar saman, ok ræðum um ríka

<sup>1</sup>) v. í J, K.    <sup>2</sup>) v. í hin.    <sup>3</sup>) v. í hin.    <sup>4</sup>) eða: hví, d.    <sup>5</sup>) þannig A; halda, hin.    <sup>6</sup>) v. í hin.

konunga ok þeirra stórvirki! Gerum þat! segir Guðrún; eða hverja veiztu fremsta<sup>1</sup> konunga verit hafa? Brynhildr svarar: sonu<sup>2</sup> Haka ok Hagbarðs<sup>3</sup>; þeir unnu mörg frægðarverk í hernaði. Guðrún svarar: miklir voru þeir ok ágætir, en þó nam Sigarr<sup>4</sup> systur þeirra, en hefir aðra inni brenda, ok eru þeir seinir at hefna; eða hvi nefndir þú eigi bræðr mína, er nú þikkja fremstir menn? Brynhildr segir: [þat er í góðum efnum, en eigi eru þeir enn mjök reyndir, ok veit ek einn mjök af þeim bera; en þat er Sigurðr, son Sigmundar konungs; hann var þá barn, er hann drap sonu Hundings konungs, ok hefndi föður síns ok Eylima, móðurföður síns. Guðrún mælti: hvat var til merkja um þat? [segir þú hann borinn, þá<sup>6</sup> er faðir hans féll? Brynhildr svarar: móðir hans gekk í valinn, ok fann Sigmund konung sáran, ok bauð at binda sár hans, en hann kveðst of gamall síðan at berjast, en það hana við þat huggast; at hún mundi æztan son ala, [ok var þar spá spaks geta<sup>7</sup>; ok eptir andlát Sigmundar konungs fór hún með Álfi konungi, ok var Sigurðr þar uppfæddr í mikilli virðingu, ok vann hann mörg afreksverk á hverjum degi, ok er hann ágæztir maðr í veröldu. Guðrún mælti: af ást hefir þú frëttum til hans haldit; en af því kom ek

<sup>1</sup>) frægasta, *hin*. <sup>2</sup>) Hermundar, *ð. v. D útú síðunni*. <sup>3</sup>) Hagbarðs, *B.* <sup>4</sup>) Sigurðr, *B.* <sup>5</sup>) þeir eru, *J, K.* <sup>6</sup>) hún svarar: þá var hann óborinn, *B.* <sup>7</sup>) *v. í hin.*

hèr, at segja þér drauma mína, er mér fengu mik-  
 illar áhyggju. Brynhildr svarar: lát þik eigi slíkt<sup>2</sup>.  
 ángra! ver með frændum þínum, er allir vilja þik  
 gleðja. Þat dreymdi mik, sagði Guðrún, at  
 ver gengum frá skemmu margar saman, ok sáma  
 einn mikinn hjört; hann bar langt af öðr-  
 um dýrum, hár hans var af gulli; ver vild-  
 um allar taka dýrit, en ek ein náða; dýrit þótti  
 mér öllum lutum betra; síðan skauztu dýrit fyrir  
 knjám mér, var mér þat svá mikill harmr, at  
 ek máttu trautt bera; síðan gaftu mér einn úlf-  
 hvelp, sá dreifði mik blóði, bræðra minna. Bryn-  
 hildr svarar: ek mun ráða, sem eptir mun ganga:  
 til ykkar<sup>2</sup> mun koma Sigurðr, sá er ek kaus mér  
 til manns; Grímhildr gefr honum meinbland-  
 inn mjöð, er öllum oss kemr í mikit stríð; hann  
 mantu eiga, ok hann skjótt missa; þú munt  
 eiga Atla konúng; missa muntu bræðra þinna,  
 ok þá mantu [Atla vega<sup>3</sup>. Guðrún svarar: ofr-  
 harmr er oss þat, at vita slíkt, ok fara þær nú  
 í brott ok heim til Gjúka konúngs.

26. Sigurðr ríðr nú í brott með þat mikla  
 gull; skiljast þeir nú vinir; hann ríðr Grana  
 með öllum sínum herbúnaði ok farmi. Hann  
 ríðr þartil er hann kom at höll Gjúka konúngs;  
 ríðr nú í borgina, ok þat sèr einn af konúngs  
 mönnum, ok mælti: þat hygg ek at hær fari

<sup>1</sup>) drauma, *hín*. <sup>2</sup>) okkar, *J, K*. <sup>3</sup>) sjálf vilja drepa, *B*;  
 sjálf Atla drepa, *J, K*.

einn af goðunum; þessi maðr er allr við gull búinn; hestr hans er miklu meirri enn aðrir hestar, [ok afburðarvænni vopnabúnaðr, hann er langtum, aðramenn fram, en sjálfr berr hann þó mest<sup>1</sup> af öðrum mönnum. Konúngrinn gengr út með hirð sína, ok kvaddi manninn, ok spyrr: hverr ertu, er ríðr í borgina, er engi þorði, nema at leyfi sona minna? Hann svarar: ek heiti Sigurðr, ok em ek son Sigmundar konúngs. Gjúki konúngr mælti: vel skaltu hér kominn með oss ok þigg hér slíkt, sem þú vilt! Ok hann gengr inn í höllina, ok voru allir lágir hjá honum, ok allir þjónuðu honum, ok var hann þar í miklu yfirlæti. Þeir ríða allir saman Sigurðr ok Gunnarr ok Högni, ok þó er Sigurðr fyrir þeim um alla atgjörfi, ok eru þó allir miklir menn fyrir sér. Þat finnr Grímhildr, hve mikit Sigurðr ann Brynhildi, ok hve opt hann getr hennar; hugsar fyrir sér, at þat væri meiri gipta, at hann staðfestist þar ok ætti dóttur Gjúka konúngs, ok sá, at engi mátti við hann jafnast, sá ok, hvert traust at honum var, ok hafði [ofrfjár<sup>2</sup>, miklu meira; enn menn vissi dæmi til. Konúngr var við hann sem við sonu sína, en þeir virðu hann framarr enn sík. Eitt kveld, er þeir sátu við drykk, rís drottning upp, ok gekk fyrir Sigurð ok kvaddi hann, ok mælti: fögnuðr er oss at þinni hèrevist, ok allt gott viljum vér til

<sup>1</sup>) hann berr sjálfr langt, *hin*. <sup>2</sup>) prófast, *hin*.



yðar leggja; tak hær viðhörn! ok drekk! Hann tók við ok drakk af. Hún mælti: þinn faðir skal vera Gjúki konúgr, en ek móðir, bræðr þínir Gunnarr ok Högni, ok allir, er eða vinnið, ok munu þá eigi yðrir jafningjar fást. Sigurðr tók því vel, ok við þann drykk mundi hann ekki til Brynhildar; hann dvaldist þar um hríð. Ok eitt sinn gekk Grímhíldr fyrir Gjúka konúgr, ok lagði hendr um háls honum ok mælti: hær er nú kominn enn mesti kappi, er finnast maðr í veröldu, væri at honum [mikit traust<sup>1</sup>: gipt honum dóttur þína með miklu fê ok slfku ríki, sem hann vill, ok mætti hann hær yndi nema! Konúgr svarar: fátíðt er þat, at bjóða fram dætr sínar, en meirri vegr er at bjóða honum, enn aðrir biðl. Ok eitt kveld skenkir Guðrún. Sigurðr sêr at hún er væn kona, ok at öllu en kurteisasta. Fimm<sup>2</sup> misseri var Sigurðr þar, svá at þeir sátu með frægð ok vingan, ok ræðast konúgar nú við. Gjúki konúgr mælti: margt gott veitir þú oss, Sigurðr! ok mjök<sup>3</sup> hefir þú styrkt vart ríki. Gunnarr mælti: allt viljum vèr tilvinna, at þèr dvelizt hær lengi, bæði ríki ok vora systur með bæði<sup>4</sup>, en eigi mundi annar fá, þótt bæði. Sigurðr svarar: hafð þökk fyrir yðra sæmð! ok þetta skal þiggja. Þeir sverjast nú í bræðralag, sem þeir sê sambornir bræðr. Nú er gjör ágætlig veizla, ok stóð marga daga; drekkir Sigurðr nú

<sup>1</sup>) mesti styrkr, B; mikill mátt, hin. <sup>2</sup>) um, hin. <sup>3</sup>) nú hin. <sup>4</sup>) loforði, J, K.

brúðlaup til Guðrúnar; mátti þar sjá margskonar gleði ok skemtan, ok var hvern dag veitt öðrum betr. Þeir fóru nú víða um lönd, ok vinna mörg frægðarverk, drápu marga konungasonu, ok engir menn gerðu slík afrek sem þeir; fara nú heim með miklu herfangi. Sigurðr gaf Guðrúnu at eta af Fáfnis hjarta, ok síðan var hún miklu grimmar [enn áðr ok vitrari; þeirra son hét Sigmundr. Ok eitt sinn gekk Grímhildr at Gunnari syni sínum ok mælti: yðart ráð stendr með miklum blóma, fyrir utan þinn lut, er þer eruð kvonlausir; biðlð Brynhildar! Þat er göfgast ráð, ok mun Sigurðr ríða með yðr. Gunnarr svarar: víst er hún væn, ok eigi em ek þessa úfúss, ok segir nú feðr sínum ok bræðrum ok Sigurði, ok eru allir fýsandi.

27. Þeir búa nú ferð sína listuliga<sup>2</sup>, ríða nú fjöll ok dali til Buðla konungs, þera upp bónorðit; hann tók því vel, [ef hún vill eigi neita<sup>3</sup>, ok segir hana svá stóra, at þann einn mann mun hún eiga, er hún vill. Þá ríða þeir<sup>4</sup> í Hlymdali<sup>5</sup>. Heimir fagnar þeim vel; segir Gunnarr nú erendin. Heimir kvað hennar kjör vera, hvern hún skal eiga; segir þar sal hennar skamt frá, ok kvaðst þat hyggja, at þann einn mundi hún eiga vilja, er riði eld brennanda, er sleginn er um sal hennar. Þeir finna salinn ok eldinn, ok sjá þar borg gulli bysta<sup>6</sup>, ok brann eldr

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) listugliga, hin. <sup>3</sup>) v. í hin; e. h. v. e. nita eða inta, A. <sup>4</sup>) heim, b. v. hin. <sup>5</sup>) Hlymdali. hin. <sup>6</sup>) lýsta, hin

um utan. Gunnarr reið Gota, en Högni Hólkvi<sup>1</sup>. Gunnarr keirir hestinn at eldinum, en hann hopar. Sigurðr mælti: hví hopar þú, Gunnarr? Hann svarar: eigi vill hestrinn hlaupa þenna eld, ok biðr Sigurð ljá sér Grana; heimilt er þat, segir Sigurðr. Gunnarr ríðr nú at eldinum, ok vill Grani eigi gánga. [Gunnarr má nú eigi ríða þenna eld<sup>2</sup>; skipta nú litum, [sem Grímhildr kendi þeim<sup>3</sup> Sigurði ok Gunnari. Síðan ríðr Sigurðr, ok hefir Gram í hendi, ok bindr gullspora á fætr sér. Grani hleypr fram at eldinum, er hann kendi sporans. Nú verðr gnýrr mikill, [er eldrinn tók at æsast, en jörð tók at skjálfa, loginn stóð við himin; þetta þorði engi at gera fyrr, ok var sem hann riði í myrkva; þá lægðist eldrinn, en hann gekk af hestinum inní salinn; svá er kveðit<sup>4</sup>:

Eldr nam' at æsast,  
 en jörð at skjálfa,  
 ok hár logi  
 við himni<sup>5</sup> gnæfa<sup>6</sup>;  
 fárr treystist þar,  
 fylkis rekka<sup>7</sup>,  
 eld at ríða,  
 nè yfirstíga.

Sigurðr Grana  
 sverði keirði;

<sup>1</sup>) eða Hólkvi, A; Hólkvi, hin. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) v. í hin.  
<sup>4</sup>) v. í B, J, K. <sup>5</sup>) þannig C, D, E, F, G, H; man, A; tók, B, J, K. <sup>6</sup>) himin, hin. <sup>7</sup>) gnæfi, J, K. <sup>8</sup>) verka, B.

eldr sloknaði  
 fyrir öðlingi;  
 logi allr lægðist  
 fyrir lögjörnum;  
 bliku reið,  
 er Heginn átti.

Ok er Sigurðr kom inn um logann, fann hann þar eitt fagrt herbergi, ok þar sat í Brynhildr. Hún spyr, hverr sá maðr er? En hann nefndist Gunnarr Gjúkason: ertú ok ætluð mín kona með jáyrði feðr þíns, ef ek rið á þinn vafrloga, ok fóstra þíns með yðru atkvæði. Eigi veit ek gerla, hversu ek skal þessu svara, (segir hún). Sigurðr stóð rætt á gólfinu, ok studdist á sverðshjöltin, ok mælti til Brynhíldar: þér ímót skal ek gjalda mikinn mund í gulli ok góðum gripum. Hún svarar af áhyggju af sínu sæti, sem álf af báru, ok hefir sverð í hendi ok hjálm á höfði, ok var í brynju: Gunnarr! segir hún, ræð ekki slíkt við mik, nema þú sèrt hverjum manni fremri, ok þá skaltu drepa, er mín hafa beðit, ef þú hefir traust til; ek var í orrostu með Garðakonungi, ok voru vopn vár litut í mannablóði, ok þess girnumst vèr enn. Hann svarar: mörg stórvirki hafi þér unnit, en minnist nú á heit yðr, ef þessi eldr væri riðinn, at þér mundið með þeim manni gánga, er þetta gerði. Hún finnr nú hèr sönn svör, ok merki [þessa máls<sup>1</sup>, stendr upp, ok fagnar honum vel.

<sup>1</sup>) v. í hins.

þar dvelst hann þrjár nætr, ok búa eina rekkju. Hann tekr sverðit Gram ok leggr í meðal þeirra bert. Hún spyr, hví þat sætti? Hann kvað, sér þat skipat, at svá gerði hann brúðlaup til konu sinnar, eða fengi ella bana. Hann tók þá af henni hrínginu Andvaranaut, [er hatin gaf henni<sup>1</sup>, en fèkk henni nú annann hríng af Fáfnis arfi. Eptir þetta ríðr hann brott í þann sama eld til sinna félaga, ok skipta þeir aptr litum, ok rí a síðan í Lyndali<sup>2</sup>, ok segja, hve [farit hafði<sup>3</sup>. Þann sama dag fór Brynhildr [heim til<sup>4</sup> fóstura síns<sup>5</sup>, ok segir honum af trúnaði, at til hennar kom einn konúngr, ok reið minn vafrloga, ok kvaðst kominn til ráða við mik, ok nefndist Gunnarr; en ek sagða, at þat mundi Sigurðr einn gera, er ek vann eiða á fjallinu, ok er hann minn<sup>6</sup> frumverr<sup>7</sup>. Heimir kvað nú svá búit vera mundu. Brynhildr mælti: dóttur okkar Sigurðar, Áslaugu, skal hér uppfæða með þér. Fara konúngar nú heim, en Brynhildr fór til feðr síns. Grímhildr fagnar þeim vel, ok þakkar Sigurði sína fylgd; er þar búizt við veizlu, kom þar mikill mannfjöldi; þar kom Buðli konúngr með dóttur sína ok Atli son hans, ok hefir þessi veizla staðit marga daga; [ok er lokit er þessi veizlu<sup>8</sup>, minnir Sigurð allra eiða við Brynhildi, ok lætr þó vera kyrt. Brynhildr

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) Hlyndali, hin. <sup>3</sup>) v. í hin. <sup>4</sup>) heimtir, hin. <sup>5</sup>) sim, hin. <sup>6</sup>) nú, B. <sup>7</sup>) óljóst í A fr. . verr), en eyða fyrir því í C, D, E, F, G, H; hédan frá oss, B; mann, J, K. <sup>8</sup>) er þ. v. hafði st. m. d., hin.

ok Gunnarr sátu við skemtan, ok drukku gott vín.

28. Þat er einn dag, er þær gengu til árinna saman<sup>1</sup> at þväsér, þá óð Brynhildr lengra út á ána. Guðrún spyr: hví þat gegndi? Brynhildr segir: hví skal ek um þetta jafnast við þik, heldr enn um annat? ek hugða at minnfadir væri ríkari enn þinn, ok minn maðr unnit mörg<sup>2</sup> snildarverk<sup>3</sup>, ok reiði eld brennanda, en þinn bóndi var þræll Hjalpreks konúngs. Guðrún svarar með reiði: þá værir þú vitrari, ef þú þegðir, enn lastaðir<sup>4</sup> mann minn; er þat allra manna mál, at engi hafi slíkr komit í veröldina fyrir hversvetna sakir, ok eigi samir þer vel at lasta hann, þvíat hann er þinn frumverr, ok drap hann Fáfni, ok reið vafilogann, er þú hugðir Gunnar konúng, ok hann lá hjá þer ok tók af hendi þer hringinn Andvaranaut, ok máttu nú hér hann kenna. Brynhildr sèr nú þenna hring ok kennir; þá fölnar hún, sem hún dauð væri. Brynhildr fór heim, ok mælti ekki orð um kveldit. Ok er Sigurðr kom í rekkju, spyr Guðrún: hví er Brynhildr svá úkát? Sigurðr svarar: eigi veit ek glögt, en grunar mik, at vèr munum vita brátt nokkru gerr. Guðrún mælti: hví unir hún eigi auð ok sælu ok allra manna lofi, ok fengit þann mann, sem hún vildi. Sigurðr mælti: hvar var hún þá, er hún sagði þat, at

<sup>1</sup>) Rínar, *hin*. <sup>2</sup>) fleiri, *hin*. <sup>3</sup>) frægðarverk, B, J, K.  
<sup>4</sup>) þú þyrðir at lasta, *hin*.

hún þættist enn æzta eiga, eða þann, er hún vildi helzt eiga? Guðrún svarar: ek skal eptir spyrja á morgin, hvern hún vill helzt eiga. Sigurðr svarar: þess let ek þik, ok yðrast muntu, ef þú gerir þat. Ok um morgininni sátu þær í skemmu sinni, ok var Brynhildr hljóð. Þá mælti Guðrún: ver kát, Brynhildr! ángrar þik okkart viðrtal? eða hvat stendr þer fyrir gamni? Brynhildr svarar: illt eitt gengr þer til þessa, ok hefir þú grimt hjarta. Virð eigi svá, segir Guðrún, ok seg' heldr. Brynhildr svarar: spyr þess eina, at bezt se attú vitir, þat samir ríkum konum, ok er gott góðu at una, er yðr gengr allt at óskum. Guðrún svarar: snemt<sup>2</sup> er því enn at hæla, ok er þetta nokkr sú forspá; hvat reki þer at oss? vèr gerðum yðr ekki til ángrs! Brynhildr svarar: þess skaltu gjalda, er þú átt Sigurð, ok ek ann þer eigi hans at njóta, nè gullsins mikla. Guðrún svarar: eigi vissa ek yðr ummæli, ok vel mætti faðir minn sjá ráð fyrir mèr, þóttú værir ekki at hitt. Brynhildr svarar: ekki höfum vèr launmæli haft, ok þó höfum við eiða svarit, ok vissu þer þat, at þer veltuð mik, ok þess skal hefna. Guðrún svarar: þú er betr gefin enn makligt er, ok þinn ofsi man illa sjatna, ok þess munu margir gjalda. Una mundu vèr, segir Brynhildr, ef eigi ættir þú göfgara mann. Guðrún svarar: áttú svá göfgan mann, at úvíst er, hvern meirri kon-

<sup>1</sup>) þeg, hín. <sup>2</sup>) seint, B.

úngr er, ok gnótt fjár ok ríkis. Brynhildr svarar: Sigurðr [vá at<sup>1</sup>, Fáfni, ok er þat meira vert, enn allt ríki Gunnars konúngs, svá sem kveðit er:

Sigurðr vá at ormi,  
 en þat síðan mun  
 engum fyrnast,  
 meðan öld lifir;  
 en hlýri þinn  
 hvárki þorði  
 eld at ríða,  
 nè yfirstíga.

Guðrún svarar: Grani rann eigi eldinn undir Gunnari konúngi, en hann þorði at ríða, ok þarf honum eigi hugar at frýja. Brynhildr svarar: dylimst<sup>2</sup> eigi við, at<sup>3</sup> ek hygg Grímhildi eigi vel. Guðrún svarar: ámæl henni eigi, þvíat hún er til þín, sem til dóttur sinnar. Brynhildr svarar: hún [veldr öllum upphöfum þess böls<sup>4</sup>, er oss bíttr; hún bar Sigurði grimt öl, svá at eigi mundi hann [mitt nafn<sup>5</sup>. Guðrún svarar: margtrángt orð mælir þú, ok mikil lýgi er slíkt. Brynhildr svarar: njóti þer svá Sigurðar, sem þer hafid mik eigi svikit, ok er yðart samveldi úmakligt, ok gáangi yðr svá, sem ek hygg! Guðrún svarar: betr mun ek njóta, enn þú mundir vilja, ok engi gat þess, at hann ætti of gott við mik, nè<sup>6</sup> eitt sinn. Brynhildr

<sup>1</sup>) vann á, hin. <sup>2</sup>) deilumst; J, K. <sup>3</sup>) at, v. í J, K.  
<sup>4</sup>) er upphaf alls ills, B. <sup>5</sup>) mik, hin. <sup>6</sup>) v. í J, K.



svarar: illa mælir þú! ok er af þér rennr, mantu iðrast, ok hendum eigi heiptyrði. Guðrún segir: þú kastaðir fyrri heiptarorðum á mik; lætr þú nú sem þú munir yfirbæta, en þó býr grimt undir. Leggjum niðr únýtt hjal, segir Brynhildr; ek þagða lengi yfir mínum harmi, þeim er mér þjó í brjósti, en ek ann þínum bróður at eins, ok tókum annat tal. Guðrún segir: langt sér hugr þinn um fram; ok þar af stóð mikill úfagnaðr, er þær gengu á ána, ok hún kendi hringinn, ok þar af varð þeirra viðræða.

29. Eptir þetta tal legst Brynhildr í rekkju, ok komu þessi tíðendi fyrir Gunnar konúng, at Brynhildr er sjúk; hann hittir hana ok spyr, hvat henni sè? en hún svarar engu ok liggr sem hún sè dauð. Ok er hann leitar eptir fast, þá svarar hún: hvat gerðir þú af hring þeim, er ek selda þér, er Buðli konúngr gaf mér at efsta skilnaði, er þér Gjúki konúngr komuð til hans, ok hētuð at herja eða brenna, nema þér næðið mér; síðan leiddi hann mik á tal ok spyr: hvern ek kjöra af þeim, sem komnir voru; en ek buðumst til at verja landit, ok vera höfðingi yfir þriðjúngi liðs; voru þá tveir kostir fyrir hendi, at ek munda þeim verða at giptast, sem hann vildi, eða vera án alls fjár ok hans vináttu, kvað þó sína vináttu mér mundu betr gegna enn reiði; þá hugsaða ek með mér, hvárt ek skylda (hlýða) hans vilja, eða drepa margan mann; ek þóttumst vanfær til at þreyta við

hann, ok þar kom, at ek hætumst þeim, er riði hestinum Grana með Fáfnis arfi ok riði minn vafsrloga, ok dræpi þá menn, er ek kvað á; nú treystist engi at ríða, nema Sigurðr einn; hann reið eldinn, þvíat hann skorti eigi hug til; hann drap orminn ok Reginn, ok 5 konunga<sup>1</sup>, en eigi þú, Gunnarr! er þú fölnaðir sem nár, ok ertu engi konúgr nè kappi; ok þess strengda ek heit heima at feðr míns, at ek munda þeim einum unna, er ágæztr væri alinn, en þat er Sigurðr; nú erum vèr eiðrofa, er vèr egum hann eigi, ok fyrir þetta skal ek ráðandi þíns<sup>2</sup> dauða; ok egum vèr Grímhildi illt at launa, henni finst engi kona huglausari nè verri. Gunnarr svarar, [svá at fáir heyrðu<sup>3</sup>: mörg flærðarorð hefir þú mælt, ok ertu illúðig kona, er þú ámælis þeirri konu, er mjök er um þik fram, ok eigi yndi hún verr sínu, svá sem þú gerir, eða kvaldi dauða menn, ok engan myrði hún, ok lifir við lof. Brynhildir svarar: ekki höfum vèr launþing<sup>4</sup> haft, nè údáðir gert, ok annat er vart eðli, ok fúsari værim vèr at drepa yðr. Síðan vildi hún drepa Gunnar konúgr, en Högni setti hana í fjötra. Gunnarr mælti þá: eigi vil ek at hún búi í fjötrum. Hún svarar: hirð eigi þat, þvíat aldrí sèr þú mik glaða síðan í þinni höll, eða drekka nè tefla nè hugat mæla, nè gulli leggja góð klæði, nè yðr

<sup>1</sup>) aðra, *hin*.   <sup>2</sup>) hans, *hin*.   <sup>3</sup>) *v. í hin*.   <sup>4</sup>) launúgr, J, K.

ráð gefa; kvað hún sér þat mestan harm, at hún átti eigi Sigurð. Hún settist upp, ok sló sinn borða svá at sundr gekk, ok bað svá lúka<sup>1</sup> skemmudyrum, at lánga leið mætti heyra hennar harmtölur. Nú er harmr mikill, ok heyrir um allan bæinn. Guðrún spyr skemmu-  
meyjar sínar, hví þær sé svá úkátar eða hrygg-  
ar: eða hvat er yör, eða hví fari þær sem vit-  
lausir menn, eða hverr gyzki<sup>2</sup> er yör orðinn?  
Þá svarar hirðkona ein, er Svafrlöð<sup>3</sup> hét: Þetta  
er útíma dagr, vár höll er full af harmi. Þá  
mælti Guðrún til sinnar vinkonu: stattu upp!  
ver höfum lengi sofit<sup>4</sup>, vek Brynhildi, gaung-  
um til borða ok verum kátar! Þat geri ek eigi,  
sagði hún, at vekja hana, nè við hana mæla,  
ok mörg dægr drakk hún eigi mjöð nè vín, ok  
hefir hún fengit goða reiði. Þá mælti Guðrún  
til Gunnars: gakk at hitta hana, segir hún, ok  
seg oss illa kunna hennar meini. Gunnarr svar-  
ar: þat er mér bannat, at hitta hana, eða henn-  
ar fê at skipta; þó ferr Gunnarr at hitta hana,  
ok leitar marga vegar málsenda við hana, ok  
fær ekki af [um svörin<sup>5</sup>; gengr nú á brott ok  
hittir Högna, ok biðr hann finna hana; [en  
hann kveðst vera úfúss, ok ferr þó, ok fêkk ekki  
af henni; ok er hittr Sigurðr, ok beðinn at finna

<sup>1</sup>) upp, *b. v. B.* <sup>2</sup>) undr, *B.* <sup>3</sup>) Svefneland, *B.*; Svaf-  
lauk, *J, K.* <sup>4</sup>) setit, *B.* <sup>5</sup>) af henni svar, *B.*; um svar-  
it, *J, K.*

hana; hann svarar engu<sup>1</sup>, ok er svá búit um kveldit. Ok annann dag eptir, er hann kom heim af dýraveiði, hitti hann Guðrúnu ok mælti: þann veg hefir fyrir mik borit, sem þetta muni til mikils koma [hrollr sjá<sup>2</sup>, ok mun Brynhildr deyja. Guðrún svarar: herra minn! mikil kynsl<sup>3</sup> fylgja henni; hún hefir nú sofit sjö dægr, svá at engi þorði at vekja hana. Sigurðr svarar: eigi sefr hún, hún hefir stórræði með höndum við okkr. Þá mælti Guðrún með gráti: þat er mikill harmr, at vita þinn bana; far heldr ok finn hana, ok vit, ef sjatni hennar ofsi, gef henni gull, ok mýk svá hennar reiði! Sigurðr gekk út ok fann opinn salinn; hann hugði hana sofa, ok brá af henni klæðum, ok mælti: vaki þú Brynhildr! sól skín um allan bæinn, ok er ærit sofit; hritt af þer harmi ok tak gleði. Hún mælti: hví sætir þinni dirfð, er þú ferr mik at hitta; mér var engi verri í þessum svikum. Sigurðr spyrr: hví mælir þú eigi við menn<sup>4</sup>, eða hvat ángrar þik? Brynhildr svarar: þer skal ek segja mína reiði. Sigurðr mælti: heilluð<sup>5</sup> ertu, ef þú ætlar grimm-an minn hug við þik, ok er sá þinn maðr, er þú kaust! Nei, segir hún, eigi reið Gunnarr eldinn til vár, ok eigi galdt hann mér at mundi feldan val; ek undruðumst þann mann, er kom í

<sup>1</sup>) hann gjörði svá, B. <sup>2</sup>) hjallr *ae, C, D, E, F, G, H; v. i B, J, K.* <sup>3</sup>) kynstr, B. <sup>4</sup>) mik, B. <sup>5</sup>) þannig A og hin; afsinna, B.

minn sal, ok þóttumzt ek kenna yðr augu, ok fékk ek þó eigi víst skilit fyrir þeirri huldu, er á lá á minni hamíngju. Sigurðr segir: ekki erum vèr göfgari menn, enn synir Gjúka; þeir drápu Dana konúng, ok mikinn höfðíngja bróður Buðla konúngs. Brynhildr svarar: margt íllt egum vèr þeim upp at inna, ok minn oss ekki á harma vára; þú Sigurðr vátt<sup>1</sup> orminn ok reitt eldinn, [ok of mína sök<sup>2</sup>, ok voru þat eigi synir Gjúka konúngs. Sigurðr svarar: ekki varð<sup>3</sup> ek þinn maðr, ok vartu<sup>4</sup> mín kona, ok galdt við þer ~~knúnd~~ [ágætr konúng<sup>5</sup>. Brynhildr svarar: eigi sá ek svá Gunnar, at minn hugr hlæja við honum, ok grimm em ek við hann, þótt ek [hylma yfir<sup>6</sup> fyrir öðrum. Þat er ógrligt, segir Sigurðr, at unna eigi slíkum konúngi; eða hvat ángrar þik mest? mér sýnist sem hans ást sé þer gullt betri. Brynhildr svarar: þat er mér sárast minna harma, at ek fæ eigi því til leiðar komit, at bitrt sverð væri roðit í þínu blóði. Sigurðr svarar: kvíð eigi því! skamt mun at biða, áðr bitrt sverð man standa í mínu hjarta, ok ekki muntu þer verra biða, þvíat þú munt eigi eptir mik lifa, munu ok fáir vorir lífsdagar hêðan ífrá. Brynhildr svarar: eigi standa þín orð af litlu fári, síðan þer svikuð mik frá öllu yndi, ok ekki hirði ek um lífit. Sig-

<sup>1</sup>) þannig A, C, D, E, F, G, H; vanst, B, J, K.  
<sup>2</sup>) v. í B, J, K. <sup>3</sup>) verð, B. <sup>4</sup>) ekki, b. v. J, K. <sup>5</sup>) ágæts konúngs, hin. <sup>6</sup>) hylí, B.

urðr svarar: líf þú! ok umn Gunnari konungi ok mēr, ok allt mitt fē vil ek til gefa, at þú deyr eigi. Brynhildr svarar: eigi veizt þú gjörla mitt eðli, þú berr af öllum mönnum, en þēr hefir engi kona orðit leiðari enn ek. Sigurðr svarar: annat er sannara: ek unna þēr betr enn mēr, þótt ek yrða fyrir þeim svikum, ok má því nú ekki bregða, þvíat ávalt er ek gáða míns geðs, þá harmaði mik þat, er þú vart eigi mín kona; en af mēr bar ek sem ek máttu, þat er ek var í konungshöll, ok unda ek því þó, at vēr vortum öll saman; kann ok verða, at fram verði at koma þat, sem fyrir er spáð, ok ekki skal því kvíða. Brynhildr svarar: [of seinatt<sup>1</sup> hefr þú at segja, at þik ángrar minn harmr, en nú fáma vēr enga líkn. Sigurðr svarar: gjarna vilda ek at við stígim á einn beð bæði, ok værir þú mín kona. Brynhildr svarar: ekki er slíkt at mæla, ok eigi mun ek eiga 2 konunga í einni höll, ok fyrr skal ek líf láta, enn ek svíkja Gunnar konung, ok minnist nú á þat, er [þau fundust<sup>2</sup> á fjallinu ok sórust<sup>3</sup> eiða: en nú er því öllu brugðit, ok vil ek eigi lifa. Eigi munda ek þitt nafn, sagði Sigurðr, ok eigi kenda ek þik, fyrr enn þú vart gipt, ok er þetta enn mesti harmr. Þá mælti Brynhildr: ek vann eið, at eiga þann mann, er riði minn vafrloga, en þann eið vilda ek halda, eða deyjja ella. Heldr enn

<sup>1</sup>) þannig, A; af smán, B; ofsmátt, hin. <sup>2</sup>) við töludum, B.

<sup>3</sup>) sórum, B.

Þú deyir vil ek þik eiga, en fyrirláta Guðrúnu, segir Sigurðr; en svá þrútnuðu hans síður, at í sundr gengu brynjuhringar. Eigi vil ek þik, sagði Brynhildr, ok aungan annarra. Sigurðr gekk í brott; svá segir í Sigurðar kviðu:

Út gekk Sigurðr,  
annspjalli frá,  
hollvinr<sup>1</sup> lofða,  
ok hnípaði<sup>2</sup>,  
svá at gánga nam  
gunnarfúsum,  
sundr of síður  
serkr járnofinn.

Ok er Sigurðr kom í höllina, spyr Gunnarr, hvárt hann viti, hverr meintregi<sup>3</sup> henni væri, eða hvárt hún hefir mál sitt? Sigurðr kvað hana mæla mega. Ok nú ferr Gunnarr at hitta hana í annat sinn, ok spyr, hve gegndi hennar meini, eða hvárt nokkr bót mundi til liggja. Ek vil eigi lifa, sagði Brynhildr, þvíat Sigurðr hefir mik velt, ok eigi síðr þik, þá er þú læzt hann fara í mína sæng; nú vil ek eigi 2 menn eiga senn í einni höll, ok þetta skal vera bani Sigurðar, eða þinn, eða minn, þvíat hann hefir þat allt sagt Guðrúnu, en hún brígslar mér.

30. Eptir þetta gekk Brynhildr út, ok sezt undir skemmuvegg sinn, ok hafði margar harmtölur, kvað sèr allt leiðt bæði<sup>4</sup> land ok

<sup>1</sup>) í höll B; í höllum, J; höllinnr, *rúngt lesið, hin.*

<sup>2</sup>) hnípaði, B. <sup>3</sup>) máltregi, B. <sup>4</sup>) heiðr, b. v. hin.

ríki, er hún átti (eigi) Sigurð; ok enn kom Gunnarr til hennar. Þá mælti Brynhildr: þú skalt láta bæði ríkit ok fèit, lífit ok mik, ok skal ek fara heim til frænda minna, ok sitja þar hrygg, nema þú drepir Sigurð ok son hans; al eigi upp úlfhvelpinn! Gunnarr varð nú mjök hugsjúkr, ok þóttist eigi vita, hvat heilla lá til alls; hann var í eiðum við Sigurð, ok lèk ýmist í hug, þótti þat þó mest svívirðing, ef konan gengi frá honum. Gunnarr mælti: Brynhildr er mér öllu betri, ok fegrst er hún allra kvenna, ok fyrr skal ek líf láta, enn týna hennar ást; ok kallar til sín Högna, bróður sinn, ok mælti: fyrir mik er komit vannmæli mikit; segir, at hann vill drepa Sigurð, kvað hann hafa vèlt sik í trygð: ráðum við þá gullinu ok öllu ríkinu. Högni segir: ekki samir okkr særin at rjúfa með úfriði, er oss ok mikit traust at honum, eru engir konúngar oss jafnir, ef sjá inn Hýnski konúngur lifir, ok slíkan mág fám vèr aldri, ok hygg at, hversu gozt væri, ef vèr ættim slíkan mág ok systursonu<sup>1</sup>, ok sè ek, hversu þetta stendst af, þat hefir Brynhildr vakit, ok hennar ráð koma oss í mikla svívirðing ok skaða. [Gunnarr svarar: þetta skal framfara, ok sè ek ráðit: eggjum til Guttorm, bróður okkarn, hann er úngr ok fás vitandi, ok fyrir utan alla eiða. Högni segir: þat ráð lízt mér illa sett, ok þótt framkomi, þá munu vèr gjöld fyrir taka, at

<sup>1</sup>) systurson, J. K.



svíkja slíkan mánn'. Gunnarr segir Sigurð deyjja skulu, eða man'ek deyjja ella; hann biðr Brynhildi uppstanda ok vera káta; hún stóð upp, ok segir þó, at Gunnarr mun eigi koma fyrr í sama rekkju henni, enn þetta er fram komit. Nú ræðast þeir við bræðr. Gunnarr segir, at þetta er gild banasök, at hafa tekit meydóm Brynhildar: ok eggjum Guttorm at gera þetta verk; ok kalla hann til sín, ok bjóða honum gull ok mikit ríki, ok vinna þetta til. Þeir tóku orm einn, ok af vargsholdi, ok létu sjóða, ok gáfu honum at eta, sem skáldit kvað:

Svipir<sup>2</sup> viðfiska<sup>3</sup>  
 tóku, sumir<sup>4</sup>  
 vitnishræ skífðu,  
 sumir<sup>5</sup> Guttormi  
 gáfu gerahold  
 við munngáti,  
 ok marga luti  
 aðra í týfrum<sup>6</sup>

Ok við þessa fæðslu varð hann svà æfr ok ágjarn, ok allt saman, ok fortölur Grímhildar<sup>7</sup>, at hann hæt at gera þetta verk; þeir hētu honum ok mikilli sæmd í móti. Sigurðr vissi eigi vån þessara vélræða, mátti hann ok eigi við sköpum vinna, nè sínu aldragi; Sigurðr vissi sik ok eigi vèla verðan frá þeim. Guttormr gekk inn

<sup>1</sup>) v. í B. <sup>2</sup>) sviðu, B; svipir, C, D, E, F, G, H; sviðit J, K. <sup>3</sup>) fiskviðar, B. <sup>4</sup>) v. í B. <sup>5</sup>) gull, B, J, K. <sup>6</sup>) dýfðu, B; týftum, hin. <sup>7</sup>) þannig A; Brynhildar, hin.

at Sigurði eptir um morgininn, er hann hvíldi í rekkju sinni; ok er hann leit við honum, þorði Guttormr eigi at veita honum tilræði, ok hvarf út aptr, ok svá ferr í annat sinn; augu Sigurðar voru svá snör, at fárr einn þorði gegn at sjá; ok et þriðja sinn gekk hann inn, ok var Sigurðr þá sofnaðr. Guttormr brá sverði, ok leggr á Sigurð, svá at blöðrefillinn stóð í dýnum undir honum. Sigurðr vaknar við sárit, en Guttormr gekk út til dyranna; þá tók Sigurðr sverðit Gram, ok kastar eptir honum, ok kom á bakit ok tók í sundr í miðju, féll annánn veg fótalutr, en annann höfuð ok hendrnar aptr í skemmuna. Guðrún var sofnuð í faðmi Sigurðar, en vaknaði við óumræðiligan harm, er hún flaut í hans blóði, ok svá kveinaði hún með grát ok harmtölur, at Sigurðr reis upp við hægendit ok mælti: grát eigi! sagði hann; þínir bræðr lifa þer til gamans, en [þess til úngan son á ek, er kann eigi at varast fjandr sína, ok illa hafa þeir fyrir sínum lut sèt; ekki fá þeir sèr ríkara<sup>2</sup> mág at ríða í her með sèr, nè systurson, ef sjá næði at vaxa; ok nú er þat fram komit, er fyrir laungu var spáð, ok vèr höfum dulizt við, en engi má við sköpum vinna; en þessu veldr Brynhildir, er mèr ann um hvern mann fram, ok þess má ek sverja, at Gunnari gerða ek aldri mein, ok þyrmda ek okkrum eiðum, ok eigi var ek ofmikill vinr hans konu; ok ef ek hefða vitat þetta

<sup>1)</sup> v. í hin. <sup>2)</sup> þannig leiðrett; líkara, rángt, öll.

fyrir, ok stiga ek á mína fætr með mín vopn, þá skyldu margir týna sínu lífi, áðr enn ek fella, ok allir þeir bræðr drepnir, ok torveldra mundi þeim at drepa mik, enn enn mesta vísund<sup>1</sup> eða villigölt; konúngr lét nú líf sitt. En Guðrún blæs mæðiliga öndinni; þat heyrði Brynhildr ok hló, er hún heyrði hennar andvarp. Þá mælti Gunnarr: eigi hlær þú af því, at þær sè glaðt um hjartarætr, eða hví hafnar þú þínum lit? ok [mikit forat<sup>2</sup> ertu, [ok meiri væn, at þú sèr<sup>3</sup> feig, ok en-gi væri makligri til at sjá Atla konúng drepinn fyrir augum þær, ok ættir þú þær yfir at standa; nú verðum vèr at sitja<sup>4</sup> yfir mági vorurn ok bróðurbana. Hún svarar: engi frýr, at eigi sè fullvegít, en Atli konúngr hirðir ekki um hót yðr eða reiði, ok hann mun yðr lengr lifa, ok hafa meira vald. Högni mælti: nú er fram komit þat, er Brynhildr spáði, ok þetta et illa verk, er vèr fáam aldri bætt. Guðrún mælti: frændr mínir hafa drepit minn mann! nú munu þær ríða í her fyrst, ok er þær komið til bardaga, þá munu þær finna, at Sigurðr er eigi á aðra hönd yðr ok munu þær þá sjá, at Sigurðr var yðar<sup>5</sup> gæfa ok styrkr, ok ef hann ætti sèr slíka sonu, þá mætti þær styrkjast við hans afkvæmi ok sína frændr.

31. Nú þóttist engi kunna at sèr<sup>6</sup> at Brynhildr

<sup>1</sup>) víghund; *hin*. <sup>2</sup>) *v. í hin*. <sup>3</sup>) *v. í hin*. <sup>4</sup>) þannig öll; *múske sýta*. <sup>5</sup>) þannig *B, J, K*; þeirra, *hin*. <sup>6</sup>) sjá, *hin*.

beiddi þess hlæjandi, eð' hún harmaði með gráti. Þá mælti hún: Þat dreymdi mik, Gunnarr! at ek átta kalda sæng, en þú ríðr í hendr úvinum þínum, ok öll ætt yör man illa fara, er þer eruð eiðrofa, ok mündir þú þat úglögt<sup>2</sup>, er þið blönduðuð blóði saman Sigurðr ok þú, er þú rétt<sup>3</sup> hann, ok hefir þú honum allt illu launat þat, er hann gerði vel til þín, ok lét þik fremstan vera, ok þá [reyndi þat, er<sup>4</sup> hann kom til vor, hve hann heldt sína eiða, at hann lagði okkar í milli it snarpeggjaða sverð, þat er eitri var hert; ok snemma reðu þer til saka við hann ok við mik, þá er ek var heima með feðr mínum, ok hafða ek allt þat, er ek vilda, ok ætlaða ek engan yðarn minn skyldu verða, þá er þer riðuð þar at garði þrír konúngar; síðan leiddi Atli mik á tal, ok spyr, ef ek vilda þann eiga, er riði Grana, sá var yör ekki líkr, ok þá hætumst ek syni Sigmundar konúngs ok engum öðrum, ok eigi mun yör farast<sup>5</sup> þótt ek deyja. Þá reis Gunnarr upp, ok lagði hendr um háls henni, ok bað at hún skyldi lifa ok þiggja fé, ok allir aðrir löttu hana at deyja; en hún hratt hverjum frá sér, er at henni kom, ok kvað ekki tjóa mundu at letja hana þess, er hún ætlaði. Síðan hæt Gunnarr á Högna, ok spyr hann ráða, ok bað hann til fara, okvita, ef hann fengi mýkt skaplyndi hennar, ok

<sup>1</sup>) eðr, B, G, J, K. <sup>2</sup>) ok lángt er eigi síðan, J, K. <sup>3</sup>) þannig A og fleirst; lét drepa hann, B. <sup>4</sup>) v. í B, J, K. <sup>5</sup>) þannig öll; máske farnast.

kvað nú ærna þörf vera á höndum, ef sefast mætti hennar harmr, þartil er fráliði. Högni svarar: leti engi maðr hana at deyja, þvíat hún verðr oss aldri at gagni, ok aungum manni, síðan hún kom h'ngat. Nú bað hún taka mikit gull, ok bað þar koma alla þá, er fè vildu þiggja; síðan tók hún eitt sverð, ok lagði undir hönd sér, ok hneig' upp við dýnur, ok mælti: taki hér nú gull hverr, er þiggja vill! Allir þögðu. Brynhildr mælti: þiggið gullit, ok njótið vel! Em mælti Brynhildr til Gunnars: nú man ek segja þér litla stund þat, er eptir mun gánga: sættast munu þið Guðrún brátt með ráðum Grímhildar ennar fjölkunngu; dóttir Guðrúrar ok Sigurðar man heita Svanhildr, er vænst man fædd allra kvenna; (verðr) Guðrún gefin Atla at sínum úvilja<sup>1)</sup>; Oddrúnu mantu vilja eiga, en Atli mun þat banna; þá munu þið eiga launfundi, ok mun hún þér unna; Atli man þik svíkja ok í ormgarð setja, ok síðan [man Atli drepinn ok synir hans; Guðrún man þá drepa; síðan<sup>2)</sup> munu hana stórar bárur bera til borgar Jónakrs konúngs; þar man hún fæða ágæta soru; Svanhildr mun or landi<sup>3)</sup> send, ók gift Jórmunnreki konúngi; hana munu bíta Bikka ráð; ok þá er farin öll ætt yðr, ok eru Guðrúnar harmar at meiri. Nú bið ek þik Gunnarr! efstu bænar: lát gera eitt bál mikit á slèttum velli öllum

<sup>1)</sup> vilja, B. <sup>2)</sup> v. í B. <sup>3)</sup> haugi, B.

oss, mēr ok Sigurði, ok þeim, sem drepnir voru með honum; lát þar tjalda yfir af rauðu manna-blóði, ok brenna mēr þar á aðra hönd þenna enn Hýnska konung, en á aðra hönd honum mína menn, 2 at höfði, 2 at fótum, ok 2 hauka, þá er at jafnaði skipt; látið þar á milli okkar brugðit sverð, sem fyrr, er við stigum á einn beð, ok heitum þá hjón', ok eigi fellr honum þá hurð á hæla, ef ek fylgi honum, ok er vár leiðsla þá ekki aumlig, ef honum fylgja 5 ambáttir ok 8 þjónar, er faðir minn gaf mēr, ok þar brenna ok þeir, er drepnir voru með Sigurði; ok fleira munda ek mæla, ef ek væra eigi sár, en nú þýtr öndin, en sárit opnast, ok sagða ek þó satt. Nú er búit um lík Sigurðar at fornum sið, ok gert mikit bál; ok er þat er mjök í<sup>a</sup> kyndt, þá var þar lagt á ofan lík Sigurðar Fáfnisbana, ok sonar hans 3 vętrs, er Brynhildr lét drepa, ok Guttorms. Ok er bálit var allt loganda, gekk Brynhildr þará út, ok mælti við skemmumeyjar<sup>3</sup> sínar, at þær tæki gull þat, er hún vildi gefa þeim; ok eptir þetta deyr Brynhildr ok brann þar með Sigurði, ok lauk svá þeirra æfi.

32. Nú segir þat hverr, er þessi tíðendi heyrir, at engi maðr mun þvílíkr eptir í veröldunni, ok aldrí man síðan borinn slíkr maðr, sem Sigurðr var, fyrir hversvetna sakar, ok

<sup>1</sup>) þannig hin; ljóna, A. <sup>2</sup>) v. í B, C, J, K. <sup>3</sup>) þjónustuperpur, J, K.

hans nafn man aldri fyrnast í Þýverskri<sup>1</sup> túngu ok á Norðrlöndum, meðan heimrinn stendr. Þat er sagt, einhvern dag, þá er Guðrún sat í skemmu sinni, þá mælti hún: betra var þá vart líf, er ek átta Sigurð; svá bar hann af öllum mönnum, sem [gull af járn<sup>2</sup>, eða laukur af öðrum grösum, eða hjörtr af öðrum dýrum, uns bræðr mínir fyrimundu mér slíks manns, er öllum<sup>3</sup> var fremri, eigi máttu þeir sofa, áðr þeir drápu hann; mikinn gný gerði Grani, þá er hann sá sáran sinn lánardrottinn, síðan rædda ek við hann, sem við mann, en hann hnípti í jörðina, ok vissi at Sigurðr var fallinn. Síðan hörf Guðrún brott á skóga, ok heyrði alla vega frá sér varga þyt, ok þótti þá bláðara at deyja<sup>4</sup>. Guðrún fór, uns hún kom til hallar Hálf<sup>5</sup> konungs, ok sat þar með Þóru Hákunardóttur í Danmörku 7 misseri, ok var þar í miklum fagnaði, ok sló borða yfir henni, ok skrifaði þará mörg ok stór verk ok fagra leika, er tíðir voru í þann tíma, sverð ok brynjur ok allan konungs búnað, skip Sigmundar konungs, er skriðu fyrir land fram; ok [þat byrðu<sup>6</sup> þær, er þeir börðust Sigar<sup>7</sup> ok Siggeirr á Fjóni<sup>8</sup> suðr; slíkt var þeirra gaman, ok huggaðist Guðrún nú nokkut harms síns. Þetta spyr Grímhildr, hvar Guðrún er niðr komin, heimtíð á tal sonu sína, ok

<sup>1</sup>) Þýzkri, *hin*. <sup>2</sup>) járn af eyri, *J, K*. <sup>3</sup>) öðrum, *hin*. <sup>4</sup>) enn lífa, *þ. v. hin*. <sup>5</sup>) Hjálfréks, *B*. <sup>6</sup>) baráttur, *B*. <sup>7</sup>) Sigmundur, *B*; Sigurðr, *G*. <sup>8</sup>) Fróni, *hin*.

spyr, hverju þeir vilja bæta Guðrúnu son sinn ok mann, kvað þeim þat skyldt. Gunnarr segir, kveðst vilja gefa henni gull, ok bæta henni svá harma sína, senda eptir vinum sínum, ok búa hesta sína, hjálma, skjöldu, sverð ok brynjur ok allskonar herklæði; ok var þessi ferð búin it kurteisligsta, ok engi sá kappi, er mikill var, sat nú heima; hestar þeirra voru brynjaðir, ok hverr riddari hafði annathvært gyltan hjálm eða skyggan. Grímhildr ræðst í ferð með þeim, ok segir þeirra erendi svá fremi fullgjört mun verða, at hún sitl eigi heima. Þeir höfðu alls 5 hundruð manna; þeir höfðu ok ágæta menn með sér; þar var Valdamar<sup>1</sup> af Danmörk, ok Eymóðr<sup>2</sup> ok Jarisleifr<sup>3</sup>. Þeir gengu inní höll Hálf<sup>4</sup> konungs; þar voru Lángbarðar, Frakkar ok Saxar; þeir fóru með öllum herbúnaði ok höfðu yfir sér loða<sup>5</sup> rauða, sem kveðit er:

Stuttar brynjur,  
steipta hjálma,  
skálmum girðir,  
ok höfðu skarar jarpar.

Þeir vildu velja systur sinni góðar gjafir, ok mæltu vel við hana, en hún trúði engum þeirra. Síðan færði Gunnarr henni meinsamligan drykk, ok varð hún við at taka, ok mundi síðan engar sakar; sá drykkur var blandinn með jarðar<sup>6</sup> magni

1) Valdimar, B, J, K. 2) Eymr, B; Eymaðr, C, D, E, F, G, H; v. J, K. 3) ok maðr, er Jarisleifr hét, J, K. 4) Hjálfræks, B. 5) þannig A; loðpa, J, K; laða, hin. 6) urðar, B.



ok sæ, ok dreira sonar hennar, ok í því horni voru ristnir hverskuns stafir, ok roðnir með blóði, er hær segir:

Voru í því horni  
hverskyns stafir  
ristnir ok roðnir,  
ráða ek nè máttak:  
lýngfisk lagar<sup>1</sup>  
lands Haddíngja,  
ax úskorit,  
innleið dýra.

Voru þeim bjóri  
böl mörg saman:  
urt [alls viðar<sup>2</sup>  
ok akarn<sup>3</sup> brunninn,  
vínðögg<sup>4</sup> arins  
[ítrar blótna<sup>5</sup>,  
svíns lifr soðin,  
þvíat sakar deyfði.

Ok eptir þat, er vill þeirra kom saman, gjörðist fagnaðr mikill. Þá mælti Grímhíldr, er hún fann Guðrúnu: vel verði þær, dóttir! ek gef þær gull ok allskonar gripa at þiggja eptir þinn feðr; dýrliga hrínga ok ársal Hýnskra meyja; þeirra er kurteisastar eru, þá er þær bættir þinn maðr; síðan skal þik gipta Atla konungi inum ríka, þá muntu ráða hans auði, ok láteigi frændr þína fyrir sakir eins manns, ok ger heldr

<sup>1</sup>) lángr, B. <sup>2</sup>) eða kannske heldr Alsviðar í A. <sup>3</sup>) akurn, C, D, E, F, G, H; akarninn, B. <sup>4</sup>) um dög, hin. <sup>5</sup>) eða ítrra blótna, A; iðr blotnar, B.

sem vèr biðjum. Guðrún svarar: aldri vil ek eiga Atla konúng, ok ekki samir okkr ætt saman at auka. Grímhildr svarar: eigi skaltu nú á heiptir hyggja, ok lát sem lifi Sigurðr ok Sigmundr, ef þú átt sonu. Guðrún segir: ekki má ek af honum hyggja, hann var öllum fremri. Grímhildr segir: þenna konúng man þèr skipat at eiga, 'en engan skaltu ell-egar eiga. Guðrún segir: bjóði þèr mér eigi þenna konúng, er illt eitt man afstanda þessi ætt, ok mun hann sonu sína illu beita, ok þar eptir man honum grimmu hefnt vera. Grímhildr varð við hennar fortölur illa, ok mælti: ger sem vèr beiðum, ok muntu þar-fyrir taka mikinn metnað ok vâra vináttu, ok þessa staði, er svâ heita: Vínbjörg ok Valbjörg; hennar orð stóðust svâ mikit, at þetta varð fram at gânga. Guðrún mælti: þetta mun verða fram at gânga, ok þó at mínum úvilja, ok mun þat lítt til yndis, heldr til harma. Síðan stíga þeir á hesta sína, ok eru konur þeirra settar í vagna, ok fóru svâ fjóra daga á hestum, en aðra fjóra á skipum, ok ena þriðju fjóra enn landveg, þartil er þeir komu at einni hárrí höll; henni gekk þar ímót mikit fjölmenni, ok var þar búin ágætlig veizla, sem áðr höfðu orð í milli farit, ok fór hún fram með sæmd ok mikilli prýði. Ok at þessi veizlu drekkur Atli brúðlaup til Guðrúnar; en aldri gerðihugr henn-

\*) við sonu sína, þikir hér ofaukið i A, C, D, E, F, G, H.

ar við honum hlæja, ok með lítili blíðu var þeirra samvista.

33. Nú er þat sagt einhverja nótt, at Atli konúgr vaknar or svefni, mælti hann við Guðrúnu: þat dreymdi mik, segir hann, at þú legðir á mér sverði. Guðrún ræð drauminn, ok kvað þat fyrir eldi, er járn dreymdi, ok dul þeirri<sup>1</sup>, er þú ætlar þik öllum fremra. Atli mælti: enn dreymdi mik sem hér væri vaxnir 2 reyrtainar, ok vilda ek aldri skæðja; síðan voru þeir rifnir upp með rótum ok roðnir í blóði, ok bornir á bekki, ok boðnir mér at eta; enn dreymdi mik, at haukar tveir flýgi mér af hendi, ok væri bráðalausir<sup>2</sup>, ok fóru til heljar, þótti mér þeirra hjörtum við hunáng blandit, ok þóttumst ek eta; síðan þótti mér sem hvelpar fagrir lægi fyrir mér, ok gullu við hátt, ok át ek hræ þeirra at mínum úvilja. Guðrún segir: eigi eru draumar góðir, en eptir munu ganga; synir þínir munu vera feigir, ok margir lutir þúngir munu oss at hendi koma. Þat dreymdi mik enn, segir hann, at ek lægi í baði, ok væri ráðinn bani mínn. Nú lýr þetta, ok er þeirra samvista fáligr. Nú shugar Atli konúgr, hvar niðr man komit þat mikla gull, er átt hafði Sigurðr, en þat veit nú Guðmarr konúgr ok þeir bræðr. Atli var mikill konúgr ok ríkr, vitr ok fjölmennr, gerir nú ráð við sín a menn, hversu með skal fara; hann

1) þessi; *lin.* 2) hrauðlausir, *B.*

veit at þeir Gunnarr eigu miklu meira fè, enn nè einir<sup>1)</sup> menn megi við þá jafnast; tekr nú þat ráð, at senda menn á fund þeirra bræðra ok bjóða þeim til veizlu, ok at sæma þá mörgum lutum; sá maðr var fyrir þeim, er Víngi er nefndr: Drottningin veit nú þeirra einmæli, ok grunar at vera muni vèlar við bræðr hennar. Guðrún rístr rúnar, ok hún tekr einn gullhríng ok knýtti í vargshár, ok fær þetta í hendr sendimönnum konúngs. Síðan fóru þeir eptir konúngs boði; ok áðr þeir stígi á land, sá Víngi rúnarnar, ok snèri á aðra leið, ok at Guðrún fýsti í rúnnum, at þeir kvæmi á hans fund. Síðan komu þeir til hallar Gunnars konúngs, ok var tekit við þeim vel, ok gerfir fyrir þeim eldar stórir; ok síðan drukku þeir með gleði enn bezta drykk. Þá mælti Víngi: Atli konúngr sendir mik hingat, ok vildi at þið sæktið hann heim með miklum sóma, [ok þægið af honum mikinn sóma<sup>2)</sup>, hjálma ok skjöldu, sverð ok brynjur, gull ok góð klæði, herlið ok hesta ok mikit lèn, ok ykk læzt hann bezt unna síns ríkis. Þá brá Gunnarr höfði, ok mælti til Högna: Hvatskulum við af þessu boði þiggja? hann býðr okkr at þiggja mikit ríki, en enga konúnga veit ek jafnmikit gull eiga, sem okkr, þvíat við höfum þat gull allt, er á Gnítaheidi lá, ok egum við stórar skemmur fullar af gulli ok inum beztum höggvopnum ok allskonar herklæðum; veit

<sup>1)</sup> neinir, *hin.* <sup>2)</sup> v. í B.

ek minn hestinn beztan ok sverðit hvassast, gullit ágætast. Högni svarar: undrumst ek boð hans; þvíat þat hefir hann sjaldan gert, ok úráðligt man vera at fara á hans fund, ok þat undrumst ek, er ek sá gersimar þær, er Atli konúgr sendi okkr, at ek sá vargshári knýtt f einn gullhring, ok má vera, at Guðrúnu þikki hann úlfshug við okkr hafa, ok vill hún eigi at við farim. Víngi sýnir honum nú rúnarnar þær, er hann kvað Guðrúnu sendt hafa. Nú gengr alþýða at sofa, en þeir drukku við nokkra memm. Þá gekk at kona Högna, er hét Kostbera, kvenna fríðust, ok leit á rúnarnar; kona Gunnars hét Glaumvör, skörúgr mikill; þær skenktu. Konúngar gerðust allmjök drukknir; þat finnr Víngi, ok mælti: ekki er því at leyna, at Atli konúgr er þúngfærr mjök, ok gamlaðt mjök at verja sitt ríki, en sýnir hans úngir ok til engis færir; nú vill hann gefa yðr vald yfir ríkinu, meðan þeir eru svá úngir, ok ann yðr bezt at njóta. Nú var bæði at Gunnarr var mjök drukkinn, en boðit mikit ríki, mátti ok eigi viðsköpum vinna, heitr nú ferðinni, ok segir Högna bróður sínum; hann svarar: yðart atkvæði mun standa hljóta, ok fylgja mun ek þær, en úfúss em ek þessarar ferðar.

34. Ok er menn höfðu drukkit sem líkæði, þá fóru þeir at sofa; tekr Kostbera at líta á rúnarnar, ok innti stafina, ok sá at annat var áristit, enn undir var, ok villtar voru rún-

arnar; hún fékk þó skilit af vizku sinni; eptir þat ferr hún til rekkju hjá bónda sínum. Ok er þau vaknuðu, mælti hún til Högna: heiman ætlar þú, ok er þat úráðligt, far heldr í annat sinn! ok eigi mantu vera glöggrýnn<sup>1</sup>, ef þer. Þikkir sem hún hafi í þetta sinn boð't þer systir þín; ek reð rúnarnar, ok undrumst<sup>2</sup> ek um svá vitra konu, er hún hefir villt ristit, en svá er undir, sem bani yðarr liggi á, en þar var annathvart, at henni varð vant stafs<sup>3</sup>, eða ellegar hafa aðrir villt; ok nú skaltu heyra draum minn; þat dreymdi mik, at mér þótti hér falla inn<sup>3</sup> á, harðla straung, ok bryti upp stokka í höllinni. Hann svarar: þer eruð opt illúðgar, ok á ek ekki skap til þess, at fara illa ímót við menn, nema þat sé makligt, mun hann oss vel fagna. Hún segir; þer munuð reyna, en eigi mun vinátta fylgja boðinu; ok enn dreymdi mik at önnar á felli hér inn, ok þyti grimmliga, ok bryti upp alla palla í höllinni, ok bryti fætr ykkra beggia bræðra, ok mun þat vera nákkvat. Hann svarar: þar munu renna akrar, er þú hugðir ána, ok er ver gaungum akrinn, nema opt stórar agnir fætr vára. Þat dreymdi mik (segir hún), at blæja þín brynni, ok hryti eldrinn uppaf höllinni. Hann svarar: þat veit ek gjörla, hvat þat er: klæði<sup>4</sup> vár liggja hér litrekt<sup>4</sup>, ok munu þau þar brenna, er þú hugðir blæjuna. Björn hugða ek hér inn

<sup>1</sup>) glöggrýndir, B. <sup>2</sup>) sjálfri, B. <sup>3</sup>) vatnsfall eðr, b. v. B.  
<sup>4</sup>) litrend, B.

koma, segir hún, ok braut upp konungs hásetit; ok hristi svá hrammana, at ver urðum öll hrædd, ok hafði oss öll senn sér í munn, svá at ekki máttum ver, ok stóð þar afmikil ógn. Hann svarar: þar man koma veðr mikit, er þú ætlaðir hvítabjörn. Örn þótti mér hér innkoma, segir hún, ok eptir höllinni, ok dreifði [mik blóði ok<sup>1</sup> oss öll; ok mun þat illt vita, þvíat mér þótti sem þat væri hamr Atla konungs. Hann svarar: opt slátrum ver örliga<sup>2</sup>, ok höggum stór naut oss at gamni<sup>3</sup>, ok er þat fyrir yxnum, er örn dreymir, ok mun heill hugr Atla við oss; ok nú hætta þau þessu tali.

35. Nú er at segja frá Gunnari, at þar er sams dæmi<sup>4</sup>, er þau vakna, at Glaumvör<sup>5</sup> kona Gunnars segir drauma sína marga, þá er henni þóttu líkligir til svika, en Gunnarr ræð alla því á móti. Þessi var einn af þeim, sagði hún, at mér þótti blóðugt sverð borit hér inn í höllina, ok vartu sverði lagðr í gegnum, ok emjuðu úlfar á báðum endum sverðsins. Konúgrinn svarar: smáir hundar vilja oss þar bíta, ok er opt hundagnöll fyrir vopnum með blóði lituðum. Hún mælti: enn þótti mér hér inn koma konur, ok voru daprligar, ok þik kjósa sér til manns; má vera, at þínar dísir hafi þat verit. Hann svarar: vandt gerist nú at ráða, ok má ekki forðast sitt

<sup>1</sup>) mannbloði á, hin. <sup>2</sup>) öruggliga, B; árliga, J, K. <sup>3</sup>) gagni, J, K. <sup>4</sup>) samdægris, J, K. <sup>5</sup>) þannig hin; Gláumver, hér A.

aldrlag, en eigi úlfkt, at vèr verðum skammæir<sup>1</sup>. Ok um morginninn spretta þeir upp, ok vilja fara, en aðrir löttu. Síðan mælti Gunnarr við þann mann, er Fjörnir<sup>2</sup> hét: statt upp! ok gef oss at drekka af stórum kerum gott vín, þvíat vera má, at sjá sè vár en síðarsta veizla, ok nú mun enn gamli úlfrinn komast at gullinu, ef vèr deyjum, ok sá björninn mun eigi spara at bíta sínum vígtönnum. Síðan leiddi liðit þá út með gráti. Son Högna mælti: farið vel, ok hafið góðan tíma! Eptir var meirri lutr liðs þeirra. Sólarrr ok Gnævarr synir Högna<sup>3</sup> [fóru, ok<sup>4</sup> einn kappi mikill, er Orkníngrr hét, hann var bróðir Beru. Fólkit fylgdi þeim til skipa, ok löttu allir þá fararinnar, en ekki tjóaði. Þá mælti Glaumvör: Víngi! segir hún, meiri væn, at mikil úhamíngja standi af þinni kvomu, ok munu stórtlíðendi gerast í för þinni. Hann svarar: þess sver ek, at ek lýg eigi, ok mík taki hár gálgi ok allir gramir<sup>5</sup>, ef ek lýg nákvat orð! ok lítt eyrði hann sèr í slíkum orðum. Þá mælti Bera: farið vel ok með góðum tíma! Högni svarar: verið kátar, hversu sem með oss ferr! Þar skiljað þau með sínum forlögum. Síðan ræru þeir svá fast ok af miklu afli, at kjölrinn gekk undan skipinu mjök svá hálfrr; þeir knúðu fast árar með stórum

<sup>1</sup>) skammævir B, C; skammæfir, G, J, K. <sup>2</sup>) Fjörnir, G.  
<sup>3</sup>) Hávars, B; Hav', hin. <sup>4</sup>) er bundið og ógreiniligt í A; v. í B, J, K; en bókstafirnir rángt og ólæsiliga myndadur eptir A í hinum. <sup>5</sup>) gammir, J, K.



bakföllum, svá at brotnuðu hlumir<sup>1</sup> ok háir<sup>2</sup>; ok er þeir komu at landi, festu þeir ekki skip sín. Síðan ríðu þeir sínum ágætum hestum myrk-an skóg um hríð; nú sjá þeir konúngsherinn; þángat heyra þeir mikinn gný ok vopnabrák, ok sjá þar mannfjölda ok mikinn viðrbúnat, er þeir höfðu, ok öll borgarhlið voru full af mönnum. Þeir ríða at borginni, ok var hún byrgð<sup>3</sup>; Högni braut upp hliðit, ok ríða nú í borgina. Þá mælti Víngi: Þetta mættir þú vel úgert hafa, ok bíðið nú hér, meðan ek sæki yðr gálgatrè; ek bað yðr með blíðu hér koma, en flátt bjó undir; nú man skámt at bíða, áðr þèr munuð uppfestir. Högni svarar: eigi munu vèr fyrir þat vægja, ok lítt hygg ek at vèr hrykkim þar, er menn skyldu berjast, ok ekki tjóar þèr oss at hræða, ok þat man þèr illa gefast; hrundu honum síðan, ok börðu hann öxarhömrum<sup>4</sup> til bana.

36. Þeir ríða nú at konúngshöllinni. Atli konúngur skipar liði sínu til orrostu, ok svá vikust fylkingar, at garðr nokkr varð í millum þeirra; verið velkomnir með oss! (segir hann), ok fáid mèr gull þat it mikla, er vèr erum tilkomnir, þat fè, er Sigurðr átti, en nú á Guðrún. Gunnarr segir: aldri fær þú þat fè, ok dugandi menn munu þèr hér fyrir hitta, áðr vèr látim lífit, ef þèr bjóðið oss úfrið; kann vera at þú veitir þessa veizlu stórmannliga, ok af lítilli eynd við örn

<sup>1</sup>) hlummar, *hin*. <sup>2</sup>) *v. í B*; árar, *J, K*; háir, *hin*. <sup>3</sup>) læst *B*. <sup>4</sup>) öxvarhömrum, *rúngt í B*.

ok úlf. Fyrir laungu hafða ek þat mēr í hug, (segir Atli) at ná yðru lífi, [en ráða<sup>1</sup> gullinu, ok launa yðr þat niðingsverk, er þer svikuð yðarn enn bezta mág; ok skal ek hans hefna. Högni svarar: þat kemr yðr verst<sup>2</sup> at haldi, at liggja lengi á þessu ráði, en eru þó at engu búnir. Nú slær í orrostu harða, ok er fyrst skothrið. Ok nú koma fyrir Guðrúnu tíðendin; ok er hún heyrir þetta, verðr hún við gneip<sup>3</sup>, ok kastar af sér skikkjunni; eptir þat gekk hún út, ok heilsaði þeim, er komnir voru, ok kysti bræðr sína ok sýndi þeim ást, ok þessi var þeirra kveðja en síðarsta. Þá mælti hún: ek þóttumst ráð hafa við sett, at eigi kæmi þer, en engi má við sköpum vinna; þá mælti hún: mun nokkut tjóa at leita um sættir; en allir neituðu því þverliga. Nú sér hún at sárt er leikit við bræðr hennar, hyggur nú á harðræði, fór í brynju ok tók sér sverð, ok barðist með bræðrum sínum; ok gekk svá fram sem hinn hraustasti karlmaðr, ok þat sögðu allir á einn veg, at varla sæi meiri vörn, enn þar. Nú gerist mikit mannfall, ok berr þó af framganga þeirra bræðra; orrostan stendr nú lengi fram, allt um miðjan dag. Gunnarr ok Högni gengu í gegnum fylkingar Atla konúngs, ok svá er sagt, at allr völlr flaut í blóði. Synir Högna ganga nú hart fram. Atli konúngur mælti: vær höfum lið mikit ok frítt, ok stóra kapp, en nú eru margir af oss fallnir, ok

<sup>1</sup>) fyrr enn, B. <sup>2</sup>) vel, B. <sup>3</sup>) sneip, J, K.

egum vér yör flt at launa, drepit nítján<sup>1</sup> kapp mína, en sex einir eru eptir, ok verðr hvíld á bardaganum. Þá mælti Atli konúgr: fjórir voru vér bræðr, ok em ek nú einn eptir; ek hlaut mikla mægð, ok hugða ek mér þat til frama; konu átta ek væna ok vitra, stórlýnda ok harðúðga, en ekki má ek njóta hennar vizku, þvíat sjaldan voru við sátt; þér hafið nú drepit marga mína frændr, en svikit mik frá ríkinu ok fenu, ráðit systur mína, ok þat harmar mik mest. Högni segir: hví getr þú slíks? þér brugðuð fyrri friði; þú tókt mína frændkonu, ok sveltir í hel ok myrðir, ok tókt fêit, ok var þat eigi konúngligt; ok hlægiligt þíkkir mér, er þú týnir<sup>2</sup> þinn harm, ok goðunum vil ek þat þakka, er þér gengr illa.

37. Nú eggjar Atli konúgr liðit at gera harða sókn; berjast nú snarpliga, ok sækja Gjúkungar at svá fast, at Atli konúgr hrökk inní höllina, ok berjast nú inni, ok var orrostan allhörð. Sjá bardagi varð með miklu mannsPELLI, ok lýkr svá, at fellr allt lið þeirra bræðra, svá at þeir standa tveir upp, ok fór áðr margr maðr til heljar fyrir þeirra vopnum. Nú er sókt at Gunnari konúngi, ok fyrir sakir ofreflis var hann höndum tekinn ok í fjötra settr. Síðan barðist Högni af mikilli hreysti ok drengskap, ok feldi ena stærstu kapp Atla konúngs 20; hann hratt mörgum í þann eld, er þar var gerr

<sup>1</sup>) tíu, B. <sup>2</sup>) rifjar, B.

í höllinni; allir urðu á eitt sáttir, at varla sæi slíkan mann; en þó varð hann at lyktum ofrliði borinn, ok höndum tekinn. Atli konúgr mælti: mikil furða er þat, hve margr maðr hær hefir farit fyrir honum, nú skeri or honum hjartat, ok sè þat hans bani. Högni mælti: ger sem þær líkar, glaðliga mun ek hær bíða þess, er þær villð atgera, ok þat muntu skilja, at eigi er hjarta mitt hrædt, ok reynt hefi ek fyrr harða hluti, ok var ek gjarn at þola mannaun, þá er ek var úsárr, en nú eru vèr mjök sárir, ok mantu enn ráða vorum skiptum. Þá mælti ráðgjafi Atla konúgs: sè ek betra ráð: tókum heldr þrælinn Hjalla, en forðum Höгна, þræll þessi er skapdaudi<sup>1</sup>, hann lifir eigi svá lengi, at hann sè eigi dáligr. Þrælinn heyrir ok æpir hátt, ok hleypir undan, hvert er honum þikkir skjóls vãn, kveðst illt hljóta af úfriði þeirra ok vass<sup>2</sup> [at gjalda<sup>3</sup>, kveðr þann dag illan vera, er hann skal deyja frá sínum góðum kostum ok svína geymslu. Þeir þrifu hann ok brugðu at honum knífi; hann æpti hátt, aðr hann kendi oddsins. Þá mælti Högni, sem færur er tíðt, þá er í mannaun koma, hann árnaði þrælnum lífs, ok kveðst eigi vilja skræktun<sup>4</sup>, kvað sèr minna fyrir at fremja þenna leik; þrælinn varð þá fjörit<sup>5</sup>. Nú eru þeir báðir í fjötra settir Gunnarr<sup>6</sup>.

<sup>1</sup>) skapaðr til dauða, E. <sup>2</sup>) þannig A og fleirst; v. í B; ómakligr, J, K. <sup>3</sup>) v. í B. <sup>4</sup>) skræki heyra, J, K. <sup>5</sup>) þannig A, E, F, G, H; fjörit at láta, C; lauss látinn B; fjöri feginn, J, K. <sup>6</sup>) ok Högni, b. v. B, J, K.

Þá mælti Atli konúgr til Gunnars konúgs, at hann skyldi segja til gullsins, ef hann vill líf þiggja; hann svarar: fyrr skal ek sjá hjarta Högna bróður míns blóðugt! Ok nú þrifu þeir þrælinn í annat sinn, ok skáru or honum hjartað, ok báru fyrir konúginn Gunnar; hann svarar: hjarta Hjalla<sup>1</sup> má hér sjá, ens blauða, ok er úlíkt hjarta Högna ins frækna, þvíat nú skelfr mjök, en hálfu meir, þá er í brjósti honum lá. Nú gengu þeir eptir eggjun Atla konúgs at Högna, ok skáru or honum hjartað; ok svá var mikill þróttir hans, at hann hló, meðan hann beið þessa kvöl, ok allir undruðust þrek hans, ok þat er síðan at minnum haft. Þeir sýndu Gunnari hjarta Högna ins frækna: ok<sup>2</sup> er úlíkt hjarta Hjalla ins blauða, þvíat nú hrærist lítt, en miðr<sup>3</sup> meðan í þrjósti honum lá, ok svá mantu, Atli! láta þitt líf, sem nú látum vèr; ok nú veit ek einn, hvar gullit er, ok mun eigi Högni segja þer; mèr lèk ýmist í hug, þá er vèr lífðum báðir, en nú hefi ek einn ráðit fyrir mèr, skal Rín ná ráða gullinu, fyrr enn Hýnir<sup>4</sup> beri þat á höndum sér. Atli konúgr mælti: farið á brott með bandíngjann! ok svá var gert. Guðrún kveðr nú með sér menn, ok hittir Atla (ok mælti): gáangi þer nú illa, ok eptir því, sem þer hælduð orð við mik! Ok nú er Gunnarr konúgr settr í einn ormgarð; þar voru margir ormar fyrir, ok voru

<sup>1</sup>) v. í B. <sup>2</sup>) hann segir þat, J, K. <sup>3</sup>) áðr, b. v. B. <sup>4</sup>) hinir, B, F, G, J, K.

hendr' hans fast bundnar; Guðrún sendi honum hörpu; en hann sýndi sína list, [ok sló hörpuna með mikilli list<sup>2</sup>, at hann drap strengina með tánum<sup>3</sup>, ok lék svá vel ok afbragðliga, at fáir þóttust heyrt hafa svá með höndum slegit, ok þartil lék hann þessa íþrótt, at allir sofnuðu ormarnir, nema ein naðra mikil ok illilig skreið til hans, ok gróf inn sínum rana, þartil er hún hjó hans hjarta; ok þar lét hann sitt líf með mikilli hreysti.

38. Atli konúgr þóttist nú hafa unnt mikinn sigr, ok sagði Guðrúnu svá sem með miklu spotti, eða svá sem hann hældist: Guðrún! segir hann, mist hefir þú nú bræðra þinna, ok veldr þú því sjálf. Hún svarar: vel líkar þér nú, er þú lýsir vígum þessum fyrir mér, en vera má at þú iðrist, þá er þú reynir þat, er eptir kemr, ok sú mun erfðin<sup>4</sup> lengst eptir lífa, at týna eigi grimdinni, ok mun þér eigi vel ganga meðan ek lífi. Hann svarar: við skulum nú gera okkra sætt, ok vil ek bæta þér bræðr þína með gulli ok dýrum gripum, eptir þínum vilja. Hún svarar: lengi hefi ek eigi verit hæg viðr-eignar, ok mátti um hreifa meðan Högni lifði, muntu ok aldri bæta bræðr mína svá, at mér hugni, en opt verðu við konurnar ríki' bornar af yðru valdi; nú eru mínir frændr allir dauðir, ok muntu nú einn við mik ráða; mun

<sup>1</sup>) þannig hin; v. í A.    <sup>2</sup>) v. í hin.    <sup>3</sup>) tönnum, B.    <sup>4</sup>) reiðin, J, K.    <sup>5</sup>) ráði, B; ofríki J, K.

ek nú þenna kost upptaka, ok látum gera mikla veizlu, ok vil ek nú erfa bræðr mína ok svá þína frændr; gerir hún sik nú blíða í orðum, en þó var samt undir raunar<sup>1</sup>; hann var talhljóðinn ok trúði á hennar orð, er hún gerði sér létt<sup>2</sup> um ræður. Guðrún gerir nú erfi eptir sína bræðr, ok svá Atli konúngr eptir sína menn, [ok þessi veizla var við mikla sveipan<sup>3</sup>. Nú hyggir Guðrún á harma sína, ok sitr um þat, at veita konúngi nokkra mikla skömm; ok um kveldit tók hún sonu þeirra Atla konúngs, er þeir lèku við stokki; sveinarnir glupnuðu, ok spurðu, hvat þeir skyldu? Hún svarar: spyrð eigi at! hana skal ykkur báðum. Þeir svöruðu: ráða muntu börnum þínum sem þú vilt, þat mun engi banna þér, en þér er skömm í at gera þetta. Síðan skar hún þá á háls. Konúngrinn spurði eptir, hvar synir hans væri. Guðrún svarar: ek mun þat segja þér, ok glaða<sup>4</sup> þitt hjarta: þú vaktir við oss mikinn harm, þá er þú drapt bræðr mína, nú skaltu heyra mína ræðu: þú hefir mist þinna sona, ok eru þeirra hausar hér at borðkerum báðir, ok sjálf draktu þeirra blóð [við vín blandit; síðan tók ek hjörtu þeirra, ok steikta ek á teini, en þú ázt. Atli konúngr svarar: grimm ertu, er þú myrðir sonu þína ok gaft mér þeirra hold at eta, ok skamt lætr þú illt í milli. Guðrún segir: væri minn vill til at gera þér,

<sup>1</sup>) raun, B. <sup>2</sup>) lítt, B, J, K. <sup>3</sup>) v. í J, K. <sup>4</sup>) þannig A, G; gleðja, hin.

miklar skammir, ok verðr eigi fullilla farit við slíkan konúng. Konúngur mælti: verra hefir þú gert, enn menn yiti dæmi til, ok er mikil úvizka í slíkum harðræðum, ok makligt at þú værir á háli brend ok bærin áðr grjóti í hel, ok hefðir þú þá þat, er þú ferr á leið. Hún svarar: þú spár þat þær sjálfum, en ek man hljóta annann dauða. Þau mæltust við mörg heiptarorð. Högni átti son eptir, er Niflúngr hét; hann hafði mikla heipt við Atla konúng, ok sagði Guðrúnu, at hann vildi hefna feðr síns; hún tók því vel, ok gera ráð sín; hún kvað mikit happ í, ef þat yrði gjört. Ok of kveldit, er konúngur hafði drukkit, gekk hann til svefns; ok er hann var sofnadr, kom Guðrún þar, ok son Högna. Guðrún tók eitt sverð, ok leggr fyrir brjóst Atla konúngi, [væla þau um bæði, hún<sup>1</sup> ok son Högna. Atli konúngur vaknar við sárit, ok mælti: eigi man hér þurfa um at binda eða umbúð at veita, eða hvern veitir mér þenna áverka? Guðrún segir: ek veld nokkru um, en sumu son Högna. Atli konúngur mælti: eigi sæmdi þær þetta at gera, þóat nokkr sök væri til, ok vartu mér gipt at frænda ráði, ok mund galdt ek við þær, 30 góðra riddara ok<sup>2</sup> sæmiligra meyja, ok marga menn aðra, ok þó læztu þær eigi [at hófi<sup>3</sup>, nema þú ræðir löndum þeim, er átt hafði Buðli konúngur, ok þína sværu læztu opt með gráti sitja. Guðrún mælti: margt hefir þú mælt úsatt, ok ekki

<sup>1</sup>) voru þau bæði at þessu, J, K. <sup>2</sup>) 20, b. v. hin; dragið út í A. <sup>3</sup>) duga, J, K.



hirði ek þat, ok opt var ek úhæg í mínu skapi, en miklu jók þú á; hér hefir verit opt mikil styrjöld í þínum garði, ok börðust opt frændr ok vinir, ok ýfðist<sup>1</sup> hvat við annat; ok var betri æfi vár þá, er ek var með Sigurði, drápumkonúnga ok ræðum<sup>2</sup> um eignir þeirra, ok gáfum grið þeim, er svá vildu, en höfðingjar gengu á hendr oss, ok létum þann ríkan, er svá vildi; síðan mistum vèr hans, ok var þat lítit, at bera ekkju nafn, en þat harmar mik mest, er ek kom til þín, en átt áðr enn ágætta konúng, ok aldrí komtu svá or orrostu, at eigi bærir þú enn minna lut. Atli konúngr svarar: eigi er þat satt, ok við slíkar fortölur batnar hvárigra<sup>3</sup> hluti, [þvíat vèr höfum<sup>4</sup> skarðat<sup>5</sup>; ger nú til mín sómasamliga, ok lát búaum lík mitt til ágætis! Hún segir: þat mun ek gera, at láta þèr gera vegligan gröft, ok gera þèr virðuliga steinþró, ok vefja þik í fögrum dúkum, ok hyggja þèr hverja þörf. Eptir þat deyr hann; en hún gerði, sem hún hèt; síðan lét hún slá eldi í höllina. Ok er hirðin vaknaði við óttann, þá vildu menn eigi þola eldinn, ok hjuggust sjálfir ok fengu svá bana; lauk þar æfi Atla konúngs ok allrar hirðar hans. Guðrún vildi nú eigi lifa eptir þessi verk, en endadagr hennar var eigi enn kominn. Völsúngar ok Gjúkúngar, at því er menn segja, hafa verit mestir ofrhugar<sup>6</sup> ok ríkismenn, ok svá finst

<sup>1</sup>) efdist, J, K. <sup>2</sup>) rændum, hin. <sup>3</sup>) margra, hin. <sup>4</sup>) þeirra er höfðu, hin. <sup>5</sup>) eða skarðit, A. <sup>6</sup>) höfðingjar, B.

í öllum fornkvæðum; ok nú stöðvaðist þessi úfriðr með þeima<sup>1</sup> hætti, at liðnum þessum<sup>2</sup> tíðendum.

39. Guðrún átti dóttur við Sigurði, er Svanhildir hét; hún var allra kvenna vænst, ok hafði snör augu, sem saðir hennar, svá at fárr einn þorði at sjá undir hennar brýn; hún bar svá mjök af öðrum konum um vænleik, sem sól af öðrum himintúnglum. Guðrún gekk eitt sinn til sævar, ok tók'grjót í fang sér, ok gekk á sæinn út, ok vildi tapa sér; þá hófu hana stórar báruframreptir sjánum, ok fluttist hún með þeirra fulltúngi, ok kom um síðir til borgar Jónakurs konungs; hann var ríkr konúgr ok fjölmennr; hann fékk Guðrúnar, þeirra börn voru þeir Hamdir ok Sörli ok Erpr. Svanhildir var þar uppfædd.

40. Jörmunnrekr hefir konúgr heitir, hann var ríkr konúgr í þann tíma; hans son hét Randverr. Konúgrr heimtir á tal son sinn, ok mælti: þú skalt fara m'na sendiför til Jónakurs, ok minn ráðgjafi, er Bikki heitir; þar er uppfædd Svanhildir, dóttir Sigurðar Fáfnishana, er ek veit fegrsta mey undir heimsólu; hana vilda ek helst eiga, ok hennar skaltu biðja til handa mér. Hann segir: skyldt er þat, herra! at ek fará yðra sendiför; lætr nú búa ferð þeirra sæmiliga. Fara þeir nú, unst þeir koma til Jónakurs konungs, sjá Svanhildi ok þikkir mikils um vert hennar fríðleik. Randverr heimti

<sup>1</sup>) þeim, *hin*.    <sup>2</sup>) undra, *b. v. B.*

konúng á tal ok mælti: Jórmmunnrekr konúngur vill bjóða yðr [mægi sitt', hefir hann spurn til Svanhildar, ok vill hann kjósa hana sér til konu, ok er úsýnt at hún sè gefin ríkara manni, enn hann er. Konúngur segir, at þat var virðuligt ráð: ok er hann mjök frægr. Guðrún segir: valt<sup>2</sup> er hamíngjunni [at treystast<sup>3</sup>, at eigi bresti hún. En með fýsing konúnga, ok öllu því er á lá, er þetta nú ráðit, ok ferr nú Svanhildr til skips með virðuligu föruneyti, ok sat í lyptingu hjá konúnga syni. Þá mælti Bikki til Randvers: sannligt<sup>4</sup> væri þat, at þær ættið svá fríða konu, en eigi svá gamall maðr; honum fêlst þat vel í skap, ok mælti til hennar með bláðu ok hvárt til annars; koma heim í land ok hitta konúng. Bikki mælti: þat samir, herra! at vita, hvat tíðt er um, þótt vandt sè upp at bera, en þat er um vélar þær, er sonr þinn hefir fengit fulla ást Svanhildar, ok er hún hans frilla, ok lát slíkt eigi úhegnt<sup>5</sup>; mörg ill ráð hafði hann honum áðr kennt, þóat þetta biti fyrir of<sup>6</sup> hans ráð ill. Konúngur hlýddi hans mörgum vondum ráðum; hann mælti, ok mátti eigi stilla sik af reiði, at Randve skyldi taka, ok á gálga festa. Ok er hann var tilleiddr gálgangs, þá tók hann hauk einn, ok plokkaði af honum

<sup>1</sup>) mægðir sínar, J, K. <sup>2</sup>) ágizkað; vatt, A; ljótt, hin. <sup>3</sup>) at treysta, J, K. <sup>4</sup>) sæmiligt, B. <sup>5</sup>) óhefnt, hin. <sup>6</sup>) ok, hin.

allar fjaðrirnar, ok mælti, at sýna skyldi feðr hans; ok er konúgrinn sá, mælti hann: þar má nú sjá at honum þikkir ek þann veg hníginn sæmdinni, sem haukrinn fjöðrunum, ok biðr hann taka af gálganum. Bikki hafði þar um velt<sup>1)</sup> á meðan, ok var hann dauðr. Enn mælti Bikki: engum manni áttu verri at vera, enn Svanhildi, lát hana deyja með skömm. Konúgr svarar: þat ráð munu vèr taka. Síðan var hún bundin í borgarhliði, ok hleypt hestum at henni; en er hún brá í sundr augum, þá þorðu eigi hestarnir at spora hana; ok er Bikki sá þat, mælti hann, at belg skyldi draga á höfuð henni, ok svá var gjört, en síðan lét hún líf sitt.

41. Guðrún spyr nú líflát Svanhildar, ok mælti við sonu sína: hví sitir þer svá kyrrir, eða mælit gleðiorð, þar sem Jórmunnrekr drap systur ykkra, ok trað undir hestafótum með svívirðing? ok ekki hafi þið líkt skaplyndi Gunnari eða Högna, hefna mundu þeir sinnar frændkonu. Hamdir svarar: lítt lofaðir þú Gunnar ok Högna, þá er þeir drápu Sigurð, ok þú var roðin í hans blóði, ok illar voru þínar bræðra hefndir, er þú drapt sonu þína, ok betr mættim vèr allir saman drepa Jórmunnrek konúng, ok eigi munu vèr standast frýjuorð, svá hart sem vèr erum eggjaðir. Guðrún gekk hlægjandi, ok gaf þeim at drekka af stórum kerum; ok eptir þat valdi hún þeim stórar brynjur ok góðar, ok önnr herklæði.

<sup>1)</sup> ummælt, B.

Þá mælti Hamdir: hær munu vér skilja efsta sinni, ok spyrja muntu tíðendin, ok muntu þá erfi drekka eptir okkr ok Svanhildi; eptir þat fóru þeir. En Guðrún gekk til skemmu harmí aukin, ok mælti: Þrimr mönnum var ek gipt, fyrst Sigurði Fáfnisbana, ok var hann svikinn, ok var þat mér inn mesti harmr; síðan var ek gefin Atla konúngi, en svá var grimt mitt hjarta við hann, at ek drap sonu okkra í harmi; síðan gekk ek á sjáinn, ok hóf mik at landi með bárum, ok var ek nú gefin þessum konúngi; síðan gipta ek Svanhildi af landi í brott með miklu fè, ok er mér þat sárast minna harma, er hún var troðin undir hrossa fótum, eptir Sigurð; en þat er mér grimmast, er Gunnarr var í ormgarð settr, en þat harðast, er or Högna var hjarta skorit, ok betr væri, at Sigurðr kæmi mér á móti, ok færi ek með honum; hær sitr nú eigi eptir sonr nè dóttir mik at hugga; minstu nú, Sigurðr! þess, er við mæltum, þá er við stigum á einn beð, at þú mundir mín vitja ok or helju bíða<sup>1</sup>; ok lýkr þar hennar harmtölur.

42. Þat er nú at segja frá sonum Guðrúnar, at hún hafði svá búit þeirra herklæði, at þá bitu eigi járn, ok hún bað þá eigi skæðja<sup>2</sup> grjóti nè öðrum stórum hlutum, ok kvað þeim þat at meini mundu verða, ef eigi gerði þeir svá. Ok er þeir voru komnir á leið, finna þeir Erp,

<sup>1</sup>) bjóða, B; leiða, J, K. <sup>2</sup>) þannig, A og fleirst; skjóta, B, J, K.

bróður sinn, ok spyrja, hvat hann mundi veita þeim. Hann svarar: slíkt sem hönd hendi, eða fótr fæti. Þeim þótti þat ekki vera, ok drápu hann. Síðan fóru þeir leiðar sinnar, ok litla ríð, áðr Hamdir rataði<sup>1)</sup>, ok stakk niðr hendi, ok mælti: Erpr man satt hafa sagt, ek munda falla nú, ef eigistyddumst ek við höndina; litlu síðarratar<sup>2)</sup> Sörli, ok brást á fótinn, [ok fèkk staðizt<sup>3)</sup> ok mælti: falla munda ek nú, ef eigi stydda ek mik við báða fætr; kváðust þeir nú illa hafa gert við Erp bróður sinn. Fóru nú, unst þeir komu til Jörmunnreks konúngs, ok gengu fyrir hann, ok veittu honum þegar tilræði; hjó Hamdir af honum hendr báðar, en Sörli fætr báða. Þá mælti Hamdir: afmundi nú höfuðit, ef Erpr lifði, bróðir okkarr, er við vágum á leiðinni, ok sám við þat of síð, sem kveðit er:

Af væri nú höfuðit,  
 ef Erpr lifði,  
 bróðir okkarr  
 hinn böðfrækni,  
 er við á braut vágum.

Í því höfðu þeir afbrugðit boði móður sinnar, er þeir höfðu grjóti skatt<sup>4)</sup>. Nú sækja menn at þeim, en þeir vörðust vel ok drengiliga, ok urðu mörgum manni at skaða; þá bitu eigi járn. Þá kom at einn maðr ok eldiligr<sup>5)</sup> með eitt auga, ok mælti: eigi eru þær vísir menn, er þær kunnid

<sup>1)</sup> rásaði, B, J, K. <sup>2)</sup> rasar, B, J, K. <sup>3)</sup> v. i B, J, K.  
<sup>4)</sup> skaðat, B; skagt, J, K. <sup>5)</sup> mjök, b. v. B, J, K.

eigi þessum mönnum bana veita. Konúgrinn svarar: gefoss ráð til, ef þú kannt! hann mælti: þér skuluð berja þá grjóti í hel; svá var ok gert, ok þá flugu or öllum áttum steinar at þeim, ok varð þeim þat at aldragi.

43. Heimir<sup>1</sup> í Hlymsdölum<sup>2</sup> spyr nú þessi tíðendi, at dauðr er Sigurðr ok Brynhildr, en Ás-laug dóttir þeirra, en fóstura Heimis, var þá þrèvetr; veit hann nú at eptir mun leitast at týna meyjunni ok ætt hennar; er honum svá mikill harmr eptir Brynhildi fósturu sína, at hann gætti ekki ríkis<sup>3</sup> síns né fjár; sér nú at hann fær eigi meyjunni þar leynt; lætr nú gjöra eina hörpu svá mikla, at þar lét hann meyna Ás-laugu í koma, ok margar gersimar í gulli ok silfri, ok gengr á brótt síðan víða um land, ok um síðir híngrat á Norðrlönd. Svá var harpa hans hagliga ger, at hana mátti taka í sundr ok saman at fellíngum, ok var hann því vanr um daga, þá er hann fór í hjá vatnföllum, ok hvergi í nánd bæum, at hann tók hörpuna í sundr ok þó meyjunni; ok hann hafði vinnu-lauk<sup>4</sup> einn, ok gaf henni at eta; en þat er náttúra þess lauks, at maðr má lengi lifa, þótt hann hafi enga aðra fæðu; ok þá er mærin grèt, sló hann hörpuna, ok þagnaði hún þá, fyrir því at

<sup>1</sup>) Með þessum kapitulu byrjar Ragnars saga í A, og hefir hún í yfirskrift, þó máð sé: Saga Ragnars Loðbrókar; þikkir þó þessi kap. að vísu heyra Völsungasögu til, en himni ekki, þegar þær annars eru aðskildar. <sup>2</sup>) Heimdölum, B; Hlimrdölum, G; Hlyndölum, J, K. <sup>3</sup>) bú, hin. <sup>4</sup>) þannig, A; v. í hin.

Heimir var vel at íþróttum búinn, þeim er þá voru tíðar; hann hafði ok mörg klæði dýrðlig hjá henni í hörpunni, ok mikit gull. Ok nú ferr hann þángat til uns hann kemr í Noreg, ok kemr til eins býar lítils, þess er heitir á Spángarheiði, ok bjó þar karl sá, er Áki hét; hann átti konu<sup>1</sup>, ok hét hún Gríma; þar var eigi fleira manna, enn þau. Þann dag var karl farinn í skóg, en kelling var heima, ok heilsar hún Heimi, ok spyr, hvat manna hann væri. Hann kveðst vera einn stafkarl, ok bað kellingu húsa. Hún segir, at eigi kæmi þar fleira enn svá, at hún kveðst mundu vel við honum taka, ef hann þættist þurfa þar at vera. En er áleið, þá segir hann, at honum þætti þat mest beinabót, at eldr væri kveiktr fyrir honum, ok síðan væri honum fylgt til svefnhúss, þar er hann skyldi sofa. Ok þá er kelling hafði kveikt eldinn, þá setr hann hörpuna uppí sæti hjá sér, en kelling var óðamálug; opt varð henni litit til hörpunnar, fyrir því at trefur<sup>2</sup> á einu dýrðligu klæði komu út á hörpunni; ok er hann bakaðist við eldinn, þá sér hún einn dýrðligan gullhring koma fram undan tötrum hans, þvíat hann var illa klæddr. Ok er hann hafði bakast, sem hann kunní sér þörf til, þá hafði hann náttverð; en eptir þat bað hann kellingu fylgja sér þángat til, sem hann skyldi sofa um nóttina. Þá sagði kelling, at honum mundi betra vera úti, enn

<sup>1</sup>) eina ljóta kerlingu, B.    <sup>2</sup>) trefjur, B.



inni, þvíat við karl minn erum opt málug', er hann kemr heim. Hann biðr hana ráða; gengr nú út ok svá hún; hann tekr hörpuna ok hefr með sér. Kelling gengr út, ok ferr þar til, er bygghlaða ein er, ok fylgir honum þar til, ok mælti, at hann skyldi þar umbúast, ok kveðst þess vænta, at hann mundi þar njóta svefnis síns; ok nú gengr kelling í brott, ok annast þat, er hún þyrfti; [en hānn gerir sér svefn. Karl kemr heim, er aptaninn lís, en kelling hefir fát unnit þat, er hún þyrfti<sup>2</sup>, en hann var móðr, er hann kom heim, ok illr viðskiptis, er allt var úbúið þat, er hún skyldi annast hafa; sagði karl, at mikill væri munr sælu, er hann vann hvern dag meira, enn hann mátti, en hún vildi til einkis taka þess, er gagn var at. Ver eigi reiðr, karl minn! sagði hún, fyrir því at þat kann at vera, at þú mættir nú skamma stund vinna til þess, at við værim sæl alla æfi. Hvat er þat? segir karl. Kelling svarar: hér er kominn til herbergis okkars einn maðr, ok ætla ek at hann hafi allmikil fè með at fara, ok er hnígin á efra aldr, ok mun verit hafa enn mesti kappi, ok er nú þó móðr mjök, ok eigi þikkjumst ek hans maka sèt hafa, ok þó ætla ek hann mæddan ok syfjaðan. Þá segir karl: þat sýnist mér úráðligt, at svíkja þá enu fá, sem hér koma. (Hún svarar): því muntu lengi lítill fyrir þér, at þér vex allt í augu, ok ger nú ann-

<sup>1</sup>) nokkut við of kjöfug, B. <sup>2</sup>) v. í B.

athvært, at þú drep hann, eða ek tek hann mér til manns, ok munu við reka þik [í brutt<sup>1</sup>; ok segja kann ek þér þá ræðu, er hann mælti við mik í gærkveld, en lítils mun þér þikkja um vert; hann mælti kvennsamliga við mik, ok þat mun mitt ráð vera, at taka hann mér til manns, en reka þik í brutt eða drepa, ef þú vill eigi eptir því gera, sem ek vil. Ok er þat sagt, at karl hafði kvonríki, ok telr hún um þángattil, er hann lætr at eggjan hennar, tekr öxi sína, ok snarbrýnir mjök; ok er hann er búinn fylgir kelling honum þar til, er Heimir sefr, ok var þar hrytr mikill. Þá mælti kelling til karls, at hann skyldi láta verða tilræði sem bezt: ok skunda brutt með hlaupi, því at ekki máttu standast lát hans ok óp, ef hann fær þik höndum tekit; hún tekr hörpuna, ok hleypr á brutt með. Nú gengr karl þar til, er Heimir sefr; hann höggv til hans, ok verðr þat mikit sár, ok verðr honum laus öxin; hann hleypr þegar í brutt, sem hann mátti harðast. Nú vaknar Heimir við áverkann, ok vanst honum at fullu; ok þat er sagt, at svá mikill gnýr varð í hans fjörbrotum, at undan gengu súlur í húsinu ok ofan féll húsit allt, ok varð landskjálfti mikill, ok lýkr þar hans æfi. Nú kom karl þar, sem kelling var, segir nú, at hann hefir drepit hann: ok þó var þat of hríð, er ek vissa eigi hve fara mundi, ok þessi maðr var furðu mik-

<sup>1</sup>) til úlukku í burt, B.

ill fyrir sér, en þó væntir mik at hann sè nú í hælju. Kelling mælti, at hann skyldi hafa þökk fyrir verkit: ok væntir mik at nú hafim við ærit fè, ok skulum við reyna, hvárt ek hefi satt sagt. Nú kveikja þau eld, en kelling tekr hörpuna, ok vildi uppkoma, ok mátti eigi annarskostar, enn hún varð at brjóta, þvíat hún hafði eigi hagleik til; ok nú fær hún uppkomit hörpunni, ok þar sèr hún eitt meybarn, at hún þóttist ekki slíkt sèthafa, ok þó var mik- it fè í hörpunni. Nú mælti kelling: þat mun nú verða sem opt, at illa man gefast at svíkja þann, er honum trúir, sýnist mér sem komin muni úmegð á hendr okkr. Karl svarar: eigi er þetta eptir því, sem ek ætla, en þó skal nú ekki umsakast. Ok nú spyr hún<sup>1</sup>, hverrar ættar hún væri; en þessi en únga mæðr svarar augu, svá sem hún hefði eigi mál numit. Nú ferr sem mik varði, at okkart ráð<sup>2</sup> mundi illa fara (segir karl), við höfum unnit glæp mikinn, hvat skulum við sjá fyrir barni þessu? Auðvitat er þat, sagði Gríma; hún skal eptir móður minni<sup>3</sup> heita Kráka. [Nú mælti karl: hvat skulum við sjá fyrir barni þessu<sup>4</sup>? Kelling svarar: ek sè gott ráð til: við skulum segja hana okkra dóttur, ok uppfæða. Því man engi trúa, sagði karl, miklu er barn þetta geðsligra<sup>5</sup>, en við erum [all-

<sup>1</sup>) hann, hin. <sup>2</sup>) mál, B, J, K. <sup>3</sup>) sælhi, b, u. B. <sup>4</sup>) u. i B, J, K. <sup>5</sup>) gerfiligra, hin.

óvæn bæði<sup>1</sup> ok munu engi líkendi á þikkja, at við munum eiga þvílíkt barn, svá endemlig sem við erum bæði. Nú mælti kelling: eigi veiztu nema ek hafa í nokkr brögð, at þetta megi eigi úvænt þikkja<sup>2</sup>; ek man láta gera henni koll, ok rýða<sup>3</sup> í tjöru ok öðru, er vænster at sízt komi hár upp; hún skal eiga hatt sláan<sup>4</sup>, eigi skal hún ok vel klædd vera, mun þá sam-an draga vörn<sup>5</sup> yfirlit; má vera, at menn trúi því, at ek hafa [mjök væn<sup>6</sup> verit, þá er ek var úng<sup>7</sup>; hún skal ok vinna þat, er verst er; en þat hugðu þau karl ok kelling, at hún mætti ekki mæla, er hún svarar þeim aldri. Nú er þat gert, sem kelling hefir fyrirhugat; nú vex hún þar upp í miklu fátæki.

<sup>1</sup>) hræðiliga ófríð ok svört ok svípil bæði hjónin, *B.* <sup>2</sup>) at við munum eiga þvílíkt barn, *b. v. hin.* <sup>3</sup>) klína, *B.* <sup>4</sup>) sláan, *B.* <sup>5</sup>) um, *hin.* <sup>6</sup>) kvænna vænst ok dægiligust, *B.* <sup>7</sup>) ok heima í föðurgarði, *b. v. B.*

**S A G A**

**A F**

**RAGNARI KONUNGI LODBRÓK**

**OK**

**SONUM HANS.**

THE UNIVERSITY OF CHICAGO LIBRARY

10

27 11 1900

---

## Sagan af Ragnari loðbrók ok sonum hans<sup>1</sup>.

---

1. **H**ERRUDR<sup>2</sup> hèt jarl ríkr ok ágætr á Gautlandi, hann var kvongaðr; dóttir hans hèt Þóra; hún var állra kvenna fríðust sýndum<sup>3</sup>, ok kurteisust at sèr um alla luti, þat er til handa má bera, ok betra er at hafa, enn án vera; þat var hennar kenningarnafn, at hún var kölluð Borgarhjörtr, fyrir því at svá bar hún af öllum konum at fegurð, sem hjörtr af öðrum dýrum. Jarlinn unni mikit dóttur sinni; hann lét gera henni eina skemmu, skamt frá höll konúngs, ok um þá skemmu var skíðgarðr. Þat lagði jarl í vanda sinn, at senda dóttur sinni hvern dag nokkut til skemtanar, en þat mælti hann, at því mundi hann framhalda. Frá því er sagt, at hann lét færa henni lítinn lýngorm einhvern dag, ákaflika fagan, ok þessi ormr þótti henni góðr, ok lét hann í sitt<sup>4</sup> eski, ok bar undir hann gull; skamma stund var hann þar, áðr hann óx mikit ok svá gullit undir honum; þar kemr, at eigi hefir hann rúm í eskinu, ok liggr nú í hring um eskit utan; ok þar kemr of síðir, at

---

<sup>1</sup>) þannig, B, L; frá Herruði jarli ok þóru borgarhjört, hefir A sem yfirskrift kapit.; í hinum eru eigi sögurnar aðskildur.

<sup>2</sup>) Herrauðr, hin allstaðar. <sup>3</sup>) v. í B, J, K, L. <sup>4</sup>) eitt, hin.

eigi hefir hann rúm í skemmumni, ok gullit vex undir honum jafnt sem ormrinn sjálf; nú liggr hann utan um skemmuna, svá at saman tók höfuð ok sporðr, ok illr gerist hann viðr-eignar, ok þorir engi maðr at koma til skemmunnar fyrir þessum ormi, nema sá einn, er honum færir fæðslu, ok oxa<sup>1)</sup> þarf hann í mál. Jarli þíkkir mikit mein á þessu, ok strengir þess heit, at hann mun þeim manni gefa dóttur sína, hvat manna sem hann er, ef at þana yrði orminum, ok gull þat; er undir honum er, skal verahennar heimanfylgja. Þessi tíðendi spyrjast víða of land, en þó treystist engi til at ráða fyrir þessum mikla ormi.

2. Í þann tíma ræð fyrir Danmörku Sigurðr hríngr; hann var ríkr konúngr, ok er frægr orðinn af þeirri orrostu, er hann barðist við Harald hilditönn á Brávelli, ok fyrir honum féll Haraldr, sem kunnigt er orðit of alla Norðr-álfu heimsins. Sigurðr átti einn son, er Ragnar hét; hann var mikill vexti, vænn yfirlits ok vel viti borinn, stórlyndr við sína menn, en grimmr sínum úvinum; þegar hann hafði aldr til, fær hann sèr liðs ok herskipa, ok gerist hann enn mesti hermaðr, svá at varla fæst hans maki. Hann spyr þetta, er Herruðr jarl hafði ummælt, gefr hann at engan gaum, ok lætr sem hann viti eigi; hann lætr gera sèr fót með undarligum hætti, þat eru<sup>2)</sup> loðbrækur og loðkapa, ok nú

<sup>1)</sup> uxa, *hin*. <sup>2)</sup> er V, *hin*.



er ger eru, þá lætr hann þau vella í biki, síðan herðir hann þau. Þat er eitthvert sumar, er hann heldr her sínum til Gautlands, ok leggri í leynivág einn skip sitt, ok var skamt þaðan, þat er jarl ræð fyrir; ok er Ragnar hafði þar eina nótt verit, vaknar hann snemma um morgininn, rís upp ok tekr þessi en sömu vopnföt, er áðr var frásagt, ok ferr í, ok tekr spjót mikit í hönd sér, ok gengr af skipunum einnsaman ok þar er sandr er, ok nú veltist hann í sandinum; ok áðr hann gengr í brutt, tekr hann geir-nagla or spjóti sínu, ok ferr nú einn frá skipunum til borgarhliðs jarls, ok kemr þar snemma dags, svá at allir menn voru í svefni. Nú stýrir hann til skemmunnar; ok er hann kemr í skógarðinn, þar sem ormrinn var, leggri hann til hans með spjóti sínu, ok þá kippir hann at sér spjótinu; ok annat sinn leggri hann, þat lag kemr í hrygg orminum, ok nú vizt<sup>2</sup> hann við hart, svá at spjótit gekk af skaptinu, ok verðr svá mikill gnýr í hans fjörbrotum, at skemman skelfr öll. Ok nú snýr Ragnar á brutt; þá kemr blóðbogi milli herða honum, ok þat sakar hann eigi, svá hlífa honum klæði þau, sem hann lét gera. En þeir, er í skemmunni voru; vakna við gnýinn, ok gánga út or skemmunni. Nú sér Þóra gánga einn mann mikinn frá skemmunni, ok spyrr hann at nafni, eða hvern hann vill nú finna; hann nemr staðar, ok kvað vísu þessa:

<sup>1</sup>) til hans, b. v. hin. <sup>2</sup>) vindst, hin.

Hætt hefi ek leyfðu lífi,  
 litfögr kona vitra!  
 vá' ek at foldarfiski,  
 fimtán gamall mínu;  
 hafa<sup>2</sup> skal ek, böl nema bfti,  
 bráðrakinn<sup>3</sup> mér dauða,  
 heiðarlax til hjarta  
 hríngleygim<sup>4</sup> vel smjúgi<sup>5</sup>.

Ok nú gengr hann á brott, ok mælti ekki fleira við hana; en spjótit stóð í sárinu eptir, en hann hefir skaptit með sér. Nú er hún hefir þessa vísu heyrða, skyldi hún hvat hann sagði til um sitt erendi, ok svá hvegamall hann var; ok nú byggr hún at fyrir sér, hverr hann mundi vera, ok þíkkist hún eigi vita, hvárt hann er memnskr maðr eða eigi, fyrir því at henni þíkkir vöxtr hans vera svá mikill, sem sagt er frá úvættum á þeim aldri, sem hann hafði, ok snýr hún inní skemtmuna ok sofnar. Ok er menn koma út um morgininn, verða menn þess varir, at ormrinn var dauðr, ok hann var lagðr með einu miklu spjóti, ok þat stóð fast í sárinu; nú lætr jarl þat í brott taka þaðan, ok var þat svá mikið, at fám var vopnhæft. Nú íhugar jarl hvat hann hafði ummælt við þann mann, er orminum yrði at bana, ok þíkkist eigi vita, hvárt mennkr maðr veldr þessu eða eigi, ok ræðst nú um við vini

<sup>1</sup>) vann, J, K. <sup>2</sup>) fá, J, K. <sup>3</sup>) bráðrekinn, B; bráðrakinn, E; bráðdreginn, L. <sup>4</sup>) þannig A, hríngleginn, hin. <sup>5</sup>) smjúga, K.

sína ok dóttur, hve hann skal eptir leita, ok þikkir á því líkendi, at sá mun eptir leita at hafa verðkaupit, er til hefir unnit. Þat ræð hún, at láta kveðja þíngs fjölmenns: ok bið þá segja, at þángat komi allir þeir menn, er eigi vilja hafa reiði jarls, ok nokkrskostar mega sækja þíngstefnu, ok ef sá er nokkr, er viðgengr banasári ormsins, skal hafa þat spjótskapt þángat, er fylgt hefir spjótiinu. Þetta lízt jarli vænligt, ok lætr nú þíngs kveðja. Ok er at þeim degi kemr, er vera skal þíngit, kemr jarl ok margir höfðingjar aðrir; þar verðr mikit fjölmenni.

3. Þetta spyrst til skipa Ragnars, at þaðan skamt var þíng stefnt; ok nú ferr Ragnar frá skipum nálíga með allan her sinn til þíngsins; ok er þeir koma þar, nema þeir staðar nákkvat frá öðrum mönnum, þvíat Ragnar sèr nú at komit var fjölmenni mikit frá því, sem vani var til. Þá stendr jarl upp, ok kveðr sèr hljóðs ok talar, biðr menn hafa þökk fyrir, er vel hafa skipazt við hans orðsending, ok segir síðan atburð þann, sem orðinn er, fyrst frá því, hversu hann hafði ummælt við þann mann, er orminum yrði at bana, síðan, at ormrinn er nú dauðr, ok sá hefir látit eptir standa spjótit í sárinu, er unnit hefir þetta frægðarverk: ok ef nokkr er sá hær kominn til þíngsins, et þat skapt hafi, er þessu spjóti hæfi, beri hann þat fram, ok sanni svá sögu sína, þá skal-ek þat allt enda, er ek hefi

ummælt, hvárt sem hann er af meirum stigum, eða minnum; ok lýkr hann svá sínu máli, at hann lætr bera spjótit fyrir hvern mann, er á er þínginu, ok biðr sér segja, hverr sá er, er við þessu gengr, eða þat skapt hefir, er hér hæfir til. Nú er svá gert; eigi finnst sá nè einn<sup>1</sup>, eð þat skapt hafi. Nú er komit þar, sem Ragnar er, ok sýnt honum spjótit, ok gengr hann við at hann mun eiga, ok þar hæfir hvárt eptir öðru skaptit ok spjótit. Nú þikkjast menn vita, at hann mun hafa orðit orminum at bana, ok verðr hann af þessu verki harðla mjök frægr of öll Norðrlönd, ok biðr hann nú Þóru dóttur jarls, ok hann<sup>2</sup> tekr því vel, ok nú er hún honum gipt, ok er fengit at mikilli veizlu með enum bestum faungum í því ríki; at þessi veizlu kvongast Ragnar. Ok er lokit er veizlunni, ferr Ragnar til ríkis síns, ok ræð þar fyrir, ok ann miklit Þóru; þau eiga 2 sonu, hèt Eirekr enn eltri, en Agnarr enn yngri; þeir voru miklir vexti ok fríðir sýnum, sterkari voru þeir miklu, enn aðrir menn flestir, er þá voru uppi; þeir námu allskonar íþróttir. Þat var eitthvert sinn, at Þóra kendi sér sóttar, ok andast hún or þessi sótt; en Ragnari þótti þetta svá mikit, at hann vill eigi [ráða ríkinu<sup>3</sup>; ok tekraðra menn at ráðaríkinu með sonum sínum; en hann tekr nú til iðnar sinnar ennar sömu, sem hann hafði fyrr

<sup>1</sup>) neinn; J, K; nú einn, *hin*.    <sup>2</sup>) hún, J, K.    <sup>3</sup>) aðra konu eiga, *hin*.

haft, ok ræðst nú í hernað, ok hvar sem hann ferr, fær hann sigr.

4. Nú er þat eitt sumar, at hann heldr skipum sínum til Noregs, þvíat hann átti þar marga frændr ok vini, ok vill þá hitta; hann kemr skipum sínum um kveldit í höfn eina litla, en þar var bær skamt þaðan, er hét á Spángarheiði, ok lágu þeir þar í höfn þá nótt. Ok er morgin kom, skyldu matsveinar fara á land at baka brauð; þeir sjá at bær er skamt frá þeim, ok þótti þeim sér þat betr gegna, at fara til húss, ok vera þar at. Ok er þeir kvomu til þess ens litla bæjar, þá hitta þeir einn mann at máli, ok er þat kelling, ok spurðu, hvárt hún væri húsfreyja, eða hvat hún hėti. Hún segir, at hún sè húsfreyja: ok nafn mitt úvandt, ek heiti Gríma; eða hverlr eru þer? Þeir sögðu, at þeir væri þjónustumenn Ragnars loðbrókar, ok vilja þeir færa fram sýslu sína: ok viljum vèr at þú vinnir með oss. Kelling svarar, at hendr hennar voru stirðar mjök: en verit hafði þat fyrrum, at ek [kunna bjarg vel sýslu sinna<sup>1</sup>, ok á ek mèr dóttur þá, er at mun vera með yðr ok mun heim koma brátt, ok heitir Kráka, er nú svá komit, at ek kem<sup>2</sup> trautt ráði<sup>3</sup> við hana. Ok nú er Kráka at fè farin um myrgininn, ok sèr at

<sup>1</sup>) þannig A og fleirst; var í kvenna tölu, bæði um fríðleik ok atgjörð til alls, er bezta kvennkosti viðleit, B, L; v. í J, K.

<sup>2</sup>) get, B, J, K, L. <sup>3</sup>) ráðit, B, J, K, L.

skip voru komin við land mörg ok stór; ok nú tekr<sup>1</sup> hún ok þvær sér, en kelling hafði henni þat bannat, þvíat hún vildi eigi at menn sæi fegurð hennar, þvíat hún var allra kvenna vænst, en hár hennar var svá mikit, at tók (á) jörð um hana, ok svá fagrt sem silki [þat, er fegrst verðr<sup>2</sup>. Ok nú kemr Kráka heim, en þeir mat-sveinar höfðu gert eld; ok nú sér Kráka at þar eru menn komnir, þeir er hún hefir eigi fyrr sèt; hún hyggir at þeim, ok svá þeir at henni. Ok nú spyrja þeir Grímu: hvárt er sjá þín dóttir, en fagra mæri? Eigi er til þess logit, segir Gríma, at sjá er mín dóttir. Furðu úllkar máttu þið<sup>4</sup> verða, segja þeir, svá illilig<sup>3</sup> sem þú ert, en vèr höfum eigi jafnvæna mey sèt, ok aunga sjám vèr hana hafa þína mynd, þvlat þú ert et mesta ferlíki. Gríma svarar: eigi má<sup>5</sup> nú á mæri sjá, brugðit er nú mínum yfirlitum or því, sem var. Nú ræða þeir þetta, at hún vinni með þeim. Hún spyr: hvat skal ek vinna? Þeir kváðust vilja at hún teygði brauð, en þeir mundi baka eptir, ok tekr hún síðan til sinnar iðju, ok vinnst henni vel; en þeir horfðu á hana ávalt, svá at þeir gáðu eigi sýslu sinnar, ok brendu brauðit; ok er þeir höfðu lokit verki sínu, fóru þeir til skipa. Ok þá er þeir skyldu brjóta upp vístir sínar, mæltu allir, at þeir hefði aldri jafn-

<sup>1</sup>) tekr, J, K. <sup>2</sup>) sér fyrir hendr, b. v. B, L. <sup>3</sup>) v. i B, L. <sup>4</sup>) þannig hin; þó, A. <sup>5</sup>) ok ambáttarlig, b. v. B, L. <sup>6</sup>) v. i A; tekið úr hinum.

illa unnit, ok væri hegningar fyrir vert. Ok nú spyr Ragnar, hví þeir hefði þanninn matbúit? Þeir kváðust sèt hafa konu svávæna, at þeir gáðu eigi sinnar sýslu, ok ætluðu þeir at engi mundi henni vænni vera, í veröld. Ok er þeir tóku svá mikit af of hennar fegurð, þá segir Ragnar, ok kveðst þat vita, at sjá mundi eigi jafnvæn, sem Þóra hafði verit; þeir kváðu hana eigi úvænni. Þá mælti Ragnar: nú mun ek senda þá menn, er gerla kunni at sjá; ef svá er, sem þer segið, þá er þetta athugaleysi yðr uppgesit, en ef konan er at nokkrum lut úvænni, enn þer segið frá, munu þer taka hegning mikla á yðr. Ok nú sendir hann menn sína til fundar við þessa ena fögru mey, en andviðri var svá mikit, at þeir máttu eigi fara þann dag; þá mælti Ragnar við sína sendimenn: ef yðr lízt þessi en. únga mæst svá væn, sem oss er sagt, biðð hana fara á minn fund, ok vil ek hitta hana, vil ek at hún sè mín; hvárki vil ek at hún sè klædd nè úklædd, hvárki mett nè úmett, ok fari hún þó eigi einsaman, ok skal henni þó engi maðr fylgja. Nú fóru þeir, þartil er þeir koma til húss, ok hyggja at Kráku vandliga, ok lízt þeim sjá kona svá væn; at þeir hugðu aunga aðra jafnvæna; ok nú segja þeir orð herra síns, Ragnars, ok svá, hversu hún skyldi búin vera. Kráka hugði at, hversu konúngr hafði mælt, ok live hún skyldi búast, en Grímu þótti engan veg svá mega vera, ok kveðst vita, at sjá kon-

úngr mundi eigi vera vitr. Kráka segir: Því mun hann svá mælt hafa, at svá mun vera mega, ef vèr skiljum, eptir því sem hann ætlar til; en víst eigi má ek í yðarri ferð vera þenna dag, en ek man koma snemma á morgin til yðarra skipa. Nú fóru þeir í brott, ok segja Ragnari svá búit, at hún mundi koma til fundar þeirra. Ok nú er hún heima þá nótt; en um myrgiðinn snemma segir Kráka karli, at þá mundi hún fara á fund Ragnars: en þó mun ek verða at breyta búnaði mínum nokkut, þú átt örriða net, ok mun ek þat vefja<sup>1</sup> at mèt, en þar yfir utan læt ek falla hár mitt, ok mun ek þá hvergi ber; en ek mun bergja á einum lauk, ok er þat lítill matr, en þó má þat kenna, at ek hefí bergt, ok ek mun láta fylgja mèt hund þinn, ok fer ek þá eigi einsaman, en þó fylgir mèt engi maðr. Ok er kelling<sup>2</sup> heyrir hennar fyrirætlan, þikkir henni<sup>3</sup> hún mikit við hafa.

5. Ok er Kráka er búin, ferr hún leiðar sinnar, þartil er hún kemr til skipa, ok var fögr til-sýndar, er hár hennar var bjart ok sem á gull eitt sæi. Ok nú kallar Ragnar á hana, ok spýrr, hver hún væri, eða hvern hún vildi finna. Hún svarar, ok kvað vísu:

Þori ek eigi boð brjóta,  
er báðuð mik gánga<sup>4</sup>,  
nè ræsis kvöð<sup>5</sup> rjúfa,

1) ríða, *L. K.* 2) karl, *lin.* 3) honum, *lin.* 4) geyma, *lin.*  
5) þannig *lin.*; kauð, *A.*; rönd, *B.*



Ragnar! við þik stefnu;  
 mángi<sup>1</sup> er mér í sinni,  
 mitt er bert hörund eigi,  
 fylgi hefi ek fullgott,  
 fer ek einsaman mínu.

Nú sendir hann menn at móti henni, ok lætr fylgja henni á skip sín; en hún kveðst eigi fara vilja, nema henni sè grið gefin ok förunaut hennar; nú er henni fylgt á konúngs skip; ok er hún kemr í fyrirrúm, seilist hann í mót henni, en hundrinn beit í hönd honum. Þeir menn hans hlaupa til ok drepa hundinn, ok reka bogastreng at hálsi honum, ok fær hann af því bana, ok er eigi betr griðam haldit við hana, enn svá. Nú leggr<sup>2</sup> Ragnar hana í lyptíng hjá sèr, ok hjalar við hana, ok varð honum vel í skap við hana ok var blíðr við hana; hann kvað vísu:

[Sú mundi<sup>3</sup> víst, ef væri  
 vörðr föður jarðar<sup>4</sup>  
 mætr á mildri snótu,  
 [á mér<sup>5</sup> taka höndum.

[Hún kvað<sup>6</sup>:

Vammlausa skaltu vísi<sup>7</sup>,  
 ef viltu griðum þyrma,  
 heim höfum hilmi sóttan,  
 heðan mik fara látit<sup>8</sup>.

Nú segir hann at honum lízt vel á hana, ok ætlar víst at hún skuli með honum fara. Þá

<sup>1</sup>) margt, B; magni, J. <sup>2</sup>) leiðir, hin. <sup>3</sup>) ógreiniligt í A, getr jafnvel lesið: sú rumdi, eða sú reyndi; örwindi, fleirst hinna.  
<sup>4</sup>) hjarðar, G. <sup>5</sup>) eða amir, A. <sup>6</sup>) v. í A; b. v. hin. <sup>7</sup>) vísir, hin. <sup>8</sup>) látá, J, K.

kvað hún eigi svá vera mega. Þá kvaðst hann vilja, at hún væri þar um nótt. á skipi; hún segir, at eigi skal þat vera, fyrr enn hann kemr heim or þeirri ferð, sem hann hafði ætlat: ok má vera, at þá sýnist yðr annat. Þá kallar Ragnar á fèhirði sinn, ok bað hann taka serk þann, er Þóra hefir átt, ok var allr gullsaumaðr, ok færa sèr; þá býðr Ragnar Kráku á þá lund:

Viltu þenna þiggja,  
er Þóra hjörtr átti,  
serkr við silfr of merktan,  
sama allvel þer klæði;  
fóru hendr hvítar  
hennar um þessar gerfar;  
sú var buðlúngi bragna  
blíðum<sup>1</sup> þekk til dauða.

Kráka kvað í móti:

Þori ek eigi þann þiggja,  
er Þóra hjörtr átti,  
serk við silfr of merktan,  
sama ælig<sup>2</sup> mèr<sup>3</sup> klæði;  
því em ek Kráka kölluð  
í kolsvartum voðum,  
at ek hefi grjóti of gengit,  
ok geitr með sjá reknar.

Ok vil ek víst eigi taka við serknum, segir hún, vil ek ekki í skraut búast, meðan ek em hjá karli; kann vera at yðr lízt betr á mik, ef ek búast betr,

<sup>1</sup>) blíðum, B, C, E, F, G; brúður mèr, J, K. <sup>2</sup>) þannig A; ei tígn, E, K; ei lík, J; ætig (ei tíg), hin. <sup>3</sup>) manns, E, G.

ok vil ek nú fara heim, en þá máttu gera menn eptir mér, ef þér er þá samt í hug, ok villir þú at ek fara með þér. Ragnar segir, at eigi mun hugr hans skipast<sup>1</sup>, ok ferr hún heim. En þeir fóru, sem þeir höfðu ætlat, þegar þeim gaf byr, ok lýkr hann sínum erendum, eptir því sem hann hafði ætlat. Ok er hann ferr aptr, kemr hann sér í ena sömu höfn, sem hann hafði fyrr haft, þá er Kráka kom til hans; ok þat eð sama kveld sendir hann menn á fund hennar at segja orð Ragnars, at hún færi nú alfari; en hún segir, at hún mun eigi fara fyrr, enn um morgininn; ris Kráka upp snermma, ok gengr til rekkju<sup>2</sup> þeirra karls ok kellingar, ok spyrr, hvárt þau vaki. Þau kváðust vaka, ok spurðu, hvat hún vildi. En hún segir, at hún ætlaði á brutt, ok vera þar ekki lengr: en ek veit, at þið drápuð Heimi fóstra minn, ok á ek engum manni verra at launa enn ykk; ok fyrir þá sök vil ek ekki ykkr viltt gera láta, at ek hefði lengi með ykk verit, en nú vil ek þat ummæla, at annar dagr sé ykkr öðrum verri, er yfir ykk kemr, en im síðarsti verstr, ok munu vèr nú skilja. Þá gengr hún leiðar sinnar til skipa, ok er þar vel við henni tekit; gefr þeim vel veðr. Þann aptan enn sama, er menn skulu reykkja<sup>3</sup> [undir sér<sup>4</sup>, þá segir Ragnar, at hann vill at þau Kráka hvíli bæði saman. Hún segir, at eigi mátti svá

<sup>1</sup>) skiptast, *hín*.    <sup>2</sup>) þannig *hín*; rjokku, *A*.    <sup>3</sup>) þannig *A*; rekkja, *C, D, E, F, G, H, J, K*; hvílast, *B, L*.    <sup>4</sup>) *v. í B, L*.

vera: ok vil ek at þú drekkir brúðlaup til mín, þá er þú kemr í ríki þitt, ok þikki mér þat mín virðing, sem þín, ok okkarra erfingja, ef við egum nokkra. Hann veitti henní sína bæn, ok ferst þeim vel. Kemr Ragnar nú heim í land sitt, ok er dýrlig veizla búin í mót honum; ok nú er bæði drukkit fagnaðaröl í móti honum ok brúðlaup hans. Ok enn fyrsta aptan, er þau koma í eina reykkju, vill Ragnar eiga hjúskaparfar við konu sína; en hún biðst undan: þvíat hún segir, at [á baki mundi bera nokkot, ef hún ræði eigi. Ragnar kveðst ekki trúa mundu á þat, kvað þau ekki framvís karl ok kellingu. Hann spurði, hve lengisvá skyldi vera. Þá kvað hún:

[Þrjár nætr skulum<sup>2</sup> þessar<sup>3</sup>,  
ok þó saman byggja<sup>4</sup>  
hressvar<sup>5</sup> nætr í höllu,  
áðr við heilug<sup>6</sup> goð blótim;  
þá munu mein á mínu  
megi til laung of verða;  
heldr ertu bráðr at byrja  
þann, er bein hefir engi.

Ok þó hún kvæði þetta, gaf Ragnar at því engan gaum, ok brá á sitt ráð.

6. Nú líða stundir fram, ok var samför þeirra goð ok miklar ástir; en Kráka kennir

<sup>1</sup>) af muni, B, L. <sup>2</sup>) skulu, B, G. <sup>3</sup>) við þrjár þreyja, B. <sup>4</sup>) liggja, B. <sup>5</sup>) hýar, B; hversvar, E, G. <sup>6</sup>) heilla, J, K.

sér sóttar, ok verðr léttrari ok elr sveinbarn, ok var sveinninn vatni ausinn ok nafn gefit, ok kallaðr Ívar; en sá sveinn var beinlauss, ok sem brjósk væri þar, sem bein skyldu vera; ok þá er hann var úngr, var hann vexti svámikill, at engir voru hans jafningjar; hann var allra manna fróðastr sýnum, ok svá vitr, at eigi er víst hvern meiri spekingr hefir verit, enn hann. Þeim verðr enn fleiri barna auðit; annar son þeirra hét Björn, enn þriðl Hvítserkr, enn fjórði Rögnvaldr; þeir voru miklir menn allir, ok enir fræknustu; ok þegar þeir máttu nokkut athafast, námu þeir allskonar íþróttir; ok hvert sem þeir fóru, lét Ívar bera sik á staungum, þvíat hann mátti eigi gánga, ok skyldi hann hafa ráð fyrir þeim, hvat sem þeir höfðust at. Nú eru þeir Eiríkr ok Agnarr, synir Ragnars, miklir menn fyrir sér, svá at trautt finnast þeirra jafningjar, ok búa þeir á herskipum hvert sumar, ok eru ágætir af sínum hernaði. Ok nú er þat einn dag, at Ívar ræðir við bræðr sína Hvítserk ok Björn, hve lengi svá skal fram fara, at þeir skyli heima sitja, ok leita sér engrar frægðar; en þeir segja, at þeir skyli hans ráðum framfara um þat, sem annat. Nú vil ek, segir Ívar, at vèr biðlm at oss sè fengin skip ok lið, svá at þau sè vel skiput, ok síðan vil ek at vèr aflim oss fjár ok ágætis, ef svá vill upptakast. Ok er þeir höfðu þetta ráðit með sér, segja þeir Ragnari, at þeir vilja at hann fái þeim skip ok

[lið þat<sup>1</sup>, sem reynt<sup>2</sup> sè at herfangi<sup>2</sup>, ok búit vel fyrir alls sakir; ok gerir hann þat, eptir því sem þeir beiddu. Ok nú er þetta lið er búit, fara þeir or landi; en þar sem þeir berjast við menn, fá þeir meira lut, ok fá sèr nú bæði mikit lið ok fè. Ok nú segir Ívar, at hann vildi at þeir þèldi þar til, er meira ofrefli er fyrir, ok reyndi svà sinn hraustleik; ok nú spyrja þeir, þivar hann vissi þess von. Ok nú nefair hann einn stað, þann er heitir Hvítabær, en þar höfðu verið blót: ok margir hafa tilleitat at vinna, ok liafa engir sigrast<sup>3</sup>, ok hafði Ragnar komit þar, ok varð frá at hverfa, ok fèkk ekki at gert. Hvært er þat lið svà mikit, segja þeir, ok svà harðfengt, eða eru þar önnur torveldi? Ívar segir, at bæði var fjölmenni mikit ok blótstaðr mikill, ok þat hafði öllum fyrirkomit, ok aungir höfðu staðizt. Ok nú mæla þeir, at hann skyldi fyrir ráða, hvært þeir skyldu þángat halda eða eigi; en hann segir, at hann vill heldr hætta á, hvært meira má þeim harðfengi, eða blótskapr landsmanna.

7. Nú halda þeir þángat; ok er þeir koma þar í land, búast þeir til uppgaungu; ok nú þikkir þeim þyrfa, at liðit gæti sumt skipanna; en Rögnvaldr bróðir þeirra var þá úngr, at þeim þótti hann eigi til færri vera í svà mikilli manna-raun at vera, sem þeim þótti líkligt at verá mundi,

<sup>1</sup>) þannig hin; liði því, A.    <sup>2</sup>) harðfengi, hin.    <sup>3</sup>) sig-  
at, hin.

ok láta hann gæta skipa með sumu liði. En áðr þeir færi frá skipum, segir Ívar, at þeir borgarmenn eigu nauttavar<sup>1</sup>, ok er þat kvígendi, ok menn höfðu þar frá horfit, at eigi mátti standast lát hennar<sup>2</sup> ok tröllskap. Þá mælti Ívar: verðið við sem best, þótt yðr bjóði nokkurn ótta, þvíat eigi mun til sá<sup>3</sup> vera. Nú fylkja þeir liði sínu. Ok er þeir nálgast borgina, verða þeir varir við, er byggja staðinn, taka nú at leysa út naut þessi, er þeir trúðu á; ok er kvígendin eru laus látin, hlaupa þau hart ok láta illa. Nú sér Ívar þetta, þar sem hann er borinn á skildi, ok biðr fá sér boga, ok svá var gert; nú skýtr hann þessi en illu kvígendi, svá athværtveggja fékk bana, ok var nú af hendi leyst þessi úfriðr<sup>4</sup>, er mönnum þótti mestr ótti at. Nú tekR Rögnvaldr til orða [at skipum<sup>5</sup>, ok mælti við lið sitt, at þeir menn væri sælir, er slíka skemtan skyldu hafa, sem þeir bræðr hans hafa: ok gengr þeim ekki annat til, er ek skylda eptir vera, enn þeir einir vilja hafa virðing af; nú skulu vèr gánga upp gervallir; ok nú gera þeir svá. Ok þá er þeir koma eptir liðinu, gengr Rögnvaldr hart fram í bardagann, ok lýkr svá, at hann fellr. En þeir komast í borgina bræðr, ok tekst nú bardagi af nýu, ok lýkr svá, at borgarmenn komast á flótta, en þeir reka flótt-

<sup>1</sup>) þannig A og fleirst; naut tvö, B. <sup>2</sup>) þeirra, B. <sup>3</sup>) traust, hin. <sup>4</sup>) en illu kǫngi og sá, b. v. B. <sup>5</sup>) v. i B.

ann. Ok er þeir hverfa aptr til borgarinnar, kveðr Björn vísu:

Upp rundu<sup>1</sup> vèr ópi,  
 vár bitu meir enn þeirra,  
 satt mun ek til þess segja,  
 sverð í Gnípafríði;  
 knátti hverr er vildi  
 fyrir Hvítabæ<sup>2</sup> utan,  
 nè sitt spari sveinar  
 sverð, mannsbani verða.

Ok er þeir koma aptr í borgina, taka þeir allt lausafé, en brenna hvert hús er í var borginni, ok brjóta alla borgarveggi; ok nú halda þeir skipum sínum þaðan.

8. Eysteinn hefir konúgr heitit, er røð fyrir Svíþjóðu; hann var kvángaðr, ok átti eina dóttur, sú hét Íngibjörg; hún var allra kvenna fríðust ok vænst sýnum. Eysteinn konúgr var ríkr ok fjölmennr, illgjarn ok þó vitr; hann hafði atsetu<sup>3</sup> at Uppsölum; hann var blótmaðr mikill, ok at Uppsölum voru blót<sup>4</sup> svá mikil í þann tíma, at hvergi hafa verit meiri á Norðrlöndum. Þeir höfðu átrúnað mikinn á einni kú, ok kölluðu þeir hana Síbilju; hún var svá mjök blótin, at menn máttu eigi standast lát hennar, ok því var konúgr vanr, þá er hvers var vån, at þessi kýr en sama var fyrir fylkíngum, ok svá mikill djöfuls kraptr fylgdi henni, at úvinir hans urðu

<sup>1</sup>) rendu, *hin*. <sup>2</sup>) Hvítbæ, *B*. <sup>3</sup>) þannig *hin*; átt setu, *A*. <sup>4</sup>) *v. í A*.



svá ærir, þegar þeir heyrðu til hennar, at þeir börðust sjálfir, ok gáðu sín eigi, ok fyrir þá sök var óherskátt í Svíþjóð, at menn treystust eigi við slíkt ofrefli at etja. Eysteinn konúgr átti vingott við marga menn ok höfðingja, ok er þat sagt, at í þann tíma var vinátta mikil með þeim Ragnari ok Eysteini konúgi, ok þeir voru því vanir, at sitt sumar skyldi sækja veizlu hvárr þeirra til annars. Nú kemr at því, at Ragnar skal sækja veizlu til Eysteins konúgs; ok er hann kemr til Uppsala, var honum vel fagnat ok liði hans. Ok þá er þeir drekka enn fyrsta aptan, lætr konúgr dóttur sína byrta sèr ok Ragnari; ok þat mæltu menn Ragnars með sèr, at engi væri annartil, enn hann bæði dóttur Eysteins konúgs, en hann ætti eigi lengr karlsdóttur; ok nú verðr til einhverr hans manna at tjá þetta fyrir honum; ok því lýkr svá, at honum er heitit konunni, ok skyldi hún þó sitja í festum mjök lengi. En þá er þeirri veizlu var lokit, býst Ragnar heim, ok ferst honum vel; ok er ekki sagt frá ferð hans, fyrr enn hann á skamt til borgarinnar, ok liggr leið hans um skóg einn. Þeir koma í eitt rjóðr, er var í skóginum; þá lætr Ragnar nema staðar lið sitt, ok kvaddi sèr hljóðs, ok biðr þá menn alla, er í hans ferð höfðu verit til Svíþjóðar; at engi skyldi segja hans fyrirætlan, er stofnuð var um ráðahag við dóttur Eysteins konúgs; nú leggr hann svá ríkt við

<sup>1</sup>) kyni, B.

Þetta, ef sá er nokkr, er óf þetta geti, at hann skal engu fyrir týna nema lífinu. En nú er hann hafði talat slíkt, er hann vildi, fór hann heim til bæjarins; ok nú verðamenn fegnir, er hann kemr aptr; ok þá var drukkit fagnaðaröl í móti honum. Ok er hann kemr í hásatit, ok hefir setit eigi lengi, áðr Kráka kemr í höllina fyrir Ragnar, ok sezt í knè honum, ok leggr hendr um háls honum, ok spyr: hvat er tíðenda? En hann kveðst engi kunna at segja. Ok er áleið kveldit, taka menn til drykkju, ok síðan fara menn til svefns. Ok er þau koma í eina reykkju Ragnar ok Kráka, spyr hún hann enn tíðenda; en hann kveðst engi vita. Nú vill hún hjala margt; en hann kveðst vera syfjaðr mjök ok farmóðr. Nú mun ek segja þér tíðendi, segir hún, ef þú vilt mér engi segja. Hann spyr, hver þau væri. Þat kalla ek tíðendi, segir hún, ef konungi er heitit konu, en þat er þó sumra manna mál, at hann eigi sér aðra áðr. Hverr sagði þér þetta? segir Ragnar. Halda skulu menn þínir lífi ok limum, þvíat engi sagði mér þinna manna, segir hún; þér munuð sjá at fuglar þrír sátu í trénu<sup>1</sup> hjá yðr, þeir sögðu mér þessi tíðendi; þess bið ek, at þú vitir eigi ráða þessa sem ætlat er; nú man ek segja þér, at ek em konungs dóttir, en eigi karls, ok faðir minn var svá ágætr maðr, at eigi fækst hans jafningi, en mín móðir var allra kvenna fríðust ok vitrust, ok hennar

<sup>1</sup>) mínir, hin; rángt lesið úr III í A. <sup>2</sup>) turni, hin.

nafn man uppi, meðan veröldin stendr. Nú spyr hann, hvær faðir hennar var, ef hún væri eigi dóttir þess ens fátæka karls, er á Spángarheiði var. Hún segir, at hún var dóttir Sigurðar Fáfnisbana ok Brynhildar Buðladóttur. Þat þikki mér allúlíkligt (segir hann), at þeirra dóttir mundi Kráka heita, eða þeirra barn mundi í slíku fátæki uppvaxa, sem á Spángarheiði var. Þá svarar hún: saga er til þess; ok nú segir hún, ok hefr þar upp sögu, sem þau hittust á fjallinu Sigurðr ok Brynhildr, ok hún var byrjuð: ok er Brynhildr varð létari, var mér nafn gefit, ok var ek kölluð Áslaug; ok nú segir hún allt, sem farit hafði frá því, er þau karl hittust. Þá svarar Ragnar: þessum mun ek viðbregða Áslaugar órunum<sup>1</sup>, er þú mælir. Hún svarar: þú veizt at ek em eigi [heill maðr<sup>2</sup>, ok mun þat vera sveinbarn, er ek geng með, en á þeim sveini mun vera þat mærk, at svá mun þikkja, sem ormr liggir um auga sveininum; ok ef þetta gengr eptir, bið ek þess, at þú komir eigi til Svíþjóðar þeirrar tíðar, attú fáir dóttur Eysteins konungs, [en ef þetta rýfst, far þú með sem þú vilt<sup>3</sup>, en ek vil at sjá sveinn sè heitinn eptir feðr mínum, ef í hans auga er þetta frægðarmærk, sem ek ætla at vera muni. Nú kemr at þeirri stundu, er hún kennir sèr sóttar, ok verðr létari, ok elr

<sup>1</sup>) órunum, B; orðum, C, D, E, F, G, H; óranum orðnum J, K.

<sup>2</sup>) heil kona, B, L. <sup>3</sup>) v. í B.

sveinbarn; nú tóku þjónustukonur sveininn ok sýndu henni; þá mælti hún, at bera skyldi til Ragnars, ok láta hann sjá. Ok nú er svá gert, at sá enn úngi maðr var borinn í höllina, ok lagðr í skikkjuskaut Ragnars; en er hann sèr sveininn, var hann spurðr, hvat heita skyldi; hann kvað vísu:

Sigurðr mun sveinn [of heitinn<sup>1</sup>,  
 sá mun [orrostur heyja<sup>2</sup>,  
 mjök líkr vera móður  
 ok mögr föður kallaðr;  
 sá mun Óðins ættar  
 yfirbátr vera heitinn,  
 þeim er ormr í auga,  
 er annann lét svelta.

Nú dregr hann gull af hendi sèr, ok gefr sveininum at nafnfesti; ok þá er hann rættir höndina með gullinu, kemr við bak sveininum, en þat virðir Ragnar svá, sem hann vildi hata<sup>3</sup> gullinu; ok nú kvað hann vísu:

Brynhildar<sup>4</sup> leizt<sup>5</sup> brögnum<sup>6</sup>  
 brúnstein hafa fránan  
 dóttur<sup>7</sup> mögr<sup>8</sup> enn dýri  
 ok dyggast hjarta;  
 sjá<sup>9</sup> berr alla ýta  
 yndleygs<sup>10</sup> boði magni

<sup>1</sup>) Óseilinn, B, L. <sup>2</sup>) Örvitr heita, J, K. <sup>3</sup>) þannig A; hafna, hin. <sup>4</sup>) Brynhildr, G, J, K, L. <sup>5</sup>) laust, J, K. <sup>6</sup>) ágizkað; haravgtunn, A; bravgtumi, C, E, G, H; barugtúni, J, K; haugtúnn, B, L. <sup>7</sup>) ágizkað; dóttir, J, K; dróttar, A og hin. <sup>8</sup>) ágizkað; mög, G; mjög, J, K; maurg, A og hin. <sup>9</sup>) svá, B, L. <sup>10</sup>) undleiks, F, G; yngligs, J.

Buðla niðr, er baugi  
bráðgerr hatar, ráðum.

Ok enn kvað hann:

Sjá er engi sveini,  
nema Sigurði einum,  
í brúnsteinum brúna<sup>1</sup>  
bráð<sup>2</sup> háls<sup>3</sup> traumi<sup>4</sup> logða;  
sjá hefir dagr yfir dýra,  
dælt er hann af því kenna,  
hauss<sup>5</sup> í harmatúni<sup>6</sup>  
hrings myrkviðar fengit.

Nú mælti hann, at þann svein skyldi bera í skemmu út; en þá var því lokit, at hann mundi til Svíþjóðar fara. Ok nú kemr uppætt Áslaugar, svá at þat veit hverr maðr, at hún er dóttir Sigurðar Fáfnisbana ok Brynhildar Buðladóttur.

9. Nú er sú stund var liðin, er á var kveðit, at Ragnar skyldi veizluna sækja til Uppsala, ok kom hann eigi, þótti Eysteini konungi ger til sín svívirðing ok dóttur sinnar; ok nú var lokit vinfengi þeirra konunganna. Ok þá er þeir Eirekr ok Agnarr, synir Ragnars, spyrja þetta, þá ræddu þeir með sér, at þeir mundu fá sér lið mikit, sem þeir mætti mest, ok mundu herja á Svíþjóð; ok nú draga þeir saman lið mikit ok búa skip sín, en þótti mikit unðir, at vel tækist til, þá er skip skyldi framsetja. Nú verðr þat, at

<sup>1</sup>) heina, hin. <sup>2</sup>) barð, B, L. <sup>3</sup>) sals, B, L. <sup>4</sup>) þannig  
4 og fl.; tárú, J; tárú, K. <sup>5</sup>) hárs, hin. <sup>6</sup>) hvarmatúni, F, G.

skip Agnars skauzt af lunni, ok varð þar maðr fyrir, ok fær sá bana, ok kölluðu þeir þat hlunn-roð. Nú þótti þeim eigi vel tiltakast í fyrstu, ok vildu ekki láta standa þat fyrir ferð sinni. Ok þá er lið þeirra var búit, fara þeir með lið sitt til Svíþjóðar, ok þar, er þeir koma fyrst í ríki Eysteins konúngs, fóru þeir herskildi yfir; en landsmenn urðu varir við, ok fóru til Uppsála, ok segja Eysteini konúngi, at herr var kominn í landit. En konúngurinn lætr fara örfarboð um ríki sitt, ok dregr svá mikinn her saman, at furða var at, ok þann her flytr hann, þartil er hann kemr í skóg einn, ok setr þar sínar herbúðir, ok hefir hann nú með sér kúna Síbilju, ok mjök er hún nú blótin, áðr enn hún vildi fara. Ok er þeir eru í skóginum, mælti Eysteinn konúgr: frètt hefi ek til, segir hann, at synir Ragnars eru á völlum fyrir framan skóginn, en þat er mér sannliga sagt, at þeir hafi eigi einn þriðj-ting<sup>1)</sup> liðs við oss; nú skulu vèr skipa várar fylkingar til at berjast, ok skal þriðjúngr liðs vârs fara í mót þeim, ok eru þeir svá harðfengnir, at þeir munu þikkjast hafa ráð vârt í hendi, ok þegar eptir skulum vèr öllum meg-in koma at þeim, ok kýrin skal fara fyrir liðinu, ok væntir mik, at eigi skulu þeir haldast við fyrir lát hennar; ok nú er svá gert. Ok þegar, er þeir bræðr sjá lið Eysteins konúngs, þótti þeim sér ekki ofrefli við at eiga, ok ætla eigi

<sup>1)</sup> fjórðung, *hín.*

meira liðit vera munu. Ok þegar hær eptir kemr allt liðit or skóginum, ok kýrin er laus látin, ok hleypr hún fyrir liðinu, ok lætr grimmliga, ok varð svá mikill gnýrr at þeim hermönnum, er heyrðu, at þeir börðust sjálfir, nema þeir bræðr tveir fengu staðizt; en sú en illa vættr vá með hornum sínum margan mann þann dag; ok þótt synir Ragnars væri miklir fyrir sér, þá máttu þeir eigi bæði standast ofrefli fjölmennis ok blótskap, ok þó veittu þeir harða viðtöku, ok vörðust vel ok drengiliga ok af mikilli frægð. Þeir Eirekr ok Agnarr voru í öndverðri fylkingu þann dag, ok opt gengu þeir í gegnum fylkingar Eysteins konungs, ok nú féll Agnarr. Nú sér Eirekr þat, ok berst nú allra fræknligast, ok hirðir nú eigi, hvárt hann kemst í brott eða eigi; ok nú verðr hann ofriði borinn ok handtekinn. Ok nú mælti Eysteinn, at stöðva skyldi bardagann, ok bauð Eireki grið: ok þat mun ek til leggja, segir hann, við þik, at ek man gipta þær dóttur mína. Eirekr segir, ok kvað vísu:

Vil ek eigi boð fyrir bróður,  
 nè baugum mey kaupa,  
 Eystein kveða orðinn  
 Agnars bana, heyra;  
 græt eigi mik móðir,  
 menn ok eptir öl drekka,  
 ok geitrè í gegnum  
 geir látið mik standa!

Nú segir hann, at hann vill, at þeir menn hafi grið, ok fari hvert er þeir vilja, er þeim hafa fylgt: en ek vil at spjót sé tekin sem flest, ok sé stúngit spjótunum í völl niðr, ok þar vil ek mik láta hefja á upp, ok þar vil ek láta lífit. Nú segir Eysteinn konúgr, at eptir því skal gera, sem hann beiðir, þótt hann kjósi þat, er verr gegnir hvárumtveggjum. Nú eru spjótin niðr sett, ok kvað Eirekr vísu:

Munat' eins konúngs efni,  
 [svá at ek vita dæmi,  
 á dýrra beð deyja  
 til dögurðar hrafni;  
 mun blóði þá bróður  
 ok brátt yfir gjalla<sup>2</sup>  
 hirðr<sup>3</sup> veggja<sup>4</sup> slita  
 blárr, þóatilla leyni.

Ok nú gengr hann þartil, er spjótin eru niðr sett, ok tekr hring afhendi sér ok kastar til þeirra, er honum höfðu fylgt ok þá voru grið gefin, ok sendir þá til Áslaugar, ok kvað vísu:

Bera skuluð orð it efra,  
 nú eru orrir<sup>5</sup> firrar lagðir,  
 at mægr hafi mína  
 mjó<sup>6</sup>, Áslaugu, bauga;  
 þá mun mest af móði,  
 er mik spyrja dauðan,

<sup>1</sup>) ógnaði, J, K.    <sup>2</sup>) v. í B.    <sup>3</sup>) h'ðr, A og fl.; hýrðr, B; heiðr, J, K    <sup>4</sup>) heggja, B, L.    <sup>5</sup>) Eyrikis, B; Eyreks, C og fl.; Rýkis, J, K.    <sup>6</sup>) þannig leiðrétt; mik, A og fl.; með, J, K.



mín stjórpmóðir sínum  
mögum þögul segja.

Ok nú er hann hafinn uppá spjótinn; þá sér hann, hvar hrafn flýgr, ok enn kvað hann:

Hlakkar hrafn of höfði  
her-mínu nú sýna<sup>1</sup>,  
krefr undavalr augna,  
[ósinna herminna<sup>2</sup>;  
veiztu, ef hrafn or höfði  
höggr brúnsteina<sup>3</sup> mína,  
launar undavalr Ekkils  
illa marga fylli?

Nú lætr hann líf sitt með mikilli hreysti; en sendimenn hans fara heim, ok lètta eigi fyrr enn þeir koma þar, er Ragnar átti atsetu, ok þá var hann farinn í konúngastefnu; þeir voru ok eigi heim komnir synir Ragnars or hernaði. Nú eru þeir þar 3 nætr, áðr þeir gáangi til fundar við Áslaugu. Ok þá er þeir koma fyrir hásetit Áslaugar, kveðja þeir hana virðuliga, ok tekr hún kveðju þeirra, ok hafði hún einn línúok fyrir knjám sér, ok ætlaði at kembasèr, ok hárit hafði hún leyst. Nú spyr hún, hverir þeir væri, fyrir því at hún hafði þá eigi fyrr sèt. Sá, er orð hafði fyrir þeim, sagði, at þeir höfðu verit liðsmenn<sup>4</sup> þeirra Eireks ok Agnars, sona Ragnars. Þá kvað hún vísu:

<sup>1</sup>) þannig leiðrétt; sína, A og hin. <sup>2</sup>) steina hér mína, hin.  
<sup>3</sup>) brásteina, B, L. <sup>4</sup>) líkmenu, B.

Hvat segi þér or yðru,  
 eru Svíar í landi,  
 eða elligar úti  
 allný, konúngsspjalli?  
 fregit<sup>1</sup> hefi ek hitt, at fóru,  
 en fremr vitum eigi,  
 ok hildíngar höfðu  
 hlunnroð<sup>2</sup>, Danir sunnan.

Hann kvað vísu í mót:

Þér segju vèr þína,  
 þat er, nauð kona! dauða,  
 elli einkar manni,  
 örlög<sup>3</sup> sonum þóru;  
 þúng spjöll vitum önnur  
 ei nýjari enn þessi,  
 nú hefi ek fram komit fögrum,  
 flaug örn of ná dauðan.

Nú spyr hún, hve farit hafði. Ok nú kvað hann þá vísu, er Eirekr hafði kveðit, er hann sendi henni hrínginn. Nú sjá þeir at hún feldi tár, en þat var sem blóð væri álit, en hart sem haglkorn; þat hafði engi maðr sèt, at hún hefði tár-felt, hvárki áðr nè síðan. Nú segir hún, at hún má ekki til hefnda fara, fyrr enn heim koma aðrirhvarir, Ragnar eða synir hans: en þér skul- uð vera hér þartil, en ekki skal af spara, at eggja til hefnda, jafnt sem þeir væri mínir synir. Nú eru þeir þar; en svá gefr til, at þeir Ívar koma

<sup>1</sup>) fregnat, *B.*    <sup>2</sup>) hlunnroð, *hin.*    <sup>3</sup>) úrbjúg, *D.*

fyrri heim, enn Ragnar, ok eru þeir eigi lengi heima, áðr Áslaug ferr at finna sonu sína, en Sigurðr var þá þrèvetr<sup>1</sup>; hann ferr með móður sinni. Ok þá er hún kemr í höll þá, er þeir réðu fyrir bræðr, fagna þeir henni vel, okspyrja hvarir aðra tíðinda, ok segja þeir fyrri fall Rögnvalds, sonar hennar, ok frá þeim atburðum, er þar höfðu orðit; en ekki fær henni þat mikils, ok kvað:

Kaga létu<sup>2</sup> mik mínir  
 mávángs synir laungum,  
 er<sup>3</sup> eruð [heim af<sup>4</sup> heiman  
 húsgafs<sup>5</sup> meðalfærir<sup>6</sup>;  
 Rögnvaldr tók at rjóða  
 rönd í gumna blóði,  
 hann kom yngstr til Óðins  
 ógndjarfr sonar minna.

Ek kann eigi þat at sjá, segir hún, at hann mundi til meiri frægðar lifa. Nú spyrja þeir, hvat hún segi tíðenda. Hún svarar: fall þeirra Eiriks ok Agnars, bræðra yðarra, en stjúpsóna minna, þeirra manna, er ek ætla at enir beztu drengir hafi verit; ok er þat úkynligt, at þer þolið slíkt eigi, ok hefnið miklu; ok þess vil ek biðja yðr, ok í öllum atbeina vera með yðr, at þessa verði meirr hefnt, enn miðr. Nú segir Ívar: at þat er víst, at til Svíþjóðar kemr ek

<sup>1</sup>) tvævetr, B. <sup>2</sup>) litu, B. <sup>3</sup>) ei, B, F, J. <sup>4</sup>) hármí, at, B, L. <sup>5</sup>) húsgangs, B, L. <sup>6</sup>) meðalfæri, B, L.

aldri þeirrar tíðar, at ek berjumst við Eystein konúng, ok þann blótskap, er þar er. Hún fylgir þessu vel, en Ívar hefir orð fyrir þeim, ok synjar ávalt fararinnar; ok nú kvað hún vísu:

Eigi mundi yðar  
 úhefnt vera lengi  
 eitt misseri eptir,  
 ef þær dæið fyrri,  
 lítt hirði<sup>1</sup> ek þvíleyna,  
 ef líf hafa knætti  
 Eiríkr sitt ok Agnarr,  
 óbornir mér niðjar.

Eigi er víst, segir Ívar, hvárt þat stoðar nákkvat, þóttú kveðir aðra vísu at annari, eða hve gerla veiztu, hverr fastgarðr þar er fyrir? Eigi veit ek þat víst, segir hún, eða hvat kantu at segja, hver torveldi þar er á? Ívar segir, at þar er blótskapr svá mikill, at hvergi kvað<sup>2</sup> hann spurdaga<sup>3</sup>, at þvílíkr mundi vera: ok sá konúngr er bæði ríkr ok illgjarn. Hvat er þat, er hann trúir mest á í blótum? Hann segir: þat er kýr ein mikil, ok er hún kölluð Síbilja; hún er svá mjök mögnuð, at þegar er menn heyra lát hennar, hafa óvinir hans engir staðizt, ok er trautt sem berjast skuli við menn at eins, heldr má til þess ætla, at fyrri skal tröllskapnum mæta, enn konúnginum, ok vil ek hvárki hætta þar til

<sup>1</sup>) hefði, G. <sup>2</sup>) leiðrétt; kvaðst, A og hin. <sup>3</sup>) spurn á gjöra, B; spurdag á, C, D, E, F, H, G, J, K.

mèr, nè liði mínu. (Hún segir): á hitt máttu líta, at þú mant eigi bæði mega heita mestr maðr, ok vinna ekki til; ok nú er henni þikkir fyrir vãn komit, ætlar hún í brott, þótti henni þeir eigi mikils meta sín orð. Þá mælti Sigurðr ormr í auga: segja má ek þér, móðir! segir hann, hvat mèt er í hug, en eigi má ek ráða þeirra svörum. Heyra vil ek þat, segir hún. Nú kvað hann vísu:

Þat skal þriggja náttu,  
 ef þik<sup>1</sup> tregar, móðir<sup>2</sup>!  
 leið egum vèr lánga,  
 leiðánger búinn verða;  
 skal eigi Uppsölum,  
 þóat of fè bjóðið,  
 ef svá duga dísir,  
 Eysteinn konúnger ráða.

Ok er hann hafði þessa vísu kveðit, skipast nokkut hugr þeirra bræðra. Ok nú mælti Áslaug: yfir lýsir þú nú, son minn! at þú vilt gera minn vilja, en þó má ek eigi yfirsjá, at við komim þessu á leið, ef við höfum eigi fulltíng bræðra þinna, en þat mætti svá verða, at mèt mætti bezt þikkja, at þessa yrði hefnt, ok vel þikki mèt þér fara, son minn! Ok nú kvað Björn vísu:

Duga mun hugr ok hjarta  
 í hauksnöru<sup>3</sup> brjósti,  
 þótt miðr um þat mæli,  
 manni innan rifja;

<sup>1</sup>) þat, J. <sup>2</sup>) móður, B, G, J, K, L. <sup>3</sup>) haugsnöru, A.

eigi er oss í augum  
ormr, 'nè frá'nir snákar,  
bræðr gæddu mik mánir,  
man ek stjúpsonu þína<sup>1</sup>!

Ok nú kvað Hvítserkr vísu:

Hýggjum at hinu,  
áðr heiman farim,  
at hefnt megi verða;  
látum ýmsa illa  
Agnars bana fagna;  
skjótum huf á hrannir,  
höggum ís fyrir barði,  
sjám á hitt, hve snekkjur  
snemst vér megu búna<sup>2</sup>.

[En Hvítserkr ræddi því um þat, at ís skyldi  
höggva, at frost voru á mikil, ok voru skip þeirra  
[inni frerin<sup>3</sup>. Ok nú tók Ívar til orða, ok segir,  
at þá var þar komit, er hann mundi nokkra  
lut í eiga, ok nú kvað hann vísu:

Hafim ofrhuga ærinn  
ok áræði bæði,  
þess mundu þá þurfa,  
at þar mikit fylgdi<sup>4</sup>;  
bera munuð mik fyrir bragna  
beinlausan fram verða,  
þóat ek hönd til hreifa  
at hváriga neytgi<sup>5</sup>.

<sup>1</sup>) *vísuna v. í B.* <sup>2</sup>) *vísuna v. í B.* <sup>3</sup>) *ný frosin, hin; frá  
fyrri [ó. í B.* <sup>4</sup>) *fylgi, J, K.* <sup>5</sup>) *neytik, G, H; vís. 'v. í B.*

Oker hitt nú til, segir Ívar, at vèr leggjum á slíkan hug, sem vèr megum, of skipabúnað ok um samdrátt herliðs, þvíat vèr munum þess, við þurfa, at spara ekki af, ef vèr skulum sigrast.

Nú gengr Áslaug í brott.

10. Sigurðr hefir átt sér einn fóstra, ok annast sá fyrir hans hönd bæði skip at búa ok lið til at fá, svá at þau væri öll skiput; ok nú gengr þeim svá skjótt, at þat lið, er Sigurðr skyldi búit hafa, var búit, er þrjár nætr voru liðnar, ok hafði hann 5 skip, ok öll vel skiput. Ok þá er fimm nætr voru liðnar, hafði Hvítserkr ok Björn búin 14 skip, en Ívar hafði 10 skip, [ok Áslaug önnur 10', þá er sjö nætr voru liðnar frá því, er þau höfðu viðræðst ok þeir höfðu heitit ferðinni. Nú hittast þau öll saman, ok segir hvert þeirra öðru, hve mikit lið hvert hafði fengit; ok nú segir Ívar, at hann hafði sendt landveg riddaralið. Áslaug segir: ef ek víska, at þat lið mætti til gánga<sup>2</sup> komast, er land færi, þá mætta ek mikit lið hafa sendt. Ekki skal nú at því dveljast, segir Ívar, með þetta lið skal nú fara, sem vèr höfum samandregit. Nú segir Áslaug, at hún vill fara með þeim: ok veit ek þá gerst, hver stund á er lögð at hefna þeirra bræðra. Þat er víst, segir Ívar, at þú kemr eigi á vár skip; hitt skal vera, ef þú vill, at þú ráðir fyrir því liði, er landveg ferr; hún kvað svá vera skulu; nú er breytt nafni henn-

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) gagns, hin.

ar, ok er nú kölluð Randalín. Nú ferr liðit hvárttveggja, ok kvað Ívar á áðr, hvar þauskyldu finnast. Nú ferst þeim vel hvárumtveggjum, ok hittast þar, sem ákveðit er; ok hvar sem þau koma við Svíþjóð í ríki Eysteins konungs, fara þeir herskildi yfir, svá at þeir brendu allt þat, er fyrir varð, drápu hvert mannsbarn, ok því jóku þeir við, at þeir drápu allt þat, er kykt var.

11. Nú er þat eitthvert sinn, at menn komast undan á fund Eysteins konungs, ok segja honum, at í ríki hans var kominn mikill herr, ok svá illr viðskiptis, at þeir létu eigi ógert, ok þeir höfðu eydt allt þat, er þeir höfðu yfir farit, ok [ekki hús' stóð upp'. Nú er Eysteinn konúngr heyrir þessi tíðendi, þikkist hann víta, hverir þeir víkingar munu vera; ok nú lætr hann fara örfarboð um allt sitt ríki, ok stefnir öllum til, þeim er hans menn eru ok honum vilja lið veita, ok skildi megu valda: vér skulum hafa með oss kúna Síbilju, goð vart, ok láta hana hlaupa fyrir liðinu, ok væntir mik, at enn fari sem fyrr, at þeir megu eigi standast lát hennar; vil ek allt lið mitt þess eggja, at sem bezt dugi, ok rekum af oss þenna enn mikla her ok inn illa. Ok nú er svá gert, at Síbilja er laus látin; ok nú sèr Ívar för hennar, ok heyrir þau en grimmligu læti, er [or henni

<sup>1)</sup> þannig B, L; akkert, J, K; ekki h', A og hin. <sup>2)</sup> uppi, B, G, J, K.



voru<sup>1</sup>; mælir hann, at allt liðit skyldi gera úhljóð mikit, bæði af vopnum ok herópi, at þeir heyri sem sízt rödd hennar þess ens illa kykvendis, er fór í móti þeim. Ívar mælti við sína burðarmenn, at þeir skyldu bera hann á móti [svá sem þeir mætti framast: ok þá er sjá kýr kemr at oss, kastið mér at henni<sup>2</sup>, ok mun þá vera annathvært, er ek skal láta mitt líf, eða hún skal fá bana; nú skulu þer taka eitt tré mikit, ok telgja á bogamynd, ok skeyti með; ok nú er honum færðr sjá bogi enn sterki ok þau en miklu skeyti, er hann hafði gera látit, er aungum þótti sèr vopnhæft annarra. Nú eggjar Ívar hvern mann, at dugi sem bezt. Nú ferr lið þeirra með miklum geysingi ok gný, en Ívar var borinn fyrir fylkingum þeirra. Nú verðr svá mikill gnýrr, er Síbilja beljar, at þeir heyrðu jafngerla, sem þeir þegði ok stæði kyrrir; nú bregðr þeim svá við þetta, at lið þeirra vill berjast allt, nema þeir bræðr. Ok er þessi endemi verða, sjá þeir þat, er Ívar báru, at hann dregr svá boga sinn, sem hann hefði einn álmsveig véikan, ok við því þótti þeim búit, at hann drægi fyrir odd örfar sínar. Nú heyra þeir at strengr gellr hans svá hátt, at hann heyrðu þeir aldrígi svá fyrri; ok nú sjá þeir at hans örfar flugu svá snart, sem hann hefði skotit af enum sterkasta lásboga, ok svá gegnt, at í sitt auga kom hvár örin Síbilju; ok nú fellr hún, ok

<sup>1</sup>) hún hefir, *lin.*    <sup>2</sup>) v. i. B.

eptir þat ferr hún höfuðsteypu, ok nú eru læti hennar miklu verri enn fyrr; ok er hún kemr at þeim, biðr hann kasta sèr at henni, ok verðr þeim hann svá lètt, sem þeir kasti barni litlu, þvíat þeir voru eigi allnær kúnni, þá er þeir köstuðu honum; ok þá kom hann á hrygg kúnni Síbilju, ok varð hann þá svá þúngr, sem bjarg eitt fèlli á hana, ok hvert bein brotnar í henni, ok fær hún af því bana. Nú biðr hann menn sik upp taka sem skjótast; ok nú er hann upp tekinn; ok nú er rödd hans svá hvell, at svá þótti öllum hermönnum, er hann mælti, sem við sjálfst væri, þótt fjarri væri staddir, ok it bezta hljóð var til gefit hans erendis; ok svá lýkr hann sinni tölu, at úfriðr sjá nemst þegar af allr, er yfir þá hafði komit, ok þá sakaði ekki, þvíat lið þeirra hafði skamma stund barizt. Nú eggjar Ívar at þeir skyli vinna sem verst verk á þeim: ok nú þikki mér af enn ólmasti<sup>1)</sup>, er kýrin er drepin. Ok nú hafa hváirtveggju fylkt liði sínu, ok sígr saman orrostan, ok er bardagi svá harðr, at þat mæltu allir Svíar, at þeir hefði aldri í slíkri mannaun verit. Nú gánga þeir svá hart fram bræðr, Hvítserkr ok Björn, at engi fylking stendr við; ok nú fellr svá mjök lið Eysteins konúngs, at minna stendr upp, en sumt kemr á flóttu; ok nú lýkr svá þeirra bardaga, at Eysteinn konúngr fellr, en þeir bræðr hafa sígr; ok nú gefa þeir þeim grið, sem eptir voru.

<sup>1)</sup> ókyrrleikinn, b. v. B.

Ok nú segir Ívar, at hann vildi eigi herja lengr í því landi, þvíat þat land var nú höfðingjalust: ok vil ek heldr at við haldim þar til, er meira ofrefli er fyrir; en Randalín fór heim með sumt liðit.

12. Nú ráða þeir þat með sér, at þeir skulu herja í Suðrriki, en Sigurðr ormr í auga<sup>1</sup> fór með bræðrum sínum í hverja herför síðau; [í þessi för leggja þeir til hverrar borgar, er mikil er, ok unnu svá, at ekki stóð við<sup>2</sup>. Ok nú spyrja þeir til einnar borgar þeirrar, at bæði var mikil ok fjölménn ok harðger; ok nú segir Ívar, at hann vill þartil stefna; ok þat var ok sagt, hvat sú borg hét, ok hverr fyrir ræðr, en sá höfðingi var kallaðr Vífill, af hans nafni var borgin kölluð Vífilsborg. Nú fara þeir svá herskildi yfir, at þeir eyða allar borgir, er fyrir urðu, þartil er þeir komu til Vífilsborgar; höfðinginn var eigi heima í borg sinni ok mikit lið með honum. Nú setja þeir upp búðir sínar á völlum þeim, er hjá borginni voru, ok eru í kyrðum þann dag, er þeir komu til borgarinnar, ok höfðu mál af borgarmönnum; þeir buðu þeim, hvárt þeir vildu heldr gefa upp borgina, ok mundi þá friðr gefinn öllum mönnum, eða þeir ynni af sínu ofrefli ok harðfengi, ok munu þá engum mönnum grið gefin. En þeir leystu skjótt or, ok sögðu, at þá borg fengi þeir aldr-

<sup>1</sup>) son hennar, b. v. A; v. í B og fl. <sup>2</sup>) v. í B.

ígi unnit, svá at þeir gefi hana upp: ok munu þær verða fyrr at reyna yðr, ok sýna oss yðarn frækneik ok kapp. Líðr nú sú nott. Ok inn nærsta dag eptir leita þeir til at vinna borgina, ok fá ekki at gert; sitja þeir um þá borg hálf-an mánuð, ok leita til hvern dag, at þeir geti þá borg unnit ok með ýmsum brögðum, en þat ferr því firr<sup>1</sup>, sem þeir hafa lengr viðleitat, ok ætluðu nú frá at hverfa. [Ok þá er borgarmenn verða við þat varir, at þeir ætla frá at hverfa, þá gánga þeir<sup>2</sup> útá borgarveggi, ok breiða guðvefjar pell of alla borgarveggina, ok öll klæði þau, er fegrst voru í borginni, ok törruðu<sup>3</sup> fyrir þeim gulli ok gersimum þeim, er mestar voru í borginni. Ok nú tekr einn til orða af liði þeirra, ok mælti: vèr hugðum at þessir menn, synir Ragnars, ok lið þeirra, væri harðfengnir menn, en vèr megum þat segja, at þessum hefir eigi nærr farit, enn öðrum. Nú eptir þetta æptu þeir á þá, ok börðu á skjölduna ok eggjuðu at sèr, sem þeir máttu mest. Ok er Ívar heyrir þetta, brá honum við mjök, svá at hann fær af þessu sótt mikla, svá at hann má hvergi hræra, ok verða þeir at bíða, at annathvært batni honum, ella hafi hann bana; hann liggr þenna dag allan til kvelds, svá at hann mælti ekki orð; ok þá mælti hann við þá menn, er hjá honum voru, at þeir skyldu segja þeim Birni, Hvítserki ok Sigurði, at hann vildi

<sup>1</sup>) verr, B, L.    <sup>2</sup>) þá gánga borgarmenn, B, J, K.    <sup>3</sup>) þannig (tauruðu) A og fl.; terruðu, J, K.

þeirra fund hafa, ok allra enna vitrustu manna. Ok nú er þeir koma allir í einn stað, er mestir höfðingjar eru í þeirra liði, þá spyr Ívar þá eptir, ef þeir hefði nokkr ráð sæt, þau er líkari væri til at sigrast, enn þau, er þeir höfðu fyrr haft; en þeir svara allir, at þeir hefði eigi vit til þess, at sjá þau brögð, er þeim væri sigr í: er nú sem optarr, at þinna ráða mun njóta verða. Þá svarar Ívar: mér hefir eitt ráð í hug komit, þat er vèr höfum eigi freistat: hér er skógr mikill eigi langt í brutt, ok nú, er náttar, skulu vèr fara or tjöldum vorum leyniliga til skógar, en herbúðir vorar skulu standa eptir, ok er vèr komum í mörkina, skal hverr maðr binda sèr byrði; ok er því er lokit, skulu vèr fara at borginni öllum megin, ok slá eldi í viðinn, ok mun þá gerast bál mikit, ok borgarveggir þeirra munu þá láta lím sitt fyrir þeim eldi, ok skulu vèr þá bera at valsleyngur, ok reyna, hve harðger hún er. Ok nú er svà gert, at þeir fara til skógar, eru þar slíka hríð, sem Ívari sýndist. Nú fara þeir at borginni eptir tilskipun hans; ok þá er þeir lustu eldi í viðinn enn mikla, varð bál svà mikit, at veggirnir megu eigi standast ok láta lím sitt, ok bera þeir þá valslaungur at borginni, ok brjóta á hlið mörg, ok tekst nú bardagi. Ok þegar er þeir standa jafnt at vígi, þá fellr lið borgarmanna, en sumt flýr undan, ok svà lýkr þeirra skiptum, at þeir drepa hvert

mannsbarn, er í var borginni, ok taka brott allt fè, en brenna borgina áðr þeir fari á brott.

13. Nú halda þeir í brott þaðan, þartil er þeir koma í þá borg, er Lúna het; þá höfðu þeir hverja borg ok hvern kastala brotit nálíga í öllu Suðrriki; ok nú eru þeir svá frægir of allan heim, at ekki var svá lítit barn, at eigi kynni nafn þeirra. Nú ætla þeir at létta eigi fyrr, enn þeir koma til Rómaborgar, af því at sú borg var þeim bæði sögð mikil ok fjölmenn, ok ágæt ok auðig, en þat vissu þeir eigi gjörla, hve laung leið þángat er, en þeir höfðu svá mikit lið, at eigi fengust vistir; ok nú eru þeir í þeirri borg Lúna, ok ræða með sér of ferð sína. Nú kemr þar maðr einn, gamall ok geðsligr<sup>1</sup>; þeir spyrja, hvat manna hann væri; en hann segir, at hann sè einn stafkarl, ok hafi alla æfi farit yfir land. Þú munt margt kunna tíðenda at segja oss, þat er vèr viljum vita. Enn gamli maðr svarar: eigi veit ek þat víst, af hverjum löndum þèr villð spyrja, þess er ek veit eigi at segja yðr. Þat viljum vèr, at þú segir oss, hve laung leið er hëðan til Rómaborgar. Hann svarar: ek kann segja yðr nökkut til merkja: þèr meguð hèr sjá þessa járnskó, er ek hefi á fótum mér, þeir eru nú fornir<sup>2</sup>, ok þá aðra, er ek hefi á baki mér, þeir eru nú ok slitnir; en þá er ek fór þaðan, batt ek þessa á færtr mér ena slitnu, er ek hefir nú á baki mér,

<sup>1</sup>) grátligr, B; gráligr, hin. <sup>2</sup>) farnir, hin.

ok voru þá nýir báðir, ok á þeirri leið hefir ek verit ávalt síðan. En er inn gamli maðr hafði þetta mælt, þikkjast þeir sjá, at þeir megu eigi þessu á leið koma, er þeir hafa fyrir sér ætlat, til Róms at fara. Ok nú snúa þeir frá með her sinn, ok unnu margar borgir, þær er aldri höfðu unnar verit fyrr, ok þess jartenir sjást enn í dag.

14. Nú er þar til máls at taka, er Ragnar sitr heima í ríki sínu, ok hann veit eigi, hvar synir hans eru, nè Randalín<sup>2</sup> kona hans, ok þat heyrði hann hvern tala af sínum mönnum, at engir mætti jafnast við syni hans, ok hugðist honum svá at, at engir væri jafnfrægir þeim; nú hyggur hann at því, hværrær frægðar hann mætti þess leita, er eigi væri skemr uppi. Nú hyggur hann ráð sitt ok fær sér smíða, ok lætr fella mörk<sup>3</sup> til tveggja skipa mikilla, ok þat skildu menn, at þat voru knerrir 2, svá miklir, at engir höfðu slíkir verit gersir á Norðrlöndum, ok þar með lætr hann hafa of allt sitt ríki mikinn vopnabúnað; ok með þessi breytni skilja menn þat, at hann mun ætla nokkra herferð fyrir sér or landinu. Þetta spyrst víða á lönd þau, er nærst voru; ok nú ugga menn þat, ok allir konúngar, er fyrir landi reðu, at þeir mundu eigi í löndum sínum eða ríkjum vera mega; ok nú lætr hværr þeirra vera varðhöld um lönd sín, ef

<sup>1</sup>) jarðteiknir, hin. <sup>2</sup>) Aslaug, B hér og frv. <sup>3</sup>) mikil tvè, B, L.

nökr<sup>1</sup> beri hann<sup>2</sup> at. Þat er eitt sinn, er Randalín spurði Ragnar, hverja för hann ætlaði fyrir sèi. Hann segir henni, at hann ætlaði til Englands, ok hafa eigi fleiri skip enn 2 knörru, ok þat lið, sem á þeim má fara. Þá segir Randalín: sú för lízt mér óvarlig, er nú ætlar þú, mér þætti þér ráðligra, at hafa fleiri skip ok smærri. Þat er ekki ágæti, segir hann, þótt menn fái unnit land með mörgum skipum, en til þessa eru eigi dæmi, at með tveimr skipum hafi unnit verit slíkt land, sem England er; en ef ek fæ úsigr, þess betr, sem ek hefí færri skip or landi. Þá svarar Randalín: mér sýnist sjá eigi minni fèkostnaðr, áðr þessi skip sè búin, enn þóttú hefðir lán skip mörg til þessarar ferðar, en þú veizt þat, at illt er skipum at halda at Englandi, ok ef svá verðr, at skip þín týndist, þótt menn komist á land, þá eru þeir þegar uppgefni, ef landherr kemr at, en betra er at halda lán skipum til hafna enn knörrum<sup>3</sup>. Nú kveðr Ragnar vísu:

Spari mángi<sup>4</sup> rauf Rínar,  
 ef röskr vill hermenn<sup>5</sup>,  
 verr samir hoskum hilmi  
 hrínga fold enn drengja;  
 illt er í borg lið<sup>6</sup> bauga  
 brandrauðum fram standa,

<sup>1</sup>) þar, B; nokkrstaðar, C; nokkurn, J, K. <sup>2</sup>) þann, J, K. <sup>3</sup>) stórskipun, J, K. <sup>4</sup>) margi, F; meingi, J; megi, K. <sup>5</sup>) æða hermanna, A. <sup>6</sup>) tíð, G.



allmarga veit ek jöfra,  
þá er vaðr<sup>1</sup> lifir, dauða<sup>2</sup>.

Nú lætr hann skip sín búa, ok fær sér lið, svá at þeir knerrir eru mjök skipaðir; nú er fjöl-rædt um hans fyrirætlan, ok enn kvað hann vísu:

Hvat er þat baugs<sup>3</sup> or bögum<sup>4</sup>  
brjót<sup>5</sup> heyri ek nú þjóta,  
at menn mundils<sup>6</sup>.

[mars svamdr<sup>7</sup> ofnir hafna?  
þó skal ek þeirra ráða,  
þann bil, ef goð vilja,  
Æigils álnar leygjar<sup>8</sup>,  
ókvíðandi, bíða<sup>9</sup>.

Ok er skip hans eru búin ok þat lið, er hon-um skyldi fylgja, ok þá er þat veðr kemr, er hon-um þótti sér vel koma, segir Ragnar, at þá mundi hann fara til skipa; ok er hann var búinn, leidði hún hann til skipa; ok áðr þau skiljast, kveðst hún mundu launa honum serk þann, er hann hafði gefit henni. Hann spyr, með hverjum hætti þat væri; en hún kvað vísu:

Þér ann ek serk enn síða  
ok saumaðan hvergi,  
við heilan hug ofnan<sup>10</sup>  
or hársima grani<sup>11</sup>;

<sup>1</sup>) vaðir, E, G. <sup>2</sup>) víð. v. í B. <sup>3</sup>) haug, A; bör, hin.  
<sup>4</sup>) baugum, A og hin. <sup>5</sup>) brjót, D, F, H. <sup>6</sup>) fara, b. v. C;  
mara, b. v. D, E, F, G, H, J, K. <sup>7</sup>) þannig A; mund  
svamdr, C, F, H, J, K. <sup>8</sup>) lengjar, G. <sup>9</sup>) víð. v. í B. <sup>10</sup>)  
ofinn, B, J, K. <sup>11</sup>) eða kanske garni, A; gráam, C, D, H;  
graðinu, E, G.

mun eigi þen blæða,  
 nè bíta þig eggjar,  
 í heilagri hjúpu,  
 var hún þeim goðum signuð.

Hann segir, at hann vill þessi ráð þiggja. En þá er þau skildust, var auðsætt, at henni þótti mikit fyrir þeirra skilnaði.

15. Nú heldr Ragnar skipum sínum til Englands, sem hann hafði ætlat; honum gaf byri hvassa, svá at við England brýtr hann báða knörru sína, en á land komst allt lið hans, ok hældu klæðum sínum ok vopnum; ok þar sem hann kemr við þorp ok borgir ok kastala, þá vinnr hann. En konúgr sá hæt Ella<sup>1</sup>, er þá ræð Englandi; hann hafði haft fréttir til Ragnars, er hann fór or landi; hann hafði sett menn fyrir, at hann skyldi þegar vita, ef herrinn kæmi við land; nú fóru þeir menn til fundar við Ella konúgr, ok segja honum hersögu. Nú lætr hann senda boð um allt sitt ríki, ok bað til sín koma hvern mann, er skildi má valda ok hesti at ríða, ok þori at berjast, ok dregr hann saman svá mikinn her, at furða var at; nú búast þeir til bardaga Ella konúgr. Þá mælti Ella konúgr við lið sitt: ef vèr sigrumst<sup>2</sup> í bardaga þessum, ok verði þèr við þat varir, at Ragnar er kominn, þá skulu þèr eigi bera vopn á hann, þvíat hann á þá sonu eptir, er aldrí munu af oss ganga, ef hann fellr. Ragnar býst nú til bardaga, ok

<sup>1</sup>) Elli, B, J, K, hér og framvegis. <sup>2</sup>) sigrum, J, K.

hann hafði þat klæði, er Randalín hafði gefit honum at skilnaði, fyrir brynju, ok þat spjót í hendi, er hann vann at orminum, er lá um sal þóru, ok engi þorði annarra, ok hann hafði enga hlíf nema hjálm. En þá er þeir hittast, tókst bardagi. Ragnar hafði miklu minna lið. Bardaginn hafði eigi lengi verið, áðr lið Ragnars féll mjök, en þar sem hann fór, varð rírt fyrir, ok gekk hann í gegnum fylkingar þann dag, ok þar sem hann hjó, eða lagði í skjöldu, brynjur eða hjálma, þá voru svá stór högg hans, at ekki vetta<sup>1)</sup> stóð við, en aldri var svá til hans höggit eða skotit, at neitt vopn yrði honum at meini, ok fékk hann aldri sár, en hann drap mikinn fjölda af liði Ella konúngs; en þó lauk svá bardaga þeirra, at allt lið Ragnars féll, en at honum voru bornir skildir ok svá handtekinn. Nú var hann spurðr, hvat manna hann var; en hann þagði við, ok svaraði engu. Þá mælti Ella konúngr: sjá maðr man verða at koma í meiri manna-raun, ef hann vill eigi segja oss, hverr hann er; nú skal kasta honum í einn ormgard ok láta hann þar sitja mjök lengi, ok ef hann mæliir nákkvat þat, er ver megim skilja, at hann sé Ragnar, þá skal hann í bratt taka sem skjótast. Nú er honum þangat fylgt, ok hann sitr þar mjök lengi, svá at hvergi festast ormar við hann. Þá mæltu menn: þessi maðr er mikill fyrir sér; hann bitu eigi vopn í dag, en nú granda hon-

<sup>1)</sup> þannig A; neitt, hin.

um eigi ormar. Þá mælti Ellá konúgr, at hann væri flettr af klæði því, er hann hafði ytst; ok nú var svá gert, ok hengu ormar öllum megin á honum. Þá mælti Ragnar: gnyðja mundu nú grísir<sup>1</sup>, ef þeir vissi hvat enn gamli þyldi<sup>2</sup>; ok þótt hann mælti slíkt, þá vissu þeir eigi at gerr, at Ragnar væri þat, heldr enn annar konúgr<sup>3</sup>. Nú kvað hann vísu:

Orrostur hefi ek áttar,

þær er ágætar þóttu,

gerða ek mörgum mönnum;

meín, fimmtýgi ok eina;

eigi hugða<sup>4</sup> mik ormar

at aldragi mínu;

þat verðr mjök<sup>5</sup> [mörgu sinni<sup>6</sup>,

er minnst varit<sup>7</sup> sjálfan.

Ok enn kvað hann:

[Gnyðja mundu grísir,

ef galtar hag vissi<sup>8</sup>,

mér er gnot<sup>9</sup> at grandí<sup>10</sup>,

grafa inn<sup>11</sup> rönnum sínum,

ok harðliga hrína,

hafa mik sogit ormar;

nú man ek nárr af<sup>12</sup> bragði,

ok nærr dýrum deyja<sup>13</sup>.

<sup>1</sup>) ef galtar hag vissu, *b. v. B.* <sup>2</sup>) liði, *B.* <sup>3</sup>) í þessum ormar-  
garði orti Ragnar Loðbrók Bjarkamál, þau er hér eptir fylgja:  
Hjuggum vér með hjörvi, *o. s. frv. öll til enda, B.* <sup>4</sup>) ek, *b. v.*  
*L.* <sup>5</sup>) *v. í G.* <sup>6</sup>) mörgum, *hin.* <sup>7</sup>) varit, *E, F, G.* <sup>8</sup>)  
Grina mundi grísir, ef galta hól vissu, *Annálar Nr. 417, í 4blf.*  
<sup>9</sup>) gnagt, *G*; gnat, *hin.* <sup>10</sup>) eða graði, *A og hin.* <sup>11</sup>) menn,  
*hin.* <sup>12</sup>) at, *G.* <sup>13</sup>) frá: annar konúgr, *o. s. frv. v. í B.*

Nú lætr hann líf sitt, ok er hann nú færðr á brott þaðan; en Elka konúgr þikkist vita, at Ragnar hefir lífsitt látit. Nú hyggrr hann fyrir sér, hve hann skyldi þess verða varr, eða með fara, at hann mætti halda ríki sínu, eða vita, hve þeim brygði við sonum Ragnars, er þeir spyrja. Hann tekr þat til ráðs, at hann lætr búa skip eitt, ok fær þann mann til fyrir at ráða, er bæði var vitr ok harðfengr, ok þar fær hann menn til, svá at þat skip var vel skipat, ok segif, at hann vill þá senda á fund Ívars ok þeirra bræðra, ok segja þeim fall feðr þeirra; en sjá för lízt flestum úvænlig, svá at farit<sup>1)</sup> vildu fara. Þá mælti konúgr: at því skulu þer vándliga hyggja, hversu hverjum þeirra bræðra bregðr við þessi tíðendi, farið þá leiðar yðarrar síðan, ær yðr gefr veðr; svá lætr hann búa ferð þeirra, at þeir þurftu at engu annarra; ok nú fara þeir, ok ferst þeim vel.

16. En er synir Ragnars höfðu herjat of Suðrríki, þá snèru þeir á Norðrlönd, ok ætluðu at vitja ríkis síns, þess er Ragnar ræð fyrir, en þeir vissu eigi herför hans, hversu hún hafði orðit, ok þó er þeim mikil forvitni á, hversu orðit hafði. Nú fara þeir sunnan of land; en hvervetna, er menn fréttu til fara<sup>2)</sup> þeirra bræðra, eyddu menn borgir sínar, ok færðu fè sitt á brott, ok flýðu<sup>3)</sup> undan, svá at trautt fengu þeir liði sínu mat. Þat er einn morgin, at Björn Járnsíða vaknar, ok kvað vísu:

1) fáir, *lin.* 2) v. í B. 3) færðu, B; L; flýttu, *lin.*

Hér flýgr hverjan morgin  
 hress of borgir þessar,  
 læzt<sup>2</sup> heill<sup>3</sup> mun af húngri,  
 heidarvalr<sup>4</sup>, of deyja;  
 hann fari suðr um sanda  
 seggi<sup>5</sup> hvar<sup>6</sup> vèr létum,  
 þar fær hann dauðs manns dreyrana  
 döggr or skýli<sup>7</sup> höggum.

Ok enn kvað hann:

Þat var fyrst, er fórum,  
 Freysleika tók ek heyja,  
 þar er einiga áttum  
 öld í Rómaveldi;  
 þar lét ek of græn granna<sup>8</sup>;  
 gall örn<sup>9</sup> of valfalli,  
 at mennskelku<sup>10</sup> morði  
 mitt sverð dregit verða<sup>11</sup>.

Nú berð svá til, at þeir koma fyrri í Danaveldi enn sendimenn Ella konungs, ok sitja nú kyrrir með lið sitt. En sendimenn koma með lið sitt vil þeirrar borgar, er synir Ragnars þiggja veizlu, ok ganga í þá höll, er þeir drekka, ok fyrir hásetit, er ívar liggur í. Sigurðr omri auga ok Hvítserkr hvati sitja at hneftaflí, en Björn járnsláa skefr spjótскеpti á hallargólfmu. Ok

1) fylgir, *hin*. 2) læzt, *skrifa öll*. 3) skrif. hell í *A* og *fl*; heila, *G*. 4) leiðrætt *svona*; heidarvals, *A* og *hin*. 5) tilgátt; ok, *A*; set, *F*, *L*. 6) ok hvat, *F*, *L*. 7) skýl, *J*, *K*. 8) þannig réttar *J*, *K*; grana, *A* og *hin*. 9) aũm, *A* og *fl*; um, *G*. 10) þannig, þó óljóst, í *A*; menn skerði, *lín*. 11) frá: þat er einn morgin, o. s. fr. v. í *B*.

er sendimenn Ella konungs koma fyrir Ívar, kveðja þeir hann virðuliga; en hann tekr kveðju þeirra, ok spyr, hvaðan þeir sé, eða hvat þeir segja tíðenda. Ok sá, er fyrir þeim var, segir, at þeir voru Enskir menn, ok þá hefir Ella konungur þángat senda með þau tíðendi, at segja fall Ragnars feðr þeirra. Hvítserkr ok Sigurðr láta þegar falla niðr taflit, ok hyggja at vandliga þessi tíðenda sögn. Björn stendr á hallargólfinu, ok studdist við spjótskepti sitt; en Ívar spurði þá vandliga, með hverjum atburð líflát hans hafði verit. En þeir sögðu allt, sem farit hafði, þaðan frá, er hann kom við England ok til þess, er hann lét líf sitt. Ok nú er þessi sögu var þar komit, er hann hafði þetta mælt: gnyðja mundu grísir, þokar Björn höndum sínum á spjótskaptinu, ok svá hafði hann tekit fast, at handastaðinn sá á eptir; þá er sendimenn luku frásögn þessi, hristir Björn spjótit í sundr, svá at stökk í tvá luti. En Hvítserkr hældt töfl einni, er hann hafði drepit, ok hann kreisti hana svá fast, at blóð stökk undan hverjum nagli. En Sigurðr ormr í auga hafði haldit á knífi einum, ok skóf nagl sinn, er þessi tíðendi voru sögð, ok hugði svá vandliga at þessum tíðendum, at hann kendi eigi fyrr, enn knífrinn stóð í beini, ok brást hann ekki við. En Ívar spyr at öllu sem gjörst, en litr hans var stundum rauðr, en stundum blárr, en lotum<sup>1</sup> var<sup>2</sup> hann

1) stundum, B. 2) varð, J, K.

bleikr, ok hann var svá þrútinn, at hans hörund var allt blásit af þeim grimmeik, er í brjósti hans var. Nú tókr Hvítserkr til orða, ok sagði, at svá mætti hefndina bráðast upphesja, at drepa sendimenn Ella konúngs. Ívar segir: Þat skal eigi vera, þeir skulu fara í friði, hvert er þeir vilja, ok ef nokkr lutr er sá, at þá skorti, skulu þeir mēr til segja, ok skal ek fá þeim. Ok nú er þeir hafa lokit erendi sínu, snúa þeir utar eptir höllinni, ok til skips síns; ok er þeim gefr byrr, láta þeir í haf, ok ferst þeim vel, þar til er þeir koma á fund Ella konúngs, ok segja honum frá, hversu hverjum þeirra hefir viðbrugðit þessa tíðenda sögn. Ok er Ella konúngr heyrir þetta, þá mælti hann: Þess er von, at annathvart munu vér Ívar þurfa at óttast, eða engan ella, at því, er þér segið frá honum, ok mundi þeim gott innan rifja, ok haldit munu vér fá ríki voru fyrir þeim. Nú lætr hann varðhöld hafa um allt sitt ríki, svá at eigi mátti herr komast á úvart honum.

17. En er sendimenn Ella konúngs voru brottfarnir, gánga þeir bræðr á málstefnu, hversu þeir skyldu með fara of hefnd eptir Ragnar, feðr sinn. Þá mælti Ívar: engan lut man ek í eiga, ok eigi fá lið til, þvíat Ragnar fór sem mik varði; hann bjó illa sína sök til í upphafi, hann átti engar sakir við Ella konúng, ok hefir þat opt orðit, ef maðr ætlar ofrkapp fyrir sér með rángendum, at hann hefir

<sup>1</sup>) eigi, b. v. B, L.



Því úvirðuligar niðr komit; ok vilek þiggja fêbætr af Ella konúngi, ef hann vill til leggja við mik. En er þeir heyra þetta, bræðr hans, verða þeir reiðir mjök, ok segja, at aldrí skyldu þeir svá at klækjum verða, þótt hann vildi svá: munu þat margir mæla, at oss sè mislagðar hendr í knè, ef vèr skulum eigi hefna föður vârs, en vèr höfum víða farit um heim með herskildi, ok drepit margan mann saklausan, ok enn skal eigi þat verða, heldr skal búa hvert skip, er sæfært er í Danaveldi, skal svá gjørsamliga safna liði, at hverr maðr, er skjöld má bera ímót Ella konúngi, skal fara. En Ívar segir, at hann mundi eptir sitja, ok þau skip, er hann á fyrir at ráða: nema þat eitt, er ek á sjálfr. Ok er þetta spyrst, at Ívar leggr aunga stund á, fá þeir miklu minna lið, ok fara þó eigi at síðr. Ok þegar, er þeir komu við England, verðr Ella konúngr varr við, ok lætr þegar lúðr sinn við gjalla, ok bíðr til sín öllum mönnum, er honum vilja fylgja; ok nú fær hann svá mikit lið, at engi maðr mátti tölu á koma, ok ferr ímót þeim bræðrum. Ok er þeir finnast, var Ívar ekki í þeim bardaga; ok svá lýkr þeirra bardaga, at synir Ragnars koma á flótta, en Ella konúngr hefir sigr. Ok er hann var at, at reka flóttann, segir Ívar, at hann ætlar ekki aptr at hverfa til liðs síns: ok vil ek reyna, hvárt Ella konúngr vill mér nokkrar sæmdar unna eða engrar, ok þikki-mèr sá betri, at þiggja yfirbót af honum, enn fara slíkar úfarar fleiri,

sem nú fóru vèr. Hvítserkr segir, at eigi mátti lut í eiga með honum, ok hann yrði at fara með sín efni sem hann vill: en aldri skulu vèr fè taka eptir feðr vörn. Ívar segir, at þar mundi skilja með þeim, ok það þá ráða ríki<sup>1</sup> því, er þeir áttu allir saman: en þèr skuluð senda mèr kausafè, sem ek kveð á. En er hann hafði mælt, það hann þá vel fara. En hann snýr aptr sinni ferð á fund Ella konúngs; ok er hann kemr fyrir hann, kveðr hann konúnginn virðuliga, ok hefr svá mál sitt: ek em kominn á fund yð-arn, ok vil ek mæla til sætta við þik, ok slíkrar sæmdar, sem þú vilt gert hafa til mín; ok nú sè ek þat, at ek hefi ekki við þèr, ok þikki mèr þat betra, at þiggja af yðr slíka sæmd, sem þú vilt mèr veita, en láta mína menn fleiri fyrir yðr, eða sjálfan mík. Þá svarar Ella konúngr: þat kalla sumir menn, at eigi sè hægt at trúa þèr, ok þú mælis þá opt fagrt, er þú hyggur flátt, ok mun oss vera vandt, at sjá við þèr eða bræðrum þínum. Ek mun til lítils mæla við þik, ef þú lætr þat til, skal ek þat sverja þèr ámót, at ek skal aldri vera ímót þèr. Nú spyr konúngr, til hvers hann mælti of yfirbætr: Ek vil, segir Ívar, attú gefir mèr þat af landi þínu, er uxahúð tekr yfir, en þar utanum skal grundvöll gera, ok mun ek eigi til meira mæla við þik, ok þat sè ek, at þú vilt mèr engrar sæmdar unna, ef þú vilt eigi þetta. Eigi veit ek, segir konúngr, at oss megi þetta

<sup>1</sup>) fyrir, hin.

at meini verða, þótt þú hafir þetta or mínu landi, ok at visu mun ek fá þér þetta, ef þú vilt þat sverja mér, at berjast eigi ímót mér, ok eigi uggi ek bræðr þína, ef þú ert mér trúr. Nú ráða þeir þetta með sér, at Ívar sverr honum eíða, at hann skyldi eigi skjóta ímót honum, ok eigi ráð leggja til meins honum, en hann skal eignast af Englandi þat, sem uxahúð tekr yfir, er hann fengi mesta til.

18. Nú fær Ívar sér öldungshúð eina; ok nú lætr hann hana bleyta, ok þrisvar lætr hann hana þenja; nú lætr hann rista hana sem mjóst alla í sundr, ok þá lætr hann renna sér hvárt, hárrara eða holdrosu; ok er þessu var lokit, var þvengr sjá svá lángr, at furða var at, ok áungum kom í hug, at svá mætti verða, ok þá lætr hann breiða á einum velli, en þat var svá víðt land, at þat var mikil borgar vídd; ok þar fyrir utan lætr hann marka grundvöll, sem til mikilla borgarveggja; ok þá fær hann sér smíði marga, ok lætr reisa hús mörg á þeim velli, ok þar lætr hann gera borg eina mikla; ok er sú kölluð Lundúnaborg, hún er allra borga mest ok ágæzt of öll Norðrlönd. Ok nú er hann hafði borg þessa látit gera, hafði hann lausafé upp gefit; en hann var svá örr, at hann gaf á tvær hendr, ok þótti svá mikit um speki hans, at allir sóttu hann at sínum ráðum ok vandamálum; ok svá skipaði hann öllum málum, sem hverjum þótti sér bezt gegna, ok

gerist hann vinsæll, svá at hann á undir hverjum manni vin, ok er Ella konúngi mikít lið at honum fyrir landráða sakir, svá at konúngr lætr hann mörgum ráðum ok málum skipa, ok þarfi eigi til at koma sjálfr. Ok er Ívar hafði svá komit ráði sínu, at þar þikkir til allrar spektar at sjá, sendir hann menn á fund bræðra sinna þess erendis, at þeir sendi honum gull ok silfr, svá mikít sem hann kvað á. En er þessir menn koma á fund þeirra bræðra; segja þeir sín erendi, ok svá, hvar þá var komit hans ráð, þvíat menn þóttust þat eigi vita, yfir hverjum brögðum hann bjó, ok svá skildu þeir bræðr, at hann hafði ekki skapsmuni eptir því, sem hann var vanr. Nú senda þeir slíkt fè, sem hann ákvæði; ok er þeir koma til Ívars, gefr hann þau öll fè enum stærstum mönnum í landinu, ok dregr svá lið undan Ella konúngi, ok állir hétu því, at kyrrir mundu sitja, þótt hann gerði þangat hefðr. Ok er Ívar hefir svá lið dregit undir sik, þá sendir hann menn á fund bræðra sinna at segja þeim, at hann vildi, at þeir byði út leiðangri of þau lönd öll, er þeirra ríki stóð yfir, ok þeir skoraði hverjum manni, er þeir fengi. Ok þá er þessi orðsending kom til þeirra bræðra, kennast þeir við skjótt, skilja, at nú mundi honum þikkja mjök vænligt um, at nú mundi þeir fá sigr. Nú samna þeir liði um alla Danmörk ok Gautland, ok öll þau ríki, er þeirra völd voru yfir, ok draga úvígán her saman, ok hafa al-

menning úti; þá halda þeir skipum sínum til Englands bæði nótt ok dag, ok vildu nú sem sízt láta fara njósn fyrir þeim. Nú er sjá her-saga sögð Ella konúngi; nú safnar hann sér liði, ok fær lítit, fyrir því, at Ívar hafði mikit lið undan honum dregit. Nú ferr Ívar ímót Ella konúngi, ok segir, at hann mundi enda þat, er hann hafði svarið: en eigi má ek ráða tiltekju bræðra minna, en því má ek ráða, at finna þá ok vita, ef þeir vill stöðva her sinn ok gera eigi-meira illt, enn þeir hafa áðr gert. Nú ferr Ívar á fund bræðra sinna, ok eggjar þá nú mjök, at þeir skyldi sem bezt framganga ok sem bráðast láta bardaga verða. Þvíat konúngr hefir miklu minna lið. En þeir svara, at eigilmundi hann þurfa at eggja þá, ok þeim var et sama í hug sem fyrr. Nú ferr Ívar ok hittir Ella konúng, ok segir honum, at miklu voru þeir úkafari ok óðari, enn þeir vildr á hans orð hlýða: ok þá, er ek vilda um grið leita yðar í milli; æptu þeir í gegn; nú man ek enda mína svardaga, at ek man eigi berjast í móti þer, ok mun ek vera kyrr hjá ok mitt lið, en bardagi gengr með yðr sem verða má. Nú sjá þeir Ella konúngr lið þeirra bræðra, ok ferr svá geyst, at furða var at. Þá mælti Ívar: þat er nú til, Ella konúngr! at þú fylkir liði þínu, en ek get þess, at þeir veiti þer harða atsókn nökkura hríð. En þegar þeirra lið hittist, verðr bardagi mikill, ok gánga þeir hart fram synir Ragnars í gegnum

fylkingar Ella konungs, ok svá eru þeir ákafir, at þeir hyggja at því einu, at gera at verkum sem mest, ok sú orrosta var bæði laung ok hörð; ok hær lauk svá, at Ella konúgr ok lið hans kom á flótta, ok hann varð handtekinn. Ok þá var Ívar þar í nánd, ok mælti, at svá skyldi breyta um líflát hans: er nú þat ráð, segir hann, at minnast, hvern dauðdaga hann valdi föður vörum; nú skal sá maðr, er oddhagastr er, marka örn<sup>1</sup> á baki honum sem inniligast, ok [þann örn<sup>2</sup> skal rjóða með blóði hans. En sá maðr, er kvaddr var til þessarar sýslu, gerir sem Ívar bauð honum; en Ella konúgr var mjök sárr, áðr þessi sýslu lýkr; lætr hann nú líf sitt, ok þikkjast þeir nú hefnt hafa föður síns Ragnars. Ívar segir, at hann vill þeim gefa ríki þat, er þeir áttu allir saman, en hann kveðst ráða vilja fyrir Englandi.

19. Eptir þetta fara þeir Hvítserkr ok Björn heim til ríkis síns, ok Sigurðr, en Ívar er eptir ok ræðr Englandi. Þaðan frá halda þeir miðr saman liði sínu, ok herjuðu á ýmse<sup>3</sup> lönd. En Randalín, móðir þeirra, varð gömul kona; en Hvítserkr, son hennar, hafði herjat eitthvert sinn í Austrveg, ok kom svá mikit ofr-efli ímót honum, at hann mátti eigi rönd við reisa, ok varð hann handtekinn; en hann kaus sèr þann dauðdaga, at bál skyldi gera af manna-

<sup>1</sup>) orrn, B; rún, J, K.    <sup>2</sup>) þann orrn, B; þarum, J, K.  
<sup>3</sup>) þannig A; ýmis, hin.

höfðum, þar skyldi hann brenna; ok svá lét hann líf sitt. Ok er Randalín spýrr þetta, þá kvað hún vísu:

Sonr beið einn, sá ek átta,  
í Austrvegi dauða,  
Hvítserkr var sá heitinn,  
hvergi gjarn at flýja;  
hitnaði hann af höfðum  
höggvis vals<sup>1</sup> at rómu,  
kaus þann<sup>2</sup> bana þengill<sup>3</sup>  
þróttarsnjallr, áðr félli.

Ok enn kvað hún:

Höfðum lét of hrundit  
hodd mörgum gramr undir,  
í Feiga-bý<sup>4</sup> foska<sup>5</sup>  
fíngi<sup>6</sup> ívir<sup>7</sup> sýngja;  
hvat skyli beð enn betra<sup>8</sup>  
bæðhögr<sup>9</sup> und sik leggja?  
illa deyr við orðstýr  
alvaldr jörfurs<sup>10</sup> falli<sup>11</sup>.

En frá Sigurði orm í auga er mikill ættbogi kominn; hans dóttir hét [Áslaug, móðir Sigurðar hjartar; Sigurðr hjörtr var faðir<sup>12</sup> [Ragnhildar, móður<sup>13</sup> Haralds ens hárfagra, er fyrstr ræð öllum Noregi einn. En Ívar ræð fyrir Englandi allt

1) háls, G. 2) hann, J. 3) þengils, J. 4) eða ferga bý, A. 5) föska, F; hoska, J, K. 6) fíngi, J, K, L. 7) skrif. íver eða írer, í A; vér, C; við, D. 8) betr, J, K. 9) bæðhögr, G, J, K. 10) jöfurs, C, D, E, G, L; jötuns, J. 11) vís. v. í B. 12) þannig réttara, B, C, F, L; v. í A og hin. 13) Ragnhildr, móðir, A, D, E, G, H, J, K.

til dauðadags, ok varð sótt dauðr. Ok þá er hann lá í banasótt, mælti hann, at hann skyldi þángat færa, er herskát væri, ok þess kvaðst hann vænta, at þeir mundi eigi sigr fá, er þar kæmi at landinu; ok er hann andast, var svá gert, sem hann mælti fyrir, ok var þá í haug lagðr. Ok þat segja margir menn, þá er Haraldr konúgr Sigurðarson kom til Englands, at hann kæmi þar at, er Ívar var fyrir, ok fellr hann í þeirri för. Ok er Vilhjálmr Bastarðr kom í land, fór hann til ok braut haug Ívars, ok sá Ívar<sup>1</sup> ófúinn; þá lét hann gera bál mikit, ok lætr Ívar brenna á bálinu; ok eptir þat lét hann til landsins, ok [fær gagn<sup>2</sup>. En frá Birni járn síðu er komit margt manna; frá honum er komin mikil ætt: Þórðr<sup>3</sup>, er bjó at Höfða á Höfðaströnd, mikill höfðingi. En þá er synir Ragnars voru allir líflátnir, dreifðist lið þeirra á ýmsa vega, er þeim hafði fylgt, ok þótti þeim öllum, er verit höfðu með sonum Ragnars einkis vert um aðra höfðingja. Þeir voru 2 menn, er fóru víða um lönd at leita, ef þeir fyndi nökkurn höfðingja þann, er þeim þætti sér eigi svívirðing í at þjóna, ok fóru þeir eigi báðir saman.

20. Sá atburðr hefir verit [út í löndum<sup>4</sup>, at einn konúgr átti 2 sonu, ok tók hann sótt ok andaðist, en synir hans vilja drekka erfi eptir hann; þeir bjóða til þessar veizlu svá, at allir menn skyldu koma þángat, þeir er á þrimr

<sup>1</sup>) manu, B, J, K.    <sup>2</sup>) fékk sigr, B, L.    <sup>3</sup>) Þórðar, B, J, K, L.    <sup>4</sup>) í Útlöndum, hin.



vetrum enum nærstum spyrja þetta. Nú spyrst þetta víða um lönd; ok á þessum þrim vetrum búast þeir við þessi veizlu. Ok er þat sumar kemr, er erfi skyldi drekka, ok sú stund, er ákveðin var, þá verðr svá mikit fjölmenni, at engi vissi dæmi til, hve mikit var, ok voru margar stórar hallir skipaðar ok [mörg tjöld úti<sup>1</sup>. Ok er áleið mjök et fyrsta kveld, kemr maðr einn til hallar þessarar; þessi maðr er mikill, svá at þar var engi jafnmikill, ok þat sá á búnaði<sup>2</sup> hans, at hann hafði hjá tignum mönnum verit; ok er hann kemr í höllina, gengr hann fyrir þá bræðrna ok kveðr þá, ok spyrr, hvar þeir vísi honum til sætis. Þeim leizt vel á hann, ok báðu hann sitja á enn æðra bekk; hann þurfti tveggja manna rúm. Ok þegar hann hafði niðr sezt, var honum borin drykkja sem öðrum mönnum, ok ekki horn var svá mikit, at eigi drykki hann af í einum drykk<sup>3</sup>, ok þat þóttust allir sjá, at honum þótti [engis um vert<sup>4</sup> um alla aðra. Svá verðr enn, at annar maðr kemr til þessarar veizlu; sá var heldr meirri enn inn fyrri; [þessir menn hafa' síða höttu; ok er þessi maðr kemr fyrir hásetit enna úngu konunga, kveðr hann þá listuliga, ok biðr þá vísa sér til sætis. Þeir mæltu, at þessi maðr skyldi innarr sitja á inn æðra bekk. Nú gengr hann til sætis síns, ok eru þeir svá miklir

<sup>1</sup>) atjaldat, B.    <sup>2</sup>) bragði, B.    <sup>3</sup>) taug, J, K.    <sup>4</sup>) litils vert, B.    <sup>5</sup>) þessi maðr hafði, B.

í rúmi báðir saman, at 5 menn háfa upprisit fyrir þeim; en sá, er fyrr kom, er þó minni drykkjumaðr; en inn síðari drakk svá skjótt, at hann hellti nálíga í sik af hverju horni, ok eigi finna menn þó, at hann verði drukkinn, ok heldr lætr hann úþokkulíga við sínum sessu-nautum, ok snýr bakí við þeim. Sá, er fyrri kom, bað at þeir skyldi eiga gaman saman: ok mun ek fyrri; hann stakk við honum hendi, ok kvað vísu:

Seg þú frá þegnsköpum þínum,  
þik ráðumst ek spyrja:  
hvar sattu [hrafn á<sup>1</sup> hríslu,  
hrolla<sup>2</sup> dreyra fullan?  
optarr þáttu at öðrum,  
í öndvegi fundinn<sup>3</sup>,  
enn þú dreyrug hræ drægir  
í dal fyrir valfugla.

Nú þíkkir þeim, er utarr sat, tilleitat við sik í slíku tilkvæði, ok kvað vísu í móti:

Þegi þú heimdregi heittinn<sup>4</sup>!  
hvat er þik vesælátan?<sup>5</sup>  
hefir þú aldregi unnit  
þess, er ek mega þrotna;  
feitada sverð nè solla  
sæki tík<sup>6</sup> at leiki  
[gafsta þú<sup>7</sup> hafnar hesti,  
hvat rækir<sup>8</sup> þik drykkju?

<sup>1</sup>) hrafna, B.    <sup>2</sup>) hrotta, B.    <sup>3</sup>) fundit, J, K.    <sup>4</sup>) eða hentinn, A.    <sup>5</sup>) þannig A og fl.; væsælastan, J, K.    <sup>6</sup>) til, B; þik, J.    <sup>7</sup>) gafstú, B, L.    <sup>8</sup>) sækir, J, K.

Nú svarar hinn, er fyrri kom :

Hafs létum vèr hesta  
hlýr stinn á brim<sup>1</sup> renna,  
meðan á bjartar brynjur  
blóði dreifum síður<sup>2</sup>;  
ýlgr gein aldri<sup>3</sup> mönnum  
eyra<sup>4</sup> grát of svíra<sup>5</sup>,  
harðmeldri fám vèr herða<sup>6</sup>  
hveðnu<sup>7</sup> blóði roðna<sup>8</sup>.

Ok nú kvað sá, er síðarr kom :

Alls engi sá ek yðarn,  
þar er upplokinn fundum  
heila<sup>9</sup> varg<sup>10</sup> fyrir hvítum  
hesti máva<sup>11</sup> rastar;  
ok við lasi<sup>12</sup> lúðrar<sup>13</sup>  
fyrir landi vèr undum  
hallar ríka<sup>14</sup> mollu  
hrafns fyrri rauðum stafni.

Ok enn kvað sá, er fyrr kom :

Samira okkr at öldrum  
af öndvegi þræta,  
hvârr okkarr hefir unnit  
hvaðarr<sup>15</sup> framarr öðrum<sup>16</sup>;  
þú stótt<sup>17</sup> þar, er<sup>18</sup> bar<sup>19</sup> bára

1) brún, B, F, L. 2) eða síðirr, A og fl.; síðarr, B; síður, F. 3) aldrei, B. 4) gera, J. 5) eða sútra, A; sumra, B. 6) eða heiða, A; hveðnu, B, C, E, G, H, J, K, L; hraða, D. 7) hræðnu, C, E, G, H, J; hrendu, B, L. 8) botna, hin. 9) hveila, J, K. 10) eða vâng, í A. 11) eða mána, A. 12) lasti, E, G. 13) lúðra, hin. 14) ríkri, B; ríkar, J. 15) hvaðan, E, G, H; kvað hann, J. 16) fyrri helming ús. v. í B. 17) kom, B. 18) en, B. 19) brá, J.

[brandahjört at sundi<sup>1</sup>,  
en ek sat þer<sup>2</sup>, er rá reiði  
rauðan stafn til hafnar.

Nú svarar sá; er síðarr kom:

Fylgdum Birni báðir  
at brandagný hverjum,  
voru<sup>3</sup> reyndir rekkar,  
en Ragnari stundum;  
var ek þar, er bragnar börðust,  
á Bólgaralandi<sup>4</sup>,  
því bar' ek sár á síðu,  
sittu innarr mér<sup>5</sup> granni!

Enda kendust þeir þá við of síðir, ok voru þar  
síðan at veizlu.

21. Ögmundr er maðr nefndr, er kallaðr  
var Ögmundr enn Danski; hann fór eitthvert  
sinn með 5 skipum, ok lá við Sámsey í Mun-  
arvögi. Þá er þat sagt, at matsveinar fóru á land  
at gera mat til, en aðrir menn fóru í skóg at  
skemta sér, ok þar fundu þeir einn trèmann forn-  
an ok var fertugr<sup>7</sup> at hæð ok mosavaxinn, ok sá  
þó öll deili á honum, ok ræddu nú um með sér,  
hverr blótat mundi háfa þetta et mikla goð; ok  
þá kveðr trèmaðrinn:

Þat var fyrir laungu,  
er í leið megir  
Heklings fóru

1) brand á Hjörtasundi, B. 2) þar, B, H. 3) vér erum,  
B, L. 4) Borgaralandi, B; Bólgaralandi, G. 5) ber, hin. 6)  
þannig hin; í A: mér; nú og lesast: mér. 7) 40 álna, hin.

hlumtúngum<sup>1</sup>  
fram um salta  
slóð birtínga;  
þá varð ek þessa  
þorps<sup>2</sup> ráðandi.

Ok því<sup>3</sup> settu  
svarðmerðlingar<sup>4</sup>,  
suðr hjá salti,  
synir Loðbrókar;  
þá var ek blótinn  
tíl bana mönnum  
í Sámseyju  
sunnanverðri.

Þar báðu standa,  
meðan strönd þolir,  
mann hjá þyrni  
ok mosavaxinn;  
nú skýtr á mik  
skýja gráti,  
hlýrr<sup>5</sup> hvorki mér  
hold nè klæði.

Ok þetta þótti mönnum undarligt, ok sögðu  
síðan frá öðrum mönnum.

<sup>1</sup>) hlunnitúngum, *E, G*; hlunna túngum, *B, F, L*. <sup>2</sup>) þorfs,  
*A*. <sup>3</sup>) þar, *lin*. <sup>4</sup>) sverðmerðlingar, *lin*. <sup>5</sup>) hlífa, *B, K*.

# K r á k u m á l<sup>r</sup>.

**H**JUGGU vèr með hjörvi,  
hitt var ei fyrir laungu,  
er á Gautlandi gengu<sup>2</sup>  
at grafvitnis<sup>3</sup> morði;  
þá fengu vèr þóru,  
þaðan hétu mik fyrðar,  
þá<sup>4</sup> er ek lýngál<sup>5</sup> um lagðak,  
Loðbrók, at því vígi;  
stakk ek á storðar lykkju  
stáli bjartra<sup>6</sup> mála.

2. Hjuggu vèr með hjörvi,  
heldr var ek úngr, þá er skifðum<sup>7</sup>,  
austr í Eyraundi<sup>8</sup>,  
undurn<sup>9</sup> frekum vargi;  
ok fótgulum fugli  
fengu vèr, þar<sup>10</sup> er sýngu  
við háseymda hjálma  
hörð járn, mikils verðar;  
allr var ægir sollinn,  
óð Rán<sup>11</sup> í valblóði.

3. Hjuggu vèr með hjörvi,  
hátt bárum þá geira,  
er tvítugir töldumst,  
ok týr ruðum víða;

<sup>1</sup>) þannig *A*; er sumir kalla Loðbrókarkviðu, *b. v. C, D, E, F, H, M*; Bjarkamál, *B*. <sup>2</sup>) gengum, *hín*. <sup>3</sup>) þannig *B, C, D, H, M*; grávitnis, *A*; grávitins, *B, E, F, W*; gráfófnis, *U*.  
<sup>4</sup>) þar, *U*. <sup>5</sup>) þannig *C, D, E, H, J*; língolum eða lungol-  
um, *A*; língavlum, *B, W*. <sup>6</sup>) hjarta, *U*. <sup>7</sup>) fengum, *B, W*.  
<sup>8</sup>) Eyraundi, *B, M, U, W*. <sup>9</sup>) undarn, *B, M*. <sup>10</sup>) þær, *U*.  
<sup>11</sup>) eða ránn, *A*; rafn, *hín*.

unnum átta jarla  
 austr fyrir<sup>1</sup> Dínumynni<sup>2</sup>,  
 gera fengum þá gnóga  
 gisting, at því vígi;  
 sveiti<sup>3</sup> fèll í sollinn  
 sæ, týndi lið æfi.

4. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 Hèðins kvánar varð auðit,  
 þá er vèr Helsíngja heimtum  
 til heimsala<sup>4</sup> Óðins;  
 lögðum upp í Ífu<sup>5</sup>,  
 oddr<sup>6</sup> náði þá bíta,  
 öll var unda gjálfri  
 [á sú<sup>7</sup> roðin heitu;  
 grenjar<sup>8</sup> brandr við<sup>9</sup> brynjur<sup>10</sup>,  
 benshildr<sup>11</sup> klufust<sup>12</sup> skildir<sup>13</sup>].

5. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hygg<sup>14</sup> engan þá frýðu<sup>15</sup>,  
 áðr enn á Heflis<sup>16</sup> hestum  
 Herruðr<sup>17</sup> í styr fèlli;  
 klýfr<sup>18</sup> ei Egils<sup>19</sup> öndrum  
 annar jarlinn frægri  
 lyndar<sup>20</sup> völl til lægis  
 á lánskipum síðan;

<sup>1</sup>) í, C, E, H. <sup>2</sup>) Þinumynni, B; Dýnumynni, U. <sup>3</sup>) sveit, B. <sup>4</sup>) Heimdala, E og fl. <sup>5</sup>) Þannig B, E, W; móðu, A og hin. <sup>6</sup>) Þannig, B, E, M, U; fjöðr, A og hin. <sup>7</sup>) Ásver, B, E, W. <sup>8</sup>) grenjaði, B, M, U; grenjaða, W; gveimar, gveinar (kveinar), hin. <sup>9</sup>) í, B, U. <sup>10</sup>) hrynju, B, W. <sup>11</sup>) bensildr, B, E, M, U, W. <sup>12</sup>) klufu, B, M, U, W. <sup>13</sup>) skildi, B, M, U. <sup>14</sup>) ek, b. v. hin. <sup>15</sup>) flýði, B, E, W. <sup>16</sup>) Heflis, M; Hemlis, B, E, M, W. <sup>17</sup>) Herrauðr, hin. <sup>18</sup>) klýft, C. <sup>19</sup>) ægis, E, U, W. <sup>20</sup>) lunda, B.

sá bar siklíngur víða  
snart fram í styr hjarta.

6. Hjuggu vér með hjörvi,  
herr kastaði skjöldum;  
þá er rægagarr<sup>1</sup> rendi  
ræstr<sup>2</sup> at gumna brjóstum;  
beit í Skarpaskerjum<sup>3</sup>  
skeribíldr<sup>4</sup> at hjaldri;  
roðinn var randar máni,  
áðr Rafn<sup>5</sup> konúngur felli;  
dreif or hölda hausum  
heitr á brynjur<sup>6</sup> sveiti.

7. Hjuggu vér með hjörvi,  
hátt grenjuðu hrottar,  
áðr enn á Ullarakri  
Eysteinn konúngur felli;  
gengu<sup>7</sup> gulli fáðar<sup>8</sup>  
grúndar vals at bryndum<sup>9</sup>;  
rækýndill<sup>10</sup> smaug<sup>11</sup> rauðar<sup>12</sup>  
rítur<sup>13</sup> at hjálma móti;  
svíra vín or sárum  
sveif of hjarna kleifar<sup>14</sup>.

8. Hjuggu vér með hjörvi,  
hafa gátu þá hrafnar  
fyrir Einderis<sup>14</sup> eyjum<sup>15</sup>

<sup>1</sup>) leiðrétt; hrægagar, *A, C, D, F, H*; hrægagari, *B, E, W*; hrægari, *U*; rægagar, *M*. <sup>2</sup>) reistr, *E, U, W*. <sup>3</sup>) Skarfaskerjum, *B, E, M, W*. <sup>4</sup>) þannig hin; skæríbíldr, *A*. <sup>5</sup>) þannig hin; breynir, eða breynu, *A*. <sup>6</sup>) gengum, *U, W*. <sup>7</sup>) fáðir, *hin*. <sup>8</sup>) hröndum, *B, E, W*. <sup>9</sup>) rekindil, *A*; hrakindill, *B, U, W*; rækindil, *hin*. <sup>10</sup>) sneið, *B, E, M, W*. <sup>11</sup>) randa, *B, W*; randar, *hin*. <sup>12</sup>) þannig *B, W*; rittr, *A* og *hin*. <sup>13</sup>) kleifa, *B, W*. <sup>14</sup>) Innþyris, *B, W*; Indyris, *U*. <sup>15</sup>) eyjo, *C, D, E, F, H*.



ærna bráð at slíta;  
 fengum Fálu hestum  
 fullan<sup>1</sup> verð at sinni;  
 flt var eins at gæta<sup>2</sup>  
 með<sup>3</sup> uppruna sólar,  
 streng-völur<sup>4</sup> sá ek stíga<sup>5</sup>,  
 stakk málm<sup>6</sup> [á skör<sup>7</sup> hjálmi<sup>8</sup>.

9. Hjuggu vér með hjörvi,  
 háðum<sup>9</sup> rendr í dreyra<sup>10</sup>,  
 þá er benþvarra<sup>11</sup> bendum<sup>12</sup>  
 fyrir Borghundarhólmi;  
 hreggský slitu hrínga<sup>13</sup>,  
 hratt álmr af sér málm<sup>14</sup>;  
 Vulnir<sup>14</sup> féll at vígi,  
 varat einn konúgr meirri;  
 val rak vlót<sup>15</sup> of strandir,  
 vargr fagnaði tafni.

10. Hjuggu vér með hjörvi,  
 Hildir var sýnt í vexti,  
 áðr Freyrr konúgr félli  
 í Flæmingja veldi;  
 náði blárr at bíta  
 blóði smeltr í gyltan  
 Högna kuffi<sup>16</sup> at hjaldri  
 harðr bengrefill forðum;

<sup>1</sup>) fullum, *W.* <sup>2</sup>) geta, *B, E, W.* <sup>3</sup>) í, *B, E, F, U, W.*  
<sup>4</sup>) þannig ágizkat; haulur, *A, D;* höndum, *B;* raulur, *C, F, H, M;* fjöðr, *E;* hömlur, *U, W.* <sup>5</sup>) stínga, *E, U, W.* <sup>6</sup>) álmr, *B, E, U, W.* <sup>7</sup>) af sér, *B, E, U, W.* <sup>8</sup>) málm, *B, E, U, W.*  
<sup>9</sup>) höfðum, *B, E, W.* <sup>10</sup>) blóði, *B, E, U, W.* <sup>11</sup>) þannig *B, E, U;* beinstara, *A og fl.;* ben þver á, *W.* <sup>12</sup>) þannig *C, D, E, F, H, M;* brendum, *A;* bræddum, *W.* <sup>13</sup>) raudir, *B, U, W.* <sup>14</sup>) Fölnir, *B, E.* <sup>15</sup>) þannig *B, E, M, U, W;* út, *A.*  
<sup>16</sup>) þannig hin; kylf, *A.*

mær grèt morgin skæru<sup>1</sup>  
mörg, þá er tafn fækst vörgum.

11. Hjuggu vèr með hjörvi,  
hundruðum frá ek liggja  
á Eynefis öndrum,  
þar er Englanes heitir;  
sigldu vèr til snerru  
sex dægr, áðr lið fèlli,  
áttum odda messu  
við uppruna sólar;  
varð fyrir vorum sverðum  
Valþjófr í styr hníga.

12. Hjuggu vèr með hjörvi,  
hrundi döggr af sverðum  
brýn í Barðafirði,  
bleikan ná fyrir hauka;  
umdi álmr, þá er oddar  
allhratt slitu skyrtur,  
at slíðrloga sennu  
Svelnis<sup>2</sup> hamri<sup>3</sup> þæðar;  
rendi ormr til unda,  
eitrhvass, drifinn sveita.

13. Hjuggu vèr með hjörvi,  
hældum Hlakkar tjöldum  
hátt at Hildar leiki  
fyrir Hæðninga vági;  
sjá knáttu þá seggir,  
er sundruðum<sup>4</sup> skjöldu,  
at hræsflna hjaldri

<sup>1</sup>) þannig B, M, W; skæru, A og fl. <sup>2</sup>) Svalnis, B, E, W; Svalnis, U. <sup>3</sup>) þó heldr ógreiniligt í A; hanpe, D; haugr, C, I, H, M; hatti, B, U, W. <sup>4</sup>) sverð rifu, B, U, W.

hjálm slitnaðar<sup>1</sup> gotna;  
 varat sem bjarta brúði  
 í býng hjá sèr leggja.

14. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hörð kom hríð á skjöldu,  
 nárr<sup>2</sup> féll niðr til jarðar  
 á Norðimbralandi<sup>3</sup>;  
 varat um eina óttu  
 öldum þörf at frýja<sup>4</sup>  
 Hildar leik, þar er hvassir  
 hjálmstofn bitu skjómar;  
 höðmána<sup>5</sup> sá ek bresta,  
 brá því fíra lífi.

15. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 Herþjófi varð auðit  
 í Suðreyjum sjálfum  
 sigrs á vorum mönnum;  
 varð at randar regni  
 Rögnvaldr fyrr hníga,  
 sá kom hæstr [of hölda<sup>6</sup>  
 harmr at sverða gusti;  
 hvast kastaði hristir  
 hjálms<sup>7</sup> strenglöggar pálmí.

16. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hverr lá þverr of annann;

<sup>1</sup>) þannig A; slitnaðan, B, E, U, W. <sup>2</sup>) þannig B, U;  
 nær, A. <sup>3</sup>) Norðumbralandi, B, U; Norðhumbalandi, W.

<sup>4</sup>) frýja, B, U, W? <sup>5</sup>) þannig W og fl., er hér reyndar setja  
 niðrlags hendingarnar úr 20 vísunni, en þær tilvarandi hæðan,  
 þánga; bænmána líkl. hennmána, A. <sup>6</sup>) yfir hauka, B, W.

<sup>7</sup>) þannig B, U, W; álmr, A.

glæðr varð gera bróðir  
 [getu við sóknar læti<sup>1</sup>;  
 lét ei örn né ýlgi  
 sá er Írlandi stýrði,  
 mót varð málms ok rítar,  
 Marsteinn konúngur fasta;  
 varð í Veðrafirði  
 valtafn gefit hrafni<sup>2</sup>.

17. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hundmarga<sup>3</sup> sá ek falla  
 morginstund fyrir meiði<sup>4</sup>  
 menn at odda sennu;  
 syni mínum hneit snemma  
 slíðra þorn við hjarta,  
 Egill lét Agnar<sup>5</sup> ræntan  
 úblauðan hal lífi;  
 glumdi geirr við Hamdis  
 grán serk, bliku merki.

18. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 haldorða sá ek brytja  
 ekki smátt fyrir úlfa  
 Endils niða bröndum;  
 varat á [Vika-skærði<sup>6</sup>  
 sem vín konur bæri,  
 roðinn var Ægis asni  
 ófárr í dýn geira;  
 skorin var Sköglar kápa  
 at skjöldunga hjaldri.

<sup>1</sup>) gaukr at sverðaleiki, B, U, W. <sup>2</sup>) vísuna v. í A. <sup>3</sup>) þannig Jóhnstóne; hunmargan, A; brun margan, B, C, D, E, F, M; hermargan, hin. <sup>4</sup>) mæki, B, W. <sup>5</sup>) óljóst í A. <sup>6</sup>) þannig A; vika skærði, hin.

19. - Hjuggu vér með hjörvi,  
háðum suðr<sup>1</sup> at morni  
leik fyrir Lindiseyri  
við lofðunga þrenna<sup>2</sup>;  
fárr átti því fagna,  
föll margr í gyn ulfi,  
haukr sleit hold með vargi,  
at hann heill þáðan kæmi;  
Íra blóð í ægi  
ærit féll um stæru<sup>3</sup>.

20. Hjuggu vér með hjörvi,  
hárfagraðr<sup>4</sup> ekk hrökkva  
meyjar dreng<sup>5</sup> at morni  
ok málvini<sup>6</sup> ekkju;  
varat sefn<sup>7</sup> varmar laugar<sup>8</sup>  
vínkers njúru<sup>6</sup> bæri  
oss í Álasundi<sup>7</sup>,  
áðr enn Öfn<sup>9</sup> konúgr felli;  
varat sem<sup>10</sup> unga ekkju  
í öndugi<sup>11</sup> kyssa.

21. Hjuggu vér með hjörvi,  
há sverð bitu skjöldu,  
þar er gullroðinn glumdi  
geirt við<sup>12</sup> Hildar næfri;  
sjá mun í Aunguls eyju  
of aldr mega síðan,

<sup>1</sup>) sverðs, B, W. <sup>2</sup>) v. í A; tekið úr hinum. <sup>3</sup>) óljóst í A;  
tekið úr H. <sup>4</sup>) enn, b. v. hin. <sup>5</sup>) lögur, B, W. <sup>6</sup>) þannig  
B, W; njúrn, A og hin. <sup>7</sup>) Ílasundi, B, W.

hversu<sup>1</sup> at lögðis<sup>2</sup> leiki  
lofðungar fram gengu;  
roðin var út fyrir eyri  
ár flugdreki sára.

22. Hjuggu vér með hjörvi,  
hví<sup>3</sup> sè drengr<sup>4</sup> at feigrí<sup>5</sup>,  
at hann í odda eli  
öndurör látinn<sup>6</sup> verði?  
opt sýtir<sup>7</sup> sá æfi  
er aldreigi nístir  
íllt kveða argan eggja  
örum at sverða leiki.  
hugblauðum kom hvergi  
hjarta sitt at gaggi.

23. Hjuggu vér með hjörvi,  
hitt tel ek jafnt at gangi  
at samtogi sverða  
sveinn í móti sveinö  
hrökkvat þegn fyrir þegni!  
þat var drengs að lengi;  
æ skal ástvinr meyrja  
einharð<sup>8</sup> í dyn sverða!

24. Hjuggu vér með hjörvi,  
hitt sýnist mér raunar,  
at forlögum fylgjum,

<sup>1</sup>) óljóst í *A*; hví vér, *lin*. <sup>2</sup>) lögðu, *B, C, D, E, F, M*.  
<sup>3</sup>) hvat, *B, W*. <sup>4</sup>) drengi, hjá *Barthólin Ant. bls. 41*. <sup>5</sup>) fegrí,  
hjá *Jóhnstóne*. <sup>6</sup>) óljóst í *A*; tekið úr *hinum*. <sup>7</sup>) hér endar  
*A*; niðrlagit er tekið úr *H*. <sup>8</sup>) einarör, *B, W*.

fárr gengr of sköp norna;  
 eigi hugða ek Ellu  
 at aldragi mínu,  
 þá er ek blóðvali bræddak  
 ok borð á lög keyrðak;  
 víðt fengum þá vargi  
 verð í Skotlands fjörðum.

25. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hitt hlæir mik jafnan,  
 at Baldurs feðr bekki  
 búna veit ek at sumblum;  
 drekkum bjór at bragði  
 or bjúgvíðum hausa!  
 sýtir ei drengr við dauða  
 dýrs at Fjölnis húsum;  
 eigi kem ek með æðru  
 orð til Viðris hallar<sup>1</sup>.

26. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hér vildu nú allir  
 burir Áslaugar bröndum  
 bitrum<sup>2</sup> Hildi vekja,  
 ef vandliga vissi  
 of viðfarar ossar,  
 hve úfáir ormar  
 eitrfullir mik slíta;  
 móðernis fékk ek mínum  
 mögum, svát hjörtu duga.

27. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 harða<sup>3</sup> líör at arfi,

<sup>1</sup>) borða, *M.* <sup>2</sup>) þannig *B, W*; björtum, *H* og *hin.* <sup>3</sup>)  
 harða, *D.*

grímt stendr grand af naðri,  
 Góin byggir sal hjarta;  
 væntum hins, at Viðris  
 vöndr í Ellu standi<sup>1</sup>;  
 sonum mínum man svella  
 sinn<sup>2</sup> föður<sup>3</sup> ráðinn<sup>4</sup> verða,  
 ei munu snarpir sveinar  
 sitt kyrt vera láta.

28. Hjuggu vèr með hjörvi,  
 hefik fimmtygum sinna  
 fólkrorrostur framdar,  
 fleinþíngs boði, ok eina;  
 minnst hugða ek manna,  
 at mér vera skyldi,  
 úngr namk odd at rjóða,  
 annar konúngr frægri<sup>5</sup>;  
 oss munu Æsir bjóða,  
 erat sýtandi dauði.

29. Fýsumst hins at hætta,  
 heim bjóða mér Dísir,  
 sem frá Herjans höllu  
 hefir Óðinn mér sendar;  
 glaðr skal ek öl með Ásum  
 í öndvegi drekka;  
 lífs eru liðnar stundir  
 læjandi skal ek deyja!

<sup>1</sup>) hlóði, B, W. <sup>2</sup>) þannig C og A.; sín, B. <sup>3</sup>) móður,  
 B, W. <sup>4</sup>) roðinn, B, W. <sup>5</sup>) freyri, B, W.



SÖGUÞÁTTR

AF

NORNA - GESTI.



## Sögubáttir af Norna-Gesti.

**S**VA er sagt, at á einum tíma, þá er Ólafr konúngr (Tryggvason) sat í Þrándheimi, bar svá til, at einn maðr kom til hans at áliðnum dægi, ðk kvaddi hann sæmiliga. Konúngr tók honum vel ok spurði, hvern hann væri; en hann sagðist Gestr heita. Konúngr svarar: Gestr muntu hér vera, hversu sem þú heitir. Gestr segir: satt segi ek þær til nafns míns, herra! en gjarna vilda ek af yðr gisting þiggja, ef kostur væri. Konúngr sagði honum þat til reiðu vera; en með því at áliðinn var dagrinn, vildi konúngr ekki tala við Gest, þvíat hann gekk þá skjótt til aptansaungs ok síðan til borðs, ok þá til náða. Ok á þeirri sömu nótt vakti Ólafr konúngr í sæng sinni<sup>2</sup>, ok las bænir sínar, en aðrir menn svófu í því herbergi. Þá þótti konungi einn álfr eða andi nokkr koma inni húsit, ok þó at luktum dyrum öllum; hann kom fyrri rekkju hvers manns, er þar svaf, ok

<sup>1</sup>) svefnis ok, b. v. þ. <sup>2</sup>) Það undanfarna v. í S, sem byrjar þannig: þat var á einni nótt, at Ólafr konúngr Tryggvason vakti á bæn í sæng sinni, o. s. frv.

at lyktum kom hann til sængr eins manns, er þar var utarlíga. Þá mælti álfrinn, ok nam staðar: furðu sterkr lás er hér fyri tómu húsi, ok er konúgr eigi jafnvíss um slíkt, sem aðrir láta, at hann sè allra manna spakastr, er hann sefr nú svá fast<sup>1</sup>; eptir þat hverfr sá í burt at lyktum dyrum. En snemma um morguninn eptir sendi konúgr skósvain sinn at verða víss, [hverr þá sæng hefði byggt um nóttina, ok prófaðist svá, at þar hafði legit gestrinn. Konúgr lét kalla hann fyri sik, ok spurði, hverr hann væri<sup>2</sup>; en hann svarar: Þórðr hēt faðir minn, ok var kallaðr þingbít<sup>3</sup>, Danskr at kyni; hann bjó á þeim bæ í Danmörk, er Græningr heitir. Þrífli gr maðr ertu! segir konúgr. Gestr sjá var djarfr í orðum, ok meirri<sup>4</sup>, enn flestir menn aðrir, sterkligr ok nokkut hníginn á efra aldr; [hann biðr konúgr<sup>5</sup> at dveljast þá lengr hjá hirðinni. Konúgr spurði, ef hann væri skírðr. Gestr lét vera prinsigndr, en eigi skírðr. Konúgr sagði honum heimilt, at vera með hirðinni: en skamma stund muntu með oss vera óskírðr. En því hafði álfrinn svá til orðs tekit um lásinn, at Gestr signdi sik um

<sup>1</sup>) v. í S. <sup>2</sup>) hvat komit væri. Sveinninn kemr, ok segir þar koninn ókunnan mann mikinn. Konúgr mælti: far enn, ok kalla hann til mín! Svá var gert; kemr þessi maðr fyri konúng, ok kvaddi hann vel. Konúgr spyrr, hvat hann hét; hann kveðst Gestr heita. Konúgr mælti: hvers son ertu? S. <sup>3</sup>) þunnig B, F, þ; þibít, A; þingh'b., S; þimbust, G. <sup>4</sup>) vexti, b. v. S. <sup>5</sup>) biðr konúng hann, B, K, G.

kveldit, sem aðrir menn, en var þó reyndar heiðinn. Konúgr mælti: ertu nokkr íþrótta-maðr? Hann kvæðst leika hörpu, eðr segja sögur, svá at gaman þætti at. Konúgr segir: illa gjörir Sveinn konúgr þat, at hann lætr óskírða menn fara úr ríki sínu landa á meðal. Gestr segir: ekki er þat Dana konúngi at kenna, þvíat miklu furr fór ek burt úr Danmörk, enn Otta<sup>1</sup> keisari lét brenna Danavirki, ok kúgaði Harald konúng Gormsson ok Hákon blótjarl at taka við kristni, Margra hluta spurði konúgr Gest, en hann leysti flest vel ok vitr-liga. Svá segja menn, at Gestr þessi kæmi á þriðja ári ríkis Olafs konúngs; á því ári komu ok til hans tveir menn, er Grímar hétu, ok voru sendir af Goðmundi<sup>2</sup> af Glæsisvöllum<sup>3</sup>; þeir færðu konúngi horn tvö, er Goðmundr gaf honum; þau kölluðu þeir ok Gríma; þeir höfðu ok fleiri eyrendi til konúngs, sem síðarr mun sagt verða<sup>4</sup>. Nú er at segja, at Gestr dvaldist með konúngi; er honum skipat utar frá gestum; hann var síðsamr maðr [ok vel látinn, var hann ok þokkasamr af flestum mönnum, ok virðist vel<sup>5</sup>.

2. Litlu fyri jól kom Úlfr inn rauði heim ok sveit manna með honum; hann hafði verit [um sumarit<sup>6</sup> í konúngs eyrendum, [þvíat hann<sup>7</sup> var

<sup>1</sup>) þannig S; Otta, A, F, G; Ottó, B, þ. <sup>2</sup>) Guðmundi, þ.

<sup>3</sup>) Glæsis völlum, F, S. <sup>4</sup>) sbr. Fornmanna sögur, 3 B. bls. 138.

<sup>5</sup>) v. í S. <sup>6</sup>) v. í B, F, G. <sup>7</sup>) en, S.

settr til landsgæzlu um haustit í Vikinni við áhlaupum Dana; var hann jafnan vanr at vera með Ólafi konungi um hávetr. Úlfr hafði átt at færa konungi marga góða gripi, er hann hafði aflat um sumarit, ok einn gullhríng hafði hann aflat, er Hnituðr hét; hann var hnitaðr saman í sjö stöðum<sup>1</sup>, ok var með sínum lit hverr hlutrinn; miklu var hann gullbetri enn aðrir hringar. Þann hring hafði gefit Úlfi bóndi einn, er Loðmundr hét, en þenna hring hafði átt áðr Hálftr konúgr, er Hálfstrekkar eru frá komnir ok við kendir, er þeir höfðu kúgat fé<sup>2</sup> af Hálf-dáni<sup>3</sup> konungi í<sup>4</sup> Ylfíng<sup>5</sup>; en Loðmundr beiddi Úlf imóti, at hann mundi halda bænum fyrir honum með fulltíngi Ólafs konungs; Úlfr játaði því. Heldr konúgr nú ríkuliga jól sín, ok sitr í Þrándheimi. En hinn átta dag jóla gefr Úlfr inn rauði hringinn Hnituð Ólafi konungi. Konúgr þakkar honum gjöfina, ok alla sína trúlynda þjónustu, er hann hafði jafnan veitt honum. Ferr þessi hringrinn víða um herbergit, þar er menn drukku inni, þvíat þá voru enn eigi hallir smíðaðar í þann tíma í Noregi; sýnir nú hverr öðrum, ok þikkjast menn eigi sèt hafa jafngott gull, sem í hringnum var; ok at lyktum kemr hann á gestabekk, ok svá fyri Gest hinn nýkomna<sup>6</sup>; hann líttr á, ok selr

<sup>1</sup>) hlutum, S. <sup>2</sup>) þannig B, F, S, Þ; v. í A. <sup>3</sup>) þannig F, S; Háldáni, A, B. <sup>4</sup>) þannig A, F, Þ; v. í B, S. <sup>5</sup>) Ylfíng, G. <sup>6</sup>) ókunna, S, Þ.

aptr hrínginn yfir þvera höndina þá, er hann heldt áðr á horninu<sup>1</sup>; finnst honum fátt um, ok talar ekki til þessa gripar, en hefir gamanræður sem áðr við sína félaga. Einn herbergis sveinn skeinkti utar á gestabekkin; hann spyr: lízt yðr vel á hrínginn? Allvel, sögðu þeir, utan Gestí inum nýkomna, honum finnst ekki til, ok hyggjum vèr, at hann kúnni ekki til at sjá, er hann ansar aungu til um slíka hluti. Herbergis sveinninn gengr innar fyrir konúng, ok segir honum þessi inu sömu orð gestanna, ok þessi inn nýkomni gestr, hversu at hann ansaði<sup>2</sup> lítt til þessa gripar, er honum var sýnd slík gersemi. Konúngr kvað Gestí inn nýkomna fleira vita mundu enn þeir ætluðu: ok skal hann koma til mín á morgin, ok segja mér nokkra sögu<sup>3</sup>. Nú talast þeir við gestirnir utar á bekkinn; þeir spyrja inn nýkomna gest, hvar hann hefir sèt jafngott gull eðr hríng, eða betra. Gestr segir: með því, at yðr þíkkir ek svá fátt til tala, þá hefir ek víst sèt þat gull, at aungum mun er verra, nema betra sýnist. Nú hlægja konúngsmenn mjök, ok segja, at þar horfi til gamans mikils: ok muntu vilja veðja við oss, at þú hafir sèt jafngott gull, sem þetta, svá at þú megir þat sanna; skulu vèr viðsetja fjórar<sup>4</sup> merkr gángsilfrs, en þú kníf þinn ok belti, ok skal konúngr um segja, hvorir sannara hafa.

1) kekinu, B, S, þ. 2) ansvaraði, S. 3) með því at hann þóttist þat kunna, b. v. S. 4) 7, S.

Gestr svarar þá: eigi skal hvorttveggja gjöra, at vera í kalsi með yðr, enda halda eigi ummæli þau, sem þer bjóðið, ok skal víst veðja hér um, ok svá mikit viðliggja, sem þer hafið ummælt, en konúngr skal um segja, hvorir sannara hafa; hætta þeir þá sínu tali. Tekr Gestr þá<sup>r</sup> hörpu sína, ok slær vel ok lengi um kveldit, svá at öllum þikkir unat í á at heyra, ok slær þó Gunnarsslag<sup>a</sup> bezt<sup>3</sup>; ok at lyktum slær hann Guðrúnarbrögð hinu fornu, þau höfðu menn eigi fyrr heyrt; ok eptir þat svófu menn af um nóttina<sup>4</sup>.

3. Konúngr stendr snemma upp um morguninn, ok hlýddi tíðum<sup>5</sup>; ok er þeim var lókit, gengr konúngr til borðs með hirð sinni; ok er hann er kominn í há sæti, gengr gesta-sveitinn<sup>6</sup> innar fyrri konúng, ok Gestr með þeim<sup>7</sup>, ok segja honum sín ummæli öll ok veðjan þá, sem þeir höfðu haft áðr. Konúngr segir: lítit er mér um veðjan yðra, þó<sup>8</sup> at þer leggið peninga yðra [við Gest<sup>9</sup>, gét ek þess til, at yðr hafi drukktr í höfuð fengit, ok þikki mér ráð, at þer hafið at aungu, allra helst ef Gestri þikkir<sup>10</sup> svá betr. Gestr segir: þat vil ek, at haldist öll ummæli vor. Konúngr mælti<sup>11</sup>: svá lízt mér á þik, Gestr! at mínir menn muni hafa mælt

1) síð um kveldit, S. 2) Gunnarsslagi, S. 3) þannig A, B, F, S; læst, G. 4) ok er þá kyrt um síðir um þá bekkjunautana, b. v. S. 5) morgintíðum, ok aðrir menn með honum, S. 6) þannig F, S; sveinninn A, B, G. 7) honum, B, G. 8) þannig A, B, F, þ; svá, S. 9) út, B; v. í F, S. 10) líkar, S. 11) at svá skyldi vera, en, b. v. S.



sik í þáular um þetta mál, meirr enn þú, en þó mun þat nú skjótt reynt verða. Eptir þat gengu þeir í burt ok fóru at drekka; ok er drykkjuborð voru upptekin, lætr konúngr kalla Gest, ok talar svá til hans: nú verðr þú skyldr til, at bera fram gull nokkut, ef þú hefir til, svá at ek megí segja um veðjan yðra. [Þat munu þer vilja, herra! segir Gestr; hann þreifir þá til sjóðs eins, er hann hafði við sik, ok tók þar upp eitt knýti, ok leysir til, ok fær í hendr konúngi. Konúngr sér, at þetta er brotit af söðulhringju, ok sér, at þetta er allgott gull; hann biðr þá taka hringinn Hnituð<sup>2</sup>, ok svá var gjört; berr konúngr saman [gullit ok hringinn<sup>3</sup>, ok mælti: víst lízt mér þetta betra gull, er Gestr hefir framborit, ok svá mun lítast fleirum mönnum, þótt sjái; sönnuðu þetta þá margir menn með konúngi; síðan sagði<sup>4</sup> hann Gestí veðfét<sup>5</sup>; þóttust gestirnir þá ósvinnir vorðnir um þetta mál. Gestr mælti þá: takið fè yðvart sjálfir, þvíat ek þarf eigi at hafa, en veðlð ekki optarr við ókunna menn, þvíat eigi viti þer, hvar þer hittið þann fyrir, at bæði hefir fleira heyrð ok sèt enn þer; en þakka vil ek yðr, herra! úrskurðinn. Konúngr mælti þá: Nú vil ek at þú segir, hvaðan þú fækst gull þetta, er þú ferr með. Gestr svarar: trauðr em ek til þess, því-

1) hvat mun annat heldr til? S. 2) ok vita, hvárt þat er fegra gull, enn hringju brotit, b. v. S. 3) gullin, S. 4) dæmir, S. 5) veðjunar fè, S.

at þat mun flestum þikkja ótrúligt, er ek segi þar til. Þó viljum vér heyra, segir konúgr<sup>1</sup>, með því at þú hefir oss heitit sögu þinni. Gestr svarar: ef ek segi yðr, hversu farit er um gullit, þá get ek, at þér villð heyra aðra sögu hær með. Vera má þat, segir konúgr<sup>2</sup>, at rétt getir þú þessa.

4. Þá mun ek segja frá því, er ek fór suðr í Frakkland; vilda ek forvitnast um konúngs siðu, ok mikit ágæti, er fór frá Sigurði Sigmundarsyni um vænleik hans ok þroska. Varð þá ekki til tíðenda, fyrr enn ek kom til Frakklands, ok til móts við Hálfrek<sup>3</sup> konúng; hann hafði mykla hirð um sik. Þar var þá Sigurðr Sigmundarson, Völsúngssonar, ok Hjördísar, Eylimaðóttur. Sigmundr féll í orrostu fyrir Hundíngs sonum, en Hjördís giptist Hálf<sup>4</sup>, syni Hálfreks konúngs. Vex Sigurðr þar upp í barnæsku, ok allir synir Sigmundar konúngs; voru þeir umfram alla menn um afl ok vöxt, Sinfjötli, ok Helgi, er drap Hundíng konúng, ok því var hann Hundíngsbani kallaðr; þriðr hét Hámundr; Sigurðr var þó allra þeirra bræðra framast; er mönnum þat ok kunnigt, at Sigurðr hefir verit allra göfgastr herkonúnga, ok bezt at sér í fornum<sup>4</sup> siðum. Þá var ok kom-

<sup>1</sup>) ok mun þat vel fallit, b. v. S. <sup>2</sup>) þannig ágizkað; Hálf... A; Hálf, G; Hjalprek, allstaðar B, F, S, þ. <sup>3</sup>) þegar Alfi, S. <sup>4</sup>) heiðnum, S.

inn til Hálfreks konúgs Reginn<sup>1)</sup>, son Heiðmars<sup>2)</sup>; hann var hverjum manni hagari ok dvergr á vöxt, vitr maðr, grimmr ok fjölkunnigr; Reginn kendi Sigurði marga hluti, ok elskaði hann mjök. Hann segir þá frá forellrum sínum, ok svá atburðum undarligum, er þar höfðu gjörst: ok er ek hafða skamma stund þar verit, gjörðumst ek þjónustumaðr Sigurðar, sem margir aðrir; allir elskuðu hann mjök, þvíat hann var bæði blíðr ok lítilátr, ok mildr af fè við oss.

5. Þat var einn dag, at vèr kvomum til húsa Regins, ok var Sigurði vel fagnat; þá kvað Reginn vísu þessa:

Kominn er hingat  
konr<sup>3)</sup> Sigmundar,  
seggr inn snarráði,  
til sala vorra,  
megn hefir mikit,  
en ek<sup>4)</sup> maðr gamall;  
er mèr fángs vån  
at frekum úlfi.

Ok enn kvað hann:

Ek mun fræða  
fólkjarfan gram;  
nú er Yngva konr  
með oss kominn;  
sjá mun ræsir,

<sup>1)</sup> v í A. <sup>2)</sup> Hreiðmars, B og fl. <sup>3)</sup> þannig S; son, A, B, F, G, þ. <sup>4)</sup> ein, S.

ríkr<sup>1</sup> und sólu,  
frægr um lönd öll  
með lofi mínu<sup>2</sup>.

Sigurðr var þá jafnan með Reginn, ok hann sagði honum margt af Fofni<sup>3</sup>, er hann lá á Gnýparheiði<sup>4</sup> í orms líki, ok at hann var undarliga mikill vexti. Reginn gjörði Sigurði sverð þat, er Gramr hét; þat var svá snarpeggjat, at hann brá því í ána Rín, ok lét reka ofan at ullaflagð fyrri strauminum, ok tók í sundr lagðinn<sup>5</sup>; síðan klauf Sigurðr steðja Regins með sverðinu. Eptir þat eggjaði Reginn Sigurð, at drepa Fofni, bróður sinn; [Sigurðr kvað þá<sup>6</sup> vísu:

Hátt munu hlægja  
Hundings synir,  
þeir er Eylima  
[aldrs vörnuðu<sup>7</sup>,  
ef mik tregar<sup>8</sup>  
meirr, at sækja  
hrínga rauða  
enn hefna<sup>9</sup> föður.

Eptir þetta býr Sigurðr ferð sína, ok ætlar at herja á Hundings sonu, ok fékk Hálfrekr honum margt lið ok nokkur herskip. Í þessari ferð voru með Sigurði Hámundr, bróðir hans, ok Reginn; ek var ok þar, ok kölluðu þeir mik þá Norna-Gest; var Hálfreki konungi kunnleiki

<sup>1</sup>) ríkstr, *hin*. <sup>2</sup>) sínu, *B, F, S, þ*. <sup>3</sup>) Fáfni, *F, S, þ*.  
<sup>4</sup>) Gnýpaheiði, *F, S, þ*; Gnítaheið (Gnýparheiði), *B*; Gnýpurheiði, *G*. <sup>5</sup>) sem vatnit, *b. v. S*. <sup>6</sup>) þannig *S*; ok kvað, *A* og *hin*. <sup>7</sup>) aldr svörfuðu, *G*. <sup>8</sup>) þannig *S, þ*; tregar, *A*; tegrir, *F, G*. <sup>9</sup>) hefnd, *S*.

á mæri, þá er hann var í Danmörku með Sigmundi Völsungssyni; þá átti Sigmundur Bergildi<sup>1</sup>, ok skildu þau svá, at Berghildr<sup>2</sup> drap Sinfjötla, son Sigmundar, með eitri. Síðan fékk Sigmundur suðr í Frakklandi Hjördísar dóttur Eylima, er Hundíngs synir drápu, ok átti Sigurðr bæði at hefna föður síns ok móðurföður síns. Helgi Sigmundarson, er Hundíngsbani var kallaðr, var bróðir Sigurðar, er síðan var kallaðr Fofnisbani. Helgi<sup>3</sup>, bróðir Sigurðar, hafði drepit Hundíng konúng ok sonu hans þrjá, Eyjólf, Herruð ok Hjörvarð; Lýngvi komst undan ok tveir bræðr hans, Álfr ok Hemíngr; voru þeir hinir frægustu menn um alla atgjörfi, ok var Lýngvi fyri þeim bræðrum; þeir voru mjök fjölkunnigir; þeir höfðu kúgat marga smákonunga ok marga kappa drepit, ok margar borgir brendt, ok gjörðu it mesta hervirki í Spánlandi<sup>4</sup> ok Frakklandi, en þá var eigi keisarríki komit norðr híngat yfir fjallit. Hundíngs synir höfðu tekit undir sik þat ríki, er átt hafði Sigurðr í Frakklandi, ok voru þeir þar mjök fjölmennir.

6. Nú er at segja frá því, er Sigurðr bjóst til bardaga ímóti Hundíngs sonum; hann hafði fengit mikit lið ok vel vopnat. Reginn hafði mjök ráðagjörð fyri liðinu; hann hafði sverð þat, er Ríðill hét, er hann hafði smíðat; Síg-

<sup>1</sup>) Borghildi at Brálundi, S. <sup>2</sup>) Berghildr, S. <sup>3</sup>) v. í A. <sup>4</sup>) Spánlandi, S.

urðr bað Reginn ljá sér sverðit; hann gjörði svá, ok bað hann drepa Fofni, þá er hann kæmi aptr úr þeirri ferð; Sigurðr hét honum því. Síðan sigldum vèr suðr með landi; þá fengum vèr gjörninga veðr stór, ok kendu þat margir Hundingssonum; sigldu vèr nokkuru landhallara. Þá sá vèr mann einn á bjargsnös nokkuri, er gekk framaf sjófarhömrum; hann var í heklu grænni ok blám brókum, [ok knepta skó á fótum uppháfa, ok spjót<sup>1</sup> í hendi; þessi maðr ljóðar á oss, ok kvað:

Hverir ríða hér  
ræfils hestum  
[hafri unnar<sup>2</sup>  
hafi<sup>3</sup> glymjanda;  
eru [segl yðr<sup>4</sup>  
sjófi stokkin,  
munu at vopnaðir<sup>5</sup>  
vind<sup>6</sup> of standast.

Reginn kvað á móti:

Hér erum<sup>7</sup> vèr Sigurðr  
á sjó komnir,  
er oss byrr gefinn  
við bana sjálfan;  
fellt brattr<sup>8</sup> breki  
bárundum<sup>9</sup> hægir<sup>10</sup>

<sup>1</sup>) uppháfa skúa ok knepta at legg, laufsprotu, S. <sup>2</sup>) þarnig F, S, þ; hafunnar, A; háfar unnir, B; höfnun at, G. <sup>3</sup>) haf, B, S. <sup>4</sup>) seglvegg, B. <sup>5</sup>) vogmarar, B. <sup>6</sup>) við, S. <sup>7</sup>) 'ro, S. <sup>8</sup>) eða sigri, A. <sup>9</sup>) brátt, F, S, þ. <sup>10</sup>) bröndum, B, F, þ; v. í S. <sup>11</sup>) hærri, B, F, G, þ; hömrum, S.

hlunnvígg<sup>1</sup> hrapa,  
hverr spyrr at því?

Heklumaðr kvað:

Hnikar heitum<sup>2</sup> mik  
þá er Huginn<sup>3</sup> gladdi  
Völsúng<sup>4</sup> víða<sup>5</sup>  
ok vegit hafði;  
nú máttu kalla  
karl á bjargi  
Feng eða Fjölni,  
far vil ek þiggja<sup>6</sup>!

Þá vikum vèr at landi; þá lægðiskjótt veðrit, ok bað Sigurðr karl gánga útá skipit; hann gjörði svâ; þá [fèll þegar veðrit, ok<sup>6</sup> gjörði hinn bezta byr. Karl settist niðr fyrí fætr<sup>7</sup> Sigurði, ok var mjök makráðr<sup>8</sup>; hann spurði, ef Sigurðr vildi nokkut ráð at honum þiggja. Sigurðr kveðst vilja; sagði þat, at hann mundi vera mönnum ráðdrjúgr, ef hann vildi<sup>9</sup> gagn gjöra. Sigurðr kvað til heklumannsins:

Segðu mèr þat, Hnikarr!  
alls þú hvorttveggja veizt  
goða heill ok gumna:  
hverjar eru beztar,  
ef berjast skal,  
heillir at sverða svipan?

1) þannig F, S, þ; hlynníng, A; hlymmíng, G. 2) hétu, S.  
3) þannig B, S; hug, A, G, þ. 4) úngi, B. 5) þannig  
S, þ; þeigja, A, F. 6) v. t S. 7) knè, F, S, þ. 8) máldjartr,  
S. 9) mönnum, b. v. F, þ.

Hnikar kvað:

Mörg eru góð,  
 ef gumnar vita,  
 heill at sverða svipan :  
 dyggva [fylgju  
 hygg ins<sup>1</sup> dökkva vera  
 af hrotta meiðara<sup>2</sup> hrapí.

Þat er annat,  
 ef þú ert úm<sup>3</sup> kominn  
 ok til burtferðar búinn;  
 tvo þú lítr [ára  
 í -stirða<sup>4</sup>  
 hróðrfulla<sup>5</sup> hali.

Þat er et þriðja,  
 ef þú þjóta heyrir  
 úlf undir askinum<sup>6</sup>,  
 heilla auðit  
 verðr þær af hjálms töfum,  
 ef þú lítr þá fyri farast<sup>7</sup>.

Engi skal gumna  
 í gegn vega  
 síð sitjanda<sup>8</sup>  
 systur veri<sup>9</sup>;  
 þeir sigr hafa,

<sup>1</sup>) fylgin h. i., *A*; fylgju h. ek ens, *B*; fylgja hyggins, *F*, *G*; fylgjo hygg ek at ins, *S*; fylgju ens, *p*. <sup>2</sup>) meiða, *B, F, S, p*.  
<sup>3</sup>) þannig *A, B, F, G, p*; um vin, *S*. <sup>4</sup>) þannig *A, G, p*;  
 á tvi standa, *B, S*; á rái standa, *F*. <sup>5</sup>) hróðfúsa, *B*. <sup>6</sup>) þannig  
*F, p*; á-skinnum, *A, G*; asklimum, *B*. <sup>7</sup>) fyrr fara, *B*; fyri  
 fara, *hin*. <sup>8</sup>) (at síð) sitjandi, *B, p*; sinnandi, *G*; skinaudi, *S*.  
<sup>9</sup>) mána, *B, S, p*; maka, *F, G*.



sem sjá kunna  
hjørleiks hvatir,  
eðr hamalt fylkja<sup>1</sup>.

Þá<sup>2</sup> er fár mikit<sup>3</sup>,  
ef þú fæti drepr,  
þá er at [vigi vegr<sup>4</sup>;  
tálar dísir  
standa þær á tvær hliðar,  
ok vilja þik sáran sjá.

Kemdr<sup>5</sup> ok þveginn  
skal kennast hverr,  
ok at<sup>6</sup> morgni<sup>7</sup> mettr,

þvíat óvíst er,  
[hvar at aptni kemr<sup>8</sup>,  
íllt er<sup>9</sup> fyrri heill at hrapa.

Ok eptir þat sigldum vér suðr fyrir Hollsetu-  
land, ok svá fyrir austan Frísland, ok þar at landi.  
Þegar fregna Hundíngs synir um ferð vora, ok  
samna liði, ok verða brátt [fjölmennari enn vér<sup>10</sup>;  
tókst þar harðr bardagi; var Lýngvi þeirra<sup>11</sup> fram-  
astr í allri framgaungu, sóttu þó allir fast fram.  
Sigurðr sækir ímóti svá hart, at allt hrökk fyrir  
honum, þvíat sverðit Gramr varð þeim skeinu-  
samr<sup>12</sup>, en Sigurði þarf eigi hugar at frýa. Ok

<sup>1</sup>) þannig B, F, S, þ; fylgja, A. <sup>2</sup>) þat, F, S, þ. <sup>3</sup>) innit, G. <sup>4</sup>) vega ferr, B. <sup>5</sup>) kendr, sum. <sup>6</sup>) af, hin. <sup>7</sup>) þannig B; minni, A, F, G, þ; minnum, S. <sup>8</sup>) þannig B, S; hvat er af inni, A, G; hvat er aptni kemr, þ. <sup>9</sup>) v. í A, G. <sup>10</sup>) fjölmennir, ok er vér finnumast, F, S, þ. <sup>11</sup>) bræðra, þ. v. F, S, þ. <sup>12</sup>) skeinuhætt, F, þ; óglögt í S.

er þeir Lýngvi fundust, skiptust þeir mörgum höggum við, ok berjast alldjarfliga; verðr þá hvíld á bardaganum, þvíat menn horfðu á þeirra einvígi; þat var lánga hríð, at hvorgi þeirra kom sári á annann, svá voru þeir vígfim-ir. Síðan sækja bræðr Lýngva fast fram, ok drepa margan mann, en sumir flýja. Þá snýr Hámundr bróðir Sigurðar ímóti þeim, ok ek með honum, verðr þá enn<sup>1</sup> nokkur móttaka; en svá lýkr með þeim Sigurði ok Lýngva, at Sigurðr gjörði hann handtekinn, ok var hann settr í járn. En er Sigurðr kom til vor, þá verða skjót umskipti; falla þá Hundíngs synir ok allt lið þeirra, enda myrkir þá af nótt. Ok þá er lýsti um morgininn var heklumaðrinn horf-inn, ok sást eigi síðan; hyggja menn, at þat hafi Óðinn verit reyndar; var þá um þat talat, hvern dauða Lýngvi skyldi hafa. Reginn lagði þat til ráðs, at rista skyldi blóðörn á baki honum; tók Reginn þá við sverði sínu af mēr, ok risti með því bak Lýngva, svá at hann skar rifinn frá hryggnum, ok dró þar út lúngun; svá dó Lýngvi með mikilli hreysti. Þá kvað Reginn:

Nú er bloðugr örn  
breiðum<sup>2</sup> hjörfi  
bana Sigmundar  
á baki ristinn;  
fárr<sup>3</sup> var fremri,

<sup>1</sup>) v. í F, þ.    <sup>2</sup>) bitrum, S.    <sup>3</sup>) fyrr, B, G.

sjá er fold rýðr  
 hilmis hnefi  
 ok Huginn gladdi.

Þar var allmikit herfáng; tóku liðsmenn Sigurðar þat allt, þvíat hann vildi ekki af hafa; var þat mikit fè í klæðum ok vopnum. Síðan drap Sigurðr þá Fofni ok Reginn, þvíat hann vildi svíkja Sigurð; tók Sigurðr þá gull Fofnis, ok reið á burt með; var hann síðan kallaðr Fofnisbani. Eptir þat reið hann uppá Hindarheiði<sup>2</sup>, ok fann þar Brynhildi, ok fóru svá þeirra skipti, sem segir í sögu Sigurðar Fofnisbana.

7. Síðan fær Sigurðr Guðrúnar Gjúkadóttur; var hann þá um hríð með Gjúkúngum mágum sínum. Ek var [með Sigurði<sup>3</sup> norðr í Danmörku; ek var ok<sup>4</sup> með Sigurði, þá er Sigurðr hríngr sendi Gandálfs sonu, mága sína, til móts við Gjúkúnga, Gunnar ok Högna, ok beiddi, at þeir mundi lúka honum skatt, eðr þola her ella, ef þeir vildu verja land sitt. Þá hasla Gandálfs synir Gjúkúngum völl við landamæri, ok fara aptr síðan. En Gjúkúngar biðja Sigurð Fofnisbana fara til bardagans með sér; hann sagði svá vera skyldu; ek var þá enn með Sigurði; sigldu vèr þá enn norðr fyrir Hollsetuland, ok lendum þar, sem Járnamóða<sup>6</sup> heitir; en skamt frá höfninni voru settar upp heslistengr, þar sem

1) arfi, B; nefi, S. 2) Hindarfjall, S. 3) ýmist með Sigurði eðr, S. 4) frá [ v. í þ. 5) til, hin. 6) Járnamóðir, B, F, þ.

orrostan skyldi vera. Sjám vèr þá mörg skip sigla norðan, voru Gandálfs synir fyrir þeim; sækja þá hvorirtveggju [fast fram<sup>1</sup>. Sigurðr hríngr var eigi þar, þvíat hann varð at verja land sitt Svíþjóð, þvíat Kúrir ok Kænir<sup>2</sup> herjuðu þangat; Sigurðr var þá gamall mjök. Stóan lýstr þar saman liðinu, ok verðr þar mikil orrosta ok mannskæð. Gandálfs synir gánga fast fram, þvíat þeir voru bæði meiri ok sterkari, enn aðrir menn. Í þeirra liði sást einn maðr mikill ok sterkr, drap þessi maðr menn ok hesta, svá at ekki stóð við, þvíat hann var líkari jötnum, enn mönnum. Gunnarr bað Sigurðr sækja ímóti þeim mannskelmi, þvíat hann kvað svá eigi duga mundu. [Nú bjóst Sigurðr<sup>3</sup> í móti þeim mikla manni, ok nokkurir menn með honum, ok voru þó þess flestir ófúsir; finnum vèr þá skjótt inn mikla mann, ok frétti Sigurðr hann at nafni, ok hvaðan hann væri. Hann kveðst Starkaðr heita Stórverksson<sup>4</sup>, norðan af Fenhríng úr Noregi. Sigurðr kveðst hans heyrta hafa getit, ok optarr<sup>5</sup> at illu: eru slíkir menn eigi sparandi til ófagnaðarins. Starkaðr mælti: hverr er þessi maðr, er mik lýtir svá í orðum? Sigurðr sagði til sín. Starkaðr mælti: ertu kallaðr Fofnisbani? Svá er, segir Sigurðr. Starkaðr vill þá undan leita; en Sigurðr snýr eptir, ok færir á lopt sverðit Gram, ok lamdi

<sup>1</sup>) á land upp, S. <sup>2</sup>) Kvænir, F, þ; Kvænir, S. <sup>3</sup>) máð i A. <sup>4</sup>) Þorverksson, rúngt S. <sup>5</sup>) optast, F, þ.

hann með hjöltunum á jaxlgarðinn<sup>1</sup>, svá at hrutu úr honum tveir jaxlarnir, var þat meiðsla högg. Sigurðr bað þá mannhundinn í brott dragast þaðan. Starkaðr snarast þá í burt þaðan: en ek tók annann jaxlinn ok hafða ek með mér, er sá nú hafðr í klukkustreng<sup>2</sup> í Danmörk, ok vegr sjö<sup>3</sup> aura; þikkir mönnum forvitni á at sjá hann. Þegar er Starkaðr lagði á flóttu, flýðu Gandálfs synir; tóku vèr þar mikit herfang; [fór Sigurðr heim í ríki sitt, ok setjast þar um hríð<sup>4</sup>.

8. Litlu síðarr heyrðum vèr getit niðfngs vígs Starkaðar, er hann hafði drepit Ála<sup>5</sup> konúng í laugu. Var þat einn dag, at Sigurðr Fofnisbani reið til einhverrar stefnu, þá reið hann í eina veisu, en hestrinn Grani hljóp upp svá hart, at í sundr gekk brjóstgjörðin, ok fell niðr hríngjan; en er ek sá, hvar hún glóaði í leirinum, tók ek upp, ok færða Sigurði, en hann gaf mér; hafi þèr nú fyrri litlu sèt þetta sama gull. Þá stökk Sigurðr af baki, en ek strauk hest hans, ok þvó ek leir af honum, ok tók ek einn lepp úr tagli hans, til sýnis vaxtar<sup>6</sup> hans; sýndi Gestr þá leppinn, ok var hann 7 álna hárr. Ólafr konúngr mælti: gaman þikki mér at sögum þínum; lofuðu nú allir frásagnir hans ok færleik; vildi konúngr, at

<sup>1</sup>) tanna jaxlgarðinn, S.    <sup>2</sup>) í Lundi, b. v. S.    <sup>3</sup>) 6, S.  
<sup>4</sup>) eftir þetta halda konungar heim í ríki sín ok setjast nú um kyrt, S.    <sup>5</sup>) Armóð, B, F, S, p.    <sup>6</sup>) um mikilleika, S.

hann segði miklu fleira um atburði frænda sinna. Segir Gestr þeim marga gamansamliga hluti allt til aptans; fóru menn at sofa; en um morguninn eptir lét konúgr kalla Gest, ok vill enn fleira tala við Gest. Konúgr mælti: eigi fær ek skilit til fulls um aldr þinn, hver líkendi þat má vera, at þú sèrt maðr svá gamall, at þú værir við staddr þessi tíðendi; verðr þú at segja sögu aðra, svá at vèr verðum sannfróðir um slíka hluti<sup>1</sup>. Gestr svarar: vita þóttumst ek þat fyrir, at þer mundið heyra vilja aðra sögu mína, ef ek segða um gullit, hversu farit væri. Konúgr mælti: segja skaltu víst.

9. Þá er nú at segja, segir Gestr, at ek fór norðr til Danmerkr, ok settumst ek þar at föðurleyfð minni, þvíat hann andaðist skjótt; ok litlu síðarr frétta ek dauða Sigurðar, ok svá Gjúkúnga, ok þótti mér þat mikil tíðendi. Konúgr mælti: hvat varð Sigurði at bana? Gestr segir: sú er flestra manna sögn, at Guttormr Gjúkason legði hann með sverði í gegnum sofanda í sæng Guðrúnar<sup>2</sup>; en Þýðeskir<sup>3</sup> menn segja Sigurð drepinn hafa verit úti á skógi; en [igðurnar segja<sup>4</sup> svá, at Sigurðr ok Gjúka synir<sup>5</sup> hefði riðit til þings nokkurs, ok þá dræpi þeir hann; enn er alsagt, at þeir vógu at honum liggjanda ok óvörum, ok sviku hann í trygðum.

<sup>1</sup>) atburði, F, S, þ. <sup>2</sup>) hjá Guðrúnu, S. <sup>3</sup>) Þýverskir, F; Þýðverskir, S, þ. <sup>4</sup>) í Guðrúnar ræðu segir svá, S. <sup>5</sup>) ok G., b. v. S.

Einn hirðmaðrinn spurði: hversu fót Brynhildr þá? Gestr segir: Þá drap Brynhildr sjö<sup>1)</sup> þræla sína ok fimm ambáttir, [en lagði sik<sup>2)</sup> sverði í gegnum, ok bað sik aka með þessa menn til báls, ok brenna sik [hjá Sigurði<sup>3)</sup>; ok svá var gjört, at henni var gjört annat bál, en Sigurði annat, ok var hann fyrr brendr enn Brynhildr. Henni var ékit í reið einni, ok var tjaldat um guðvef ok purpura, ok glóaði allt við gull, ok svá var hún brend. Þá spurðu menn Gest, [hvert Brynhildr hefði nokkut kveðit dauð<sup>4)</sup>; hann kvað þat satt vera; þeir báðu hann kveða, ef hann kynni. Þá mælti Gestr: Þá er Brynhildi var ékit til brennunnar á helveg, ok var farit með hana nær hömrum nokkurum; þar bjó ein gýgr; hún var úti fyrir hellis dyrum, ok var í skinnkirtli, ok svört yfirlits<sup>5)</sup>; hún þefir í hendi sér skógarvönd lángrá<sup>6)</sup>, ok mælti: þessu vil ek beina til brennu þinnar, Brynhildr! segir gýgr, ok væri betr, at þú værir lifandi brend fyrir óðaðir þínar þær, at þú læzt drepa Sigurð Fofnisbana, svá ágætan mann, ok opt var ek honum sínuð, ok fyri þat skal ek hljóða á þik með hefndar orðum þeim, at<sup>7)</sup> öllum sér þú at leiðari, er slíkt heyra frá þér sagt. Eptir þat hljóðast þær á, Brynhildr ok gýgr. Gýgr kvað:

<sup>1)</sup> eða: 4, F.    <sup>2)</sup> óljóst í A; tekið úr F.    <sup>3)</sup> dauða, S.  
<sup>4)</sup> er þat nokkut satt, at Brynhildr kvæði dauð, þá er hún var ékin til bálsins? S.    <sup>5)</sup> ásýndar, S.    <sup>6)</sup> einn loganda, S.  
<sup>7)</sup> v. í A.

Skaltu í gegnum  
 gánga eigi  
 grjóti studda  
 garða mína;  
 betr sæmdi þer  
 borða [at reki<sup>1</sup>,  
 enn<sup>2</sup> at vitja  
 vorra-ranna.

Hvat skaltu vitja  
 [af Vallandi<sup>3</sup>,  
 hverflyndt<sup>4</sup> höfuð!  
 húsa minna?  
 Þú hefir vörgum,  
 ef [þín vitja<sup>5</sup>,  
 [mörgum til matar<sup>6</sup>  
 manns hold<sup>7</sup> gefit.

Þá kvað Brynhildr:

Bregtu eigi mér,  
 brúðr úr steini!  
 Þótt væra ek fyrr  
 í víkingu;  
 ek mun okkar  
 æðri þikkja  
 [þeim, er eðli mitt  
 um þat kunna<sup>8</sup>.

<sup>1</sup>) at rekja, B, F, S, þ. <sup>2</sup>) heldr enn, B, F, S, þ. <sup>3</sup>) þannig leiðrétt eftir Eddu; vor á landi A, G; va á landi, S, þ; va af landi, B. <sup>4</sup>) hverflynt, A, G; hvarflynt, S. <sup>5</sup>) þik víta lystir, S. <sup>6</sup>) meini blandat, S. <sup>7</sup>) blóð, B, F, S, þ. <sup>8</sup>) þat, v. í B, F, þ; þar, er eðli menn okkart kunnu, S.



Gýgr kvað:

Þú ert Brynhildr

Buðladóttir!

heilli verst

í heim borin;

[þú hefir of glatat

börnum ok húi<sup>2</sup>,

[ok þeirra brugðit

góðu gamni<sup>3</sup>.

Brynhildr kvað:

Ek mun segja þér

sanna ræðu,

vèlgjarnt höfuð!

ef þik vita lystir:

hve gjörðu mik

Gjúka arfar

ástalausá

ok eiðrofa.

Lèt mik af harmi

hugfullr konúngr

Atla systur

undir eyk búa;

var ek vetra tólf,

ef þess<sup>4</sup> vita lystir,

þá er ek úngum gram

eiða svarða.

<sup>1</sup>) vestu, B, F, S, þ. <sup>2</sup>) þú hefir Gjúka of glatat börnum, B, S. <sup>3</sup>) þeirra brugðit góðu, F; ok húi þeirra brugðit góðu, B, S, þ. <sup>4</sup>) þik, S.

Ek<sup>1</sup> lét gamlan  
 [gýgjar bróður<sup>2</sup>  
 Hjalmgunnar nest<sup>3</sup>  
 heljar gánga;  
 gaf ek úngúmi sigr  
 Auðar<sup>4</sup> bróður,  
 [þar var<sup>5</sup> mér Óðinn  
 of greypr fyrir.

Lauk hann mik skjöldum  
 í Skatalundi  
 rauðum ok hvítum,  
 reyndar<sup>6</sup> svæfði<sup>7</sup>;  
 þann bað hann slíta  
 svefni mínum,  
 er hvergi lands<sup>8</sup>  
 hræðast kynni.

Lét hann um sæl minn  
 sunnanverðan  
 háfan brenna  
 hrottgram<sup>9</sup> viðar;  
 þar bað hann þegar<sup>10</sup> einn  
 yfir um ríða,  
 þann er færði mér  
 Fofnis dýnu<sup>11</sup>.

<sup>1</sup>) Ok, S. <sup>2</sup>) á goð þorðu, S. <sup>3</sup>) þannig B, F, S; vest,  
 A, G, þ. <sup>4</sup>) Auða eða Anda, S. <sup>5</sup>) því varð, S. <sup>6</sup>)  
 randi, B. <sup>7</sup>) svefða, B; svæfða, S. <sup>8</sup>) lunds, B. <sup>9</sup>) hrott-  
 garm, F, S. <sup>10</sup>) þegn, B, F, S, þ. <sup>11</sup>) gull þat, er undir  
 Fafni lá, S.

Reið góðr Grana  
 gull miðlandi,  
 þar er fóstri minn<sup>1</sup>  
 fletum stýrði;  
 einn þótti<sup>2</sup> þar  
 öllum betri  
 víkingr Dana  
 í virðingu.

Svófu við ok undum  
 í sæng einni,  
 sem hann bróðir minn  
 of borinn væri;  
 hvorki mátti<sup>3</sup>  
 hönd yfir annat  
 á átta nóttum  
 [enn at<sup>4</sup> leggja.

Því brá mér Guðrún  
 Gjúkadóttir,  
 at ek Sigurðar  
 svæfa á armi;  
 þá varð ek þess vís,  
 er ek vilda ei,  
 at þau villtu<sup>5</sup> mik  
 í verfangi<sup>7</sup>.

Munu vær of stríðs  
 alls of<sup>8</sup> lengi

1) v. f. A. 2) hann, b. v. B, F, þ. 3) knátti, S. 4) okkar, B. 5) at, B, F. 6) væltu, B, þ; veltu, F, S. 7) vetfangi, B. 8) síð, S. 9) til, S.

kvinnur ok karlar  
 kvikir um fæðast<sup>1</sup>;  
 við skulum okkrum  
 aldri slíta  
 Sigurðr saman<sup>2</sup>,  
 sökztu<sup>3</sup> nú<sup>4</sup>, gýgr!

Þá æpti gýgr ógrligri röddu, ok hliðar inni bjargit. Þá sögðu hirðmenn, at þetta væri gaman: ok segðu enn fleira. Konúngr mælti: eigi er nauðsyn at segja fleira frá slíkum hlutum. Konúngr spyr: vartu nokkut með Loðbrókar sonum? Gestr svarar: skamma stund var ek með þeim; ek kom til þeirra, þá er þeir herjuðu suðr at Mundíafjalli<sup>5</sup> ok brutu Vífilborg<sup>6</sup>; þá var allt við þá hrætt, þvíat þeir höfðu sigr, hvar sem þeir fóru, ok þá ætluðu þeir at fara til Rómaborgar. Þat var einn dag, at maðr nokkr kom fyri Björn konúng járnstöðu, ok heilsaði honum; konúngr tekr honum vel, ok spyr, hvaðan hann væri at kominn<sup>7</sup>. Hann sagðist<sup>8</sup> kominn sunnan frá Rómaborg. Konúngr spurði: hve langt er þángat? Hann<sup>9</sup> svaraði: hér máttu sjá, konúngr! skó<sup>10</sup>, er ek hef-ir á fótum; tók hann þá járnskó af fótum sér, ok

1) forðast, F, þ. 2) aldrei - samförum, B. 3) söktu, B. 4) rög, b. v. S. 5) hljóp, B, F, S, þ. 6) þannig B, F, S, þ; Indíafjalli, A, G. 7) Vífelaborg, S. 8) eðr hvat hann hétu, b. v. S. 9) Sónes heita ok, b. v. S. 10) Sónes, S. 11) v. s. A.

voru allþykkir ofan, en mjök sundr<sup>1</sup> neðan: svá er laung leið hëðan til Rómaborgar, sem þer megið nú sjá á skóm mínum, hversu hart at þeir hafa þolat. Konúngr mælti: furðu laung leið er þetta at fara, ok mun ek aprtr snúa, ok herja eigi á Rómarríki; ok svá gjöra þeir<sup>2</sup>, at þeir fara eigi lengra, ok þótti hernum<sup>3</sup> þetta undarligt, at snúa [svá skjótt sínu skapi<sup>4</sup> við eins manns orð, [er þeir höfðu áðr allt ráð fyrri gjört<sup>5</sup>. Fóru Loðbrókar synir við þetta aprtr, ok heim norðr, ok herjuðu eigi lengra suðr. Konúngr segir: auðsýnt var þat, at helgir menn í Róma vildu eigi yfirgáng þángat, ok mun sá andi [af guði sendr verit hafa, at snúa svá skjótt þeirra fyrirætlan<sup>6</sup>, at gjöra ekki spëllvirki<sup>7</sup> hinum helgasta stað [Jesú Kristí í Rómaborg<sup>8</sup>.

10. Enn spyrr konúngr Gest: hvar hefir þú þess komit til konúnga, er þer hefir bezt þótt? Gestr svarar: mest gleði þótti mér með Sigurði ok Gjúkúngum; en þeir Loðbrókar synir voru menn sjálfráðastir at lifa, sem menn vildu; en með Eireki at Uppsölum var sæla mest; en Haraldr hinn hárfagri var vandastr<sup>9</sup> at hirðsiðum allra fyrrnefndra<sup>10</sup> konúnga. Ek var ok með Hlöðvi konúngi á Saxlandi, ok þar var ek primsigndr,

1) slitnir, *hin*. 2) bræðr, *b. v. S.* 3) hverjum, *S.* 4) aprtr, *S.* 5) *v. í S.* 6) af guðligum mætti, er svá skipast þeirra fyrirætlan, *S.* 7) illvirki, *S.* 8) *v. í S.* 9) at háttum ok, *b. v. S.* 10) *v. í S.*

Þvíat ek mátti eigi þar vera elligar, þvíat þar var kristni vel haldin, ok þar þótti mér at öllu bezt. Konúngr mælti: mörg tíðendi muntu segja kunna, ef vèr viljum spyrja. Konúngr frèttir nú margs Gest; en Gestr segir þat allt greiniliga; ok um síðir talar hann svá: nú má ek segja yðr, þvíat ek em Norna - Gestr kallaðr. Konúngr sagðist þat heyra vilja.

11. Þat var, þá er ek var uppfæddr með föður mínum í þeim stað, er Græningr heitir; faðir minn var ríkr at peníngum, ok hældt ríkliga herbergi sín. Þar fóru þá um landit völvur, er kallaðar voru spákonur, ok spáðu mönnum aldr', því buðu menn þeim ok gjörðu þeim veizlur', ok gáfu þeim gjafir' at skilnaði. Faðir minn gjörði ok svá, ok komu þær til hans með sveit manna, ok skyldu þær spá mér örlaga; lá ek þá í vöggu, er þær skyldu tala um mitt mál; þá brunnu yfir mér tvö kertisljós. Þær mæltu þá til mín, ok sögðu mikinn auðnumann verða mundu [ok meira, enn aðra mína frændr eðr forellra, eðr höfðingja syni þar í landi', ok sögðu allt svá fara skyldu um mitt ráð. Hin ýngsta nornin þóttist oflítils metin hjá<sup>4</sup> hinum tveimr, er þær spurðu hana eigi eptir [slíkum spám, ersvâ voru mikils verðar'; var þar ok mikil rifbalda sveit, er henni hratt úr sæti sínu, ok fèll hún til jarðar. Af þessu varð hún

<sup>1</sup>) örlög, S. <sup>2</sup>) gripi, S. <sup>3</sup>) v. í S. <sup>4</sup>) af, S. <sup>5</sup>) v. í S.

ákafliða stygg; kallar hún þá hátt ok reiðuliga, ok bað hinar hætta svá góðum ummælum um mik: þvíat ek skapa honum þat, at hann skal eigi lifa lengr, enn kerti þat brennr, er upp er tendrat hjá sveininum. Eptir þetta tók hin eldri völvan kertit, ok slökti, ok biðr móður mína varðveita, ok kvækja eigi fyrr, enn at [síðasta degi<sup>1</sup> lífs míns. Eptir þetta fóru spákonur í burt, ok bundu hina úngu norn, ok höfðu hana svá í burt, ok gaf faðir minn þeim góðar gjafir at skilnaði. Þá er ek var roskinn maðr, fær móðir mín mér kerti þetta til varðveizlu; hefi ek þetta nú með mér. Konúngr mælti: því forstu nú hín gat til vor? Gestr svarar: þessu sveif mér í skap, ætlaða ek mik af þer nokkura auðnu<sup>2</sup> hljóta mundu, þvíat þer hafið [fyri mér: verit mjök lofaðir af góðum mönnum ok vitrum. Konúngr segir: viltu nú taka helga skírn? Gestr svarar: þat vil ek gjöra at yðru ráði; var nú svá gjört, ok tók konúngr hann í kærleika við sik, ok gjörði hann hirðmann sinn. Gestr varð trúnaðr mikill, ok fylgdi vel konúngs síðum, var hann ok vinsæll af mönnum.

12. Þat var einn dag, at konúngr spyr Gest: hversu lengi vildir þú nú lifa, ef þú reðir? Gestr svarar: skamma stund heðan af, ef guð vildi svá. Konúngr mælti: hvat mun nú líða, ef þú tekr kerti þitt<sup>4</sup>? Gestr tók kerti sitt úr

<sup>1</sup>) síðastun dögum, S. <sup>2</sup>) bragð, b. u. S. <sup>3</sup>) u. í S. <sup>4</sup>) er þú hefir frá sagt, b. u. S.

hörpustokki sínum. Konúgr bað þá kveikja; svà var gjört; ok er kertit var tendrat, brann þat skjótt. Konúgr spurði Gest: hversu gamall maðr ertu? Nú hefir ek 300 vetra, (segir Gestr). Gamall' ertu, sagði konúgr. Gestr lagðist þá niðr; hann bað þá ólea sik; þat lét konúgr gjöra; ok er þat var gjört, var lítit óbrunnit af kertinu. Þat fundu menn, at þá leið at Gest. var þat ok jafnskjótt, at kertit var brunnit, ok Gestr andast, ok þótti öllum merkiligt hans andlát; þótti konúngi ok mikit mark at sögum hans, ok þótti sannast um lífdaga hans, sem hann sagði; [ok lýkr þar frá Norna-Gesti at segja \*.

---

\* ) allgamall, B, F, S, p. 2) v. í B, F, S, p.



Þ Á T T R

A F

R A G N A R S S O N U M .



---

Hér segir af Ragnars sonum, ok hversu margir konungar eru komnir af þeim.

**E**FTIR dauða Ríngs konúngs tók Ragnar sun hans konúngdóm yfir Svíaveldi ok Dana; þá gengu margir konungar á ríkin, ok lögðu undir. En þvíat hann var úngr maðr, ok sýndist þeim hann lítt fallinn til ráðagerðar eða landstjórnar, þá var einn jarl í vestra Gautlandi, er Herrauðr hét; hann var jarl Ragnars konúngs; manna var hann vitrastr ok hermaðr mikill. Hann átti eina dóttur, er Þóra borgarhjörtr var kölluð; hún var allra kvenna fríðust þeirra, er konúngr hafði spurt til. Jarlinn, faðir hennar, hafði gefit henni einn yrmlíng í morgingjöf; hún fæddi hann fyrst í eski sínu; en þessi ormr varð svá mikill um síðir, at hann lá í kríngum skemmuna, ok beit í sporð sér; hann gerðist þá svá ólmr, at menn þorðu eigi at koma nær skemmunni, nema þeir, er honum gáfu mat, eða þjónáðu jarls dóttur; en hann (át) uxa um dag; fólkit óttaðist mjök, ok vissu, at hann mundi mikinn skaða gera, svá mikill ok ólmr, sem hann var þá orðinn. Jarl strengdi þá þess heit at Bragar-

fulli, at hann skyldi þeim einum manni gipta dóttur sína Þóru, er dræpi orminn, eða þyrði at ganga til tals við hana fyrir orminum. Ok er Ragnarr konúngr spýrr þessi tíðendi, þá ferr hann í vestra Gautland; ok er hann átti skamt til bíar jarlsins, þá fór hann í raggaðar klæði, brækr ok kápu, ok ermar á ok höttr; þau klæði voru þæfð með sand ok tjöru, ok tók í hönd sér eitt mikit spjót, en var girðr sverði, ok gekk svá einn frá sínum mönnum, ok til bíar jarlsins ok skemmu Þóru. Ok þegar ormrinn sá, at þar var kominn úkunnr maðr, þá reistist hann upp, ok blés eitri móti honum; en hann skaut móti skildinum, ok gekk at honum djarfliga, ok lagði hann með spjóti í hjartat; ok síðan brá hann sinu sverði, ok hjó af orminum höfuðit; ok fór þat svá, sem segir í sögu Ragnars konúngs, at hann fékk síðan Þóru borgarhjört; ok síðan lagðist hann í hernað, ok frelsti allt sitt ríki. Hann átti með Þóru 2 syni, hét annar Eiríkr, en annar Agnarr; ok er þeir voru nokkurra vetra gamlir, þá tekr Þóra sótt, ok andaðist. Síðan fékk Ragnar Áslaugar, er sumir kalla Randalín, dóttur Sigurðar Fáfnisbana ok Brynhildar Buðladóttur. Þau áttu 4 syni; Ívar beinlausí var elztr, þá Björn járnsíða, þá Hvítserkr, þá Sigurðr; þat var mark í auga honum, at svá var sem ormr lægi um sjáldrit, ok því var hann kallaðr Sigurðr ormr í auga.

2. Nú er synir Ragnars voru vaxnir, þá

herjuðu þeir víða um lönd. Þeir bræðr Eiríkr ok Agnarr fóru í öðrum stað, en í þriðja stað fóru þeir Ívar ok þeir enir yngri bræðr hans með honum, ok gerði hann ráð fyrir þeim, þvíat hann var forvitri; þeir lögðu undir sik Selund ok Reiðgotaland, Eygotaland ok Eyland, ok öll smálönd í hafinu. Settist þá Ívar með enum yngrum bræðrum sínum at Leiðru á Selundi, ok var þat þó móti vilja Ragnars konúngs; fóru synir hans með hernaði allir, þvíat þeir vildu eigi úfrægri vera, enn Ragnar konúngr, faðir þeirra. Þat líkaði Ragnari konúngi illa, er synir hans hældu móti honum, ok tóku skattlönd hans móti hans vilja. Hann setti þann konúng yfir Upp-Svíaveldi, er Eysteinn beli hêt, ok bað hann halda því ríki sèr til handa, en verja fyrir sunum sínum, ef þeir kallaði til. Þat var eitt sumar, er Ragnar konúngr var farinn í Austrveg með her sinn, at Eiríkr ok Agnarr, synir hans, komu til Svíþjóðar, ok hældu skipum sínum uppí Löginn; gerðu þeir þá boð Eysteini konúngi til Uppsala, at hann kæmi til þeirra. Ok er þeir fundust, sagði Eiríkr, at hann vildi at Eysteinn konúngr hældi Svíaríki undir þá bræðr, ok kveðst þá fá vilja Borghildar, dóttur hans, ok segir, at þá megu þeir vel halda því ríki fyrir Ragnari konúngi. Eysteinn kveðst þetta vilja tjá innanlands höfðingjum, ok skildust þeir svá. Ok er Eysteinn konúngr bar þetta mál upp, þá urðu allir landsmenn á þat sáttir, at verja landit fyrir

sunum Ragnars; ok dregst nú saman úvígr herr, ok ferr Eysteinn konúgr móti Ragnars sunum; ok er þeir finnast, verður þar mikil orrosta, ok verða nú synir Loðbrókar ofrliði bornir, ok fellr svá lið þeirra bræðra, at fátt eitt stóð upp; þá fell ok Agnarr, en Eiríkr varð handtekinn. Eysteinn konúgr bauð Eiríki grið, ok svá mikit fè af Uppsala veldi fyrir Agnar bróður sinn, sem sjálfr vildi hann, ok þar með dóttur sína, þá er áðr hafði hann beðit. Eiríkr vildi engar fèbætr ok eigi konúngs dóttur, ok eigi kveðst hann vilja lifa eptir þann úsigr, er hann hafði fengit, en þat kveðst hann þiggja vilja, at hann kjósi sèr sjálfr dauðdaga. Ok af því, at Eysteinn konúgr mátti enga sætt fá af Eiríki, þá játtar hann honum því. Eiríkr bað, at þeir tæki undir hann spjótsoðdum, ok hefl hann svá upp yfir allan valina. Þá kvað Eiríkr:

Vil ek eigi boð fyri bróður,  
 nè baugum mey kaupa,  
 Eystein kveða orðinn  
 Agnars bana, heyra;  
 grætr eigi mik móðir,  
 mun ek efstr á val deyja,  
 ok geirtrè í gegnum  
 gjörr látið mik standa!

Ok áðr hann væri hafinn uppá spjótin, þá sá hann einn manna riða mikit; þá kvað hann:

Þau berið orð it efra,  
 eru austr farar liðnar,

at mæri hafi mína  
 mjó, Áslaugu, bauga;  
 þá man mest af móði,  
 ef mik spyrja dauðan,  
 mín stjúpmóðir mildum  
 mögum sínum til segja.

Var nú svá gjört, at Eiríki var lypt upp á spjóts  
 oddunum, ok dó hann svá uppí yfir valnum.  
 Ok er þessi tíðendi spyrjast útá Selund til Ás-  
 laugar, þá ferr hún þegar á fund suna sinna, ok  
 segir þeim þessi tíðendi. Þeir Björn ok Hvít-  
 serkr lèku tafl, en Sigurðr stóð at framan. Þá  
 kvað Áslaug:

Eigi mundi yðar,  
 ef er dæið fyrri  
 eitt missari<sup>1</sup> eptir  
 úhefnt vera, bræðra;  
 lítt ráðumst því leyna,  
 ef líf hafa knætti  
 Eiríkr sitt ok Agnarr  
 úbornir mæri niðjar.

Þá svarar Sigurðr ormr í auga:

Þat skal þriggja vikna,  
 ef þik tregár, niðir!  
 leið eigu vèr lángra,  
 leiðánger búinn verða;  
 skal Uppsölum eigi  
 þóat ofrfè bjóði,

<sup>1</sup>) þannig leiðrètt úr: mæiri. <sup>2</sup>) þannig.

ef oss duga eggjar  
Eysteinn beli ráða.

Þá kvað Björn járnsíða:

Duga man hugr ok hjarta  
í hauksnöru brjósti,  
þótt minnr um þat mæli,  
manni innan rifja;  
eigi er oss í augum  
ormr nè frá nír snákar,  
bræðr glöddu mik mfnir,  
man ek stjúpsunu þína.

Þá svarar Hvítserkr:

Hyggjum at, áðr heitim,  
at hefnt megi verða,  
látum ýmsu illu  
Agnars bana fagna;  
hrindum híf á rannir,  
höggum ís fyri barði,  
sjám á hitt, hverr snekkjur  
[værr snemst fáim búnar<sup>2</sup>.

Þá kvað Ívar beinlausí:

Hafið ofrhuga ærinn<sup>3</sup>  
ok áræði bæði!  
Þess mundi þá þurfa,  
at þrá mikit fylgdi;  
bera man mik fyri bragna  
beinlausan fram verða,  
þó gat ek hönd til hefnda,  
at ek hváriga nýta.

<sup>1</sup>) rán, rángt lesið í L. <sup>2</sup>) várr snemst farmbonar verða,  
rángt lesið í L. <sup>3</sup>) L. hefir rángt lesið: orm.



Eptir þat drógu Ragnars synir saman úvígán her; ok er þeir voru búnir, þá fóru þeir með skipaher til Svíþjóðar; en Áslaug drottning ferr með 15 hundruðum riddara landveg, ok var þat fólk allvel búit; sjólf bar hún herklæði, ok var formaðr þess hers, ok kallaðist Randalín, ok mætast þau í Svíþjóð, ok ræna ok brenna, hvar sem þau fara yfir. Þetta spyr Eysteinn konúgr, ok samnar her ímóti þeim, hverjum þeim manni, er vígr var í hans ríki; ok er þeir mætast, verðr þar mikil orrosta, ok fá Loðbrokar synir sigr, en Eysteinn konúgr fell; spyrst þetta, (ok) verðr mjök frægt. Ragnar konúgr, þar sem hann var í hernaði, spyr þetta, ok líkar stórilla við sunu sína, at þeir létu eigi hefndina bíða hans. Ok er hann kom heim í ríki sitt, þá segir hann Áslaugu, at hann skal gera eigi minna frægðarverk, enn synir hans höfðu þá gert: hefi ek nú flest allt þat ríki aptr unnit undir mik, er mínir forellrismenn hafa átt, utan England eigi, ok því hefi ek nú látit gera knörru 2 í Líðum á Vestfold, þvíat hans ríki stóð allt til Dofrafjalls ok Líðandisness. Áslaug svarar: mörg lángskip máttu þér hafa gera látit með verði þessa knarra, vitu þér ok, at stórskipum er ekki gott at halda at Englandi sakir straums ok útgrynnis, ok er þetta ekki vitrliga ráðit. En allt at einu ferr Ragnar konúgr með þessum knörrum vestr til Englands

1) þannig.

með 500 manna, ok brýtr bæði skipin við Eng-land, en sjálfr hann, ok allr herra hans, kom heill á land; tekr hann nú at herja, hvar sem hann ferr.

3. Í þenna tíma ræð sá konúgr fyri Norðhumrulandi, er Ella hét; ok er hann spyr, at herra er kominn í ríki hans, þá samnar hann miklu liði, ok ferr móti honum með úvígán her, ok verðr þar orrosta mikil ok hörð. Ragnar konúgr var ytst í silkihjúp þeim, er Ás-laug gaf honum at skilnaði; ~~ok~~ þvíat landherrinn var mikill, svá at ekki mátti viðhaldast, þá féll nálíga allt fólk hans, en hann gekk sjálfr vel fjórum sinnum í gegnum fylking Ellu konúgs, en ekki járn festi á silkiskirtu hans; varð hann um síðir handtekiðr, ok settr í einn ormgarð, ok vildu ormarnir ekki koma nær honum. Ella konúgr sá, at hann bitu eigi járn um daginn, er þeir börðust, ok nú vildu eigi ormarnir granda honum; þá lét hann fletta af honum klæði þat, er hann hafði ytst haft um daginn; ok þegar hengu ormarnir á honum alla vega, ok lét hann þar líf sitt með miklum raustleik. Ok er synir Ragnars konúgs spyrja þessi tíðendi, þá fara þeir vestr til Englands, ok berjast við Ellu konúg; ok af því, at Ívar vildi eigi berjast ok ekki hans fólk, en landherrinn var drjúgr, þá fengu þeir úsigr, ok flýðu til skipa, ok fóru við svá búið heim til Danmarkar. En Ívar var eptir í Eng-landi, ok fór á fund Ellu konúgs, ok beiddist

af honum bóta fyri föður sinn. Ok fyri því at Ella konúngr sá, at Ívar vildi eigi berjast með bræðrum sínum ímóti honum, þá þótti honum trúligt at gera sætt við hann. Ívar bað konúng gefa honum svá mikit af landi í föðurgjöld, sem hann breiddi yfir ena mestu öldúngshúð, þvíat hann segir sér eigi vel munu frítt at fara heim fyri bræðrum sínum. Ellu þótti þetta eigi útrúligt, ok bundu þeir með þessu sætt sína. Tekr Ívar nú húðina ráblauta, ok lætr þenja sem mest; ok síðan lætr hann rista húðina í enn mjóvasta streng, ok klýfr síðan sér hvárt, hárham ok holdrosu; síðan lætr hann draga um einn sléttan völl, ok marka þarum utan grundvöll; hann reisir þar á sterka borgarveggi, ok er sú borg nú kölluð Jórýk. Hann vingaðist við allt landsfólk, ok mest við höfðingja, ok svá kom, at allir höfðingjar hétu honum trúnaði ok bræðrum hans. Síðan sendir hann boð til bræðra sinna, ok segir, at þá er meiri von, at þeir meigi hefna föður síns, ef þeir koma með her til Englands. Ok er þeir spyrja þat, bjóða þeir her út, ok halda til Englands. Ok er Ívar verðr þess varr, ferr hann þegar á fund Ellu konúngs, ok segir, at hann vill eigi leyna hann slíkum tíðendum, en segir, at hann má eigi berjast móti bræðrum sínum, en þó vill hann fara á fund þeirra, ok leita um sættir; konúngr þiggr þetta. Kemr Ívar á fund bræðra

sinna, ok eggjar þá at hefna föður síns, ok ferr síðan aptr til Ellu konúngs, ok segir, at þeir eru svá ólmir ok óðir, at þeir vilja fyrir hvetvetna fram berjast. Konúngi sýnist þetta enn mesti trúleikr, er Ívar gerði; ferr hann nú móti þeim bræðrum með sinn her. Ok er þeir koma saman, þá snèrust margir höfðingjar frá konúnginum ok til Ívars; varð konúngr þá borinn ofrliði, svá at mikill þorri liðs hans féll, en sjálfir varð hann handtekinn. Ívar ok þeir bræðr minntust nú, hversu faðir þeirra var þínðr, létu þeir nú rista örn á baki Ellu, ok skera síðan rifin öll frá rygginum með sverði, svá at þar voru lúngun útdregin. Svá segir Sigvatr skáld í Knúts drápu:

Ok Ellu bak

at lét hinn er sat

Ívar ara

Jórvík skorit.

Eptir þessa orrostu gerðist Ívar konúngr yfir þeim luta Englands, sem hans frændr höfðu fyrri átt; hann átti þá 2 bræðr<sup>1)</sup> frilluborna, inn annar hét Yngvar, en annar Hústó; þeir þínðu Játmund konúng enn helga eptir boði Ívars, ok lagði hann síðan undir sik hans ríki. Loðbrókar synir fóru um mörg lönd með hefnaði: Eng-land ok Valland ok Frakkland, ok útum Lúmbardí; en svá er sagt, at þar hafi þeir framast komit, er þeir unnu þá borg, er Lúna heitir;

<sup>1)</sup> þannig úgizað; bræ, A.

ok um eina stund ætluðu þeir at fara til Róma-  
borgar ok vinna hana, ok hefir þeirra hernaðr  
frægstr verit um öll Norðrlönd af Danskri túngu.  
Ok er þeir koma aptr í Danmörk í ríki sitt, þá  
skipta þeir löndum með sèr: tók Björn járnsláða  
Uppsala ríki ok alla Svíþjóð, ok þat, er þartil  
heyrir; en Sigurðr ormr í auga hafði Selund  
ok Skáni ok Halland, ok alla Víkina ok Agðir til  
Líðandisness, ok mikinn þorra af Upplöndum,  
en Hvítserkr hafði Reiðgotaland ok Vindland.  
Sigurðr ormr í auga (átti) Blæjǫ, dóttur Ellu  
konúngs; þeirra sun var Knútr, er kallaðr var  
Hörða-Knútr, er ríki tók eptir föður sinn í Selund,  
Skáni ok Hallandi, en Víkin hvarf þá undan  
honum; hann átti þann sun, er Gormr hét;  
hann var heitinn eptir fóstra hans, syni Knúts  
fundna; hann héldt allt land af sunum Ragn-  
ars, meðan þeir voru í hernaði. Gormr Knúts-  
sun var allra manna mestr ok sterkastr, ok enn  
mesti atgerfimaðr um alla luti, en ekki var  
hann svá vitr, sem verit höfðu enir fyrri frændr  
hans.

4. Gormr tók konúngdóm eptir föður sinn;  
hann fékk Þyri, er kölluð var Danmarkarbót,  
dóttur Klakk-Haralds, er konúngr var í Jútlandi;  
en er Haraldr var andaðr, þá tók Gormr þat  
ríki allt undir sik. Gormr konúngr fór með  
her yfir allt Jútland, ok eyddi öllum neskon-  
úngum allt suðr til Slès, ok svá vann hann mikit

af Vindlandi, ok margar orrostur átti hann við Saxa, ok gerðist hann enn ríkasti konúgr; hann átti 2 syni, hèt enn ellri Knútr, en Haraldr enn ýngri. Knútr var allra þeirra manna fegrstr, er menn hafa sèt; konúgr unni (honum) umfram hvern mann, ok þarmeð öll alþýða; hann var kallaðr Danaást. Haraldr líktist í móðurætt sína, ok unni móðir hans honum eigi minna enn Knúti. Ívar enn beinlausi var lengi konúgr í Englandi; hann átti ekki barn, þvíat hann var svá skapaðr, at honum fylgdi engi girnd nè ást, en eigi skorti hann spekt eða grimd, ok varð hann ellidauðr á Englandi, ok var þar heygðr. Þá voru allir Loðbrókar synir dauðir. Eptir Ívar tók konúgdóm í Englandi Aðalmundr; hann var bróðursun Játmundar ins helga, ok kristnaði hann víða England; hann tók skatta af Norðhumrulandi, þvíat þat var heiðit. Eptir hann tók konúgdóm sun hans, er Aðalbrigt hèt; hann var góðr konúgr ok varð gamall. Ofarliga á hans dögum kom Dana-herr til Englands, ok voru formenn hersins Knútr ok Haraldr, synir Gorms konúgs; þeir lögðu undir sik mikit ríki í Norðhumrulandi, þat er Ívar hafði átt. Aðalbrigt konúgr fór móti þeim, ok börðust þeir fyrri norðan Kliflönd, ok féll þar margt af Dönum; ok nokkuru síðarr gengu Danir upp við Skarðaborg<sup>1</sup>, ok börðust þar, ok fengu sigr; síðan fóru þeir suðr

<sup>1</sup>) Skarðaberg, A.

til Jórvíkr, ok gekk þar undir þá allt fólk, ok ugðu þeir þá ekki at sér. Ok einn dag, er heitt veðr<sup>1</sup> var, fóru menn á sund; ok svâ sem konúngssynir voru á sundi millim skipanna, lupu menn af landi ofan, ok skutu á þá; var þá Knútr lostinn öru til bana, ok tóku þeir líkit, ok fluttu útá skip. Ok er landsmenn<sup>2</sup> spyrja þetta samnast þeir saman, svâ at síðan fá Danir engar uppgangur sakir samnaðar landsmanna, ok fara síðan heim aptr til Danmarkar. Gormr konúngr var þá á Jútlandi; ok er hann spurði þessi tíðendi, þá hnè hann aptr, ok sprakk af harmi an<sup>3</sup>ann dag eptir at jamlengd; þá<sup>4</sup> tók konúngdóm eptir hann yfir Danaveldi Haraldr, sun hans; hann tók fyrstr trú ok skírni sinna ættmanna.

5. Sigurðr ormr í auga ok Björn járnslíða ok Hvítserkr höfðu herjat víða um Frakkland; þá snèri Björn heim til ríkis síns. Eptir þat barðist Örnúlfr<sup>4</sup> keisari við þá bræðr, ok féll þá af Dönum ok Norðmönnum 100 þúsundraða; þar féll þá Sigurðr ormr í auga, ok Guðröðr<sup>5</sup> hèt annar konúngr, er þar féll; hann var sun Ólafs, Ríngssunar, Íngjaldssunar, Íngasunar, Ríngssunar, er Ríngaríki er viðkenndt, hann var sun Dags, ok Þóru drengjamóður; þau áttu 9 syni, ok er af þeim komin Döglínga ætt. Helgi hvassi hèt bróðir Guðröðar, hann hafði brott or orrost-

<sup>1</sup>) ágizkað; vegr, A. <sup>2</sup>) menn, rúngt lesið i L. <sup>3</sup>) mið i A. <sup>4</sup>) Avrnúlfr, A. <sup>5</sup>) leiðrött; Gavðroðar, hér, A.

unni merki Sigurðar orms í auga, ok sverð hans ok skjöld; hann fór heim til Danmarkar með sínu liði, ok fann þar Áslaugu, móður Sigurðar, ok sagði henni tíðendin. Þá kvað Áslaug visu:

Sitja<sup>1</sup> veiði vitjar  
 vals á borgar hálsu,  
 böll er þat, hefir um hafnat  
 hrafn Sigurðar nafni;  
 blási nýti njótar  
 nás í spán at hánu,  
 ofsnemma lét Óðinn  
 álf valmeyjar deya.

En af því, at Hörðaknútr var ungr, þá var Helgi þar með Áslaugu lengi til landvarnar. Sigurðr ok Blæja áttu dóttur; hún var tvíburavíð Hörðaknútr; Áslaug gaf henni nafn sitt, ok fæddi hana upp síðan ok fóstraði; hana fékk síðan Helgi hvassi; þeirra sun var Sigurðr hjörtr; hann var allra þeirra manna fríðastr ok mestr ok sterkastr, er menn höfðu sèt. Þeir voru jamgamlir Gormr Knútssun ok Sigurðr Hjörtr. En er Sigurðr var 12 vetrá, þá drap hann berserk þann í einvígi, er Hildibrandr hét, ok þá 12 saman; eptir þat gipti Klakkharaldr honum dóttur sína, er Íngibjörg hét; þau áttu 2 börn: Guðþorm ok Ragnildi. Þá spurði Sigurðr, at Fróði konúgr, föðurbróðir hans, var dauðr, fór hann þá norðr til Noregs, ok gerðist konúgr yfir Ríngaríki, ættleið sinni; frá honum er

<sup>1</sup>) Sitja, rángt lesið í L.



laung saga, þvíat hann vann margskyns þrekvirki. En þat er at segja frá lífláti hans, at hann reið útá eyðimerkr at veiða dýr, sem vandi hans var til, ok kom þar móti honum Háki Haðaberserkr með 30 manna alvápnaðra, ok barðist við hann; þar féll Sigurðr, ok hafði drepit áðr 12 menn, en Háki konúngr hafði látit hönd sína hægri, ok hafði þó 3 sár önnur. Eptir þat reið Háki konúngr með sínum mönnum á Ríngarfki til Steins, sem bú Sigurðar var, ok tók brott Ragnildi, dóttur hans, ok sun hans Guðþorm ok mikit góðs annat, ok flutti heim með sèr á Haðaland; ok litlu síðarr lét hann efna til veizlu mikillar, ok ætlaði at gera brullaup sitt, en þat dvaldist, þvíat sár hans höfðust illa. Ragnildr var þá 15 vetra gömul; en Guðþormr 14 vetra. Leið svá haustit ok vetrinn fram um jól, at Háki lá í sárum. Þá var Hálfðán konúngr svartí á Heiðmörk at búum sínum; hann sendi Hárek gand, ok með honum 100 manna, ok fóru þeir yfir um ís á Mjörs á Haðaland á einni nótt; ok komu í dagan á bæ Háka konúngs, ok tóku allar dyr á þeim skála, er hirðmenn sváfu í; ok síðan gengu þeir til svefnskemmu Háka konúngs, ok tóku Ragnildi ok Guðþorm, bróður hennar, ok allt þat fè, er þar var, ok hafa brott með sèr þaðan, ok brendu skálann, ok þar inni í alla hirðmenn, ok fara síðan brott. En Háki konúngr stóð upp ok klæddi sik, ok gekk eptir þeim um ríð; ok er hann kom at vatns ísinum

Þá snéri hann niðr hjöltunum á sverðinu, ok lagðist á blóðrefilinn, ok fékk þar bana, ok er þar heygðr á vatns bakkanum. Hálfðán konúngr sá, at þeir óku [yfir ísinn með vagn<sup>r</sup> tjaldaðan, ok þóttist vita, at þeirra erendi mundi orðit hafa slíkt, [sem hann vildi<sup>r</sup>; lét hann þá senda boð um alla bygd, ok bauð til öllu stórmenni á Heiðmörk, ok gerði þann dag mikla<sup>r</sup> veizlu; gerði hann þá brullaup til Ragnildar, ok voru þau saman síðan marga daga. Þeirra sun var Haraldr konúngr enn hárfagri, er fyrstr varð einvaldskonúngr yfir öllum Noregi<sup>2</sup>.

---

<sup>1</sup>) er máð, en sèr þó til stafanna, þó þat vanti í L. <sup>2</sup>) Noregs, rángt lesið í L.

**SÖGUBROT**

**AF**

**NOKKRUM FORNKONÚNGUM**

**í**

**DANA OK SVÍA VELDI.**



---

## Sögubrot af nokkrum fornkonúngum í Dana ok Svía veldi<sup>r</sup>.

---

\*\*\*NEITA. Konúngur svarar: sè ek, at þetta mál þarf at lítt sè á lopt borit, at menn biðl þín, þvíat þat var siðr fyrri konúnga dætttra, láta koma þrjá biðla eða fleiri, en taka eigi enn fyrsta, ok erukonúngar fleirri vel menntir, enn Helgi. Auðr svarar: því skiptir litlu, hvárt þú spyr mik at þessu, eða eigi, þvíat ek veit, at áðr muntu fastráðit hafa, at öðruvíss mun fara, enn at mínum vilja, ok eigi líkligt, at þú mundir mér svá góðs gjaforðs unna, ok annat muntu mér ætla. Konúngur stóð upp ok svarar: rétt getr þú þess: aldri skaltu fá Helga konúng, ok því síðr, sem þú girnist meirr; hittir nú Helga konúng, ok segir honum, at hann hafi rædt þetta mál fyrri dóttur sinni, ok kveðst þat hugatsamliga<sup>2</sup> gert hafa, lèzt því ómerkiligarr virðast

<sup>1</sup>) í *A* er engin fyrir sögn, en er tekin úr hinum, sem þarað-  
auki bæta við: Ivari víðfaðma, Hræreki, Helga inum hvassa,  
Haraldi hilditönn með Brávallar bardaga, ok nokkut af Sigurði  
hríng, eptir því sem fundizt hafa ritut á niðlags saurblaða rif-  
ildum sundrlaus. 1 kap. Brot um konbónarför Helga hins hvassa til  
Auðar hinnar djúpauggu Ivarsdóttur víðfaðma í Svíaríki, ok  
tálsvör Ivars. Upphafslaust. Orð Auðar við föður sinn, fram-  
heranða erendi Helga með undirbyggju. <sup>2</sup>) hugarlátliga, *D*;  
hugarsamliga, *P*.

hennar svör, sem þau ræddust lengr við; kvað engan konúngsson þann, er henni þætti sèr fullkosta, miklu er ofsi hennar meirri; en þó læzt hann enn tala mundu málit fyrir hans hönd: en at svá búnu tjár ekki. Helgi ferr heim, ok spyr þetta Hrærekr bróðir hans; ok með því at hann sat heima í ríkinu, eggja vinir Hræreks hann at kvænast; honum fellst þat vel í skap, ok ræddu, at hann mundi biðja dóttur Ívars konúngs, er þá var ágætastr konúngr; hann lét eigi vænt, at hann mundi þann kost fá, er bróðir hans fèkk eigi, er miklu var framarr í hvern stað; þeir kváðu hann eigi mundu fá háfan kost, ef hann bæði eigi, en sögðu honum enga svívirðing, þótt honum væri synjat konunnar. Þá berr hann upp fyrri bróður sinn málit, ok spyr hann ráða um; en hann kvað vera mikit happaráð, ef hann fengi, kveðst ok eigi vita hverr fengi, en kvað vænt til gæfu, þeim er hlyti. Nú biðr Hrærekr, at Helgi muni fara at biðja honum konu; en hann læzt fara munu: en meiri von at ekki muni tjóa, sem fyrr. Helgi ferr til Svíþjóðar á fund Ívars konúngs, ok er honum þar vel fagnat, sem fyrr; hann hafði þar skamma stund verit, áðr hann berr upp málit, ok biðr Unnar nú fyrir hönd bróður síns. Konúngr svarar þúngliga, ok lét þess óvitrliga leitast, kvað þess enga von: ok þat undra ek, at þú ferr með því máli, ef henni sýndist eigi með yðr at ganga, eða hví mun hún þann vilja, er miklu

er óframarr. Helgi lét hann í engan stað minna verðan enn sik, en fyri þá sök eigi jafnfrægan, at hann var heima jamnan í ríkinu, ok því frá honum minni sögur, ok biðr hann þetta mál bera fyrir Unni. Konúgr læzt þess ófúss, ok kveðst vetta at henni illra svara, sem fyrr. Annann dag eptir kallar hann til sín dóttur sína, ok heimtir hana á einmæli, ok segir þar kominn Helga konúgr, ok biðr hennar til handa bróður sínum: ok vill hann vita svör af yör þessa máls. Hún svarar, kvað nú eigi vera skyldu sem fyrr, at hún gerði svá óvegliga för Helga, at hún tæki svá vel þessu máli, at hún væri Hræreki gipt. Konúgr svarar: ómerkilig virðast mér þín svör, ok eigi veit ek hvar þú ætlar til um gjaforðit, er þú synjast hverjum konúngi, er þín biðr, ætla ek at þú verðir oss skjótt ofstýri, ef þú villt ekki hafa vár ráð. Hún svarar: því mun engu skipta, enn sem fyrr, at tala við mik um málit, at þú munt áðr fastráðit hafa, hvert gjaforð ek skal hafa, ok mun því engu máli skipta, hvárt ek em Hræreki gefin, eða öðrum manni, at illt eitt gjaforð mun ek hljóta þær undan hendi. Konúgrinn gengr á brott, ok hittust þeir Helgí. Hanns pyrr, hvert örendi hans skal þángat vera. Konúgr svarar, at mikit hefir honum íbrugðizt: ferr þat orð á, dóttir mín se kvenna vitrust, en [hún væri it mesta fól, mundi hún eigi annan veg um þetta kjósa, at neita þær þvílíkum

konúngi, en mér virðist miklu heldr Hræreki<sup>1</sup>, þikki mér þat ok vænast, at hún hafi þat, er hún beiðist; ok aluku þeir svá þessu máli, at hann heitr Hræreki dóttur sinni, ok var hún nú búin tilferðar með Helga; fara þau nú sína leið. Ok er þau komu or Svíaveldi, tala þau þetta mál sín ímilli hve farit hafði, ok hvat Ívar konúngr hefir rædt fyrir hváru þeirra; koma nú heim í ríkit á Selund; verðr Hrærekr varr við, lætr senda ímóti þeim reiðskjóta ok mikit lið, lætr búa veizlu, ok at þeirri veizlu fær hann Unnar. Helgi dvelst heima á Selund þann vetr; ok at sumri fór hann í hernað, sem vandi hans var til. Hrærekr átti son við konu sinni, ok hét Haraldr; þat mark var á honum: at-tennr<sup>2</sup> í öndverðu höfði, ok<sup>3</sup> voru miklar ok gulls litr á; hann var mikill ok fríðr sýnum; ok er hann var þrè-vefr, var hann svá mikill, sem 10 vetra gamlir sveinar.

2. Þat var eitt sumar, at Ívar konúngr kom með her sinn austan af Svíþjóð til Reiðgotalands, hann lagði öllu liðinu við Selund; hann gerði orð Hræreki, mági sínum, at hann kæmi til hans. Konúngr segir Unni konu sinni. Hún spyr, hvárt hann ætlaði at fara á fund mágs síns at bjóða honum til veizlu uppá land.

<sup>1</sup>) en nú kalla ek at hún sé hit mesta fól, mundi hún þetta eigi annars kjósa, en neita þer, því líkum konúngi, því nú virðist mér svar hennar miklu greiðligra, *hin.* <sup>2</sup>) þannig: at teñ, *A*; tennur, *P*; at tennur, *hin.* <sup>3</sup>) *v. í hin.*



Ok um kveldit, er Hrærekr konúgr gekk at sofa, hafði Auðr búa látit nýa rekkju, ok þar með öll klæðin í, ok var sett á miðt gólf, ok bað hún konúgr þar í sofa, ok hugsa, hvat hann dreymdi: ok seg mér at morni! en hún fèkk sèr aðra sæng. Ok um morgininn kemr þar Auðr, ok spyrr eptir draumum hans. Mik dreymdi, segir hann, at ek væra staddr nærskógi nokkurum, ok hjávöllr slèttir ok fagr, ok þar sá ek einn hjört standa á vellinum; þá rann or skóginum einn hlèbarðr, ok þótti mér fax hans sem gull, ok hjörtrinn stakk hornunum undir bóg dýrinu, en þat fèll dauðt niðr; þar næst sá ek, hvar flaug flugdreki mikill, ok kom þar, sem hjörtrinn var, ok greip þegar í klór sèr, ok sleit allan í sundr; þá sá ek bjarndýr eitt, ok fylgdí húnn úngr, ok vildi drekin taka hann, en beran varði, ok vaknaða ek þá. Hún mælti: þetta er mikill draumr, ok varast þú Ívar konúgr, föður minn, at hann vèli þik<sup>1</sup>, er þú hittir hann, þvíat þar hefir þú sèt konúnga fylgjur, ok munu þeir eigast við orrostur, ok væri betr, at eigi ættir<sup>2</sup> þú þann hjörtinn, er þèr sýndist, en til þess þætti mér þú líkligastr. Þann sama dag fór hann með marga menn á fund Ívars konúgs, ok gekk á konúgs skipit, ok fyri lyptíngina, ok heilsaði Ívari konúgi, en hann svaraði engu, ok lét, sem hann sæi hann eigi. Þá segir Hrærekr, at hann hefir látit búa veizlu ímóti hon-

<sup>1</sup>) eigi, b. v. hin. <sup>2</sup>) ettir, A; æltir, P; ættir, hin.

um, ok vildi honum til sín bjóða. Konúgr svaraði, kvaðst hafa illa gipt dóttur sína, ok kvað eigi vera undir<sup>1</sup> fyrri þá sök, þótt hún hefði illa við hann búit. Hann svarar, kveðst vel við una, kveðst ok ætla, at hún yndi eigi illa við sitt gjaforð. Þá svarar kónúgr reiðuliga, segir, at hann vissi ógerla, hversu þau bjuggu við hann Helgi ok Auðr, kvað þat í hvers manns munni, at Haraldr væri son Helga konúgs, ok hans mynd væri á þeim sveini, ok lèzt til þess kominn, at láta hann vita þessi svik, ok kveðst honum sýnast, at eigi ætti þeir hana báðir: ok heldr vil ek, at þú gefir hana bróður þínum, enn þannig fari lengr fram, at þú þorir eigi at hefna. Hrærekr lèzt þat ekki heyrt hafa, en fyrir hvetvetna fram vill hann eigi láta konu sína, ok það Ívar konúgr ráð til leggja; en hann kveðst ekki kunna öðruvíss tilleggja, enn hann dræpi Helga, lèt ok aldri fyrr mundu verða með þeim vel; eða hinn ella; at hann lèti konuna fyrir Helga; kvað óhæft svá búit. Hrærekr kvaðst aldri mundu konuna láta, ok heldr hefna; ríðr á brott við sína menn; en konúgr fór suðr til Reiðgotalands. Um haustit, er Helgi kom heim, var Hrærekr svá ókátr, at engi maðr fékk orð af honum; en Auðr lèt búa veizlu ríkuliga ímóti honum, ok at þeirri veizlu voru margskonar leikar, ok þótti Helga mikit mein, er bróðir hans var svá ókátr, ok það hann fara í

<sup>1</sup>) undur, P.

leik með sér; en hann kveðst ekki leika mundu at svá búnu; hann bað hann vera kátan: ok tökum hesta okkra, ok ríðum í turniment, sem við erum vanir. Hrærekr spratt upp, gekk til sinna manna þægjandi, tekr vâpn sín, hjálm ok brynju, ok sverð ok spjót, ríðr út; aðrir menn ríðu með burtstengr; Helgi bróðir hans kemr móti honum með burtstaung; Hrærekr legggr undir hönd honum með spjóti ok ígegnum hann, ok fêll hann dauðr af hestinum. Nú ríðu til allir þeir, sem hjá voru, ok spurðu, hví hann hefir þetta it illa verk gert; hann lét ærnarsakir til, kveðst at sönnu spurt hafa, at hann hefir glapit konu hans; allir duldu þess, ok kváðu vera mikla lýgi. Ok er Auðr spyr þetta, læzt hún vita, at þat voru ráðföður hennar: ok er enn eigi allt framkomið, þat er hann hygggr, kvað þat mundu sýnast brátt; hún tók son sinn Harald, ok reið brött við marga menn; en Hrærekr fór at veizlum, sem vandi var til. Ok litlu síðarr kom sunnan Ívar konúngr; ok er Hrærekr spyr þat, reið hann á fund hans. Ok er Ívar konúngr spyr, at Helgi var drepinn, segir hann þetta vera niðingsverk mikit, ok biðr vâpnast lið sitt skjótt, ok hefna vinar síns Helga, ok spyr, at Hrærekr ætlar á fund hans, ok býr lið sitt til atgaungu; fara á land upp, ok í skóg þann, er var á leið þeirri, er von var, at Hrærekr mundi ofan ríða, ok hann kom ofan til sjófar; ok gekk Ívar kon-

úngr sjálf á land með því liði, er eptir var hjá skipum, ok lét setja upp merki sitt, ok gekk smóti Hræreki. Ok er þeir heyrðu lúðr Ívars konúngs, er í skóginum voru, runnu þeir or skóginum eptir þeim Hræreki ok hans liði; ok er þeir fundust, börðust þeir; féll þar Hrærekr ok allt lið hans. Ok þá beiddist Ívar konúngr, at þat ríki væri honum gefit til forráða, ok allir þeir, sem nærstir voru, gengu undir hann. Litlu síðarr kom af landi ofan Auðr en djúpúðga<sup>2)</sup>, dóttir hans, með her allan þann, sem hún fékk. Ok með því, at Ívar konúngr hafði ekki svá mikinn her, at hann mætti berjast við landsherinn at sinni, þá fór hann brott, ok til Svíþjóðar. Þann sama vetr samnar Auðr til sín öllu gulli ok dýrgripum, er hún mátti fá í því ríki, er átt hafði Hrærekr konúngr, ok sendi til Eygotalands; ok þegar vârar, býr hún ferð sína, ok hefir með sér Harald sonsinn, ok margt stórmenni fór með henni or landi, ok hefir með sér allt þat fê, sem hún mátti með komast; fór fyrst til Eygotalands, ok síðan austr í Garðaríki; þar reð fyri sá konúngr, er Raðbarðr hêt; hann tók vel við henni ok liði hennar, ok bauð henni með sér at vera ok öllu liði hennar, ok hafa gott yfirlæti í sínu landi; þetta þiggr hún. Ívar konúngr lagði undir sik ríki þat allt, er átt höfðu þeir bræðr. En Raðbarðr konúngr

<sup>2)</sup> djúpauðga, *hin*.

biðr Auðar, ok með því, at hún var landflótta af Selundi með son sinn, þikkir henni þurfa nokkurt traust, þat er syni hennar væri til hjálpar, er hann yxi upp; ok með því, at Raðbarðr var ríkr konúngr, þá var hún gipt honum með ráði Haralds, en at var ekki spurðr Ívar konúngr.

3. Ok' er Ívar konúngr spyrr þessi tíðendi, at Auðr var gipt, þikkir (honum) Raðbarðr konúngr firna djarfr, er hann fékk hennar án hans leyfi, samnar her miklum um öll sín ríki, Svíþjóð ok Danmörk, ok samnar svá miklum her, at eigi kunni telja, hve mörg skip hann hafði; hann stefnir her þeim í Austrríki á hendr Raðbarði konúngi, kveðst eyða skulú ok breonna allt hans ríki. Ívar konúngr var þá gamall mjök; ok er hann kom liðinu austr í Karjálabotna<sup>2</sup>, ok ætla upp at gánga af skipum með herinum. Þar tók til ríki Raðbarðar konúngs. Þat var eina nott, er konúngr svaf á dreka sínum í lyptíngu, at [honum þótti sem<sup>3</sup> dreki mikill flýgi utan af hafinu, ok þótti litr hans, sem gull eitt, ok sindra af honum uppá himininn, sem sjór<sup>4</sup> flýgi or afli, ok lýsir á öll lönd; in nærstu af honum; ok þar eptir fljúga allir fuglar þeir, sem honum þóttu vera á Norðr-löndum; ok þá sá hann í annann stað, at dregr uppský mikit af landnorðri, ok sèr, at þar fylgir svá mikit regn ok livassviðri, at honum þótti, sem allir skógar ok allt land flyti í vatni því,

<sup>1</sup>) liðat Ívars konúngs, *yfirskr. kap. í A.* <sup>2</sup>) þannig A. <sup>3</sup>) b. v. hin; v. í A. <sup>4</sup>) sindr, P.

sem ofan rigndi; þar fylgdu reiðar ok eldingar. Ok er sá enn mikli dreki fló af sænum á landit, þá kom móti honum regnit ok illviðrit, ok svá mikit myrkr, at því nærst sá hann eigi drekann nè fuglana, en heyrði þó gný mikinn af reiðunum ok af illviðrinu, ok gekk allt svá suðr ok vestr um landit, ok svá víða, sem hans ríki var; ok þá þóttist hann sjá þar til, sem skipin voru, at öll voru orðin at hvölum einum, ok renna úti haf, ok síðan vaknar hann; ok hann lét kalla til sín Hörð, fóstura sinn, ok segir honum drauminn, ok bað hann ráða. Hörðr kveðst vera svá gamlaðr, at hann kvaðst ekki kunna at skynja drauma; hann stóð í bjargi fyrir ofan bryggjusporð, en konúngr lá í lyptíngu, ok sprettir lánngskarir, er þeir ræddust við. Konúnginum var óskaplètt, ok mælti: gakk á skip, Hörðr! ok ráð draum minn! Hörðr segist eigi munu útganga: ok þarf eigi at ráða draum þinn, sjálfr máttu vita, hvat hann er, ok meiri vãn, at skamt líði hëðan, áðr skipast munu ríki í Svíþjóð ok Danmörk, ok er nú kominn á þik helgraðr<sup>1)</sup>, er þú hyggst öll ríki munu undir þik leggja, en þú veizt eigi, at hitt mun framkoma, at þú munt vera dauðr, en óvinir þínir munu fá ríkit. Konúngr mælti: gakk hín gat, ok seg illspár þínar! Hörðr mælti: hër mun ek standa, ok hëðan segja. Konúngr mælti: hverr var Hálfván snjalli með Ásum? Hörðr svarar: hann var Baldr með

<sup>1)</sup> helgarði, E, F, P; helgraði, B, C, D.

Ásum, er öll regin grætu, ok þær ólíkr. Vel segir þú, kvað konúngr; gakk hingat, ok seg tíðendi! Hörðr svarar: hér mun ek standa ok hëðan segja. Konúngr spyr: hverr var Hrærekr með Ásum? (Hörðr svarar): hann var Hænir, er hræddastr var Ása, ok þó þær illr. Hverr var Helgi enn hvassi með Ásum? segir konúngr. Hörðr svarar: hann var Her-móðr, er balt var hugaðr, ok þær óþarfr. Kon-úngr mælti: hverr var Guðröðr með Ásum? Hörðr svarar: Heimdallr var hann, er heimsk- astr var allra Ása, ok þó þær illr. Konúngr mælti: hverr em ek með Ásum? (Hörðr svar- ar): muntú vera ormr sá, sem verstr er til, er heitir Miðgarðsormr. Konúngr svarar, reiðr mjök: ef þú, segir mér feigð mína, þá segi ek þær, at þú munt eigi lengr lifa, þvíat ek kenni þik, hvar þú stendr, þrúðna þussinn! Þá far þú nú nærr, Miðgarðsormrinn', ok reynum með okkr! Þá hljóp konúngr or lyptinginni, ok var hann svá reiðr, at hann hljóp út um skarirn- ar. En Hörðr steyptist or bjarginu ok á sæinn út, ok sá þat þeir menn, er vörð hëldu á kon- úngs skipinu síðarst til konúngs ok Harðar, at hvárgi kom upp síðan. Ok eptir þessi tíð- endi er blásit liðinu til landgaungu, ok eiga þing. Þessi tíðendi spyrjast nú um allan her- inn, at konúngr er dauðr; ok þá er ráðs leitat, hve með þessum mikla her skal fara. Þat sýnd-

1) Miðgarðsormi; B; með Miðgarðsorminum, C, D, E, F, P.

ist þeim, þar sem Ívar konúgr var dauðr, en áttu engar sakir við Raðbarð konúgr, at hverr færi heim sem skjótast at góðum byr; þat var ráðs tekit, rofinn leiðágrinn; siglir hverr til síns lands. Ok er þetta spyr Raðbarðr konúgr, setr hann Harald stýpson sinn yfir sunnan<sup>1</sup> herinn; ferr þá Haraldr með liðinu á Selund, ok var hann þar til konúgs tekinn; því nærst fór hann á Skáni til þess ríkis, er átt höfðu móðurfrændr hans, ok var þar tekit við honum vel, ok efldist þaðan mjök at liði. Þá fór hann upp á Svíþjóð; ok leggr undir sik allt Svíaveldi ok Jótland, er átt hafði Ívar móðurfaðir hans; hóf þá upp marga fylkiskonúnga, er áðr voru teknir af ríki fyrir Ívari konúgi. Haraldr konúgr hefir starfsamt ríki öndverða daga sína, fyr þá sök, at hann er úngr maðr; þótti mönnum sem dælla mundi at leita eptir föðurleyfðum sínum, er áðr voru teknir af ríki fyrir Ívari konúgi eða Íngjaldi konúgi.

4. Haraldr<sup>2</sup> var þá 15 vetra, er hann var til ríkis tekinn; ok með því at vinir hans vissu, at hann mundi eiga mjök herskát at verja ríki, er hann var úngr at aldri, þá var þat ráð gert, at aflat var at seið miklum, ok var seiðt at Haraldri konúgi, at hann skyldi eigi bíta járn, ok svá var síðan, at hann hafði aldregi hlíf í orrostu, ok festi þó eigi vâpn á honum. Hann gerðist brátt hermaðr mikill, ok átti svá margar orróstur, at

<sup>1</sup>) eða sunan, A. <sup>2</sup>) frá Haraldri hilditönn ok ríki hans, yf-  
irskrift kap. i A.



engi maðr var sá í ætt hans, at þvílkan her-  
skap hafi haft með ríki sem hann, ok því var  
hann kallaðr Haraldr hilditönn. Hann eignað-  
ist með orrostum ok hernaði öll þau ríki, er  
átt hafði Ívar konúgr, ok því meira, at engi  
konúgr var sá í Danmörk eða Svíþjóð, at eigi  
gyldi honum skatt, ok allir gerðust hans menn.  
Hann lagði undir sik þann hlut Englands, er  
átt (hafði) Hálfán snjalli ok síðan Ívar konúgr.  
Hann setti konúnga ok jarla, ok lét sér skatta  
gjalda; hann setti Hjörmund konúng, son Her-  
varðar Ylfings, yfir Eystra-Gautland, er átt hafði  
faðir hans ok Granmarr konúgr.

5. Ok<sup>1</sup> í þann tíma, er Haraldr konúgr  
hilditönn settist í ríkin, Svíþjóð ok Danmörk,  
var sá konúgr í Reiðgotalandi, er hét Hildi-  
brandr, ok var ríkr konúgr (ok) hermaðr mik-  
ill; ok er hann tók at eldast, settist hann at  
löndum; hann átti tvö börn; son hans hét  
Hildir, en Hildir dóttir; hún var allra meyja  
fríðust, ok skapstór mjök. Ok er konúgr var  
mjök gamall, tók hann banasótt; ok er sóttin  
tók at honum at líða, heimtir hann son sinn til  
sín, ok ræð honum mörg heilræði, ok segir, at  
þat var hit fyrsta, at hann gipti systur sína langt  
í brótt; ok þat annat, at hann miðlaði henni  
engan hlut af jörðum í landi sínu; ok þat it þrið-  
ja, at hann fengi (henni) enga þjónunarmenn,  
at hún mætti með valdi halda sik ok menn sína:  
mun nú skilja vârar samvistur; haldt ok sömum

<sup>1</sup>) um kapp Hildar, yfirskr. kap. i A.

vinum, sem ek hefi haft, er þú ert úngr maðr, ok þarft forsjá at skipa ríkit. Konúngr andaðist; en landsmenn stefna fjölmennt þing at landslögum; ok (á) þinginu setja þeir Hildi konúngs son í háseti, ok gefa honum konúngs nafn; sverja þeir honum hlýðni, en hann þeim landslög. Ok eptir þat gerir hann veizlu mikla, ok erfi eptir föður sinn, ok fagnaðaröl vinum sínum, gefr nafnbætr öllum vinum sínum ok ríkismönnum, sem fyrr höfðu haft með gamla konúngi. Ok er skipat var ríkit með þessum hætti, gengr Hildir konúngsdóttir fyrri bróður sinn, lýtr honum, ok kveðr hann blíðum orðum ok fögrum<sup>1</sup>, talar ok \*\*\*.

6. \*\*\* má í hernað. Ok á einu hausti sótti hann á fund Haralds konúngs, föðurbróður síns, ok fékk þar góðar viðtökur, ok var þar um hríð í góðu yfirlæti. Ok fyrri því, at Haraldr konúngr tók mjök at eldast, setti hann Hríng frændasinn yfir her sinn, at hegna lönd sín, ok dvalðist Hríngr með Haraldí lángar stundir. Ok er elli tók mjök at síga á hendr konúngi, þá setti hann Hríng frændasinn konúng yfir Uppsölum, ok gaf honum til forráða Svíþjóð alla ok Gautland vestra, en hann sjálfir hefir yfirsókn um alla Danmörk ok Eystra-Gautland. Hríngr konúngr fékk Álfhildar, dóttur Álfs konúngs, er land átti milli elfa tveggja, Gautelfar ok Raupelfar, þat voru

<sup>1</sup>) Hér vantar mikið við, fram at ellidögum Haralds hilditannar, b. v. hin. <sup>2</sup>) Hér vantar í skinnbókina að minnsta kosti 2 blöð. <sup>3</sup>) Hríngr, hin.

ok þá kallaðir Álfheimar; þat voru marklönd mikil. Hríngr átti einn son við konu sinni, sá hét Ragnar. Haraldr konúgr átti 2 sonu við konu sinni, var annar Hrærekr slöngvandbaugi, en annar Þrándr gamli.

7. Ok' er Haraldr konúgr hilditönn var orðinn svá gamall, at hann hafði hálf tann hundrad vetra, þá lá hann í rekkju, ok mátti eigi gánga, ok var þat víða um ríki hans, er ágengu víkingar með hernað; ok þá þótti vinum hans illa fara ríkin, er eyðast tók lands stjórnin, þótti ok mörgum hann fullgamall, ok nokkrir ríkismenn gerðu ráð, er konúgr tókkerlaug, at þeir lögðu yfir ofan við ok báru á grjót, ok vildu kæfa hann í lauginni. Ok er hann vissi, at þeir vildu tapa honum, bað hann þá láta sik í brott or lauginni: veit ek, at yðr þikkir ek ofgamall; þat er ok satt, en vel mætta ek verða skapdauði; eigi vil ek þenna dauðan, at deyja í lauginni, vil ek deyja miklu konúngligarr; þá komu til vinir hans ok tóku hann í brott. Ok litlu síðarr gerði hann menn upp á Svíþjóð til Hríngs konúgs, frænda síns, með þeim orðsendingum, at hann skyldi samna her um allt þat ríki, sem hann varðveitti, ok koma fmóti honum at landamæri, ok berjast við hann, ok lét segja honum allan atburð, er til hafði komit, at Dönur þótti hann til gamall. Ok eptir þetta samnar Hríngr konúgr liði um allt Svíaveldi ok Vestra-Gautland, ok mikit lið hafði

1) frá Haraldri hilditönn, yfirskr. kap. i. A.

hann af Noregi; ok er svá sagt, at þá er Sví-  
ar ok Norðmenn fóru út með leiðángrinn um  
Stokksund, at þá var hálfri þriðri tugar hundraða  
skipa. En Hríngur konungur reið með hirð sína ok  
Vestr-Gautum it efra um Eyrasund, ok sótti svá  
vestr landveg til skógarins Kolmerkr, er skilr  
Svíþjóð ok Eystra-Gautland. Ok þá er Hríngur  
konungur kom af skóginum vestr þar, sem heitir  
Brávík, þá kom þar ímót skipaherr hans, ok  
setti Hríngur konungur þar herbúðir sínar á Brá-  
velli undir skóginum, milli ok víkrinnar. Har-  
aldr konungur dregr nú saman her um allt  
Danaveldi, ok mikill herr kom or Austrríki ok  
allt or Koenagarði, ok af Saxlandi. Ok þá  
er herr hans var saman kominn á Se-  
lund, þar sem Sögja<sup>1</sup> heitir, ok yfir til Skán-  
eyrar [af Landeyri<sup>2</sup>, máttu menn ganga þar  
yfir at skipum einum, ok allr særr þótti þakiðr  
af skipaher hans. Þá sendir hann þann mann,  
er Herleifr hét, ok með þeim Saxa her, á fund  
Hríngs konungs, ok láta hasla honum völl, ok  
taka þeim orrostustað, ok segja í sundr gríðum  
ok friði. Haraldur konungur fór með herinn á 7 dög-  
um, áðr hann kom austr í Brávík; ok þá bjög-  
ust hváirtveggju til orrostu, ok fylktu liði sínu.

8. Svá<sup>3</sup> er sagt, at í her Haralds konungs  
var höfðingi sá, er Brunni hét; hann var allra

<sup>1</sup>) *A. Magnússon hefir lesið Sögja; segja, C, F; Sogja, D, E; fyrstu tveir bókstafirnir eru ógreiniligir, og þikkir sem sá, er skrif-  
aði, ei sjúllfr vitað hafi hvörninn lesa eða rita skyldi; mátske:  
Högja eða Kögja. <sup>2</sup>) er máð og óskirt í A; v. í hin. <sup>3</sup>) kapp-  
tal þeirra, yfirkr. kap. í A.*

Þeirra manna vitrastr, er með honum voru; hann lét Bruna fylkja liðinu, ok skipa höfðingjum undir merki; stóð merki Haralds konungs í miðri fylkingu, ok var um hans merki hirð hans. Þessir kappar voru með Haraldi konungi: Sveinn, Sámr, Gnæpi enn gamli, Garðr, Brandr, Blöengr, Teitr, Tyrvingr, Hjalti; þeir voru skáld Haralds konungs ok kappar. Þeir voru heiman or hirð Haralds konungs: Hjörtr, Borgarr, Beli, Barri, Beigaðr, Tóki. Þar var skjaldmærin Visma, ok önnur Heiðr, ok hefir hvártveggi komit með mikinn her til Haralds konungs; Visma bar merki hans; með henni voru þessir kappar: Karri ok Milva. Vebjörg hét enn skjaldmær, er kom til Haralds konungs með mikinn her sunnan af Gotlandi, ok fylgdu henni margir kappar; af þeim öllum var mestr ok ágætastur Ubbi enn Fríski, Bratr Írski, Ormr Enski, Búi Brámuson, Ari eineygi, Geirálfr. Vismu skjaldmeyju fylgdi mikill Vinda herr, voru þeir auðkendir; þeir höfðu laung sverð ok búklara, en þeir höfðu ekki lánga skjöldu, sem aðrir menn. Ok í annann fylkingar arm Haralds konungs var Heiðrskjaldmær með sínu merki, ok hefir hún með sér hundrað kapp; þeir voru berserkir hennar: Grímr, Geirr, Hólmsteinn, Eysöðull, Hæðinn mjófi, Dagr Lífski, Haraldr Ólafsson; þar voru margir höfðingjar með Heiði í arminn. Í annann fylkingar arm var sá höfðingi, er hét Háki

1) eða Kári.

höggvinkinni, ok voru fyrir honum merki borin; margir voru konungar ok kappar með honum; þar voru þeir Alfarr ok Alfarinn, synir Gandálfs konúnga, er þá höfðu áðr verið hirðmenn ok heimilismenn Haralds konúnga. Haraldr konúgr var í vagni, þvíat hann var eigi vápnfærr, svá at hann mætti í orrostu gánga. Konúgr sendir Bruna ok Heiði at skynja, hversu Hríngr hefði fylkt liði sínu, ok hvárt hann væri búinn til orrostu. Bruni segir: svá lízt mér, sem Hríngr muni búinn at berjast ok hans lið; hann hefir undarlíga fylkt; hann hefir svínfylkt her sínum, ok mun eigi gott at berjast við hann. Þá segir Haraldr konúgr: hverr mun Hríngi hafa kennt hamallt at fylkja; ek hugða engan kunna, nema mik ok Óðinn, eða mun Óðinn vilja skjóplast í sigurgjöfinni við mik, þat hefir aldri fyrr verið, ok enn bið ek hann, at hann geri eigi þat; en með því, at hann vill nú eigi veita mér sigr, þá láti hann mik falla í orrostu með her minn allann, ef hann vill eigi, at Danir hafi sigr, sem fyrr; ok allan þann val, sem fellr á þeima velli, gef ek Óðni. Svá var, sem Bruni hafði (sagt), at Hríngr hafði svínfylkt öllu liði sínu; þá þótti þó svá þykk fylkingin yfir at sjá, at hrani var í brjósti, en hún var þó svá laung, at armrinn tók at á þeirri, er Úatá<sup>1)</sup> hét, en annar ofan til Brávíkr. Hríngr konúgr hafði með sér til orrostu marga konunga ok kappa; þar

<sup>1)</sup> eða Vata.

var enn æðsti maðr með honum konúgr sá, er hêt Ali enn frækni, er mikinn fjölda hers hafði ok marga aðra ágæta konunga ok kapp; með honum var sá kappi, er ágætastr hefir verit í fornsögum: Störkuðr inn gamli Stórverksson, er upp hafði fæðst í Noregi á Hörðalandi í eyj-  
 unni Fenring, ok farit hafði víða um lönd, ok verit með mörgum konungum. Margir kappar aðrir voru komnir or Noregi til þessarar orrostu: Þrándr Þrænzki, Þórir Mærski, Helgi inn hvíti, Bjarni, Hafr, Fiðr Firðski, Sigurðr, Erlíngr snákr af Jaðri, Sögu-Eiríkr, Hólmsteinn hvíti, Einarr Egðski, Hrótr vafi, Oddr víðförli, Einarr Þrjúgr, Ívar skagi. Þessir voru kappar miklir Hríngs konúgs: Áki, Eyvindr, Egill skjálgi, Hildir, Gautr guði, Tollus, Steinn af Væni, Styrr enn sterki. Þessir höfðu enn eina sveit: Hrani Hildarson, Sveinn uppskeri, Hlaumboði ok Sóknarsóti, Hrokkell hækja, Hrólfur kvennsami. Þeir voru enn: Dagr enn digri, Gerðarr glaði, Dúkr Vindverski, Glúmr Vermski vestan af Elfinni, Saxi flettir, Sali Gauzki. Þessir voru ofan af Svíaveldi: Nóri, Háki, Karl kekkja, Krókarr af Akri, Gunnfastr, Glismakr góði. Þessir voru ofan af Sigtúnum: Sigmundur kaupánskappi, Tolufrosti, Aðils ofláti frá Uppsökum; hann gekk fyrri framan merki ok skjöldu, ok var eigi í fylkingu: Sigvaldi, er komit hafði til Hríngs konúgs 11 skipum: Tryggvi ok Tvívífill höfðu komit 12 skipum: Læsir hafði skeið, ok alla skipaða með köppum: Eiríkr helsíngur hafði

dreka mikinn, vel skipaðan hermönnum. Menn voru ok komnir til Hrings konúgs af Þelamörk, er kappar voru, ok höfðu minnst yfirlát, þvíat þeir þóttu vera dragmálir ok tómlátir; þessir voru þaðan: Þorkell þrái, Þorleifr goti, Haddr harði, Grettir rángi, Hróaldr tá. Sá maðr var enn kominn til Hrings konúgs, er hèt Rögnvaldr hái, eða Raðbarðr hñefi, allra kapp mestr; hann var fremstr í rananum, ok nærst honum voru þeir Tryggvi ok Læsir, ok útí frá Álreks synir ok Yngvi; þá voru þilirnir, er allir vildu sízt hafá, ok hugðu litla liðsemð mundu at vera; þeir voru bogmenn miklir.

9. Ok' er þessi herr var allr búinn til orrostu, létu hváirtveggju blása lúðrum, ok (æptu) því nærst heróp. Þá gengu saman fylkingar, ok var sú orrosta svá snörp ok mikil, sem segir í öllum fornum sögum, at engi orrosta á Norðrlöndum hafi háit verit með jammiklu ok jamgóðu mannvali til orrostu at telja. Ok er litla hríð hafði orrostan staðit, sótti sá kappi fram í her Haralds konúgs, er hèt Ubbi Fríski, ok ræð hann þar at, sem var raninn á fylking Hrings konúgs, ok átti it fyrsta víg við Rögnvald raðbarð, ok var þeirra skipti allharðligt, ok ógrlig högg mátti þar sjá í herinum, er þessir ofrhugar gengust at; veitti hvárr öðrum mörg högg ok stór; en svá var Ubbi mikill kappi, at eigi léttr hann fyrr, enn með því skilðist þeirra einvígi, at Rögn-

<sup>1</sup>) Orrosta á Brávellu, *yfirskr. kap. i A.*



valdr fèll fyrir Ubba; ok því nærst hljóp hann at Tryggva, ok særði hann banasári. Ok er þat sjá Álrekssynir, hve ógrliga hann ferr í herinum, ráðast þeir ímóti honum, ok berjast við hann; en svá var hann harðgjörri ok mikill kappi, at báða þá drepr hann; ok eptir þat drepr hann Yngva; ok þá fór hann svá geustr í herinum, at hvetvetna stökk fyrir, ok feldi hann alla þá, sem fremstir stóðu í rananum, nema þá, sem viku ímóti öðrum köppum. Ok er þetta sér Hríngri konúngri, eggjaði hann herinn, at eigi sækti einn maðr yfir alla, þvílíkir yfirgáangsmenn sem með honum voru: eða hvar er kappinn Störkuðr, er enn hertil bar ávalt hærra skjöld? vinn oss sigri! Hann svaraði: höfum vér ærit at vinna, herra! segir hann, en við skulum vér leita, at vinna slíkan sigri, sem vér megum, en þar er sá maðr, er Ubbi er, at maðr má koma í fulla raun. En við konúngs áeggjan hleypr hann fram í herinn ámot Ubba, ok verðr þar orrosta mikil millum þeirra sett með stórum höggum ok miklu affli, er hvárrtveggi var ofrhugi, ok gekk svá um hrið, ok veitti Starkaðr<sup>1)</sup> honum eitt mikit sár, ok þar ímóti fékk Störkuðr 6 sár, ok öll stór, ok þóttist varla komit hafa í slíka raun af einum manni; ok með því, at fylkingar voru svá styrkjar, reiddi (þá) ýmsa vega, ok sleit fyri því þetta einvígi. Síðan veigr Ubbi þann kappi, er

<sup>1)</sup> þannig A.

Agnarr hét, ok ruddi æ jafnan fyri sér stígin, ok höggr á tvær hendr, hefir báðar hendr blóðgar til axlar; ok þá sótti hann at þeim Þilunum. Ok þá er þeir sá hann, mæltu þeir: nú þurfum vér eigi annarstaðar í herinum. at leita fram, ok látum þenna manna sækja örvar um stund, ok fyrr\*\* sigrinn, ok svá lítit sem öllum þikkir til vár koma, gerum nú því meira um oss, ok sýnum oss vaska menn. Þeir taka (at) skjóta á hann, er ágætastir voru af þeim Þilunum, Haddr harði ok Hróaldr tá, ok voru svá ágætir menn at skotum, at þeir skutu at honum tvefnum tylftum örva ok í brjóst honum, ok eigi var honum lítit til fjörs; þessir menn veittu honum bana; ok áðr hafði hann drepit 6 kappa, en umfram veitt stór sár 11 köppum, en drepit 16 menn af Svíum ok Gautum, er framarla stóðu (í) fylkingu. Ok á þeirri stundu sótti Vebjörg skjaldmær mjök á hendr Svíum ok Gautum; hún sótti fram at þeim kappa, er hét Sóknarsóti; ok svá hefir hún vant sik með hjálmi ok brynju ok sverði, at hún var framarla í riddaraskap, sem Störkuðr inn gamli segir; hún fær stór högg kappanum, ok sækir lengi; ok eitt högg höggr hún á kinnina, ok sneið sundr kjálkann ok af hökuna; hann drap í munn sér skegginu, ok beit á, ok hældt svá upp at sér hökinni; ok hún vinnr mörg stór verk í herinum. Litlu síðarr mætir henni Þorkell þrái, kappi Hríngs konúngs, ok eigust þau

(\*) Hér er óskrifuð eyða fyri 2 eða 3 orðum í skinnbólinni.

við harða sókn; ok áðr enn létti, drap hann hana með mörgum sárum ok mikilli hugþryði. Nú verða þar mörg stór tíðendi á skammri stundu, ok ganga ýmsar fylkingar betr; misti þar margr maðr heimkvámu, eða fèkk örkuml af hváru-tveggja liði. Nú sækir Störkuðr á hendr Dön-um; hann ræðst ímóti þeim kappa, er Húnn hèt, ok egast þeir við orrostu, ok lýkr svá, at Störkuðr drepr hann, ok litlu síðarr þann, er hans vill hefna, er Ella hèt; ok þá sótti hann at þeim, er Borgarr hèt, ok áttu hart víg saman, ok lýkr svá, at hann' drap þann. Störkuðr hleypr nú um fylkingar með brugðit sverð, ok höggr hvern (at) öðrum; ok þvínærst hjó hann þann, er Hjörtr hèt; ok þá mætti honum Visma skjaldmær, er bar merki Haralds konúngs; Störkuðr sækir at henni fast. Hún mælti þá til Störkuðar: nú er kominn á þik helfkr, ok muntu nú deyja skulu, þussinn! Hann svaraði: fyrr muntu þó halla merkinu Haralds konúngs, ok hjó af henni vinstri hönd; ok þá gerðist sá maðr ímóti honum, at hefna hennar, er hèt Brái Sækálfs faðir, ok leggr Störkuðr hann í gegnum með sverði; ok víða í herinum mátti nú sjá stóra valköstu á valfalli. Nokkuru síðarr kom ímóti Störkuði Gneþja, mikill kappi, ok áttust við harða sókn, ok veitti Skörkuðr honum banasár; ok þvínærst drap hann þann kappa, er Háki hèt, ok þá fèkk hann þar mörg stór sár í þeirri svip-

an; hann var höggvinn á hálsinn við herðarnar, svá at sá inní hólit, ok framah á brjóstinu hafði hann mikit sár, svá at lúngun fëllu út, ok látit hafði hann einn fingr á hægri hendi. Ok er Haraldr konúngr sá svá mikit mannfall afhirð sinni ok köppum, þá reis hann upp á knèin, ok tók tvö sœx, ok keyrði fram fast hestinn, er fyri vagninum var, ok lagði hvárutveggja saxinu báðum höndum, ok veitti mörgum manni bana með sínum höndum, þóat hann mætti eigi gánga ne á hesti sitja. Gekk nú orrostan svá um hríð, at konúngrinn vann mörg stórvirki. Ok ofarla þessa bardaga var konúngrinn Haraldr hilditönn sleginn kylfu í höfuðit, svá at haussinn rifnaði í sundr, ok var þat hans banasár, ok drap Bruni hann. Ok þá sá Hríngr konúngr vagn Haralds konúngs auðan, ok þóttist vita, at konúngrinn mundi veráfallinn; lét hann blása, ok kallaði, at herinn stöðvaðist. Ok er Danir urðu þessa varir, þá staðnaði orrostan, ok bauð Hríngr konúngr grið öllum her Haralds konúngs, ok þat þágu allir. Ok annann dag eptir at morni lætr Hríngr konúngr kanna valinn, ok leita at líki Haralds konúngs, frænda síns, ok var mikill herr valsins fallinn yfir, þar sem líkit lá; var þá orðinn miðr dagr, er líkit fannst, ok valrinn var rofinn; ok lét Hríngr konúngr þá taka lík Haralds konúngs frænda síns, ok þvá af blóð, ok búa um vegliga eptir fornri siðvenju, lét leggja líkit í þann vagn,

er Haraldr konúgr hafði til orrostu; ok eptir þat lét hann kasta mikinn haug, ok lét þá [líki hans' aka í þeim vagni, á þeim hesti, er Haraldr konúgr hafði til orrostu, ok lét svá aka í hauginn; ok síðan var sá hestr drepinn. Ok þá lét Hríngr konúgr taka þann söðul, er hann sjálfr hafði riðit í, ok gaf þann Haraldri konúgi, frænda sínum, ok bað hann gera hvárt er hann vildi, riða til Valhallar eða aka; ok þá lét hann gera þar mikla veizlu, ok veita útferð Haralds konúgs, frænda síns. Ok áðr enn haugrinn væri aptr lokinn, þá biðr Hríngr konúgr til gánga allt stórmenni ok alla kappa, er við voru staddir, at kasta í hauginn stórum hringum ok góðum vǫpnum, til sæmdar Haraldri konúgi hilditönn; ok eptir þat var aptr byrgðr haugrinn vandliga.

10. Sigurðr Hríngr var konúgr yfir Svíþjóð ok Danmörk eptir Harald konúg hilditönn; ok þá óx upp son hans Ragharr í hirð föður síns; hann var allra þeirra manna mestr ok fríðastr, er menn hefði sèt, ok var hann líkr móður sinni ásýndar, ok í hennar ætt at sjá, þvíat þat er kunnigt í öllum fornum frásögnum um þat fólk, er Álfar hétu, (at þat) var miklu fríðara enn önnur mankind á Norðrlöndum; þvíat allt forellri Álfhildar móður hans, ok allr ætt-

1) lét h' A, líkliga rángt skrifað fyrir: líki hans. 2) í A stendr: engi, en líkliga rángt lesið af þeim, er afskrifuði; fyrir: enn.

3) hér enda C, D, E, F, P; en B hefir einfrenr: allt foreldri Alf.....

bálkr, (var) kominn frá Álfi gamla; þat voru þá kallaðar Álfa ættir; af honum tóku nöfn þær 2 meginár, er elfr heitir hvártveggi síðan; önnur skildi ríki hans af Gautlandi, var sú fyri því kölluð Gautelfr; en önnur féll at því landi, er nú heitir Raumaríki, ok heitir Raumelfr-Ragnar var líkr feðr sínum, ok föðurfrændum, á vöxt, sem verit hafði Haraldr konúgr hilditönn, eða Ívar víðfaðmi. Ok er Hríngr konúgr tók at eldast ok þúngfærast, tók at minkast ríki hans, ok tók mest af því, er first honum var. Sá konúgr er nefndr Aðalbrikt, er kominn var af ætt Ellu konúgs, þess er drepit hafði Hálfván Ylfíng, ok lagði undir sik þann hluta Englands, er Norðimbraland heitir; þann hlut átti Hríngr konúgr, ok áðr Haraldr konúgr; Aðalbrikt konúgr ræð því ríki lángr stundir; synir hans hétu Áma ok Ella, er konúgar vöru í Norðimbralandi eptir föður sinn. Þá er Sigurðr Hríngr var gamall, var þat á einu hausti, er hann hafði riðit um ríki sitt, Gautland vestra, at dæma mönnum landslög, at þá komu ímóti honum Gandálfs synir, mágar hans, ok báðu, at hann mundi veita þeim lið at ríða á hendr þeim konúgi, er Eysteinn hét, er því ríki ræð, er þá hétu Vestmarar, en nú heitir Vestfold. Þá voru höfð blót í Skíringsal, er til var sótt um alla víkina . . . . .

S Ö R L A P Ä T T R.





---

## Hér hefr Sörla þátt<sup>1</sup>.

---

**F**YRIR<sup>2</sup> austan Vanakvísl í Asía var kallað [Asíaland eðr Asíaheimr<sup>3</sup>, en þat fólk var kallað Æsir, er þar bygðu, en höfuðborgina kölluðu þeir Ásgarð; Óðinn var þar nefndr konúgr yfir; þar var blótstaðr mikill. Njörð ok Frey setti Óðinn blótgoða<sup>4</sup>; dóttir Njarðar hét Freyja; hún fylgdi Óðni, ok var friðla hans. [Menn þeir voru í Asía, er einn hét Álfriðg, annar Dvalinn, þriðl Berlíngr, fjórði Grèrr<sup>5</sup>; þeir áttu heima skamt frá höll konúgs; þeir voru menn svá hagir, at þeir lögðu á allt gerva hönd; þessháttar menn, sem þeir voru, kölluðu menn dverga; þeir bygðu einn stein; þeir blönduðust þá meirr við mannfólk, enn nú. Óðinn unni mikit Freyju, enda var hún allra kvenna fegurst í þann tíma; hún átti sér eina skemmu, hún var bæði fögr ok sterk, svá at þat segja menn, at ef hurðin var aprt ok læst, at engi

---

<sup>1</sup>) Þannig F; Sagan af Heðni ok Högna, R. <sup>2</sup>) Efni þessarar sögu byrjast á þennan hátt, at fyrir, R. <sup>3</sup>) þat vatn kalla sumir Tanis, eðr Tanais, b. v. R; Asíaland eða Asheimr, Sk. <sup>4</sup>) næst sér, R. <sup>5</sup>) þeir voru jafnúngir í Ásgarði: einn hét Frigg, annar Jadúlla, þriðl Berlíngr, fjórði Knepi, R.

maðr mætti koma í skemmuna án vilja Freyju. Þat var einn dag, er Freyju varð gengit til steinsins<sup>1</sup>; hann var þá opinu. Dvergarnir voru at smíða eitt gullmen, þat var þá mjök fullgert. Freyju leizt vel á menit; dvergunum leizt ok vel á Freyju; hún falaði menit at dvergunum, bauð ímóti gull ok silfr, ok aðra góðagrip<sup>2</sup>. Þeir kváðust ekki fêpurfi; sagðist hvörr vilja sjálfr sinn part selja í meninu, ok ekki annat fyri vilja hafa, enn hún lægi sína nótt hjá hvörjum þeirra; ok hvort sem hún lét at þessu komast betr eða verr, þá keyptu þau þessu. Ok at liðnum fjórum náttum ok enduðum öllum skildaga, afhenda þeir Freyju mēnit, fór hún heim í skemmu sína, ok lét kyrt yfir sér, sem ekki hefði í orðit.

2. Maðr hét Farbauti, hann var karleinn, ok átti sér kellingu þá, er Laufey er nefnd; [hún var bæði mjó ok auðþreiflig; því var (hún) Nál kölluð<sup>3</sup>. Þau áttu sér einn son barna, sá var Loki nefndr; hann var ekki mikill vöxtum, orðskárr var hann snemma, ok skjótligr í bragði; hann hafði fram yfir aðra menn vizku, þá, er slægð heitir. [Hann var mjök kyndugr þegar á unga aldri, því var hann kallaðr Loki læviss<sup>4</sup>; hann ræðst til Óðins í Ásgarð, ok gerðist hans maðr. Óðinn [mælti hvetvetna eptir honum, hvat sem hann tók til, enda lagði hann

<sup>1</sup>) sem dvergarnir réðu fyrir, *b. v R.* <sup>2</sup>) aðrar gersemar, *R.*  
<sup>3</sup>) *v. í R.* <sup>4</sup>) hann var kallaðr Loki Laufeyjarson, *R.*

opt stórar þrautir fyrir hann, ok leysti hann þær allar vomu betr af höndum; hann varð ok nálíga alls víss, þess er viðbar, sagði hann ok allt Óðni, þat er hann vissi. Þat er ok sagt, at Loki varð viss, er Freyja hafði fengit menit, ok svá, hvat hún hafði ímóti gefit; sagði hann þetta Óðni. En er Óðinn varð þess-víss, sagði hann, at Loki skyldi ná meninu, ok fá sèr. Loki kvað þat úvænligt: sakir þess, at engi maðr má í skemmuna komast, fyrir utan vilja Freyju. Óðinn sagði, at hann skyldi fara verða, ok eigi aptr koma, fyrr enn hann hefði náð meninu. Loki snèri þá í brottu æpandi; flestir urðu við þat kátir, er Loka gekk lítt til. Hann gengr til skemmu Freyju, ok var hún læst; hann leitaði við inn at komast, ok gat eigi. Kuldaveðr var úti mikit, ok tók honum fast at kólna; hann varð þá at einni flugu; hann flökta þá um alla lása, ok með öllum fellum, ok gat [hvergi lopt<sup>1</sup> fundit, svá at hann mætti inn komast; uppi allt hjá bustinni [ok þó eigi meiri boru fann hann<sup>2</sup>, enn sem stínga mætti í nál; þá [boru bograr<sup>3</sup> hann inn. En er hann kom inn, var hann flenneygr<sup>4</sup> mjök, ok hugði at, ef nokkurir vekti; en hann gat þat sèt, at allt svaf í skemmumni; hann ferr þá innar at sænginni Freyju, ok skynjar þá, at hún hefir

1) lagði miklar mætr á Loka, því hann vann margar þrautir, *R.*  
 2) ekki eina minnstu smugu, *R.* 3) fann hann eina holu, en þó eigi meiri, *R.* 4) holu fór, *R.* 5) flekeigðr, *R.*

menit á hálsi' sèr, [ok at nistin horfðu niðr á<sup>2</sup>. Loki verðr þá at. einni fló; hann sezt á kinn Freyju, ok höggr svá, at Freyja vaknar, ok snérist við, ok sofnar aptr. Þá dregr Loki af sèr flóar haminn, [lokkar þá af henni menit<sup>3</sup>; lýkr þá upp skemmunní, ok ferr í burt, ok færir Óðni. Freyja vaknar um morgininn, ok sèr, at opnar eru dyrnar, en ekki brotit, en menit var í brottu hit góða; hún þikkist vita, hver brögð í muni vera, gengr inní höllina, þegar hún er klædd, fyrir Óðinn konúng, ok talar um, at hann hafi illa látit gera, at stela frá henni góðgrip hennar, ok biðr hann fá sèr aptr góðgrip sinn. Óðinn segir, at hún skal þat aldrí fá, svá at eins hefir hún at því komizt: nema þú orkir því, at þeir konúngar tveir, [at 20<sup>4</sup> konúngar þjóna hvorum, verði missáttir, ok berist með þeim álögum [ok atkvæðum, at þeir skulu jafnskjótt uppstanda ok berjast, sem þeir áðr falla<sup>5</sup>, utan nokkr maðr kristinn verði svá röskr, ok hoñum fylgi svá mikil gipta síns lánardrottins, at hann þori at gánga í bardaga þeirra, ok vega með vopnum þessa menn; þá hit fyrsta skal þeirra þraut lyktast, hverjum höfðingja sem þat verðr lagit, at leysa þá svá or ánauð ok erfíði sinna fírligra framferða. Freyja játtaði því, ok tók við meninu.

<sup>1</sup>) höfði, R. <sup>2</sup>) v. í R. <sup>3</sup>) náði svá meninu, at hann tók þat af henni, R. <sup>4</sup>) sem nú eru mestir í heiminum ok tíu, R, sem allstaðar hefir 10 fyrir 20. <sup>5</sup>) at þeir skuli berjast eins dauðir ok lifandi, R.

3. Í þann tíma, er liðnir voru frá falli Friðfróða 4 vetr ok 20<sup>1</sup>, ræð sá konúgr Upplöndum í Noregi, at Erlíngr hæt. Hann átti sér drottningu ok 2 sonu, hæt Sörli sterki hinn ellri, en Erlendr hinn ýngri; þeir voru efniligir menn; Sörli<sup>2</sup> var þeirra sterkari; þeir lögðu í hernað, þegar þeir höfðu aldr til. Þeir börðust við [Sindra víking, Sveigisson, Hákonar sækonúngs, í Elfarskerjum<sup>3</sup>, ok féll þar Sindri víkingr ok allt lið hans; í þessari orrostu féll ok Erlendr Erlíngsson. Eptir þat hældt Sörli í hit Eystra-šalt, ok herjaði þar, ok vann svá mörg stórvirki, at seint er öll at skrifa.

4. Hálfván<sup>4</sup> hefir konúgr heitit; hann ræð fyri Danmörk; hann sat í stað, er Hróiskelda<sup>5</sup> heitir; [hann átti Hveðnu hina ellri; þeirra<sup>6</sup> synir voru þeir Högni ok Hákon; þeir voru afburðarmenn á vöxt ok afl, ok alla atgervi; þeir lögðu ok (í) hernað, þegar þeir voru þroskaðir. Nú er þar til at taka, þar sem at Sörli er, at á einu hausti heldr hann til Danmerkr. Hálfván konúgr hafði þá ætlat í konúngastefnu; hann var þá mjök hníginn í efra aldr, er sjá sagagerðist; hann átti dreka svá góðan, at eigi fannst annar slíkr á Norðrlöndum, sakir sterkleika ok alls hagleiks; hann flaut um strengi í höfninni, en Hálfván konúgr var á landi, ok

<sup>1</sup>) 27, R. <sup>2</sup>) þannig leiðrætt; Haugni, F. <sup>3</sup>) Sviða víking Sveinsson í Ölvarskerjum, R. <sup>4</sup>) Hálfván, R. <sup>5</sup>) Herjanskelda, R. <sup>6</sup>) hans, R.

hafði látit [heita farar munngát<sup>1</sup> sitt. En er Sörli sá drekann, rann í hjarta hans egingirnd mikil, svá at hann vildi drekann eiga fyrir hvern mun ok einn, enda er þat ok flestra manna sögn, at eigi hafi betri gripur verit í skipi, enn í þessu, at fráteknum [drekanum Elliða ok Gnoð, ok<sup>2</sup> Orminum lánga, á Norðrlöndum; hann talaði þá við menn sína, at þeir skyldu búast til bardaga: Þvíat ver skulum drepa Hálfván konung, en eignast drekann. Máli hans svarar sá maðr, er Sævar<sup>3</sup> hét, hann var stafnbúi hans [ok stallari<sup>4</sup>: þat er eigi ráð, herra! segir hann, þvíat Hálfván erhöfðingi mikill, ok frægr maðr; hann á ok sonu þá 2, er ráðnir eru til hefnda, þvíat þeir eru nú einir hverir frægastir menn. Þóat þeir sè goðunum<sup>5</sup> fremri, sagði Sörli, þá skal ek einnveg berjast ok áðr. Búast þeir nú til bardaga. Kemr nú njósn Hálfváni konungi; bregðr hann við, ok ferr til skipa, ok menn hans allir, búast þegar til bardaga; lögðu þat sumir menn til með Hálfváni, at honum væri úráð í at berjast, ok hann skyldi flýja, sakir liðsmunar. Konungr sagði, at fyrr skyldi hverr falla um annann þveran, enn hann skyldi flýja. Búast nú hvorirtveggju til orrostu, ok slær nú í hinn harðasta bardaga, ok lýkr með því, at Hálfván konungr fellr ok allt lið hans; síðan tók Sörli drekann, ok allt þat, er á honum var fëmætt. Síð-

<sup>1</sup>) flytja fram munngát, R.    <sup>2</sup>) v. í R.    <sup>3</sup>) Sæfinnr, R.    <sup>4</sup>) v. í R.    <sup>5</sup>) flestum, R.

an spurði Sörli, at Högni var kominn or hernaði, ok lá við Óðinsey; þangat heldr Sörli skipum sínum; ok þegar þeir finnast, sagði (hann) honum fall Hálfðáanar föður síns, ok býðr honum sættir ok sjálfðæmi, ok þarmeð fóstbræðralag; en Högni neitaði því öllu. Síðan börðust þeir, sem segir í Sörla stikka<sup>1</sup>; gekk Hákon allvel fram, ok drap Sævar, merkismann Sörla ok stafnbúa; eptir þat drap Sörli Hákon, en Högni drap Erlíng konung, föður Sörla. Síðan börðust þeir Högni ok Sörli, ok féll Sörli fyrir Högna af mæði ok sárum, ok lét Högni síðan græða hann, ok svörðust þeir í fóstbræðralag, ok héldu þat vel, meðan þeir lifðu báðir; en Sörli lifði þeirra skemr, ok féll í Austrvegi fyrir víkingum, sem segir í Sörla stikka<sup>2</sup>, ok hér segir:

Fell enn forsnjalli

[fyst inn víglysti<sup>3</sup>

ýgr<sup>4</sup> í Austrvegi

allr á helpalla<sup>5</sup>;

dauðr um dalreyðar<sup>6</sup>

dáðkunnr<sup>7</sup> miskunnar,

[beit at brandmóti<sup>8</sup>

brynstíng<sup>9</sup> víkingum.

En sem Högni frétti fall Sörla, herjaði hann í Austrveg á sama sumri, ok hafði allstaðar sigr, ok varð þar konungur yfir, ok segja menn svá,

1) sögu, R. 2) stokki, R. 3) flestum vígleisti, R. 4) iggr, R. 5) helpalli, R. 6) dal rauðan, R. 7) dáðrunar, R. 8) beita branda njóti, R. 9) bristýng, R.

at 20 konúngar urðu skattgyldir undir Högna konúng, ok hældu af honum ríki. Högni varð svá frægr af sínum stórvirkjum ok hernaði, at hans nafn var jafnvel kunnigt norðr við Finna-bú<sup>1</sup>, sem úti París, ok allt þar ímilli.

5. Hjarandi hefir konúgr heitit, hann ræð, fyri Serklandi; hann átti sér drottníngu ok einn son, þann er Hèðinn er nefndr; hann var snemma afreksmaðr at afli, vexti ok atgervi. Hann lagði í hernað á æskualdri, ok gerðist sækonúgr, ok herjaði víða um Spanía ok Græcía<sup>2</sup>, ok öll nálæg ríki, svá at hann skattgylti undir sik 20 konúnga, svá at allir hældu af honum land ok lén<sup>3</sup>. Hèðinn sat á vetrum heima í Serklandi. Þat er sagt einhvern tíma, at Hèðinn fór á skóg með hirð sinni; hann varð staddr í rjóðri, [einn sinna manna<sup>4</sup>; hann sá konu sitja á stóli í rjóðrinu, mikla vexti ok fríða sjónum, hún kvaddi Hèðinn kurteisliga; hann spurði hana at nafni; en hún nefndist Göndul<sup>5</sup>. Síðan talast þau við; spyrr hún hann af stórvirkjum sínum; en hann sagði henni allt af létta, ok spurði hana, hvort hún vissi nokkurn konúng sér jafnan at hreysti ok harðræði, frægðum ok framkvæmdum. Hún kveðst þann vita, er ekki skyrta við hann, ok eigi þjónuðu síðr 20 konúngar enn honum, ok kvað hann Högna

<sup>1</sup>) Finna só, R. <sup>2</sup>) þannig leiðrétt; Græcna, F; v. í R. <sup>3</sup>) tign, R. <sup>4</sup>) með nokkrum sínum mönnum, R. <sup>5</sup>) Golna, allstaðar, R.



heita, ok sitja norðr í Danmörk. Þat veit ek sagði Hèðinn, at þat skulum við reyna, hvorr okkarr fremri er. Mál mun þær, segir Göndul, til manna þinna, þeir munu leita þín; síðan skilja þau; ferr hann til manna sinna, en hún sat þar eptir. Þegar at vordögum, býr Hèðinn ferð sína, hefir einn dreka ok á [þrjú hundruð<sup>2</sup> manna; hann heldr norðr í heima; hann siglir þat sumar ok þann vetr; at vordögum kom hann í Danmörk.

6. Högni konúgr sat þá heima; ok er hann spyr, at ágætr konúgr er þar við land kominn, býðr hann honum heim til ágætrar veizlu; Hèðinn þekktist þat. Ok er þeir sátu við drykk, spurði Högni, hvat eyrendi Hèðinn hefði, er hann fýstist svá langt norðr í heima. Hèðinn sagði þat sitt eyrendi, at þeir reyndi með sér hug ok hreysti, íþróttir ok alla atgervi; Högni læzt þess búinn. Ok annan dag árla fóru þeir á sund ok í skotbakka; þeir frömdu ok [burtreið ok<sup>2</sup> vopnfimi, ok allar íþróttir, ok voru svá jafnir á alla atgervi, at engi þóttist mega í milli sjá, hvorr fremri væri. Eptir þetta gjört sverjast þeir í fóstbræðralag, ok skyldu allt eiga at helmingi. Hèðinn var úngr ok úkvænt, en Högni var nokkuru ellri; hann átti Hervöru Hjörvarðsdóttur, Heiðrekssonar, Úlfhamssonar<sup>3</sup>. Högni átti dóttur, er Hildir hét; hún var allra

<sup>1</sup>) 30, R. <sup>2</sup>) v. í R. <sup>3</sup>) Ulfhamss., F.

kvenna vænst ok vitrust, hann unni mikit dóttur sinni; ekki átti hann barna fleira.

7. Þat er sagt, at nokkuru síðarr færi Högni í hernað, en Hèðinn sat eptir, ok skyldi geyma ríkis. Þat var einn dag, at Hèðinn fór á skóg at skemta sèr, þá var blíðt veðr; honum varð, enn vikit í brott frá mönnum sínum; hann kom í eitt rjóðr, þar sá hann sitja konu á stóli þá sömu, er hann sá fyrr á Serklandi, ok leizt honum, sem hún væri nú allt fegri enn fyrr. Hún kastaði enn [orðum fyrr<sup>1</sup> á hann, ok gerði sik blíða í máli; hún hældt á einu horni, ok var lok yfir; konúngi rann hugr til hennar. Hún bauð honum at drekka, en konúngr þystr, því at honum var varmt orðit, tekr við ok drekk; en er hann hafði drukkit, brá honum mjök undarliga við, þvíat hann mundi aungvan hlut þann, sem áðr hafði yfirgengit; hann settist þá niðr, ok töluðust þau við. Hún spurði, hvort honum hefði nokkut svá reynst, sem hún hafði sagt honum fyrr, um íþrottir Högna ok harðræði. Hèðinn sagði þatsatt vera: þvíat hann skorti ekki við mik neina atgervi, er við reyndum, ok því höfum við kallast jafnir. Ekki eru þið þó jafnir, segir hún. Hvat finnr þú til þess? segir hann. Þat finnr ek til, segir hún, at Högni á sèr drottníngu af stórum ættum, en þú átt þær aunga konu. Hann svarar: Högni giptir mér þegar Hildi, dóttur sína, er ek vil biðja, ok er

<sup>1</sup>) kveðju, R.

ek þá ekki verr kvæntur enn hann. Mínkast þá metnaðr þinn, segir hún, ef þú biðr Högna mægða; hitt væri heldr til, ef þik skyrti hvorki hug nè hreysti, sem þú lætr at sé, at nema Hildi í burtu, en drepa drottníngu með því móti, at taka hana, ok leggja hana niðr fyrri barðit á drekanum<sup>2</sup>, ok láta hann sníða hana sundr, þá er hann er framsettr. Svá var Hèðinn fánginn í illsku ok óminni af öli því, er hann hafði drukk- it, at honum sýndist ekki annat ráð enn þetta, ok ekki mundi hann til, at þeir Högni væri fóst- bræðr. Síðan skildu þau, ok fór Hèðinn til manna sinna; þetta var at áliðnu sumri. Hèð- inn skipar þá mönnum sínum at búa til drek- ann, þvíat (hann) kveðst heim vilja til Serklands. Síðan gekk hann til skemmu, ok tók sinni hendi hvora, drottníngu ok Hildi, ok gengr út með þær. Menn tóku klæði ok gripi Hildar. Þeir einir voru menn í ríkinu, at ekki þorðu at gera, sakir Hèðins ok manna hans, þvíat hann var mjök<sup>2</sup> ófrýnligr. Hildir spurði Hèðinn, hvat er hann ætlaði; en hann sagði henni; hún bað hann eigi svá gera: þvíat faðir minn mun gipta mik þér, ef þú villt biðja mín. Eigi vil ek þat gera, segir Hèðinn, at biðja þín. Ok þóat þat sé, segir hún, at þú villr ekki annat, enn flytja mik í burt, þá munu þið faðir minn þó sættast, en ef þú gerir svá illa ok úmannliga, at þú vinnir

<sup>2</sup>) sem er hezt skip Högna, b. v. R. <sup>2</sup>) mí, R.

bana móður minni, þá munu þið faðir minn aldri sættast, ok þessliga hafa mér draumar gengit, sem þið munið berjast, ok drepast niðr, ok þó muni þar annat þýngra á koma, ok mun mér þat mikill harmr, ef ek skal horfa uppá föður minn, at hann skuli standa undir meingerðum ok miklum álögum, en mér er þó engi gleði í, at sjá þik í ill-endum ok erfiðismunum. Hèðinn kveðst aldri hirða, hvat er bak kæmi, ok sagðist gera mundu sem áðr. Eigi máttu nú atgera, segir Hildir, þvíat þer er eigi sjálfráðt um. Síðan gekk Hèðinn til strandar; var þá settr fram drekin, skaut hann þá drottníngu niðr fyri barðit; lét hún þar líf sitt; en Hèðinn gengr útá drekan. Ok er hann er alþúinn, fýsir hann at gánga á land einn sinna manna, ok í þann sama skóg, sem fyrr hafði hann gengit; ok er hann kom fram í rjóðrit, sá hann þar Göndul sitja á stóli; þau kvöddust kunnliga<sup>1)</sup>. Hèðinn sagði henni frá framferðum sínum; hún lét vel yfir. Hún hafði þar hornit þat, er hún fór fyrr með, ok bauð honum at drekka af. Hann tók við, ok drakk; en er hann hafði drukkit, seig at honum svefn, ok hallaði hann sèr í knè henni. En er hann var sofnaðr, fór hún undan höfði honum, ok mælti: nú vígi ek þik undir öll þau atkvæði ok skildaga<sup>2)</sup>, sem Óðinn fyrirmælti ok ykkr Högna báða, ok allt lið ykkart. Síðan vaknaði Hèðinn, ok sá svipinn af Göndul, ok sýndist honum þá svört ok mikil, mundi nú allt,

<sup>1)</sup> kurteisliga, R. <sup>2)</sup> álög, R.

ok þótti mikit slis sitt; hugsar nú, at fara nokkut langt í burt, svá at hann mætti eigi dagliga heyra brigsli sinna vandra framferda; ferr nú til skips, lætr skjótt or landfestum<sup>1</sup>, stendr byrr af landi, ok siglir svá í burt með Hildi.

8. Nú kemr Högni heim, verðr nú viss hins sanna, at Hèðinn hefir siglt í brott með Hildi ok drekan Hálfdánarnaut, en drottníng lá dauð eptir. Högni varð við þetta mjök reiðr, ok bað menn viðbregða þegar, ok sigla eptir Hèðni; gera þeir nú ok svá, ok fá hinn bezta byr, koma æ þar at kveldi á þær hafnir, sem Hèðinn hafði burt siglt áðr um morgininn. Þat var einn dag, er Högni hældt til hafnar<sup>2</sup>, [at þá voru segl Hèðins at sjá við haf<sup>3</sup>; þá halda þeir Högni þegar eptir. Þat er sannliga sagt, at þá fékk Hèðinn andviðri ímóti sér, en Högna hældt hinn sami byrr. Hèðinn leggur þa upp at eyju þeirri, er Há<sup>4</sup> heitir, ok leggur þar í lægi; bráðliga kemr Högni eptir; ok er þeir finnast, kveðr Hèðinn hann blíðliga. Þat er þær at segja, fóstbróðir! segir Hèðinn, at mik hefir hendt svá mikit slis, at þat má engi bæta, nema þú: ek hefir hertekit dóttur þína ok dreka, en veitt líflát drottníngu þinni, ok þó eigi af eginligri illsku minni, heldr af vondum spám ok illum álögum; vil ek nú, at þú skerir einn ok skapir

<sup>1</sup>) landsteinum, R. <sup>2</sup>) eða hafnir, F. <sup>3</sup>) at þar voru segl fyrri, þau er Hèðinn átti, þó við haf at sjá, R. <sup>4</sup>) Hæ, rúngt, R.

okkar í milli; þat vil ek ok bjóða þér, at leggja bæði af Hildi ok drekann, menn alla ok fè, en fara svá langt úti heima, at ek koma aldri til Norðrlanda, nè þér í augsýn, meðan ek lifi. Högni svarar: ek hefði gipt þér Hildi, ef þú hefðir hennar beðit; nú þó ok, at þú hefðir hertekit Hildi, þá mætti við þó sættast fyri þat; en nú, er þú hefir gjört svá mikit úverkan, at þú hefir niðst á drottningu, ok drepit hana, er engi von á, at ek vill sættum taka; skulu [vèr ok reyna þegar í stað, hvorir stærst kunna at höggva<sup>1</sup>. Hèðinn svarar: hitt er ráð, ef þú villt ekki annat, enn berjast, at við reynum tveir með okkr, þvíat hér áttu við aungvan mann sakir, nema við mik, dugir þat eigi, at ómakligir menn gjaldi glæpa minna ok illgerða. Fylgdarmenn þeirra svöruðu allir sem eins munni, at þeir skyldu fyrr<sup>2</sup> falla hvefr á fætr öðrum, [heldr enn þeir næði höggum við at<sup>3</sup> skiptast. En er Hèðinn sá, at Högni vildi ekki annat, enn berjast, þá bað hann sína menn á land gánga: skal ek eigi lengr bila við Högna, nè biðjast undan bardaga, ok dugi nú hverr eptir drengmennsku! Gánga þeir nú á land ok berjast, er Högni allæfr, en Hèðinn bæði vopnfimr ok stórhöggr. Þat er með sannendum sagt, at svá mikil atkvæði ok illska<sup>4</sup> fylgdi þessum álögum<sup>5</sup>, at þóat þeir klyf-

<sup>1</sup>) við ok herjast í stað, ok allt lið með okkr, R. <sup>2</sup>) hverr, R. <sup>3</sup>) ef þeir skildu vopnum við, R. <sup>4</sup>) álög, R. <sup>5</sup>) bardaga, R.

ist í herðar niðr, þá stóðu þeir upp sem áðr, ok börðust. Hildir sat í einum<sup>1</sup> lundi, ok sá uppá þenna leik. Þessi armæða ok ánauð gekk alla stund, frá því, er þeir tóku til at berjast, ok framan til þess, er Ólafir Tryggvason varð konúngi at Noregi. Segja menn, at þat væri [fjórtaán tígir ára ok þrjú<sup>2</sup> ár, áðr enn þessum ágæta manni, Ólafi konúngi, yrði þat lagit, at hans hirðmaðr leysti þá frá þessu aumliga áfelli ok skaðligum skapraunum.

Á fyrsta ári ríkis Ólafs konúngs er sagt, at hann kæmi við eyna Há, ok legði þar í lægi eitt kveld. Sá var þar vani við fyrr sagða ey, at þar hurfu hverja nátt varðmenn, svá at eigi vissi, hvat af varð. Ívar ljómi átti vörð at halda þessa nátt. En er allir menn voru sofnaðir á skipum, tók Ívar sverðit, er átt hafði Járnskjöldr<sup>3</sup>, en Þorsteinn, son hans, hafði gefit honum ok öll herklæði sín, ok gekk uppá eyna; en er hann er upp kominn á eyna, sá hann mannganga ímót sér, sá var mikill vexti ok allr blóðigr, með miklum áhyggju svip. Ívar spurði þenna mann at nafni. Hann kveðst Heðinn heita, ok vera Hjarandason, kynjaðr utan or Serklandi: er þér þat satt at segja, at þóat hér hafi horfit vökumenn, at þat er mér at kerða ok okkr Högna Hálfðánarsyni, þvíat við erum orðnir fyri svá miklum [atkvæðum ok ánauðum<sup>4</sup>, ok okkrir menn,

<sup>1</sup>) sínum, R. <sup>2</sup>) 223, R. <sup>3</sup>) á Heiðarskógi, b. v. R. <sup>4</sup>) ósköp-  
unt, R.

at vèr berjumst [bæði nætr ok daga<sup>1</sup>, ok hefir þessu gengit marga mannsaldra, [en Hildir Högnadóttir sitr ok sèr uppá<sup>2</sup>, en Óðinn<sup>3</sup> hefir þetta lagit á oss, ok ekki annat til undanlausnar, enn nokkr kristinn maðr [berist við oss<sup>4</sup>, þá skal sá eigi uppstanda, er hann drepr, ok þá er hvèrr sá leyst frá sinni ánaud. Nú vilda ek biðja þik, at þú færir til bardaga með oss, þvíat ek veit, at þú ert vel kristinn, svá ok at konúngr sá, er þú þjónar, er mikillar hamíngju; [segir mèr ok svá hugr um, at vèr munum af honum ok hans mönnum nokkut gott hljóta<sup>5</sup>. Ívar játtar at fara með honum. [Hèðinn varð glaðr við þat, ok mælti: þess skaltu varast, (at) gánga eigi framan at Högna, ok þess annars, at drepa mik eigi fyrr enn Högna, sakar þess, at þat er einkis mensks manns<sup>5</sup>, at gánga framan at Högna, eðr drepa hann, ef ek er áðr dauðr, þvíat hann hefir ægishjálms í augum, ok hlífir aungu vætta, ok því er þat eina til, at ek gáangi at honum fram- an, ok berjumst ek við hann, en þú gangir at baki honum, ok veitir honum banatíkræði, þvíat þer man litit fyri verða, at bana mèr, þóat ek lifi vor allra lengst. Síðan gánga þeir til bardaga, ok sèr Ívar, at þetta er allt satt, sem Hèðinn hafði sagt honum; gengr hann at baki Högna, ok höggr í höfuð honum, ok klýfr hann

<sup>1</sup>) dauðir sem lífandi, *R.* <sup>2</sup>) svá þat hefir verit 123 ár, *R.*  
<sup>3</sup>) konúngr, *b. v. R.* <sup>4</sup>) kæmi ok dræpi þá alla, *R.* <sup>5</sup>)  
*v. í R.*



í herðar niðr; fellr Högni þá dauðr, ok stóð aldrí upp síðan. Síðan drap hann þar þá menn alla, er at bardaganum voru, en síðast Hèðinn, ok varð honum lítit fyri því<sup>1</sup>. Síðan gekk hann til skipa, [ok var þá lýst af degi<sup>2</sup>; hann fór til konúngs, ok sagði honum. Konúngr lét vel yfir verki hans, ok sagði honum giptuliga tekizt hafa. Eptir um daginn [gengu þeir<sup>3</sup> á land, ok þartil, sem bardaginn hafði verit, ok sá [þar aungvan stað þeirra tíðenda, er þar höfðu vorðit, en blóð sást á sverði Ívars til merkja, ok aldrí hurfu þar varðhaldsmenn síðan. Konúngr fór heim eptir þetta í ríki sitt<sup>4</sup>.

1) ok gánga þeir einsaman uppá eyrna Hæ brattar götur ok þröngvar, þartil hann gengr uppá einn dalsbarm, sér hann þar til allra þeirra merkja, sem Hèðinn hafði sagt honum, var þar eigi dælligr atgárlgr með ópi miklu. Ivari miklast at gánga; Hèðinn hreysti hann, ok segir, honum skuli eigi skaða: er þú ok eigi þeirrar trúar, sem þeir vökumenn, er hér hafa horfit ok fyrr um gengit, vildi þeirra líðsinni oss eigi at gagni koma; bið ek þik, at þú drepr Högna fyrst allra manna, ok svá hvörn at öðrum. Ivar gjörði nú sem Hèðinn hafði beðit hann, ok höggr Högna fyrst, ok svá hvörn at öðrum; en síðast gengr hann at Hèðni, ok klýfr hann í herðar niðr; en þá hann kemr at lundi þeim, sem Híldr átti at vera í, var hún í hurtu horfin, *R.* 2) *v. í R.* 3) gekk konúngr, *R.* 4) hann mikil merki, ok þótti konúngi undarligt. Konúngr fór til skipa aþr, ok heim til Noregs, settist at sínu ríki; ok lýkr hér þessari sögu, *R.*



**HERVARAR SAGA**

**OK**

**HEIDREKS KONUNGS.**

THE NATIONAL ARCHIVES

RECORDS OF THE DEPARTMENT OF THE INTERIOR

---

## Hér hefr upp Hervarar sögu ok Heiðreks konungs<sup>1</sup>.

---

**S**VA finnst skrifat í fornum bókum, at Álfheimar<sup>2</sup> voru kallaðir norðr í Gandvík, en Ymisland fyrir sunnan í milli Hálogalands. En áðr enn Tyrkjar ok Asíamenn komu í Norðrlönd, byggðu Norðrálfunar<sup>4</sup> risar ok hálfrisar; gjörðist þá mikit sambland þjóðanna; risar fengu sér kvenna or Mannheimum, en sumir giptu þangat dætr sínar. Goðmundr hét konungr<sup>6</sup> í Jötunheimum; bær hans hét á Grund, en héraðit Glæsivellir; hann var ríkr maðr, ok var svá gamall ok allir hansmenn, at þeir lifðu marga mannsaldra, ok því trúðu heðnir menn, at í hans ríki mundi Ódáins-akr vera; sá staðr er hvörjum manni svá heilnæmr, er þar kemr, at af honum hverfr sótt ok elli, ok má engi deyja. Svá er sagt, at eptir dauða Goðmundar blótuðu menn hann, ok kölluðu goð sitt. Goðmundr konungr átti son þann, er Höfundr hét; hann var bæði forsparr ok spakr at viti; hann var settr dóm-

---

<sup>1</sup>) Sagan af Heiðreki konungi ok þess eittmönntan, 2) Hervarar þátr hinn gamli finnst svá skrifaðr, sem hér fylgir, J. <sup>2</sup>) Jötunheimar, J. <sup>3</sup>) um, J. <sup>4</sup>) Norðrálfunar, J. <sup>5</sup>) sumi, b. v. J. <sup>6</sup>) höfðingi, J.

ari yfir öll þau lönd, er honum láu í nánd; hann dæmdi aldri rángan dóm, enginn þorði né þurfti hans dóm at rjúfa. Maðr hét Arngrímr, hann var risi ok bergbúi; hann nam or Ymislandi Ámu Ymisdóttur, ok gekk at eiga hana; son þeirra var Hergrímr, er kallaðr var hálftröll; hann var stundum með bergrisum, en stundum með mönnum; hann hafði afl sem jötnar; hann var allfjolkunnugr ok berserkr mikill; hann nam or Jötunheimum Ögn Álfasprengr, ok gekk at eiga hana; þau áttu þann son, er Grímr hét. [Sá maðr bjó þá við Ölfossu, er Starkaðr hét; hann var kominn af þessum, hann var þeim ok líkr at afli ok eðli; Störkviðr hét faðir hans. Ögn Álfasprengr var festarmey Starkaðs, en Hergrímr tók hana frá honum; þá Starkaðr var farinn norðr yfir Elivoga; en er hann kom aptr, skoðaði hann á Hergrím til konunnar, ok þar með hólmgöngu. Þeir börðust við enn efsta foss at Eyði. Starkaðr hafði 8 hendr, ok vó með fjórum sverðum í senn; fékk hann þar sigr, en Hergrímr fell. Ögn sá á hólmgöngu þeirra; ok er Hergrímr var fallinn, lagði Ögn sik með sverði í gegnum, ok vildi ekki giptast Starkaði. Starkaðr tók nú fé allt undir sik, er Hergrímr hafði átt, ok hafði með sér, ok svá son hans Grím, óx hann upp með Starkaði. Grímr var bæði mikill ok sterkr,

<sup>1</sup>). Gunnar, J. <sup>2</sup>) hana hafði fyrr Starkaðr Aladrengr, (sem) bjó þá við Alufossa, J. <sup>3</sup>) Stórvirk, J.

er honum óx aldr. Álf hét konúgr, er réð fyrir Álfheimum; Álfhildr hét dóttir hans. Álfheimar hétu þá á milli Gautelfar ok Raumelfar. Eitt haust var gjört dísablot mikit hjá Álf konungi, ok gekk Álfhildr at blótinu; hún var hvörri konu fegri, ok allt fólk í Álfheimum var fríðara at sjá, enn annat fólk þvísamtíða; en um nóttina, er hún rauð hörgin, nam Starkaðr Áludrengr Álfhildi á burt, ok hafði hana heim með sér. Álf konúgr hét þá á þór, at leita eptir Álfhildi; en síðan drap þór Starkað, ok lét Álfhildi fara heim til föður síns, ok með henni Grím, son Hergríms. Ok þá er Grím var 12 vetra, fór hann í hernað, ok varð hinn mesti hermaðr, ok fékk hann Baug gerðar, dóttur Álfhildar ok Starkaðs. Grím fékk sér bústað á ey þeirri á Hálogalandi, er Bólmi hét, ok var síðan kallaðr Eygrím Bólmi. [Son þeirra hét Arngrím berserkr, er síðan bjó í Bólmi<sup>2)</sup>, ok var hinn ágætasti hermaðr.

2. Þessu samtíða komu austan Aslamenn ok Tyrkjar, ok bygðu Norðrlöndin; Óðinn hét formaðr þeirra; hann átti marga syni, urðu þeir allir miklir menn ok sterkir<sup>3)</sup>. Einn hans son hét Sigrlami; honum fékk Óðinn þat ríki, sem nú er kallað Gardaríki, gjörðist hann þar höfðingi mikill yfir því ríki; hann var manna fríðastr sýnum. Sigrlami átti Heiði, dóttur Gylfa konungs<sup>3)</sup>; þau áttu son saman, sá hét

<sup>1)</sup> þannig b. v. J; v. i A. <sup>2)</sup> ríki, J. <sup>3)</sup> v. i J.

Svafrlami. Sigrlami féll í orrostu, er hann barðist við jötun Þjassa. Nú sem Svafrlami frétti fall föður síns, tók hann undir sik ríki þat allt til forráða, sem faðir hans hafði átt; hann varð ríkr maðr. Þat barst at einn tíma, at Svafrlami konúgr reið á veiðarskóg, ok sókti hjört einn lengi, ok náði eigi at öðrum<sup>1</sup> degi, fyrr enn á sólarfalli; hann var þá riðinn svá langt í skóginn, at hann vissi varla, hvat [af honum var<sup>2</sup>. Hann sá stein einn mikinn um sólarsetr, ok þar hjá dverga tvo; konúgr vígði þá utan steins með málajárni; hann brá sverði yfir þá. Þeir báðu þá fjörlausnar. Svafrlami spyrr þá at nafni. Annar nefndist Dýrinn<sup>3</sup>, en annar Dvalinn. Svafrlami veit, at þeir eru allra dverga hagastir; hann leggur þat á<sup>4</sup> þá, at þeir gjöri honum sverð, sem bezt kunnu þeir, þar skulu hjölt af gulli ok svá meðalkaflí; búa skulu þeir umgjörð, ok fella af gulli; hann segir, at sverðit skal aldri bila ok aldri við ryði taka, ok bítu jafnt járn ok steina, sem klæði, ok fylgi sigr í orrostum öllum ok einvígum, hvört sem bæri; þetta voru fjörlausnir þeirra. Á stefnu-degi kom Svafrlami til steinsins; fengu dverg- ar honum sverð sitt, ok var þat hit fríðasta. En er Dvalinn stóð í steinsdyrum, þá mælti hann: sverð þitt, Svafrlami! verði mannsbani í hvört sinn, er brugðit er, ok með því sverði se

<sup>1</sup>) á öllum, J.    <sup>2</sup>) heim var, J.    <sup>3</sup>) Dúrinns, J.    <sup>4</sup>) fyrir, J.



unnin 3 niðingsverk hin mestu, þat verði ok þinn bani! Þá hjó Svafrlami<sup>1)</sup> til dvergsins, ok fal eggteinana í steininum, en dvergrinn hljóp í steininn. Svafrlami átti þetta sverð, ok kallaði Tyrfring, bar hann þat í orrostum ok einvígum; hann feldi jötun Þjassa í einvígi, [sinn föðurbana<sup>2)</sup>, en tók dóttur hans, þá er Fríðr hêt, ok átti hana síðan. Þau áttu dóttur, er Eyvöra<sup>3)</sup> hêt, kvenna vænst ok vitrust.

3. Nú er þar til at taka, at Arngrímr berserkr er í víking, ok reði þá fyrri liði miklu; hann herjar á ríki Svafrlama, ok átti við hann orrostu ok höggva viðskipti. [Arngrímr hafði aftaks-skjöld mikinn, settan stórum járnsám. Svafrlami hjó í skjöldinn, ok sneiddi hann niðr í gegnum<sup>4)</sup>, ok nam sverðit í jörðu stað. Þá sveiflaði Arngrímr sverðinu á hönd Svafrlama, svá af tók; tók Arngrímr þá Tyrfring, ok [hjó til Svafrlama, ok klauf hann at endilaungu, en sverðit nam í jörðu staðar<sup>5)</sup>. Síðan tók Arngrímr þar herfang mikit ok Eyvöru, dóttur Svafrlama, ok hafði í burt með sér. Arngrímr fór þá heim í Bólm, ok gjörði brúðkaup til Eyvarar. Þau áttu 12 sonu: Ángantýr var elztr, annar Hervarðr, þriðr Semíng, fjórðr Hjörvarðr, fimti Brani<sup>6)</sup>, sjötti Brami, sjöundi Barri<sup>7)</sup>, áttundi Reytnir<sup>8)</sup>, níundi Tíndr, tíundi Búi, ellefti ok

1) sverðinu, *b. v. J.* 2) *v. í J.* 3) Eyfura, *allstaðar J.*  
 4) hjó Svafrlami hlut af skildi Arngríms, *J.* 5) vó með, ok feldi Svafrlama með honum, *J.* 6) Hrani, *J.* 7) Bori, *J.*  
 8) Reifnir, *J.*

tólfti Haddingjar, ok unnu þeir báðir verk eins hinna<sup>1</sup>, en Ángantýr vann tveggja verk; hann var höfði hærri, enn þeir<sup>2</sup> aðrir; allir voru þeir miklir berserkir. [Fóru þeir í hernað þegar á unga aldri, ok herjuðu víða um lönd, ok fundu aungva sína jafningja til afis ok átæðis, gjörðust þeir af því nafnfrægir mjök ok sigrsælir; eigi voru þeir fleiri saman á skipi, enn þeir 12 bræðr, höfðu þeir þó opt fleiri skip í hernaði. Faðir þeirra hafði tekit í hernaði þau ágætustu vopn, þar er hann hafði barizt; eignaðist<sup>3</sup> Ángantýr Tyrffing, Hervarðr Hrotta, Semfingr Mistiltein; [þann sókti Þráinn stöðan í haug hans<sup>4</sup>. Allir höfðu þeir ágæt hólmsverð bræðr. Þat var siðvenja þeirra, ef þeir voru með sínum mönnum einum, er þeir fundu at berserksgánger fór at þeim, at þeir gengu á land upp ok brutust við stóra steina eðr skóga, því þeim hafði þat at voða orðit, at þeir höfðu drepit sína menn<sup>5</sup>, þá berserksgánger fór at þeim. [Aldrei komu þeir þar til orrostu, at eigi hefðu þeir sigr<sup>6</sup>; af þessu gengu af þeim stórar eögur. [Enginn konúnger var sá, at eigi gæfi þeim þat þeir vildu hafa, heldr enn líða yfirgánger þeirra, líðu svá fram tímar, at þeir voru í hern-

<sup>1</sup>) manns, J. <sup>2</sup>) v. í J. <sup>3</sup>) ok umfram alla berserki at afi ok átæði; ok er þeir fóru at herja, þá höfðu þeir ekki fleiri menn á skipi sínu, enn þeir bræðr tólf voru á skipi; höfðu þeir opt fleiri skip haft í sinni ferð; þeir fóru víða um lönd at herja, ok voru allir sigrsælir, ok urðu hinir frægustu, hafði, J. <sup>4</sup>) v. í J. <sup>5</sup>) ok hroðit skip sín, b. v. J. <sup>6</sup>) v. í J.

aði á sumrum, en á vetrum sátu þeir heima í Bólmey með föður sínum<sup>1</sup>.

4. Þat bar til tíðenda einn jólaaptan í Bólmey, at menn skyldu heit strengja at Bragar fulli. Þá strengdu heit Arngríms synir<sup>2</sup>; Hjörvarðr strengdi þess heit, at hann skyldi eiga

<sup>1)</sup> v. í J. <sup>2)</sup> o. s. frv., b: v. J. sem hér endar frásögnina þannig, samhliða A, en byrjar af nýu: Sögubátt af Heiðreki konungi ok hans ættmönnum, eins og M, með svá lítandi frásögn, sama höfuðinnihalde, sem annar og þriðil kap. þannig: Sigurlami hét konúgr, er réð fyri Garðaríki; hans dóttir var Eyfura, er allra meyja var fríðust; þessi konúgr hafði eignast sverð þat af dvergum, er Tyrfsingr hét, ok allra sverða var bitrast; ok hvert sinn, er því var brugðit, þá lýsti af, svá sem af sólargeizla; aldre mátti hann svá beran hafa, at eigi vryði hann mannsbani, ok með vörmu blóði skyldi hann jafnan slíðra, en ekki var þat kvíkt, hvorki menn né kvíkindi, er lifa mætti til annars dags, ef sár fékk af honum, hvort sem var meira eða minna; aldre hafði hann brugðizt í höggi, eðr staðar numit, fyrr enn hann kom í jörð, ok sá maðr, er hann bar í orrostu, mundi sigr fá, ef honum var vegit; þetta sverð er frægt í öllum fornsögum. Maðr hét Arngrímr; hann var víkingr ágætr; hann sókti austr í Garðaríki, ok dvaldist um hrið með Sigrlama konungi, ok gjörðist forstjóri fyri liði hans, bæði lands at gæta ok þegna, þvíat konúgr var gamall. Arngrímr gjörðist nú svá mikill höfðingi, at konúgr gipti honum dóttur sína, ok setti hann mestan mann í ríki sínu; hann gaf honum þá sverðit Tyrfsing. Konúgr settist þá um kyrt, ok er ekki frá honum sagt fleira. Arngrímr fór með konu sinni Eyfuru norðr til ættleifðar sinnar, ok nam staðar í ey þeirri, er Bólmr (Hólmr, M.) hét; þáú áttu 12 sonu; enn-elzti ok ágætasti hét Angantýr, 2ar Hjörvatðr, 3ði Hervatðr, 4ði Hrani ok Haddingjar 2; eru eigi nefndir fleiri. Allir voru þeir berserkir svá sterkir, ok miklir kappar, at aldri vildu þeir fleiri fara í hernað, enn 12, ok kvomu þeir aldrei svá til orrostu, at eigi hefði þeir sigr. Af þessu urðu þeir ágætir um öll lönd, ok engi konúgr var sá, er eigi gæfi þeim þat, er þeir vildu hafa. Þat var tíðenda eitthvört sinn jólaaptan, at menn skyldu heit strengja at Bragar fulli, sem siðr er til; þá strengdu heit Arngríms synir.

FORHALÐAR SÖGLR NORDRLANDA, 1 BINDI. D d

Þá mey, er Íngibjörg hét, dóttur Ýngva Svía konúngs [at Uppsölum<sup>2</sup>, sem frægð vann um öll lönd at fegurð ok atgjörfi, en aungva konu ella. Þat sama vor gjöra þeir bræðr ferð sína<sup>3</sup> til Uppsala, ok gánga fyri konúngs borð, sat dóttir hans hjá honum. Þá sagði Hjörvarðr konúngi heitstrenging sína ok eyrendi; en allir hlýddu, er inni voru. Hjörvarðr biðr konúng at segja sér skjótt, hvort eyrendi hann skal þangat eiga. Konúngr hugsar þetta mál, ok veit, hvörsu miklir þeir bræðr eru fyri sér, ok af ágætukyni komnir. Í því bili, stígr fram fyri<sup>4</sup> borðit sá maðr, er Hjálmar hét enn hugum-stóri, ok mælti til konúngs: minnist þér, herra! hvörsu mikinn sóma ek hefi yðr veitt, síðan ek kom í þetta land, [þar ek hefi aukit yðar ríki til helmínga, ok haldit hér landvörn, þarmeð borit á yðvart vald enu beztu gripi or hernaði, ok hér á ofan<sup>5</sup> látit yðr heimila mína þjónustu; nú bið ek yðr, at þér veitið mér til sæmdar, ok gefið mér dóttur yðar, er minn hugr hefir jafnan áleikit, ok er þat makligra, at þér veitið mér þessa bón, heldr enn berserknum<sup>6</sup>, er illt eitt hefir<sup>7</sup> gjört bæði í yðar ríki ok margra annarra konúnga. Nú hugsar konúngr hálfu meirr, ok þíkkir nú þetta mikit

<sup>2</sup>) Ingjalds, *J, M*; en *J* hefir á spáziunni þetta: Exemplar membranaceum habet: Ingva konúngs at Uppsölum, þá mey, er fegurst var ok vitrust á Danska túngu, eðr falla dauðr öðrum kosti, ok eiga öngva konu aðra, etc. <sup>3</sup>) *v. í J, M.* <sup>4</sup>) tólf, *b. v. J, M.* <sup>5</sup>) yfir konúngs, *J, M.* <sup>6</sup>) ok hvörsu margar orrostur ek átta, at vinna ríki undir yðr, ok hefi ek, *J, M.* <sup>7</sup>) berserkjunum, *J, M.* <sup>8</sup>) hafa, *J, M.*

vandamál, er þessir 2 höfðingjar keppa svá mik-  
 it um dóttur hans. Konúgr svarar á þessa  
 leið: hvortveggi sá er svá mikill mann ok vel  
 borinn<sup>1</sup>, at hvorigum vill hann synja mægða,  
 ok biðr hana kjósa, hvorn hún vill eiga. Hún  
 svarar, at þat er jafnt, ef faðir hennar vill gipta  
 hana, þá vill hún þann eiga, er henni er kunn-  
 igr at góðu, en eigi hinn, er hún hefir sögur  
 einar af, ok allar illar, sem er frá Arngríms son-  
 um. Ok er Hjörvarðr heyrði orð hennar, bauð  
 hann Hjálmari hólmgangu suðr í Sámsey, ok  
 bað hann vera hvörs manns níðing, ef hann  
 gengr fyrr at eiga frúna, enn þetta einvígi væri  
 reynt; en Hjálmar kveðr sik ekki dvelja; [var  
 þegar ákveðin með þeim hólmostefnu tími<sup>2</sup>.  
 Fóru nú Arngríms synir heim, ok sögðu föður  
 sínum sitt eyrendi [ok einvígi<sup>3</sup>. Arngrímr svar-  
 ar: aldrei hefi ek fyrr, enn nú, óttast um ýðar  
 ferðir, [þvíat hvorgi veit ek Hjálmars maka vera  
 athreysti ok harðfengi, fylgir honum ok einninn  
 sá kappi, er honum gengr nærst til afsls ok  
 áræðis; létta þeir nú svá sínu tali<sup>4</sup>.

5. [Jarl sá ræð fyrir Aldeigjuborg, er Bjart-  
 mar hæt, hann var ríkr mjök, ok bardagamaðr  
 mikill; jarl var mikill vin Arngríms sona, ok  
 höfðu þeir þar friðland jafnan<sup>5</sup>. Nú fara þeir  
 bræðr á fund Bjartmars<sup>6</sup> jarls, ok gjörir hann  
 þegar ímóti þeim veizlu mikla; at þeirri

<sup>1</sup>) ættborinn, J, M. <sup>2</sup>) v. í J, M. <sup>3</sup>) v. í J, M. <sup>4</sup>)  
 v. í J, M. <sup>5</sup>) v. í J, M. <sup>6</sup>) Bjartmars, allstaðar, J, M.

veizlu bað Ángantýr dóttur jarls, er Svafa hét, ok var [þat auðsótt; var þegar aukin veizlan ok' drukkit brullaup þeirra, [stóð hófit í hálf-an mánuð<sup>2</sup>; [ok at þeirri veizlu er leidd í eina rekkju Ángantýr ok Svafa, dóttir Bjartmars jarls. En er veizluna þverrar, byrja Arngríms synir ferð sína til Sámseyjar; ok þá síðurstu nótt, áðr þeir fóru, dreymdi Ángantýr draum<sup>3</sup>; ok nú segir Ángantýr jarli draum sinn: mēr þótti, segir hann, vēr bræðr staddir í Sámsey, ok fundum þar fugla marga, ok drápum þá alla; síðan þótti mēr vēr snúa annann veg á eyna, ok flugu ámóti oss ernir 2, ok þóttumst ek eiga við annann hörð viðskipti, settumst við niðr báðir, áðr enn linnití<sup>4</sup>; en annar örninn átti við bræðr mína, ok þótti mēr [hann öllum' efri verða. Jarl svarar: svoddan draum þarfeigi at ráða; er þær þar sýnt fall nokkurra<sup>6</sup> manna, [ok ætla ek stappi nærri yðr bræðrum; þeir kváðust því eigi kvíða mundu. Jarlinn mælti: allir fara, þá feigðin kallar; ok lyktast síðan tal með þeim. At enduðu þessu hófi, snúa þeir bræðr heim, en Svafa sat eptir með jarli<sup>7</sup>; búast þeir nú til hólmostefnunnar, ok leiðir faðir þeirra þá til skips, ok gaf [þeim öllum góð herklæði<sup>8</sup>: hygg ek, sagði hann, nú munu þörf vera góðra

1) v. í J, M. 2) v. í J, M. 3) þannig V; v. í hin. 4) létti, J, M. 5) örninn, J, M. 6) ríkra, M. 7) En er þeir ljörvarðr koma heim, J, M. 8) þá sverðit Tyrfling Angantýr, J, M.

vopna, því þeir berist við þá fræknuustu fullhuga; síðan skilja þeir, ok biðr hann þá vel fara. Sigla þeir nú, unz þeir koma til Sámseyjar, ok [tóku höfn í Munarvogi; ok er þeir bræðrgengu uppá eyna, kom at þeim berserksgánger, brutust þeir þá við skóginn at vanda sínum. En frá Hjálmarari er þat at segja, at hann lendti skipum sínum hinumegin Sámseyjar í höfn þeirri, er Unavogr heitir; hafði hann 2 skip, ok hétu bæði askar, ok hundrað manns á hvörju hinna vöskustu drengja. Þeir bræðr sjá nú skipin, ok þóttust vita, at Hjálmar mundi eiga, ok Oddr hinn víðförli, er kallaðr var Örvar-Oddr. Brugðu þá Arngríms synir sverðum, ok bitu í skjaldar rendrnar<sup>2</sup>; snèru þeir nú til skipanna, ok gengu 6 útá hvorn askinn, en þar vortu svá góðir drengir fyrir, at allir tóktu sín vopn, ok enginn flýði or sínu rúmi, eða mælti æðruorð. Berserkirnir gengu með öðru borði fram, en öðru aptr, ok drápu hvört mannsbarn; síðan gengu þeir á land grenjandi. [Þá mælti Hjörvarðr: elligliöp stríða nú á Arngrím, föður vorn, er hann sagði oss, at þeir Hjálmar ok Oddr væri hinir hraustustu kappar, en nú sá ek aungvan duga öðrum framarr. Ángantýr svarar: sökumst eigi um þat, þú vèr eigi findum vora maka, má ok ske, at þeir Oddr ok Hjálmar seú enn eigi dauðir<sup>3</sup>. Nú er at segja frá Hjálmarari ok Oddi, at þeir höfðu

<sup>1</sup>) sjá þeir, hvar 2 skip liggja í höfn þeirri, er Unavogr (Munarvogr, J.) heitir; þau skip hétu askar, þeir, J, M. <sup>2</sup>) ok kom á þá berserksgánger, b. v. J, M. <sup>3</sup>) v. í hin.

gengit uppá eyrna, at vita, ef berserkirnir væri kómnr; ok er þeir komu fram úr skóginum, þá gengu Arngríms synir á land af skipum þeirra með blóðugum vopnum ok brugðnum sverðum; var þá af þeim berserksgágrinn, ok þá voru þeir máttminni þess á milli, sem eptir nokkurs kyns sóttir. Oddr kvað:

Þá var<sup>1</sup> ótti  
 einu sinni,  
 er þeir grenjandi  
 gengu af öskum,  
 [ok emjandi  
 á ey stigu<sup>2</sup>,  
 týrarlausir,  
 ok<sup>3</sup> voru 12 saman.

Hjálmar mælti: þat sèr þú, at fallnir eru menn okkrir, ok sýnist mér líkast, at vèr munum allir Óðinn gista í Valhöll í kvöld; þat eitt æðruorð mælti Hjálmar. Oddr svarar: [eigi hef ek slíka fjandr litit, ok<sup>4</sup> mundi þat mitt ráð, at við flýðum undan á skóg, munum við ekki megna 2 at berjast við þá 12, er drepit háfa 12 hina fræknustu menn í Svíaveldi<sup>5</sup>. Þá mælti Hjálmar: flýjum vèr aldri undan óvinum okkrum, þolum heldr vopn þeirra, ok fara vil ek at berjast við berserkina. Oddr segir: ekki mun ek gista Óðinn í kvöld, ok munu þessir allir dauðir, æðr kvöld komi, en við 2 lifa.

<sup>1</sup>) mér, b. v. M. <sup>2</sup>) v. í J, M. <sup>3</sup>) v. í J, M. <sup>4</sup>) v. í J, M. <sup>5</sup>) Svíaríki, J, M.



Þetta viðræði þeirra sanna vísur þessar, er Hjálmar kvað:

Fara halir hraustir  
af herskipum,  
tólf menn saman  
týrarlausir;  
við munum í aptan  
Óðinn gista  
tveir fullhugar,<sup>1</sup>  
en þeir tólf lifa.

Oddr svarar:

Því mun ek orði  
andsvar veita:  
þeir munu í aptan  
Óðinn gista  
tólf bersérkir,  
en við tveir lifa<sup>2</sup>.

Þeir Hjálmar sjá, at Ángantýr hefir Tyrfing í hendinni, þvíat lýsti af honum, sem sólargeisla. Hjálmar mælti: hvort viltu heldr eiga við Ángantýr einn, eða við bræðr hans 11? Oddr svarar: ek vil berjast við Ángantýr, hann mun gefa stór högg með Tyrfingi, en ek trúi betr skyrtu minni, enn brynju þinni til hlífðar. Hjálmar mælti: hvar kvámu við þar til orrostu, at þú gengir fram

<sup>1</sup>) Þannig leiðrétit í A; berserkir, J, M. <sup>2</sup>) Nú mælti Oddr: tveir eru kostir fyrir höndum: at flýja í skóginn, eða bíða, ok verja hendr vorar. Þá kvað Hjálmar: flýjum vér aldrei fyrir herjendum okkrum, þó nokkut údællir þikki. Berserkirnir sóktu nú á móti þeim með brugðnum sverðum, voru alblóðugir, ok einn var höfði hærri enn aðrir, b. v. V.

fyri mik; viltu því berjast við Ángantýr, at þér þikkir þat meira þrekvirki; nú em ek höfudsmaðr þessarar hólmgængu, [ok þarmeð konungborinn til ríkis, á ek því at ráða fyrir okkur<sup>1</sup>; hét ek öðru konungsdóttur heima í Svíþjóðu, enn láta þik, eðr annann, ganga í þetta einvígi fyri mik, ok skal ek berjast við Ángantýr. [Oddr kvað hann kjósa þat verr gengdi, varð þó svá at vera, sem Hjálmar vildi<sup>2</sup>; brá hann þá sverðinu, ok gekk fram ímóti Ángantýr, vísaði þá hvorr öðrum til Valhallar. Ángantýr mælti: þat vil ek, sagði hann, at ef nokkr vor kemst á burt hëðan, þá skal enginn annann ræna at vopnum, ok vil ek hafa Tyríng í haug með mér, þótt ek deyl; svá skal Oddr hafa skyrtu sína, en Hjálmar hervopn, ok svá viðskilja, at þeir skulu verpa haug eptir hina, er lifa. Síðan gánga þeir Hjálmar ok Ángantýr saman, ok berjast með hinum mesta ákafa, var þar hvorigum um sókn nè vörn at frýja; hjuggu þeir bæði hart ok tíðum, ok óðu jörðina at knjám; var því líkast, sem logandi bál, er stálin mættust; gáir nú hvorigr annars, enn höggva sem tíðast, en landit skalf; sem á þræði leki, af sameign þeirra; börðust þeir svá lengi, þartil hlífar þeirra tóku at höggvast; veitti þá hvorr öðrum stór sár ok mörg; en svá mikill reykr gaus af nösum þeirra ok munni, sem ofn brynni; hefir Oddr svá sagt síðan, at aldrí mundi sjást her-

<sup>1</sup>) v. í J, M.    <sup>2</sup>) v. í J, M.

mannligri sókn eða fegri vopn, enn í því einvígi, er þat ok frægt víða í sögnum, at fáir muni frægri fundizt hafa, eðr drengiligar barizt. Ok er þeir Oddr höfðu lengi hær á horft, gengu þeir í annann stað, ok bjuggust til bardaga. Oddr mælti til berserkjanna: Þær munuð vilja hafa hermanna sið, en eigi þræla, ok skal einn yðarr berjast við mik um sinn, en eigi fleiri, svá framt sem yðr bilar eigi hugr; þeir játa því. Gekk þá fram Hjørvarðr; en Oddr snæri honum ímóti; hafði Oddr svá gott sverð, at þat beit svá vel stál, sem klæði; síðan hófu þeir sitt einvígi með stórum höggum, ok var eigi langt, áðr enn Hjørvarðr féll dauðr til jarðar; en er hinir sáu þat, afmynduðust þeir ákafliga, ok gnöguðu í skjaldar rendrnar, en froða gaus úr kjapti þeim. Þá stóð upp Hervarðr, ok sókti at Oddi; ok fór sem fyrr, at hann féll dauðr niðr. Við þessi atvik eyskraði sút í berserkjunum, réttu út tungurnar, ok urguðu saman tönnunum, öskrandi sem blótneytī, svá buldi í hömrnunum. Óð þá fram Semíng; hann var þeirra 11 mestr, ok gekk nærst Ángantýr; sókti hann svá fast at Oddi, at hann hafði nóg at verjast fyrir honum; börðust þeir svá lengi, at eigi mátti í milli sjá, hvorr sigrast mundi; hjuggust af þeim allar hlífar, en skyrtan dugði svá Oddi, at hann sakaði eigi; bárust þá sár á Semíng, ok gaf hann sik eigi við þat, fyrr enn nær var höggvit allt hold hans af beinunum, sá Oddr hvörgi óblóðugan stað á honum;

ok er blóð hans var allt úr æðum runnit, féll hann með mikilli hreysti, ok var þegar dauðr. Síðan stóð upp hvörr af öðrum, en svá lauk, at Oddr feldi þá alla; var hann þá ákafliga móðr, en ekki sárr. Snýr hann síðan þángat til, sem þeir Ángantýr ok Hjálmar höfðu barizt; var Ángantýr þá fallinn, en Hjálmar sat við þúfu eina, ok var fölr sem nárr<sup>1</sup>. Oddr gekkat honum, ok kvað:

Hvat er þer? Hjálmar!  
 hefir þú lit brugðit,  
 þik kveð ek mæða  
 margar undir;  
 hjálmr þinn er höggvinn  
 ok [á hlið<sup>2</sup> brynja,  
 nú tel<sup>3</sup> ek fjörvi  
 ok farit þínu.

<sup>1</sup>) *I stað þess undanfarna frá*: Angantýr mælti: þat vil ek, o. s. fr., hafa J, M. þannig: snúast þeir imóti, Hjálmar ok Angantýr, ok láta skamt stórra höggva á milli. Oddr kallar á berserkina, ok kvað:

Einn skal við einn eiga,      hvatra drengja,  
 nema sé deigr,                      eða hugr bili.

þá gekk fram Hjörvarðr, ok áttust þeir Oddr við hart vopnaskipti, en silkiskyrtla Odds var svá traust, at ekki festi vopn á, en hann hafði sverð svá gott, at svá beit brynja sem klæði; ok fá högg hafði hann veitt Hjörvarði, áðr hann féll dauðr. þá gekk til Hervarðr, ok fór sömu leið; þá Hrani, þá hvern at öðrum; en Oddr veitti þá svá harða atsókn, at alla feldi hann þá 11 bræðr. En frá leik þeirra Hjálmars er þat at segja, at hann fékk 16 sár, en Angantýr féll dauðr. Oddr gekk þar til, er Hjálmar var, ok kvað; *V segir nærstum eins frá, en hefir vísuna þannig*: Einn skal við einn orrostu heyja, o. s. fr. <sup>2</sup>) in síða, J, M. <sup>3</sup>) kveð, J, M.

Hjálmar kvað:

Sár hefi ek sextán,  
 slitna brynju;  
 svart er mér fyri sjónum,  
 sèkat ek gánga;  
 hneyt mér við hjarta  
 hjörr Ángantýrs,  
 hvass blóðrefill,  
 herðr í eitri.

Ok enn kvað hann:

Áttak at fullu  
 [fimm tún<sup>1</sup> saman,  
 en ek því aldrí  
 unda ráði;  
 nú verð ek liggja  
 lífs andvani,  
 sverði sundraðr,  
 Sáms í eyju.

Drekka í höllu  
 húskarlar mjöð,  
 [menn mjök<sup>2</sup> göfgir,  
 at míns föður;  
 mæðir marga  
 munngát firða<sup>3</sup>,  
 en mik eggja spor  
 í eyju þjá.

Hvarf ek frá hvítri  
 [hlaðbeðs gunni<sup>4</sup>

<sup>1</sup>) þannig J, M; 15 bú, A. <sup>2</sup>) menjum, J, M. <sup>3</sup>) fenja, J, M. <sup>4</sup>) hlaða heðr gúngi, J, M.

á Agnafit  
 utanverðri;  
 saga mun sannast,  
 er hún sagði mér,  
 at aptr koma  
 eigi munda ek.

Drag þú mér af hendi  
 hrínginn rauða,  
 ok fær hinni úngu  
 Íngibjörgu!  
 sá mun henni  
 hugfastr tregi,  
 er ek eigi kem  
 til Uppsala.

Hvarf ek frá fögrum  
 fljóða saungi,  
 ótrauðr gamans,  
 austr<sup>1</sup> með<sup>2</sup> Sóta;  
 för skundað' ek,  
 ok fórk í lið  
 fyrsta<sup>3</sup> sinni  
 frá hollvinum.

Hrafn flýgr austan  
 af há<sup>4</sup> meiði,  
 ok<sup>5</sup> eptir honum  
 örn í sinni;  
 þeim gef ek erni

<sup>1</sup>) þannig J, M; traustr, A. <sup>2</sup>) við, J, M. <sup>3</sup>) hinnsta, J, M. <sup>4</sup>) háam, M; háfa, J. <sup>5</sup>) flýgr, J, M.

efstum bráðir,  
sá mun á blóði  
bergja mínu.

Eptir þat dó Hjálmar. [Oddr var þar um nóttina; um morguninn bar hann saman alla berserkina, ok tók síðan til haugagjörðar; roðuðu eyjarskeggjar saman stórar eykr eptir fyrisögn Odds, ok jusu síðan yfir grjóti ok sandi, var þat mikit þrekvirki ok traust gjört; var Oddr at þeirri yðju í hálfan mánuð; síðan lagði hann þar í berserkina með vopnum þeirra, ok byrgði síðan áptr haugana. Þessu nærst tók Oddr Hjálmar, ok bar hann á skip út, ok flutti heim til Svíþjóðar; segjandi þessi tíðendi konungi ok dóttur hans; fékk henni svá mikils fall Hjálmars, at hún sprakk þegar af harmi, ok voru þau Hjálmar í einn haug lagin, ok drukk- it erfi eptir þau. Dvaldist Oddr þar um hríð, ok er hann úr sögunni'.

6. [Nú víkr sögunni til Bjartmars jarls, at sem hann frètti fall Arngríns sona, þótti honum þat mikill skaði. Svafa, dóttir hans, var þá með barni; hún harmaði mjök fall Ángantýrs, bónda síns, en jarl huggaði hana jafnan; en er stundir liðu fram, fæddi hún meybarn mikit ok fríðt, ok bað þess margr, at þat væri

<sup>1)</sup> Oddr segir þessitíðendi heim í Svíþjóð; en konungs dóttir má eigi lifa eptir hann, ok ræðr sér sjálf bana. Ángantýr ok bræðr hans voru lagðir í haug í Sámsey með öllum vopnum sínum, J, M.

af dögum ráðit, ok kváðu varla kynni kvenna skap í verða. Bjartmar leit á meyjuna, ok kvaðst vona, at betr gegndi, at hún næði lífi at halda; er mæ skildt at stoða Arngríms sonu eptir megni, sagði hánn; mun sí raun á verða, ef hún kemst til aldrs, at Arngríms synir sèu eigi með öllu dauðir, þvíat ek hygg, at af henni muni fæðast stórar ættir ok göfugmenni<sup>1</sup>; var hún síðan vatni ausin, ok kölluð Hervör. Húnfæddist upp með jarli, ok var sterk sem karlmenn; ok sem hún mátti sèr nokkut, samdist<sup>2</sup> hún meirr skoti, skildi ok sverði, enn við sauma ok borða; hún gjörði ok optarr íllt, enn gott<sup>3</sup>, en er [jarl-  
inn fann at slíku<sup>4</sup>, hljóp hún á skóga, [ok gjörði sèr þar skála<sup>5</sup>, ok drap menn til fjár sèr. Ok er jarl spyr til þessa<sup>6</sup>, fór hann á skóg með liði sínu, ok tók Hervöru [höndum; varð hún þó áðr margs manns bani í liði hans<sup>6</sup>; hafði jarl hana heim með sèr, ok dvaldist hún með honum um hríð. Þat var eitt sinn, at Hervör var úti stödd þar, er þrælur nokkrir voru, ok gjörði hún þeim íllt, sem öðrum. Þá mælti þrællinn einn: þú Hervör! villt íllt eitt gjöra, ok ílls er at þer von, ok því bannar jarl öllum at segja þer þitt faðerni, at honum þíkkir skömm ein, at þú vitir þat, þvíat [menn vita, at svínahirðir<sup>7</sup> lagðist með dóttur hans, ok ertu þeirra barn. Hervör varð

<sup>1</sup>) Dóttir Bjarmars jarls var með barni, þat var mæz einkar fígur, *J, M.* <sup>2</sup>) tamdist, *J, M.* <sup>3</sup>) henni var þat bannat, þá, *J, M.* <sup>4</sup>) *v. í J, M.* <sup>5</sup>) stigamanns, *b. v. J, M.* <sup>6</sup>) *v. í J, M.* <sup>7</sup>) enn versti þræll, *J, M.*



við þessi orð afar reið, gengr þegar fyri jarl-  
inn, ok kvað:

Áka<sup>1</sup> ek vorri  
vegsemd hrósa,  
þótt hún Froðmar<sup>2</sup>  
fengist<sup>3</sup> hylla<sup>4</sup>;  
föður hugðumst ek  
frægan<sup>5</sup> eiga,  
nú er sagðr fyri mèr  
svínahirðir.

Jarl kvað:

Logit er margt at þer  
lýti<sup>6</sup> of frètt<sup>7</sup>,  
frækinn<sup>8</sup> með firðum  
faðir þinn taldr;  
stendr Ángantýrs<sup>9</sup>  
ausinn moldu  
salr<sup>10</sup> í Sámsey  
sunnanverðri.

Hún kvað:

Nú fýsir mik,  
fóstri! at vitja  
framgenginna  
frænda minna;  
auð mundu þeir  
eiga nógan,  
þann skal ek eignast<sup>11</sup>,  
nema áðr förumst.

<sup>1</sup>) þannig J, M; ákta, A. <sup>2</sup>) Fróðmars, J, M. <sup>3</sup>) fengit,  
M; fengin, J. <sup>4</sup>) hylli, J, M. <sup>5</sup>) fræknan, J, M. <sup>6</sup>) lítil, M.  
<sup>7</sup>) þannig J, M; rétt, A. <sup>8</sup>) b. v. F; v. i. A, J, M. <sup>9</sup>)  
Ángantýr, J, M. <sup>10</sup>) halr, J. <sup>11</sup>) öðlast, J, M.

Skal skjótliga  
 um skör búa  
 blæis lín',  
 áðr braut fari;  
 mikit býr í því,  
 er á morgun skal  
 skera bæði mér  
 skyrtu ok ólpu.

Síðan mælti Hervör við móður sína, ok kvað:

Bú þú mik at öllu,  
 sem þú bráðast<sup>2</sup> kunnir,  
 sannprúð<sup>3</sup> kona!  
 sem þú son mundir;  
 mun fátt eitt  
 mér í svefn bera,  
 fæ ek ekki hér  
 yndis et nærsta.

7. Síðan bjóst hún í burt einsaman, ok tók sér karlmanns gjörfi ok vopn, ok sókti þar til, er víkingar nokkrir voru, nefndist hún þá Hjörvarðr<sup>4</sup>; kom hún sér í sveit með þeim, ok tók litlu síðarr forræði liðsins. [Herjaði nú Hjörvarðr þessi víða um lönd, ok heldt at lyktum til Sámseyjar. Ok sem víkingar höfðu höfn tekit', beiddist Hjörvarðr at fara uppá eyna, ok sagði, at þar mundi vera fjár von í haugi. Allir liðmenn mæla ímóti, ok segja, at svá

<sup>1</sup>) blæis linn, *J*; blæu líni, *M*. <sup>2</sup>) hvata, *J*; hvatast, *M*.  
<sup>3</sup>) sannfund, *rúngt í J*, *M*. <sup>4</sup>) Hervarðr, *allsiðar J*, *M*. <sup>5</sup>)  
 Ok er þeir komu til Sámseyjar, *J*, *M*.

miklar meinvættir gáangi þar öll dægr, at þar er verra um daga, enn víða um nætr annarstaðar. En þó fékkst þat um síðir, at akkerum var í grunn kastat, en Hjörvarðr tók sér bát, ok reri til lands, ok lendti í Munavogi<sup>1</sup>, í þann tíma, er sól settist; gekk hann síðan á land upp, þar hitti hann einn mann, þann er hjörðu hældt; sá kvað:

Hvörr ertu íta  
í ey kominn?  
gáktu sýsliga  
gistíngar til!

[Hjörvarðr kvað<sup>2</sup>:

Munka'k gánga  
gistíngar til,  
[því ek engi kann  
eyjarskeggja;  
seg þú elligar,  
áðr<sup>3</sup> skiljum<sup>4</sup>,  
hvar eru Hjörvarðs  
haugar kendir.

Hann kvað:

Spyrir' þú at því,  
spakr ert eigi,  
vinr víkinga!  
ertu vanfærinn<sup>6</sup>?  
förum fráliga<sup>7</sup>,

<sup>1</sup>) Munarvogi, J, M. <sup>2</sup>) v. í M. <sup>3</sup>) við, b. v. J, M. <sup>4</sup>) Með þessum 4 stökum endar fyrri vísan rángliga í A, J, M; eru þær því hingað færðar. <sup>5</sup>) spyrtat, J, M. <sup>6</sup>) vanfarinn, J, M. <sup>7</sup>) þannig J, M; farliga, A.

sem fætr toga,  
allt er úti<sup>1)</sup>  
á náttföllum<sup>2)</sup>.

Hjörvarðr kvað:

[Þeigi hirðum<sup>3)</sup> fælast  
við þrosun slíka,  
þótt um alla ey  
eldar brenni;  
látum okkr ei  
lítit hræða  
rekka slíka,  
ræðumst fleira við!

Hann kvað:

Heimskr þikki mér  
sá, er heðan ferr,  
maðr einnsaman  
myrkvar grímur<sup>4)</sup>;  
hyrr [leikr um mann<sup>5)</sup>,  
haugar opnast,  
brennr fold ok fen,  
föllum harðara!

Enda tók hann þá hlaup heim til bæjar, ok skildi þar með þeim. Nú sèr Hervör þvínærst útá eyna, hvar hauga-eldarnir brenna, ok gengr hún þángat til, ok hræðist þat ekki, þótt [eldar brenni<sup>6)</sup> á götu hennar, ok óð hún þá fram, [sem myrkva þoku<sup>6)</sup>, þartil hún kom at haugum<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup> víti, *J, M.* <sup>2)</sup> náttföllum, *J*; náttföllum, *M.* <sup>3)</sup> Hirð-  
um eigi at, *J, M.* <sup>4)</sup> er á sveimon, *J, M.* <sup>5)</sup> allir haugar væri,  
*J, M.* <sup>6)</sup> í elda þessa, sem í myrkva, *J, M.* <sup>7)</sup> háugi, *J, M.*

berserkjanna; [snýr hún þá fram at hinum stærsta haugnum<sup>1</sup>, ok kvað:

Vakna<sup>2</sup> þú, Ángantýr!  
vekr þik Hervör,  
einkadóttir  
ykkar Sváfu<sup>3</sup>;  
seldu<sup>4</sup> úr haugi  
hvassan mæki,  
þann er Svafrlama<sup>5</sup>  
slóu dvergar.

Hjörvarðr! Hervarðr!  
Hrani! Ángantýr!  
vek ek yðr alla  
undir víðar rótum,  
hjálmi ok brynju<sup>6</sup>  
ok hvössu sverði,  
[röndum skryddir  
ok<sup>7</sup> roðnum geiri.

Mjök eruð<sup>8</sup> orðnir,  
Arngríms synir!  
megin-meingjarnir<sup>9</sup>  
at moldar auka,  
[er engi<sup>10</sup> gjörir<sup>11</sup>  
sona<sup>12</sup> Eyfuru  
við mik mæla  
í Munarvogi.

<sup>1</sup>) v. í J, M. <sup>2</sup>) vaki, J, M. <sup>3</sup>) Svöfu, M; Tófu, J. <sup>4</sup>) mér, b. v. J. <sup>5</sup>) Sigrlama, M. <sup>6</sup>) með brynjum, J, M. <sup>7</sup>) ründ ok með, J; r. o. reiða, ok, M. <sup>8</sup>) eru, M. <sup>9</sup>) meinsamir, J. <sup>10</sup>) þannig J, M; erfingi, A. <sup>11</sup>) skal, J. <sup>12</sup>) þannig J, M; sonar, A.

Hjörvarðr! Hervarðr!  
 Hrani! Ángantýr!  
 svá sè yðr öllum  
 innan rifja,  
 sem þèr í maura  
 mornið haugi,  
 nema sverð selið<sup>2</sup>,  
 þat er sló Dvalinn;  
 sæmir ei draugum  
 dýrt vopn bera<sup>3</sup>.

Þá kvað Ángantýr:

Hervör dóttir!  
 hvat kallar þú<sup>4</sup> svá  
 full feiknstafa,  
 ferr þú þèr at illu;  
 ær ertu orðin  
 ok örvita<sup>5</sup>,  
 vill-hyggjandi,  
 vegr<sup>6</sup> menn dauða.

Grófat mik faðir<sup>7</sup>,  
 nè frændr aðrir,  
 þeir höfðu Tyrfíng  
 tveir, er lifðu;  
 [varð þó<sup>8</sup> egandi  
 einn<sup>9</sup> um síðir.

Hún kvað:

Segir<sup>10</sup> þú ei<sup>11</sup> satt mér<sup>12</sup>;

1) þannig M; hauga, A, J. 2) mér, b. v. J. 3) fela, J. 4) v. i J, M. 5) örviti, M. 6) upp, b. v. M. 7) niðr, b. v. J, M. 8) urðu, M. 9) enn, M. 10) þannig M; seg, A, J. 11) þannig M; enn, A; einn, J. 12) v. i M.

svá láti Áss<sup>1</sup> þik  
 heilan í haugi<sup>2</sup>,  
 sem þú hefir  
 eigi Tyrfíng;  
 [trauðr ertu  
 arf at veita  
 einu barni<sup>3</sup>.

Þá opnast haugrinn, ok var at sjá, sem eldr ok  
 logi væri um allan hauginn. Þá kvað Ángantýr:

Hnígin er helgrind<sup>4</sup>,  
 haugar opnast,  
 allr er í eldi  
 eybarmr<sup>5</sup> at sjá,  
 [ok allt<sup>7</sup> er úti  
 um at litast;  
 skyndtu, mær! ef þú mátt,  
 til skipa þinna.

Hún svarar:

Brennið<sup>8</sup> eigi svá  
 bál á nóttu<sup>9</sup>,  
 at ek við elða  
 ykkar hræðumst<sup>10</sup>;  
 skelfrat meyju  
 munntún<sup>11</sup> hugar,  
 þótt hún draug sjái  
 í<sup>12</sup> dyrum standa.

1) oss *J, M.* 2) sitja, *b, v. M.* 3) þannig *M*; með þér,  
 er trautt veitir arfa (veita arfi, *J.*) þínum einar bónir, *A, J.*  
 4) þannig *M*; helgrund, *A, J.* 5) þannig *J*; allt, *A, M.* 6)  
 þannig *J*; Eygríns, *A*; eygins, *M.* 7) at alt, *J, M.* 8) þér,  
*b. v. J.* 9) nóttum, *J, M.* 10) fælumst, *J.* 11) þannig *J, M*;  
 munntum, *A.* 12) fyrir, *M.*

Þá kvað Ángantýr:

Segi ek þér, Hervör!

hlýð þú til meðan<sup>1</sup>,

vísa<sup>2</sup> dóttir!

Þat er verða mun:

sjá mun Tyrfíngur,

ef þú trúa mættir,

ætt þinná, mærl

allri spilla.

Muntu son geta,

þann er síðarr mun

Tyrfíng bera<sup>3</sup>,

ok trúa magni<sup>4</sup>;

þann mun Heiðrek

heita lýðr,

sá mun ríkstr alinn

undir röðuls tjaldi.

Þá kvað Hervör:

Ek vígi svá

virða dauða,

at þér skuluð

aldregi<sup>5</sup> liggja

dauðir með draugum

í dys fölvir<sup>6</sup>;

[nema selir<sup>7</sup> mér, Ángantýr!

út úr haugi

hlífum hættan

Hjálmars bana.

<sup>1</sup>) v. í M. <sup>2</sup>) en vísa, J, M. <sup>3</sup>) hafa, M. <sup>4</sup>) afli, J.  
<sup>5</sup>) allir, J. <sup>6</sup>) fynir, J. <sup>7</sup>) sel, J.



Hann kvað:

Kveðkat ek þik, mæð úng!  
 mönnum líka,  
 er þú um hauga  
 hvarflar [á nóttu<sup>1</sup>  
 gröfnum geira<sup>2</sup>,  
 ok með gota málm<sup>3</sup>,  
 hjálm<sup>4</sup> ok með brynju  
 fyrir hallar dyr.

[Þá kvað Hervör<sup>4</sup>:

Maðr þóttumst ek  
 [mennskr til' þessa,  
 áðr sali yðra  
 sækja [rèð ek<sup>6</sup>;  
 sel þú mér or haugi,  
 þann er hatar brynjur,  
 [dverga smíði,  
 dugir ei þær at leyna<sup>7</sup>.

Þá kvað Ángantýr:

Liggir mér und herðum  
 Hjalms bani,  
 allr er hann utan  
 eldi svifinn<sup>8</sup>;  
 mey veit ek aunga  
 fyri [mold ofan<sup>9</sup>,  
 at hjör þann þori<sup>10</sup>  
 í [höndum nema<sup>11</sup>.

<sup>1</sup>) um nóttir, *J.* <sup>2</sup>) geiri, *J.* <sup>3</sup>) málum, *V.* <sup>4</sup>) *b. v. M.*,  
*sem í vantar þær tvær undanfandi vísur.* <sup>5</sup>) mestr, *M.* <sup>6</sup>)  
 hafðak, *M.* <sup>7</sup>) þannig *J.*; hlífum hættan Hjalms bana, *A.*  
*J., M.* <sup>8</sup>) sveipinn, *J.*; sveifinn, *M.* <sup>9</sup>) moldar hvergi, *J.* <sup>10</sup>)  
 þannig *J., M.*; moni, *A.* <sup>11</sup>) hönd hera, *M.*

Hún kvað:

Ek mun hirða  
ok í hendr<sup>1</sup> nema  
hvassan mæki,  
ef hafa mættak;  
uggi ek eigi  
eld brennanda,  
þegar loga lægir,  
er ek lýt yfir.

Þá kvað Ángantýr:

Heimsk ertu, Hervör!  
hugar eganði,  
er þú allgunn<sup>2</sup>  
í eld hrapar;  
vil ek heldr selja þér  
vopn<sup>3</sup> úr haugi,  
mær hin únga!  
[mákat ek þér synja<sup>4</sup>.

[Var þá kastat út sverðinu í hönd Hervarar<sup>1</sup>.  
Þá kvað hún:

Vel gjörðir þú,  
víkínga niðr!  
er þú seldir mæ  
sverð or haugi;  
betr þikkjumst ek<sup>5</sup>,  
buðlúngr<sup>7</sup>! hafa,  
enn þó<sup>8</sup> Noreg  
næðak öllum.

<sup>1</sup>) hönd, *M.* <sup>2</sup>) at augum, *J, M.* <sup>3</sup>) sverð, *J, M.* <sup>4</sup>) má ek þik ei dylja, *M.* <sup>5</sup>) *v. í J, M.* <sup>6</sup>) nú, *J, M.* <sup>7</sup>) bragúingr, *M.* <sup>8</sup>) ek, *J, M.*

Ángantýr kvað:

Veist eigi þú,  
vesöl ertu [máls  
full feikn<sup>1</sup>, kona!  
hví þú fagna skalt;  
sjá mun, Tyrffíngir,  
ef þú trúá mættir,  
þinni ætt, mæ!  
allri spilla.

Hún svarar:

Ek mun ganga til  
gjálfr-mara<sup>2</sup>;  
[nú er<sup>3</sup> hilmis mæ  
í huga góðum;  
lítt hræðumst<sup>4</sup> ek þat,  
lofðunga niðr!  
hvat synir mínir  
síðan deila.

Hann kvað:

Þú skalt eiga,  
ok unna<sup>5</sup> lengi,  
haf þú á huldu  
Hjálmars bana;  
takattu<sup>7</sup> á eggjum,  
eittr er í báðum,  
sá er manna<sup>8</sup> mjötuðr  
meini verri.

<sup>1</sup>) þannig M; mál afa, full feiknum, A; m. a. full flárað, J.

<sup>2</sup>) manna, M. <sup>3</sup>) þannig J, M; ver, A. <sup>4</sup>) ræki, M. <sup>5</sup>)  
vinnr, M. <sup>6</sup>) una, J. <sup>7</sup>) taktu, M. <sup>8</sup>) manns, J, M.

Far vel, dóttir!  
 fljótt gæfa ek þér  
 tólf manna fjör,  
 ef þú trúa mættir;  
 afl ok eljun,  
 allt hit góða,  
 þat er synir Arngríms  
 at sik leifðu.

Hún kvað:

Búi þér allir,  
 burt fýsir mik,  
 heilir í haugi!  
 heðan vil ek fara<sup>1</sup>;  
 helzt þóttumst nú  
 heima á millum,  
 er mik umhverfis  
 eldar brunnu.

Síðan gekk hún til sjóar<sup>2</sup>; ok er lýsti, sá hún,  
 at skipin voru í burtu; höfðu víkingar hræðst  
 dunur ok eldingar<sup>3</sup> í eyjunni. Fær hún sèr þá  
 far þaðan, ok er ekki um getit ferð hennar, fyrr  
 enn hún kemr á Glæsisvöllu<sup>4</sup> til Goðmundar  
 konungs<sup>5</sup>, ok var hún þar um vetrinn, ok nefnd-  
 ist enn Hjörvarðr; [vantaði þá Goðmund konung  
 fátt á 5 hundruð ára, hafði Höfundr, son hans, öll  
 forráð ríkisins<sup>6</sup>. Einn dag, sem Goðmundr kon-

<sup>1</sup>) skjóta, *J, M.* <sup>2</sup>) skipa, *J, M.* <sup>3</sup>) elda, *J, M.* <sup>4</sup>) Glæsisvöllu, *J, M.* <sup>5</sup>) v. i *J, M.* <sup>6</sup>) lézt vera ein kempa; þessi Her-  
 varðr var þá einkanliga vel tekinn. Hafði Goðmundr konung  
 mikit fjölmenni; hann var þá svá gamall, at þat er sögn manns,  
 at hann skorti eigi um 100 vetr, ok var þó fullhraustr, *V.*

úngr læk at skáktafli, [bar svá til, at honum gekk miðr, ok var búit við máti. Konúngr spurði<sup>1</sup>, ef nokkr kynni honum ráð tilleggja [at hjálpa við taflinu<sup>2</sup>; þá gekk til Hjörvarðr, ok lagði litla stund til, áðr Goðmundar var vænna. [Hjörvarðr hafði lagt Tyrffing í sæti sitt, meðan hann gekk at taflinu<sup>3</sup>. Einn maðr tók upp sverðit, ok brá, [ok fannst honum mikit um þat, lýsti af því, sem sólargeisla<sup>4</sup>. Þetta sèr Hjörvarðr, ok þreif af honum sverðit, ok drap hann, ok gekk út síðan; menn vildu hlaupa eptir honum. Þá mælti Goðmundr: verið kyrrir! ekki mun svá mikil hefnd í manningum, sem þer ætlið, þvíat þer vitkð ekki, hverr hann er; mun þessi kvennmaðr yðr dýrkeyptr, áðr enn þer fáið lífi hans náð; [var henni þá engin eptirför veitt. Kom hún sèr þá enn í för til sjóvíkinga, ok nefndist samt Hjörvarðr<sup>5</sup>; var hún síðan í hernaði lángrar stundir, ok var mjök sigrsæl; ok er henni leiddist þat, fór hún (heim) til móðurföður síns; fór hún þá fram, sem aðrar meyjar, at hún vandist við borða ok hannyrðir; [tók hún þá at gjörast vinsæl ok veitul af peningum, fór ok mikit orð af fríðleik hennar<sup>6</sup>. Þetta spyr Höfundr, son Goðmundar konúngs<sup>7</sup>, [ok þikkir mikils umverðt; eitt sinn kom hann at máli við föður sinn, ok segir sèr hug at kvænast, ok biðr hann ráð tilleggja, hvert leita skyldi. Konúngr mælti:

<sup>1</sup>) ok hans táfl var mjök svá farit, þá spurði hann, J, M.  
<sup>2</sup>) v. í J, M. <sup>3</sup>) v. í J, M. <sup>4</sup>) v. í J, M. <sup>5</sup>) v. í J, M. <sup>6</sup>) v. í J, M. <sup>7</sup>) v. í J, M.

Þat er mitt ráð, at þú biðir Hervarar hinnar vænu, dóttur Ángantýrs, er hún nú beztr kostur þeirra, sem ek hefi spurn af. Síðan sendu þeir 12 menn á fund Bjartmars jarls, at biðja frúinnar. Jarl tók því vel, ok bar þetta mál upp fyrir Hervöru; en hún veitti engin afsvör, ok bað jarl sjá fyri sínum kosti; urðu þau mála- lok, at hún var fest Höfundí; heldt Goðmundr konúgr heima á Glæsisvöllum brullaup þeirra með mikilli rausn; at þeirri veizlu gaf hann Höfundí konúgs nafn, gull ok ríki; voru þau síðan til hvílu leidd, stóð þetta hóf fullan mánuð. En at endaðri veizlunni fóru höfðingjar heimleidis með ágætum gjöfum burtleystir. Tókust nú upp góðar ástir með þeim Höfundí konúgi ok Hervöru<sup>1</sup>; þau áttu 2 sonu, hét Ángantýr sá eldri, eptir móðurföður sínum, en hinn yngri Heiðrekr, voru þeir báðir miklir menn ok sterkir, vitrir ok vænir. Ángantýr var líkr föður sínum at skaplyndi, ok vildi hvörjum manni gott, ok unni konúgr honum mikit, ok þar með öll alþýða; en svá margt gott, sem hann gjörði, þá gjörði Heiðrekr þó meira illt; Hervör unni honum [meirr; ok er hann var lítt af æsku aldri, sendi Höfundr hann til fóstrs þeim manni, er Gissr hét; hann var yitr maðr, ok mikill kappi, ok ólst konúgs son þar upp með

<sup>1</sup>) ok ferr hann, ok biðr Hervarar, ok fær, ok flytr heim. Höfundr var manna vitrastr ok svá réttðæmr, at hann hallaði aldri réttum dómi, hvort sem í hlut áttu innlenzkir eða útlenzkir, ok af hans nafni skyldi sá höfundr heita í hvörju ríki, er, mál manna dæmdi, J, M.

honum þartil hann var 18 vetra gamall; ok lærði allskyns íþróttir ok þarmeð riddaraskap; var hann svá mikill hreystimaðr, at enginn fékkst sá, er hans jafnangi væri; en þó gekk Gissr honum nærst um allar íþróttir; en sömu hældt Heiðrekr á um skaplyndi sitt<sup>1</sup>.

8. Eitt sinn hældt Höfundr konúngrveizlu mikla, [ok bauð til öllu stórmenni í sínu ríki, utan þeim Heiðreki ok Gissuri, fósturum. Heiðreki líkaði þetta stórilla, ok kvað vænt, at gjöra veizluspjöll í höll föður síns; Gissr afræð honum þat, ok kvað annat vænligra, enn fara þángat til stríðs föður sínum; fór hann þó allt at einu, ok kvaðst skyldi gjöra honum nokkut illt. Ok er hann kom í höllina, kvaddi hann föður sinn ok móður. Konúngr tók honum fálíga, en móðir hans fagnaði honum vel<sup>2</sup>; Ángantýr stóð upp ímóti honum ok leiddi hann til hásetis hjá sèr; [var þar listilíga drukkit. Höfundr konúngr gekk snemma til hvílu um kvöldit, en boðsmenn drukku eptir. Ok eitt sinn, er Ángantýr gekk burt, stæ Heiðrekr úr háseti, ok settist á hinn óæðra bekk, ok talaði<sup>3</sup> við þá menn, er honum voru nærstir, ok kom svá sinni ræðu, at þeir urðu rángsáttir<sup>4</sup>, ok mælti hvorr illt við annann; þá kom Áng-

<sup>1</sup>) mikit. Fóstur Heiðreks hét Gissr, *J, M.* <sup>2</sup>) var öllum hóf þat tilboðit í hans ríki, utan Heiðreki; honum líkaði þat illa, ok fór allt at einu, ok kvaðst skyldi gjöra þeim nokkut illt; *J, M.* <sup>3</sup>) Heiðrekr var ekki kátr, ok sat lengi við drykkju um kvöldit; en er Ángantýr, bróðir hans, gekk út, þá talaði Heiðrekr, *J, M.* <sup>4</sup>) missáttir, *M.*

antýr aptr, ok bað þá þegja, en leiddi Heiðrek til sætis síns. Ok í annat sinn, þá Ángantýr var útgenginn, minnti Heiðrekr þá á, hvat þeir höfðu viðmælt; kom þá svá, at annar þeirra sló hinn hnefahögg; þá kom Ángantýr ok bað þá sátta vera til morguns. Í þriðja sinn, sem Ángantýr gekk burt, spurði Heiðrekr þann, er höggit hafði fengit, hvort hann þyrði eigi at hefna sín, ok kvað eigi hæfa blaudum manni vín at drekka; kom hann þá svá sinni fortölu, at hinn lostni hljóp upp, ok drap sessunaut sinn. [Heiðrekr hló at þessu, ok mælti, at veizlan væri at rausnarligri, er rauðr lögr rinni um dúka<sup>1</sup>. Í því kom Ángantýr í höllina [ok þótti stórilla; leiddi hann þá Heiðrek til sængr. Ok um morguninn, er konúgr frétti þenna atburð, varð hann ákafliga reiðr, ok mælti: eigi mun ek rætti halla, þóat Heiðrekr sè mér nákominn, ok skal hann útlægr gjörr sem hverr annar, er manndrápi veldr innan hirðar hjá oss. Ángantýr ok Hervör báðu fyrir Heiðrekr, ok var þat sem ógjört; inntu þau Heiðreki þá útlegð sína; en hann brá sèr lítt við þat. Heiðrekr mælti þá: gáangi þið fyrri föður minn, ok segið, ek biðl hann ráða mér heilræði nokkr; þau gjörðu svá<sup>2</sup>. Höfundr konúgr mælti:

1) v. J, M. 2) En er Höfundr varð þessa varr, bað hann Heiðrek sburt ganga, ok gjöra eigi fleira illt í þetta sinn. Síðan gekk Heiðrekr út, ok Ángantýr, bróðir hans, ok í garðinn, ok skildast þar. Þá er Heiðrekr hafði lilla hríð gengit frá bænum, þá hugsaði hann, at hann hefði þar oflitt illt gjört; snýr þá aptr til hallarinnar, ok tók upp stein einn mikinn, ok kastaði þangat, sem hann heyrði



fá ráð mun ek kenna honum, því ek hygg honum muni þau illa í hald koma; en af því þið biðið þessa, þá ræð ek honum þat fyrsta ráð, at hann hjálpi aldrei þeim manni, sem svikit' hefir lánardrottinn sinn: þat ræð ek honum annat, at hann gefi þeim mönnum aldrei frið, sem félaga sinn myrðt hafa: þat þriðja, at hann láti eigi konu sína vitja opt frænda sinna, þótt hún beiði þess: þat fjórða, at hann [segí eigi frillu sinni allan trúnað sinn<sup>2</sup>: fimta, at hann ríði eigi bezta hesti sínum, ef hann þarf skjóttat skunda: þatsjötta, at hann aldrei fóstri göfugra manns barn, enn hann er sjálfr: [þat sjöunda, at hann gángi aldrei á grið sín: þat áttunda, at hann hafi aldrei marga hertekna þræla með sér; ok ef hann rækir öll þessi ráð, þikki mér von, at hann muni lukku- maðr verða, þótt hann gjaldi nú af mér lagabrots- ins<sup>3</sup>. [Síðan gekk drottning til Heiðreks, sonar síns, ok sagði honum, hvat konungr hafði hon-

menn nokkra talast við í myrkrinu; hann fann, at steinn- inn mundi eigi manninn mist hafa, ok gekk til, ok fann mann dauðan, ok kendi Angantýr, bróður sinn. Heiðrekr gekk þá í höll- ina fyri föður sinn, ok segir honum þetta. Höfundr kveðr hann skyldu verða í brottu, ok koma aldri honum í auguþýni, ok kvað hitt makligr, at hann væri drepinn eðr heingdr. þá mælti Hervör drottning, ok sagði, at Heiðrekr hafi illa tilgjört: enda er mikil hefndin, ef hann skal aldri koma í ríki föður síns, ok fara svá eignalauss í brott. En orð Höfundar stóðust svá mikils, at þat gekk fram, sem hann dæmdi, ok engi var svá djarfr, at móti þyrði at mæla, eðr Heiðreki friðar at biðja. Drottning bað þá Höfund ráða honum nokkr heilræði at skilnaði þeirra, *J, M.*

<sup>1</sup>) drepit, *J, M.* <sup>2</sup>) sé eigi síð úti staddr hjá frillu sinni, *J, M.* <sup>3</sup>) en mér von þikki mér, at þú munir þetta eigi hafa, *J, M.*

um ráðit\*. Heiðrekr kvað hann hafa ráðit af illum hug, ok sagði sér óskyldt at hafa; [bjóst hann nú á burt; drottning gekk á veg með honum, ok Ángantýr, bróðir hans. Hervör tók þá sverðit Tyrfing undan skykkju sinni, ok gaf Heiðreki; kvaddi hann síðan móður sína, en bað Ángantýr lengra gánga; hann gjörði svá, gaf hann þá Heiðreki fésjóð mikinn, fullan af gulli. Heiðrekr þáði gjöfina, ok mælti síðan: mikinn mun ætla ek Höfundar konúngs ok móður minnar, er hann gjörði mik útlægan, en hún gaf mér sverð þetta; brá hann þá Tyrfingi, ok hjó Ángantýr banahögg, ok vann hann fyrstr níðingsverk með sverðinu. Ok er Höfundr konúngr frá þessi tíðendi, harmaði hann mjök Ángantýr, son sinn, var hann ok mörgum öðrum harmdauði; lét konúngr hann í hang setja eptir þeirra siðvenju; biðr hann nú leita Heiðreks, svá hann mætti drepinn verða; en Hervör latti þess, ok komst hann við þat undan á skóga\*.

9. Þat bar til<sup>1</sup> tíðenda einn dag, at Heiðrekr fór um braut nokkra, at menn komu á

1) v. 1 J, M. 2) Gengr þá Heiðrekr út or höllinni; móðir hans stendr þá upp, ok gengr út með honum, ok fylgir honum or garðinum, ok mælti: nú hefir þú svá fyri þér búit, son minn! at þú munst eigi aptr ætla; þá hefi ek lítill fong á at hjálpa þér; mörk gulls er hér, ok eitt sverð, er ek vil gefa þér, en þat heitir Tyrfingr, ok hefir átt Angantýr berserkr, móðurfaðir þinn; engi maðr er svá ófróðr, at eigi hafi heyrt þess getit; ok er þú kemr þar, er menn skiptast höggum, láttu þér hugkvæmt vera, hversu Tyrfingr hefir opt sigrsæll verit; nú biðr hún hann vel fara, ok skiljast síðan, J, M. 3) Heiðrekr undi illa við verk þat, er hann hafði gjört; gekk

móti honum með einn mann fjötraðan, er til straffs var ætlaðr; Heiðrekr spurði um sök hans; þeir kváðu hann hafa svikit sinn lánardrottinn. Heiðrekr spurði, ef þeir vildu taka fè fyrir hann; en þeir játa því; hann fær þeim hálfu mörk gulls; en þeir láta bandíngjann lausan, ok býðr hann Heiðreki sína þjónustu; hann svarar: því muntu mér heldr trúrr, er þú sveikst þinn lánardrottinn? ok far þú frá mér burt! Litlu síðarr hitti Heiðrekr enn nokkra menn, ok einn bundinn; Heiðrekr spurði, hvat sá hefði rángt gjört; þeir sögðu, at hann hefði myrðt félaga sinn; hann bað þá taka fè fyrir hann; en þeir játa því; hann fèkk þeim þá aðra hálfu mörk gulls, en tók við manningum; sá býðr honum ok sína þjónustu, en hann neitar; gjörði hann þetta mest til þess, at ónýta ráð föður síns. Síðan hitti hann sjóvíkínga, ok ræðst með þeim í hernað, ok gjörðist hinn grimmastu hervíkíngur, varð hann mjök víðfrægr af sigrsæld sinni ok orrostum.

10. Í þann tíma ræð fyrir Reiddgotalandi konúngur sá, er Haraldr hèt, hann var þá mjök gamall ok hafði mikit ríki til forráða; hann átti eina dóttur barna, er Helga hèt, kvenna kurteisust. Jarlar

hann þá burt á merkr, ok skaut dýr ok fugla til matar sér; ok er hann hugsaði um sitt mál, leizt honum ekki gott frásögu, ef ekkert skyldi spyrjast til hans lengra, enn þat sem liðit var, svá hann mætti frægr verða af stórum verkum ok framgaungu, sem hans ættuenn enir fyrri; hann snýst nú af mörku ok leitar byggðar. Þat bar til, *h. v. V.*

tveir herjuðu á ríki konúngs, átti hann við þá orrostur nokkrar, ok hafði jafnan ósigr; sættust þeir þá at því, at konúngr skyldi lúka þeim skatt á hvörjum 12 mánuðum. Nú heldr Heiðrekr skipum sínum til Reiðgotalands; ok þá konúngr frá þat, býðr hann honum heim til vírðugligrar veizlu, ok bað hann hafa þar friðland; Heiðrekr tók því glaðliga, ok gekk til borgar með liði sínu, ok dvaldist þar um hríð. Svà bar til einn dag, at Haraldr konúngr taldi silfr mikit á borð; ok er Heiðrekr sèr þat, mælr hann: .hvorr skal velja silfrit? herra! eðr hyggi þèr, at selja þat fyri kost? ek mun sjálfr tilleggja skotpenínga fyri mik ok mína menn, á meðan vér dveljumst hèr; konúngr kvað því á aðra leið varit: skal ek þetta fè í skatt gjalda. Heiðrekr mælti: þetta lízt mér stór læging ríkum konúngi ok voldugum, at gjalda skatt leiðum ok litilsháttar jörlum, væri hitt meira snjallræði, at halda við þá bardaga. Konúngr kvaðst þat reynt hafa, ok fengit ósigr: eðr er nokkut svà, at þú vogir at berjast við þá, minna vegna, ok þiggja at launum gull ok silfr. Heiðrekr mælti: eigi veit ek um mik glöggt, en eigi hefði sú för ægt enum fyrri frændum mínum, ok mun ek gjöra yðr kost á því, at berjast við jarlana, ef þèr villð gipta mér dóttur yðar; konúngr tók því líkliga, ok varð sá endir á þeirra tölu, at júngfrúin var föstnuð Heiðreki; bjóst hann síðan til orrostu, ok fèkk konúngr honum mikit lið ok fríðt; fór hann þegar á móts við

jarlana; ok er hann kom í ríki þeirra, tók hann at herja ok ræna. Ok er jarlarnir spurðu þetta, fóru þeir ímóti honum með miklum her; ok er þeir fundust, verðr orrosta allhörð. Heiðrekr var í öndverðri fylkingu, ok bar Tyrffing í hægri hendi, ok hjó niðr lið jarlanna, sem hráviði, ok stóð hvorki við honum hjálmr nè brynja, drap hann þá alla, er honum voru nærstir; gekk hann í gegnum liðit, ok feldi þat unnvörpum; lauk svá, at þar féllu jarlarnir ok mestr hluti liðs þeirra, en þat flýði, sem eptir var; fèkk hann þar mikit herfang. Síðan fór Heiðrekr yfir landit, ok skattaði þat undir Harald konúng, sem fyrr hafði verit, ok fór heim við svá búit; hafði hann fengit ógrynni fjár ok mikinn sigr. Haraldr konúngur fagnaði honum afarvel, ok þakkaði honum með mörgum fögrum orðum. Var þá við brullaupi búizt, ok gekk Heiðrekr at eiga konúngs dóttur, veitti Haraldr konúngur brullaup þeirra með miklum sóma; gaf hann þá Heiðreki konúngs nafn ok helmíng ríkis síns til forráða; ræð hann Reiðgotalandi lengi síðan, ok þótti spakr ok sigrsæll; hann átti son við konu sinni, þann er Ángantýr het. Haraldr konúngur gat ok son í elli sinni, [þann er Hálfðan var' nefndr; voru þeir báðir hinir efniligustu, ok þótti langt fyrir öðrum mönnum á Reiðgotalandi.

11. Í þann tíma kom hallæri mikit á Reið-

<sup>2)</sup> ok er sá ekki, J, M.

gotaland, svá at til landauðna þótti horfa; voru þá gjörðir hlutir af vísendamönnum, ok feldr blótspónn til; en svá gekk fréttin, at aldri mundi ár fyrri koma á Reiðgotaland, enn þeim sveini væri blótat, er æðstr væri þar í landi. [Síðan var þing stefnt, ok kom þat öllum ásamt, at Ángantýr Heiðreksson væri þar æðstr fyrir ættar sakir, en þat þorði enginn upp at bera. Tóku menn þat þá til ráðs, at dæma þetta mál undir úrskurð Höfundar konúngs á Glæsisvöllum, skyldu hinir æðstu menn til þessarar ferðar veljast; en allir töldust undan. Bað þá Haraldr konúngr ok margir aðrir Heiðrek konúng, at orka um úrlausn þessara mála; konúngr kvað svá vera skyldi; lét hann þegar búa eitt skip úr landi, ok sté þar á, ok margir ágætir menn með honum; sigldi hann svá til Risalands. Ok er Höfundr konúngr spurði komu hans, vildi hann þegar láta drepa hann; en Hervör drottning mælti ímóti, ok fékk hún svá tilstillt, at þeir feðgar sættust heilum sáttum. Bar þá Heiðrekr fram eyrendi sitt fyrir konúng, ok baðst dóms á þessu; en Höfundr segir, at son hans væri þar æðstr í því landi. Heiðrekr konúngr skipti þá litum, ok þótti vandast málit, bað

1) Haraldr konúngr segir, at sonr Heiðreks konúngs væri æðstr; en Heiðrekr segir, at sonr Haralds væri æðstr; en úr þessu mátti engi leysa, fyrr enn þángat væri farit, er allar úrlausnir voru trúar, til Höfundar konúngs. Heiðrekr er hinn fyrsti maðr til þessar ferðar tekinn, ok margir aðrir ágætir menn. Sem Heiðrekr kom á fund föður síns, þá var honum vel fagnat; hann segir öll erendi sín föður sínum, ok heiðir, *J, M.*

hann þá föður sinn leggja sér ráð, at hjálpa lífi sveinsins. Höfundr mælti: þá þú kemr heim í Reiðgotaland, skaltu stefna saman mönnum til þings af beggja ykkar Haralds konungs ríkjum, ok seg þar upp gjörð mína um son þinn; skaltu þá spyrja, hvörju þeir muni launa vilja, ef þú lætr þeim hann til blóta; seg þú, at þú sert útlendr, ok muni land gánga undan þér, ok svá fólk, ef þessu skal fram fara; gjöri þú þá þann kost, at [annarhvárr af Haralds mönnum<sup>1</sup> se á þínu valdi, sem [á þinginu<sup>2</sup> er staddr, ella munir þú eigi láta son þinn, ok skal þat eiðum bundit; ok ef þat fæst, mun ek eigi ráð þurfa at kenna þér síðan, hvat þú skalt athafast; kveðr hann síðan föður sinn ok móður, ok siglir burt af Risalandi.

12. Nú sem Heiðrekr kom heim í Reiðgotaland, lét hann þings kveðja. Heiðrekr tekr svá til orða: þat er atkvæði Höfundar konungs, föður míns, at son minn se ágætastr í landi hær, ok til blóts kosinn, en þar ámóti vil ek eiga ráð á öðrum<sup>3</sup> hvörjum manni Haralds konungs, er kominn er til þings þessa, ok vil ek þér handfestið mér þetta; var nú svá gjört, ok síðan heimtust þeir í lið hans; þá báðu bændr, at hann lèti fram son sinn, ok bætti svá árferði þeirra. En er skilit var liðit, beiddist Heiðrekr trúnaðareiða af mönnum sínum;

<sup>1</sup>) hinn fjórði hvorr maðr, *J, M.*    <sup>2</sup>) við blótit, *J, M.*  
<sup>3</sup>) hinum fjórða, *J, M.*

Þeir gjörðu svá, ok sóru honum svoddan eið, at þeir vildu honum fylgja utanlands ok innan, til þess, sem hann vildi. Hann mælti þá: svá lízt mér, at goldit muni vera Óðni fyrir einn svein, ef þar kemr fyrir Haraldr konúgr ok son hans, ok herr hans allr; hann bað nú setja upp merki sitt, ok veita Haraldi konúgi atgaungu, ok drepa hann, ok allt hans lið. Eptir þetta lét hann blása í herlúðra, ok gánga at Haraldi ok hans mönnum; hallaðist skjótt á þá bardaginn, því þeir feðgar höfðu lið miklu minna, ok voru þarmeð óviðbúnir; ok er þeir sáu, at eigi var undanfæri, börðust þeir með miklum drengskap, ok drápu niðr lið Heiðreks konúgs svá ákaflega, at ósýnt þótti, hvorr sigrast mundi. Ok er Heiðrekr sér lið sitt falla svá unnvörpum, óð hann fram með sverðit Tyrfíng, ok feldi hvörn á fætr öðrum; ok lauk svá, at þeir fællu þar feðgar, ok mikill hluti liðs þeirra, ok varð Heiðrekr konúgr banamaðr mága sinna; er þat talit annat niðfíngsverk unnit með Tyrfíngi, eptir álögum dvergsins. Lét Heiðrekr konúgr þá rjóða goðastalla blóði Haralds konúgs ok Hálfðánar, en fal Óðni allan þann val, er þar hafði fallit, til árbótar, í stað Ángantýrs, sonar síns. Ok er Helga drottning frétti fall föður síns, fengu henni svá mikils þessi tíðendi, at hún heingdi sik í dísarsal'. Heiðrekr lagði nú land allt undir sik, ok gjörðist konúgr yfir,

\*) þannig J, M; Disardal, A.



varð hann mjök víðfrægr, ok þótti varla hans líki vera í þann tíma.

13. Þat var eitt sinn, at Heiðrekr konúgr fór með her sinn suðr um Húnaland<sup>1</sup>, ok barðist við konúgr þann, er Humli hét, ok fékk sigr, en Humli flýði; tók hann þar fè mikit, ok dóttur Humla konúgs, er Svafa<sup>2</sup> hét, ok hafði hana heim með sèr, tók hana síðan til frillu, ok hafði hana við hönd sèr um stund; en at öðru sumri sendi hann hana heim aptr til föður síns, ok var hún þá með barni. Litlu síðarr fæddi hún sveinbarn, ok var hann kallaðr Hlöðr; hann var allra manna fríðastr sýnum, ok þótti afbragð annarra manna þegar á unga aldri; óx hann þar upp á Húnalandi með Humla, móður föður sínum. Á einu sumri fór Heiðrekr til Saxlands með her sinn; sá konúgr hét Áki, er þar ræð fyrir; hann gjörði veizlu ímóti Heiðreki konúngi, ok biðr hann hafa þat af sínu ríki, sem honum líkaði; þetta þiggr Heiðrekr konúgr. At þeirri veizlu sá hann dóttur konúgs, er Óluf hét, ok leizt honum allvel á hana, ok þeirrar meyjar biðr hann sèr til handa, var hún honum gipt; var þá aukin veizlan, ok drukkit brullaup þeirra; leysti konúgr út mund dóttur sinnar í gulli ok dýrmætum gripum; stóð hófit í 20 daga, ok at því enduðu, fór Heiðrekr konúgr heim með Ólufu konu sína ok ógrynni fjár. Heiðrekr gjörðist þá hermaðr mikill, ok

<sup>1</sup>) Hundland, *J, M.*    <sup>2</sup>) Sifka, *J, M.*

jök á marga vegu ríki sitt. Drottning beiddist optliga at fara til Saxlands, á fund frænda sinna ok vana, ok veitti Heiðrekr henni þat; sveinninn Ángantýr fór jafnan með henni. Ok eitt sinn, er konúgr var í hernaði, fór drottning til Saxlands, á fund frænda sinna, at vanda sínum; konúgs son fór með henni. Heiðrekr konúgr spurði þetta, ok hældt skipum sínum til Saxlands, ok eigi allnær konúgs atsetri; síðan bjó hann eina snekkju, ok sigldi til hafnar, ok lendti í leynivog nokkrum; hann gengr á land, ok einn maðr með honum. Þeir komu um nótt á konúgsbæinn, ok vendu at skemmu þeirri, er kona hans var vön at sofa í, ok urðu varðhaldsmenn eigi varir við komu þeirra. Þeir gengu nú inní skemmuna, ok sáu, at maðr einn hvíldi hjá drottningu; hann hafði mikit hár ok fagrt; konúgr skar lokk<sup>1</sup> úr hári hans, ok hafði með sér. Sá maðr, er með honum var, kvað hann vera hefnisaman um minni sakir; eigi mun ek þess at sinni hefna, sagði hann; hann sá, hvar Ángantýr lá í annari hvíflu, ok hafði hann burt með sér. Gengu þeir síðan til skips, ok létir konúgr eigi fyrr, enn hann hittir lið sitt. Um morguninn, er drottning vaknar, saknar hún Ángantýrs, varð hún þá mjök hrædd ok harmsfull; tók hún þá þat ráð, at hún hjúpaði einn hund, ok sagði konúgs son bráðdauðan orðit hafa. Nú er at segja frá Heiðreki, at

<sup>1</sup>) lepp, J, M.

hann held skipum sínum á hafnir Saxa konúngs. Ok er konúngr varð þess varr, lét hann veizlu búa, ok gekk sjálfir ímóti honum, ok fagnaði honum vel. Heiðrekr konúngr gengr til borgar með öllu liði sínu, ok settist undir drykkjuborð. Ok er þeir höfðu drukkit um stund, gekk Óluf drottning í höllina, ok fagnaði vel Heiðreki konúngi, ok breiddi báðar hendr um háls honum; hann tók því fálaga; ok leið svá af nóttin. Um morguninn frètti hann drottningu at sveininum Ángantýr; en hún kvað hann bráðdauðan orðit hafa, ok væri í mold lagðr; konúngr baðst at sjá lík hans; drottning kvað honum þat mikinn harms auka; varð Heiðrekr þó at ráða; var honum þá þángat fylgt; lét hann þegar ryðja moldu af leiðinu, var þar dúkr samanvafðr ok hundr innaní. Heiðrekr konúngr mælti: illa hefir nú sónr minn skipazt, er hann er orðinn at hundi; síðan lét hann leiða fram sveininn, ok kvaðst hafa reynt mikil svik af drottningu, ok tæði allan atburð; biðr hann nú þings stefna, ok safna þángat öllum mönnum í borginni, er til máttu sækja. Ok er alþýða manna var komin, mælti konúngr: eigi er enn gullhárin<sup>1</sup> kominn. Þá var enn leitast, ok fannst maðr í steikarahúsi með band um höfuð; margir undruðust, þat hann skyldi til þings, leiðr þræll. Ok er hann kom á þingit, mælti Heiðrekr: hér megi þer þann sjá, er konúngs

<sup>1</sup>) gullkárinn, J, M.

dóttir vill heldr eiga, enn mik; tók hann þá upp lokkinn, ok bar við hárit, ok fèll þat saman; lét konúgr hann nú segja allan sannleik um þetta mál. Áki konúgr verðr nú reiðr dóttur sinni, ok biðr Heiðrek umdæma, sem honum líkaði. Heiðrekr svarar: þú, Áki-konúgr! hefir oss jafnan gott gjört, ok skal af því ríki þitt standa í friði fyrir oss, en dóttur þína vil ek eigi eiga lengr, ok skal skilit með okkr, dæmi ek mæð fè þat allt, er henni fylgdi heiman; en sá, er með henni hefir legit, skal fara útlægr af beggja okkar ríki, en verði hann í þeim fundinn, skal hann dræpr; þökkuðu menn konúngi þessa gjörð, ok þótti rétt dæmi; hëlzt samt vinátta með þeim konúngunum, ok skildu at svá mæltu. Ferr nú Heiðrekr konúgr heim í ríki sitt, ok sonr hans Ángantýr með honum; hëltd hann þá enn í hernað, ok fór svá fram um hríð. Hann hærjaði eitt sinn norðr á Finnland, ok gjörði þar mikit hervirki; þar tók hann eina mey, þá er Sifka hêt; aungva þóttust menn fríðari sèt hafa; konúgr hëltd mikit til hennar, ok flutti hana heim með sèr, ok gjörðist hún frilla hans.

14. Í þann tíma ræð fyrri Garðaríki konúgr sá, er Hrollaugr hêt; hann var ríkr ok víðlendr, vinfastr ok bardagamaðr mikill; drottning hans hêt Herborg; þau áttu 2 börn, hêt sonr þeirra Herlaugr, en Hergerðr dóttir; var sveinninn þá tvævetr, er hær var komit sögunni, en konúngs dóttir eldri. Heiðrekr kon-

úngr ferr nú til Garðaríkis, ok þiggr þar veizlu; hann hyggur at konúngs börnum vandliga, ok leizt honum vel á; honum kemr nú í hug, at ónýta ráð föður síns, ok býðr Herlaugi konúngs syni til fóstrs. Konúngr kvað þess aungva von, at hann fengi þeim manni son sinn, er kendr er at mörgum illum hlutum. Þá sagði drottning: mæl ekki svá, herra! heyrtr hafi þer, hvat mikill maðr hann er ok sigrsæll, ok er meiri vizka, at taka vel hans boði, stendr annars ríki þitt í mikilli hættu. Konúngr mælti: þú munt mikit ávinna um þetta mál. Ræðst þá þat af, at sveinninn Herlaugr var seldr Heiðreki til fóstrs. Fór Heiðrekr þá í burt úr Garðaríki, ok sveinninn með honum; hældt hann þá enn í hernað, ok fylgdi sveinninn honum jafnan, ok Sifka<sup>1)</sup> frilla hans, hvar sem hann barðist; ok liðu svá 5 vetr. Eitt sinn hældt Heiðrekr konúngsr skipum sínum til Garðaríkis; ok er Hrollaugr konúngs spyrr komu hans, lét hann veizlu búa ámóti honum, ok bauð honum heim með liði sínu. Heiðrekr tók því glaðliga; brá hann þá svá háttum, at hann skipti liði sínu í þrjá flokka; lét hann einn gæta skipa, en öðrum skipaði hann, at felast í skóginum, en gekk sjálf til borgar með hinn þriðja hlut; Hrollaugr konúngs fagnaði honum með allri blíðu, ok leiddi hann til hallar; reis þar upp hin sæmiligasta veizla, ok stóð hún lengi. Menn höfðu þat til skemtunar jafnan, at þeir

<sup>1)</sup> I J, M, kallast hún Humladóttir, ok er þar en sama, sem á bls. 455; er þar ei getið um seinna frillutuk konúngs eða herferð til Finnlands, sbr. bl. 458.

riðu á dýraveiðar, en hvört sem Heiðrekr fór, þá fylgdi Herlaugr honum. Ok eitt sinn riðu þeir báðir á skóg, Heiðrekr ok konúngs son; sendi þá konúngr sveininn til liðs síns, ok bað hann þar dveljast; reið hann síðan heimleiðis, ok kemr seint heim um kvöldit. Sifka var úti, ok laut honum hæverskliga; hún þóttist sjá hann með hryggvu bragði, ok lagði hendr um háls honum með mikilli sorg, ok mælti síðan: segið mēr, herra! hvat ógleði yðar veldr, ok skal ek skjótt bót á vinna, ef ek má. Heiðrekr svarar: þer einni þori ek frá at segja, en þó vil ek, at þú birtir þat aungvum manni, því líf mitt liggv við, ef nokkr fær þat at vita; hún bað þá konu á báli brenna, er hygði at svíkja hann. Konúngr sagði: ek var á dýraveiði í dag, ok elti einn villigölt; vildi mēr svá slisliga til, at ek braut spjót mitt, brá ek þá Tyrfingi, ok drap dýrit, var þat fyrri gjört, enn ek hugði; hvat við lá; kom mēr þá í hug um álög sverðsins, at þat má eigi skeiða, nema með vörmu manns blóði; var þá engi maðr hjá mēr, nema Herlaugr, ok hlaut ek at deyða hann með sverðinu. Síðan gekk Heiðrekr til hallar, ok fór skömmu síðarr til sængr. Sifka ferr nú á fund drottningar, ok lætr merkja á sēr stóra sorg; drottning spurði um ógleði hennar; Sifka segir henni nú frá öllu, eptir því, sem Heiðrekr hafði henni frásagt; gekk þá drottning til sængr með miklum harmi. Konúngr frétti, hvat hana ágraði; en hún sagði

honum. Konúngr varð þá bæði hryggr ok reiðr, ok stóð upp snemma um morguninn; bað hann þá hirð sína herklæðast, ok drepa Heiðrek konúng, ok alla hans menn; var þá mikit vopnabrák ok lúðragángr. Heiðrekr bjóst til varnar með þat lið, er hjá honum var, ok tókst þar hinn harðasti bardagi; falla menn Heiðreks konúngs sem hráviði, því liðsmunr var mikill. Heiðrekr konúngr barðist allhraustliga; ok drap svá margan mann með Tyrffingi, at seint er at telja, ok fór hann um herinn sem annat ljón, er þat kemr í sauðaflokk; var þá sleginn um hann hríngur; en hann hjó þá alla til bana, er hann náði til með sverðinu. Hrollaugr bað bera at honum skjöldu ok viðu; var þat þegar gjört, ok varð Heiðrekr um síðir höndlaðr; gengu þá til 2 menn, ok lögðu fjötr á hann mjök óþyrmliga; er þat sögn flestra manna, at þat væri bandingjar þeir, er Heiðrekr leysti frá dauða fyrrum. Hrollaugr lét þá færa Heiðrek konúng til skógar, ok skyldi hann þar á báli brenna; en áðr þat yrði gjört, heyrðu þeir lúðragang ok vopnaglumur; var þar komit lið Heiðreks konúngs, ok veittu hina hörðustu atsókn Hrollaugi ok hans mönnum, ok sóktu Heiðrek konúng í hendr þeim, en ráku þá á flóttu, ok tóku þar mikit herfáng; fóru síðan til skipa sinna, ok hældt Heiðrekr konúngr heim til Reiðgotalands. Safnaði hann þá liði miklu, ok hældt við hundrað skipum til Garðaríkis, ok gekk þar á land með eldi

ok vopnum, ok gjörði hit mesta hervirki. Þetta fréttir Hrollaugr konúgr, ok býst til varnar; reið hann þegar útaf borginni með lið sitt á slætta völlu móts við Heiðrek konúgr; hafði hann þá spurt, at Herlaugr, son hans, var með Heiðreki konúgr vel haldinn, ok vildi gjarnan at sátt mætti takast með þeim konúgrum; lét hann þá um morguninn snemma halda upp friðarskildi, ok bað Heiðrek konúgr ganga á einmæli við sik. Heiðrekr gjörði svá, ok skyldi beggja þeirra lið í kríng standa með vopnum; gjörðu þeir um síðir opinbert, at þeir voru sáttir, ok skyldi Hrollaugr konúgr gipta Heiðreki Hergerði dóttur sína; urðu menn þessu fegfir, ok gengu síðan til hallar, ok var nú Hergerðr fest Heiðreki konúgr. Síðan var við veizlu búizt, ok drukkit brullaup þeirra; þóttist enginn spurn af hafa, at heiðarligra hóf hefði verit haldit í þeim löndum, ok stóð þat í mánuð; ok at því enduðu, voru höfðingjar með gjöfum á burt leiddir. Greiddi nú Hrollaugr konúgrút mund dóttur sinnar í gulli ok silfri ok góðum gripum; henni skyldi ok heiman fylgja Vindaland, er nærst liggr Reiðgotalandi. Eptir þetta sigldi Heiðrekr konúgr heim með drottningu sína, ok tókust upp með þeim góðar ástir; létti hann þá öllum hernaði, en setti lög ok landsrètt; valdi hann til 12 menn, hina vitrustu, at dæma um þau mál, er stórsökum gegndu í hans ríki, en tók af allan hernað innanlands; gjörðist hann



hann nú höfðingi mikill, ok hinn vinsælasti. [Heiðrekr konúgr lét ala gölt einn; hann var svá mikill, sem hinn stærsti öldúngr, en svá fagr, at hvört hár þótti úr gulli vera. Konúgr lagði hönd sína á höfuð geltinum, en aðra á bust, ok strengdi þess heit, at aldrei skyldi nokkr maðr svá mikit afgjöra, at hann skyldi eigi hafa rét-an dóm spekinga hans, ok skyldu þeir 12 gæta galtarins; ella skyldi hann bera upp gátur þær, er konúgr gæti eigi ráðit. Þessu samtíða andaðist Hervör, móðir hans, ok var hennar útför gjör sæmiliga eptir fornum sið. Litlu síðarr fæddi Hergerðr drottníng meyju eina, ok var henni nafn gefit, ok kölluð Hervör, eptir föður-móður sinni, ok lærði hún skjótt allar riddara íþróttir þegar á unga aldri; [konúgr sendi hana til fósturs jarli þeim, er Ormar hét, ok var hún hin fríðasta<sup>2</sup>.

15. Maðr hét [Gestr, ok var kallaðr hinn blíndi<sup>3</sup>; hann var hersir ríkr þar á Reiðgotalandi, illr var hann ok ódæll; hann hafði haldit skatti fyrir Heiðreki konúngi, ok var mikill fjandskapr á millum þeirra. Konúgr sendi

<sup>1</sup>) Hann blótaði Freyju, ok tignaði hana mest af öllum sínum goðum. Þat var siðvenja, at taka einn gölt, þann stærstan fékk, ok skyldi ala hann, ok gefa Freyju til árbótar í upphafi mánaðar þess, er febrúariús heitir; þá skyldi blót hafa til farsældar. Konúgr sagði, at þessi göltr væri svá heilagr, at menn skyldu fyri þetta offr kunna at dæma um öll stórmál. Jólaaptan skyldi leiða þenna sama gölt til konúngs; lögðu menn þá hendr yfir burst hans, ok strengdu heit. Heiðrekr konúgr, *V.* <sup>2</sup>) ok fæddist upp í Englandi með Fróðmari jarli, *M.* <sup>3</sup>) Gestum-blíndi, víðarst (*sumstaðar: Gestr*); *J. M.*

honum orð, at hann kæmi á sinn fund, ok hlýddi dómi spekinga sinna, eðr hældi bardaga. Þessi kostur þótti Gesti hvorigr góðr, ok gjörðist hann mjök hugsjúkr, þvíat hann vissi margar sakir sèr á hendi; tók hann þá þat ráð, at hann blótaði Óðinn til fulltýngis sèr, ok biðr hann líta á sitt mál, ok heitir honum miklum launum. Eitt kvöld síðla er þar drepit á dyr, ok gengr Gestr hinn blindi til dyra; hann spyr þann mann at nafni, er kominn var, en hann kvaðst Gestr heita; síðan spurðust þeir almæltra tíðenda. Komumaðr spurði, ef þat væri nokkut, er hann ángraði; Gestr blindi sagði honum allt hit ljósasta. Komumaðr mælti: ek mun fara þinna vegna á konúngs fund, ok vita, hvörninn gengr, skulu við skipta litum ok klæðum; ok svá gjörðu þeir. Ferr nú bóndi burt, ok felr sik, en gestrinn gengr inn, ok er þar um nóttina, ok þikkjast allir kenna Gest hinn blinda. Um daginn eptir gjörir Gestr för sína á konúngs fund, ok lættir eigi fyrr, enn hann kemr í Árheima; hann gengr í höllina, ok kveðr vel konúnginn. Konúngr þagði, ok leit til hans reiðugliga. Herra! segir hann, því kom ek hingat, at ek vil við yðr sættast. Þá svarar konúngr: villtu þola dóm spekinga minna? Hann svarar: eru ekki fleiri undanlausnir? Konúngr mælti: vera skulu fleiri: þú skalt bera upp gátu þá, er ek kann eigi ráða, ok kaupa þik með því í frið. Gestr svarar: lít er ek til þess fær,

enda mun hart á annat borð. Viltu heldr þola dóm spekinganna? segir konúgr. Þat kýs ek fyrr, segir Gestr, at bera upp gátur nokkrar; konúgr kvað þat vel fallit; voru þá teknir tveir stólar, ok settust þeir þar á. Þá mælti Gestr hinn blindi:

Hafa vildak:

þat í gær hafðak,

vittu<sup>1</sup> hvat þat var<sup>2</sup>,

lýða semill!

orða tefill<sup>4</sup>!

ok orða upphesill!

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[mungát semr æði,

ok örvar mælgí,

en öðrum vefst túnga um tönns<sup>5</sup>.

Þá mælti Gestr:

[Heiman ek fór<sup>6</sup>,

heiman [ek ferðaðist<sup>7</sup>,

sá ek á<sup>8</sup> veg voga,

<sup>1</sup>) mundak, *A, J, M.* <sup>2</sup>) villtu, *A.* <sup>3</sup>) er, *M.* <sup>4</sup>) temill, *A.* <sup>5</sup>) færð honum munnát, þat semr margra manna (manna, *v. í M.*) vit, ok margir eru þá málari (margmálga, *M.*), er munnát færir, (ferr á, *M.*) en sumum vefst túnga, ok verðr ekki at orði, *A, J, M.* <sup>6</sup>) *v. í M.* <sup>7</sup>) ferð gjörðak, *A, J;* för gerða, *M.* <sup>8</sup>) *v. í A.*

[vegr var<sup>1</sup> undir,  
 [vegr var<sup>2</sup> yfir,  
 ok vegr á alla vegu.  
 Heiðrekr konúngr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [fugl þar yfir fló,  
 fiskr þar undir svamm,  
 fórtu á brú<sup>3</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hvat var<sup>4</sup> þat drykkjar,  
 er ek drakk í gær?  
 varat þat vatn nè vín,  
 [mjöðr nè<sup>5</sup> mungát,  
 nè matar ekki,  
 þó<sup>6</sup> gekk ek þostlauss þaðan.  
 Heiðrekr konúngr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [fórtu sólu í,

<sup>1</sup>) var þeim vegr, *M.* <sup>2</sup>) ok vegr, *J, M.* <sup>3</sup>) þar fórtu yfir árbrú, ok var árvegr undir þér, en fuglar flugu yfir höfði þér, hjá þér tveim megin, ok var þat þeirra vegr, *A, J, M.* <sup>4</sup>) er, *J, M.* <sup>5</sup>) nè enn heldr, *M.* <sup>6</sup>) ok, *M.*

falst þik í skugga,  
 þar fèll döggr dali;  
 þá namtu þer  
 at náttdöggu,  
 ok kældir svá kverkr þaðan<sup>1)</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverr er sá hinn hveli,  
 er gengr harðar götur,  
 ok hefir hann þær fyrr um farit,  
 nokkut: fast kyssir,  
 ok: hefir munna tvá,  
 [gengr á gulli einu ?  
 Heiðrekr konúgr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [gengr hamar  
 á glóð Rínar,  
 kveðr við hátt  
 ok kemr á steðja<sup>2)</sup>.

<sup>1)</sup> þar lagðist þú í forsælu, en döggr var fallin á grasit, ok kældir svá varir þínar, ok stöðvaðir svá þorsta þinn, *A, J, M*; en *A* ok *J* b. v. enn fremr: En ef þú ert sá Gestr blindi, sem ek ætlaða, þá ertu vísari, enn ek hugða, því ekki hefi ek spurt orð þín vitrlig, en gjörðir aungan vegian (aungva leið, *J.*) spakligarr. Gestr mælti: þat er von, at mik þrjóti brátt, en þó vilda ek enn þer hlýdduð. <sup>2)</sup> mjök, *A, J, M.* <sup>3)</sup> sá er, *M.* <sup>4)</sup> ok á gulli einu gengr, *M*; sá er á gulli einu gengr, *A, J.* <sup>5)</sup> þat er gullsmiðs hamar, er gull er með slegit (en þat er hamar sá, er hafðr

Þá mælti Gestr:

Hvat er þat undra,  
er ek úti sá  
fyri Dellíngs dyrum?  
ókvikir tveir,  
andalausir,  
sáralauk suðu.  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[erat blærr, nè bruni,  
í belgjum smíða,  
hafat þeir líf nè lá;  
má þó fyri þeim  
mæki smíða  
við þann gust, er gefa<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hvat er þat undra,  
er ek úti sá  
fyri Dellíngs dyrum?  
fætr hefir átta,  
fjögr augu,  
ok berr ofarr knè enn kvíð.

er at gullsmíð, *M.*), hann kveðr hátt við, er hann kemr á harð-  
an steðja, ok er þat hans gáta, *A, J, M.*

<sup>1</sup>) þat eru smíðbelgir; þeir hafa öngvan vind, nema þeim sé  
blásit, ok eru þeir dauðir, sem annat smíði, en fyri þeim má  
líkt smíða sverð sem annat, *A, J, M.*

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu!

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[austan gekkstú

at Ymis dyrum

salkynni at sjá;

komstu þar at,

er konúgr vafa

vef úr þörmum vaf<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hvat er þat undra,

er ek úti sá

fyri Dellings<sup>2</sup> dyrum?

höfði sínu vísar

á helvegu,

en fótum til sólar snýr.

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[höfuð veit

í hlóðynjar skaut,

en blöð í lopt, á lauk<sup>3</sup>.

<sup>1</sup>) þat eru kóngurófur, *A*; kavngurófur, *J, M.* <sup>2</sup>) dögling, *J.*

<sup>3</sup>) þat er laukr, höfuð hans horfir í jörðu, en blöðin í lopt upp, *A, J*;

Þá mælti Gestr:

Hvat er þat undra,  
 [er ek úti sá  
 fyri Dellings dýrum?  
 horni harðara,  
 hrafni svartara,  
 skildi skygnara\*  
 skapti réttara  
 Heiðrekr konungur!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

[Smækka tekr nú  
 smíði gátu,  
 hvat skulu bünunum bið?  
 leiztu á leiðir,  
 lá hrafntinna,  
 glóði geisla mót<sup>3</sup>.

Þá mælti Gestr:

Báru hrundir<sup>4</sup>,  
 bleikhaddaðar  
 ambáttir tvær,  
 öl til skemmu;  
 varat<sup>5</sup> þat höndum hörfit,

þat er laukr, höfuð hans er fast í jörðu, en hann kvíslar, er hann vex upp, M.

\*) v. í A, J, M. 2) hvítara, A, J, M. 3) smækkast nú gátunar, Gestr blindi! hvat þarf nú lengr yfir þessu at sitja? þat er hrafntinna, ok skein á hana sólargeisli, A, J, M. 4) brúðir, A, J, M. 5) ei var, A, J, M.



nè hömrum<sup>1</sup> klappat;

[sjá var út við<sup>2</sup> eyjar

örðigr<sup>3</sup>, er gjörði.

Heiðrekr konúngr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[ham bera svanir

hvítfjaðraðan,

er við eyjar

á viði sílja;

hreiðr þeir bygðu,

hendr nè höfðu,

á gaglhálsum

egg við gátu<sup>4</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverjar 'ro þær rigna<sup>5</sup>

á regin fjalli,

elr kvân<sup>6</sup> kona?

[mær við meyju

mög of getr<sup>7</sup>,

ok [eigot þær<sup>8</sup> varðir vera.

Heiðrekr konúngr!

hygg þú at gátu.

<sup>1</sup>) hamri, *A, J, M.* <sup>2</sup>) þó var fyrir eyjar utan, *A, J, M.* <sup>3</sup>)  
sá, *b. v. A, J, M.* <sup>4</sup>) þar fara svanbrúðir til hreiðrs síns, ok  
verpa egg; ei er þat (skurm á egg er ei, *M.*) höndum gjört, nè hamri  
klappat, en svanr er fyrir eyjar utan, örðugr, sá er þær gátu egg-  
in við, *A, J, M.* <sup>5</sup>) rýgjar, *A, J, M.* <sup>6</sup>) við kvið, *A;* við  
kvað, *J;* við kván, *M.* <sup>7</sup>) þartil sér mörgum girtr, *A;* þartil  
er mög um getr, *J, M.* <sup>8</sup>) eigi þar, *A, J.*

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[fjallhvannir tvær  
fanntu standa,  
ok þriðja únga  
þeirra í millum<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Fara ek sák  
foldar mold-auka<sup>2</sup>,  
ok sat naðr<sup>3</sup> á náí;  
blindr reið blindum  
brimreiðar<sup>4</sup> til,  
[þá jór var andarvani<sup>5</sup>.  
Heiðrekr konúngr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[jór fanntu dauðan  
á jaka liggja,  
örn á tafni;  
þat bar á ísi  
ár til samans  
straumur ströndu at<sup>6</sup>.

<sup>1</sup>) þat eru hvannirtvær, ok hvannar- (hönar, *A, J.*) kálfr á millum þeirra, *A, J, M.* <sup>2</sup>) búa, *A, J, M.* <sup>3</sup>) þannig *A, M*; nár, *E*; norðr, *J.* <sup>4</sup>) brimheiðar, *A.* <sup>5</sup>) *v. í A*; -vanr, *J, M.* <sup>6</sup>) þar fannstu hest dauðan á ísjaka, ok örn dauðan á hestinum, ok rak þat allt saman fyrir (eptir, *M.*) -ánni, *A, J.*

Þá mælti Gestr:

Hverir 'ro' þegnar,  
er riða þingi at,  
sáttir allir saman?  
lýða, sína senda þeir  
lönd yfir,  
at byggja bólstaði.  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[Ítrekr ok Öndóttir  
um aldrdaga  
tefla teitir skák;  
sátt er þeim lið allt,  
er í sjóð kemr,  
en á reitum reitt<sup>5</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverjar 'ro þær drósir<sup>4</sup>;  
er sinn drottinn  
vápnlausan vega?  
enar dökkvari<sup>3</sup> hlífa  
um [alla daga<sup>6</sup>,  
en enar fegri fara<sup>7</sup>.  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

<sup>1</sup>) 3, b. v. A. <sup>2</sup>) liði, A. <sup>3</sup>) þat er Ítrekr ok Andaðr, er þeir sitja at tafli sínu, A, J, M. <sup>4</sup>) brúðir, A, J, M. <sup>5</sup>) jarp-ari, A, J, M. <sup>6</sup>) allat, A, J. <sup>7</sup>) fá, A.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[duga hnefatöflur  
dökkvar í tafli,  
en hvítar herja á mótt<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverr er sá, enn eini,  
er sefr í ösgrúa<sup>2</sup>,  
af<sup>3</sup> grjóti einu gjörr?  
föður nè móður á sá  
enn fár<sup>4</sup>-gjarni,  
þar mun hann sinn aldr ala<sup>5</sup>.  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[eld elr aska  
í arni fólgin,  
tinnu getr hann grjót<sup>6</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverr er sá enn mörkvi<sup>7</sup>,  
[er mold ferr yfir<sup>8</sup>,

<sup>1</sup>) Þat er hneftafl, (hnettafl, *M*; hnéttafl, *J*.); enar dökkri verja hnefann, en hinar hvítari sækja, *A, J, M*. <sup>2</sup>) ösgrúa, *A*. <sup>3</sup>) ok af, *A, J, M*. <sup>4</sup>) eða far; tagr, *A, M*; fafr, *J*. <sup>5</sup>) tala, *A, J*. <sup>6</sup>) Þat er eldr, fólgin á arni, ok tekinn (tekr, *M*.) úr eldinnu, *A, J, M*. <sup>7</sup>) mikli, *A, J, M*. <sup>8</sup>) líðr mold yfir, *A, J, M*.

svelgr hann vatn ok við?

glygg hann óast,

en guma ekki,

ok yrkir á sól til saka.

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[gengr op mörkvum

ör Gýmis fletjum,

ok heldr af hlírni sýn,

sá drepr skini

Dvalins leiku,

flýr einn Fornjóts bur<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hvert er þat dýra,

er drepr fè manna,

ok er járn<sup>2</sup> [allr

urinn í kríng<sup>3</sup>?

horn hefir átta,

en höfuð ekki,

ok fylgja því margir mjök.

<sup>1</sup>) þat er mörkvi, er fyri kemr, sér eigi sólin; rýfr, þegar er vindr kemr, en menn mægu ekki at honum gjöra; (hann drepr skini sólar, *b. v. J.*); en vitsanliga (vélásanliga, *J.*) herra þú upp slíkar gátur (slík vanmæli, *J.*) hvörr sem þú ert, *A, J.*; þat er myrkvi, hann liðr yfir jörðina, svá at eigi sér fyrir honum, ok eigi sól, en hann er af, þegar vind gerir, *M.* <sup>2</sup>) í arni, *M.* <sup>3</sup>) kríngdr utan, *A, M.*; kríngdr utan, *J.*

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu,

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[húni man sjá vera

í hnottaflí,

frekr ok flárr til fjár<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hvert er þat dýra,

er Dönum<sup>2</sup> hlífir?

berr blóðugt bak,

en benjar<sup>3</sup> fyrri<sup>4</sup>,

geirum mætir,

gefr líf [sitt fram<sup>4</sup>,

leggr við lófa

lík sitt guma<sup>5</sup>.

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

[skildir bliku

<sup>1</sup>) þat er húminn í hneftaflí (hnet taflí, *M*; hnettaflí, *J*), *A*, *J*, *M*. <sup>2</sup>) dönum, *A*. <sup>3</sup>) berg, *A*, *J*, *M*. <sup>4</sup>) fyrum, *A*; firum, *J*, *M*. <sup>5</sup>) gumni, *A*, *M*; gumi, *J*.

í bardögum,  
en verja þá, er valda<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverjar eru þær leikur,  
er líða lönd yfir,  
[ok leika at muni margt<sup>2</sup>?  
hvítan skjöld þær  
of<sup>3</sup> vetr<sup>4</sup> bera,  
en svartan of sumar.  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[rjúpur kalla  
rekka synir  
fiðr-varðan<sup>5</sup> fugl;  
sortnar fiðr  
á sumar tíma,  
en bliknar um bjarnar nótt<sup>6</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverjar 'ro snótir,  
er<sup>7</sup> syrgjandi gánga  
at forvitni föður?

<sup>1</sup>) þat er skjöldr; hann verðr opt blóðugr í bardögum, ok hlífir vel þeim mönnum, sem at skjaldfimir eru, *A, J, M.* <sup>2</sup>) *v. í A, J, M.* <sup>3</sup>) við, *A, J.* <sup>4</sup>) haust, *J.* <sup>5</sup>) fiðr verðan, *E.* <sup>6</sup>) frá (*I*) þat eru rjúpur; þær eru hvítar um vetrinn, en svartar um sumarit, *A, J, M.* <sup>7</sup>) margar, *b. v. A, J, M.*

mörgum þær hafa  
 at meini<sup>a</sup> orðit,  
 [við þat<sup>3</sup> sinn aldr ala:  
 Heiðrekr konúgr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [eldis<sup>4</sup> brúðir,  
 eitri blandnar,  
 fara mörgum fyrir<sup>5</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverjar eru þær meyjar,  
 er gánga margar saman  
 at forvitni föður?  
 hadda bleika hafa þær  
 enar hvitfölduðu,  
 [megat þeim varða verar<sup>6</sup>.  
 Heiðrekr konúgr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [Gýmir hefir sèr

<sup>1</sup>) manni, *b. v. A, J*; mönnum, *b. v. M.* <sup>2</sup>) inni nè, *A.* <sup>3</sup>) ok þat munu þær, *A*; við þat munu þær, *J, M.* <sup>4</sup>) þannig *E.* <sup>5</sup>) þat eru eðlis brúðir, er svá heita, *A, J, M.* <sup>6</sup>) ok eiga þær þar varðir vera, *A, J*; ok eiga þ. þ. verðir vera, *M.*



getit dætr,  
 ráðsviðar við Rán;  
 bylgjur þær heita  
 ok bárur,  
 verr þeim vera enginn .

Þá mælti Gestr:

Hverjar 'ro ekkjur,  
 er allar gánga saman  
 at forvitni föður?  
 sjaldan 'ro<sup>2</sup> blíðar  
 við seggja lið,  
 ok egu í vindi vaka.  
 Heiðrekr konúngr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [öldur þat eru,  
 Ægis dætr,  
 þær láta fallast fast<sup>3</sup>.

Þá mælti Gestr:

Nóg<sup>4</sup> var forðum  
 nös-gás vaxin  
 barngjörn, sú er har  
 bútímbr<sup>5</sup> saman;

1) þat eru hylgjur, er svá heita, *A, J, M.* 2) eru þær, *A, J, M.* 3) þat eru Ægis ekkjur, svá heita öldur, *A, J, M.*  
 4) mjök, *A, J, M.* 5) bútúngr, *A;* bútúnkr eða búteym, *J.*

hlífðu henni  
 hálms<sup>1</sup> bitskálmir,  
 þó lá drykkjar  
 drynhrön<sup>2</sup> yfir.  
 Heiðrekr konúgr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar :

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [áttir þú líta  
 andarfygli  
 eggjum sitja á;  
 numit var staðar  
 með nauts hausu,  
 en kjálkar gerðu kví<sup>3</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverr er sjá enn mikli,  
 er mörgu ræðr,  
 sèr<sup>4</sup> til heljar hálf?  
 höldum hann bergr,  
 en [við svörð<sup>5</sup> sakast<sup>6</sup>,  
 ef hann hefir sèr vel traustan vin.  
 Heiðrekr konúgr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar :

Góð er gáta þín,

<sup>1</sup>) hjálms, *A, M.* <sup>2</sup>) eða drynbraun. <sup>3</sup>) þar hafði önd  
 búit hreiðr sitt milli nauts kjálka, ok lá hakiðna ofan yfir, *A,*  
*J, M.* <sup>4</sup>) hæfir, *A;* hoxfir, *J, M.* <sup>5</sup>) við sverð, *A;* við  
 jörð, *M.* <sup>6</sup>) saka, *A.*

Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [dugir atkeri  
 með digru togi,  
 flotna skaut á sæ,  
 fleini þat hrifr  
 í fold niðr,  
 ok horfir til heljar svá<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverjar 'ro brúðir,  
 [er í brimskerin gánga<sup>2</sup>,  
 ok egu eptir firði<sup>3</sup> för?  
 harðan beð hafa  
 enar hvítfölduðu konur,  
 ok leika í logni fátt.  
 Heiðrekr konúngr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [bárur ok brekar,  
 ok boðar gjörvallir,  
 leggjast loks á sker;

<sup>1</sup>) þat er akkeri með digrum ok sterkum streng; þat hrifr öðrum fleini í jörð, ok horfir þá til heljar; hann bergr mörgum manni. En mjök undrast ek orðfimi þína ok vituleik. Gestr (Gestum blindi, *J.*) mælti: ek em nú nálíga þrotinn, *A* og *J.*, sem enn bætir við: at gátum, en frekr er hvörr til fjörsins; þat er akkeri með góðum streng, er fleinn hans er í grunni, þá bergr þat, *M.* <sup>2</sup>) þær er gánga á brimskerjum, *A.* <sup>3</sup>) firði, *A.*, *J.*

heðir eru þeirra  
 björg ok urðir,  
 en sátt er sæfar logn<sup>1</sup>.

Þá mæli Gestr:

Sá ek á sumri,  
 [sólbjörgum í<sup>2</sup>  
 [verðúng vaka<sup>3</sup>  
 vilgi teiti;  
 drukku jarlar  
 öl þegjandi,  
 en æpandi  
 ölker stóðu<sup>4</sup>.  
 Heiðrekr konúgr!  
 hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
 Gestr blindi!  
 getit er þeirrar:  
 [grísar þegjandi  
 giltu drukku,  
 en hún rítti af raun<sup>5</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hverr byggir há fjöll?  
 hverr fellr í djúpa dali?  
 hverr andalauss lifir?  
 hverr æva þegir?

<sup>1</sup>) þat eru báru, en heðr þeirra eru sker ok urðir, en þær verða litit sagnar í logni, *A, J, M.* <sup>2</sup>) sólbjörg ofar (ófa, *J, M.*), *A, J, M.* <sup>3</sup>) það ek vel lifa, *A, J, M.* <sup>4</sup>) stóð, *A, J, M.* <sup>5</sup>) þá drukku grísir giltu, en hún hrein fyrir, *A, J, M.*

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

hrafn byggir há fjöll,

[dögg fellr í djúpa dali,

fiskr án anda

í flóði lifir<sup>1</sup>,

en þjótandi foss

þegir aldregi<sup>2</sup>.

Þá mælti Gestr:

Meyjar ek sá

moldu líkar,

voru þeim at beðjum björg,

svartr samr<sup>3</sup>

ok sólviðja,

en þessir fegri

er fæða af sér.

Heiðrekr konúgr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,

Gestr blindi!

getit er þeirrar:

í ösku fölgna,

<sup>1</sup>) en dögg fellr jafnan í djúpa dali; fiskr lifir andalauss, *A, J.*

<sup>2</sup>) vandast mun nú, segir Gestr blindi, ok veitka ek nú ei, hvat fyri verðr, *b. v. A, J;* báðar vísurnar vanta í *M.* <sup>3</sup>) eða: samar.

á arni fölnaðar,  
gatstu glæður sjá<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Fjórir gánga,  
fjórir hánga,  
tveir veg vísa,  
[tveir hundum varða<sup>2</sup>;  
einn eptir drattar  
[æfi daga,  
sá er jafnan<sup>3</sup>  
saurugr.

Heiðrekr konúngr!

hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[kýr er þat dýra,  
er þú knáttir sjá  
fjórum gánga fótum;  
fjórir hánga spenar,  
en horn hana vörðu,  
hali hëkk at baki<sup>4</sup>.

Þá mælti Gestr:

Sat ek á segli,  
sá ek<sup>5</sup> dauða menn  
blóðs<sup>6</sup> hold bera  
í björk<sup>7</sup> viðar<sup>8</sup>.

<sup>1</sup>) búðar vísurnar v. í A, J, M, sem og raða öðruvíss mér þeim 6 fylgjandi vísun. <sup>2</sup>) v. í M. <sup>3</sup>) ok jafnan heldr, A, J, M. <sup>4</sup>) þat eru kýr, A, J, M. <sup>5</sup>) á, b. v. A. <sup>6</sup>) blóð, M. <sup>7</sup>) börk, eða björk, A, J, M. <sup>8</sup>) virðar, M.

Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[satstu á arni,  
þar sástu val fljúga,  
sá barr æðarfugl  
sèr í klóm<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

Hvat er þat undra,  
er ek úti sák  
fyri Dellíngs dyrum?  
tú<sup>2</sup> hefir túngur,  
tuttugu augu,  
fjörutígi fóta,  
framlíðr [sjá vætt<sup>3</sup>.  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

[Vonum þikki mér þú nú  
vitrari vera,  
ef sá ert, er segir,  
er þú gautar  
of giltu úti,  
þá er í garði gekk;  
var sú þá sundruð

<sup>1</sup>) þar satstu á veg, ok sást val hera æði í hanira, A, J,  
M. <sup>2</sup>) níu, A, J. <sup>3</sup>) sú vettr, J, M.

at vísirs ráði,  
ok gekk hún með grísi nú<sup>1</sup>.

Þá mælti Gestr:

[Hverir eru þeir tveir,  
er til þíngs fara,  
þrjár hafa þeir sjónir saman,  
tú fætr ok  
tagl eitt báðir,  
ok líða svá lönd yfir<sup>2</sup>?  
Heiðrekr konúgr!  
hygg þú at gátu.

Heiðrekr svarar:

Góð er gáta þín,  
Gestr blindi!  
getit er þeirrar:  
[þat er Óðinn,  
þá Sleipni ríðr fram;  
eitt á hann auga,  
(en) mærr bæði,  
dregr skeið fótum  
drösull átta,  
iggr<sup>3</sup> tveimr;  
hestr á hala einn<sup>4</sup>.

<sup>1</sup>) ef þú ert Gestr hinn blindi, sem ek ætlaðá, (sá Gestum-  
blindi, sem ek hugða, *J, M.*), þá ertu vísari, enn ek hugða; en  
frá giltunni segir þú nú úti garðinum; lét konúgr þá taka giltuna,  
ok hafði hún níu grísa, sem Gestr hinn blindi sagði; ok nú grunar  
konúng, hvörr maðrinn muni vera, *A, J, M.* <sup>2</sup>) Hverir eru þeir  
tveir, er tú hafa fætr, augu þrjú ok einn hala? *A, J, M.* <sup>3</sup>)  
Siggeir, *eitthvört.* <sup>4</sup>) þat er, þá Óðinn ríðr Sleipni, *A, J, M;* ok  
ber þú fram fleiri gátur, ef þú þorir, bætur *A við.*



Dá mælti Gestr:

Seg þú mér þat eina<sup>1)</sup>,  
 [alls þú vera þykkir  
 hverjum kóngi hyggjari<sup>2)</sup>:  
 hvat mælti Óðinn  
 í eyra Baldri,  
 áðr hann var á bát borinn<sup>3)</sup>?

Heiðrekr svarar:

[Undr ok argskap,  
 ok alla bleyði,  
 skí ok skrípi ein,  
 en engi veit þau orð þín,  
 utan þú sjálf,  
 ill vættr ok örm!

Brann skap konungi,  
 brá hann Tyrfsingi,  
 ok hugði at höggva Gest;  
 en hann viðbrást  
 í vals líki,  
 ok forðaði svá fjörvi.

Leitaði undan  
 á ljóra valr,  
 en hilmir eptir hjó;  
 vèli skar aptan,  
 ok skemdi fjaðrar,  
 því berr hann stýfðan stert<sup>4)</sup>.

<sup>1)</sup> fyrst, *A, J, M.* <sup>2)</sup> ef þú ert hvörjum konungi vitrari, *A, J, M.* <sup>3)</sup> hafðr, *A, J, M.* <sup>4)</sup> þat veiztu einn, ragr (rög, *M.*) vættr! ok þá bregðr hann Tyrfsingi, ok höggv til laus; en Óðinn brást í valskíki, ok fló upp (ábrott, *J, M.*) *A, J, M.*

Kom sverðit á vèlit, ok tók af, þat er nam, ok því er valrinn vèlstuttr ávalt síðan; varð þá fyrir hirðmaðr einn, ok fèkk hann þegar bana. Óðinn mælti þá: fyri þat, Heiðrekr konúngr! at þú reðst sverði til mín, ok vildir drepa mik<sup>1</sup>, ok gekkst sjálfr á grið þau, er þú settir millum okkar, skulu þér hinir verstu þrælar at bana verða! Fló Óðinn þá burt, ok skildi svá með þeim.

16. Nokkru síðarr býst konúngr heim-an, ok vildi skipa lögum um ríki sitt; hann hafði sèr náttstað settan undir fjöllum þeim, er Hávaðafjöll voru köllut; þótti mönnum hans sú dagferð ærit laung. Konúngr bað velja þann frásta hest sèr til reiðar; valdi hann til ferðar með sèr 9 þræla, þá hafði hann tekit í vestrvíking, ok voru þeim fengnir þeir beztu reiðskjótar; riðu þeir nú með konúngi, ok margir menn aðrir. Konúngr reið svá mikit, at enginn gat fylgt honum, nema þrælarnir, ok fáir menn aðrir; komu þeir um kvöldit undir Hávaðafjöll, ok reistu þar tjöld sín. En er konúngr var sofn-aðr með sínum mönnum, stóðu upp þrælarnir ok drápu alla varðmennina; síðan gengu þeir í tjaldit, þángat sem konúngr lá, tóku þeir nú Tyrfíng ok brugðu, ok myrðtu með honum Heiðrek konúng ok alla þá, þar inni voru; er þetta talit hit þriðja niðingsverk unnit með Tyrfíngi, eptir því, sem dverggrinn hafði fyrimælt, voru nú endut þau álög. Höfðu nú

<sup>1</sup>) saklausan, b. v. J, M.

Þrælarnir Tyrffing í burt með sér, ok allt þat í tjaldinu var fëmætt. Um morguninn eptir komu menn Heiðreks konúgs, ok fundu hann dáuðan; sendu þeir þá heim, at segja Ángantýr tíðendin; hann lætr þegar reisa haug mikinn þar undir Hávaðafjöllum í þeim stað, sem konúgrinn var drepinn; var sá haugr viðum snúinn ok gjörr rambyggiligr; var Heiðrekr þar í lagðr, ok þeir menn, er myrðtir voru með honum. Síðan var þing stefnt, ok Ángantýr til konúgs tekinn yfir öll þau ríki, er Heiðrekr konúgr hafði átt; á þessu þingi strengdi hann heit, at aldrei fyrr skyldi hann setjast í háseti föður síns, enn hann hefði hefnt hans. Litlu síðarr hverfr Ángantýr í burt einnsaman, ok ferr víða at leita þrælanna; eitt sinn gengr hann til sjófar með á þeirri, er Greipá<sup>1</sup> hét; þar sá hann menn á báti, ok sátu at fiski; því nærst sá hann, at maðr dró fisk, ok kallar, at annar skuli fá honum agnsaxit at höfða fiskinn; en sá kveðst eigi laust mega láta. Hinn mælti: taktu sverðit [í lyptingunni<sup>2</sup>, ok fá mæ. En sá tók ok brá, ok sneið höfuð af fiskinum; þá kvað hann vísu:

Þess galdt hún gedda  
fyri Greipár<sup>3</sup> ósi,  
at Heiðrekr var veginn  
undir Hávaðafjöllum<sup>4</sup>.

Ángantýr kendi þegar Tyrffing; gekk hann þá

<sup>1</sup>) Grafá, M. <sup>2</sup>) undan höfða-fjölinni, J, M. <sup>3</sup>) Grafár, M. <sup>4</sup>) Harvaðafjöllum, J, M.

í burt í skóginn ok dvaldist þar; en fiskimenn þessir ræru at landi, ok fóru til tjalds þess, er þeir áttu, ok lögðust til svefns. En nær miðri nóttu kom Ángantýr þar, ok feldi á þá tjaldit, ok drap þá 9 saman, ok tók sverðit Tyrfing, ok var þat til marks, at hann hafði hefnt föður síns; fór Ángantýr nú heim. Síðan lét hann efna veizlu mikla á [þeim bæ, er Dampstaðir heita í Árheimum, er sumir kalla Ernar hérað, var þat höfuðborg á Reiðgotalandi í þann tíma, ok drakk þar erfi eptir föður sinn. Þessir konungar ræðu þá löndum, sem hér segir:

Ár kváðu Humla  
 fyrir her ráða,  
 Gizr Gautum,  
 Gotum Ángantýr,  
 Valdar Dönum,  
 en [Völlum Ákjar<sup>2</sup>,  
 Álfrekr hinn frækni  
 Enskri þjóðu.

Hlöðverr<sup>1</sup>, son Heiðreks konungs, fæddist upp með Humla konungi, móðurföður sínum, sem fyrr er sagt, ok var allra manna fríðastr sýnum ok drengiligastr. En þat var fornt mál í þann tíma, at maðr væri borinn með vopnum eðr hestum; en þat var til þess haft, at þat var mælt um þau vopn, er þá voru þeim gjör þann tíma, svá ok

<sup>1</sup>) Dauparstöðum (Dampstöðum, J.) á þeim bæ er Árheimar heita, J, M. <sup>2</sup>) Völum Kjar, J, M. <sup>3</sup>) Hlöðr, allstúðar J, M.

fè, ok kvikendi ok hestar, ef þat var þá fædt, ok var þat alltsaman fært til virðingar tignum mönnum, sem hær segir um Hlöðver Heiðreksson:

Hlöðr var þá<sup>1</sup> borinn  
í Humlalandi<sup>2</sup>  
saxi ok með sverði,  
síðri brynju,  
hjálmi hríngreifðum<sup>3</sup>  
ok hvössum mæki,  
mari vel tömdum<sup>4</sup>,  
á mörk hinni helgu.

Nú spyr Hlöðverr fráfall föður síns, ok þat með, at Ángantýr, bróðir hans, var til konungs tekinn yfir öll þau ríki, er faðir hans hafði átt. Nú vilja þeir Humli ok Löðr, at hann fari at krefja arfs Ángantýr, bróður sinn, fyrst með góðum orðum; sem hær segir:

Hlöðr reið utan<sup>5</sup>,  
Heiðreks arfi<sup>6</sup>,  
kom at garði þar,  
er Gautar<sup>7</sup> byggja,  
á Árheima  
arfs at krefja<sup>8</sup>,  
þar drakk Ángantýr  
erfi Heiðreks kóngs.

Nú kom Hlöðr í Árheima með miklu liði, sem hær segir:

<sup>1</sup>) þar, *J, M.* <sup>2</sup>) Húnalandi, *M.* <sup>3</sup>) huggreifðum, *M.* <sup>4</sup>) tömum, *J, M.* <sup>5</sup>) austan, *J, M.* <sup>6</sup>) mögr, *M.* <sup>7</sup>) Gotar, *M.* <sup>8</sup>) kveðja, *J, M.*

Segg fann hann úti  
 fyri sal háum,  
 ok síðförlan  
 síðan kvaddi:  
 inn gakk þú, söggr!  
 í sal háan,  
 bið mæ Angantýr  
 annspjöll bera.

Sá gekk inn fyri konungsborð, ok kvaddi Angantýr konung, ok mælti síðan:

Hér er Hlökkferr kominn,  
 Heiðreks arfþegi,  
 bróðir þinn  
 enn beðrammi<sup>1</sup>,  
 mikill er sá maðr<sup>2</sup>  
 á mars baki,  
 vill nú þjóðáss<sup>3</sup>  
 við þik tala.

En er konungur heyrði þetta, þá varpaði hann knífnum á borðit, en sté undan borðinu, ok steypiti yfir sik brynju, ok tók hvítan skjöld í hönd sér, en sverð í aðra. Þá gjörðist gnýrr mikill í höllinni, sem hér segir:

Rymr var í ranni,  
 risu með goðum<sup>4</sup>,  
 vildi hvörr heyra,  
 hvat er Hlökk mælti,  
 ok þat er Angantýr  
 andsvör veitti.

<sup>1</sup>) beðskammi, *J, M.* <sup>2</sup>) mjök, *b. v. J;* úngr, *b. v. M.* <sup>3</sup>) þjóðann, *M.* <sup>4</sup>) eða goðum, eða Goðum.

Þá mælti Ángantýr: vel þú kominn! vel þú verir! gakk inn með oss til drykkju, ok drekkum mjöð eptir föður okkar, fyrst til sama ok öllum oss til vegs, með öllum vorum sóma<sup>1</sup>. Hlöðr mælti: til annars fóru vér hingat, enn kýla vömb vora; þá kvað Hlöðr:

Hafa vil ek hált<sup>2</sup>,  
þat er Heiðrekr átti,  
af al ok af oddi,  
einnin skatti,  
kú ok af kálfi,  
kvern þjótandi;

Þý ok af þræli  
ok þeirra börnum<sup>3</sup>,  
[hrísi því hinu<sup>4</sup> mæta<sup>5</sup>,  
er Myrkviðr heitir,  
gröf þá hinu helgu<sup>6</sup>,  
er stendr á [götu þjóða<sup>7</sup>;

Stein þann hinn fagra<sup>8</sup>  
á stöðum Dampnar<sup>9</sup>,  
hálfar herborgir,  
er Heiðrekr átti,  
[landa ok lýða  
ok ljósra<sup>10</sup> bauga.

Ángantýr kvað:

Bresta<sup>11</sup> mun<sup>12</sup>, bróðir minn<sup>13</sup>!

1) þannig öll. 2) allt, b. v. J. M. 3) barni, M. 4) hrís þat it, M. 5) mæra, J. 6) göðu, M. 7) Goðþjóðu, J. 8) mæra er stendr, M. 9) Dampnar, J; Dampar, M. 10) land ok lýði ok ljósa, M. 11) bera, J. 12) fyrr, b. v. M. 13) v. í M.

[blikhvíta hönd<sup>1</sup>  
 [ok kaldr geirr  
 koma við randir<sup>2</sup>,  
 ok margr gumi  
 í gras hníga,  
 [áðr enn Tyrfíng  
 í miðt deilik,  
 eða þér, Humlúngr!  
 hálfan arf gefak<sup>3</sup>.

Ok enn kvað Ángantýr:

Ek mun bjóða þér  
 fagnar veigar,  
 fè ok fjöld meiðna,  
 sem mik fremst tíðir;  
 tólf hundruð gef ek þér manna,  
 tólf hundruð gef ek þér mara,  
 tólf hundruð gef ek þér skálka,  
 þeirra er skjöld bera.

Manni gef ek hvörjum  
 margt at þiggja<sup>4</sup>  
 meyju spennu ek hvörri  
 men at hálsi.

Mun ek (um) þik sitjanda  
 silfri mæla,  
 en gánganda þik  
 gulli steypa,

<sup>1</sup>) lindinn blikhvíta, *M.* <sup>2</sup>) *v. í M;* o. k. g. k. v. annat, *J.* <sup>3</sup>) ek mun Humlúngr hálfan láta, eða Tyrfíng í tvö deila. Bjóð ek þér, frændi! til heilla satta, mikit ríki ok ærit fé, 12 hundruð vápna, *M,* sem hér er úti. <sup>4</sup>) annat æðra, enn hann á nýði; mey gef ek hvörjum manni at þiggja, *b. v. J.*



svá á vegu alla  
 velti baugar;  
 Þriðjúng Goðþjóðar,  
 Því skaltu ráða!

17. Gizr Gertíngaliði<sup>1</sup>, fóstri Heiðreks konungs, var þá með Ángantýr konungi; hann var þá ofr gamall; ok er hann heyrði boð Ángantýrs, þótti honum hann ofmikit bjóða, ok mælti:

Þetta er þiggjanda  
 þýar barni,  
 [barni þýa<sup>2</sup>,  
 ok þótt sè borinn konúngr;  
 þá hornúngr<sup>3</sup>  
 á haugi sat,  
 er öðlíngr  
 arfi skipti.

Hlöðverr reiddist nú mjök, er hann var þýar-barn ok hórúngr kallaðr, ef hann þægi boð bróður síns; snéri hann þá þaðan burt með alla sína menn, til þess hann kom í Húnaland til Humla konungs, móðurföður síns, ok sagði honum, at Ángantýr, bróðir hans, hefði unnat honum þriðjunga<sup>4</sup> skiptis. Humli konúngr spurði þá allt tal þeirra, ok varð mjök reiðr, er Hlöðr, dótturson hans skyldi ambáttarson heita, ok mælti:

Sitja skulu við í vetr  
 ok sælliga lifa,

<sup>1</sup>) Gyrtíngaliði, J. <sup>2</sup>) þannig b. v. J. <sup>3</sup>) þannig J; Humlúngr, A. <sup>4</sup>) helminga, J.

drekka ok dæma  
 dýrar veigar,  
 kenna Húnum  
 vopn at búa,  
 þau er djarfliga  
 skulum frambera.

Ok enn kvað hann:

Vel skulu vèr', Hlöðr!  
 herlið búa,  
 ok ramligar<sup>2</sup>  
 hildir heyja,  
 með tólf vetra gömlu mengi  
 ok tvævetrum fola,  
 svá skal Húna  
 her um safna.

Þenna vetr sátu þeir Humli konúgr ok Hlöðr um kyrt; um vorit drógu þeir her saman, svá mikinn, at aleyða var eptir í Húnalandi<sup>3</sup> vígra manna. Allir menn fóru 12 vetra gamlir, ok [þat at sextugs aldri<sup>4</sup>; var þat svá mikill herr, at þúsundum mátti telja, en eigi smærra, enn þúsundir í fylkingar; [en höfðingi var settr yfir þúsund hvörja, en merki yfir hvörja fylking<sup>5</sup>, en 5 þúsund í hvörja fylking, þeirra er 13 hundruð<sup>6</sup> voru í hvörri, en í hvört hundruð fernir 40<sup>7</sup>, en þessar fylkingar voru 3 ok 30. Sem þessi herr kom saman, ríða þeir á skóg þann, er Myrkviðr heitir; hann skilr Húnaland ok Reiðgota-

<sup>1</sup>) þær, J. <sup>2</sup>) frálíga, J. <sup>3</sup>) Humlalandi, J. <sup>4</sup>) eldri, þeir eð herfærir voru at vopnum ok hestum, þvíat allir fóru tvævetrir ok eldri, J. <sup>5</sup>) þannig J; gleynt úr A. <sup>6</sup>) þannig J; 16 hundruð, rúngt, A; sbr. bls. 502. 505. <sup>7</sup>) þannig J; 60, rúngt, A.

land<sup>1)</sup>. En sem þeir komu af skóginum, þá voru sléttir vellir ok byggðir stórar, en á völlum stóð borg ein fögur; þar ræð fyrir Hervör, systir Ángantýrs ok Hlödvers, ok með henni Ormar<sup>2)</sup>, dóstri hennar; voru þau sett þar til landgæzlu fyrir her Húna, höfðu þau þar mikit lið.

18. Einn morgun um sólarupprás, sem Hervör stóð uppá kastala einum yfir borgarhliði, sá hún jórreyki stóra suðr til skógarins, svá laungum fól sólina; því nærst sá hún gjörla undir jórreykinn, sem á gull eitt liti, fagra skjöldu ok gull-lagða, gylta hjálma ok hvítar brynjur; sá hún þá, at þat var Húna herr ok mikill mannfjöldi. Hervör gekk ofan skyndiliga, ok kallar á lúðrsvain sinn, ok bað hann blása samann lið. Síðan mælti Hervör: takið vopn yðar, ok búist til orrostu, en þú, Ormar! ríð ímót Húnum, ok bjóð þeim til bardaga fyri borgarhliði enu sýðra. Ormar svarar: svá mikinn her hafa Húnar, at eigi fáu vèr viðstaðizt, er þat því mitt ráð, at þú ríðir undan til Ángantýrs konungs, bróður þíns, ok segir honum, hvörsu komit er. Hervör mælti: ertu nú hræddr, Ormar! at finna Húna? gjör, sem ek sagða, ok bjóð þeim bardaga! Ormar kvað:

Skal ek víst ríða,

ok<sup>3)</sup> rönd bera

Gauða kyndum<sup>4)</sup>,

gunni at heyja.

1) Gotland, J. 2) Ormr, *allstaðar J.* 3) *úgáttat; i, A, J.* 4) *þjóðum, J.*

hún á hauðri,

. . . . .  
enn við biðil ræða,

eðr í bekk at fara

at brúðargangi.

En þá Ángantýr heyrði þetta, brá hann grön-  
um, ok tók seint til orða; hann mælti um  
síðir: óbróðrliga varstu leikin, hin ágæta syst-  
ir! ok síðan leit hann yfir hirð sína, ok var ekki  
margt lið með honum; hann kvað þá:

Mjök voru vèr margir,

er vèr mjöð drukkum,

nú eru vèr færri

er vèr fleiri skyldum;

sè ek eigi þann

í mínu liði,

þótt ek biðl

ok baugum kaupl,

er mauni ríða

ok<sup>2</sup> rönd bera,

ok þeirra Húna

herlið finna.

Gizr gamli sagði:

Ek mun þar einkis

eyris krefja,

nè skuldanda

skarfs úr gulli;

þó skal ek ríða

ok<sup>2</sup> rönd bera,

<sup>1</sup>) hér mun og vanta í vísuna, þó eigi sé eyða þar fyrir í  
handritunum. <sup>2</sup>) úgizkað; í, A, J.

Húna þjóðum  
gunni at bjóða.

Þat voru lög-Heiðreks konúngs, ef herr var í landi, at landkonúngr haslaði orrostuvöll, ok lagði orrostustað, þá skyldu víkingar ekki herja, fyrr enn orrosta væri reynd. Gizr herklæddist nú með góðum vopnum, ok hljóp á sinn hest, sem úngr væri; þá mælti hann til konúngs:

Hvar skal ek Húnum  
hervíg kenna?

Ángantýr konúngr kvað:

Kendu á Dylgju<sup>1</sup>  
ok á Dúnheiði,  
ok á þeim öllum  
Jossar<sup>2</sup> fjöllum;  
báru opt Gotar  
ok geir háðu,  
ok fagran sigr  
frægir fengu.

Nú reið Gizr í burt, ok þartil, er hann kom í her Húna; hann reið eigi nærr, enn svá, at hann mátti tala við þá; þá kallaði hann hárrí röddu, ok kvað:

Felmtr er yðarr fylki,  
feigr er yðarr vísir,  
græfr<sup>3</sup> yðurr gunnfari,  
gramr er yðr Óðinn.

Ok enn:

Býð ek yðr at Dylgju  
ok á Dúnheiði

<sup>1</sup>) Dýngju, *allstaðar J.* <sup>2</sup>) Jossur, *allstaðar J.* <sup>3</sup>) græfr, *J.*

orröstu, undir  
 Jossar fjöllum;  
 hræsi yðr  
 at há hvörju<sup>1</sup>;  
 ok láti svá Óðinn  
 flein fljúga,  
 sem ek fyrimæli.

Þá Hlöðr hafði heyrt orð Gizrs, kvað hann:  
 Taki þér Gizr,  
 mann Ángantýrs,  
 kominn af Árheimum!

Humli konúgr sagði:  
 eigi skulum  
 árum spilla,  
 þeim er<sup>2</sup> fara  
 einir saman.

Gizr mælti: eigi gjöra Húnar oss vesaða, né hornbogar yðar. Gizr drap þá hest sinn sporum, ok reið á fund Ángantýrs, gekk fyrir hann, ok kvaddi hann vel. Konúgr spyr, hvort hann hefði fundit Húna her<sup>3</sup>; Gizr mælti: talaða ek við hann, ok stefnda ek þeim á vígvöll at Dúnheiði á Dylgjudölum. Ángantýr spyr, hvat mikit lið Húnar hafa. Gizr mælti: mikit er þeirra mengi: [3 ok 30 eru<sup>4</sup> fylki, í fylki hvörju 5 þúsund, í hvörri þúsund 13 hundruð manna, í hundraði hvörju [halir 20<sup>4</sup> fjórtaldir. Ángantýr lét þá herör uppskera, ok sendi menn alla vega frá sér, ok stefndi

<sup>1</sup>) Hér sýnist eitthvað tvanta. <sup>2</sup>) konúgr, J. <sup>3</sup>) þannig leiðrétt eptir bls. 496; 500 eru í, A, J. <sup>4</sup>) þannig leiðrétt; háls, A; háls, J.

hvörjum manni til sín, er honum vildi lið veita, ok vopnum mátti valda; fór hann þá á Dúnheiði með lið sitt, ok hafði 50 þúsundir; kom þá á móti honum Húna herr, ok er svá sagt, at liðsmunr væri svá mikill í fyrstu, at 7 væri um einn Ángantýrs manna. Reistu nú hvorutveggjusínar herbúðir, ok sváfu af um nóttina.

19. At morgni komanda bjuggust hvorutveggju til orrostu, ok skípuðu fylkingum; var þá blásit í lúðra, svá at heyrðist um 20 mílur á hvörn veg, en landit allt skalf, sem á þræði lèki; síga nú saman fylkingar; var fyrst skotit spjótum ok örfum, gaflokum ok flettiskeptum, armbristum ok pálstöfum, ok allt var þat á lopti haft, er mannsbani mátti verða, ok gekk þat lengi. En er skothríðinni lètti, brugðu þeir sverðum, ok tókst þá höggorrosta áköf, ok börðust þann dag allan; foru síðan til herbúða um kvöldit, ok hafði nú þriðjungur fallit af liði Ángantýrs, en fátt af Húnum; dreif þá lið til Ángantýrs á nótt ok degi af öllum áttum. Um morguninn í ár tóku þeir til bardaga, ok var hann augu óákafari, enn hinn fyrra daginn; var þar margr skjöldr brotinn ok brynja slitin, ok margr góðr riddari lét þar sitt líf; gekk svá allan daginn; snéri þá enn mannfallinu í lið Ángantýrs, ok skildi nótt bardagann; gekk þat eins til hinn þriðja daginn, at þeir börðust til kvölds, ok veitti Húnum betr. Hinn fjórða dag blésu þeir öllu liðinu til mótvallar, ok hófu orrostuna með ógrligum trumbuþit ok lúðrs

hljóðum, ok varð nú ákafligt mannfali í liði Ángantýrs. Þetta getr at líta Gizr hinn gamli, ok eyrir hit versta; reið hann þá fram í her Húna, sem barnúngr væri, ok drap svá margan mann, at seint er at telja; var enginn skjölðr svá harðr, eðr hlíf traust, at stæðist fyrir hans höggum. Ormar harðist ok ágætavel í liði Gota, var hann þó lítt gróinn sára þeirra, er hann fékk í hinum fyrra bardaganum. En hvar sem Ángantýr fór um herinn, hrökk allt undan honum; var þeim aungum lífs von, er hann náði til með Tyrffingi; var nú svá mikit blóð á vígvelli, at í belti tók. En sem daginn endaði, fóru þeir til tjalda, ok bundu sár manna sinna; var nú illr kurr í liði Gota, því Húnum veitti jafnan betr. Fóru þeir þó enn til orrostu hinn fimmta daginn, ok vörðu sik vaskliga, því Ángantýr sýndi jafnan hina drengiligustu framgaungu. Ok er áleið daginn, heyrðu þeir herblástr ok trumbuþit; var þar þá kominn Herlaugr með 60 þúsundir manna til liðs við Ángantýr; Ángantýr bað hann velkominn vera sèr í þörfum; síðan settu þeir sèr sínar herbúðir. Tók nú allr herinn á sik náðir um nóttina. En sem vígljóst var, tóku þeir til orrostu; var svá mikit mannfali þann dag, at enginn vissi tölu á, en hestar óðu blóðit í brjóstgjardir; varð þá eigi barizt lengr á vígvelli fyri dauðra manna búkum, ok hallaðist nú mjök bardaginn á Húna. Hinn níunda daginn sendi Illöðr boð til Ángantýrs, ok bað, at þeir hvíld-



ust þann dag, til at skepta spjót ok styrkja skildi; Ángantýr játaði því; voru þá höfðingjar allir heilir. Hafði nú Ángantýr eigi minna lið, enn í fyrstu, er bardaginn hófst, 50 þúsundir, því all-  
við hafði safnast at honum lið, bæði á nóttu ok degi; en Hlöðr hafði þá eigi meira eptir af öllum sínum her, enn 40 þúsundir, en af hans liði voru fallnar þrisvarsinnu hundruð þúsundir, þrjátígi þúsundir ok átta hundruð betr; en eigi greinir, hvat margt lið Ángantýr hafði mist, ok nefna fornsögur eina þessa orrostu mesta fyrir norðan haf. En er sá tíundi dagr kom, skyldi til stáls sverfa með þeim, svá annarhvárr yrði frjáls at kvöldi; eggjar Hlöðverr nú Húna af megni, ok kvað illt mundi Gota gríða at biðja: vilda ek finna Gizr enn gamla, áðr. enn lýkr þessari orrostu, því við egum nokkut við skrafast. Í annann stað mælti Ángantýr til sinna manna: sækju vèr fram hermannliga, ok verjum frelsi vort ok fóstrjörð; Herlaugr kvaðst honum gjarnan fylgja skyldu, ok sagðist eiga at hefna systurdóttur sinnar á Húnum. Síðan setti hvoru-  
tveggi herinn horn at munni sér, ok blésu herblástr, svá fjöllin tóku undir, en heyra mátti vel 20 mílur, er þeir riðu til orrostunnar. Síðan brugðu þeir sverðum, ok tóku at berjast, var þar aungum hugar at frýja. Hlöðr reið nú fram fremstr sinna manna, ok drap liðit á tvær hendr, sem hit ólmasta león, ok hvar sem hann hitti á þykkva fylking, hjó hann 12 í höggi til bana;

skaut nú mörgum skelk í bríngu, ok sögðu, at engi mundi í hernum hans líki vera, barr hann sína báða arma blóðuga uppá axlir, ok létti aldri þessari sókn, til þess hrökk undir miðdegi. Humli konúgr gekk bezt fram í liði Húna, nærst Hlöðvi, ok var þeimjaungvum lífs von, er hann kom sverðshöggi á. En í Gotaher sýndu þeir ágætasta framgaungu, Ángantýrkonúgr, Herlaugr ok Gizr gamli; feldi Ángantýr jafnan 12 í höggi, ef hann fann þá svá saman; sáust þeir bræðr lengi við, ok riðust hjá í orrostunni, svá hvorigr ræð at öðrum. Var nú margr þykkr hjálmr klofinn, ok sterk brynja rifin; mátti þar líta margan riddara holhöggvinn, ok hest lausan með söðli hlaupa. Flugu þá örvar ok spjót svá þykkt, at eigi sá sólina fyrir, en vopnagaýrinn svá mikill, at enginn skildi, hvat annar talaði; urðu þá margir skjótir atburðir, þótt hær seú fáir greindir. Nú hittast þeir í bardaganum Humli konúgr ok Ormar, ok áttust við hart vopnaskipti, ok lauk svá, at Ormar féll dauðr niðr. Þetta gat at líta Gizr hinn gamli, ok hjó til Humla konúgs; kom sverðit á öxlina, ok leysti frá höndina með sfönni, féll konúgr þá dauðr af hestinum. Þetta sér Hlöðr ok riðr at Gizuri, ok höggr til hans af öllu afli í hjálminn, ok klýfr hausinn, brynjuna ok búkin, söðulinn ok hestinn, sundr í miðju; nam sverðit í jörðu staðar. Herlaugr er nú nær staðr, ok reið at Hlöðvi, svá mælandi: þora mun ek at

deyða þetta tröll, ella skal ek fá slíkt högg af honum sem Gizr; hann höggr nú af öllu aflu til Hlöðvers, ok kom í hjálminn, ok tók af þat, er nam; hrökk þá sverðit útaf á öxlina, svá brynjan falsaðist, ok varð konúngsson lítt sárr; hann höggr nú ímóti til Herlaugs, en hann veik sèr undan; nam þó oddrinn brjóstit, ok risti brynjuna, ok þar með kviðinn. Ángantýr sèr nú þetta, ok ríðr fram ímilli þeirra, ok höggr til Hlöðvers með Tyrfsingi; en hann barr undir sverðit, ok tók Tyrfsingr þat til miðs í sundr; varð hèr af gnýrr mikill; börðust þeir svá lengi dags, at Ángantýr kom hvarki á hann höggi nè lagi; höggr þá Ángantýr hjöltun bæði af sverði Hlöðvers með Tyrfsingi, ok sljófgaðist hann eigi við þat. Nú höggr Hlöðr til Ángantýrs í hjálminn, en hann var svá harðr, at ekki sakaði, stökk þá sverðit í sundr þar, sem Tyrfsingr hafði áðr tekit. Ángantýr hjó enn til Hlöðvers; en hann barr undir þat, sem eptir var af sverðinu; nam Tyrfsingr öxlina við brjóstit, ok gekk oddrinn á hol; gjörði þá Ángantýr ekki at meira, ok skildu við þat, gafst þegar upp bardaginn; var þá svá fallinn herr Húna, at ekki lifðu eptir meira, enn 3 hundruð manna af öllum þeim mikla fjölda, en þó allir sárir ok móðir; en 15 þúsundir lifðu eptir af mönnum Ángantýrs ok Herlaugs; býðr nú Ángantýr Húnum grið, ok þáu þeir þat gjarna. Ferr nú Ángantýr at leita Herlaugs, ok fann hann um síðir;

hafði Herlaugr riðit langt í burt af vígvelli til herbúðanna, ok lág nálægt konúngs tjöldum, hafði hann vafit klæðum um lífit, en ekki mátti hann mæla; flutti konúngr hann heim í tjald sitt, ok saumaði saman kviðinn með silkipræði, ok lagði hann síðan í silkisæng; var þá orðit myrkt af nótt; gengu menn nú til náða, ok sváfu af um nóttina<sup>1</sup>.

20. At morgni komanda lætr konúngr kanna valinn, ok fannst þar enginn lifandi maðr, höfðu þeir allir druknat í blóðinu, er sik báru eigi af vígvelli. Fór þá konúngr at leita Hlöðvers, ok fann hann dauðan á einum háum hól; þá kvað hann þetta:

Bauð ek þér, bróðir!  
 óskir tvær<sup>2</sup>,  
 fè ok fjöld<sup>3</sup> meiðna,  
 sem mik framast tíði<sup>4</sup>;  
 nú hefir þú hvorki  
 hildar at gjöldum  
 ljósa bauga,  
 nè land ekki.

Ok enn kvað hann:

Bölvat er okkr, bróðir!  
 bani em ek þinn orðinn,  
 þat mun enn uppi,  
 illr er dómr nerna.

[Læt Ángantýr síðan heygja hann á þeim sama hól, sem hann hafði fallit, ok þrjá aðra með

<sup>1</sup>) Þessi kapituli er allr fíorðari í J. <sup>2</sup>) hér er eyða fyrir 1 eða 2 hendíngum í J. <sup>3</sup>) fold, J. <sup>4</sup>) úddi, J.

honum, þá fremstu, sem áðr eru nefndir; en öllum almúga var rudt saman í stóra búnga, ok ausit moldu yfir; var þessi orrostustaðr 8 mílur í kring, sem valrinn hafði fallit; sèr nú enn í dag merki til hauganna. Er þat sagt, at Reiðgotaland ok Húnaland sè nú Þýðskaland kallat; Þýðskaland er talit 12 konungaríki, sem Norvegr. Ekki er þess getit, hvort Ángantýr tæki undir sik Húnaland eðr eigi. En þá Herlaugr var gróinn sára sinna; fór hann til Garðaríkis, ok þótti hinn beztu drengur; höfu vèr eigi heyrt sagt af honum framarr<sup>1</sup>. En Ángantýr konungur stýrði Reiðgotalandi til dauðadags, ok líktist mjök Höfundu konungi, afa sínum; hans son var Heiðrekr úlfshamr, er ríki tók eptir föður sinn, ok ræð hann því lánga tíma; hann átti dóttur, er Hildir hèt; hún var móðir Hálfðánuar snjalla, föður Ívars hins víðfaðma<sup>2</sup>. Ívar hinn víðfaðmi kom með her sinn í Svíaveldi, sem segrir í konungasögum; en Íngjaldr konungur hinn illráði hræddist her hans, ok brendi sik sjálfan inni með allri hirð sinni<sup>3</sup>. Ívar hinn víðfaðmi lagði þá undir sik allt Svíaveldi; hann vann ok Danaveldi, Kúrland, Saxland ok Eystland, ok ölla austríki allt til Garðaríkis; hann ræð ok Vestra-Saxlandi, ok vann einn hluta Englands, er þat kallat Norðymbraland; setti hann þá Valdarkonung yfir Danaveldi, ok gipti honum Álfhildi

<sup>1</sup>) frá merkinu [ v. i J. <sup>2</sup>) víðfarna, allstaðar J. <sup>3</sup>) á þeim stað; er Ræningi heitir, b. v. J.

dóttur sína; þeirra synir voru þeir Haraldr hilditönn ok Randverr'. Valdar andaðist í Danmörk<sup>2</sup>; en Haraldr hilditönn lét gefa sér konungsnafn í Gotlandi, ok síðan lagði hann undir sik öll þau ríki, er Ívar konúgr hinn víðfaðmi hafði átt<sup>3</sup>; sonr Randvers, bróður hans,

<sup>1</sup>, er síðan féll á Englandi, b. v. J. <sup>2</sup>) tók þá Randverr Danaríki, ok gjörðist konúgr yfir, b. v. J. <sup>3</sup>) *I stað þess sem eptir fylgir hefir J þannig niðrlegið*: Randverr konúgr fékk Asu, dóttur Haralds konúgs ens gotrauða norðan úr Noregi; son þeirra var Sigurðr hríng. Randverr konúgr varð bráðdauðr, en Sigurðr hríngr tók konúgdóm í Danmörk; hann harðist við Harald konúg hilditönn á Brávelli í Eystra-Gotlandi, ok þar féll Haraldr konúgr ok mikill fjöldi liðs; þessarar orrostu hefir helst verit getit í fornum sögum, ok mest mannfali í orðit, ok sú, er Angantýr ok hans bróðir Hlöd'r börðust á Dúnheiði. Sigurðr konúgr hríngr réð Danaríki til dauðadags; en eptir hann Ragnar konúgr loðbrók, son hans. Sonr Haraldar hilditannar hét Eysteinn hinn illraði; hann tók Svíaríki eptir föður sinn, ok réð því, þartil er synir Ragnars konúgs féldu hann, svá sem segir í hans sögu. Þeir synir Ragnars konúgs lögðu þá undir sik Svíaveldi; en eptir dauða Ragnars konúgs tók Björn, son hans, járnsiða Svíaveldi, Sigurðr Danaveldi, Hvítserkr Austrríki, Ivar hinn beinlausí England. Synir Bjarnar járnsiðu voru þeir Eirekr ok Refill; hann var herkonúgr ok sækonúgr; en Eirekr konúgr yfir Svíaríki eptir föður sinn, ok lifði litla hríð. Þá tók ríkit Eirekr, son Refils; hann var mikill hermaðr ok allríkr konúgr. Bjarnar synir voru þeir Eirekr Uppsali ok Björn konúgr; þá kom Svíaríki enn í bræðra skipti; þeir taka ríki eptir Eirek Refilsson. Björn konúgr efldi þann stað, er at Haugi heitir; hann var kallaðr Björn at Haugi; með honum var Bragi skáld. Önundr konúgr hét son Eireks konúgs, er ríki tók eptir föður sinn at Uppsölum; hann var ríkr konúgr; á hans dögum hófst til ríkis í Noregi Haraldr konúgr hinn hárfagri, er fyrstr kom einvaldi í Noregi sinna settmanna. Björn hét son Önundar konúgs at Uppsölum; hann tók ríki eptir föður sinn, ok réð lengi. Synir Bjarnar voru þeir Eirekr hinn sigrsæli ok Olaf; þeir tóku ríki eptir föður sinn ok konúgdóm; Olaf

var Sigurðr hríngtr, faðir Ragnars loðbrókar. Sonr Ragnars var Björn járnsíða; hans son var Áslákr; sonr Ásléiks var Haraldr hryggtr, faðir Björns byrðusmjörs; hans son var Þorðr, er nam fyrstr Höfðaströnd í Skagafirði á Íslandi, var faðir Styrbjarnar hins sterka; á þeirra dögum andaðist Haraldr, konungtr hinn hárfagri. Styrbjörn barðist við Eirek konung, föðurbróður sinn, á Firisvöllum; þar féll Styrbjörn; síðan réð Eirekr Svíaríki til dauðadags; hann átti Sigríði ena stórráðu; Olaftr hét son þeirra, er til konungs var tekinn í Svíþjóð eptir Eirek konung; hann var þá barn, ok báru Svíar hann eptir sér, því kölluðu þeir hann skautkonung, en síðan Olaf Sænska; hann var lengi konungtr ok ríkr; hann tók fyrst kristni Svía-konunga, ok um hans daga var Svíþjóð kölluð kristin. Önundr hét son Olafs konungs Sænska, er konungdómur tók eptir hann, ok varð sótt dauðr; á hans dögum féll Olaftr konungtr helgi á Stiklastöðum. Eyvindr hét annar son Olafs Sænska, er konungdómur tók eptir bróður sinn; um hans daga héldu Svíar illa kristni. Eyvindr var litla hrið konungtr. Steinkell hét ríkr maðr í Svíaríki ok kyntórr; móðir hans hét Astrúðr, dóttir Njals Finnssonar ens skjálga af Hálogalandi; en faðir hans var Rögnvaldr hinn gamli. Steinkell var fyrstr (fyrst) jarl í Svíþjóð, en eptir dauða Eyvindar konungs, tóku Svíar hann til konungs; þá gekk konungdómurinn úr langfeðgaætt í Svíþjóð enna fornu konunga. Steinkell var mikill höfðingi; hann átti dóttur Eyvindar konungs; hann varð sótt dauðr í Svíþjóð, nær því, er Haraldr konungtr féll á Englandi. Ingi hét son Steinkels, er Svíar tóku til konungs nærst eptir Steinkel; Ingi var þar lengi konungtr ok vinsæll, ok vel kristinn; hann eyddi blótum í Svíþjóð, ok bað fólk allt þar at kristnast; en Svíar höfðu ofmikinn átrúnað á heiðnum goðum, ok héldu fornum síðum. Ingi konungtr gekk at eiga þá konu, er Mær hét; bróðir hennar hét Sveinn; Inga konungi þóknaðist enginn maðr svá vel, ok varð Sveinn því í Svíþjóð hinn ríkasti maðr. Svium þótti Ingi konungtr brjóta forn landslög á sér, er hann vandaði um þá hluti marga, er Steinkell; faðir hans, hafði standa látit. Á þingi nokkru, er Svíar áttu við Inga konung, gjörðu þeir honum tvo kosti, hvort hann vildi heldr halda við þá forn lög, eða láta af konungdómi. Þá mælti Ingi konungtr,

einn hinn ágætasti landnámsmanna; hann átti 11 syni ok 8 dætr, ok eru miklar ættir frá þeim komnar; ok endum vèr svá söguna af Hervöru ok Heiðreki konúngi, syni hennar.

ok kvaðst eigi mundi kasta þeirri trú, sem rétt væri; þá æptu Svíar upp, ok þreyngdu honum með grjóti, ok ráku hann af lögþinginu. Sveinn, mágr konúngs, var eptir á þinginu; hann bauð Svíum, at efla blót fyri þeim, ef þeir gæfi honum konúngdóm; því játa þeir allir við Svein; var hann þá til konúngs tekinn yfir alla Svíþjóð; var þá framleiddt hross eitt á þingit, ok höggvit í sundr, ok skipt til áts, en rjóðuðu blóðinu blótré; köstuðu þá allir Svíar kristni; ok hófust blót; en þeir ráku Inga konúng í burt, ok fór hann í Vestra-Gautland. Blót-Sveinn var 3 vetr konúngr yfir Svíum. Ingi konúngr fór með hirð sina ok sveit nokkra, hafði þó lítinn her; hann reið austr um Smáland ok í Eystra-Gautland, svá í Svíþjóð, reið bæði dag ok nótt, ok kom óvart Sveini, snemma um morgun. Þeir tóku á þeim hús, ok slóu í eldi, ok brendu þat lið, er inni var; þjófr hét lendr maðr, er þar brann inni; hann hafði átt fylgt Blót-Sveini; Sveinn gekk út, ok var drepinn. Ingi tók svá konúngdóm at nýu yfir Svíum, ok leiðrétti þá enn kristnina, ok réð ríkinu til dauðadags, ok varð sótt dauðr. Hallsteinn hét son Steinkels konúngs, bróðir Inga konúngs, er konúngr var með Inga konúngi, bróður sínum. Synir Hallsteins voru þeir Philippus ok Ingi, er konúngdóm tók í Svíþjóð eptir Inga konúng gamla; Philippus átti Ingigerði, dóttur Haralds konúngs Sigurðsonar; var hann skamma stund konúngr.



---

## Hér hefr upp sögu Heiðreks konungs ens vitra.

---

1. Svá er sagt, at í fyrndinni var kállat Jötunheimar norðr í Finnmörk, en Ymisland fyr sunnan ok millim Hálogalands; þar bygðu þá risar víða, en sumir voru hálfrisar; var þá mikit sambland þjóðanna, þvíat risar fengu kvenna af Ymislandi. Guðmundr hét konúgr í Jötunheimum; hann var blótmaðr mikill; bær hans hét á Grund, en héraðit á Glasiðvöllum; hann var vitr ok ríkr; hann ok menn hans lifðu marga mannsaldra, ok því trúa heiðnir menn, at í hans ríki sé Údains-ákr, en hverr, er þar kemr, hverfr af sótt ok elli, ok má eigi deyja. Eptir dauða Guðmundar blótuðu menn hann, ok kölluðu hann goð sitt; hans sun hét Höfundr; hann var bæði forspárr ok spákr at viti, ok var dómandi allra mála yfir þeim ríkjum, er þar voru í nánd; hann dæmdi aldri rángan dóm, ok engi þorði at rjúfa hans dóma. Maðr hét Hergnirr, hann var risi ok bergbúi; hann nam af Ymislandi Amu Ymisdóttur, ok fékk síðan; þeirra sun var Hergrímr hálftröll; hann nam af Jötunheimum Ögn Alfasprengi, ok fékk síðan; Grímr hét sun þeirra. Hana hafði fest Starkaðr Aludrengr; hann hafði 8 hendr; hann var fariinn norðr

<sup>1)</sup> dóttur, er hér sleppt, þikkir sem því orði sé ofaukið, nema sjálfu nafninu sé gleymt, ok þetta eigi að vera: Amúddóttur, Ymisdóttar.

um Elivága, ok var hún þá brott tekin; en er hann kom heim, þá drap hann Hergrím á holmgaungu. Ögn lagði sik sverði í gegnum, ok vildi eigi giptast Starkaði. Eptir þat nam Starkaðr Alfhildi, dóttur Alfs konungs or Alfheimuni, en Þórr drap Starkað. Fór þá Alfhildir til frænda sinna, ok var Grímr með henni, þartil er hann fór í hernað, ok varð enn mesti hermaðr; hann fékk Bauggerðar, dóttur Starkaðs Aludrengs; hann fékk sér bústað í ey þeirri á Hælogalandi, er Bólm heitir; hann var kallaðr Ey-Grímr Bólmr. Sun þeirra Bauggerðar hét Arngrímr berserkr, er síðan bjó í Bólm, ok var enn ágætasti maðr.

2. Konúgr hét Sigrlami; svá er sagt, at hann væri sun Oðins; hans sun hét Svafrlami; hann tók ríki, eptir föður sinn; hann var enn mesti hermaðr. Ok einn dag, er konúgr reið á veiðar, ok hann varð einn sinna manna, sá hann einn stein mikinn við sólarsetr, ok þar hjá dverga tvá; konúgr vígði þá utan steins með málæsaxi; þeir beiddu fjörlausnar. Konúgr mælti: hvat heiti þer? annar nefndist Dvalinn, en annar Dulinu. Konúgr mælti: af því at þið eruð allra dverga hagastir, þá skulu þið gera mér sverð, sem bezt kunnir þið; hjöltin ok meðalkaflinn skal vera af gulli; þat skal svá bita járn, sem klæði, ok aldri ryðr á festast; því skal fylgja sigr í orrostum ok einvígjum, hverjum er berr; þessu játta þeir. Konúgr ríðr heim. En er stefnudagr kemr, þá ríðr konúgr til steinsins; eru þá dvergarnir úti, ok fengu konúngi sverðit, ok var eð fríðasta. En er Dvalinn stóð í steinsdurum, þá mælti hann: sverð þitt, Svafrlami! verðr manns bani hvert sinn, er brugðit er, ok með því skulu unnin vera 3 niðingsverk, þat skal ok verða þinn bani. Þá hjó konúgr sverðinu til dverganna, lupu þeir í steinin; höggit kom ok í steinin, ok fal báða eggteina, þvíat dyrnar, lukust aþr á steininum. Konúgr kall-

aði sverðit Tyrfing, ok barr hann jamnan síðan í orrostum ok einvígjum, ok hafði jamnan sigr. Konúngr átti dóttur, er hét Eyfura, hún var kvenna vænst ok vitrust. Arngrímr var þá í víking í Austurveg um Bjarmaland; hann herjaði í ríki Sigrlama konungs, ok átti orrostu við hann, ok áttust þeir vápna-skipti við, ok hjó konúngr til hans; Arngrímr kom fyrri sik skildinum, ok tók af skjaldarsporðinn, ok nam sverðit í jörðu staðar. Þá hjó Arngrímr af konúngi hönddina, ok féll þá niðr Tyrfingr; Arngrímr þreif sverðit Tyrfing, ok hjó með konúnginn fyrst, ok síðan marga aðra; tók hann þar herfáng mikit, ok flutti brott með sér Eyfuru, konungsdóttur, ok flutti hann hana heim til bús síns í Bólm; hann átti með henni 12 syni: Angantýr var elds<sup>1</sup>, þá Hervarðr, þá Hjörvarðr, Sæmíngr ok Rani, Brami, Barri, Reifnir, Tindr ok Búi, ok 2 Haddingjar; ok unnu þeir báðir eins verk, þvíat þeir voru tvíbúrar ok yngstir; en Angantýr vann tveggja verk, hann var ok höfði hærri, enn aðrir menn; allir voru þeir berserkir, ok umfram aðra menn at afli ok áræði; en þóat þeir færi í hernað, þá voru þeir aldri fleiri á skipi, enn 12 bræðr. Þeir fóru víða um lönd at herja, ok voru mjök sigrsælir, ok urðu enir frægstu. Angantýr hafði Tyrfing, en Sæmíngr Mistiltein, Hervarðr Brota<sup>2</sup>, ok allir höfðu þeir ágæt hólma-gaungu-sverð; en þat var síðvenja þeirra, þá er þeir voru með sínum mönnum einum, at þá er þeir fundu, at berserksgánger kom at þeim, fóru þeir á land upp, ok brutust við skóga, eða stóra steina, þvíat þeim hafði þat orðit, at þeir höfðu drepit menn sína, ok roðit skip sín; stórar sagur fóru af þeim ok mikil frægð.

*Heitstrenging.*

3. Einn jólaaptan í Bólm þá strengdi Angantýr heit at Bragar-fulli, sem síðvenja var, at hann skyldi

<sup>1</sup>) þannig. <sup>2</sup>) réttara mun: Hrotta.

eiga dóttur Yngva konungs at Uppsálum, Ingibjörgu, þá mey, er fegrst var ok vitrust á Danzka tungu, eða falla at öðrum kosti, ok eiga aunga konu aðra; eigi er sagt af fleirum heitstrengingum þeirra. Sú náttúra fylgdi Tyrfinngi, at hvert sinn, er hann var or slíðrum dreginn, þá lýsti af, sem af geisla, þóat myrkt væri, ok hann skyldi slíðra með vörmu mannsblóði; ekki lifði þat ok til annars dags, er blæddi af honum; hann er mjök frægr í öllum fornsögum. Þat sumar fóru þeir bræðr til Uppsala í Svíaríki, ok gengu inni höllina, ok segir honum heitstrenging sína, ok þat með, at hann vill fá dóttur hans; allir hlýddu, er inni voru. Angantýr bað konung segja, hvert þeirra erendi skyldi vera. Í því stæ framyfir horðit Hjálmarr enn hugum-stóri, ok mælti til konungs: minnist, herra! hversu mikla sæmd ek hefir þér unnit, síðan ek kóm í yðart ríki, ok í mörgum lífsháská fyrir yðr verit; ok fyri mína þjónustu bið ek, at þér giptit mér dóttur yðra; þikkist ek ok makligri mína bæn at þiggja, enn bérserkir þessir, er hverjum manni gera illt. Konungur hugsar fyri sér, ok þikkir þetta mikill vandi, hversu þessu skál svara, svá at minnst vandræði mætti af standa, ok svarar um síðir: þat vil ek, at Ingibjörg kjósi sér sjálf mann, hvern hún vill hafa. Hún segir: ef þér vilið mik manni gipta, þá vil ek þann eiga, er mér er áðr kunnigr at góðum lutum, en eigi þann, er ek hefir ekki af annat, enn sögur einar, ok allar illar. Angantýr mælti: ekki vil ek nippast orðum við þik, þvíat ek sé, at þú elskar Hjálmarr; en þú, Hjálmarr! kom suðr á Sámsey til hólmgængu við mik, ella ver hvers manns niðingr, ef þú kemr eigi at miðja sumri at ári. Hjálmarr kvað sik ekki dvelja at berjast. Fóru Arngríms synir heim til föður síns, ok sögðu honum svá gert; hann kveðst ekki fyrr hafa óttast um þá, enn nú. Voru þeir heima um yetrinn; ok um vârit þjugg-

ust þeir heiman, ok fóru fyrst til Bjartmars jarls, ok tóku þeir þar veizlu. Ok um kveldit beiddist Angantýr, at jarl gipti honnum dóttur sína; ok þetta sem annat, var gert eptir þeirra vilja, at brúðlaup var gjört; ok síðan hjuggust Arngríms synir brott. Ok þá nótt er, áðr þeir fara, dreymdi Angantýr draum, ok sagði jarli: ek þóttist vera staddr í Sámsey, ok bræðr mínir; þar fundu vér marga fugla, ok drápum alla, er vér sáum; ok síðan þótti mér, sem þeir snéri annann veg á eyrna, ok flugu móti oss ernir tveir, ok gekk ek móti öðrum, ok áttumst vér hart viðrskipti saman; ok um síðir settumst vér niðr, ok vorum til enkis færir; en annar arinnu átti við 11 bræðr mína, ok vann alla þá. Jarl segir: þar var þér sýnt fall ríkra manna. Síðan fóru þeir bræðr brott, ok komu til Sámseyjar, ok gengu uppá land at leita Hjálmars; ok fóru þeirra skipti svá, sem greinir í Örvar-Odds sögu, fyrst, at þeir komu í Munarvága, ok drápu þar alla menn af þeim 2 skipum, sem þeir Hjálmarr ok Oddr áttu; ok síðan fundust þeir uppi á eyinni; drap Oddr 11 bræðr Angantýrs, en Hjálmarr drap Angantý, ok dó þar sjálfr síðan af sárum. Síðan lét Oddr leggja þá í stóra hanga alla, með öllum sínum vápnum, en flutti Hjálmarr heim til Svíaríkis. Ok þegar Ingibjörg konungsdóttir sá lík Hjálmars, þá féll hún dauð niðr, ok eru þau heygð bæði saman at Uppsölum.

*Fædd Hervör.*

4. Nú er þar til at taka, at dóttir Bjartmars jarls fæddi meybarn, ok þótti flestum ráð, at út væri borit, ok sögðu, at eigi mundi konuskap hafa, ef föður-frændum yrði líkt; jarl lét ausa vatni ok uppfæða, ok kallaði Hervöru, ok sagði, at eigi var þá aldaða ætt Arngríms suna, ef hún lifði. En er hún vóx upp, þá var hún fögr; hún tamdi sik við skot ok skjöld ok sverð; hún var mikil ok sterk; ok þegar hún mátti nokkut, gerði hún hvárki illt, enu gott; ok er henni var þat mein-

at, þá ljóp hún úta skóga, ok drap menn til fjár sér; en er jarl varð þess varr, þá lét hann taka hana, ok færa heim, ok var hún þá heima um stund. Hún kemr at jarli einn dag, ok mælti: brott vil ek hëðan, þviat ekki fæ ek hër yndi; litlu síðarr hvarf hún einsaman með karlmanns búnaði ok vápnum, ok fór til víkinga, ok var með þeim um stund, ok nefndist Hjörvarðr; ok litlu síðarr dó höfðingi víkinga, ok tók þá Herverarðr forræði liðsins. Ok eitt sinn, er þeir komu til Sámseyjar, gekk Hjörvarðr á land, ok vildi engi hans manna fylgja honum, þviat þeir sögðu þar engum manni duga um nætr úti at vera. Hjörvarðr kvað vera mikla fëvon í haugunum, ok fór á land, ok gekk uppá eyna nær sólarglaðan. Þeir lágu í Munarvági; þar hitti hún hjarðarsvein einn, ok spurði hann tíðenda; hann segir: er þër úkunnigt hër í eyjunni, ok gakk heim með mér, þviat hër dugir engum manni úti at vera eptir sólarsetr, ok vil ek skjótt heim. Herverarðr svarar: seg mér, hvar Hjörvarðs haugar heita. Sveinninn svarar: vanfarinnertu, er þú vilt þat forvitnast um nætr, er fárr þorir á miðjum dögum, ok brennandi eldr leikr þar yfir, þegar sól gengr undir. Herverarðr kveðst at visu skyldu vitja hauganna. Fëhirðir mælti: ek sé, at þú ert drengiligr maðr; þóat þú sèrt úvittr, þá vil ek gefa þër men mitt, ok fylg mér heim! Herverarðr segir: þóat þú gefir mér allt þat, er þú átt, fær þú mik eigi dvalit. En er sólin settist gerðust dunur miklar útá eyna, ok lupú upp hauga eldarnir; þá ræddist fëhirðir, ok tók til fótá, ok ljóp í skóginn, sem mest mátti hann, ok sá aldri aptr. Þetta er kveðit eptir viðraðu þeirra:

Hitt hefir mæ'r úng  
í Munarvági  
við sólarsetri  
segg at hjörðu;

hverr (er) einnsamanr  
í ey kominn?  
gakktu greilliga  
gistingar til.

Munkað ek gánga  
gistingar til,  
þvíat ek engan kann  
eyjarskeggja;  
segðu hraðliga,  
áðr heðan líðir,  
hvar eru Hjörvarði  
haugar kendir?

Spyrjattu at því;  
spakr ertu eigi,  
vinr víkinga!  
þú ert vanfarinn;  
förum frálíga,  
sem okkr fætr toga,  
allt er úti  
ámátt firum.

Men bjóðum þér  
máls at gjöldum,  
muna drengja vin  
dælt at letja;  
fær engi mér svá  
fríðar nossir,  
fagra þanga,  
at ek fara eigi.

Hún sá nú hauga-eldana ok haugbúa úti standa, ok gengr  
til hauganna, ok ræðist ekki, ok óð hún eldana, sem  
reyk, þartil er hún kom at haugi berserkjanna; þá  
kvað hún:

*Vísur.*

5. Vaki þú, Angantýr!  
vekr þik Hervör,  
einka<sup>1</sup> dóttir  
ykkir Tófu;  
sel þú mér or haugi

Var þá fehirðir  
fljótr til skógar  
mjök frá máli  
meyjar þessar;  
en harðsnúinn  
hugr í brjósti,  
um sakar slíkar,  
svellr Hervöru.

Heimskr þikki mér,  
þá er heðra ferr  
maðr einnsamann  
myrkvar grímut;  
hyrr er á sveimun;  
haugar opnast,  
brennr fold ok fen,  
förum harðara!

Hirðumat fælast  
við fnösun slíka,  
þótt um alla ey  
eldar brenni;  
látum-oi okkr  
liðna rekka  
skjótla skelfa,  
skulum viðtalast.

hvassan mæki,  
þann er Svafrlama  
slógu dvergjar.

Hervarðr ok Hjörvarðr,  
Hran<sup>2</sup>, Angantýr!

<sup>1</sup>) leiðrétt; einga, Skinnbókin. <sup>2</sup>) þannig.

vek<sup>2</sup> ek yör alla  
undir viðarrótum  
hjálmí ok með brynju,  
hvössu<sup>2</sup> sverði,  
rönd ok með reiði  
roðnum geiri.

Mjök eruð orðnir,  
Arngríms synir!  
megir at meinsamir  
moldar auka,  
er engi akal  
suna Eyfuru  
við mik mæla  
í Munarvági.

Hervarör, Hjörvarör,  
Rani, Angantýr!  
svá se yör öllum  
innan rifja,  
sem þer í mauna  
mornið hauga,  
nema sverð selið mér,  
þat er sló Dvalinn,  
samir eigi drangum  
dýr vápn fela.

Þá var, sem einn logi væri allt at líta um haugana,  
er opnir stóðu. Þá kvað Angantýr:

Hnígin er helgrind,  
haugar opnast,  
allr er í eldi  
eybarmr at sjá;  
atalt er úti  
um at litast,  
skyntu, mæri ef þú mátt,

<sup>2</sup>) leiðrétt; vel, Skb. <sup>3</sup>) hvörsu, allstaðar, Skb. <sup>3</sup>) dæ  
óss, Skb.

Þá svarar Angantýr:

Hervör dóttir!  
hví kallar svá  
full feiknstafa,  
ferr þú þer at illu,  
ær ertu orðin  
ok örvita,  
villhygjandi,  
vekr menn dauða.

Grófað mik faðir mör,  
nè frændr aðrir,  
þeir höfðu Tyrfring  
tveir er lifðu,  
varð þó egandi  
einn um síðir.

(Hún svarar):

Seg þú einn satt mér!  
svá láti Ass<sup>2</sup> þik  
heilan í haugi,  
sem þú hefir eigi  
Tyrfring með þer,  
trautt er þer at veita  
arfa þínum  
einar bónir.

til skipa þinna.

Hún svarar:

Brenni þer ei svá  
bál á nóttum,  
at ek við elda  
yðra fælumst;  
skelfrað meyju



muntún hugar,  
þóat hún draug sjái  
í durum standa.

þá kvað Angantýr:

Segi ek þér, Hervör!  
lýttu til meðan,  
vísa dóttir!  
þat er verða mun:  
sjá mun Tyrþingr,  
ef þú trúa mættir,  
ætt þinni, mærl!  
allri apilla.

Muntu sun geta,  
þann er síðan mun  
Tyrþing bera  
ok trúa afli;  
þann munu Heiðrek  
heita lýðar,  
sá man ríkstr alinn  
und röðuls tjaldi.

Hún kvað:

Ek vígi svá  
virða dauða,  
at þér skuluð  
allir liggja  
dauðir með draugum  
í dys fyrir;  
sel mér, Angantýr!  
útor haugi  
hlífum hættan  
Hjálmars bana.

Hann segir:

Kveðkað ek þik, mærl úng!  
mönnum líka,

<sup>1</sup>) leiðrætt; æ, Skb.

er þú um hauga  
hvarfar á nóttum  
gröfnum geiri  
ok með gota málmí,  
hjálmi ok með brynju,  
fyrir hallar dyr.

Hún kvað:

Maðr þóttumst ek  
mennskr til þessa,  
áðr ek sali yðra  
sækja rökak;  
sel þú mér or haugi,  
þann er hatar brynjur,  
dverga smíði  
dugir ei<sup>1</sup> þér at leyna.

Angantýr kvað:

Liggir mér und herðum  
Hjálmars bani,  
allr er hann utan  
eldi sveipinn;  
mey veit ek enga  
moldar hvergí,  
at þann hjör þori  
í hendr nema.

Hún segir:

Ek man hirða,  
ok í hendr nema  
hvassan mæki,  
ef ek hafa mættak;  
uggi ek eigi  
eld brennanda,  
þegar loga lægir,  
er ek lít yfir.

Hann kvað:

Heimsk ertu, Hervör!  
 hugar egandi,  
 er þú at augum  
 í eld rapar;  
 ek vil heldr selja þér  
 sverð or haugi,  
 mæ en únga!  
 mákað ek þér synja.

Hún kvað:

Vel gerðir þú,  
 víkinga niðr!  
 er þú seldir mér  
 sverð or haugi;  
 betr þikkjumst nú,  
 buðlúngr! hafa  
 enn ek Noregi  
 næða öllum.

Hann kvað:

Veizt eigi þú,  
 vesöl ertu mála,  
 fláráð kona!  
 hverju fagna skal.

Hún segir:

Ek mun ganga  
 til gjálfr mara,  
 nú er hilmis mæ  
 í hugum góðum;  
 lítt ræðumst þat,  
 lofðunga niðr!

Síðan gekk hún til skipa; ok er lýsti, sá hún, at skipin voru brottu, höfðu víkingar ræðst dunur ok elda í eyinni; fær hún sér far þaðan, ok er ekki um hennar ferð fyrr (getit), enn hún kemr á Glasisvöllu til Guðmundar, ok var hún þar um vetrið, ok nefndist enn Hjörvarðr.

hve synir mínr  
 síðan deila.

Hann kvað:

Þú skalt eiga  
 ok una lengi,  
 hafðu á haldu,  
 Hjálmars bana;  
 takattu á eggjum,  
 eit er í báðum,  
 sá er mannsenjötubr  
 meini verri.

Far vel, dóttir!

fljótt gæfa ek þér  
 tólf manna fjör,  
 ef þú trúa mættir,  
 afl ok eljun,  
 allt eð góða,  
 þat er synir Arngrims  
 at sik leifðu.

Hún kvað:

Búi þér allir,  
 brott fýsir mik,  
 heilir í haugi!  
 hëðan vil ek skjótla;  
 helzt þóttumst nú  
 heima í mílim,  
 er mik umhverfis  
 eldar brunnu.

6. Einn dag, er Guðmundr læk skáktafl, ok hans tafl var mjök svá farit, þá spurði hann, ef nokkr kynni honum ráð til at leggja. Þá gekk til Her-  
 varðr, ok lagði litla stund til, áðr Guðmundar var  
 vænna. Þá tók maðr upp Tyrffing, ok brá; þat sá  
 Hervarðr, ok þreif af honum sverðit, ok drap hann,  
 ok gekk út síðan; menn vildu laupa eptir honum.  
 Þá mælti Guðmundr: verið kyrrir!<sup>1)</sup> ekki man svá  
 mikil hefnd í mannum, sem þær ætlið, þvíat þær  
 vitið ekki, hverr hann er, man þessi kvenmaðr yðr  
 dýrkeyptr, áðr þær fáið hans líf. Síðan var Her-  
 varðr lánga stund í hernaði, ok varð mjök sigrsæl;  
 ok er henni leiddist þat, fór hún heim til jarls, móð-  
 urföður síns; fór hún þá fram sem aðrar meyjar, at (hún)  
 vandist við borða ok hannyrðir. Þetta spyrir Höfundr,  
 sun Guðmundar, ok ferr hann ok biðr Hervarar, ok  
 fær, ok flytr heim. Höfundr var manna vitrastr, ok  
 svá réttðæmr, at hann hallaði aldri réttum dómi, hvárt  
 sem í lut áttu innlenzkir eðr útlenzkir, ok af hans  
 nafni skyldi sá höfundr heita í hverju ríki, er mál  
 manna dæmdi. Þau Hervör áttu 2 syni, hét annar  
 Angantýr, en annar Heiðrekr; báðir voru þeir  
 miklir menn ok sterkir, vitrir ok vænir. Angantýr  
 var líkr feðr sínum at skaplyndi, ok vildi hverjum  
 manni gott; Höfundr unni honum mikit, ok þar með  
 öll alpyða, ok svá margt gott, sem hann gerði, þá gerði  
 Heiðrekr enn fleira íllt; Hervör unni honum mikit;  
 fóstri Heiðreks hét Gizurr. Ok einn tíma, er Höfundr  
 gerði veizlu, var öllum höfðingjum tilboðit í hans ríki,  
 utan Heiðreki; honum líkaði þat illa, ok fór allt at  
 einu, ok kveðst skyldu gera þeim nokkut íllt; ok er  
 hann kom í höllina, stóð Angantýr upp móti honum,  
 ok bað hann sitja hjá sér. Heiðrekr var ekki kátr;  
 hann sat lengi um kveldit, síðan Angantýr var geng-

<sup>1)</sup> kyrrir, Skó.

ium; hann snérist þá til þeirra manna, ok kom hann svá sinni við þá, er hjá honum sátu; at þeir heitunust við; ok er Angantýr kom aptr, bað hann þá þegja. Ok öðru siuni, er Angantýr gekk út, miunti Heiðrekr þá á sitt mál, ok kom þá svá, at hvárr sló annan; kom þá enn Angantýr aptr; ok sætti þá til morgins. Ok eð þriðja siinu, er Angantýr gekk brott, þá mælti Heiðrekr til þess, er sleginn var, hví hann þyrði eigi at hefna sín; ok svá kom hans fortala, at sá ljóp upp, er sleginn var, ok drap félaga sinn; þá kom Angantýr inn, ok lét illa yfir þessu verki. En er Höfundr varð þessa varr, bað hann Heiðrek flýja or hans ríki, eða fá ella dauða; gekk þá Heiðrekr út ok með honum bróðir hans; þar kom þá móðir hans, ok fékk honum Tyrffing. Þá mælti Heiðrekr: eigi veit ek, nær ek get svá mikinn mun gert föður míns ok móður, sem þau gera mín; faðir minn gerir mik útlægjan, en móðir mín gaf mér Tyrffing, er mér þikkir betra, enn mikit ríki, ok skal ek gera þat eitt-hvert, er honum má verst þikkja, ok brá þá sverðinu, ok lýsti af mjök ok sindraði; hann eiskraði þá mjök, ok hældt við berserksgang. Nú með því, at þeir bræðr voru tveir saman, en Tyrffingr varð manns bani hveru tíma, er honum var brugðit, þá hjó hann bróður sinn banahögg; þetta var sagt Höfundu. Heiðrekr varð þegar brottu í skogi. Höfundr lét gera erfi eptir sun sinnu, ok var Angantýr hverjum manni harmdauði. Heiðrekr undi stórilla við verk sitt, ok var hann lengi á skógum, ok skaut dýr ok fugla til matar sér; en er hann hagleiddi sitt mál, þá þótti honum, sem eigi væri gott frásagnar, ef engi vissi, hvat af honum yrði; kom enn í hug, at hann mætti enn verða frægr maðr af stórum verkum, sem ættmenn hans enir fyrri; fór nú heim, ok fann móður sína, ok bað hana biðja föður sinn, at ráða honum heil-

ræði at skilnaði; hún gekk fyrir Höfund, ok bað hann ráða syni sínum heilræði. Höfundr svarar, kveðst fá mundu kenna honum, en lét honum þó verr mundu í hald koma; hann kveðst ok ekki mundu fyrir hans bæn gera: þat er eð fyrsta, at hann hjálpi ekki þeim manni, er drepit hefir lánardrottinn sinn; annat, at hann gefi eigi þeim manni frjó, er drepit hefir féлага sinn; þriðja, at kona hans sé eigi heimanförel til frænda sinna; fjórða, at vera eigi síð úti hjá frillu sinni; fimmta, at ríða eigi bezta hesti sínum, ef hann skal skunda; setta, at fóstra eigi sér ríkara manns barni; þat eð sjöunda, at skyldi jamnan eiga kerski við komanda gest; þat eð áttunda, setja aldri Tyrfring at fótum sér; en ekki mun hann hafa af. Móðir hans segir honum þessi heilræði. Heiðrekr svarar: með illum huga munu ráðin vera kend, enda mun ek ekki af hafa; móðir hans gaf honum mörk galls at skilnaði, ok bað hann sér jamnan láta í hug koma, hversu biturt hans sverð var, ok hversu mikit ágæti hverjum hefir fylgt þeim, er barr, ok hversu mikit traust þeim er í hans bitru eggjum, er þat berr í orrostu eðr einvígjum, ok hversu mikill sigr því fylgdi; ok skildust þau síðan. Fór hann leið sína; ok er hann hafði eigi lengi farit, þá mætti hann mönnum; þeir fóru með bundinn mann; Heiðrekr spurði, hvat þessi maðr hefði gert; þeir sögðu hann svikit hafa lánardrottinn sinn; hann spurði, vili þér fá fyrir hann? þeir játtuðu því; hann leysti hann fyrri hálfu merk gulle. Þessi maðr bauð honum sína þjónustu; hann segir: eigi mantu mér trúrr úkunnum, er þú sveikt herra þinn þann; er þú attir margt gott at launa. Ok lítlu síðarr fann hann mann, ok einn bundinn; hann spurði, hvat sá hefði gert; þeir sögðu hann myrðot hafa féлага sinn; hann leysti hann fyrir aðra hálfu merk gulle; sjá bauð honum sína þjónustu; en hann neitaði. Síðan

fór hann þartil, er hann kom á Reiðgotaland; hann fór á fund konungs þess, er þar ræð fyrir, ok Haraldr hét; hann var þá gamall; konúgr tók vel við honum, ok dvaldist hann með konúgi um rið.

7. Tveir jarlar höfðu herjat fyrr á ríki Haralds konungs, ok lagt undir sik, ok af því at hann var gamall, þá lauk hann þeim skatt á hverju ári. Heiðrekr kom sēr í vináttu við konúgr, ok svá kom um síðir, at hann gerðist formaðr herskapar konungs, ok lagðist hann í hernað, ok gerðist brátt viðfrægr ok sigrsæll; hann herjar nú á jarla þá, er undir höfðu lagt ríki Haralds konungs, varð með þeim hörð orrosta. Heiðrekr vá með Tyrfringi, ok stóðst ekki við honum nú sem fyrr, þvíat þat beit svá stál, sem klæði; ok um síðir drap hann jarlana báða, en allt þeirra fólk flýði; ok fór hann síðan yfir ríkit, ok lagði undir Harald konúgr, ok tók þar gisla til, ok fór hann síðan heim; ok gekk sjálf Haraldr konúgr móti honum með miklum veg, ok varð hann mjök frægr af þessu; konúgr gipti honum dóttur sína, er Helga hét, ok gaf honum hálf ríki, ok varði Heiðrekr landit fyri báða þá, ok fór svá fram um rið. Haraldr konúgr átti sun í elli sinni; en annann sun átti Heiðrekr, sá hét Angantýr. Síðan kom hallæri mikit á Reiðgotaland, þat heitir nú Jútland, ok horfði til landsauðnar. Síðan var felldr blótspánn, ok gekk svá frétin, at eigi mundi fyrri koma ár á Reiðgotaland, enn þeim sveini væri blótat, er æztr væri. Heiðrekr segir sun Haralds konungs vera æzta; en konúgr kallaði sun Heiðreks vera æzta; en or því máli mátti engi leysa, utan Höfundr, þvíat þar voru allar orlausnir trúar. Heiðrekr fór þá á fund föður síns, ok var honum þar vel fagnat; beiddi hann nú föður sinn dóms um þetta mál; Höfundr sagði hans sun æzta vera í því landi. Heiðrekr mælti: hvat dæmir þú þá mér fyri minn skaða? Höfundr segir:

þú skalt skilja þér ímóti annannhveru mann í hirð Haralds konungs; síðan þarf engi at kenna þér ráð at slíkum her ok þínu skaplyndi. Síðan fór Heiðrekr heim, ok kvaddi þings, ok sagði dóm föður síns: at hann dæmdi sun minn til blóts, en mér til hugganar dæmdi hann mér annannhveru mann, þann er með Haraldí konungi er, ok vil ek, at þér sverð mér þetta; ok svá gerðu þeir; þá báðu bændr, at hann lėti fram sun sinn, ok bætti árferð þeirra. Heiðrekr mælti þá við sína menn; síðan skilt var liðit, þá beiðist hann af nýu trúnaðareyða af sínum mönnum; ok þeir gerðu þat, at þeir sóru honum, at fylgja honum utan lands ok innan til þess, er hann vildi. Hann mælti þá: svá lízt mér goldit muni vera Oðni fyrir einn sveiu; ef þar kemr fyrir Haraldr konúgr ok sun hans, ok herr hans allr; hann bað nú setja upp merki sitt, ok veita Haraldí konungi atgaungu, ok drepa hann ok allt lið hans, kveðst hann þetta fólk<sup>1</sup> gefa Oðni fyri sun sinn, ok lét rjóða stalla blóði konungs ok Hálfðánar, sunar hans; kona hans fór sér í dísar sal. Var nú Heiðrekr til konungs tekinn yfir allt þat ríki; hann tók sér til frillu dóttur Humla hertoga af Húnalandi, er Sifka hét; þeirra sun hét Hlöðr; hann vóx upp með móðurfeðr sínum.

*Af Heiðreki konungi.*

8. Heiðrekr konúgr fór í hernað, ok kom við Saxland; hann hafði mikiinn her; konúgr af Saxlandi sendi honum menn, ok gerðu þeir frið sín ímilli; ok lét konúgr bjóða Heiðreki til veizlu, ok þat þá hann; at þeirri veizlu bað Heiðrekr dóttur konungs, ok fékk hennar með miklu fè ok ríki, ok við þat fór Heiðrekr heim í ríki sitt. Hún beiðdist opt at finna föður sinn; hann lét þat eptir henni, ok fór með henni Angantýr, stjúpsun hennar. Ok eitt sinn, er Heiðrekr kom or hernaði, lá hann við Saxland í einu leyni; hann gekk um nótt á land upp, ok kom hann í þá

<sup>1</sup>) fok, *Skb.*

skemmu, er drottning hans svaf í; einn maðr gæf  
með honum; varðmenn allir sváfu; hann sá fagra  
mann í sæng hjá konu sinni; hann tók sun sinn, A  
antý, ok hafði með sér; hann skar or legg or  
þess manns, ok fór síðan til skips. Um morgun  
lagði hann í konungslagi, ok gekk þá allt fólk með  
honum, ok var honum þá búin veizla; litlu síðan  
lét hann þing stefna, ok spurði, hvat menn vissi  
sunar hans; drottning sagði, at hann varð bráðdau  
hann bað fylgja sér til leiða hans; drottning sagði,  
þat mundi auka harma hans; hann kveðst ekki  
hvirða; var þá tilleitat, ok var þar hundr sveipað  
dúki. Heiðrekr kvað eigi sun sinn vel hafa skipað  
lét hann nú leiða fram sveininn á þingit, ok segir  
allan atburð um framferð drottningar; lét konungur  
leiða fram þann mann, er í hvíluþni hafði verit, ok  
var þat þræll einn; Heiðrekr sagði þar skilit við  
drottningu, ok fór heim síðan í ríki sitt. Eitt sumar  
er Heiðrekr var í hernaði, kom hann í Húnaland, ok  
herjaði þar; Humli, mágr hans, flýði undan; tók Heið  
rekr þar herfang mikit, ok dóttur hans, er Sifka hét  
ok fór hann síðan aptr í ríki sitt, ok var þeirra sun  
Læðr, sem fyrr var ritat; ok litlu síðarr sendi hann hana  
heim. Hann tók enn af Finnlandi at herfangi konung  
þá, er enn hét Sifka; hún var allra þeirra kvenna  
fríðust, er menn höfðu sæt. Eitt sumar sendi hann  
menn austr í Hólmgarða, at bjóða Rollaugi konung  
barnfóstr, er þá var ríkastr konungur, þvíat Heiðrek  
konungur vildi öll ráð föður síns á bak brjóta. Sendi  
menn koma til Hólmgarðs, ok segja konungi sín erendi.  
Konungur átti sun úngan, er Herlaugr hét; konungur  
svaraði: hver ván man þess, at ek senda honum sun  
minn til fóstrs, þar sem hann sveik Harald konung  
mág sinn, ok aðra frændr sína ok vini? Drottning mælti  
afsvarið þessu ekki svá skjótt, þvíat viss er þer úfriðr



ef þú þiggr eigi þetta boð; vænti ek at þér fari sem flestum öðrum, at þúgr verði hans úfriðr; hefir hann ok sverð þat, er ekki stenzt við, ok sá hefir jamnan sigr, er berr; tók konúgr þat'til ráðs, at senda sun sinn til Heiðreks, ok tók Heiðrekr vel við honum, ok fæddi hann upp, ok unni mikit. þat hafði faðir hans enn ráðit honum, at segja eigi frilla sinni leynda hluti sína.

*Tekinn Heiðrekr konúgr.*

9. Sumar hvert fór Heiðrekr konúgr í hernað; jamnan fór hann í Austrveg, ok átti friðland með Rollaugi konúngi. Einn tíma bauð Rollaugr honum til veizlu. Heiðrekr ræðst um við vini sína, hvárt hanh skyldi þiggja boð konúngs. Flestir löttu, ok báðu hann minnast heilræða föður síns. Hann svarar: öll hans ráð skal ek rjúfa, ok sendi þau orð konúngi, at hann mundi sækja veizluna. Heiðrekr skipti liði sínu í 3 staði, einn lét hann gæta skipa, annarr fór með honum, þriðja bað hann ganga á land, ok leynast í skogi hjá bænum, þar sem veizlan skyldi vera, ok halda njésn til, ef horum yrði liðs þörf. Heiðrekr kom til veizlunnar, og annann dag, er konúngar voru komnir í sæti, þá spurði Heiðrekr, hvar vera mundi konúngs sun, fóstri hans. Leitat var hans, ok fannst hann eigi. Heiðrekr var mjök úkátr, ok gekk snemma at sofa; en er Sifka kom þar, spurði hún, hví hann var úkátr. Hann svarar: vant er um þat at tala, þvíat þar liggur við líf mitt, ef upp kemr. Hún kveðst leyna mundu, ok ger fyrirást okkra, ok seg mēr! Hann segir: ek reið í gær á skóg, at skemta mēr, ok sá ek einn villigölt, ok lagða ek hann með spjóti, en þat beit ekki, ok brast sundr skaptit. Ek ljóp þá af hestinum, ok brá ek Tyrfingi; hann beit sem vant var, ok drap ek göltinn, en er ek sá up mik, þá var engi maðr nær mēr útan konúngs sun, en sú náttúra fylgði Tyrfing, at hann skal sliðra með vörmu mannsblóði, ok drap ek þá sveininn.

FORNALDAR SÖGUR NORDRLANDA, 1 BINDI. L 1

Nú er þetta minn bani, ef Rollaugr konúgr spyr, þvíat vér höfum hér lítinn her. En um morguninn, er Sifka kom til drottningar, spurði drottning, hví Heiðrekr var úkátr. Hún kveðst eigi þora at segja. Drottning taldi henni hughvarf, svá at hún sagði drottningu allt þat, er Heiðrekr hafði henni sagt. Hún svarar: mikil tíðindi! ok gekk brott með harmi miklum, ok sagði konungi: en þó hefir Heiðrekr eigi gert þetta eptir vilja sínum. Konúgr mælti: nú gáfust mér ráð þín, sem ek hugsaða; gengr konúgr nú út or höllinni, ok biðr nú sína menna vápnast. Heiðrekr þóttist vita, hvat Sifka hafði sagt, ok segir mönnum sínum, at þeir herklæddist leyniliga: ok gangið svá úti í riðlum, ok vitið, hvat títt er! Litlu síðar kom Rollaugr konúgr inn, ok bað Heiðrek ganga með sér á einmæli, ok er þeir komu í einn grasgarð, þá lupu þar menn at Heiðreki, ok gripu hann, ok settu fjötr á fætr, ok bundu hann sterkliga. Tveir menn voru þær, er fastast bundu hann, og kendi hann þá, at þat voru þeir menn, er hann hafði leyst undan bana. Konúgr bað flytja hann til skógar, ok hengja hann. Þeir voru 2 hundruð manna, en er þeir komu í skógin, þá lupu eptir þeim menn Heiðreks konúgs með vápnum hans ok merki ok lúðri, ok blésu þegar, er þeir komu eptir þeim. Þat heyrðu þeirra kumpánar, er á skóginum leyndust; þá sóttu þeir móti þeim. En er þetta sá landsmenn, þá flýðu þeir allir, er lífit þágu, en flestir voru drepnir. Tóku Gotar þar konúng sinn ok leystu. Síðan fór Heiðrekr til skipa, ok hafði með sér konúngs sun, þvíat hann lét hann vera hjá þeim mönnum, er í skóginum leyndust. Rollaugr konúgr samnar nú her, ok varð mjök fjölmennr, en Heiðrekr herjaði í hans ríki, hvar sem hann fór. Rollaugr konúgr mælti þá til drottningar: illa hafa mér þín ráð gefizt; ek hefi spurt, at sun okkar er með Heiðreki, ok svá sem hanu er nú re ittr, þá man höfum með illvirki

sín lítit þikkja fyrir at drepa hann, þar sem hann drap bróður sinn saklausan. Drottning mælti: halztí höfum vér verit auðtrygg; sattu þegar vinsæld hans, er engi vildi fjötra hann; nema 2 illir menn, en sun okkar er vel-haldinn; hefir þetta verit prettr hans ok tilraun, en þér vilduð illa launa honum barnfóstr; ger nú menn til hans, ok bjóð honum sætt, ok slíkt af ríki þínu, sem ykkur semr, ok bjóð honum dóttur þína með ríki, ef við nám syni okkrum, heldr enn þið skilizt úsáttir. En þó at hann eigi ríki mikit, þá á hann eigi konu jamfríða. Konúgr segir: eigi hafða ek ætlat at bjóða hana nokkurum, en af því at þú ert vitr, þá skaltu ráða. Voru nú sendir menn til Heiðreks konúgs, at leita um sættir, ok var komit á stefnulagi, ok sættust þeir með því at Heiðrekr fékk Hergerðar, dóttur Rollaugs konúgs, ok fylgði henni heiman Vindland, er næst liggr Reiðgotalandi, ok skildust þeir sáttir; fór Heiðrekr konúgr heim í ríki sitt með konu sinni. Einn tíma er konúgr reið bezta hesti sínum, er hann skyldi láta flytja Sifka heim, þat var síð um kveld; og er konúgr kom at á einni, þá sprakk hestr hans, ok litlu síðar kom hún milli herða honum; hann kastaði henni þá ofan, ok braut í henni fótlegginn. Síðan settist Heiðrekr konúgr at ríki sínu, ok gerðist spekingr mikill.

10. Dóttir þeirra hét Hervör; hún fæddist upp með þeim manni, er Ormar hét; hún var allra meyrja vænst og mikil ok sterk sem karlar. Hún samdi<sup>1</sup> sik með örvar ok boga. Gestum-blindi hét einn ríkr maðr í Reiðgotalandi; hann var í úbliðu Heiðreks konúgs. Í [konúgs hirð voru þeir 7 (12) menn, er dæma<sup>2</sup> skyldu öll mál manna þar í landi, [Heiðrekr konúgr blótaði Frey; þann gölt, er mestan fékk, skyldi hann gefa Frey<sup>2</sup>; kölluðu þeir hann svá [helgan, at yfir hans burst skyldi sverja um öll stór mál, ok skyldi þeim galti<sup>2</sup> blóta at

<sup>1</sup>) eða vandl. <sup>2</sup>) helzti máð, en þó þannig í skinnbókinni.

sónarblóti; jólaaftan<sup>1</sup> [skyldi leiða sönargöltinn í höll fyrir konúng; lögðu menn þá<sup>2</sup> hendr yfir burst hans, ok strengja heit. [Heiðrækr konúgr strengði þess heit, at engi maðr skyldi svá mikit hafa<sup>2</sup> afgjört við hann, ef á vald hans kæmi, at eigi skyldi kost eiga, [at hafa dóm spekinga hans; hann skyldi ok<sup>2</sup> friðheilagr vera fyrir honum, ef hann bæri upp gátur þær, er konúgr kynni eigi or at leysa. En er menn freistuðu at bera upp gátur fyrir honum, þá varð engi sú uppborin, er hann réði eigi. Konúgr sendi orð Gestum-blinda, at hann kæmi til hans, ok setti honum dag, ella sagðist konúgr mundu láta koma til hans. Honum þótti hvárgi góðr kostrinn, þvíat hann vissi sik vanfæran at skipta orðum við konúng. Honum þótti ok sín von eigi góð, ef hann skyldi at hafa dóm spekinga, þvíat sakir voru nógar; veit hann ok, ef konúgs menn komá til hans, at þat kostar líf hans. Síðan blótaði hann Óðin, ok bað hann fulltings; ok lét honum stórum gjöfum. Eitt kveld kom gestr til Gests blinda; hann nefndist Gestum-blindi. Þeir voru svá líkir, at hvárgan kendi fyrir annann. Þeir skiptu klæðum, ok fór bóndi at hirða sik, en allir hugðu þar vera bónda, er gestrinn var. Þessi maðr ferr á konúgs fund, ok heilsar honum. Konúgr sá við honum, ok þagði. Gestr mælti: því em ek hér kominn, herra! at ek vil sættast við yðr. Konúgr spurði: viltu hafa dóm spekinga? Gestr mælti: eru engar fleiri undanlausnir? Konúgr segir: bera máttu upp gátur, skaltu laus, ef ek sé eigi. Gestr svarar: litt er ek þar til fær, en harðr er á annat borð. Konúgr mælti: viltu heldr dóminn? Nei! segir hann: heldr vil ek bera gáturnar upp. Konúgr mælti: þat er ok rétt, en mikit liggr á; sigrar þú mik, þá skaltu eiga dóttur mína, ok á þér eigi þessa at varna, en úlíkr ertu til mikillar speki, en aldri varð þat enn, at ek sá eigi gátur þær, er fyrir mik voru uppbornar. Var síðan stóll settr undir Gestum-

<sup>1</sup>) sést ekki að öllu leiti; vetrinn, rángt í afskriftinni. <sup>2</sup>) máð, en þó lannig.

blinda, ok hugðu menn gott til, at heyra þar vitrlig orð.  
Þá mælti Gestum - blindi:

*Heiðreks gátur.*

11. Hafa ek þat vilda, er ek hafða í gær, konúnger  
gettu, hvat þat var: líða semill ok orða-tefill ok orða upp-  
hefill; Heiðrekr konúnger, hyggðu at gátu! Góð er gáta þín,  
Gestum-blindi! getit er þeirrar. Fáí honum mungát; þat  
semr margra manna vit, sumir verða margmæltir þar af,  
en sumum vefst túngubragð. Gestum-blindi mælti:  
Heiman ek fór, heim ek för gerðak, sá ek á veg vega,  
vegr var undir, ok vegr yfir, ok vegr á alla vega; Heið-  
rekr konúnger! hyggðu at gátu! Góð er gáta þín, Gest-  
um-blindi! getit er þeirrar: þar fórtu yfir brú, ok var  
árvegr undir henni, en fuglar flugu yfir höfði þer, ok  
tveim megin þín, þat var þeirra vegr; þ...<sup>1</sup>.

<sup>1</sup>) hér endar brotit.

LEIÐRETTINGAR. Bls. 3, lín. 5; hvörr l. hvorr. 34,  
15: víðfrægr, þannig, l. víðfrægan. 57, 18: Fróða l. Fróði.  
66, 11: Bökki, máske þó réttara bokki. 119, 22; eyk l. eik;  
27: vat l. var. 131, 12: eyk l. eik. 139, 30: 4) Lánganes, I,  
K. 153, 4: Oðinn l. Oinn. 158, 20: ellrit l. ellri. 167, 30.  
mángi l. mangi. 172, 26: búinn l. búin. 185, 28: Hólkvi l.  
Hólkni. 187, 10: rí a, l. riða. 207, 16, eða réttara umdögg,  
A. 240, 26: mennkr l. menskr. 247, 2: mángi réttara mangi.  
268, 26: hreifa l. hræfa. 278, 22: mángi l. mangi. 335, 22:  
eyk l. eik. 374, 18: föðurleyfðum l. föðurleifðum. 421,  
1: berist l. berizt. 429, 7: eykr l. eikr. 469, 8: Ymis  
l. innis. 475, 11: mörkvum l. mörkvinn. 479, 5: l. enginn l.  
497, 17: búist l. búizt. 511, 17: Eyvindr l. Eymundr. Bls.  
13, 24, 39, 66, 71, 72, 82, 84, 133, 177, 230, 231, 252,  
266, 321, 381, 400, 442, 505, 522: hafa komist, barist,  
reynst l. h. komizt, barizt, reynzt. Bls. 314, 395, 437, 550:  
hniginn l. hniginn. Nokkurstaðar: héldt, l. hélt, barr l. bar, sét  
l. séð.










sa vaxin. þu skyr a m skýgia gá. hþis hvæke mer  
holts ne kedo ok fæta þott m m vndarlaght ok sau  
ghdu sidan þ auðum m m **Evaku mal** ~ ~

uigu u m hiope. hit v ei þ laungu. e a  
gautlande gengu. at guntmp morde. þa pen  
gu v þoru. þadan heu mik þyrð. þa e ek  
hmgolu lagdag. lodborb at þu vig. stakk ek a stea  
dar þykkni stali þiar tra mata. þuigu v m h.  
heldr v ek ungr þa e skýð. austr i eira sunde. vnd  
vry þrebū vargi. ok þoth gotu þugfo. þengu v þ  
e svngu vid haseymda hialma. haurd iaru mlp  
v dar. allr v eg solhij. od þay i val blodi. þ. v m h.  
þatt þarū þa geira. e tuttugir tauldurt. ok tir  
rudu vida. vnum atta iarla. austr þ dmo m m.  
ga þeng þa gnaga. gisting at þu vigi. Svertipell  
i solhij. Se tyndi hd epi. þuig. v m h. heidmp  
kuaner vð audir. þa e v helsingia heimt. t hea  
sala odmp. laugd vpp i modo. þrod nadi þa bi  
ta. oll v vnda gialpri. afv þodm heitu. þycimas  
þndi v þrómur þeng hilde þhupuzt skulldev.  
þuig v m h. þyg ongan þa þrydo. ad en a þeþþ







sa varin. vofskyr a m skygja gca. hys hvorb mev  
halls ne kede ok fua pota mny vndarlaght ok sav  
ghdu sidan p avdrum mny kva bu mal

**H**ugu u m hieape. hie v ei p laungu. e at  
gantande gengu. at gincup moade. pa pen  
gu v boru. padan hecu mib pyrd. pa e eb  
lingolu lagdag. lodborb at þu vig. stakk eb a stei  
dar lykknu stali biartra mala. Hugu v m h.  
heldr v ok ungr þa e seipd. austr i eyra sondo. vnd  
vry prebu vargi. ok potk gotu pugte. pengv v þ  
e Svngu vnd haseymda hialma. harrd iarn mlt  
v dar allr v eg solkn. od sag i val bladi. H. v m h.  
han baru þa geira. e turtugur tauldurt ok tr  
rudi vnda. vnum atca iarla. austr þi dmo mnu.  
þa peng þa gnoga gisting at þu vig. Sveripoll  
i solkn. Se tyndi hie epi. Hvg. v m h. heidm  
kvanca v d andit. þa e v halsungia heime. e hei  
sala od m. laugdv vpp i modo. prode nadi þa b  
ra. oll v vnda gualpr. afv rosin heira. brcmas  
bndi v bromur bemp hilla blupurt skulldev.  
Hvg v m h. hys engan þa pyrd. ad en a hefup













